Nd. 1. Frumvarp til laga [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með **verðbréfi** er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

Með **verðbréfamiðlun** er átt við milligöngu, sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.

Með **verðbréfamiðlara** er átt við einstakling sem fengið hefur sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar, sbr. 3. gr., og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

Með **verðbréfafyrirtæki** er átt við fyrirtæki sem sérstaklega er stofnað skv. III. kafla laga þessara til þess að annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila. Verðbréfafyrirtæki annast einnig rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu markaðsverðbréfa.

Með **markaðsverðbréfi** er átt við verðbréf í flokki framseljanlegra verðbréfa, þar með talinna hlutabréfa, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með almennu útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt. Markaðsverðbréf skulu ætíð skráð á nafn.

Með **verðbréfasjóði** er átt við sjóð, er saman stendur af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum auðseljanlegum verðbréfum samkvæmt fyrir fram ákveðinni og kunngerðri fjárfestingarstefnu að því er varðar áhættudreifingu, þar sem almenningi eða þrengri hópi manna er gefinn kostur á að eignast hlutdeild í sjóðnum samkvæmt útgefnum skírteinum er að kröfu eiganda þeirra fást innleyst hjá sjóðnum í reiðufé samkvæmt nánari ákvæðum í reglum sjóðsins.

Með **viðskiptavaka** er átt við verðbréfafyrirtæki eða annan aðila sem skuldbundið hefur sig til þess að kaupa og selja fyrir eigin reikning ákveðin markaðsverðbréf í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum og til þess að auðvelda þeim, sem áhuga hafa á kaupum bréfanna, að fá þau keypt og þeim sem selja vilja slík bréf að fá kaupanda að þeim.

2. gr.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

II. KAFLI

Um verðbréfamiðlara.

3. gr.

Til þess að annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa og ráðgjöf um slík viðskipti gegn þóknun þarf leyfi viðskiptaráðherra. Leyfi til verðbréfamiðlunar eru aðeins veitt einstaklingum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki.
b. Hafa náð 20 ára aldri.
c. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.
d. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun sem ráðuneytið gengst fyrir í samvinnu við stjórn Verðbréfaþings Íslands og hafa lokið þar prófi samkvæmt þeim prófkröfum sem settar eru.
e. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi eða aflað sér bankatryggingar er bæti viðskiptavinum tjón er hann kynni að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála hennar skulu ákveðin með reglugerð.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni svo sem búskiptum eða félagsslitum.

4. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

5. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi og haga varðveislu verðbréfa hans með tryggilegum hætti.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að markaðsverðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiðir slík nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð, en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð skv. 3. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun verðbréfamiðlara á verðbréf skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til hans fylgi ekki verðbréfinu.

6. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum er falið til sölu eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands.

7. gr.

Verðbréfamiðlurum og starfsmönnum þeirra er skylt að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og um persónulega hagi viðskiptamanna sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema þeim sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrskurði eða þeim sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni sínum fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína og skylt er að senda viðskiptavini skilagrein eftir ósk hans um þau viðskipti sem gerð hafa verið fyrir hans reikning.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber verðbréfamiðlara að bæta allt það tjón er af því hlýst. Verðbréfamiðlara ber reglulega að koma verðbréfum og öðrum fjármunum viðskiptavina sinna til vörslu í öryggishólfi í viðskiptabanka, sparisjóði eða öðrum viðurkenndum fjárvörslustofnunum.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst, enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á anmarkanum.

10. gr.

Verðbréfamiðlara er starfar samkvæmt þessum kafla er óheimilt að reka verðbréfasjóði eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldarviðurkenningar eða hlutdeildarskírteina. Honum er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum.

III. KAFLI

Verðbréfafyrirtæki.

11. gr.

Verðbréfafyrirtæki, sem sérstaklega er stofnað í samræmi við ákvæði laga þessara, getur fengið rekstrarleyfi viðskiptaráðherra og skal fyrirtækið geta leyfisins í firmanafni sínu eða með sérstöku einkenni sem ráðuneytið samþykkir.

Verðbréfafyrirtæki má ásamt verðbréfamiðlurum annast verðbréfamiðlun gegn þóknun og því skal einnig heimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi. Öðrum aðilum en verðbréfafyrirtækjum með fullgildu rekstrarleyfi er óheimilt að annast þá starfsemi er að framan greinir eða einkenna sig sem verðbréfafyrirtæki. Þetta raskar þó eigi rétti innlánsstofnana til þess að reka slíka starfsemi, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka og lög nr. 87/1985, um sparisjóði, enda sé um að ræða viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eða þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana. Að öðru leyti fer um verðbréfaviðskipti innlánsstofnana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

a. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 10 milljónir króna.
b. Stjórnarmenn skulu vera a.m.k. fimm talsins og skulu þeir fullnægja skilyrðum a–c liða 3. gr. laga þessara. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.
c. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr.
d. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðendum.
e. Fyrirtækið skuldbindi sig til þess að veita Seðlabanka Íslands þær upplýsingar um rekstur sinn og viðskipti sem hann telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfseminni og til hagskýrslugerðar.
f. Fyrirtækið skuldbindi sig til þess að hafa eigi með höndum starfsemi óskylda þeirri sem um getur í 2. mgr.

Umsókn um rekstrarleyfi skulu fylgja afrit af samþykktum félagsins og gögn er m.a. staðfesti fjárhæð innborgaðs hlutafjár. Jafnframt skulu fylgja umsókn upplýsingar um hvenær fyrirhugað er að fyrirtækið hefji starfsemi sína. Áður en leyfi er veitt skal afla umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands um stofnun útibús.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er verðbréfafyrirtæki óheimilt að reka verðbréfasjóð eða verðbréfasjóði nema eigið fé þess nemi a.m.k 1% af höfuðstól verðbréfasjóðsins eða samanlögðum höfuðstól þeirra verðbréfasjóða sem verðbréfafyrirtækið rekur.

Verðbréfafyrirtæki má eigi taka að sér sölutryggingu verðbréfa fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

13. gr.

Ákvæði 4.–9. gr. laga þessara eiga einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við á. Heimilt er að ákveða með reglugerð að verðbréfafyrirtæki skuli setja tryggingu fyrir tjóni sem þau kunna að baka viðskiptavinum sínum og skal hámarksfjárhæð tryggingar og fjárhæð í hverju tjónstilviki nánar ákveðin í reglugerðinni.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er verðbréfafyrirtæki þó heimilt að kaupa fyrir eigin reikning eða selja úr eigu sinni verðbréf, enda hafi fyrirtækið formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki varðandi verðbréfin og hafi kunngert það fyrir fram viðskiptavinum sínum og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

14. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem það býður varðandi ávöxtun fjár og skal þess gætt að í auglýsingum og annars konar kynningarstarfsemi komi fram réttar og nákvæmar upplýsingar. Verðlagsstofnun setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

15. gr.

Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Skal verðbréfafyrirtæki tilkynna markaðsútgáfu verðbréfa til Seðlabanka Íslands eigi síðar en

viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Verðbréfafyrirtæki er skylt að senda þeim viðskiptavinum, sem það tekur við fjármunum frá til ávöxtunar í verðbréfum á annan hátt en í almennum verðbréfasjóði, skilagreinar með reglubundnum hætti eða eftir beiðni þeirra þar sem fram kemur hver verðbréf eða aðra fjármuni viðskiptavinur hefur átt í vörslum þess við lok hvers tímabils, hvaða verðbréf hafi verið keypt eða seld í þágu hans á tímabilinu og á hvaða verði þau viðskipti hafi átt sér stað. Ársyfirlit fyrir næstliðið ár skal senda viðskiptavinum eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar.

17. gr.

Skylt er verðbréfafyrirtæki að kunngera viðskiptavinum sínum fyrir fram, hverja þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu þess. Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Breytingar á þóknun endurtekinnar þjónustu er skylt að tilkynna með nægum fyrirvara þannig að unnt sé að endurmeta þau viðskipti sem verið hafa milli aðila.

IV. KAFLI

Verðbréfasjóðir.

18. gr.

Verðbréfafyrirtæki getur rekið einn eða fleiri verðbréfasjóði, sbr. 6. mgr. 1. gr. Verðbréfasjóð má stofna sem sjálfstætt hlutafélag eða með öðru félagsformi og skal hver verðbréfasjóður hafa samþykktir og sérstaka stjórn. Verðbréfafyrirtæki kemur fram í eigin nafni fyrir hönd verðbréfasjóðs og tekur ákvarðanir varðandi sjóðinn í samræmi við rekstrarsamning skv. 3. mgr. Í löggerningum, sem varða sjóði í vörslu fyrirtækisins, er skylt að geta þess sjóðs sem verðbréfafyrirtækið kemur fram fyrir hverju sinni. Verðbréfasjóður getur eigi verið aðili að dómsmáli nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis sem sér um rekstur hans.

Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

a. Nafn sjóðs og nafn þess verðbréfafyrirtækis, sem rekur sjóðinn.
b. Hvort sjóðurinn starfar óskiptur eða í aðgreindum deildum.
c. Fjárfestingarstefna sjóðsins, þ.e. í hvaða tegundum verðbréfafjármunir sjóðsins verði ávaxtaðir og í hvaða hlutföllum áformað sé að fjárfesta í hverjum flokki miðað við heildarverðbréfaeign sjóðsins á hverjum tíma og hvaða lausafjárkvöð sjóðnum er sett.
d. Útgreiðsla arðs (vaxta), þ.e. hvort arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út eða honum bætt við höfuðstól hans.

e. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum og hvernig háttað skuli innlausn hlutdeildarskírteina.
f. Nafn verðbréfafyrirtækis sem ætlunin er að sjái um rekstur sjóðsins.
g. Hvert sé reikningsár sjóðsins.
h. Hvernig háttað sé vali stjórnarmanna og endurskoðanda sjóðsins og hvert sé hlutverk stjórnar.
i. Hvort hægt sé að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skuli að breytingunum staðið.

Tilkynna skal stofnun verðbréfasjóðs til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem heldur sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði. Óheimilt er að hefja starfsemi verðbréfasjóðs nema bankaeftirlitið hafi staðfest samþykktir hans.

Verðbréfasjóður skal hafa samning við verðbréfafyrirtæki um rekstur sjóðsins. Skal rekstrarsamningur jafnan vera aðgengilegur viðskiptavinum sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal kveða á um þóknun verðbréfafyrirtækis fyrir hvers konar umsýslu með sjóðinn, kaup og varðveislu verðbréfa, innlausn hluta, kostnað við endurskoðun, auglýsingar o.s.frv. Einnig um það hvernig reikna skuli út þær greiðslur sem koma í hlut verðbréfafyrirtækisins fyrir sölu og innlausn á sjóðshlutum og hver sé hámarkssöluþóknun og hámarksfrádráttur frá ákvörðuðu sölu- eða innlausnarverði hvers hlutar í sjóðnum.

Stjórn verðbréfasjóðs getur ákveðið breytingu á samþykktum sjóðsins ef ekki er öðruvísi kveðið á í stofnsamþykktum hans. Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs taka eigi gildi nema bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi staðfest þær. Samþykktir verðbréfasjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar ef þær eru í samræmi við lög, enda séu þær í meginatriðum í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli móti staðfestingunni. Skjóta má synjun bankaeftirlitsins til endanlegrar ákvörðunar ráðherra, en einnig má bera hana undir dómstóla með málshöfðun innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun bankaeftirlitsins var kunngerð stjórn sjóðsins.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði um hverja breytingu á samþykktum verðbréfasjóðs og jafnframt skal auglýsa hana opinberlega. Breyting á samþykktum verðbréfasjóðs tekur gildi þremur mánuðum eftir að breytingin hefur verið staðfest og tilkynnt til verðbréfasjóðaskrár nema bankaeftirlitið gefi önnur fyrirmæli þar að lútandi.

19. gr.

Í verðbréfasjóðaskrá, sem Seðlabanki Íslands heldur, skal skrá þá verðbréfasjóði sem fengið hafa staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á samþykktum sínum. Þar skal einnig skrá hvaða verðbréfafyrirtæki rekur verðbréfasjóð, svo og nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Þess skal gætt við skráningu að nöfn verðbréfasjóða séu eigi svo lík að valdið geti misskilningi viðskiptavina.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um staðfestingu á samþykktum verðbréfasjóðs eða breytingu á þeim og um nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Einnig skal þar taka fram nafn þess verðbréfafyrirtækis er rekur sjóðinn. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynningin hefur verið birt.

20. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfafyrirtæki fjármuni til ávöxtunar í verðbréfasjóði. Skírteini þessi skulu ætíð skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfall við eign sína og skírteinin eru staðfesting á tilkalli til skuldabréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart verðbréfasjóði.

Sala hlutdeildarskírteina fer fram hjá viðkomandi verðbréfafyrirtæki, en það getur einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, bönkum og sparisjóðum.

21. gr.

Í hlutdeildarskírteini skal eftirtalinna atriða m.a. getið:

a. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis, nafns verðbréfasjóðs og nafns verðbréfafyrirtækis.
b. Númers hlutdeildarskírteinis.
c. Hvernig sjóðshlutur verði innleystur og/eða hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
d. Hvar finna megi samþykktir verðbréfasjóðs, ársfjórðungsskýrslur og aðrar skýrslur um starfsemina.
e. Nafns og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar hjá því verðbréfafyrirtæki er annast rekstur verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

22. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal færa skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði. Í skránni skal m.a. koma fram:

a. Nafn eiganda og kennitala.
b. Númer skírteinis og söludagur þess.
c. Nafnverð skírteina.
d. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Eigendaskipti að hlutdeildarskírteinum, sem eigandi tilkynnir um til verðbréfafyrirtækis og aðrar þær upplýsingar sem því berast varðandi eignarhald að skírteinum, skulu færð inn á skrána ásamt því að heimild tilkynningar er skráð.

Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera nafnaskrá ásamt upplýsingum um atkvæðafjölda þar sem fram komi nöfn allra eigenda sem lýsa áhuga á að taka þátt í kosningunni. Öllum eigendum, sem áhuga hafa, er heimilt að fá afrit af þessari skrá gegn greiðslu ljósritunarkostnaðar eigi síðar en þremur vikum fyrir kjörfund.

23. gr.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum sjóðsins við innlánsstofnanir, ógreidds umsýslu- og stjórnunarkostnaðar, innheimtukostnaðar og áfallinna eða reiknaðra opinberra gjalda.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina.

24. gr.

Eignum verðbréfasjóðs skal halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis sem rekur sjóðinn. Eignir hans verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis, sbr. þó kröfur vegna lánveitinga til innlausnar á bréfum og öðrum eignum sjóðsins skv. 27. gr. Eigendur hlutdeildarskírteina verða eigi gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum.

25. gr.

Verðbréf verðbréfasjóða er skylt að varðveita í öryggishólfi. Rétt er verðbréfafyrirtæki að fela viðskiptabanka eða sparisjóði vörslu verðbréfa og aðrar fjárvörslur er stjórn þess telur nauðsynlegar eða ákveðið er í samþykktum fyrir verðbréfasjóð sem það rekur.

26. gr.

Verðbréfafyrirtæki má eigi hafa viðskipti við verðbréfasjóð í umsjón þess með því móti að starfsmenn fyrirtækisins, eigendur eða stjórnarmenn selji sjóðnum verðbréf eða kaupi af honum önnur verðbréf en hlutdeildarskírteini sjóðsins sjálfs. Sama gildir um nána venslamenn þeirra ef ætla má að viljaafstaða þess, sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðsins mótist af venslunum. Undantekningu má þó gera með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfaþingi Íslands, enda sé þar ekki á neinn hátt um óvenjuleg viðskipti að ræða og þau séu samþykkt af stjórn sjóðsins og bókuð í gerðabók hennar.

27. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að taka önnur lán í nafni verðbréfasjóðs en skammtímalán til að innleysa bréf eða eignir sjóðsins. Slík lán mega þó eigi fara upp fyrir 20% af eignum sjóðsins. Óheimilt er að veita peningalán úr verðbréfasjóði eða láta hann ganga í ábyrgðir fyrir aðra.

28. gr.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs í bréfum útgefnum af einum skuldara (skuldabréf eða aðrar viðskiptakröfur) eða í hlutabréfum eins fyrirtækis. Þetta gildir þó eigi ef um er að ræða verðbréf með ríkisábyrgð, ábyrgð innlánsstofnana eða önnur verðbréf sem teljast sambærilega örugg og verslað er með á Verðbréfaþingi Íslands, svo og meðan heildareign sjóðsins hefur eigi náð 5 milljónum króna. Meðan heildareign verðbréfasjóðs er innan við 5 milljónir króna skulu þó skuldabréf útgefin af einum skuldara, önnur en verðbréf með ríkisábyrgð, ekki nema meira en 33% heildarverðbréfaeignar verðbréfasjóðsins.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eigum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans í verðbréfasjóðum sem reknir eru af öðrum verðbréfafyrirtækjum.

Verðbréfasjóður má ekki eiga meira en 10% hlutabréfa í einu félagi.

Eigi má fjárfesta eigur verðbréfasjóðs í fasteignum. Verðbréfafyritæki fyrir hönd verðbréfasjóðs er þó heimilt að yfirtaka fasteignir til að tryggja fullnustu kröfu er sjóður kann að eiga. Fasteignirnar skulu þó seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati sjóðsstjórnar og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku fasteignarinnar. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að draga sölu fasteigna lengur en í 18 mánuði enda sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu fasteigna skal tilkynna bankaeftrliti Seðlabanka Íslands sem getur þá krafist sölu á fasteignum innan viðeigandi tímafrests.

29. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að verðbréfasjóðir í umsjá þess hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að geta innt af hendi greiðsluskuldbindingar sínar. Þó skal laust fé aldrei nema lægra en 2% af innlausnarverðmæti verðbréfa í sjóðnum á hverjum tíma. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í bönkum, ríkisvíxla eða önnur verðbréf sem öruggur kaupandi er að innan 30 daga. Einnig skal telja að ⅔ hlutum væntanlegar afborganir og arð af verðbréfum sem sjóðurinn fær á sama tíma.

Heimilt er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

30. gr.

Ráðherra getur heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

V. KAFLI

Ársreikningar og endurskoðun.

31. gr.

Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.

32. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

33. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

VI. KAFLI

Eftirlit.

34. gr.

Rekstur verðbréfasjóðs er háður eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um eftirlitið skulu gilda sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. ákvæði IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt. Þyki bankaeftirlitinu rekstur verðbréfasjóðs vera athugaverður og eigi fæst þar bætt úr við ábendingar þess getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrarleyfi viðkomandi verðbréfafyrirtækis. Þetta á t.d. við, ef verðbréfafyrirtæki brýtur gegn ákvæðum laga

þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, fjárhagur þess þykir ótraustur ef eigi er farið eftir þeirri stefnumörkun um tegundir verðbréfa og áhættudreifingu sem bundin er í samþykktum sjóðsins, ef rekstraraðili heldur eigi fjárreiðum sjóðsins aðgreindum frá öðrum þáttum starfsemi sinnar eða ef rekstraraðili stendur eigi bankaeftirlitinu skil á þeim upplýsingum um reksturinn sem krafist er í lögum þessum. Sé leyfi verðbréfafyrirtækis afturkallað skal ráðherra skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit þeirra, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa. Skilanefnd skal leitast við að hafa samráð við eigendur hlutdeildarskírteina um ráðstöfun viðkomandi verðbréfasjóðs.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda, þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skulu liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt ramangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

36. gr.

Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

38. gr.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara ber þeim sem telur til eignar eða annars réttar yfir markaðsverðbréfi, sem fullnægir ekki ákvæðum 5. mgr. 1. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík verðbréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.
2. Verðbréfamiðlurum, sem hlotið hafa réttindi samkvæmt lögum nr. 27/1986, ber að tilkynna útgáfu markaðsverðbréfa skv. 5. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr. laga þessara, sem átt hefur sér stað með milligöngu þeirra fyrir 1. janúar 1989 á þann hátt sem fyrir er lagt í 14. gr.
3. Þeir sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun skv. lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði skulu uppfylla ákvæði laga þessara eigi síðar en 1. mars 1989. Bankaeftirliti Seðlabankans er þó heimilt að veita lengri frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur verður þó aldrei veittur lengur en til 1. júní 1989.
   Þeir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 27/1986 við gildistöku laga þessara skal eigi skylt að sækja námskeið skv. d-lið, 3. gr.
4. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu þótt þau fullnægi ekki ákvæðum 21. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að tryggja að öruggar og sanngjarnar reglur gildi um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði og að sams konar reglur gildi um sams konar starfsemi á þessu sviði. Á síðustu árum hafa verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir vaxið mjög og því brýn þörf orðin á því að setja reglur um þessa starfsemi til þess að tryggja öryggi og eftirlit með þessum viðskiptum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Lög verða sett um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði.“ Og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum segir: „Sett verða lög um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan bankakerfis á grundvelli fyrirliggjandi frumvarpa.“ Þetta frumvarp er eitt þeirra.

Frumvarpið er að stofni til samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði hinn 16. febrúar 1988 til að fjalla um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan banka og sparisjóða. Viðskiptaráðherra hefur aukið í frumvarpið, eins og nefndin gekk frá því, 30. gr. sem heimilar að sömu reglur gildi um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum.

Í nefnd þeirri sem samið hefur frumvarpið voru: Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Sveinbjörn Hafliðason, lögfræðingur Seðlabanka Íslands, Þórður H. Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Vegna anna Guðmundar H. Garðarssonar gat hann eigi mætt nema á fáum nefndarfundum, en Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, tók sæti hans í staðinn.

Nefndin ákvað að láta endurskoðun á lögum nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, og samningu lagaramma um verðbréfasjóði almennt verða fyrsta verkefni sitt og skilaði hún

tillögum sínum þar að lútandi til viðskiptaráðherra í apríl 1988. Sú niðurstaða var einnig eðlileg þar sem við setningu þeirra laga var ráðgert að endurskoða þyrfti löggjöfina innan fárra ára.

Í fyrsta lagi tók nefndin fyrir starfsemi verðbréfamiðlara, en frá setningu laganna nr. 27/1986 hafa alls 39 einstaklingar fengið leyfi til verðbréfamiðlunar (1. september 1988) og hafa þeir stundað verðbréfamiðlun ýmist eingöngu í eigin nafni eða á vegum fjármálastofnana. Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á lagaákvæðum um verðbréfamiðlara, snúa einkum að hæfisskilyrðum manna til að fá leyfi til verðbréfamiðlunar, sbr. II. kafla frumvarpsins, og nánari afmörkun á starfssviði þeirra gagnvart verðbréfafyrirtækjum.

Í III. kafla frumvarpsins eru svo ákvæði um verðbréfafyrirtæki, en það eru fyrirtæki sem sérstaklega eru stofnuð til þess að annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila sem ávaxta vilja fjármuni í verðbréfum. Einnig geta verðbréfafyrirtæki annast rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu verðbréfa. Gerðar eru mun strangari kröfur til verðbréfafyrirtækja en verðbréfamiðlara varðandi fjárhagsstöðu og tryggingar og er það í samræmi við hið víðtæka starfssvið verðbréfafyrirtækjanna.

Í IV. kafla er að finna ákvæði um verðbréfasjóði. Starfsemi verðbréfasjóða hér á landi hófst árið 1985, en hún er fólgin í því að festa fé í mismunandi tegundum verðbréfa í ákveðnu hlutfalli og selja hlutdeildarskírteini í sjóðnum til almennings. Eru þetta stundum nefndir gagnkvæmir verðbréfasjóðir þar sem almenningur nýtur þeirrar meðalávöxtunar, sem viðkomandi sjóður hefur af verðbréfaeign sinni. Í árslok 1987 voru 13 verðbréfasjóðir starfandi hérlendis.

Starfandi verðbréfasjóðir hafa einkum fest fé í skuldabréfum, en búast má við að í framtíðinni verði settir á stofn sjóðir sem sérhæfa sig í fjárfestingu í hlutabréfum og öðrum gerðum verðbréfa en nú er, þannig að tilboð verðbréfasjóðanna til sparifjáreigenda verði fjölbreyttari og hefur verið tekið nokkuð mið af því við samningu þessa frumvarps.

Fjárhagsstaða íslenskra verðbréfasjóða í árslok 1985–1987 var sem hér segir (í milljónum króna talið):

Eignir:	**1985**	**1986**	**1987**
Sjóður og innstæður	5	13	25
Verðbréfaeign	**379**	**1 255**	**3 649**
Spariskírteini			125
Með bankaábyrgð			368
Með fasteignaveði			1 401
Með sjálfsskuldarábyrgð			795
Stuttar viðskiptakröfur			498
Annað			462
Eignir samtals	384	1 268	3 674
Skuldir:			
Útgefin hlutdeildarskírteini	379	1 268	3 674
Eigið fé og annað, nettó	3	1	39

Eins og sjá má af framangreindu er hér þegar um mikilvægar stofnanir í fjármálum þjóðarinnar að ræða. Nefndin er sammála um það, að megintilgangur laga um verðbréfamiðlun og verðbréfasjóði eigi að vera að stuðla að heilbrigðri þróun á verðbréfamarkaði,

m.a. með því að tryggja hag þeirra sem kjósa að ávaxta sparifé sitt með kaupum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðunum. Í því sambandi þarf að aðskilja fjárhag verðbréfafyrirtækja sem reka verðbréfasjóði og sjóðina sjálfa, setja ákvæði varðandi upplýsingagjöf slíkra fyrirtækja gagnvart viðskiptavinum sínum svo og ákvæði um samþykktir verðbréfasjóða.

Þá hefur nefndin endurskoðað ákvæði laganna frá 1986 um verðbréfamiðlun í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur og hún hefur leitast við að gera í tillögum sínum greinarmun á starfi verðbréfamiðlara annars vegar og verðbréfafyrirtækja hins vegar. Nefndin hefur í starfi sínu haft hliðsjón af löggjöf nágrannaríkjanna um verðbréfamiðlun og verðbréfasjóði og þá einkum nýleg ákvæði í finnskri löggjöf.

Í V. kafla frumvarpsins eru ákvæði um ársreikninga og endurskoðun, í VI. kafla eru ákvæði um eftirlit með starfseminni og loks eru í VII. kafla frumvarpsins gildistöku- og refsiákvæði. Þá eru í lok frumvarpsins ákvæði til bráðabirgða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er annars vegar fjallað um skýringar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu og hins vegar um svokölluð „innherjaviðskipti" sem á enskri tungu nefnast „insider trading". Þau hugtök, sem hér um ræðir eru byggð að nokkru á skilgreiningunum sem lög nr. 27/1986 höfðu að geyma, en önnur eru nýmæli sem miðast við viðfangsefni þessa frumvarps.

Um 1. gr.

Hugtökin verðbréf, verðbréfamiðlun og verðbréfamiðlari hafa áður verið skilgreind í lögum nr. 27/1986.

Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga er hugtakið verðbréf afmarkað á þann veg að það nær ekki aðeins til skuldabréfa, hlutabréfa, víxla og annarra áþekkra viðskiptabréfa heldur einnig til loforða um peningagreiðslu af öðru tagi svo sem tékka og greiðslukortanótur. Fyrsta atriði skilgreiningarinnar er að um sé að ræða „hvers konar framseljanleg kröfuréttindi". Hún er því ekki bundin við ákveðið form skuldbindingar, heldur nægir að skuldbinding sé hæf til framsals og gildir einu hvort slík framsöl þurfi að fara fram skriflega eða með öðrum hætti. Skilgreining þessi byggir á því að hin framseljanlegu kröfuréttindi séu að meginreglu „til peningagreiðslu eða ígildis hennar". Skiptir ekki máli hvort kveðið sé í skuldbindingu á um efndir hennar með greiðslu ákveðinnar peningafjárhæðar eða öðrum verðmætum sem almennt verðgildi hafa. Hugtakið hefur jafnframt víðtækari merkingu því að einnig er ætlast til að það nái til framseljanlegra skilríkja fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða sérstaklega ákveðnum lausafjármunum. Nær hugtakið samkvæmt þessu t.d. til framseljanlegra farmskírteina, en hins vegar ekki til skilríkja fyrir eignarréttindum að fasteign né heldur til skilríkja fyrir eignarrétti að bifreiðum eða áþekkum lausafjármunum.

Hugtakið verðbréfamiðlun er einnig skilgreint í lögum nr. 27/1986. Þar er það skilgreint á þann hátt að um sé að ræða hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs. Milliganga sem þessi fælist væntanlega tíðast í því að hafa með höndum rekstur sem hefur að tilgangi að koma á viðskiptum milli tveggja utanaðkomandi aðila með verðbréf. Það skiptir hins vegar ekki máli í þessu sambandi hvort milligöngumaðurinn hefur atvinnu af slíkri starfsemi eða ekki njóti hann endurgjalds eða ávinnings af einhverju tagi fyrir framlag sitt til að koma viðskiptasambandi á.

Til verðbréfamiðlunar telst enn fremur að kaupa eða selja verðbréf í annarra þágu og er enginn greinarmunur á því gerður hvort þau viðskipti eigi sér stað í nafni milligöngumannsins eða umbjóðanda hans. Skiptir hér ekki heldur máli hvort milligöngumaðurinn hefur atvinnu af umboðsmennsku sem þessari eða ekki, en það skilyrði hins vegar sett að hann njóti endurgjalds eða ávinnings af öðru tagi fyrir atbeina sinn að viðskiptunum.

Til verðbréfamiðlunar í skilningi frumvarpsins telst enn fremur veiting sérfræðilegrar ráðgjafar um verðbréfaviðskipti gegn endurgjaldi. Þykir eðlilegt að þessi þáttur verðbréfaviðskipta falli undir hugtak þetta og verði þar með háð veitingu starfsleyfis þar sem sérfræðiráðgjöf í ágóðaskyni til annarra um kaup eða sölu verðbréfs getur eðli málsins samkvæmt verið ein þýðingarmesta ástæðan til ákvörðunar kaupanda eða seljanda um viðskiptin.

Hugtakið verðbréfamiðlari er skilgreint í lögum nr. 27/1986 á sama hátt og hér er gert. Er það sá einstaklingur sem hlut á að verðbréfaviðskiptum með þeim hætti sem skilgreint er í 2. mgr. Fá þarf sérstakt leyfi til þess að mega starfa sem verðbréfamiðlari og gilda um það ákvæði 3. gr. Leyfishafi getur haft menn í þjónustu sinni sem starfa undir stjórn hans og á hans ábyrgð. Hafi slíkir starfsmenn ekki sjálfstætt leyfi til verðbréfamiðlunar teljast þeir í starfi sínu koma fram í umboði leyfishafans. Þeir teljast samkvæmt ákvæði þessu verðbréfamiðlarar í skilningi frumvarpsins og hvíla því á þeim sömu skyldur í starfi og á leyfishafanum sjálfum. Af þessu leiðir að leyfishafinn telst skaðabótaskyldur baki starfsmaður hans viðskiptavini tjón með starfi sínu við verðbréfamiðlun og getur að sama skapi glatað leyfi til verðbréfamiðlunar vegna athafna starfsmanns. Verður að ætla að þetta leiði til þess að leyfishafi komi í reynd til með að stjórna starfseminni, en ljái ekki aðeins nafn sitt til hennar. Í frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að rýmkuð verði skilyrði um menntun verðbréfamiðlara, en þess í stað krafist að þeir sæki námskeið og taki sérstök próf til þess að fá leyfi til verðbréfamiðlunar. Þannig telur nefndin æskilegt að inntökuskilyrði séu rúm og þeir er við verðbréfamiðlun starfa, aðrir en forstöðumenn verðbréfamiðlunar eða verðbréfafyrirtækis, sæki einnig námskeið samkvæmt þessari grein.

Um verðbréfafyrirtæki er fjallað í fyrsta sinn í þessu frumvarpi og er leitast við að greina á milli verðbréfafyrirtækis og verðbréfamiðlara í greininni, en verðbréfafyrirtæki hefur mun víðtækara verksvið en verðbréfamiðlari eins og verksvið verðbréfafyrirtækis er skilgreint í III. kafla frumvarpsins.

Verðbréfafyrirtæki eru sérstaklega stofnuð til þess að annast verðbréfamiðlun, sbr. 2. mgr., fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila sem ávaxta vilja fjármuni í verðbréfum. Þessi fyrirtæki annast einnig rekstur verðbréfasjóða, sbr. 6. mgr. þessarar greinar og IV. kafla frumvarpsins, og jafnframt annast þau sölutryggingu markaðsverðbréfa (sem á enskri tungu er nefnt „underwriting securities"). Þessa starfsemi, þ.e. rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu markaðsverðbréfa, er verðbréfamiðlurum, sbr. skilgreiningu 3. mgr., hins vegar óheimilt að hafa með höndum, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Skilgreiningin á markaðsverðbréfi er nýlunda. Þar er átt við skuldabréf eða hlutabréf sem eru hlutdeildarbréf í flokki samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups.

Rétt þykir að greina slík verðbréf frá öðrum vegna upplýsinga sem talið er nauðsynlegt að afla og birta opinberlega eins og greint er nánar í athugasemdum við 15. gr.

Sé um skuldabréf að ræða er þess meðal annars getið að endurgreiðsluákvæði bréfa í tilteknum flokki skuli vera hin sömu. Með því er m.a. átt við að öll bréf í flokknum hafi sama, eða sömu, gjalddaga. Slík stöðlun auðveldar mat á verðmæti bréfanna og stuðlar því að greiðum viðskiptum með þau.

Gert er ráð fyrir að markaðsverðbréf séu ætíð skráð á nafn. Það getur tryggt hagsmuni eiganda ef bréf glatast og fá þarf það ógilt með dómi vegna útgáfu nýs bréfs í þess stað. Samkvæmt lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979 er skylt að skrá verðtryggðar fjárskuldbindingar á nafn kröfueiganda. Með nafnskráningu allra markaðsverðbréfa, verðtryggðra og óverðtryggðra eins og gert er ráð fyrir í greininni, er komin á nokkur samræming í þessum efnum. Þá má ætla að nafnskráning sé til þess fallin að vekja traust á verðbréfaviðskiptum og stuðla að heilbrigðri þróun þeirra. Loks má nefna þá framtíðarsýn að verðbréfaviðskipti verði

„pappírslaus“, þ.e. einungis skráð í tölvu, en ekki prentuð á pappír. Slík tækni hefur þegar verið tekin upp í nágrannalöndunum („værdipapircentral“), en grundvallaratriði í því sambandi er að nafn kröfuhafa sé einnig skráð. Skuldabréf af öðru tagi en því sem lagaákvæði þetta tekur til hafa þó einnig gengið kaupum og sölum í ríkum mæli, svo sem verðtryggð skuldabréf sem ekki eru markaðsverðbréf en ætíð skulu hljóða á nafn og skuldabréf sem ekki eru verðtryggð og hljóða á handhafa bréfsins. Hér er skylda til nafnskráningar bundin við markaðsverðbréf, en vafalaust munu óverðtryggð skuldabréf, sem ekki teljast markaðsverðbréf og gefin eru út til handhafa, áfram ganga kaupum og sölum milli manna.

Í 6. mgr. er skilgreint hugtakið verðbréfasjóður, en með því er átt við sérhvern lögaðila, sbr. IV. kafla frumvarpsins, sem hefur það markmið að kaupa og selja verðbréf í eigin nafni, en almenningur getur átt aðild að. Sú starfsemi, sem hér um ræðir, er nýlega til komin hérlendis. Markmið hennar yrði jafnan það að taka við fjármunum til sameiginlegra fjárfestinga til hagsbóta þeim sem leggja fé af mörkum í því skyni og dreifa þannig áhættu af áföllum í verðbréfaviðskiptum. Sá lögaðili, sem hefur slíka starfsemi með höndum, getur gegnt hlutverki sínu með ýmsum hætti, en gera verður ráð fyrir að það verði jafnan gert með því að kaupa verðbréf og selja í nafni lögaðilans í því skyni að afla ávinnings. Skilgreining þessa hugtaks er í frumvarpi þessu bundin við að lögaðili af þessu tagi sé í hlutafélagsformi eða hafi sett sér samþykktir í samræmi við 18. gr. frumvarpsins og að skilríki fyrir aðild að honum felist í skuldarviðurkenningu hans — hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Það er einnig skilyrði þess að félag eða stofnun með þessum tilgangi teljist verðbréfasjóður í merkingu frumvarpsins, að almenningur eða þrengri hópur manna eigi kost á aðild að honum. Eins og síðar er vikið að ráðgerir frumvarpið að það sé skilyrði fyrir rekstri verðbréfasjóðs í þessum skilningi að hann sé rekinn af verðbréfafyrirtæki skv. III. kafla frumvarpsins.

Hugtakið viðskiptavaki er nýmæli í lögum, en þar er um að ræða aðila sem tekist hefur á hendur ákveðnar skyldur á verðbréfamarkaði. Slíkir aðilar nefnast „market makers“ á enskri tungu og er það forsenda fyrir starfsemi þeirra að þeir hafi skuldbundið sig til þess að kaupa og selja fyrir eigin reikning markaðsverðbréf ákveðinnar gerðar í því skyni að auðvelda þeim sem kaupa vilja slík bréf að finna seljanda og þeim sem selja vilja bréfin að finna að þeim kaupanda. Starfsemi viðskiptavaka þykir til þess fallin að auðvelda eðlilega verðmyndun á viðkomandi markaðsverðbréfum.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um „innherjaviðskipti“, en á það getur t.d. reynt í viðskiptum með hlutabréf að menn notfæri sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir eiga aðgang að, til þess að afla sér skjótfengins gróða. Á ensku nefnist sá aðili, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum í merkingu þessarar greinar, „insider“ og er hér notað orðið „innherji“ um slíkan aðila.

Innherjaviðskipti hafa að undanförnu verið mjög á dagskrá í nágrannaríkjunum vegna lögbrota sem þar hafa komið upp og er þar nú rætt um að setja strangari reglur um þetta atriði. Í mörgum ríkjum eru ákvæði í lögum þess efnis að aðili, er býr yfir viðkvæmum upplýsingum um tiltekið fyrirtæki, skuli ekki hagnast á því með viðskiptum með bréf þess fyrirtækis á markaði. Slíku athæfi er jafnað við auðgunarbrot. Í Bandaríkjunum eru ströng viðurlög við innherjaviðskiptum og eru mörg dæmi þess að þeim hafi verið beitt. Innan Evrópubandalagsins eru ákvæði um þetta efni í lögum þriggja landa, Bretlands, Frakklands og Danmerkur og er framkvæmdin virkust í Bretlandi. Nú er lagt til að öll bandalagslöndin setji ákvæði um innherjaviðskipti í lög sín fyrir árið 1992 þegar sameiginlegur „innri“ markaður á að taka gildi. Verður e.t.v. tilefni til að endurskoða ákvæði 2. gr. innan fárra ára með hliðsjón af þróun löggjafar í nágrannalöndunum á þessu sviði og í ljósi reynslunnar hérlendis.

Orðalag 2. gr. er í samræmi við ákvæði í norskum og dönskum lögum um verðbréfaviðskipti. Þó nær ákvæðið þar aðeins til verðbréfa sem skráð eru í kauphöll, þ.e. á verðbréfaþingi. Ákvæði frumvarpsins nær til allra markaðsverðbréfa hvort sem þau eru skráð á þinginu eða ekki. Til glöggvunar þykir rétt að birta hér lagatexta þessara ríkja um bann við innherjaviðskiptum.

Í norsku lögunum er textinn á þessa leið: „Kjöb eller salg av börsnoterte verdipapirer maa ikke foretas af noen som har fortroligeopplysinger som gjælder forhold vedrörende det foretak som har utstedt verdipapirene, og som kan antas aa faa vesentlig betydning for kursen paaverdipapirene."

Í dönsku lögunum er textinn svohljóðandi: „Köb eller salg af et börsnoteret værdipapir maa ikke foretages af nogen, der har kendskab tilendnu ikke offentliggjorte oplysninger vedrörende den paagældende udsteder,saafremt saadanne oplysinger maa antages at faa betydning for kursdannelsen paaværdipapiret."

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að lögfesta hér á landi refsiákvæði er taki til innherjaviðskipta. Verknaðarlýsing ákvæðisins tekur til þeirra aðila, einstaklinga og lögaðila, sem nota í viðskiptum sínum trúnaðarupplýsingar er þeir hafa undir höndum varðandi útgefanda að markaðsverðbréfi og þær upplýsingar geti haft áhrif á markaðsverð verðbréfanna eða þeir veita öðrum slíkar upplýsingar. Tilgangur þess, sem fremur slíkt brot, er að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar, sem hér um ræðir, í auðgunarskyni eða hann veitir öðrum slíkar upplýsingar í sama tilgangi. Ákvæði þetta lýsir þannig ólögleg viðskipti þeirra aðila sem yfir trúnaðarupplýsingum búa um markaðsverðbréf í því skyni að forða sér, vandamönnum sínum eða þriðja aðila frá tjóni eða færa þessum aðilum hagnað. Gildir það sama um lögaðila og einstaklinga. Trúnaðarupplýsingar, er ákvæði þetta tekur til, geta verið af ýmsum toga og eru þær ekki skilgreindar nánar í greininni. Hér er þó átt við fyrst og fremst þær upplýsingar sem menn afla sér vegna starfa sinna og leynt skulu fara eða trúnaðarupplýsingar þeirra fyrirtækja sem um er að ræða hverju sinni og ekki er ætlunin að verði opinberar í bráð. Birting þeirra væri til þess fallin að hafa áhrif á verð markaðsverðbréfa og sá sem fær þær áður en þær eru almennt kunnar, kemst í þá aðstöðu að geta umfram aðra hagnast eða forðast tap.

Jafnframt því, að lagt er til að sett skuli refsiákvæði í íslensk lög um innherjaviðskipti, telur nefndin eðlilegt að þess verði krafist af útgefendum markaðsverðbréfa að upplýsingum, er áhrif kunna að hafa á verð viðskiptabréfanna, verði komið á framfæri án ástæðulauss dráttar af hálfu þeirra fyrirtækja eða lögaðila er hlut eiga að máli. Slík framkvæmd er einnig til þess fallin að ekki komi til þess að beita þurfi refsiákvæði þessarar greinar frumvarpsins um innherjaviðskipti.

Um tilraun og hlutdeild í broti samkvæmt þessari grein fer nánar eins og greinir í VII. kafla þessa frumvarps. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þessi ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í II. kafla er fjallað um verðbréfamiðlara, en um þá er nú fjallað í lögunum um verðbréfamiðlun nr. 27/1986. Farin hefur verið sú leið að fella meginatriði þeirra laga inn í þennan kafla frumvarpsins, en jafnframt hefur verið breytt þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi til verðbréfamiðlunar. Í þeim tilgangi að hraða myndun virkra verðbréfaviðskipta hér á landi telur nefndin mikilvægt að breyta þeim skilyrðum, sem nú gilda, á þann veg, að sérstök próf um kunnáttu í verðbréfaviðskiptum komi í stað tiltekinnar háskólamenntunar sem ekki er víst að veiti slíka kunnáttu. Slík námskeið og próf væru einnig til þess fallin að auka þekkingu þeirra er þessi störf stunda á þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er fjallað um skilyrði fyrir leyfisveitingum til verðbréfamiðlara og er þeim breytt frá gildandi lögum. Í b-lið er tiltekinn lágmarksaldur verðbréfamiðlara, í d-lið er námskeið og próf í verðbréfamiðlun gert að skilyrði í stað tiltekinnar háskóla- eða endurskoðendamenntunar og í e-lið eru sett breytt ákvæði um tryggingar sem verðbréfamiðlarar þurfa að setja fyrir því valdi þeir viðskiptavinum sínum tjóni. Var í því efni höfð hliðsjón af þeim tryggingum, sem fasteignasölum er nú gert að setja til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu, sbr. lög nr. 34/1986. Samkvæmt núgildandi lögum er krafist bankatryggingar að fjárhæð tvær milljónir króna miðað við lánskjaravísitölu maímánaðar 1986, 1432 stig. Hér er lagt til að tryggingar verði ákveðnar með reglugerð sem auðveldar breytingar fjárhæða í samræmi við verðlagsbreytingar og umsvif verðbréfafyrirtækja, en skoðun nefndarinnar er að lágmarkstryggingar skuli eigi lækka frá því sem nú gildir.

Í 2. mgr. 3. gr. er bætt við orðunum „svo sem búskiptum eða félagsslitum“ í lok málsgreinarinnar og er það gert til þess að afmarka skýrar efni þeirrar heimildar sem þar er veitt, en að öðru leyti er átt við hefðbundin störf þeirra manna er greinin tekur til í þágu viðskiptamanna.

Um 4.–5. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 6. og 7. gr. núgildandi laga um verðbréfamiðlun. Að öðru leyti þarfnast þær ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. núgildandi laga um verðbréfamiðlun að öðru leyti en heimild verðbréfamiðlara til þess að kaupa eða selja verðbréf úr eigin eigu er einskorðuð við skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands, en í núgildandi lögum geta aðrar tegundir verðbréfa komið til greina ef viðsemjanda verðbréfamiðlara er kunnugt um hver gagnaðili hans er. Ekki þykir rétt að hafa slíka heimild í lögum þar eð hún kann að leiða til margs konar réttarágreinings.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að við hana er bætt ákvæði um að þagnarskylda haldist þótt látið sé af starfi.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur í stað 10. og 11. gr. núgildandi laga. Greinin skýrir sig sjálf.

Um 9. gr.

Þessi grein, sem fjallar um fjárhagslega ábyrgð verðbréfamiðlara gagnvart viðskiptamanni, er samhljóða 12.–14. gr. núgildandi laga og kemur málsgrein í stað hverrar greinar.

Í 2. mgr. er þó að finna viðbót við ákvæði núgildandi laga þar sem lagt er til að verðbréfamiðlara sé skylt að koma reglulega þeim fjármunum, sem honum eru fengnir til ávöxtunar, í öruggar fjárhirslur. Ákvæði þetta getur haft áhrif við sakarmat vegna hugsanlegra málaferla samkvæmt þessari grein. Með orðinu „reglulega“ er átt við að farið sé með verðbréf og aðra fjármuni í öryggishólf í lok hvers vinnudags eða á öðrum tímum eftir umfangi starfseminnar. Bankar og flestir sparisjóðir munu hafa sérstaklega útbúin öryggishólf til varðveislu fjármuna. Einnig er hugsanlegt að sérstök fyrirtæki yrðu sett á fót til að taka að sér varðveislu verðbréfa og annarra fjármuna á öruggan hátt.

Lokamálsgrein 9. gr. er samhljóða 14. gr. núgildandi laga um verðbréfamiðlun.

Um 10. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að glöggur greinarmunur verði gerður á verksviði verðbréfamiðlara annars vegar og verðbréfafyrirtækis hins vegar. Verksvið verðbréfamiðlara er hér skilgreint neikvætt að því leyti að honum er óheimilt að stofna og reka verðbréfasjóð eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldarviðurkenningar eða hlutdeildarskírteina. Honum er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum. Verðbréfamiðlari er fyrst og fremst milliliður milli kaupenda og seljanda einstakra verðbréfa og ráðgjafi um verðbréfaviðskipti gegn þóknun.

Um III. kafla.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stofnun og starfssvið verðbréfafyrirtækis og þau skilyrði sem það þarf að fullnægja til þess að fá og halda rekstrarleyfi. Fram kemur í greininni að verbréfafyrirtæki mega taka að sér að veita almenna sölutryggingu á markaðsverðbréfum og hafa heimild til þess að reka verðbréfasjóði.

Lagt er til að um sé að ræða hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 10 milljónir króna. Þrátt fyrir þetta ákvæði geta viðskiptabankar og sparisjóðir einnig starfrækt verðbréfafyrirtæki með nánar tilteknum skilyrðum laga þessara að því leyti, sem það samrýmist ákvæðum annarra laga er um þær stofnanir gilda. Umsóknir um rekstrarleyfi skulu sendar viðskiptaráðuneytinu, en því er skylt samkvæmt frumvarpinu að afla umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands áður en ákvörðun er tekin. Í a–f liðum þessarar greinar eru skilyrði fyrir leyfisveitingu rakin og skýra ákvæðin sig sjálf. Ráðherra er heimilt að hækka lágmarksfjárhæð hlutafjár í hlutfalli við verðbreytingar frá gildistöku laganna, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um eigið fé verðbréfafyrirtækis. Það verður að nema a.m.k. 1% af höfuðstól þess verðbréfasjóðs eða verðbréfasjóða, sem fyrirtækið rekur og ef fyrirtækið tekur að sér sölutryggingu markaðsverðbréfa má fjárhæð slíkrar skuldbindingar eigi vera hærri en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

Um 13. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að lagaákvæði um verðbréfamiðlara, sem fjalla um almennar starfsreglur þeirra, skráningu bréfa, framsal þeirra, kaup og sölu á eigin verðbréfum, þagmælsku, upplýsingagjöf um þóknun og ákvæði um ábyrgð, eigi einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við getur átt. Þá er lagt til í greininnni að ákveðið verði með reglugerð upphæð og form þeirra trygginga sem krefjast skal af verðbréfafyrirtæki. Fordæmi fyrir slíku ákvæði er að finna í lögum nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, sbr. einnig athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja til viðskiptavina sinna og er tilgangur greinarinnar að tryggja að upplýsingar fyrirtækjanna séu áreiðanlegar og að viðskiptavinir þeirra séu ekki beittir blekkingum. Lagt er til að Verðlagsstofnun setji um þetta nánari reglur og er þar t.d. átt við reglur um útreikning ávöxtunar sem birt er í auglýsingum. Með því er stefnt að hugtakið „ávöxtun“ fái skýrari merkingu en nú er. Gert er ráð fyrir að Verðlagsstofnun setji slíkar reglur í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Talsverð óvissa ríkir um þetta atriði í dag, t.d. hvernig einstök verðbréfafyrirtæki hafa reiknað afföll inn í heildarávöxtun verðbréfasjóðs. Þá væri rétt að í reglunum væri sú

regla staðfest sem nú gildir samkvæmt reglum samstarfsnefndar verðbréfasjóða að einungis sé auglýst hver ávöxtunin hafi verið á tilteknu liðnu tímabili, en eigi sé gefið loforð um fyrir fram ákveðna ávöxtun fram í tímann.

Um 15. gr.

Hér er mælt fyrir um það í 1. mgr. að útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, ríkisvíxla eða skuldabréfaflokka með ríkisábyrgð, eins og t.d. skuldabréfaflokka sem gefnir yrðu út af Byggingarsjóði ríkisins, skuli ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða sem ætlað er að tryggja vandaðan undirbúning á útgáfu og sölu slíkra verðbréfa. Hér er um sérhæfða þjónustu að ræða sem er veruleg trygging fyrir aðila að Verðbréfaþingi Íslands og almenna kaupendur markaðsverðbréfa og að bréfin séu gallalaus. Gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands geti sett nánari reglur um gerð útboðsgagna markaðsverðbréfa umfram þær meginreglur sem settar eru í greininni. Seðlabankinn getur einnig ákveðið fyrsta söludag einstakra flokka markaðsverðbréfa (emission control) í því skyni að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á markaðnum. Reglur um slíkt tíðkast víða, en óheppilegt getur verið að láta útgáfu fleiri en eins flokks markaðsverðbréfa bera að á sama tíma. Ákvæði þetta girðir ekki fyrir sölu einstakra verðbréfa sem fram fer án þess að um almennt söluútboð sé að ræða svo sem sölu fyrirtækja á eigin hlutabréfum eða verðbréfum.Gert er ráð fyrir að ríkissjóður og stofnanir, sem gefa út verðbréf með ríkisábyrgð, annist útboð markaðsverðbréfa sem þessir aðilar gefa út, en þar er um mjög stóran hluta af heildarframboði verðbréfa að ræða.

Í 2. mgr. er ákvæði um tilkynningarskyldu verðbréfafyrirtækis til Seðlabanka Íslands um sölu einstakra flokka markaðsverðbréfa. Sama gildir um önnur útboð markaðsverðbréfa svo sem útboð ríkissjóðs eftir því sem við á, þ.e. í tilvikum þar sem Seðlabankinn sér ekki um útboð ríkisskuldabréfa. Sú skylda er lögð á Seðlabankann að birta reglulega þær upplýsingar, sem hann fær samkvæmt þessari grein.

Um 16. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldu verðbréfafyrirtækis til að senda viðskiptavinum sínum skilagreinar yfir þau viðskipti sem átt hafa sér stað fyrir þeirra reikning sé þess óskað. Senda skal skilagreinar reglulega, t.d. hálfsárslega, ársfjórðungslega eða eftir beiðni viðskiptamanns, allt eftir því hver háttur er fyrir fram kynntur eða um saminn gagnvart viðskiptamanni. Þá er skylt að senda fyrir lok janúarmánaðar hvers árs skilagreinar um viðskipti næstliðins árs.

Um 17. gr.

Ákvæðið er sett til þess að tryggja hag viðskiptavina verðbréfafyrirtækis að því leyti að þeir fái fyrir fram upplýsingar um þá þóknun sem fyrirtækið tekur fyrir þjónustu sína. Einnig er tekið fram, að verðbréfafyrirtækjum sé óheimilt að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu.

Þá er mælt fyrir um að breytingar á þóknun fyrir endurtekna þjónustu þurfi að tilkynna með nægum fyrirvara. Gefst þá viðskiptavinum kostur á að flytja viðskipti sín annað til þess að forðast breytingu á þóknun til hækkunar.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um verðbréfasjóði, en um þá skortir að mestu ákvæði í núgildandi löggjöf. Undantekning er þó 5. gr. laga nr. 27/1986 sem fjallar eingöngu um forstöðu og endurskoðun verðbréfasjóðs. Ákvæði kaflans eru fyrst og fremst við það miðuð

að tryggja réttarstöðu þeirra sem ávaxta vilja fé í verðbréfasjóðum gagnvart verðbréfafyrirtæki. Í því skyni er m.a. að finna ákvæði í þessum kafla um rekstur verðbréfasjóða, útgáfu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði og atriði er varða innlausn þeirra. Einnig er hér lagt til að eignum verðbréfasjóða sé haldið aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis, enda verði þær ekki teknar fjárnámi eða kyrrsettar vegna skulda þess. Ákvæðin miða að því að auka öryggi þeirra er fjármuni eiga í slíkum verðbréfasjóðum.

Um 18. gr.

Hér eru ákvæði um stofnun verðbréfasjóða þar sem einstaklingum og lögaðilum er boðið upp á ávöxtun reiðufjár á verðbréfamarkaði. Verðbréfasjóði má samkvæmt ákvæðum greinarinnar stofna sem sjálfstætt hlutafélag eða með öðru félagsformi og skal hver verðbréfasjóður hafa samþykktir og sérstaka stjórn. Síðan eru talin upp atriði sem m.a. skal taka afstöðu til í samþykktum verðbréfasjóðs. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði í lögum sem sett kunna að vera varðandi samþykktir félaga, sbr. hér t.a.m. lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði tilkynningarskylda um stofnun verðbréfasjóða til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og jafnframt lagt til að haldin verði sérstök skrá yfir verðbréfasjóði til hagsbóta fyrir viðsemjendur þeirra. Samkvæmt ákvæðinu getur starfsemi verðbréfasjóðs ekki hafist fyrr en formkröfum greinarinnar hefur verið fullnægt og samþykktir hans hafa verið staðfestar.

Í 3. mgr. er ákvæði um að skylt sé að gera rekstrarsamning við verðbréfafyrirtæki varðandi rekstur þess á sjóðnum og umsýslu þess að öðru leyti, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Í 4. mgr. er ákvæði um hvernig fara skuli með breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs.

Um 19. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands haldi sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði þar sem skráðar eru ýmsar upplýsingar um sjóðina. Einnig skal birta tilkynningu um stofnun verðbréfasjóðs og fleiri atriði í Lögbirtingablaði. Þá er í greininni ákvæði sem miðar að því að ekki skapist hætta á ruglingi varðandi nöfn verðbréfasjóða sem skráðir eru í verðbréfasjóðsskránni.

Um 20. gr.

Hér eru ákvæði um útgáfu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði til þeirra sem fá verðbréfafyrirtæki fjármuni til ávöxtunar í sjóðnum og um sölu slíkra skírteina. Þau skal ætíð skrá á nafn. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að gefa út tiltekna flokka af hlutdeildarskírteinum og innan hvers flokk skal þess gætt að hver eining veiti aðilum sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar hans.

Hlutdeildarskírteini er skilríki fjármagnseiganda fyrir þeim fjármunum er hann hefur lagt í þann sjóð sem skírteinið ber með sér og er það jafnframt skuldarviðurkenning sjóðsins.

Um 21. gr.

Hér er að finna ákvæði um þau atriði sem m.a. skal skrá á hlutdeildarskírteini.

Í 2. mgr. er að finna sérákvæði sem heimilar nafnritun hlutdeildarskírteina með prentun á skírteinin í stað nafnritunar með eigin hendi og er það gert til hagræðis fyrir verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að framkvæma nafnritun með þessum hætti og verður það því í ákvörðunarvaldi stjórnar verðbréfasjóðs hvorn háttinn hún velur. Þá er ákvæði um að framsal skuli jafnan skrá á hlutdeildarskírteini þar sem eigendaskipti eiga sér stað án innlausnar hjá verðbréfafyrirtæki og útgáfu á nýju skírteini.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði um skráningu verðbréfafyrirtækis á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði.

Í 2. mgr. er ákvæði um rétt eigenda hlutdeildarskírteina í sjóði, þar sem þeir kjósa fulltrúa í stjórn samkvæmt samþykktum sjóðsins til þess að fá afrit af nafnaskrá þeirra eigenda sem hyggjast taka þátt í kosningunum. Ekki er víst að allir eigendur kjósi að taka þátt í kosningunum þar eð þeir vilji ekki upplýsa aðra eigendur um að þeir eigi hlutdeildarskírteini í sjóðnum.

Um 23. gr.

Hér er að finna ákvæði um það hvernig innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði skuli fundið. Ákvæði þetta er í samræmi við þær reglur sem aðilar að samstarfsnefnd íslenskra verðbréfasjóða hafa sett sér og notaðar eru í rekstri þeirra. Þá er í greininni heimild fyrir ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um þetta atriði og er þá haft í huga að e.t.v. þyrfti að taka af öll tvímæli um mismunandi reikningsreglur við útreikning innlausnarvirðis.

Um 24. gr.

Hér er að finna skýr ákvæði um að eignum verðbréfasjóðs beri að halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis sem rekur sjóðinn. Er þetta í samræmi við þá stefnu, að hver verðbréfasjóður sé sjálfstætt hlutafélag eða annar lögformlegur aðili er hefur sérstakar samþykktir og sérstaka stjórn sem gerir rekstrarsamning við verðbréfafyrirtæki vegna reksturs sjóðsins. Skuldbindingar, sem kunna að falla á verðbréfafyrirtæki, eru því alls óviðkomandi verðbréfasjóðum á þess vegum og með sama hætti eru skuldbindingar hvers verðbréfasjóðs fyrir sig skýrt aðgreindar, sbr. jafnframt ákvæði 18. gr. frumvarpsins.

Í samþykktum hvers verðbréfasjóðs er kveðið á um með hvaða hætti sjóðsstjórn skuldbindur sjóðinn, um dreifingu áhættu og fleiri atriði. Í greininni er skýrt tekið fram að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði verði ekki gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum. Þeir geta tapað andvirði sjóðseignar sinnar, en verða ekki gerðir ábyrgir umfram það enda hefur eigandi hlutdeildarskírteinis réttarstöðu lánardrottins gagnvart verðbréfasjóði, sbr. ákvæði 20. gr.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að fjárvörslum verðbréfasjóða sé hagað þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Lagt er til að varðveisla verðbréfa fari fram í sérstöku öryggishólfi, en stjórn verðbréfafyrirtækis og samþykktir geta mælt fyrir um vörslu fjármuna verðbréfasjóðs hjá banka- eða sparisjóði. Slíkar stofnanir hafa yfirleitt sérútbúin öryggishólf til gæslu fjármuna, en einnig er hugsanlegt að sérstök fjárvörslufyrirtæki komi sér upp slíkri aðstöðu. Kröfur um trygga varðveislu verðbréfa, eins og hér er fyrir mælt, þykja eðlilegar og tíðkast í þeim ríkjum Evrópu sem sett hafa löggjöf um þessa starfsemi.

Um 26. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem sett eru til þess að girða fyrir að óeðlileg verðbréfaviðskipti geti átt sér stað milli starfsmanna verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóðs í umsjón fyrirtækisins.

Um 27. gr.

Hér er að finna ákvæði sem takmarkar heimild verðbréfafyrirtækis til þess að taka lán í nafni verðbréfasjóðs í umsjón fyrirtækisins. Einnig um bann við veitingu peningalána úr sjóðnum eða að láta hann ganga í ábyrgðir fyrir aðra.

Um 28. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja áhættudreifingu verðbréfasjóða. Heimilt er að víkja frá reglunum ef um er að ræða örugg verðbréf sem nánar eru talin upp í greininni og einnig má víkja frá reglunum í upphafi rekstrar sjóðsins.

Um 29. gr.

Hér er að finna ákvæði um lausafjárskyldu verðbréfasjóða, en hún er miðuð við að sjóðirnir hafi jafnan yfir fé að ráða til þess að innleysa daglega hlutdeildarskírteini eins og óskað er eftir við venjulegar aðstæður sem samkvæmt reynslu mun vera nærri 2%.

Rætt hefur verið um að hafa lausafjárskylduna hærri í ljósi þess að upp geta komið þær aðstæður að fjöldi eigenda hlutdeildarskírteina óskar innlausnar á sama tíma. Slík skylda mundi lækka ávöxtun sjóðanna þar eð lausafé þeirra hefur að öðru jöfnu lægri ávöxtun, en það fé sem bundið er til lengri tíma. Á móti taka eigendur hlutdeildarskírteina þá áhættu að þurfa að sæta fresti á innlausn skírteinanna, ef hlutfallslega margar innlausnarbeiðnir berast á sama tíma. Að sjálfsögðu geta stofnendur verðbréfasjóðs þó sett sér hærri lausafjárkvöð í samþykktum sjóðsins og er ráð fyrir því gert í c-lið 18. gr.

Um 30. gr.

Um þetta ákvæði eru skiptar skoðanir í nefnd þeirri sem frumvarpið samdi og lagði nefndin ekki til að slík bindiskylda verði lögfest. Viðskiptaráðherra telur hins vegar eðlilegt að heimild til slíkrar bindiskyldu sé í lögum og má benda á að í nokkrum OECD-löndum er heimild til bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði lögfest enda þótt henni sé ekki beitt nema í undantekningartilvikum, sé eðlilegt að svo sé einnig hér á landi. Ýmis rök eru færð með heimild til bindiskyldu, þar á meðal er á það bent að óeðlilegt sé að séu kvaðir settar á útlán banka og sparisjóða í hagstjórnarskyni, þá geti verðbréfasjóðir hlaupið í skarðið með skuldabréfakaupum af almenningi og lögaðilum, þannig að hagstjórnaraðgerðir nái ekki tilgangi sínum. Hefur verið bent á að beita mætti bindiskyldu á verðbréfasjóði, þannig að hún nái til ákveðinna flokka verðbréfa, en ekki til annarra, t.d. ekki til markaðsverðbréfa.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um ársreikninga og endurskoðun verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða, en ítarleg reikningsgerð og áreiðanleg endurskoðun reikninga er grundvöllur fyrir viðskiptatrausti þeirra og vörn gegn misferli í rekstrinum.

Um 31. gr.

Í greininni er lagt til að reikningsár verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs skuli ákveðið í samþykktum þeirra og að fyrir hvert reikningsár skuli gerður ársreikningur.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að ársreikningur skuli gerður samkvæmt lögum og góðri reikningskila venju. Ráðherra er jafnframt veitt heimild til að setja í reglugerð nánari reglur um gerð ársreikninga af þessu tagi, en nauðsynlegt kann að vera að setja sérstakar kröfur um form reikninganna til þess að tryggja betur hagsmuni almennings.

Um 32. gr.

Lagt er til að endurskoðun verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja verði í höndum löggiltra endurskoðenda. Óheimilt er að ráða endurskoðendur fyrirtækjanna til annarra starfa í þágu þeirra en til endurskoðunar. Í greininni er lögð rík skylda á verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði til að veita endurskoðendum aðgang að öllum þeim skjölum og bókum sem nauðsynlegar eru vegna endurskoðunarstarfanna.

Um 33. gr.

Í greininni eru ákvæði um áritun endurskoðenda á ársreikninginn og hvernig þeir skuli að öðru leyti gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Þá er í greininni kveðið á um rétt bankaeftirlitsins til þess að afla upplýsinga frá endurskoðendum og um skyldu endurskoðenda til þess að gera bankaeftirlitinu aðvart um ágalla á rekstri verðbréfasjóðs sem veikt geta fjárhagsstöðu hans.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með rekstri verðbréfasjóða. Bankaeftirlitið hefur haft slíkt eftirlit með höndum. Annars vegar er það með stoð í 15. gr. laga um verðbréfamiðlun, nr. 27 frá 1986, þar sem lögfest var að bankaeftirlitið skyldi eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varða starfsemina og sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Hins vegar hefur eftirlit þess haft stoð í lögunum um viðskiptabanka og um sparisjóði, svo og lögum og reglugerð um Seðlabanka Íslands, þar sem það skal fylgjast með því að aðrir aðilar stundi ekki viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi, en þeir sem uppfylla sett skilyrði.

Um 34. gr.

Í greininni eru bankaeftirlitinu veittar víðtækar heimildir til eftirlits með rekstri verðbréfasjóða og um viðbrögð við því að fjárhagur sjóðanna reynist ótraustur eða eigi er farið eftir réttum reglum í rekstrinum.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis sameiginleg ákvæði er gilda um þá starfsemi sem nánar er fjallað um hér að framan.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Greinin er hliðstæð 16. gr. núgildandi laga um verðbréfamiðlun. Frumvarp þetta er mun víðtækara en gildandi lög, þannig að ákvæðin um viðurlög gera víðtækari háttsemi refsiverða. Í því sambandi má t.d. benda á bann við innherjaviðskiptum skv. 2. gr. Í nágrannaríkjunum eru viðurlög við slíkum brotum bæði í formi sekta og fangelsisrefsinga. Í Danmörku er einungis beitt sektum, í Noregi og Finnlandi sektum eða allt að sex mánaða fangelsi, í Svíþjóð sektum og allt að 12 mánaða fangelsi. Meðal annars vegna mála, sem komið hafa upp í Noregi, er nú þar rætt um að herða refsingar vegna misferlis í sambandi við verðbréfaviðskipti.

Um 37. gr.

Grein þessi er hliðstæð 17. gr. núgildandi laga um verðbréfamiðlun og þykir ákvæðið nauðsynlegt úrræði ef upp kemur sú aðstaða er greinin lýsir.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða skal sérstaklega bent á 3. lið en þar er þeim sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun samkvæmt lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði gefinn frestur til þess að aðlaga starfsemi sína nýrri löggjöf. Þeir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt núgildandi lögum er eigi skylt að sækja námskeið um verðbréfamiðlun skv. 3. gr. laganna.

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um eignarleigustarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Eignarleiga merkir í lögum þessum leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því:

Fjármögnunarleiga er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala. Eignarréttur helst þó hjá leigusala.

Kaupleiga er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa eða valkvæðan kauprétt að hinu leigða í lok leigutímans.

Rekstrarleiga er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að fyrir hendi sé eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga né kaupleiga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum telst vera sú starfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram lánveitingar og ábyrgð á skuldum vegna fjármögnunar annarra aðila.

Ákvæði laga þessara taka þó ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun til venjulegra viðskiptavina.

Rísi ágreiningur um það hvort starfsemi teljist til eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum sker ráðherra úr.

3. gr.

Eignarleigufyrirtæki merkir í lögum þessum fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi eignarleigu samkvæmt lögum þessum.

Víkjandi lán merkir í lögum þessum lán sem eignarleigufyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldarviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot félagsins eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur félaginu en endurgreiðslu hlutafjár.

II. KAFLI

Eignarleigufyrirtæki.

4. gr.

Eignarleigustarfsemi er einungis heimil eignarleigufyrirtæki sem hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir veitingu slíks starfsleyfis eru:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a.m.k. 10 milljónum króna.
2. Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi.
3. Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.

5. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði um eignarleigu á fasteignum.

6. gr.

Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu. Eignarleigufyrirtækið má þó eigi jafnframt stunda verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Tilgangur fyrirtækisins skal skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins.

7. gr.

Eigið fé eignarleigufyrirtækis, að viðbættum víkjandi lánum, skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af heildarskuldbindingum þess.

8. gr.

Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal, að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanna, kappkostað að veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti og kjör sem þeim standa til boða.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu eignarleigufyrirtækja.

9. gr.

Eignarleigusamningur skal gerður skriflega.

Í eignarleigusamningi skal m.a. geta eftirtalinna atriða:

1. Tegundar þeirrar eignarleigu sem samningurinn kveður á um, sbr. 1. gr. laga þessara.
2. Lágmarksleigutíma.
3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskiptunum, þar á meðal lántökugjalds ef um það er að ræða.
4. Ákvæða um rétt leigusala og leigutaka til riftunar eignarleigusamningsins og um skilmála riftunar.
5. Hvort, með hvaða hætti og hvaða kjörum leigutaki fái áframhaldandi afnot hins leigða að leigutíma loknum.

10. gr.

Starfsmönnum eignarleigufyrirtækis ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem það annast og um persónulega hagi viðskiptamanna þess sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema starfsmönnum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða sé að lögum skylt að veita þær.

III. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykkta sem um starfsemina gilda. Bankaeftirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu látin í té í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til endurskoðenda eignarleigufyrirtækja.

12. gr.

Hafi stjórn eignarleigufyrirtækis eða endurskoðandi þess ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 7. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé eignarleigufyrirtækis sé undir lágmarki 7. gr. skal það krefja endurskoðanda eignarleigufyrirtækis þegar í stað um reikningsuppgjör sem hann skal afhenda innan tveggja vikna frá því honum berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé eignarleigufyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 7. gr. skal stjórn hlutafélagsins án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana félagið hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi eignarleigufyrirtæki frest í allt að fjóra mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 7. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði til viðbótar. Heimilt er að stytta eða fella niður áður ákveðinn frest ef ástæða þykir til.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 12. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

Brjóti stjórn ítrekað fyrirmæli laga og reglna settra samkvæmt þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis, enda hafi bankeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

Ráðherra er heimilt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi þegar í stað og um stundarsakir ef hafin er opinber rannsókn á starfsemi stjórnar eignarleigufyrirtækisins vegna athafna hennar í þágu eignarleigustarfseminnar.

14. gr.

Samruni eignarleigufyrirtækja við annað fyrirtæki er starfsleyfi hefur samkvæmt lögum þessum er óheimill nema að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Að öðru leyti gilda um samrunann ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum að starfrækja eignarleigufyrirtæki, sbr. 4. gr. laga þessara, án starfsleyfis viðskiptaráðherra. Sömu refsingu varða brot á II. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. þessarar greinar skal farið að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Gildistaka o.fl.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lög þessi taka til skulu uppfylla ákvæði laganna eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku þeirra. Mæli sérstakar ástæður með því er viðskiptaráðherra heimilt að veita lengri frest, þó aldrei lengri en eitt ár frá því sem ákveðið hefur verið í fyrri málslið þessa bráðabirgðaákvæðis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að tryggja að öruggar og sanngjarnar reglur gildi um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði og að sams konar reglur gildi um sams konar starfsemi á þessu sviði. Á síðustu árum hafa umsvif eignarleigufyrirtækja vaxið mjög og því brýn þörf orðin á því að setja um þessa starfsemi reglur til þess að tryggja öryggi og eftirlit með þessum viðskiptum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Lög verða sett um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði.“ Og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum segir: „Sett verða lög um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan bankakerfis á grundvelli fyrirliggjandi frumvarpa.“ Þetta frumvarp er eitt þeirra.

Frumvarpið er samið af nefnd er viðskiptaráðherra skipaði með bréfi dags. 16. febrúar 1988 til að fjalla um og gera drög að frumvörpum um starfsemi á fjármagnsmarkaði.

Í nefndina voru skipaðir Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Tryggvi Axelsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneytinu, Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur, Seðlabanka Íslands, Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Vegna anna Guðmundar H. Garðarssonar gat hann eigi mætt nema á fáum fundum nefndarinnar en Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, tók þá sæti hans í nefndinni.

Frumvarp það, er hér liggur nú fyrir, er árangur af starfi nefndarinnar ásamt frumvarpsdrögum að lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Í upphafi þykir rétt að gera grein fyrir hugtakinu „eignarleiga“ en þar er um að ræða nýtt hugtak í íslensku lagamáli.

„Leiga“ samkvæmt hefðbundnum skilningi þess orðs er samningur um afnot gegn endurgjaldi, en eignarrétturinn og aðrar skyldur tengdar honum haldast hjá leigusalanum. („Leiga“ merkir einnig leigugjald).

Samningafrelsi gildir almennt um leigusamninga eins og aðra samninga á sviði samningsréttarins. Þó hefur löggjöfin látið tilteknar tegundir leigusamninga til sín taka og nægir að nefna lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, svo og lög nr. 64/1976, ábúðarlög. Nefndin hefur það verkefni að semja rammalöggjöf um þá samninga sem á ensku nefnast „leasing“-samningar og tillaga er hér um að verði nefndir eignarleiga, þ.e. samheitið. Mikilvægt er að afmarka gildissvið laganna og ganga vel frá skilgreiningum þannig að sem minnstur vafi sé um þær.

Eignarleiga er sem fyrr segir aðeins samheiti yfir þá starfsemi er lög þessi skulu taka til og er íslensk þýðing á orðinu „leasing“ sem er enskt-amerískt orð að uppruna og þýðir leiga í beinni þýðingu. Orðið „leiga“ á íslensku tekur þó ekki til þess sem í ensku máli er nefnt „leasing“. Rétt er það að eignarleiga er oftast nær ákveðin tegund leigu, en mörg mikilvæg frávik er þar að finna sem gera það að verkum að hún verður að teljast mjög sérstakt leiguform. Þar af leiðandi hefur eignarleiga sérstaka stöðu samningsréttarlega séð, m.a. vegna þeirra sérstöku skilmála sem í samningum þessum er að finna.

Orðið „leigusali“ er hér notað sem þýðing á enska heitinu „lessor“ og orðið „leigutaki“ sem samsvarandi þýðing á enska orðinu „lessee“. Í frumvarpi þessu er því átt við samningsaðila í gagnkvæmum eignarleigusamningi þegar rætt er um leigusala og leigutaka.

Lagt er til að eignarleiga verði afmörkuð í löggjöfinni frá því sem venjulegast er nefnt „leiga“. Helstu atriði, sem skilgreiningin veltur á, er að leigusali selur hlut á leigu gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn **lágmarksleigutíma** og samkvæmt **sérstökum skilmálum** um eignar- eða afnotaréttinn.

Þetta tvennt einkennir eignarleigu. Samningar í eignarleigu eru aldrei ótímabundnir, þ.e. að leigutaki geti t.d. skilað hlut að nokkrum dögum liðnum, svo sem er t.d. í bílaleigu, heldur er alltaf um að ræða einhvern lágmarksleigutíma samkvæmt samningnum.

Í eignarleigu eru einnig alltaf „sérstakir skilmálar“ sem greina þessa samninga glöggt frá venjulegum leigusamningum. Í hinum sérstöku skilmálum eru ákvæði sem flytja ýmsar eignarréttarlegar skyldur frá formlegum eiganda hlutarins til leigutakans þannig að staðan getur orðið slík að leigusali hafi í raun aðeins eignarrétt er svarar til veðréttar í hinu leigða. Með sama hætti verður þá réttarstaða leigutakans svipuð og væri hann eigandi að hlut, utan þess að hinn formlegi eignarréttur og ráðstöfunarheimildin helst hjá leigusala.

Í eignarleigu þekkjast samningar sem ganga skemur en hér að framan er lýst, t.d. þegar hlutur er seldur á rekstrarleigu sem á ensku nefnist „operating lease“. Þá er markmiðið með hinum sérstöku skilmálum að áskilja eiganda rétt til þess að veita tiltekna þjónustu varðandi hlutinn, svo sem viðhalds- og viðgerðarþjónustu o.fl. þess háttar. Leigutíminn er yfirleitt styttri, enda oftast gert ráð fyrir að hlutir þessir verði endurnýjaðir fljótlega, t.d. vegna örra tækniframfara.

Rekstrarleigu svipar mest til „venjulegrar leigu“, en hér skilja þó á milli hinir sérstöku skilmálar sem tíðkast í þessum viðskiptum. Rísi ágreiningur um hvort efni samningsins sé með þeim hætti að hann verði ekki talinn vera rekstarleigusamningur og falli ekki undir lögin sker ráðherra úr. Þeim úrskurðum er unnt að skjóta til dómsstóla.

Í reynd er lítil hætta á að ágreiningur verði þar sem löggjöfin er sniðin að þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur.

Helstu tegundir eignarleigu eru fjármögnunarleiga og rekstrarleiga. Í svonefndri „hreinni“ fjármögnunarleigu er um það að ræða að leigusali hefur það hlutverk að fjármagna kaup viðskiptavina á ýmsum hlutum eða tækjum er hann kann að vanhaga um án þess að láta af hendi hinn formlega eignarrétt. Leigusamningurinn er ævinlega bundinn í lágmarksleigutíma og er miðað við að fjármagnseigandi fái á þeim tíma fjármuni sína endurgreidda, auk arðs og kostnaðar vegna samningsgerðarinnar. Leigutaki tekur á sig verulegar skyldur sem tengjast eignarrétti eiganda og nýtur jafnframt flestra réttinda er eigandi almennt nýtur.

Innan eignarleiguviðskipta er fjölbreytni fjármögnunarleigusamninga hvað mest og ákvæði þeirra geta verið margvísleg. Sá ruglingur, sem uppi hefur verið varðandi skilgreiningu á hugtakinu eignarleiga, á rætur að rekja til þeirra mismunandi túlkana sem notaðar eru í hinum ýmsu ríkjum heims þar sem þetta samningsfyrirkomulag, svo og ýmis afbrigði af því, þekkist. Þær skilgreiningar, sem í gangi eru, byggjast fyrst og fremst á

mismunandi skattmeðferð sem við lýði er. Í mörgum ríkjum hefur sú krafa verið gerð að greina verði milli samninga innan fjármögnunarleigu sem ekki yfirfæra eignarrétt og svonefnda kaupleigusamninga. Kaupleigusamningar gefa kost á yfirfærslu eignarréttarins í lok leigutímans eða gera ráð fyrir að hann færist sjálfkrafa til leigutaka að lágmarksleigutíma loknum. Þannig hefur eignarleiga, og þá sérstaklega fjármögnunarleiga samkvæmt skilgreiningu þessa frumvarps, orðið tæki til sérstakrar skattmeðferðar eftir þeim ákvæðum sem í samningi eru.

Í öðrum ríkjum hefur þessi aðgreining ekki orðið ofan á heldur hefur hinn fjárhagslegi eigandi (á ensku máli nefnt „economic owner“) verið skilgreindur og á hann lagðir þeir skattar er þurfa þykir en ekki á fjármagnseigandann. Skilgreiningar þessar byggja á því að fjármögnunarleiga sé sú tegund eignarleigu sem ætlað er að fjármagna notkun („kaup“) leigutaka á hlutum svo sem hann væri eigandi þeirra, sbr. t.d. að hann fær yfirleitt rétt til ótímabundinnar leigu á hlut eftir að lágmarksleigutíma lýkur. Eðlilegt þykir því að leggja skattalegu byrðarnar á leigutaka fremur en leigusala og um leið eru leigutaka í atvinnurekstri veittar þær skattaívilnanir sem fyrirtæki í atvinnurekstri njóta hverju sinni. Þannig er reynt að tryggja að mismunun verði sem minnst milli fjármögnunarleigu og kaupa með eignarréttarfyrirvara út frá skattareglum og skattaívilnunarsjónarmiðum. Sú aðferð, sem hér er lýst, hefur ekki komið í veg fyrir eðlilega starfsemi eignarleigufyrirtækja í þeim löndum er hún þekkist í, heldur þvert á móti sýnt að þessi þáttur er ekki sá sem ræður því hvort menn velja fjármögnunarleigu eða aðrar fjármögnunarleiðir í atvinnustarfsemi sinni.

Fyrst og fremst af þeim ástæðum sem hér eru nefndar, þ.e. vegna skattareglna, hefur reynst nauðsynlegt að skilgreina svonefnda „kaupleigu“ sérstaklega þannig að ljóst sé í lögum hver sé greinarmunurinn á fjármögnunarleigu og hinni sérstöku tegund fjármögnunarleigusamninga, sem kaupleigan er, innan þessa flokks eignarleigusamninga. Verði hins vegar stefnt að því að gera skattalega meðferð fjármögnunarleigu ætíð hina sömu, óháð því hvaða skilmálar eru í fjármögnunarleigusamningnum, verður hinn sérstaki greinarmunur, sem hér er gerður á fjármögnunarleigu og kaupleigu, óþarfur í lögum og mundi skýrast af samningnum sjálfum. Gæti þá skilgreining á fjármögnunarleigu verið á þá leið að hún væri óháð því hvort eignarrétturinn flytjist til leigutaka eða ekki.

Loks er skilgreindur annar meginþáttur eignarleigu sem hér er nefndur rekstrarleiga.

Rekstrarleiga er þannig skilgreind sem eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga og er sú skilgreining í samræmi við erlendar skilgreiningar á rekstrarleigu.

Af framansögðu er því ljóst að frumvarp þetta greinir eignarleigu í tvær megintegundir eignarleigusamninga, þ.e. fjármögnunarleigu- og rekstrarleigusamninga.

Þær skilgreiningar, sem byggt er á varðandi eignarleigu í frumvarpi þessu, taka mið af IAS 17 (International Accounting Standard 17) sem er alþjóðlegur staðall um bókhald. Nefndinni er ekki kunnugt um aðra gildandi staðla í þessum efnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin leggur til skilgreiningar á eignarleigu og tveimur meginþáttum hennar, þ.e. fjármögnunarleigu og rekstrarleigu. Í almennum athugasemdum hér að framan hefur verið gerð grein fyrir hugtökum þessum og vísast til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint hvað átt er við þegar rætt er um eignarleigustarfsemi samkvæmt frumvarpi þessu.

Greinin skilgreinir eignarleigustarfsemi sem þá atvinnustarfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram fjármögnun kaupa á lausafjármunum sem og fasteignum til nota í

annarri starfsemi en eigin starfsemi eignarleigufyrirtækisins. Hér er því t.d. ekki átt við svonefnd „kröfukaup“ (sem á erlendu máli er nefnt faktoring) eins og sést af skilgreiningu hugtaksins eignarleigu, sbr. 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Megináherslan er því lögð á það hvort um sé að ræða fjármögnun annarra fyrirtækja og tengda fjármálaþjónustu með eignarleigu- og lánssamningum, sbr. þó ákvæði 6. gr. þessa frumvarps.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra úrskurði hvaða starfsemi skuli falla undir lögin komi ágreiningur upp um það atriði, en þeim úrskurði verður skotið til dómstóla samkvæmt almennum reglum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er skilgreint hvað átt sé við þegar rætt er um eignarleigufyrirtæki. Ákvæði þetta þarfnast ekki frekari skýringa en þegar hafa komið fram varðandi 1. og 2. gr. þessa frumvarps, svo og í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Hér er sett það skilyrði til að mega stunda eignarleigustarfsemi að um sé að ræða hlutafélög sem stofnuð eru í þeim tilgangi og hafi fengið útgefið sérstakt starfsleyfi er viðskiptaráðherra veitir. Þá er gerð sú krafa að hlutafé nemi a.m.k. 10 millj. kr. sem er mun hærri krafa en almennt gildir við stofnun hlutafélaga samkvæmt lögum nr. 32/1978, um hlutafélög. Nefndin telur að slík krafa sé eðlileg fyrir þann atvinnurekstur sem frumvarpi þessu er ætlað að taka til og má í því sambandi m.a. vísa til athugasemda með 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. lið 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að meiri hluti stjórnar sé búsettur hér á landi og í 3. lið er það gert að skilyrði að framkvæmdastjóri eignarleigufyrirtækis skuli ávallt vera búsettur hér á landi.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins á eignarleigu getur hún tekið jafnt til eignarleigusamninga er hafa að andlagi lausafjármuni, sem og fasteignir.

Í frumvarpi þessu er ekki gerð tillaga um að undanskilja eignarleigustarfsemi sem stunduð kann að verða vegna fasteigna, en gert ráð fyrir að nánari skilyrði varðandi þann þátt starfseminnar verði ákveðin í reglugerð eftir því sem þurfa þykir.

Um 6. gr.

Nefndin leggur til að eignarleigufyrirtæki hafi ekki með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu í nafni þess félags er eignarleigustarfsemi stundar samkvæmt starfsleyfi ráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við ofangreint er kveðið á um að tilgangur sé skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins þannig að fullt samræmi sé milli samþykktanna og frumvarps þessa varðandi þetta atriði.

Um 7. gr.

Nefndin telur nauðsynlegt að eignarleigufyrirtæki hafi styrka eiginfjárstöðu þannig að fyrirtækin geti betur staðið af sér þær sveiflur er kunna að verða í atvinnugreininni og áhrif kunna að hafa á starfsemina. Kröfur sem þessar þjóna og hagsmunum lánardrottna eignarleigufyrirtækja og stuðla enn fremur að því að slík fyrirtæki séu ekki rekin í of mörgum og smáum einingum. Lagt er til að eigið fé svari til 8% að lágmarki af heildarskuldbinding-

um eignarleigufyrirtækisins á hverjum tíma og eru þar með talin víkjandi lán eins og þau eru skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Með heildarskuldbindingum teljast einnig veittar ábyrgðir fyrirtækisins.

Kröfur um lágmark eigin fjár er m.a. að finna í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka. Lágmark það, sem lagt er til að gildi um eignarleigufyrirtæki, er nokkru hærra en gildir varðandi viðskiptabanka. Ástæða þess er sú að skv. viðskiptabankalögum skulu bankar leggja til fé í Tryggingarsjóð viðskiptabanka og hefur það áhrif við mat á því hvaða kröfur skuli gerðar varðandi þetta atriði. Nefndin hefur einnig lagt til í öðrum frumvarpsdrögum að verðbréfafyrirtækjum verði settar lágmarkskröfur um eigið fé þannig að svipaðar kröfur eru þá gerðar varðandi eigið fé hjá fyrirtækjum á fjármagnsmarkaði ef frumvörp þessi verða að lögum.

Um 8. gr.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að samningsgerð eignarleigufyrirtækja verði eins skýr og verða má þannig að leigutaki, sem jafnan hefur lakari stöðu en viðsemjandi hans, fái sem gleggstar upplýsingar varðandi eignarleigusamninginn og þau viðskiptakjör er hann undirgengst samkvæmt honum.

Um 9. gr.

Eins og fram hefur komið í athugasemdum með 1. gr. þessa frumvarps eru eignarleigusamningar oft og einatt allflóknir samningar sem ákvarða réttarstöðu leigutaka og leigusala með sérstökum hætti.

Til þess að stuðla að snurðulausri framkvæmd eignarleigusamninga leggur nefndin til að í lögum verði ákveðið hvert lágmarksinntak þessara samninga skuli vera. Með því móti er stuðlað að því að réttarstaða samningsaðila verði skýr af ákvæðum samningsins og leita verði því aðeins eftir úrlausn dómstóla í undantekningartilfellum. Þau atriði, sem hér eru upp talin í greininni, eru meðal þeirra atriða sem nefndin telur að verði að vera í samningi svo að framangreindu markmiði verði náð. Ljóst er þó að fjölmargra atriða er samt ógetið er telja verður nauðsynleg eftir sem áður.

Um 10. gr.

Lagt er til að ýmsar upplýsingar, er starfsmenn eignarleigufyrirtækja kunna að fá í starfinu, svo sem varðandi fjárhagsleg málefni viðskiptamanna og viðsemjenda eignarleigufyrirtækja, skuli ekki gerðar opinberar eða á annan hátt látnar af hendi nema því aðeins að fyrir liggi dómsúrskurður eða skýr lagafyrirmæli.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni leggur nefndin til að bankaeftirliti Seðlabanka Íslands verði falið eftirlit með starfsemi eignarleigufyrirtækja. Til þess að eftirlitsskylda bankaeftirlitsins sé framkvæmanleg telur nefndin nauðsynlegt að því verði heimilaður aðgangur að gögnum og upplýsingum sem það telur sig þurfa á að halda. Hér er einnig mælt fyrir um skyldu eignarleigufyrirtækja til þess að veita upplýsingar um reksturinn vegna opinberrar hagskýrslugerðar.

Um 12. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um þær lágmarkseiginfjárkröfur sem gerðar skulu til eignarleigufyrirtækja. Í 12. gr. er kveðið á um afleiðingar þess ef eiginfjárkröfur 7. gr. eru ekki uppfylltar. Samkvæmt ákvæðinu ber eignarleigufyrirtæki að uppfylla lágmarkskröfur innan þess frests er ákvæði þetta heimilar, en eiga að öðrum kosti á hættu að missa starfsleyfi sitt.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um afturköllun starfsleyfis og slit á hlutafélögum er eignarleigustarfsemi stunda og ekki uppfylla þau skilyrði sem starfseminni eru sett að lögum. Ákvæði þetta girðir þó á engan hátt fyrir að gjaldþrotaskipti eignarleigufyrirtækja geti borið að og farið fram með hefðbundnum hætti samkvæmt gjaldþrotalögum, nr. 6/1978.

Þau ákvæði, sem hér er að finna um heimild ráðherra til afturköllunar á veittu starfsleyfi, ber að sjálfsögðu að líta á sem nauðsynleg neyðarrúrræði sem beitt yrði aðeins þegar sýnt þætti að aðrar leiðir muni ekki bera árangur eða þær aðstæður eru að öðru leyti fyrir hendi að svipting starfsleyfis er óhjákvæmileg að mati ráðherra.

Um 14. gr.

Þá er lagt til samkvæmt þessari grein að samruni verði því aðeins heimill að til þess hafi fengist leyfi viðskiptaráðherra. Viðskiptaráðherra veitir starfsleyfi einstökum fyrirtækjum og þykir eðlilegt að aflað sé samþykkis þegar um samruna er að ræða. Slíkt samþykki yrði væntanlega veitt nema almannahagsmunir standi í vegi fyrir því. Rök gegn samruna fyrirtækja kunna að vera að hann skerði samkeppni á markaðnum. Hins vegar kann samruni í sumum tilvikum að vera æskilegur til að leysa alvarlegan fjárhagsvanda sem eignarleigufyrirtæki hefur komist í.

Um 15. gr.

Ýmis ákvæði frumvarps þessa kunna að þarfnast frekari útfærslu með reglugerð er ráðherra setur og er því ráðherra veitt hér heimild til slíkrar reglugerðarsetningar.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög við brotum á ákvæðum þessa frumvarps og skal málsmeðferð vera opinber.

Ákvæði þetta þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

1. gr.

Í 28. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Viðskiptabanka er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

2. gr.

Í 32. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Sparisjóði er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 33. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að sérstök verðbréfafyrirtæki geri rekstrarsamninga við verðbréfasjóði til að annast rekstur sjóðanna og sinna verðbréfamiðlun í tengslum við þá. Nefnd sú, er samið hefur frumvarpið, telur æskilegt, m.a. með hliðsjón af ákvæði 2. gr. um innherjaviðskipti, að rekstur verðbréfasjóða fari fram á vegum sjálfstæðra verðbréfafyrirtækja eins og nánar greinir í því frumvarpi. Í 11. gr. frumvarpsins um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði kemur fram að bönkum og sparisjóðum verði heimil verðbréfamiðlun sem telja verður eðlilegan þátt í viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi.

Rekstur verðbréfasjóða er nýjung á íslenskum fjármagnsmarkaði sem eðlilegt er að bankar og sparisjóðir geti sinnt. Til þess að svo megi vera, og jafnframt til þess að ekki komi til vandkvæða vegna 2. gr. í áðurnefndu frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, þykir rétt að breyta ákvæði 28. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og ákvæði 32. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, á þann veg sem hér er lagt til í 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er með því móti gert kleift að eiga verðbréfafyrirtæki sem annast rekstur verðbréfasjóða.

Slík verðbréfafyrirtæki á vegum banka og sparisjóða hefðu á að skipa sérstakri stjórn og starfsmönnum sem geta gætt ákvæða 2. gr. um innherjaviðskipti án þess að til árekstra komi vegna annarra starfa þeirra í þágu innlánsstofnunarinnar ef starfsemin væri ekki aðgreind frá öðrum rekstri. Jafnframt er slíkum rekstri verðbréfasjóða á vegum viðskiptabanka og sparisjóða skipað undir þá löggjöf sem frumvarpið um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði gerir ráð fyrir að gildi um þessa starfsemi.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um bann við geimvopnum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.

2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.

Greinargerð.

Geimvopn og notkun himingeimsins í hernaðarskyni hafa tekið mikið rúm í umræðunni um vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna, einkum eftir hina frægu „stjörnustríðsræðu" Reagans Bandaríkjaforseta sem hann hélt 23. mars 1983. Þar boðaði hann byltingarkennda áætlun um svonefnt „geimvarnafrumkvæði" (Strategic Defense Initiative) eða SDI-áætlun. Samkvæmt henni mundu Bandaríkin leita leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna og gera slík vopn óskaðleg.

Með slíkum vopnabúnaði, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði Reagan forseti að unnt ætti að verða að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með „óvirk og óþörf" í reynd.

Þessi boðskapur Bandaríkjaforseta og sú áætlun, sem honum tengist, hefur síðan kallað fram mikla og vaxandi gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn geimvopnaáætluninni, m.a. í löndum sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu. Má þar nefna Mitterand Frakklandsforseta og danska þingið en meiri hluti þess ályktaði gegn geimvopnum 26. mars 1985.

Fyrir liggur að geimvopnaáætlun Bandaríkjanna er enn hindrun í vegi samkomulags um fækkun langdrægra eldflauga.

Andstaða fer stöðugt vaxandi við geimvopnaáætlunina. Ástæður þess eru af margvíslegum toga og verða hér aðeins nefnd örfá atriði:

1. Geimvopnakapphlaup milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn um takmörkun gagneldflaugakerfa (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems), ABM-sáttmálann frá árinu 1972 sem er einn gildasti þátturinn í SALT I samkomulaginu.
2. Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og aukið þannig stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld.
3. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu.
4. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu, færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka margfaldast að sama skapi.

Margir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Reagan notaði sem aðalröksemd í mars 1983. Viðbrögð gagnaðilans, þ.e. Sovétríkjanna, yrðu að líkindum ekki aðeins þau að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum, heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig muni Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu komist á leiðarenda. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Líkur eru einnig á að auðvelt sé að trufla þau af andstæðingunum og gera þannig geimvopnin óvirk. Þannig er virkni slíkra vopnakerfa mjög óviss þótt tæknidraumarnir rættust sem SDI-áætlunin á að skera úr um. Niðurstaðan yrði að öllum líkindum langtum viðkvæmara og óvissara ástand en nú ríkir á hernaðarsviðinu. Um þetta efni vísast í fylgiskjal II, sem eru kaflar úr nýrri skýrslu frá Öryggismálanefnd eftir Albert Jónsson: „Geimvarnir: Áætlanir risaveldanna og áhrif þeirra (1987)".

Um tæknilegar hugmyndir að baki geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar er fjallað ítarlega í fylgiskjali III með þessari tilllögu, en það er grein eftir dr. Hans Kr. Guðmundsson eðlisfræðing, sem birtist í tímaritinu Þjóðlífi á árinu 1985. Þar kemur einnig fram sú mikla óvissa sem tengist stjörnustríðsáætlun Reagans á öllum sviðum.

Hinn gífurlegi kostnaður við rannsóknaáætlun Bandaríkjanna er mál út af fyrir sig. Áætlað hefur verið að hann nemi fyrir tímabilið 1985–89 um 32 milljörðum bandarískra dala (yfir 1300 milljörðum ísl. króna). Að þessu rannsóknatímabili loknu á m.a. að vera unnt að meta tæknilegar forsendur að baki SDI-áætluninni, en þær eru taldar afar óvissar miðað við núverandi þekkingu. Þessi hugarfóstur byggja m.a. á leysigeislum sem granda eiga eldflaugum sem fyrst eftir að þeim yrði skotið á loft, en flugtími þeirra er um 30 mínútur samtals milli meginlanda. Hér eru það sekúndur sem úrslitum gætu ráðið og allt er undir vélrænu mati tölvubúnaðar komið. Það segir sitt um viðtökur vísindamanna við þessari áætlun að um miðjan október 1985 bundust um 1300 bandarískir vísindamenn og háskólakennarar, þar af 12 nóbelsverðlaunahafar, samtökum um að eiga engan hlut að geimvopnarannsóknum sem þá voru að hefjast að frumkvæði Reagans forseta.

Í fylgiskjali I með þessari þingsályktunartillögu er að finna kafla úr riti Öryggismálanefndar, „Samningar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar“ eftir Albert Jónsson og Þórð Ingva Guðmundsson (útg. 1985), þar sem m.a. er fjallað um ABM-sáttmálann frá 1972 um takmörkun gagneldflaugakerfa.

Litið hefur verið á þennan ABM-sáttmála sem einn þýðingarmesta samning milli risaveldanna um takmörkun vígbúnaðarkapphlaupsins. Í yfirlýsingu svonefnds Aspen-hóps stjórnmálamanna frá árinu 1984, sem að stóðu fjölmargir heimsþekktir menn, þeirra á meðal Helmut Schmidt, Pierre Trudeau og Robert McNamara, er ABM-samningurinn talinn vera „hornsteinn hernaðarlegs stöðugleika ... Á honum ætti að byggja og bæta um þar sem nauðsyn krefur, en ekki grafa undan honum“, segir í yfirlýsingunni. Þar er enn fremur mælt með því að „viðræður ættu að byrja strax milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að ná tökum á vopnum sem grandað geta gervihnöttum. Eftirlits- og fjarskiptagervihnettir hafa ásamt öðrum gervihnöttum haft grundvallarþýðingu fyrir hernaðarlegan stöðugleika sem ekki má tefla í tvísýnu með truflandi viðleitni til að ná einhliða en skammvinnum yfirburðum.“

Í sama streng er tekið í yfirlýsingum og ályktunum margra virtra aðila sem látið hafa sig skipta vígbúnaðarkapphlaupið, t.d. Palme-nefndarinnar og Delhi-hóps sex þjóðarleiðtoga frá árinu 1984.

Brýnt er að Alþingi Íslendinga marki afstöðu sína til geimvopna m.a. vegna þeirrar afstöðu sem fram kom hjá Matthíasi Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra, til málsins. Í skýrslu sinni til Alþingis um utanríkismál í apríl 1986 sagði ráðherrann um þetta efni:

„Eftir leiðtogafund Reagans og Gorbatsjovs í nóvember vöknuðu vonir á Vesturlöndum um að samninganefndir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf myndu einbeita sér að því að ná samningum um atriði, sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Þessar vonir hafa ekki ræst, því Sovétmenn gera þá kröfu, að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína áður en samið verði um meðaldræg og langdræg kjarnavopn. Á þetta hafa Bandaríkjamenn ekki fallist og benda á, að hér sé aðeins um að ræða rannsóknir og alls óvíst um niðurstöður þeirra. Hins vegar sé von þeirra sú, að þær sýni fram á hvernig unnt sé að gera kjarnavopn óþörf. Vilja þeir þar af leiðandi ekki útiloka sjálfar rannsóknirnar. Vekja þeir athygli á því að Sovétmenn hafi stundað svipaðar rannsóknir um árabil.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að staðið verði við gerða alþjóðasamninga, þar á meðal áðurnefndan samning um takmörkun gagneldflaugakerfa. *Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, þurfa ekki að stríða gegn slíkum samningum.* Auk þess er óraunhæft að ætla að

hægt sé að framfylgja banni við rannsóknum. Bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu, ber risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana. *Vert er að hafa í huga, að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda, og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni, er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir, notið góðs af samvinnunni.*" (Lbr. flm.)

Hér gaf fyrrverandi utanríkisráðherra til kynna að æskilegt væri fyrir Íslendinga að taka þátt í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna. Alþingi getur ekki látið hjá líða að taka hið fyrsta afstöðu til slíkra hugmynda til að taka af öll tvímæli um afstöðu þingsins.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu, sem hér er flutt í fjórða sinn, mundi Alþingi taka undir með þeim fjölmörgu sem gera sér ljósa hættuna af þeirri stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins sem fylgja mundi í kjölfar geimvopnarannsókna. Með tillögunni er lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal I.

Albert Jónsson og Þórður Ingvi Guðmundsson:

SAMNINGAR UM AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

II. SALT I samningarnir.

(Úr riti Öryggismálanefndar, 4.)

SALT I samningunum frá 1972 má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi var gerður samningur sem takmarkaði eldflaugavarnir. Prótókollur við samninginn var gerður tveimur árum síðar og jók hann enn á þær takmarkanir sem fyrir voru. Í öðru lagi var gerður „bráðabirgðasamningur um vissar ráðstafanir með tilliti til takmörkunar strategískra sóknarvopna". Í þriðja lagi var komið á fót nefnd, sem skipuð er fulltrúum beggja, til að fjalla um og aðstoða við framkvæmd SALT samninganna.

II.1. Samningur milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.

(Treaty between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 26. maí 1972: tók gildi 3. október 1972. Samningurinn gildir um ótakmarkaðan tíma. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, en aðilar skulu í sameiningu endurskoða samninginn á fimm ára fresti miðað við gildistöku hans. Prótókollur við samninginn var gerður árið 1974.

Með samningnum er Bandaríkjunum og Sovétríkjunum bannað að setja upp gagneldflaugakerfi sem geti varið allt landsvæði þeirra. Bannið gildir einnig fyrir varnir ákveðinna staða á landsvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstaklega er leyft í samningnum. Gagneldflaugakerfi eru einungis leyfð við tvo staði í hvoru landi. Setja má upp eitt kerfi til að verja höfuðborgina og annað til að verja eitt af þeim svæðum þar sem strategískar

landeldflaugar eru staðsettar. Ekki er leyfilegt að hafa nema 100 skotpalla fyrir gagneldflaugar og 100 gagneldflaugar í hvoru kerfi. Ratsjár í hvoru kerfi mega ekki fara yfir tiltekinn fjölda. Þær eru einnig háðar takmörkunum um tæknilega gerð og eðli.

Samningurinn felur ekki í sér fremur en hinir samningarnir að aðilar geti haft eftirlit með því innan landamæra hvor annars að samningnum sé framfylgt. Þess í stað er tekið fram að hvort ríki muni reiða sig á eigin eftirlitskerfi (national technical means of verification) til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum samningsins. Eftirlitið hefur einkum farið fram með aðstoð gervihnatta en einnig, hvað Bandaríkjamenn hefur varðað, með sérstökum eftirlitsstöðvum — eða „hlustunarstöðvum“ — í ríkjum sem liggja að landamærum Sovétríkjanna. Í þessum samningi, sem og öðrum, er tekið fram að hvor aðili skuldbindi sig til að gera ekkert það sem truflað geti eftirlitskerfi hins. Enn fremur að hann muni ekki af ásettu ráði gera neinar þær ráðstafanir er hindrað geti eftirlit hins, s.s. að hylja vopnin. Þetta á við alla samninga risaveldanna um takmörkun vígbúnaðar.

Í reynd var það svo þegar samningurinn var gerður að hvorugur aðila taldi sig geta sett upp áreiðanlegt og áhrifaríkt gagneldflaugakerfi. Í samningnum endurspeglast og sú trú að svo takmarkaðar eldflaugavarnir, sem leyfðar eru í honum, skipti litlu sem engu máli. Enn fremur að eldflaugavarnir geti valdið pólitískum og hernaðarlegum óstöðugleika í samskiptum risaveldanna, vegna hugsanlegs kapphlaups milli þeirra á þessu sviði og þeirrar ógnunar við endurgjaldsgetu sem felast mundi í áhrifaríkum eldflaugavörnum.

Bandaríkjamenn settu upp gagneldflaugakerfi við eitt af hinum strategísku landeldflaugasvæðum sínum en það kerfi var síðan lagt niður. Sovétmenn byggðu kerfi við Moskvu en ekkert við landeldflaugasvæði. Í Moskvu-kerfinu eru nú einungis 32 gagneldflaugar í stað þeirra 100 sem leyfilegar eru.

Báðir aðilar stunda viðamiklar rannsóknir á sviði eldflaugavarna. Í samningnum er tekið fram að rannsóknir og prófanir séu leyfðar. Þó má hvor aðili ekki hafa fleiri en 15 tilraunaflaugar á tilraunasvæðum í einu. Það á að tryggja að ekki sé mögulegt að gera svo viðamiklar tilraunir að komast megi að því með einhverri vissu hvort tiltekið gagneldflaugakerfi sé áhrifaríkt eða ekki. Loks er leyft að endurnýja og bæta gagneldflaugakerfi brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samningsins.

II.2. „Prótókollur við samning Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.“

(Protocol to the Treaty Between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 3. júlí 1974: tók gildi 25. maí 1976. Um gildistíma, uppsagnarfrest og endurskoðun gildir hið sama og um gagneldflaugasamninginn frá 1972, enda er tekið fram að prótókollur þessi sé óaðskiljanlegur (integral) hluti af þeim samningi.

Í prótókolli þessum segir að hvor aðili megi einungis hafa eitt gagneldflaugakerfi, í stað tveggja eins og leyft var í samningnum frá 1972. Þetta eina kerfi skal annaðhvort vera við höfuðborg eða við eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar.

Prótókollurinn heimilar t.d. Bandaríkjunum að taka niður gagneldflaugakerfið sem þeir reistu við eitt af eldflaugasvæðum sínum og reisa annað, háð sömu takmörkunum, við Washington. Á sama hátt er Sovétmönnum leyfilegt að leggja niður kerfið sem þeir hafa við Moskvu og byggja annað við eitt landeldflaugasvæða sinna. Þetta var þó háð því að tilkynning um slíka fyrirætlan bærist hinum aðilanum áður en framkvæmdir hæfust; í fyrsta lagi 3. október 1977 og í síðasta lagi 2. október 1978. Eftir það varð og er þetta leyfilegt fimmta hvert ár og hvenær sem er á því ári. Þennan rétt má einungis nota einu sinni.

Fylgiskjal II.

Albert Jónsson:

Geimvarnir:

Áætlanir risaveldanna og áhrif þeirra.
(Úr riti Öryggismálanefndar, 1987.)

3.2. Áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið og samninga um fækkun kjarnorkuvopna og takmörkun vígbúnaðar.

ABM-samningurinn frá 1972 um takmörkun gagnflaugakerfa (sjá bls. 6–7) leyfir rannsóknir á hvers kyns varnarvopnum. Einu varnarvopnin, sem beinlínis er leyfilegt að smíða og gera tilraunir með, eru gagnflaugar staðsettar á jörðu niðri. Einungis er leyfilegt að taka í notkun eitt slíkt kerfi og í því mega ekki vera nema 100 gagnflaugar. Í samningnum er gert ráð fyrir að rannsóknir geti leitt til þess að varnarvopn byggð á „öðrum eðlisfræðilegum lögmálum", þ.e. vopn sem ekki séu staðsett á jörðu, geti komið til sögunnar. Í samningnum er sérstaklega kveðið á um viðræður og samninga í framtíðinni milli risaveldanna um slík vopn.

Bandaríkjastjórn er þeirrar skoðunar að túlka megi samninginn þannig að hann leyfi ekki eingöngu að grunnrannsóknir séu stundaðar á varnarvopnum sem byggist á „öðrum eðlisfræðilegum lögmálum", heldur megi einnig smíða slík vopn og gera tilraunir með þau. Þá er haldið fram að svo virðist sem einungis sé bannað að taka slík vopn *í notkun*, þar sem samningurinn kveði aðeins á um að varnarkerfi „byggð á öðrum eðlisfræðilegum lögmálum" og takmörkun þeirra skuli *ræða* sérstaklega. Margir halda fram að samkvæmt samningnum megi einungis taka varnarvopn af þessu tagi í notkun *ef* samkomulag takist um það milli risaveldanna. Það stafi af því að túlka beri samninginn þannig að öll varnarvopn séu bönnuð nema þau sem staðsett séu á jörðu.

Vegna þrýstings heima fyrir og frá hendi bandamanna hefur Reagan-stjórnin ákveðið að líta ekki svo á að samningurinn leyfi að þróa megi eða taka í notkun annars konar varnarkerfi en gagnflaugar. Afstaða stjórnarinnar er að geimvarnaáætlunin, sem feli eingöngu í sér rannsóknir og tilraunir, brjóti ekki í bága við ABM-samninginn. Verði ákveðið að koma upp geimvörnum er ætlunin að semja við Sovétmenn um hvernig uppsetningu varnarkerfa beggja verði best fyrir komið og þá samhliða fækkun kjarnorkuvopna. Í yfirlýsingu Bandaríkjastjórnar kemur fram að hún álíti samt sem áður að víðari túlkunin á ABM-samningnum sé „fyllilega réttlætanleg". Enn fremur hefur hún áskilið sér rétt til að endurskipuleggja geimvarnaáætlunina þannig að hún falli að víðari túlkuninni á samningnum. Þetta virðist þýða að þegar og ef vopnasmíði og tilraunir með vopn hefjist verði túlkuninni breytt enda er ljóst að slíkt er óumflýjanlegt eigi að halda geimvarnaáætluninni áfram eftir að vissu stigi rannsókna er náð. Þá segir að samið verði og rætt við Sovétmenn um uppsetningu geimvarna „eins og henta þyki" („... as appropriate ..."). Þetta hefur verið túlkað þannig, þar á meðal af bandarískum embættismönnum, að vilji Sovétmenn ekki semja verði geimvarnarkerfum komið upp engu að síður. Allt þetta virðist þýða að ABM-samningnum verði rift ef þurfa þyki.

Þá er ljóst að haldi risaveldin áfram rannsóknum á röntgengeislavopnum kemur að því að þau verður að prófa í geimnum. Slíkt bryti í bága við samning frá 1967 sem bannar kjarnorkuvopn í geimnum og við samning frá 1963 sem bannar kjarnorkusprengingar í geimnum. Eigi að halda áfram að þróa röntgengeislavopn verður því að segja þessum samningum upp. Jafnframt virðist þurfa að gera tilraunir á jörðu niðri sem brytu í bága við

samning frá 1974 sem takmarkar kjarnorkusprengingar í tilraunaskyni neðanjarðar við 150 kílótonn. Bandaríkjastjórn hefur sagt að sem standi þurfi ekki að sprengja stærri sprengjur en 150 kílótonn en svo kunni að fara að allt að þúsund kílótonna sprengingar þurfi til. Þá hafa bandarískir vísindamenn haldið fram að það kunni að þurfa samtals milli 100 og 200 tilraunasprengingar til að þróa röntgengeislavopn.

Bandaríkjastjórn hefur haldið fram að geimvarnaáætlunin hafi þegar haft þau áhrif að knýja Sovétmenn í ársbyrjun 1985 aftur að samningaborðinu um fækkun kjarnorkuvopna eftir að hafa slitið viðræðum í árslok 1983 í mótmælaskyni við uppsetningu nýrra bandarískra meðaldrægra flauga í Vestur-Evrópu. Aðrir efast um þetta og benda á að Sovétmenn hafi snúið aftur að samningaborðinu af pólitískum ástæðum, jafnvel notað geimvarnaáætlunina til að bjarga andlitinu eftir að hafa gert sér grein fyrir að það að slíta viðræðunum hafi verið mistök. Þá er því einnig haldið fram að sé það rétt að geimvarnaáætlunin hafi einhver áhrif í þá átt að hvetja Sovétmenn til samninga um fækkun kjarnorkuvopna sé best að ná fram slíkri fækkun gegn því að fallast á að takmarka rannsóknir á sviði varnarvopna. Stuðningsmenn geimvarnaáætlunarinnar hafa bent á að sú gagnrýni að áætlunin muni hafa hvetjandi áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið sé ekki annað en gömul tugga. Svo lengi sem þróun vígbúnaðar Bandaríkjanna geti komið í veg fyrir einhvern ávinning eða yfirburði Sovétmanna verki slíkt óhjákvæmilega hvetjandi á vígbúnaðarkapphlaupið. Í sjálfu sér er hægt að taka undir þessa skoðun. Hún virðist hins vegar líta fram hjá þeim nýju vandamálum sem takmarkaðar varnir hafa í för með sér fyrir samninga um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þeirri grundvallarbreytingu á vígbúnaðarkapphlaupinu sem takmarkaðar varnir leiða til. Sama má segja um þá skoðun að unnt verði að semja við Sovétmenn um fækkun kjarnorkuvopna jafnhliða uppsetningu geimvarna.

Í fyrsta lagi virðist útilokað að samningar takist um fækkun strategískra kjarnorkuvopna svo lengi sem hugsanlegt er að annað risaveldanna komi sér upp takmörkuðum vörnum á undan hinu. Einungis það risaveldanna, sem teldi sig geta orðið á undan, yrði reiðubúið til að fækka vopnum sínum að einhverju marki. Í umfangsmikilli skýrslu, sem ein af rannsóknastofnunum Bandaríkjaþings (*Office of Technology Assessment*) hefur gert um geimvarnir, kemur fram að stofnuninni tókst ekki að finna neinn sem gat fært sannfærandi rök fyrir því að samningar gætu tekist um fækkun kjarnorkuvopna og samvinnu um uppsetningu varnarkerfa áður en risaveldin vissu meira um möguleika og kostnað varðandi varnir. Þetta vandamál sést greinilega í þeim hnút sem samningaviðræður risaveldanna um fækkun strategískra kjarnorkuvopna eru í. Hann ræðst m.a. af ótta Sovétmanna við tæknilega yfirburði Bandaríkjanna og birtist í skilyrði Sovétstjórnarinnar um að ekki geti orðið af fækkun strategískra kjarnorkuvopna nema Bandaríkjamenn fallist á að hætta við geimvarnaáætlunina.

Í öðru lagi hefur alltaf verið órjúfanlegt samband milli varnarvopna og sóknarvopna sem hefur þau áhrif að varnir kalla á fleiri og kröftugri sóknarvopn. Þessu er einungis hægt að breyta ef varnirnar eru þeim eiginleikum gæddar að ekki borgi sig að auka árásargetu. Stórlega má efast um, af mörgum áðurgreindum ástæðum, að geimvarnir nái þessu takmarki. Á sjöunda áratugnum ákváðu Bandaríkjamenn, eins og áður sagði, að hefja smíði fjölodda kjarnaflauga vegna þess að þeir óttuðust að Sovétmenn stefndu að takmörkuðum vörnum með gagnflaugakerfum. Þá má benda á að Bretar og Frakkar vinna nú að því að fjölga kjarnorkuvopnum sínum verulega meðal annars af ótta við að hugsanlegar takmarkaðar varnir kunni ella að draga mjög úr endurgjaldsgetu þeirra á næstu áratugum. Sovétmenn hafa þegar lýst yfir að þeir muni bregðast við uppsetningu bandarísks varnarkerfis með fjölgun kjarnorkuvopna og að þeir séu sannfærðir um að slíkt verði miklu ódýrara en að styrkja varnirnar sem því nemur. Yfirmaður eins stærsta fyrirtækisins, sem vinnur við bandarísku geimvarnaáætlunina, hefur sagt að takmarkaðar varnir muni

óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið. Við þeim megi bregðast með fjölgun kjarnorkueldflauga og það verði gert. Jafnframt sé ljóst af þessu að varnarkerfið verði til lítils gagns verði það sett upp í blóra við Sovétmenn.

Reagan forseti hefur boðist til að veita Sovétmönnum upplýsingar um niðurstöður bandarískra rannsókna á geimvörnum gegn því að þeir gangi til samninga um fækkun strategískra kjarnorkuvopna. Gallinn við hugmynd forsetans er sá að varnirnar mundu ekki byggjast á því að einhverjum einum tilteknum leyndardómi hefði verið lokið upp, einhver ein formúla fundin. Þess í stað yrði líklegt að varnarkerfið samanstæði af margvíslegum og flóknum vopnum og stjórnkerfum. Upplýsingarnar mundu því ekki tryggja að risaveldin kæmu sér upp takmörkuðum vörnum samtímis og bægja frá hættunni á auknum óstöðugleika. Upplýsingarnar mundu enn fremur sýna Sovétmönnum hvernig best yrði að yfirbuga varnirnar. Sovétmenn hafa bent á þetta og segja að ekki sé hægt að taka tilboð forsetans alvarlega. Gorbatsjov Sovétleiðtogi hafnaði tilboðinu á Reykjavíkurfundinum í fyrra og lýsti yfir að hann tryði ekki að Bandaríkjamenn mundu veita upplýsingarnar. Þá má búast við, eins og fyrr var bent á, að öflugar rannsóknir á sviði varnarvopna herði á tækniþróun og vígbúnaðarkapphlaupinu um venjuleg vopn. Loks er víst að verði hafin smíði varnarvopna mun það ekki einungis leiða til þess að herðist á vígbúnaðarkapphlaupinu í sóknarvopnum heldur einnig marka upphaf kapphlaups um smíði varnarvopna og gagnvarnavopna. Afleiðingin yrði aukinn pólitískur og hernaðarlegur óstöðugleiki í samskiptum austurs og vesturs og aukin ófriðarhætta. Það sem meira er virðast jafnvel fullkomnar varnir fela í sér þessi sömu vandamál.

3.3. Fullkomnar varnir.

Markmiðið með þessum kafla er að sýna að jafnvel þótt bæði risaveldin hefðu „fullkomnar varnir" leysti það ekki þau vandamál sem rædd hafa verið hér að framan. Átt er við fullkomnar varnir í þeim skilningi að unnt yrði að smíða varnarkerfi sem kæmi í veg fyrir að *tryggð* gereyðingargeta væri fyrir hendi. Pottþéttar varnir verða aldrei til.

Engin trygging væri fyrir því að varnirnar héldust fullkomnar. Líklega yrði enn örðugra að viðhalda fullkomnum vörnum en koma þeim upp, sem þó yrði nógu erfitt í ljósi þeirra tæknilegu og vísindalegu vandamála sem menn standa frammi fyrir í þeim efnum. Þar sem engin trygging væri fyrir því að varnirnar héldust fullkomnar mundu bæði risaveldin í sífellu reyna að auka árásargetu sína og varnargetu. Staðan mundi jafnframt einkennast af þeirri meginstaðreynd að annað risaveldanna þyrfti einungis að auka lítillega við árásargetu sína til að raska „jafnvæginu". Gæti annað risaveldið komið þó ekki væri nema tíu kjarnaoddum gegnum varnir hins hefði það í för með sér gífurlega eyðileggingu í samanburði við enga eyðileggingu. Sá sem gæti þetta hefði yfirburði yfir hinn. Um leið hefði hann skamman tíma til að njóta yfirburða sinna vegna þess að andstæðingurinn mundi fljótlega ná að jafna metin. Því gæti skapast sterk tilhneiging hjá þeim sem nyti tímabundinna yfirburða til að gera árás meðan hann gæti eða þvinga fram einhverja eftirgjöf með hótunum um árás.

Fæling felur í sér fullyrðingu þess efnis að svo lengi sem unnt sé að hóta styrjöld á trúverðugan hátt megi halda andstæðingi í skefjum. Vandinn er sá að fælingarkenningin veitir ekki svar við því hvað sé trúverðugt, með öðrum orðum hvaða hótun og herstyrkur dugi til við allar kringumstæður. Þar með er sá sem að fælingunni stendur í sífelldri óvissu um hvað nægi til að tryggja frið, óvissu sem kallar á stöðugt fleiri og fullkomnari vopn án nokkurs varanlegs árangurs. Fullkomnar varnir mundu ekki binda enda á þessa óvissu og þar með ekki á vígbúnaðarkapphlaupið. Með vörnum er andstæðingi „hótað" því að árás verði hrundið. Menn gætu hins vegar hvorki verið vissir um að varnarkerfið verkaði eins og til stæði við allar hugsanlegar kringumstæður né heldur að andstæðingurinn tryði að það gerði það. Enn fremur yrði til staðar sífelldur ótti við að andstæðingurinn kynni að finna einhverja leið til að yfirbuga varnirnar og ná yfirburðum í skjóli eigin varna.

Þá gæti hættan á styrjöld með venjulegum vopnum aukist verulega þar sem líkur á kjarnorkustyrjöld hefðu væntanlega minnkað mikið vegna fullkominna varna, nema auðvitað á þeim tíma þegar annar eða báðir hefðu möguleika á að brjótast gegnum varnir hins. Hafi hættan á kjarnorkustyrjöld tryggt frið er óhjákvæmilegt að líkur á ófriði aukist eftir því sem hættan á kjarnorkustyrjöld minnkar. Þá gætu líkur á notkun taktískra kjarnorkuvopna í venjulegri styrjöld aukist verulega vegna þess að ekki þyrfti lengur að óttast stigmögnun til kjarnorkuátaka með strategískum eða meðaldrægum vopnum.

Niðurstaða.

Segja má að risaveldin eigi svo langt í land að koma upp vörnum sem einhverju máli skipti að í reynd sé ótímabært að greina í smáatriðum frá því í hverju rannsóknir á þessu sviði felast, enda hefur þeim einungis verið lýst í grófum dráttum hér. Jafnvel varðandi þær takmörkuðu varnir, sem stefnt er að og einungis er ætlað að verja hernaðarleg skotmörk, er enn við afar erfið vísindaleg og tæknileg vandamál að fást. Margir sérfræðingar telja þau óyfirstíganleg, að minnsta kosti ef verulegur áreiðanleiki á að nást og ef öryggi varnanna á að vera nægilega tryggt.

Frumskilyrði er að unnt verði að koma upp varnarbúnaði í geimnum, en það er ekki síst á því sviði sem tæknilegu vandamálin eru hvað flest og erfiðust. Jafnframt yrði það þessi hluti varnanna sem andstæðingurinn ætti hægast með að ráðast á. Þá er ljóst að ef varnir á hinu mikilvæga hreyfilsstigi eiga að vera mögulegar verður að vera unnt að smíða áhrifarík geislavopn; því að einungis slík vopn hefðu þá afkastagetu sem til þyrfti.

Ef hins vegar tækist einungis að koma upp nógu áreiðanlegum vörnum á hreyfilsstigi gæti andstæðingurinn hæglega yfirbugað þær með því einu að fjölga og breyta sóknarvopnum sínum. Því eru marglaga varnir nauðsynlegar en hvert einstakt lag þyrfti að vera mjög áreiðanlegt til að tryggja að varnirnar í heild leiddu til nægjanlegrar óvissu fyrir andstæðinginn og kæmu í veg fyrir að hann gæti einfaldlega aukið árásargetu sína. Varnir á farbrautarstigi kjarnaodda yrðu mjög erfiðar, einkum vegna þess að unnt væri að láta aragrúa eftirlíkinga fylgja oddunum eftir á þessu stigi. Á lokalegg oddanna inni í gufuhvolfinu þyrfti ekki að hafa áhyggjur af eftirlíkingunum, en á móti kæmi að tíminn til að verjast er örskammur. Einnig er víst að gífurlega erfitt yrði að tryggja nauðsynlega stjórnun og fjarskipti varnarkerfisins. Enn fremur yrði ekki unnt að prófa varnarkerfið nema með mismunandi ófullkomnum tölvulíkönum. Loks er það svo að þótt tækist að leysa öll tæknileg vandamál og standa undir stjarnfræðilegum kostnaði við að byggja varnarkerfið yrði afskaplega erfitt ef ekki ógerlegt að tryggja öryggi þess.

Ef takmörkuðum vörnum verður komið upp virðast hugsanleg áhrif á stöðugleika gagnvirkrar fælingar risaveldanna verða neikvæð á heildina litið, jafnvel þótt takist að auka verulega óvissu andstæðingsins um ávinning af frumárás. Þá má efast um að takmarkaðar varnir séu nauðsynlegar í þessum tilgangi í ljósi þeirrar gífurlegu óvissu og áhættu sem nú þegar fylgir frumárás til að ná hernaðarlegum ávinningi. Loks hefðu varnir sérstök neikvæð áhrif fyrir samninga um fækkun kjarnorkuvopna vegna þess að þær mundu leiða til þess að sóknarvopnum fjölgaði. Auk þess hæfist kapphlaup í varnarvopnum og um smíði gagnvarnavopna.

Markmiðið með rannsóknum risaveldanna á vörnum er ekki og getur ekki um fyrirsjáanlega framtíð orðið að verja almenning eða gera kjarnorkuvopn úrelt. Jafnvel þótt takast kunni að koma upp vörnum gegn eldflaugum og kjarnaoddum yrðu þær takmarkaðar. Þarna hillir því ekki undir leið út úr þeirri hernaðarlegu stöðu milli austurs og vesturs sem einkennist af gagnkvæmri gereyðingargetu, ógnarjafnvæginu svonefnda. Jafnvel fullkomnar varnir mundu ekki tryggja stöðugleika eða binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið.

Fylgiskjal III.

Hans Kr. Guðmundsson:

STJÖRNUSTRÍÐSÁÆTLUN REAGANS

ENDALOK GEREYÐINGAR HÆTTUNNAR EÐA ÓTRÚLEG SÓUN HUGVITS OG FJÁRMAGNS?

Þær hugmyndir og staðhæfingar sem forsetinn let ser um munn fara eru mikilfengleg og hafa eflaust vakið þær vonir hja einhverjum aheyrendum að nu myndi vigbunaðarkapphlaupinu loksins linna og gereyðingarogn kjarnorkuvopnanna yrði bægt fra. Su aætlun, sem fylgdi i kjolfar ummæla forsetans og kolluð er Geimvarnaaætlun Bandarikjanna, hefur hins vegar vakið efasemdir og vantru margra a þeim raunveruleika sem i henni felst.

Aætlunin heitir opinberlega „The Strategic Defense Initiative", skammstafað SDI. Hun er i raun og veru *stærsta og viðamesta vopnaþrounarverkefni* sem nokkurn tima hefur verið raðist i. Til samanburðar ma nefna að hun verður margfalt dyrari en Manhattanverkefnið svokallaða, þegar fyrstu kjarnorkuvopnin voru honnuð og smiðuð. Af ræðu Reagans ma ennfremur raða að a þeim aratugum sem það tekur að koma geimvarnaaætlununni i framkvæmd, verður ogn kjarnorkuvopnanna að haldast obreytt til þess að koma i veg fyrir soveska aras.

I þessari grein verður reynt að lysa geimvarnaaætlununni i grofum drattum. Hugmyndum sem a lofti eru um uppbyggingu varnarkerfisins og nyjar tegundir vopna verða gerð nokkur skil. Reynt verður einnig að bera þær krofur, sem gera þarf til fullkomins varnarkerfis, saman við stoðu tækninnar i dag. Það er von hofundar að þessi umfjollun geti orðið lesandanum nokkur hjalp til að fylgjast a gagnrynnn hatt með þeirri umræðu, sem um malið snyst a ymsum vettvangi, og ef til vill til að taka rokum studda afstoðu.

Hin góðu öfl munu sigra hin illu?

Siðan Reagan heit ræðu sina eru liðin tæp þrju ar. A þessum arum hafa stjornmalamenn, visindamenn, herfræðingar og frettamenn deilt a ymsum vettvangi um gildi þessara varnarhugmynda og rettmæti þeirra gifurlegu fjarveitinga, sem aætlunin þarfnast þegar a upp*hafsskeiði*.

I munni almennings og fjolmiðla motaðist fljotlega nafnið **stjörnustrið** um þau atok sem eiga munu ser stað i halofnunum ef aætlað varnarkerfi fer einhvern tima i gang. Stjornustriðsnafnbotina ma rekja til samnefndrar vinsællar kvikmyndar, þar sem hin goðu ofl berjast við hin illu i oraviddum geimsins með leysigeislum og oteljandi tæknibrellum. Bandarikjastjorn og forystumonnum aætlunarinnar var i fyrstu litt um þessa nafnbot gefið og foru til dæmis fram a að rett nafn væri notað i umfjollun fjolmiðla. Erfitt reyndist hins vegar að utryma stjornustriðsl.kingunni og bratt foru forystumenn aætlunarinnar sjalfir að nota samlikinguna við stjornustriðið og mæltust þa til þess að vera kenndir við hin goðu ofl, sem bægja aðsteðjandi hættu fra.

Rannsoknastarf i þagu hernaðar og vopnatækni hefur aukist mjog a þessum þremur arum. Varnarmalaraðuneytið i Pentagon setti 50 manna varnartækninefnd undir stjorn James C. Fletchers (Fletcher-nefndin) til þess að leggja fram aætlun um rannsokna- og þrounarstarf sem leiða myndi i ljos hvort tilskipun forsetans er framkvæmanleg. Markmiðið er i stuttu mali að akvarða hvort hanna megi varnarkerfi, byggt a haþroaðri skynjaratækni og vopnum an kjarnorkusprengja, sem getur eytt soknarflaugum i allsherjararas. Nefndin lagði linurnar að rannsoknaaætlun og a niðurstoðum hennar byggðist beiðni varnarmalaraðuneytisins um 26 milljarða dollara fjarveitingu vegna geimvarnarannsokna til aranna 1985 – 1989.

I lok arsins 1983 var skipuð yfirstjorn rannsoknanna undir forystu James A. Abrahamsons jr., hershofðingja i flughernum, og visindalegur yfirmaður við hlið hans er Gerold Yones. Undir þessa yfirstjorn voru settar atta sviðsstjornur, sem hver hefur umsjon með einu af eftirfarandi sviðum:

1. Kerfishonnun.
2. Skynjaratækni.
3. Lifslikur eyðingarmattur lykiltæknisvið.
4. Arekstravopn.
5. Geislavopn.
6. Nyskopun i visindum og tækni.
7. Samræming og fjarmagnsstyring.
8. Ytri tengsl.

150 þrounarverkefni i hernaðartækni, sem þegar voru i fullum gangi, voru

Hinn 23. mars 1983 ávarpaði Ronald Reagan Bandaríkjaforseti þjóð sína í sjónvarpi og markaði í ræðu sinni tímamót í sögu vígbúnaðarkapphlaups stórveldanna. Í ávarpinu skýrði hann frá þeirri ákvörðun sinni að þróa skyldi nýtt varnarkerfi, sem gera ætti kjarnorkuvopnin „gagnslaus og úrelt". Hann taldi að þessi ákvörðun sín myndi „breyta gangi mannkynssögunnar" og „veita börnum okkar nýja von á 21. öldinni." Hið nýja varnarkerfi sagði hann að myndi veita bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar öryggi gegn sovéskri árás, með því að mæta langdrægum flaugum Sovétmanna á miðri leið og eyðileggja þær áður en þær næðu skotmörkum sínum.

innlimuð í aætlunina. Fyrirtæki á sviði flugtækni og geimvísinda svo sem Lockheed Missiles & Space Co. og RCA samsteypan settu upp serstakar geimvarnadeildir og hinar ríkisreknu rannsóknastofnanir í hertækni, Los Alamos, Sandia og Lawrence Livermore efldu rannsóknir sínar verulega. Vísindamönnum í haskólum, stofnunum og fyrirtækjum var og er boðið að sækja á mið þessara 26 milljarða með verkefni sem geta tengst aætluninni. Nu þegar hafa fjölmörg fyrirtæki farið af stað með slík verkefni. Auk þeirra sem að framan eru talin má nefna General Electric, TRW, Rockwell, Boeing, McDonnell Douglas, Westinghouse og morg fleiri. Gert er ráð fyrir að gerðar verði fimmtan megintilraunir fyrir 1990, þar sem m.a. verða profaðar ymsar nyjar vopnagerðir. Reiknað er með því að niðurstoður rannsoknanna og utkoma tilraunanna, leiði til rokstuddra svara um og upp ur 1990 um það hvort geimvarnakerfi geti þjonað yfirlystum tilgangi. Ef siðan verður tekin akvorðun um að koma því fyrir, er reiknað með að það taki 20–30 ar og mun kerfið því ekki koma að fullu gagni fyrr en nokkuð er liðið a 21. oldina.

Einn sjóher í viðbót!

Til þess að kerfið geti orðið að veruleika verður að halda kostnaði við uppbyggingu og framleiðslu einnga þess í lagmarki. Sem dæmi ma nefna að eitt þeirra verkefna, sem flugherinn vinnur nu að, er lækkun á kostnaði við flutninga geimferjunnar ur um 2500 dollurum a kg niður í um 20 dollara a kg. Einnig verður að minnka margfalt kostnaðinn við framleiðslu á hátækniafurðum framtiðarinnar, svo sem nýjum tolvum, skynjurum og geimbunaði. Þetta er ef til vill sambærilegt við það verkefni að fjoldaframleiða bifreið í gæðaflokki Rolls Royce í sama verðflokki og odyran smabil.

Ymsir hafa reynt að meta heildarkostnað við byggingu og uppsetningu kerfisins. Meðalha tala í þeim utreikningum er um 800 milljarðar dollara. Þa er eftir að reikna með viðhaldi, rekstrurskostnaði og endurnýjun, því kerfið þarf auðvitað stoðugt að vera til viðbragðs reiðubuið. Sa kostnaður hefur verið talinn a bilinu 50–200 milljarðar dollara a ari hverju. Þetta mun vera nokkuð sambærilegt við það að koma upp svo sem eins og einum sjóher til viðbotar við Bandarikjaher. Til samanburðar ma geta þess að í frumvarpi til fjarlaga fyrir 1986 eru gjold íslenska ríkisins talin um 33.5 milljarðar króna, sem samsvarar um 0.8 milljorðum dollara.

Ef stjórnkerfið bregst þá er vörnin gagnslaus

Geimvarnaaætlun Bandarikjanna miðar að uppsetningu kerfis, sem a að veita vorn gegn aras langdrægra kastflauga Sovetrikjanna. Flugi kastflaugar ma skipta í fjogur skeið: **Lyftiskeið**, þegar flaugin lyftir sér ut ur lofthjúpnum, **skiptiskeið**, þegar hún sendir frá sér kjarnaoddana á braut, **renniskeið**, þegar kjarnaoddarnir fljúga áfram utan lofthjúpsins og **lokaskeið**, þegar þeir koma inn í lofthjúpinn aftur og lenda á skotmarkinu.

Gamlar hugmyndir um varnir gegn kastflaugum byggjast á því að gagnflaug se skotið á moti árásarflaug á lokaskeiði og hún eyðilogð með arekstri eða sprengingu. Þessar hugmyndir þottu a sinum tima gagnslausar meðal annars vegna þess hve dýrt var að koma fyrir gagnflaugum miðað við hugsanlegan arangur. Stórveldin komu sér siðan saman um undirritun gagnflaugasamningsins 1972 sem bannaði frekari uppbyggingu vopna gegn langdrægum kastflaugum. Kerfið sem geimvarnaaætlunin byggist a er frabrugðið þessum eldri kerfum að því leyti að vornin a nu að fara fram a ollum skeiðum flugsins og gert er ráð fyrir að því fyrr sem flaug er eyðilogð á ferð sinni því betra.

Flestar hugmyndir um slíkt varnarkerfi byggjast a lagskiptri vorn. Þá er att við að akveðnir hlutar kerfisins sjai hver um sitt skeið árasarinnar. Talað er um þrju varnarlog, sem hvert um sig a helst að geta eyðilagt 90% af þeim árasarflaugum og kjarnaoddum sem koma í þess hlut. Með því moti yrði kerfið 99.9% oruggt. Fyrsta lagið mundi fa í sinn hlut fyrstu tvo skeiðin af flugi kastflauganna. Þetta varnarlag er mikil-

Nokkrir kaflar úr sjónvarpsræðu Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta þar sem hann kynnti stjörnustríðsáætlunina í fyrsta sinn, 23. mars 1983

... Okkur hefur tekist að halda stöðugu jafnvægi með árásarögninni. Okkur og bandamönnum okkar hefur þannig tekist að koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld í meira en þrjá áratugi ...

... Ég hef orðið sífellt sannfærðari um það að mannsandinn hljóti að vera fær um að rísa ofar því að samskipti milli manna og þjóða eigi sér stað með ógnun við tilverurétt þeirra ...

... Mikilvægasta framlag okkar er að sjálfsögðu að draga úr vígbúnaði, og þá sérstaklega kjarnorkuvígbúnaði ...

... Ég trúi því að til sé leið. Leyfið mér að deila með ykkur framtíðarsýn sem gefur von. Hún er sú að við hefjumst handa um það verkefni að mæta ógurlegri ógn sovésku flauganna með varnaraðgerðum. Við skulum nýta styrk þeirrar tækni sem iðnaður okkar byggist á og veitt hefur okkur þau lífsgæði sem við nú njótum.

Hvernig væri ef frjáls þjóð gæti lifað örugg í þeirri vissu að öryggi hennar byggðist ekki á því að Bandaríkin gætu endurgoldið sovéska árás, heldur á því að við gætum mætt langdrægu kastflaugunum á miðri leið og eyðilagt þær áður en þær lentu á okkur eða bandamönnum okkar?

Ég veit að þetta er gífurlega stórt tæknilegt verkefni, sem verður hugsanlega ekki leyst fyrir lok aldarinnar. Þrátt fyrir það er rétt að hefjast handa, vegna þess að nútíma tækni hefur náð vissri fullkomnun. Verkið mun taka mörg ár, jafnvel áratuga baráttu á mörgum sviðum. Ýmislegt mun mistakast og annað takast. Og samhliða því sem málum vindur fram verðum við stöðugt að halda við kjarnorkufælingunni og möguleikum okkar á sveigjanlegri svörun. En er það ekki hverrar krónu virði að frelsa heiminn undan ógnum kjarnorkustyrjaldar? Við vitum að svo er. Á meðan munum við halda áfram að ná fram raunverulegri fækkun kjarnorkuvopna. Við munum ganga af styrk til samninga með endurnýjuð langdræg vopn að bakhjarli. Á sama tíma verðum við að minnka hættuna á því að hefðbundið stríð magnist og verði að kjarnorkustríði með því að bæta hefðbundinn vopnabúnað okkar ...

... Samtímis því að við þróum varnartækni okkar, gerum við okkur grein fyrir því að bandamenn okkar treysta því að árásarmáttur hinna langdrægu vopna okkar fæli frá árás á þá. Hagur þeirra og okkar er tengdur órjúfanlegum böndum. Öryggi þeirra og okkar er eitt og hið sama. Engar tæknibreytingar munu geta breytt þeim raunveruleika. Við verðum að gegna skyldu okkar og það munum við gera ...

... Ég skora á vísindamenn þessa lands, sem létu okkur kjarnorkuvopnin í té, að beina nú sínu mikla hugviti til góðs fyrir mannkynið og alheimsfrið og gefa okkur tækifæri til þess að gera kjarnorkuvopnin gagnslaus og úrelt ...

... Við sækjumst ekki eftir yfirburðum í hernaði eða stjórnmálum. Eina takmark okkar – sameiginlegt öllum mönnum – er að leita leiða til þess að minnka hættuna á kjarnorkustyrjöld.

Kæru landar, í kvöld höfum við hrint af stað tilraun, sem mun geta breytt gangi mannkynssögunnar. Í henni felst áhætta og árangurs getur orðið langt að bíða. En ég trúi því að þetta takist. Á þessum tímamótum bið ég um bænir ykkar og stuðning. Kærar þakkir, góða nótt og guð blessi ykkur.

vægast af þeim ollum. Við ferðina upp úr lofthjúpnum hitnar flaugin og eins er útblásturinn heitur þannig að skynjarar varnarkerfisins, sem sja innrauða varmageislun, eiga auðvelt með að fylgja flauginni eftir og miða hana út. Ennfremur borgar sig að eyðileggja flaug a þessum skeiðum áður en hún skiptir sér, því þa nær vornin morgum kjarnaoddum i einu „hoggi".

Annað varnarlagið sér siðan um þa árásarodda sem sleppa i gegnum fyrsta lagið. Þetta verður miklum erfiðleikum bundið af tveimur astæðum. Oddarnir fljuga her an eigin afls, motstoðulaust og eru því ekki auðgreindir. Ennfremur ma gera rað fyrir því að með oddunum verði a flugi alls kyns villuhlutir, sem árásaraðili sendir með til þess að villa um fyrir skynjurum varnarkerfisins. Gera ma rað fyrir að með hverjum oddi sem fer a eigin braut fljugi 10 villuhlutir, oddaliki, radarspeglar og annað rusl.

Þriðja varnarlagið a svo að taka við oddunum sem eftir eru a lokaskeiðinu. Við ferðina niður i gegnum lofthjupinn hitna oddarnir aftur þannig að auðvelt er að greina þa. Lettir villuhlutirnir hægja meira a sér og brenna upp.

Tæknibunaði varnarkerfisins ma skipta i tvo hofuðflokka:

- Bunað til eyðingar flauga og kjarnaodda; vopnin sjalf.
- Bunað til skynjunar, samskipta, stjornunar og akvarðanatoku; tolvukerfið.

Her verður fyrst fjallað um siðari flokkinn. Segja ma að tolvukerfið se „heili" varnarkerfisins og hlutverk þess er hvað mikilvægast. Ef það bregst þa skiptir engu mali hve fullkomin vopnin eru, kerfið er gagnslaust ef samhæfinguna skortir.

Hvað þarf kerfið að gera?

- Varnarkerfið þarf fyrst af ollu að uppgotva arasarflaugarnar og gera viðvart. Þetta tekur um 90 sekundur með þeim skynjunar- og njosnahnottum sem nu eru i haloftunum, eða um helming þess tima sem lyftiskeiðið varir. Siðan þarf að taka akvorðun um það hvort þetta se nu orugglega aras og hvort vornin eigi að fara i gang.
- Varnarkerfið þarf siðan að skipta verkum. Akveða þarf hvaða vopn a að eyðileggja hvaða arasarhlut og hvenær. Ennfremur verður kerfið að geta endurskipað i hlutverkin ef einhver varnarvopn eru eyðilögð eða bregðast á annan hátt i miðju kafi. Kerfið verður því að hafa áreiðanleg gogn um eigið ástand á hverju sekúndubroti. Þetta má kalla varnargagnagrunninn.
- Varnarkerfið þarf að fylgja eftir, miða út, skjota á og eyðileggja árasarflaugar og odda. Í þessum tilgangi þarf kerfið að hafa stoðugt upplysingastreymi um stoðu og hegðun árásarhlutanna, meta hvort hluturinn er kjarnaoddur eða eitthvað hættulaust og ekki sist fullvissa sig um að flaug eða oddur sem skotið er á eyðileggist. Þetta er söknargagnagrunnurinn.

Erfiðast fyrir fyrsta varnarlagið er hinn skammi timi, örfáar minútur, sem eru til stefnu frá því að árás hefst þar til fyrstu flugskeiðunum er lokið. Ef reiknað er með að 150 til 180 sekúndur verði til stefnu til að eyðileggja 1400 flaugar, þarf kerfið að anna 8 til 10 flaugum á sekúndu. Til þess mun þurfa um 15–16 leysiskotstoðvar. Gert er ráð fyrir að stoðvarnar séu á brautum i um 1000 km hæð. Þessar brautir eru miklu neðar en þær sistoðubrautir sem til dæmis fjarskiptahnettir fljúga eftir og gera þeim kleift að vera sifellt yfir sama jarðarblettinum. Það er því nokkuð ljóst að ef alltaf eiga að vera 15 skotstoðvar i sjonmali við flaugaskotpallana, þarf margfaldur sa fjoldi að vera a brautum umhverfis jorðu. Margir hafa reynt að meta hvaða fjoldi mundi nægja, en niðurstoðurnar eru olikar vegna hve margar forsendur eru breytilegar. Endanleg tala er t.d. háð dreifingu flauganna um Sovetrikin, hraða flauganna út úr lofthjúpnum, viðbragsflýti miðunarbúnaðar og fleiri þattum. Tolur sem birst hafa eru a bilinu 100–700 leysiskotstoðvar.

„Frá vöggu til grafar"

Eitt af stærstu vandamalum kerfisins, að mati forystumanna áætlunarinnar, er hvernig annað varnarlagið a að geta gegnt hlutverki sinu. Her er það ekki timinn sem er naumur, 20 minutur, heldur hið gifurlega magn af hættulausum villuhlutum sem soknaraðilinn mun lata fylgja oddunum, en um 100 slikir hlutir munu geta fylgt hverri flaug. Þessir villuhlutir geta verið ymiss konar, til dæmis radarspeglar eða þunnir málmhuðaðir belgir. Alla þessa hluti verður erfitt að greina vegna þess að þeir munu fljúga án eigin vélarafls.

Fin hugmynd, sem nefnd hefur verið, er að kerfið fylgi hverjum einstökum hlut eftir „frá vöggu til grafar". Skynjarar stjórnstöðvahnattanna geta þá séð flaugarnar þegar þær eru að skipta sér og séð hvort flaugin var að losa sig við þungan hlut (kjarnaodd) ef bakslag „rútunnar" er mikið, eða léttan villuhlut ef litið bakslag sést. Hlutirnir eru þá merktir hættulegir eða hættulausir i gagnagrunninn og aðeins þeim hættulegu eytt. Leysivopn og oreindageislar gætu einnig nýst i skynjunarhlutverki með því að lýsa hlutina með vægum geisla og mæla endurkast til að átta sig á gerð þeirra. Erfitt gæti reynst að treysta fullkomlega þessu mati, vegna þess að söknaraðili á marga mótleiki. Ef til dæmis væri blásinn út belgur utan um kjarnaodd, gæti kerfið metið hann hættulausan með hormulegum afleiðingum.

Varnarkerfið þarf þannig bæði að vinna hratt og meðhöndla gifurlegt upplýsingamagn. Annað varnarlagið getur t.d. þurft að ráða við um 15000 hluti jafnvel þótt fyrsta lagið vinni með 90% virkni, eins og til er ætlast. Þessi verkefni verða ekki leyst nema með mjög fullkomnum tölvubúnaði, sem getur meðhöndlað risavaxin gagnasöfn, unnið upplýsingar úr þeim og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra, allt á ótrúlega skommum tima. Sú tækni sem nú er fyrir hendi á langt i land að geta uppfyllt krofurnar. Fletcher-nefndin taldi nauðsynlegt að hanna nýja kynslóð tölvubúnaðar, vélbúnað jafnt sem hugbúnað. Helstu framfara i vélbúnaði er að vænta með ljóstæknitölvunni, sem á að geta unnið margfalt hraðar en rafeindatölvurnar. Í hugbúnaðarþróun er rætt um svokallaða dreifða gagnameðferð, þar sem unnið er úr gognum i morgum einingum kerfisins samtimis. Í sliku tölvuneti mætti hugsanlega nota hefðbundinn vélbúnað, en samskiptin milli hinna mismunandi hlekkja yrðu mjog erfið viðfangs. Í árásinni er auðvitað mikil hætta á því að hlekkir bregðist og þarf þá kerfið að endurskipuleggja samskiptin, sem gæti orðið sérstaklega erfitt ef margir hlekkir bregðast á skommum tima. Netkerfi af svipuðu tagi sem nú eru til er nokkrar sekúndur að endurskipuleggja sig ef hlekkur bilar og geta hrunið ef annar hlekkur bilar á meðan. Tolvunet geimvarnanna gæti þurft að endurskipuleggja sig meira en hundrað sinnum á örfáum minútum. Upplýsingarnar sem stoðugt flæða inn um ástand varnar- og árásarvopnanna

Eitt lítið árásardæmi

- Sovétríkin eru talin eiga 1400 langdrægar kastflaugar á landi. Ef hver um sig bæri 10 kjarnaodda, myndi allsherjarárás fela í sér 14000 kjarnorkusprengjur. Fyrsta varnarlagið eyðilegði 1260 flaugar (90%) og eftir væru 140 flaugar með 1400 odda.
- Annað varnarlagið fengi 1400 kjarnaodda til meðferðar. Ef hverjum oddi fylgdu 10 villuhlutir, þyrfti vörnin að greina 15400 hluti. Ef þetta varnarlag gæti eytt 1260 oddum (90%) myndu 140 kjarnaoddar ná inn í lofthjúpinn.
- Síðasta varnarlagið fengi í besta falli 140 odda til eyðingar. Ef hægt er að eyða 126 oddum (90%), þá falla 14 kjarnorkusprengjur á skotmörk sín einhvers staðar í Bandaríkjunum. Hver þessara sprengja hefði líklega að minnsta kosti tuttugufaldan sprengimátt á við sprengjurnar, sem sprengdar voru yfir Hiroshima og Nagasaki. 14 bandarískar stórborgir gætu því þurrkast út þrátt fyrir varnarkerfi sem er 99.9% þétt.

Í þessu árásardæmi er gert ráð fyrir því að hver sovésk flaug beri 10 kjarnaodda, sem aðeins nýjustu gerðir SS–18 flauganna gera. Að meðaltali munu vera 3.5 oddar í sovésku flaugunum. Ekki er í dæminu tekið tillit til annarra árásarvopna Sovetríkjanna, sem einnig eiga 940 langdrægar kafbátaflaugar, 290 kjarnorkusprengjur í langdrægum flugvélum, auk um 440 meðaldrægra flauga sem beint er að Evrópu. Tölurnar eiga við árslok 1983.

Þegar geimvarnakerfið gæti hugsanlega orðið að veruleika á fyrstu áratugum næstu aldar verða kerfishönnuðirnir að reikna með um það bil tvöföldum fjölda sovéskra flauga ef þeim heldur áfram að fjölga í sama takti og nú.

mega auðvitað ekki týnast við það að einhver hlekkurinn bregðist. Gögnin þarf því að geyma samtímis í mörgum stoðvum.

Úrvinnsla gagnanna frá hinum ýmsu skynjurum yrði í reynd miklu erfiðari en gagnasöfnunin sjálf. Hugsum okkur til dæmis að þrír skynjarar sendi samtímis inn upplýsingar um fjölda árásarhluta á einhverjum stað. Einn segir hlutina vera þrjá, annar að þeir séu sex og hinn þriðji níu. Hvaða tala er þá rétt? Sér einhver skynjarinn of fáa eða of marga hluti? Eru þeir allir jafn áreiðanlegir? Sjá skynjararnir kannski ekki sömu hlutina og eru árásarhlutirnir þá 18 í allt? Hugbúnaður stjórnkerfisins verður að vera reiðubúinn að mæta svona tilvikum, og stærsti vandinn verður að bregðast við á réttan hátt.

Hraðinn í allri meðferð upplýsinga þarf að vera öllu meiri en stór tölvusamskiptakerfi geta annað í dag. Stórt bankatölvunet mun til dæmis anna minna en 1000 viðskiptaaðgerðum á sekúndu en geimvarnatölvan þarf að vinna tífalt hraðar.

Verður aldrei treystandi

Gagnrýnendur geimvarnaaætlunarinnar halda því fram að áreiðanlegur hugbúnaður til að stjórna varnarkerfinu geti aldrei orðið að veruleika. David L. Parnas, *professor í tölvuvísindum* við Viktoríuháskóla í Bresku Kólumbíu og ráðgjafi Rannsóknastofu sjóhersins, *sagði sig í júní síðastliðnum úr þeirri* nefnd geimvarnaaætlunarinnar sem fjallar um „tölvutækni við orrustustjórnun". *Hann sagði af því tilefni:* „Ég hef ekki trú á því að frekari vinna nefndarinnar verði til gagns og ég get ekki *með góðri samvisku þegið laun fyrir* gagnslaus störf." Hann sagði ennfremur að „vegna þess hve krafurnar til kerfisins *eru gífurlegar og hve ómögulegt* verður að prófa það, munum við aldrei geta treyst því að ætlunarverkið hafi tekist."

Og líklega verður aldrei hægt að treysta geimvarnakerfinu. Helstu ástæður þess eru:

- Kerfið er svo stórt að hugbúnaðurinn verður morandi í villum.
- Raunveruleg prófun hugbúnaðarins er ekki möguleg nema í kjarnorkustríði. Miklar líkur eru því á að villur birtist á örlagastund.

Sú tækni sem nú er notuð til þess að leita uppi villur í forritum er ekki talin geta náð fullkomnum árangri ef fjöldi lína í forriti fer mikið yfir 500 línur. Stærri forrit eru yfirleitt notuð með þeim villum sem sleppa í gegnum villuleit og prófanir og þær leiðréttar eftir því sem þær koma í ljós. Forritin til stjórnunar geimvarnanna munu verða upp á milljónir lína.

Eflaust munu fara fram miklar prófanir á hugbúnaðinum með ýmiss konar hermilíkönum, sem líkja eftir árás. Til þess að slík hermilíkön geti líkt eftir raunveruleikanum vantar ýmis gögn og forsendur. *Til dæmis eru ekki til gögn* um kjarnorkusprengingar í geimnum, enda eru þær ekki leyfðar samkvæmt *samningi stórveldanna frá 1963. Kerfið* mun þó líklega þurfa að vinna undir því álagi að kjarnorkusprengjur springi í *háloftunum meðan starf þess er í hámarki.* Rafsegulhögg, sem slík sprenging í háloftunum sendir frá sér, getur *slegið út og eyðilagt rafeindabúnað* í gervihnöttum ekki síður en á jörðu niðri.

Árásaraðili á auðvitað margar leiðir til þess að trufla varnarkerfið í starfi. Hér skulu nokkrar slíkar taldar:

- *Mögulegt er talið að stytta lyftiskeiðið* þannig að árásarflaug verði skemur en eina mínútu að fara út úr loft*hjúpnum.*
- Skjóta má gömlum, úreltum flaugum upp samhliða árásarflaugunum til þess að varnarkerfið þurfi að fást við fleiri árásarhluti.
- Hugsanlega mun það kosta minna *fyrir sóknaraðilann* að fjölga árásarvopnum en það kostar vörnina að auka getu sína til samræmis.
- Sprengja má kjarnorkusprengju í háloftunum rétt áður en aðalárásinni er hrundið af stað. Við það skellur rafsegulhögg og sterk hitageislun á varnarkerfið og viðkvæmir skynjarar gætu fengið „ofbirtu í augun." Árásarflaugarnar gætu síðan laumast framhjá skaðlitlli vörn.
- Auðvitað má beina vopnum að kerfinu sjálfu, svo sem sprengiflaugum frá gervihnöttum, leysigeislum og ekki síst dreifa mól og grjóti á brautir varnarvopnanna.

Það er álit margra að alltaf verði auðveldara að eyðileggja varnarkerfið en þau árásarvopn, sem það á að verjast.

Ekkert stríð án vopna

Þótt stjórnkerfið sé mikilvægt þá verður stríð ekki háð án vopna, hvort heldur er til varnar eða sóknar. Flest þeirra vopna, sem koma fyrir í hug-

myndum þeirra stjörnustríðsmanna, byggja á meira eða minna þekktri tækni. Ýmsar nýjungar eru þó með og má þar til dæmis nefna röntgenleysirinn. Þegar vopnagerðir eru valdar í hlutverk í kerfinu þarf að taka tillit til ýmissar serstöðu þeirra hverrar um sig. Sum vopn geta unnið í lofthjúpnum, til dæmis árekstraflaugar, önnur verða að vera utan hans, til dæmis agnageislavopnin. Sum vopnanna – til dæmis rafeindaleysirinn – verður að staðsetja á jörðu niðri þar sem hægt er að tengja þau við orkuver. Auðvitað er verðið mikilvægt. Öll vopn verða að vera nógu ódýr til að það verði ódýrara fyrir vörnina að eyðileggja sóknarvopn en það er fyrir árásaraðila að koma nýjum fyrir.

Vopnagerðunum má skipta í þrjá meginflokka: Árekstravopn, orkugeislavopn og agnageislavopn.

Árekstravopnin eða hreyfiorkuvopn eins og þau eru einnig kölluð eiga að leita uppi árásarflaugina og eyðileggja hana í árekstri, líkt og byssukúla væri stöðvuð með annarri kúlu. Þessi vopn skiptast í tvær hofuðgerðir: „ratvisar" flaugar og sporbyssur.

„Ratvisu" flaugarnar fljúga fyrir eigin vélarafli og leita uppi skotmarkið. Þessi tækni var m.a. prófuð með tilraun 10. júní 1984 þegar árekstraflaug var lyft út úr lofthjúpnum með eldflaug yfir Marshalleyjum í Kyrrahafi og eyðilagði langdræga flaug, sem skotið hafði verið frá Kaliforníu. Innrauðu skynjararnir sem notaðir voru til að leita uppi „árásarflaugina" eru sagðir geta greint sem samsvarar hita mannslíkamans í allt að 2000 km fjarlægð á móti köldum bakgrunni geimsins. Svona flaugar eru hægfara miðað við önnur vopn og fljúga með svipuðum hraða og árasarflaugarnar sjálfar, um 5–7 km á sekúndu. Það er því erfitt að nota þær í fyrsta varnarlaginu, sérstaklega gegn hraðfleygum árásarflaugum, nema þeim sé skotið af skotpöllum í geimnum. Aðalnotin verða því á lokaskeiðinu ekki ósvipað og gömlu gagnflaugakerfin voru hugsuð.

Sporbyssan er ný tegund vopna í orri þróun. Hún á að senda frá sér „ratvisar" kúlur á ofsahraða. Þær leita uppi skotmarkið og eyðileggja það með árekstri. Sporbyssan er eins konar „hátæknirifill" sem kemur kúlunum af stað með rafsegulkröftum í stað þess að sprengja púðurhleðslu. Þeir stjörnustríðsmenn vonast til þess að geta skotið 3–5 kg kúlum sem fara um 20–30 km á sekúndu. Til samanburðar má nefna að venjulegar byssukúlur fara um 1 km á sekúndu. Los Alamos og Livermore rannsóknastofunum hefur tekist með þessari tækni að koma 3ja gramma plastkúlu á 11 km hraða á sekúndu. Við þessa tilraun reyndi svo mjög á byssuhlaupið að það rifnaði. Til þess að ná þeim forsendum sem þarf til að sporbyssan verði nothæft vopn í geimvörninni leita því efnisfræðingar að sterkari efnum meðal hátæknikeramiks og ofursterkra stálblandna. Ennfremur er ekki vitað hvernig hanna skal rafeindabúnaðinn sem þarf að vera í kúlunni til þess að hann lifi af skotið og rati í mark, en hann verður fyrir tífaldri hröðun á við rafeindabúnað hinna ratvisu fallbyssukúlna sem nu eru til. Sporbyssum verður komið fyrir úti í geimnum eða á jörðu niðri og nýtast þær á öllum skeiðum varnarinnar. Aflþörf þeirra er gífurleg, talin í gígavöttum meðan skotið er.

Árekstravopnin eru þau vopn sem hvað lengst eru komin í þróunarstiganum, og þá sérstaklega flaugarnar. Þessi vopn yrðu því líklega fyrstu vopnin sem sett yrðu upp í kerfinu.

Orkugeislavopnin eru ýmiss konar leysigeislabyssur sem beina geisla sínum að skotmarkinu frá skotstöðvum í geimnum eða á jörðu niðri. Efnið í skotmarkinu gleypir hluta af orku geislans og hitnar. Ef þessi orka er nógu mikil og gleypist nógu hratt, eyðileggst skotmarkið.

Leysigeislinn er einlitt ljós, sem á upptök sín í sameindum leysiefnisins. Þær gleypa orku og losa sig síðan við hana aftur, allar í sama takti (samfasa). Ljósið beinist allt í somu stefnu í örmjóum en mjög björtum geisla. Það dreifist lítið út til hliðanna og er því hægt að senda geislann langar leiðir. Leysigeyslar hafa til dæmis verið notaðir til þess að mæla fjarlægðina til tunglsins. Ennfremur má nýta sér háan orkuþéttleika í mjóum geislanum til þess að brenna lifræna vefi og gera þannig skurðaðgerðir.

Í leysigeislavopnin þarf mjög aflmikla leysa. Aflmestu leysar sem nú eru til eru m.a. nýttir til málmsuðu og skurðar. 10 kílóvatta kolsýruleysir getur til dæmis á fáeinum mínútum skorið nokkurra sentímetra þykkt stál í sundur. Til þess að duga sem varnarvopn gegn flaugum sem fljúga í þúsunda kílómetra fjarlægð mun hins vegar þurfa allt upp í hundrað megavatta leysa – og þá hundruðum saman.

Fjórar megingerðir leysa munu koma til greina í geimvarnakerfinu. Það eru efnaleysar, „excimerleysar", rafeindaleysar og röntgenleysar.

Efnaleysarnir eru tæknilega lengst komnir og hafa verið notaðir um langt skeið í iðnaði, svo sem kolsýruleysirinn. Efnaleysarnir gefa innrautt ljós, utan sýnilega sviðsins, en það kemst illa í gegnum lofthjúpinn nema um sérstakar bylgjulengdir sé að ræða. Þeir verða því væntanlega á brautum utan lofthjúpsins ásamt eldsneyti sínu. Nú er í smíðum flúorvetnisleysir sem á að vera hægt að koma út í geiminn. Flúorvetnisleysar lýsa með 2.7 míkrómetra bylgjulengd, sem er talsvert styttri en 10 míkrómetra ljósbylgjur kolsýruleysisins. Þessi leysir á að hafa 2 megavatta afl. Hann mun verða tilbúinn til prófunar 1988.

„Excimerleysarnir" eru drifnir með raforku, og orkunýtnin er lág, ekki nema 6–10%. Erfitt og dýrt verður því að hafa þá staðsetta annars staðar en á jörðu niðri. Í „excimerleysunum" er eðalgasi, svo sem krypton og xenon, blandað við flúr eða klór. Ljós þeirra er á útfjólubláu sviði, 0.15–0.40 míkrómetrar, og á því auðvelt með að komast um lofthjúpinn. Slíkum leysigeisla yrði beint um tvo spegla að árásarflaugunum. Annar speglillinn yrði líklega í um 36 þúsund km hæð á sístöðubraut og því alltaf í sjónmáli við leysinn. Hinn spegillinn yrði miklu nær jörðu, tæki við geislanum frá efra speglinum og beindi honum að skotmarki. Orkumesti krypton-flúorleysir í vesturheimi er nú á lokastigi byggingar í Los Alamos. Hann á að gefa gífurlega aflmikla en örstutta ljóspúlsa.

Rafeindaleysarnir eru nýjung í leysitækninni, en í þeim kemur leysiljósið frá orkuríkum frjálsum rafeindum í segulsviði. Með því að stilla segulsviðið má breyta bylgjulengd ljóssins allt frá útfjólubláu yfir sýnilega sviðið og út í innrautt. Þeir þurfa mikla raforku og nýta hana enn verr en „excimerleysarnir" þannig að staðsetning þeirra verður á jörðu niðri. Í Los Alamos er í smíðum stærsti rafeindaleysir, sem hannaður hefur verið. Hann á að gefa stutta 30 kílóvatta ljóspúlsa á 10 míkrómetra innrauðri bylgjulengd. Unnið er mikið þróunarstarf til þess að stytta bylgjulengdina en það krefst meiri orku rafeindanna.

Röntgenleysirinn er nýjasta viðbótin í leysitæknina. Það eru ekki mörg ár síðan talið var mjög ólíklegt að nokkurn tíma yrði mögulegt að fá leysiljós á bylgjulengdum röntgensviðsins. Röntgenljós hefur miklu styttri bylgjulengd og er orkuríkara en annað leysiljós. Röntgenleysirinn þarf sterka aflgjafa til þess að fara í gang. Mikið þróunarstarf er nú unnið til þess að finna góðar aðferðir til að koma honum af stað, til dæmis með öðrum leysum. Öruggasta leiðin til þess að koma röntgenleysi af stað er að „kveikja í honum" með kjarnorkusprengju. Þá er röntgengeislum þeim sem myndast á fyrstu sekúndubrotum sprengingarinnar beint með röntgenspeglum eftir sívölum stöngum. Þar orva þessir geislar atómin í stöngunum, sem síðan senda röntgengeisla sem leysiljós út eftir stönginni. Mjótt, einlitt röntgengeislaknippi beinist svo út í umhverfið í stefnu stangarinnar. Ef margar stengur eru orvaðar samtímis og stefnt í mismunandi áttir, þá má þannig senda geisla til að eyðileggja margar flaugar í einu. Á næstu sek-

úndubrotum eyðileggur síðan kjarnorkusprengingin vopnið, sem nýtist aðeins einu sinni. Röntgenleysir er því einnota vopn.

Ekki hægt að prófa

Röntgenleysinn er ekki hægt að prófa í geimnum nema rjúfa það samkomulag sem stórveldin gerðu 1963 um bann við kjarnorkusprengingum þar. Hins vegar er reynt að prófa þessa aðferð í lofttæmdum hólfum neðanjarðar. Bandaríkjamenn hafa þegar sprengt a.m.k fjórar sprengjur í Nevadaeyðimörkinni *í þessum tilgangi, og Sovétmenn munu einnig hafa gert svipaðar tilraunir.* Röntgenleysirinn hefur vissa sérstöðu innan geimvarnaáætlunarinnar. Bæði stingur hann í stúf við yfirlýsta stefnu Bandaríkjaforseta um vörn sem ekki byggðist á kjarnorkuvopnum, og jafnframt munu kjarnorkusprengingar í geimnum setja stjórnkerfið í mjög erfiða aðstöðu þar sem áhrif *sprenginganna* gætu eyðilagt skynjara og tölvubúnað.

Röntgengeislavopnin verða að vera staðsett utan lofthjúpsins því að röntgengeislar komast ekki nema örfáa metra gegnum andrúmsloftið. Rætt er um að hafa slík vopn í kafbátaflaugum sem sendar yrðu upp úr lofthjúpnum við fyrsta boð um árás og myndu þau nýtast til eyðileggingar á skipti- og *renniskeiði árásarflaugarna.*

Ekki vantar hugmyndir að orkugeislavopnum. Eyðingarmáttur þeirra er þó hvergi nærri nægur. Orkumagnið á flatareiningu, ljósstyrkurinn þar sem leysiljósið lendir á árásarhlutnum, þarf til að geta eyðilagt flaug að vera margþúsundfalt á við það sem nú er mögulegt. Til að auka eyðingarmáttinn þarf að auka *afl leysisins. Styttri bylgju*lengdir hafa svipuð áhrif. Ennfremur eykst eyðingarmátturinn, ef hægt er að hindra breikkun geislans á leið að skotmarkinu. Til þess þarf stóra og fullkomna spegla og linsur. Talað er um að setja spegla, sem eru um 10 metrar í þvermál, út í geiminn. Svo stóra spegla verður mjög vandasamt að smíða í þeim gæðaflokki sem krafist er. Speglarnir verða til dæmis að spegla nógu vel til þess að orkurikir geislarnir eyði þeim ekki.

21. júní 1985 var sendur leysigeisli frá fjallstindi á Hawaieyjum. Geislinn, sem var á blágræna sýnilega sviðinu, hitti geimferjuna Discovery og var varpað til baka með speglum í glugga skutlunnar. Þessi tilraun sýndi að hægt var að hitta flaug á flugi í um 350 km hæð á 7 km hraða á sekúndu með leysigeisla frá jörðu. Hins vegar kom einnig vel í ljós hvert vandamál breikkun geislans er, því blýantsmjór geislinn var orðinn 10 metrar í þvermál þegar hann lenti á skutlunni.

Agnageislar eru knippi atóma eða minni einda, sem gefin er orka í *hröðlum ekki ósvipuðum línuhröðlum* þeim sem notaðir eru á sjúkrahúsum til meðferðar á krabbameini. Agnirnar losa sig við orku sína í skotmarkinu og eyðileggja það. Agnageislar eru um



Röntgenleysi yrði skotið upp úr lofthjúpnum úr kafbáti. Kjarnorkusprenging kemur svo leysigeislum af stað til eyðingar sovéskri kastflaug. (Mynd úr *Scientific Am.*, okt. 1984)

margt „betri" vopn en leysigeislar. Þeir sökkva til dæmis dýpra inn í skotmarkið og hægt er að beina þeim með speglum í stað spegla, en þeir eru ekki eins viðkvæmir og speglarnir. Geislinn er *ennfremur orkuþéttari* en leysigeislar og hefur þannig meiri eyðileggingarmátt. Agnageislar stöðvast í lofthjúpnum og verða því einungis að gagni úti í geimnum. Séu agnirnar hlaðnar sveigja þær af leið í segulsviði jarðar og því er athyglinni helst beint að óhleðnum agnageislum.

Við Los Alamos rannsóknastofnunina *er nú í byggingu hraðall þar sem ohlaðin* vetnisatóm eiga að ná um sautjánfaldri orku á við það sem áður var hægt. Talið er að enn þurfi að fimmfalda þá orku til að ná þeim krafti sem eyðing árásarflauga gerir til geislans. Ef þeim krafti yrði mætt má gera ráð fyrir að geislaskotstoðin sem flytja þarf á braut út fyrir lofthjúpinn verði a.m.k 25 metra *löng og vegi um 50 – 100 tonn.* Þrátt fyrir það að hraðlatæknin sé nú á háu stigi í eðlisfræðirannsóknum á minnstu eindum efnisins, óreindunum, þá krefst vopnatæknin miklu meiri agnastraums samfara hárri orku, en áður hefur þekkst. Þessi tækni er hvað styst komin í þróun af þeim vopnum sem hér eru *nefnd. Sovétmenn búa yfir mikilli þekk*ingu á þessu sviði og hafa bandarískir visindamenn sótt þangað talsverðan fróðleik.

Kjarnorkuver út í geiminn?

Ef efnaleysar eru sendir á braut umhverfis jörðu til þess að eyðileggja árásarflaugar Sovétmanna á lyftiskeiðinu, verður að reikna með að hver leysir þurfi að hafa um 100 megavatta afl. Ef slíkur leysir getur á 2 sekúndum eyðilagt flaug og miðað á þá næstu þá nær hann að eyðileggja 90 flaugar á þeim 180 sekúndum sem lyftiskeiðið varir. 16 slíka leysa þarf þá til að eyða 1400 flaugum og heildaraflið samsvarar um 1.6 gígavatti. Ef gert er ráð fyrir að leysarnir þurfi um 1 sekúndu til að eyða hverri flaug verður heildarorkuþörfin um 140 gígajoule. Flúorvetnisleysar munu þurfa a.m.k. 1 kg af eldsneyti fyrir hvert megajoule af orku sem þeir gefa frá sér, eða eitt tonn á hvert gígajoule. Til þess að eyða þessum 1400 flaugum þarf því 140 tonn af eldsneyti. Eins og fyrr var nefnt þarf líklega nokkur hundruð leysa á braut til þess að 16 séu orugglega í sjónmáli við flaugarnar á hverjum tíma. Miðað við 250 leysa þarf þá að flytja um 2300 tonn af eldsneyti á brautir umhverfis jörðu, sem er meira en 1.5 tonn á hverja flaug sem á að eyðileggja.

Geimferjur geta nú borið um 15 tonna farm í hverri ferð upp á þær brautir sem hér er um rætt. Samkvæmt þessu litla reikningsdæmi þarf því um 160 ferðir bara til að koma eldsneytinu fyrir. Síðan þarf að margfalda þessa tölu til þess að koma sjálfum vopnunum fyrir.

Ef við notuðum excimerleysi á jörðu niðri til þessarar varnar og reiknum með 6% raforkunýtni þarf um 26 gígavatta rafafl til að eyða 1400 flaugum. Til þess þurfa um 26 kjarnorkuver að standa reiðubúin fyrir hugsanlega 3ja mínútna notkun. Þessa tölu þarf að margfalda til þess að vinna gegn orkutapi á leið geislans um skýjaðan lofthjúp.

Orkuþörf vopnanna sem eru staðsett á jörðu niðri er samt ekki talin vera neitt vandamál því tæknin er þekkt og aðeins kostnaður því fylgjandi að bæta við



Langdræg kastflaug er um 30 mínútur á leiðinni frá skotpalli í Sovetríkjunum yfir að skotmarki í Bandaríkjunum. Flauginni má skipta í nokkur skeið, hvert með sitt einkenni:

Lyftiskeiðið er fyrsti hluti leiðarinnar. Flaugin rís þá fyrir eigin afli upp í gegnum lofthjúp jarðar með því að brenna eldsneyti í þremur þrepum. Þegar þriðja þrepið brennur út, hefur flaugin náð um 200 km hæð og heldur síðan áfram án vélarafls eftir kastbraut sinni. Lyftiskeiðið tekur um 3 mínútur fyrir nýjustu gerðir flauga eins og bandarísku MX–flaugina, og mætti hugsanlega stytta enn frekar.

Næsta skeið er **skiptiskeiðið**, sem tekur um fimm mínútur. Flestar kastflaugar eru svokallaðar fjölodda-flaugar, þannig að í hefi hverrar flaugar eru margar litlar flaugar, sem kallast kjarnaoddar og bera eina kjarnorkusprengju hver. Á skiptiskeiðinu losar flaugarnefið, sem kallað er „ruta", sig við hvern oddinn, „farþegann", á fætur öðrum. „Rútan" færir sig til með eigin hjálparvélum þannig að oddarnir fara hver á sína kastbraut og geta því stefnt að mismunandi skotmörkum. Hver flaug má ekki bera fleiri en tíu odda samkvæmt SALT II samkomulaginu frá 1979, sem stórveldin hafa haldið, þótt það hafi aldrei verið staðfest.

Þriðja skeiðið er **renniskeiðið**. Á þessu skeiði, sem tekur rúmlega 20 mínútur, renna allt að tíu oddar úr hverri flaug, sem skotið var upp, hver eftir sinni kastbraut að skotmarki sínu. Með oddunum mun að öllum líkindum fljúga mergð villuhluta og oddalíkja til að villa um fyrir vörnunni.

Lokaskeiðið er það síðan kallað þegar oddurinn fellur niður í gegnum lofthjúpinn, en það tekur um 40 sekúndur. Á þeirri leið munu hinir léttari villuhlutir hægja á sér og brenna upp.

Lýsingin hér að ofan á einnig við um meðaldrægar kastflaugar og kastflaugar sem skotið er úr kafbátum. Þeim er hins vegar ætlað að fara skemmri vegalengd og fara því hvorki eins hátt og langdrægu flaugarnar né eru eins lengi á leiðinni.

nokkrum tugum eða hundruðum orkuvera. Orkuþörfin úti í geimnum er miklu erfiðari viðureignar. Fjölmörg rannsókna- og þróunarverkefni eru nú í gangi til þess að fá fram létta og ofluga aflgjafa. Stærsti aflgjafi sem nokkru sinni hefur verið sendur út í geiminn var rod af sólarfrumum rafhlöðum í Skylab stöðinni 1973, og gaf hann stöðugt 12 kílóvatta afl. Gervihnettir hersins nota nú um 10 kílóvatta afl og reiknað er með að aflgjafar þarfnist endurnýjunar 4. eða 5. hvert ár. Talið er að sólarrafhlöður geti aldrei annað aflþörfinni, þær yrðu of stórar og þungar. Kjarnorkuver virðast hins vegar vera ólíklegur kostur.

Orkuþörf geimvarnakerfisins má skipta í þrjá þætti:

- **I hægagangi** hefur aflþörfin verið metin allt frá 100 kílóvöttum upp í 2

megavott eftir því hvernig kerfið er hannað.

- Fari kerfið **í viðbragðsstöðu** eykst aflþorfin upp í 2–20 megavött um oákveðinn tíma.
- Ef **til árásar** kemur verður aflþorfin tugir gigavatta um nokkurra mínútna skeið.

Vopnatæknin þarf einnig aðgang að *hásperntu afli, 100 kilovoltum, og háum* straumstyrk, 1000–3000 amperum. Geimtæknin getur nú gefið um 10 ampera straum og 300 volta spennu. Orkunýtni á þyngd aflgjafa er í dag talin um 0.005 kílovött á kg en samkvæmt óskum stjórnstríðsmanna er þörf á 3 kílovöttum á kg. Það er því enn mjög langt í land að aflgjafatæknin geti annað kröfum geimvarnaáætlunarinnar.

um og þróunarstarfi vísindamanna í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum, segja þó árangur vera framar öllum vonum. Það má því telja líklegt að einhver þeirra vopna, sem eru á döfinni, verði að veruleika, enda er ekki verið að sækja á mið óþekktra náttúrulögmála, heldur einungis að þróa nýja tækni byggða á gömlum lögmálum, sem teygð eru til hins ítrasta.

Vopnin duga hins vegar skammt ef samhæfingin og stjórnunin er ekki í lagi og þar virðist kraftaverka þörf. Stjórnkerfinu, sem lýst er hér að framan, mun aldrei verða treystandi. Líklega munu flestir sem til þekkja gera sér grein fyrir þessu. Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar láta sér m.a. um munn fara að kerfið geti þjónað tilgangi sínum þótt það verði aldrei óruggt, m.a. hafa gegnt forystuhlutverki á ýmsum sviðum vísinda og tækni svo sem áður var getið um agnageislatæknina. Það er því ekki ólíklegt að þeir standi Bandaríkjamönnum framar í þróun einstakra vopnagerða. Þeir munu hins vegar vera mörgum árum á eftir Bandaríkjamönnum í rafeinda- og tölvutækni. Geimvarnakerfi í líkingu við það, sem hér hefur verið lýst, á því væntanlega *miklu lengra í land austan hafs en* vestan.

Ekki er erfitt að líta á geimvarnakerfi Bandaríkjanna frá sjónarhóli Sovétmanna sem sóknarvopn frekar en varnarkerfi. Ef geimvarnakerfið dugar til einhvers, þá er það góður bakhjarl fyrir sóknaraðila, sem hyggst gera árás að fyrra bragði. Þótt kerfinu verði aldrei treystandi til að verjast allsherjarárás 1400 flauga eða fleiri, þá er vel hugsanlegt að það geti varist þeim flaugum, sem slyppu óskaddaðar úr fyrstu árásinni.

Sovétmenn hafa því mætt geimvarnaáætluninni með harðri andstöðu og ekki er líklegt að hún muni stöðla að afvopnun. Eina raunhæfa leiðin til afvopnunar er fækkun kjarnorkuvopna. Hvort kjarnorkustórveldið um sig getur auðveldlega tekið fyrsta skrefið án uggs um eigin hag, svo margfold er ógnin á báða boga. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er ekki skref til afvopnunar, heldur í þveröfuga átt. Vígbúnaðarkapphlaupið færist út í geiminn og búast má við að Sovétríkin fjölgi frekar kjarnorkuflaugum en fækki til þess að gera vörninni erfiðara um vik. Reagan dregur heldur ekki dul á það í ræðu sinni, sem fyrr var vitnað í, að halda þurfi kjarnorkufælingunni stöðugt við, endurnýja langdrægar flaugar og bæta hefðbundinn vopnabúnað.

Kjarnorkuvopnakapphlaupið hefur nú staðið í fjóra áratugi. Geimvarnaáætlunin býður okkur upp á 30–40 ára áframhaldandi kapphlaup uns öllum þáttum kerfisins hefur verið komið fyrir. Mannleg ákvarðanataka er útilokuð til þess að viðbragð kerfisins verði nógu snöggt, ef boð berst um árás. Kerfið verður ennfremur morandi í villum, og því er ekki ólíklegt að einhvern tíma á þeim tíma sem um er rætt fari kerfið sjálfkrafa í gang á röngum forsendum og kalli yfir okkur ragnarök.

Áætlaður kostnaður vegna geimvarnaáætlunarinnar til 1990

Tölurnar eru milljónir dollara.

TÆKNISVIÐ	1985	1986	1987	1988	1989	1990	heild
Skynjun og gagnasöfnun	546	1386	1875	2538	3065	3614	13024
Orku- og agnageislatækni	376	966	1196	1435	1677	1903	7553
Árekstravopnatækni	256	860	1239	1480	1675	1975	7485
Kerfistækni og orustustjórnun	99	243	273	303	358	445	1721
Eyðingarmáttur lífslíkur og lykiltæknisvið	112	258	317	400	514	700	2301
Heildarupphæð	1397	3722	4908	6166	7300	8652	32012

Tölurnar eiga við verkefni á vegum varnarmálaráðuneytisins. Verkefni á vegum orkumálaráðuneytis eru ekki meðtalin. Tölur ársins 1985 eru raunverulegar fjárveitingar, tölur ársins 1986 eru tillögur, aðrar tölur eru áætlaðar. Í heildartölum eru innifaldar fjárveitingar til almennrar stjórnunar. Taflan er fengin úr heimild (1).

Vörn til sóknar

Hér að framan hefur verið greint frá meginatriðum þeirra hugmynda sem opinberar eru um geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, oðru nafni stjórnstríðið. Það dylst trúlega engum hvílíkum krafum þarf að mæta til þess að komast í námunda við að láta þær vonir rætast sem Reagan gaf bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar. Ennfremur er ljóst hvert regingap er frá stöðu tækninnar í dag yfir í raunverulegt varnarkerfi. Frettir, sem nú berast af rannsóknum þvi að rugla Sovétmenn í ríminu svo að þeir viti aldrei hvaða flaugar muni komast í gegn. Ljóst er því að draumsýn Reagans um fullkomið öryggi Bandaríkjanna og bandamanna þeirra gegn kjarnorkuvopnum verður aldrei að veruleika.

Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar segja oft að sovéskar geimvarnarannsóknir séu í fullum gangi og Sovétmenn standi Bandaríkjamönnum þar sist að baki. Því miður eru upplýsingar um stöðu mála í Sovétríkjunum af skornum skammti. Sovétmenn hafa lengi átt mjög hæfa vísindamenn og

Vísindin efla . . . ?

Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er fyrst um sinn aðeins rannsókna- og þróunarverkefni, í þeim tilgangi að meta

raunverulega möguleika geimvarnakerfis. Í töflunni hér á síðunni sést hvernig þeim milljörðum dollara sem áætlað er að verja í verkefnið er skipt á milli sviða og ára aður en taka á ákvörðun um uppsetningu kerfisins. Þessir peningar eru kærkomnir fyrir marga vísindamenn í háskólum og stofnunum sem sífellt eru á hottunum eftir fé til að sinna hugðarefnum sínum í hinni eilífu þekkingarleit. Ég hef heyrt vísindamenn segja sem svo að það skipti ekki mali hvort peningaflæðið frá opinberum aðilum er merkt geimvörnum eins og nú, eða orkutækni eins og var fyrir um áratugi, í kjölfar orkukreppunnar. Það er oft hægt að sveigja verkefnislýsingar og verkefnaval örlítið í átt að því sem forskriftin segir og fá fjarveitingar til grundvallarrannsókna án þess að hafa áhyggjur af því hvernig niðurstöðurnar eru síðan notaðar. Hins vegar fer þeim vísindamönnum fjölgandi, sem hafa lýst því opinberlega yfir að þeir muni aldrei taka við peningum, sem merktir eru geimvarnaáætluninni, vegna þess síðleysis sem felist í forsendum þessara fjarveitinga.

Fyrirtæki í hátækniiðnaði, svo sem geimtækni, tölvu- og rafeindatækni, sjá sér einnig leik á borði að ná góðum verkefnasamningum við Bandaríkjastjórn, og efla með því vöxt sinn og viðgang. Bandamönnum í NATO hefur ennfremur verið boðið að taka þátt í framgangi áætlunarinnar og hafa hátæknifyrirtæki í Evrópu mörg lýst yfir áhuga á að krækja í sinn hlut af heildinni. Þegar þetta er ritað hefur breska ríkisstjórnin þegar lýst sig reiðubúna og frettir berast af því að vestur-þýska ríkisstjórnin muni taka svipaða ákvörðun. Mitterrand, Frakklandsforseti hefur reynt að ná samstöðu meðal Vestur-Evrópuríkja um sameiginlegt átak í hátækniiðnaði án tengsla við vígbúnaðarþróun. Átakið, sem kallað er Eureka, er hugsað sem tilraun til þess að halda í við þá þróun sem á sér stað í bandarískum hátækniiðnaði vegna geimvarnaverkefnanna. Undirtektir annarra ríkja virðast vera dræmar og vafasamt hvað úr verður.

Það er oft fært geimvarnaáætluninni til framdráttar að hún hleypi af stað tækniframförum á öllum öðrum sviðum og færi þjóðfélaginu hátækni á silfurfati til friðsamlegra nota. Oft er m.a. í því sambandi bent á fordæmi geimferðaáætlunar Bandaríkjanna, sem náði hápunkti með fyrsta karlinum á tunglinu í lok sjöunda áratugarins. Það er vissulega rétt að ákafinn í rannsóknum og tækniþróun er hvað mestur á stríðstímum og í öðrum tilvikum, þegar unnið er að skammtímamarkmiði með svo til ótakmörkuðum fjárveitingum. Hitt gleymist oft, hve miklu hraðar þjóðir heimsins yrðu þessarar velferðar aðnjótandi, ef sömu fjárveitingar lægju á lausu eingöngu til almenningsheilla. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er því ein sú ótrúlegasta sóun á hugviti og fjármagni, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað.

Einnig má benda á að frjáls samskipti vísindamanna eiga við ramman reip að draga þegar rannsóknir tengdar hertækni eiga í hlut, jafnvel þótt um hreinar grundvallarrannsóknir sé að ræða. Mikilvægar vísindaniðurstöður eru geymdar á bak við lás og slá trúnaðarstimpils ins af ótta við óvininn. Bandarískir vísindamenn eru mjög uggandi yfir þeirri þróun sem fylgt hefur í kjölfar geimvarnaverkefnanna. Fundum og ráðstefnum, sem áður voru opnar öllum vísindamönnum, hefur verið lokað alveg eða að hluta fyrir erlendum gestum. Einnig eru uppi hugmyndir um að hleypa ekki erlendum studentum og vísindamönnum að vissum búnaði, svo sem hinum svokölluðu ofurtölvum. Það er því augljóst að frjálsri hugmyndaþróun vísindanna er þrongur stakkur skorinn með geimvarnaáætluninni.

Framtíðarvelferð íslensku þjóðarinnar mun í ríkum mæli byggjast á nýskopun í iðnaði og þá sérstaklega á hátæknisviðum eins og líftækni, efnistækni og upplýsingatækni. Í því sambandi hefur verið nefnt að nýta megi hernaðarlegt mikilvægi landsins og veru erlends herliðs til þess að flytja inn hátækniþekkingu. Íslendingar gætu eflaust hagnast á því efnislega að byggja upp hátækniiðnað í samvinnu við erlenda aðila, með verkefnum sem tengjast geimvarnaáætluninni. Það er hins vegar von höfundar að þjóðin og kjörnir fulltrúar hennar á Alþingi og í ríkisstjórn beri gæfu til þess að byggja upp íslenska atvinnuvegi á siðferðilega traustari grundvelli en vígvélasmíði.

Heimildir

Stuðst var við eftirfarandi aðalheimildir:
(1) Star Wars, SDI: The Grand Experiment, greinaflokkur í tímaritinu IEEE Spectrum, sept. 1985.
(2) Directed Energy Missile Defense in Space, OTA background paper, eftir Ashton B. Carter, apríl 1984.
(3) The Arms Race and Arms Control, The Shorter SIPRI yearbook, Taylor & Francis, London 1984.

Dæmi um mannleg mistök

Það er eiginlega ófrávíkjanlegt lögmál að tölvuforrit innihalda villur, og séu þau stór getur verið erfitt að komast fyrir þær fyrr en þær gefa sig til kynna þegar síst skyldi. Þessar villur eru af mörgum toga, forritarinn getur misritað eða forritið verið byggt á röngum forsendum.

Í tímaritinu New Scientist 10. febrúar 1983 (s.353) er sagt frá eftirfarandi atviki úr stríði Breta og Argentínumanna um Falklandseyjar. Nokkrum breskum orrustuskipum var sökkt með argentínskum „Exocet"-flugskeytum. Skipin voru búin tölvustýrðum varnarbúnaði, sem haldið var að hefði ekki getað séð skeytin sem skriðu við yfirborð sjávar, og því ekki komið við vörnum. Nokkrum mánuðum seinna kom hins vegar í ljós að varnarbúnaðurinn hafði vissulega séð flugskeytin og stjórntölvan meira að segja talið þau réttilega vera af gerðinni „Exocet". Tölvan hafði hinsvegar tekið þá ákvörðun samkvæmt forriti sínu að „Exocet"-flugskeytin, sem eru frönsk að uppruna, væru vinveittar flaugar og því látið þau afskiptalaus.

Í tímaritinu Nature 27. júní 1985 (s.702) er greint frá því þegar leysigeisla var beint að speglum í glugga geimferjunnar Discovery frá fjallstindi á Hawaieyjum viku áður. Fyrsta tilraunin misheppnaðist þannig að leysigeislinn lenti á öfugri hlið ferjunnar. Villan var leiðrétt og allt tókst vel í annarri tilraun. Hver var þá villan? Opinber skýring er sú að stjórntölva um borð í ferjunni hafi óvart verið forrituð með enska mílu sem lengdareiningu í stað sjómílu, eins og átti að vera.

Vonandi kemur geimvarnakerfið ekki til með að ruglast á fetum og metrum.

Úr *Þjóðlífi*, 1. árg., 1. tbl. des. 1985.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um jafnréttisráðgjafa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða á vegum félagsmálaráðuneytisins þrjá jafnréttisráðgjafa til þriggja ára sem hafi það verkefni að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

Laun ráðgjafanna og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillögu þessari um ráðningu jafnréttisráðgjafa er ætlað að vera liður í átaki til að fylgja eftir ákvæðum laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þrátt fyrir lagaákvæði um jöfnuð kvenna og karla eru konur verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins og mikið skortir á markviss viðbrögð stjórnvalda til úrbóta. Nægir að minna á að konur eru í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og meðallaun þeirra hafa farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla. Fáar konur eru í áhrifastöðum í atvinnulífinu og hlutur þeirra er langtum minni en karla í stjórnmálalífi og í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Staða kvenna annars staðar á Norðurlöndum er mun skárri en hér að þessu leyti og kemur þar vafalaust margt til, ekki síst betri félagslegar aðstæður og þróað velferðarkerfi.

Talsverð reynsla er fengin af starfi jafnréttisráðgjafa á Norðurlöndum utan Íslands. Í *Svíþjóð* hafa slíkir ráðgjafar verið starfandi í 18 ár við vinnumálaskrifstofur lénanna og voru þeir um 100 talsins þegar flest var. Nú hefur ný skipan verið innleidd í Svíþjóð þar sem jafnrétti á að ganga sem rauður þráður í gegnum allt starf þeirra sem vinna að atvinnumálum. Í *Danmörku* hafa jafnréttisráðgjafar verið starfandi í tengslum við ömtin frá því 1981 og hefur þeim nýlega verið fjölgað um helming og eru nú alls 28. Sérstök deild í vinnumálaráðuneytinu danska sér um stjórn og samræmingu á starfi ráðgjafanna. Í *Noregi* voru ráðnir svonefndir kvennaráðgjafar á vegum fimm fylkja árið 1975. Nú starfa þar jafnréttisráðgjafar í hverju fylki, m.a. við að bæta atvinnustöðu kvenna og auðvelda þeim að stofna eigin fyrirtæki. Í *Finnlandi* er fyrirhugað að taka upp jafnréttisráðgjöf í hverju hinna 12 vinnumálaumdæma.

Fyrir utan störf á vegum Jafnréttisráðs hérlendis til að rétta hlut kvenna er rétt að geta um þátttöku Íslands í verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um fjölbreyttari atvinnuþátttöku kvenna undir nafninu „Brjótum múrana“ eða „Bryt“. Þetta er fjögurra ára verkefni sem lýkur um áramótin 1989–1990. Starfsmaður þess hér á landi er Valgerður H. Bjarnadóttir á Akureyri. Undir merkjum „Bryt“ hefur fengist mikilsverð reynsla og sambönd tekist við hliðstæða starfsemi annars staðar á Norðurlöndum. Væri æskilegt að tengja þessa reynslu starfi þeirra jafnréttisráðgjafa sem hér er fjallað um þótt viðfangsefni þeirra séu af flutningsmönnum hugsuð í mun víðara samhengi.

Í tillögunni er gengið út frá að ráðnir verði þrír jafnréttisráðgjafar til þriggja ára á vegum félagsmálaráðuneytisins sem m.a. á að tryggja tengsl þeirra við Jafnréttisráð og við aðgerðir sem stjórnvöld stefna að til þess að ná fram jafnri stöðu kynjanna. Ekki er í tillögunni kveðið á um einstök verkefni ráðgjafanna né heldur um verkaskiptingu. Varðandi hið síðarnefnda er bent á að æskilegt geti verið að þeir sinni verkefnum svæðisbundið, einn t.d. á höfuðborgarsvæðinu og tveir á landsbyggðinni. Þótt ekki sé í tillögunni kveðið

sérstaklega á um búsetu ráðgjafanna á þessu reynslutímabili er nauðsynlegt að þeir séu í sem nánustum tengslum við það umhverfi sem þeim er ætlað að starfa í. Félagsmálaráðuneytinu er hins vegar ætlað að tryggja sem besta samvinnu þeirra.

Meðal fyrirhugaðra verkefna jafnréttisráðgjafanna til að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum má nefna:

— Söfnun upplýsinga um hindranir í vegi jafnréttis og aukinna áhrifa kvenna á vinnumarkaði.
— Aðstoð við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana við að móta og fylgja eftir áætlunum um jafnréttisaðgerðir.
— Upplýsinga- og skipulagsstörf þar sem m.a. verði miðlað reynslu milli fyrirtækja og stofnana um aðgerðir í jafnréttismálum svo og vitneskju erlendis frá.
— Stuðningur við mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miða að því að bæta stöðu kvenna.
— Fræðslu- og útgáfustarfsemi um jafnréttismál og vinnumarkaðinn.
— Samvinna og tengsl við starfsmannafélög, verkalýðsfélög, atvinnurekendur, ráðuneyti og ríkisstofnanir svo og sveitarfélög um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.
— Hvatning til stærri fyrirtækja og stofnana um að koma upp jafnréttisráðgjöf á eigin vegum.

Gert er ráð fyrir að á umræddu þriggja ára tímabili beri ríkissjóður kostnað af starfi ráðgjafanna. Ef litið er til reynslu af kostnaði við störf iðnráðgjafa í landshlutunum undanfarin ár má reikna með að heildarkostnaður vegna eins jafnréttisráðgjafa nemi 3–3,5 milljónum króna á ári (verðlag 1988), eða um 10 milljónir króna samtals vegna þriggja ráðgjafa.

Eðlilegt má telja að félagsmálaráðherra leiti umsagnar Jafnréttisráðs um umsækjendur um stöður jafnréttisráðgjafa áður en í þær er ráðið og konur hafi forgang sem ráðgjafar á þessu sviði.

Rétt er að meta árangur af starfi jafnréttisráðgjafanna að fenginni tveggja ára reynslu og móta að því búnu stefnu um áframhaldandi tilhögun slíkrar ráðgjafarstarfsemi.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en ekki afgreidd úr nefnd. Félagsmálanefnd barst umsögn frá Jafnréttisráði og er hún birt sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Umsögn Jafnréttisráðs um tillögu til þingsályktunar um jafnréttisráðgjafa, 356. mál.
(9. maí 1988.)

Jafnréttisráð fjallaði á fundi sínum þann 3. maí sl. um tillögu til þingsályktunar um jafnréttisráðgjafa, 356. mál. Jafnréttisráð telur framkomna þingsályktunartillögu mjög mikilvæga og tekur heils hugar undir bæði þingsályktunartillöguna og greinargerð tillögunnar.

Jafnréttisráð vill enn fremur benda á að nú er að hefjast vinna við gerð framkvæmdaáætlana á sviði jafnréttismála hjá ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum sem hafa tuttugu-

starfsmenn eða fleiri í vinnu. Ætlunin er að þessar áætlanir séu til fjögurra ára og taki gildi um næstu áramót.

Jafnréttisráð mun nú á næstunni kynna hugmynd að gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir fulltrúum stærstu sveitarfélaganna og er það von ráðsins að sveitarfélögin muni vinna slíkar áætlanir einnig. Jafnréttisráð hefur í kynningu á þessum áætlunum lagt áherslu á að starfsmenn Jafnréttisráðs muni leiðbeina og aðstoða við gerð og framkvæmd áætlananna. Jafnréttisráð gerir sér hins vegar fyllilega grein fyrir því að vegna fámennis á skrifstofu ráðsins verður þetta mjög erfitt verk. Sérstakir jafnréttisráðgjafar eru því að mati Jafnréttisráðs mjög mikilvægir.

Jafnréttisráð vill einnig benda á mikilvægi þess að sú reynsla, sem fengist hefur af samnorræna verkefninu „Brjótum múrana", verði nýtt til áframhaldandi verka á þessu sviði en því verkefni lýkur í lok ársins 1989. Jafnréttisráð telur að ráðning sérstakra jafnréttisráðgjafa sé eðlilegt framhald af því starfi sem unnið hefur verið á Akureyri á síðustu árum.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um umhverfisfræðslu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins og á meðal almennings.

Greinargerð.

Að margra áliti er maðurinn, sem svo lengi hefur litið á sig sem herra jarðarinnar, langt á veg kominn með að tortíma umhverfi sínu og þar með sjálfum sér. Verði ekki snarlega snúið af þeirri braut erum við að bregðast afkomendum okkar með því að fá þeim í hendur verra umhverfi en okkur var trúað fyrir og við getum ekki afsakað okkur með því að við höfum ekki vitað betur.

Staðreyndirnar blasa við allt í kringum okkur. Margháttaðar rannsóknir og mælingar upplýsa okkur um jarðvegs- og gróðureyðingu, ofnýtingu auðlinda og mengun í lofti, vatni og sjó, sem stefnir öllu lífi í voða, jafnvel þótt unnt yrði að koma í veg fyrir mestu ógn lífs á jörðu, kjarnorkustyrjöld. Einstaklingar, samtök, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir, svo sem Sameinuðu þjóðirnar, hafa safnað upplýsingum og sett fram stefnumörkun um hvað gera má til úrbóta svo að maðurinn gangi ekki stöðugt á umhverfi sitt og tortími með því sjálfum sér að lokum. Mönnum er löngu orðið ljóst að ekki er nóg að taka frá og friða skika hér og þar þótt það sé líka nauðsynlegt. Við verðum að horfa á jörðina sem heild og skilja þær takmarkanir sem náttúran setur okkur um leið og við notum og njótum þeirra auðlinda sem hún gefur.

Móðir jörð setur ákveðin lögmál. Maðurinn gengur þvert á mörg þeirra á leið sinni til hámarksskammtímagróða og tekur hvorki tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Þetta dekur við skammtímasjónarmið er orðið mannkyninu dýrkeypt og mál til komið að við taki sú langtímahagfræði sem felst í umhverfisvernd. En umhverfisvernd er að

ganga um hverja auðlind með virðingu og nærgætni, taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn ósnertan til þess að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir.

Íslendingum er tamt að telja umhverfismál í góðu lagi hér á landi, dyggilega studdir af erlendum ferðamönnum sem teyga að sér hreina loftið, dásama tært vatnið og falla í stafi yfir óbyggðum landsins. En þótt við búum enn við minni mengun en helstu iðnríki heims þá fer því fjarri að við höfum efni á því að hreykja okkur. Staðreyndin er sú að við höfum farið illa með þá náttúru sem okkur hefur verið trúað fyrir. Má þar minna á ofnýtingu fiskistofna, gegndarlausa gróðureyðingu og linku við endurheimt og varðveislu landgæða, hirðuleysi í umgengni um viðkvæm landsvæði, óskipulagðar veiðar villtra dýra, mengun frá verksmiðjum, hömluleysi í notkun einnota umbúða, óviðunandi ástand í frárennslismálum, kæruleysi um varnir gegn olíumengun, slæman frágang á úrgangi og sinnuleysi um endurnýtingu og endurvinnslu. Hér verður að snúa við blaðinu og ganga í lið með náttúrunni.

Það eina sem getur forðað manninum frá því að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem hann lifir á er *stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni.* Að því þarf að vinna án tafar með skipulegum hætti og á öllum stigum þar sem því verður við komið.

Þrátt fyrir ákvæði um umhverfisfræðslu í grunnskólalögum og í lögum um náttúruvernd er mála sannast að slík fræðsla er ákaflega tilviljanakennd og af skornum skammti og má ýmsu um kenna. Fyrst og fremst er þó sökin stjórnvalda. Það er nefnilega ekki nóg að setja ákvæði í lög; það verður einnig að skapa skilyrði til að framfylgja þeim.

Það er til lítils að leggja Náttúruverndarráði þá kvöð á herðar að það „... hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m.a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum", eins og segir í lögum um náttúruvernd frá 1971, ef því er ekki gert kleift að ráða starfsfólk til þess að sinna þessari lagaskyldu. Þrátt fyrir manneklu og lítil auraráð hefur þó Náttúruverndarráð sinnt umhverfisfræðslu eftir föngum. Einnig ber að geta um gagnmerka starfsemi Landverndar og fleiri samtök áhugamanna hafa lagt sitt af mörkum.

Í grunnskólalögum er ákvæði sem lýtur að umhverfisfræðslu. Því þarf að fylgja eftir með útgáfu námsefnis og þjálfun kennara. Annars kemur það fyrir lítið. Vissulega hafa margir færir og áhugasamir kennarar unnið frábært starf á þessum vettvangi og ekki er alltaf nauðsyn flókinna kennslutækja. En eigi að vera unnt að ná markmiðum umhverfisfræðslu er nauðsynlegt að skipuleggja hana og samræma og tryggja að allir fái notið hennar.

Samkvæmt upplýsingum Þorvalds Arnar Árnasonar, námsstjóra í náttúrufræðum, er umhverfisfræðslu sinnt í heldur vaxandi mæli í grunnskólum, en mjög undir einstökum skólum og kennurum komið hvernig til tekst. Allir kennaranemar fá stutt námskeið í umhverfisfræðslu og auk þess geta þeir valið stutt námskeið í náttúruvernd. Lítil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum í umhverfisfræðslu fyrir starfandi kennara. Í framhaldsskólum er lítið um markvissa umhverfisfræðslu nema að því marki sem vistfræði er innifalin í líffræði. Ljóst er því að grunninn þarf að styrkja og byggja myndarlega ofan á.

Á ráðstefnu, sem haldin var á vegum UNESCO í Tbílísí árið 1977, voru markmið umhverfisfræðslu skilgreind á eftirfarandi hátt:

„1. Vekja athygli einstaklinga og hópa á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar.
2. Auka þekkingu og skilning fólks á náttúrunni og umhverfi sínu í heild svo það geri sér betur grein fyrir áhrifum gjörða mannsins.
3. Efla viðhorf ábyrgðar gagnvart umhverfi og vilja til að vinna að náttúruvernd og fegrun umhverfis.
4. Þjálfa nemendur í að skilgreina og leysa umhverfisvandamál.

5. Auka hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, félagslegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv.
6. Stuðla að þátttöku í fyrirbyggjandi aðgerðum."

Á sömu ráðstefnu var enn fremur samþykkt að í umhverfisfræðslu bæri að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

„1. Umhverfisfræðsla þarf að fjalla um umhverfið í heild, bæði náttúruna og það sem menn hafa gert (bæði náttúrufræði og samfélagsfræði).
2. Umhverfisfræðsla þarf að vara ævilangt og fara fram á öllum skólastigum auk hvers kyns fræðslu utan skóla.
3. Umhverfisfræðsla á að vera ófagbundin og hluti af kennslu í öllum námsgreinum á öllum skólastigum. Í námsskrá og kennsluleiðbeiningum ber að taka sérstakt tillit til umhverfisfræðslu.
4. Fræða þarf um nánasta umhverfi og síðan málefni héraðsins, landsins og heimsins alls.
5. Áherslu þarf að leggja á þau vandamál sem efst eru á baugi á hverjum stað, en taka jafnframt mið af sögunni og spá um nánustu framtíð.
6. Fræðslan verður að stuðla að því að einstaklingar, fjölskyldur, félög og þjóðir taki ábyrgð á umhverfinu.
7. Umhverfisfræðsla þarf að stuðla að því að tekið sé fullt tillit til verndunarsjónarmiða og hugsanlegra skaðlegra afleiðinga þegar verk eru skipulögð."

Um allan heim er nú smám saman að glæðast skilningur manna á og vitund um nauðsyn þess að ganga um náttúruna með virðingu og nærgætni, bæta fyrir náttúruspjöll og sjá til þess að afkomendur okkar fái notið a.m.k. sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Sú hugarfarsbreyting gengur þó allt of, allt of hægt. Mannkynið gæti fallið á tíma.

Íslendingar gætu orðið fyrirmynd annarra í þessum efnum ef vilji væri fyrir hendi. Til þess þarf markvissa, öfluga umhverfisfræðslu í skólum og á meðal almennings. Aukinn skilningur er lykilorðið. Sá er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu sem var í fyrsta sinn til umræðu á 110. löggjafarþingi, en varð þá ekki afgreidd.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Júlíus Sólnes, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1992. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar.

Greinargerð.

Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegarkafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var orðinn ófullnægjandi.

Með tilkomu nýja vegarins varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, átt leið um Reykjanesbrautina allar götur síðan. *Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.*

Umferð um Reykjanesbrautina hefur aukist jafnt og þétt, bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Í vaxandi mæli eiga vöruflutningar til landsins með flugi þátt í því. Samstarf atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig vaxið og það hefur í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman, þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti orðið að einu og sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti. Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og er næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Aksturseiginleikar á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaraðstæður það. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys eiga sér þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8300 km þjóðvegakerfi landsins verða 12,3% allra umferðarslysa. Árið 1987 urðu þar alls 172 slys. Reykjanesbrautin er stórhættuleg dauðagildra. Hún hefur kostað 34 mannslíf á 23 árum. Öllum hlýtur að vera í fersku minni hið hörmulega umferðarslys sem átti sér stað í ágústmánuði sl. er tveir menn létust eftir árekstur tveggja bifreiða sem óku hvor á móti annarri.

Í töflu 1 eru tölur sem sýna umferðarþunga og fjölda umferðarslysa á Reykjanesbraut á ári hverju frá því að brautin var fullgerð eins og hún er nú. ÁDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, SDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring sumarmánuðina fjóra og MDU er mesta sólarhringsumferð ársins.

Tafla 1.

Umferð og slys á Reykjanesbraut.

Ár	MDU	ÁDU	SDU	Slys á ári
1965		1340		
1966			1530	
1967		1500		
1968		1540		
1969		1630		
1975		2820	3220	
1976			3310	
1977		3250	3540	
1978		3240	3710	
1979		3240	3460	
1980		3120	3530	
1981		3130	3550	
1982	4000	3070	3590	90
1983	3900	3010	3670	110
1984	4100	3180	3930	107
1985	5300	3610	4170	100
1986	5400	3610	4310	124
1987	7450			172

Eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982 fer því umferð á Reykjanesbraut greinilega ört vaxandi. Að byggja fullkomna hraðbraut með aðskildum akstursstefnum er nú jafnnauðsynlegt og það var fyrir 20 árum að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Sérfræðingar Vegagerðarinnar telja að þegar mesta umferð á sólarhring sé komin í 8000–10 000 bifreiðar þurfi að skilja akstursstefnur að. Í apríl 1987 mældist mesta umferð á sólarhring 7450 bifreiðar. Er ætlað að mesta umferð á sólarhring á árinu 1988 sé komin vel yfir 10 000 bifreiðar, enda þekkja þeir sem þurfa að fara um Reykjanesbraut endalausar lestir bifreiða alla leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar eða öfugt. Sem fyrst þarf því að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig úr garði að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendum fyrirmyndum, hraðbraut sem þolir mikla umferð og mikinn aksturshraða við hagstæð skilyrði. Það skref, sem yrði stigið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina, er ekki lokaskref. Gera verður ráð fyrir því að stórauknar samgöngur og vöruflutningar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust áður en langt um líður kalla á enn fullkomnari samgöngur. Hugsanlega eigum við eftir að sjá hraðlest á einteinungi fara á milli flugstöðvarinnar og höfuðborgarsvæðisins á 10–20 mínútum.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins sem hraðbrautar kosti um 1 milljarð króna. Sjálf tvöföldun brautarinnar mun kosta um 350–400 milljónir króna, lýsing með allri brautinni um 200 milljónir króna og gerð umferðarmannvirkja á gatnamótum, svo og lagfæring afreina, um 300–400 milljónir króna. Með því að bjóða verkið út til stórra verktaka, jafnt erlendra sem innlendra, má eflaust lækka þennan kostnað verulega.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar fimm menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra hver um sig tilnefna einn stjórnarmann en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1000 milljónir króna. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 milljónir króna sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981 vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnutryggingarsjóði til 400 milljónir króna sem aflað skal með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.

7. gr.

Byggðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Forsætisráðherra setur reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, sbr. 3.–8. gr. laga þessara.

10. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði svo og banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti.

Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

12. gr.

1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðastgildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

13. gr.

2. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

14. gr.

3. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

15. gr.

1. mgr. 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðastgildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

16. gr.

7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga, enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.

17. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

18. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

19. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvarðanir.

20. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir, nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

21. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

22. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem

skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988. Gjald skv. 10. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um efnahagsaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða þegar aðgerðir til að koma í veg fyrir stöðvun mikilvægra útflutningsfyrirtækja, styrkja afkomu atvinnuvega, draga úr verðbólgu og lækka vexti, og koma þannig í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi og leggja grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagslífinu.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna

eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar fimm menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra hver um sig tilnefna einn stjórnarmann en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1000 milljónir króna. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 milljónir króna sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981 vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnutryggingarsjóði til 400 milljónir króna sem aflað skal með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.

7. gr.

Byggðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, sbr. 3.–8. gr. laga þessara.

10. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði svo og banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

12. gr.

1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðastgildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

13. gr.

2. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

14. gr.

3. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

15. gr.

1. mgr. 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðastgildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

16. gr.

7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga, enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.

17. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

18. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

19. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvarðanir.

20. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir, nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

21. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

22. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988. Gjald skv. 10. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Gjört að Bessastöðum, 28. september 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um endurskoðun laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta hraða endurskoðun laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Endurskoðun þessi taki m.a. mið af þörfum þeirra sem eru ofan við skólaskyldualdur en hafa ekki lokið grunnskólanámi, sem og því að mikill fjöldi nemenda stundar nú nám í öldungadeildum og ættu að eiga rétt á styrkjum.

Greinargerð.

Árið 1972 voru sett lög um ráðstafanir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum. Lög þessi voru til mikilla bóta á sínum tíma, en þau eru 16 ára nú og margt hefur breyst í íslensku þjóðlífi og skólakerfi síðan. Skólaskylda hefur lengst á síðustu áratugum og fjölmargir, sem lokið hafa fullri skólaskyldu, hafa ekki þá skólagöngu að baki sem þarf til að taka þátt í námi á framhaldsskólastigi. Því væri eðlilegt að fólk, sem þannig er ástatt um, ætti möguleika á styrkjum, en svo er ekki samkvæmt lögunum.

Styrkupphæðir hafa rýrnað í áranna rás og þarf að gera ráðstafanir til að bæta þar um því að engar líkur eru á að umsækjendum um styrkina fækki.

Á síðasta hausti kom fram í skýrslu þáverandi menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, til Alþingis að nefnd væri að vinna að endurskoðun laganna og ber brýna nauðsyn til að verkinu verði lokið og lögin verði að veruleika hið fyrsta.

Sþ. 10. Fyrirspurn [10. mál]

til iðnaðarráðherra um undirbúning að nýju álveri við Straumsvík.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða fyrirtæki taka þátt í hagkvæmnikönnun á nýju álveri við Straumsvík (ATLANTAL-verkefninu)?
2. Hvað er gert ráð fyrir að athugun þessi kosti og hver greiðir þann kostnað?

3. Hvaða verktakar vinna að hagkvæmniathuguninni, hvenær er þeim gert að skila niðurstöðum og hvenær er gert ráð fyrir að niðurstaða ATLANTAL-hópsins liggi fyrir?
4. Hvers eðlis er þátttaka íslenskra stjórnvalda og annarra innlendra aðila í hagkvæmniathuguninni?
5. Hvaða skuldbindingar liggja fyrir milli aðila vegna þessa verkefnis og hugsanlegs framhalds?
6. Hver er áætluð framleiðslugeta álbræðslunnar fullbyggðrar á ári? Út frá hvaða áfangaskiptingu er gengið varðandi byggingu hennar og hvernig eru einstakir áfangar tímasettir?
7. Hvaða mengunarvarnarkröfur eru settar sem forsendur í athuguninni? Óskað er eftir að mengunarvarnir séu greindar eftir eðli mengunar.
8. Hver er áætluð raforkuþörf álbræðslunnar og hvaða raforkuver er lagt til grundvallar í hagkvæmniathuguninni? Hvernig er það verð rökstutt?
9. Hvaða skattgreiðslum og öðrum gjöldum er gert ráð fyrir frá álbræðslunni til íslenska ríkisins og annarra aðila hérlendis í forsendum hagkvæmniathugunarinnar?
10. Hvað er gert ráð fyrir miklum mannafla við byggingu
    a. álbræðslu,
    b. virkjana,
    svo og við starfrækslu álbræðslunnar eftir að hún tæki til starfa?
11. Hvenær og í hvaða formi mundu frumvörp um hugsanlega álbræðslu og tengdar virkjanir verða lögð fyrir Alþingi?

Óskað er eftir að samningur sá sem íslensk stjórnvöld gengu frá við hin erlendu fyrirtæki 4. júlí 1988 verði birtur sem fylgiskjal með svari við þessari fyrirspurn.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 11. Fyrirspurn [11. mál]

til utanríkisráðherra um plútonflutninga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hafa íslensk stjórnvöld aðhafst vegna ráðgerðra loftflutninga með geislavirkt plúton frá Evrópu til Japans yfir Norður-Atlantshaf?

Sþ. 12. Fyrirspurn [12. mál]

til iðnaðarráðherra um löggjöf um iðnráðgjafa.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi að frumvarpi til laga um iðnráðgjafa?

Sþ. 13. Fyrirspurn [13. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um mengun við fiskeldi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjir fjalla um mengun við fiskeldi þegar undirbúin eru starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar?
2. Hvaða reglur hafa verið settar um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með talin um förgun úrgangs?
3. Hvernig er háttað eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi?
4. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?
5. Er talin hætta á að þörungablómi (eitraðar þörungategundir) geti valdið tjóni í fiskeldi hérlendis? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að varna því og fylgjast með þeirri hættu?
6. Hvaða rannsóknir fara helstar fram eða eru ráðgerðar hérlendis vegna mengunarhættu við fiskeldi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til heilbrigðisráðherra um PCB-mengun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hve víða er talið að mengun hafi orðið af völdum PCB-efna hérlendis?
2. Hvaða athuganir og rannsóknir hafa farið fram á útbreiðslu þessarar mengunar og til hvaða starfsemi er hún rakin?
3. Hvaða reglur hafa gilt um eftirlit með PCB-efnum, meðferð þeirra og förgun og hvernig hefur þeim verið framfylgt?
4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum PCB-efna?

Sþ. 15. Fyrirspurn [15. mál]

til menntamálaráðherra um leiðbeinendur og stundakennara í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

3. Hve margir stundakennarar á hvoru skólastigi fyrir sig starfa án kennsluréttinda?
4. Hve margir hinna réttindalausu stundakennara á hvoru skólastigi fyrir sig ná lægsta launaþrepi kennara?
5. Hefur umsóknum fyrir leiðbeinendur verið synjað? Ef svo er, hve mörgum á hvoru skólastigi?
6. Hve margir kennarar á hvoru skólastigi eru í launalausu leyfi skólaárið 1988–1989?
7. Hver hefur fjöldi kennara í launalausu leyfi verið undanfarin fimm skólaár, sundurliðað eftir skólastigum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 16. Fyrirspurn [16. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur einstaklinga.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Hverjar eru heildartekjur launafólks tekjuárin 1985, 1986 og 1987 — og fyrstu 6 mánuði ársins 1988 ef hægt er — skipt eftir kyni, aldri, störfum og vinnuveitendum (ríki, sveitarfélög, hálfopinberar stofnanir, aðrir)? Óskað er eftir að aldursskipting sé 16–20 ára og í 10 ára bilum eftir það.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 17. Fyrirspurn [17. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatt ríkisstarfsmanna.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hver var hlutdeild opinberra starfsmanna, a) karla, b) kvenna, í tekjuskatti og útsvari samkvæmt álagningu 1985 og 1986?
2. Hver var hlutdeild ríkisstarfsmanna í BHMR, ríkisstarfsmanna í BSRB og bæjarstarfsmanna í BSRB í tekjuskatti og útsvari launamanna samkvæmt álagningu 1985 og 1986, skipt eftir kynjum?
3. Hver er áætluð hlutdeild launamanna, a) karla, b) kvenna, skv. 2. tölul. að ofan í tekjuskatti og útsvari launamanna við álagningu 1988 samkvæmt nýjum skattalögum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 18. Fyrirspurn [18. mál]

til heilbrigðisráðherra um undirbúning frumvarps til laga um einnota umbúðir.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað líður undirbúningi frumvarps til laga um einnota umbúðir, sbr. ályktun Alþingis 11. maí 1988?

Sþ. 19. Fyrirspurn [19. mál]

til heilbrigðisráðherra um mengunarvarnir hjá Íslenska álfélaginu hf.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Í hvaða atriðum er mengunarvörnum ábótavant hjá Íslenska álfélaginu hf.?
2. Hvernig ætla stjórnvöld að tryggja að fyrirtækið geri viðunandi úrbætur vegna mengunar?
3. Hvers vegna er fyrirtækinu ekki gert að sækja um starfsleyfi eins og öðrum fyrirtækjum hér á landi sem geta valdið mengun?

Ed. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna í síðastgildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem kann að vanta á 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. september 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 12,75% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. desember 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 14,45% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. mars 1989 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 15,9% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja.

Gildandi kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felst í 1. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við hana.

Ákvæði þessarar greinar raska þó ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem fela í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr.

2. gr.

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu taka þeim hækkunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

4. gr.

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðastgildandi kjarasamningar til 10. apríl 1989.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að hækka laun, þóknanir og hvers konar hlunnindagreiðslur umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á ákvæðum laga þessara við framkvæmd kjarasamninga einstakra starfsgreina geta verkalýðsfélög eða vinnuveitendafélög vísað honum til úrskurðar sérstaks gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðila kjarasamnings tilnefna einn mann og Hæstiréttur hinn þriðja og er hann formaður dómsins. Úrskurður gerðardóms er fullnaðarúrskurður. Kostnaður við gerðardóm greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu hækkanir á gjaldskrám ríkisfyrirtækja háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 49/1987, skal hækkun persónuafsláttar flýtt þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí 1988.

11. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðgerðir í efnahagsmálum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð oss að ríkisstjórnin hafi ákveðið aðgerðir í efnahagsmálum er hafi að markmiði að tryggja að gengisbreyting krónunnar 16. maí sl. beri tilætlaðan árangur við að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði, koma í veg fyrir sjálfvirkt víxlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar og leggja grunn að jafnvægi í efnahagslífinu. Til að þessu markmiði verði náð beri brýna nauðsyn til að tryggja samræmi í launaþróun, verja kaupmátt lægstu launa og draga úr verðbólguáhrifum gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna í síðastgildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem kann að vanta á 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. september 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 12,75% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. desember 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 14,45% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. mars 1989 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 15,9% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja.

Gildandi kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felst í 1. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við hana.

Ákvæði þessarar greinar raska þó ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem fela í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr.

2. gr.

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu taka þeim hækkunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

4. gr.

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðastgildandi kjarasamningar til 10. apríl 1989.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að hækka laun, þóknanir og hvers konar hlunnindagreiðslur umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á ákvæðum laga þessara við framkvæmd kjarasamninga einstakra starfsgreina geta verkalýðsfélög eða vinnuveitendafélög vísað honum til úrskurðar sérstaks gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðila kjarasamnings tilnefna einn mann og Hæstiréttur hinn þriðja og er hann formaður dómsins. Úrskurður gerðardóms er fullnaðarúrskurður. Kostnaður við gerðardóm greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu hækkanir á gjaldskrám ríkisfyrirtækja háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 49/1987, skal hækkun persónuafsláttar flýtt þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí 1988.

11. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

8. gr. bráðabirgðalaganna orðast svo:

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, auglýst reglur er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Forseti Íslands
gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja fyllri ákvæði um efni 8. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

8. gr. bráðabirgðalaganna orðast svo:

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, auglýst reglur er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Friðrik Sophusson.

Ed. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um frestun á hækkun launa og búvöruverðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 skal launahækkun sú, sem samkvæmt þeim lögum skyldi taka gildi 1. september 1988, eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

2. gr.

Aðrar launahækkanir, þar með taldar hvers kyns greiðslur fyrir vinnuframlag, launahluti í gjaldskrám fyrir útselda vinnu eða sambærilegar þóknanir sem koma áttu til framkvæmda 1. september 1988 eða annan dag á gildistíma laga þessara, skulu eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal eigi hækka verð búvara á gildistíma laga þessara.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum á lögunum fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til loka september 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um frestun á hækkun launa og búvöruverðs.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að skapa svigrúm fyrir undirbúning efnahagsaðgerða sem miða að því að skapa rekstrargrundvöll fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins og að hemja verðbólgu. Verði því að fresta launahækkunum og hækkun búvöruverðs sem koma áttu til framkvæmda í septembermánuði og ákveða um leið almenna verðstöðvun.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988, skal launahækkun sú, sem samkvæmt þeim lögum skyldi taka gildi 1. september 1988, eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

2. gr.

Aðrar launahækkanir, þar með taldar hvers kyns greiðslur fyrir vinnuframlag, launahluti í gjaldskrám fyrir útselda vinnu eða sambærilegar þóknanir sem koma áttu til framkvæmda 1. september 1988 eða annan dag á gildistíma laga þessara, skulu eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal eigi hækka verð búvara á gildistíma laga þessara.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum á lögunum fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til loka september 1988.

Gjört á Blönduósi, 27. ágúst 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um eflingu fiskeldis.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson, Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að efling fiskeldis á Íslandi skuli vera meðal forgangsverkefna í atvinnumálum og felur ríkisstjórninni að vinna að uppbyggingu og þróun þessarar atvinnugreinar í samræmi við þá stefnumörkun. Í því sambandi er sérstaklega áréttað:

1. Að starfsskilyrði fiskeldis hérlendis verði sem líkust því sem gerist í helstu samkeppnislöndum.
   a. Komið verði á samræmdu afurðalánakerfi er geri fiskeldisfyrirtækjum kleift að fjármagna reksturinn fram að sölu afurða.
   b. Söluskattur og aðflutningsgjöld verði endurgreidd bæði af stofn- og rekstrarkostnaði.
   c. Lántökuskattur verði endurgreiddur.

d. Stimpilgjöld verði greidd með sama hætti og í sjávarútvegi.
e. Raforka til fiskeldis verði seld á taxta er taki mið af nýtingartíma og orkunotkun.
f. Reglur um takmörkun erlendrar lántöku hindri ekki uppbyggingu arðbærra fiskeldisfyrirtækja.
g. Fyrirtækjum verði heimilt að taka sjálf beint lán erlendis, enda leggi þau sjálf til ábyrgðir.

2. Komið verði á kennsu í fiskeldi á háskólastigi og menntun eldismanna efld.
3. Rannsóknir á sviði fiskeldis verði efldar og unnið eftir markvissri áætlun.
4. Kerfisbundin athugun verði gerð á hugsanlegum þætti fiskeldis í búháttabreytingum innan landbúnaðarins.
5. Sjúkdómaeftirlit og sjúkdómavarnir verði efld.
6. Komið verði á samræmdu gæðamati fiskeldisafurða.
7. Fylgst verði grannt með þróun fiskeldis í helstu samkeppnislöndum og leitað formlegrar samvinnu við Norðmenn.
8. Sett verði samræmd heildarlöggjöf um fiskeldi.

Greinargerð.

Fiskeldi er tillögulega ung atvinnugrein á Íslandi. Greinin hefur vaxið mjög hratt síðustu ár og þegar er ljóst að fiskeldi getur orðið mjög mikilvægur þáttur í þjóðarbúskapnum ef rétt er á haldið.

Í lok ársins 1987 voru skráðar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar alls 113 en þeim fjölgaði um 14 það sem af er árinu 1988 og eru þær því nú alls 127. Þar af hafa 109 hafið rekstur en 18 eru í byggingu eða undirbúningi.

Framleiðslugeta íslenskra eldisstöðva í árslok 1987.

	Rými	*Framleiðslugeta*
Seiði	40 000 m^3	20 milljónir
Matfiskur:		
Strandeldi	50 000 m^3	1 250 tonn
Sjókvíar	200 000 m^3	3 000 tonn

Áætlað er að framleiðsla ársins 1988 af laxi sé um 1100–1200 tonn.

Enn sem komið er er laxeldi viðamest í íslensku fiskeldi og verður vafalaust í næstu framtíð. Eigi að síður er silungseldi talsvert og menn eru farnir að fikra sig áfram með tilraunaeldi fleiri tegunda.

Hafrannsóknastofnun og Íslandslax hf. standa saman að tilraunum með lúðueldi á Stað vestan Grindavíkur og Fiskeldi Eyjafjarðar hf. er með tilraunaeldi á lúðu á Hjalteyri. Napi hf. er með eldi á kræklingum í Hvalfirði, á Stað er hafið tilraunaeldi á sæeyra og tilraunaeldi á hörpudiski er hafið á vegum Hafrannsóknastofnunar í Breiðafirði.

Engin atvinnugrein býr yfir jafnmiklum og hröðum vaxtarmöguleikum og fiskeldi. Engin atvinnugrein getur aukið þjóðartekjur jafnmikið á næstu árum og fiskeldi. Fiskurinn er að verða húsdýr.

Norðmenn áætla að framleiða um 100 000 tonn af eldislaxi á næsta ári. Þessi framleiðsla svarar til veiða á um 700 000 tonnum af þorski eða um það bil tvöfaldra þorskveiða Íslendinga. Þessar tölur gefa vísbendingar um hvað Íslendingar geta gert á sviði fiskeldis á næstu árum ef rétt er á haldið.

Með skipulegri uppbyggingu gæti fiskeldi gefið helmingstekjur á við sjávarútveg innan fyrirsjáanlegrar framtíðar. Engin önnur grein býður upp á slíka möguleika.

Nú þegar Íslendingar búa við 7000–12 000 millj. kr. viðskiptahalla árlega, þrátt fyrir gott árferði í framleiðslu, er ljóst að auka verður framleiðsluna, auka verður útflutninginn.

Framleiðsluverðmæti — fjárfesting.

Óvæntar aðstæður bjóða upp á framleiðslubyltingu í íslensku laxeldi á árunum 1988–1990. Norski seiðamarkaðurinn lokaðist og starfsskilyrðanefnd fiskeldis áætlar að um 10 milljónir seiða verði aldar til slátrunar hér í landinu vegna þeirrar stöðu. Nefndin áætlar útflutningsverðmæti þessarar framleiðslu um 5000 millj. kr. á ári eða um 10% af útflutningsverðmætum ársins 1987. Er þá miðað við að helmingur seiðanna sé alinn í kvíum og afföll verði veruleg.

Ekki er fráleitt að meta kíló af laxi um sjö sinnum verðmætara en kg af þorski upp úr skipi. Þessi aukna laxaframleiðsla svarar því til veiða á um 125 000 tonnum af þorski, þ.e. aukning þorskafla um 40% frá því sem Hafrannsóknastofnun leggur til að veitt verði. Þetta er ekki lítils virði þegar samdráttur er fram undan í þorskveiðum og er nokkur atvinnugrein sem getur boðið upp á slíka aukningu þjóðartekna á einu og hálfu ári?

Fróðlegt er að bera saman fjárfestingu í fiskeldi og öðrum arðbærum greinum þjóðarbúsins og horfa þá jafnframt til framleiðsluverðmæta:

Frystitogari — strandeldisstöð fyrir lax.

	Fjárfesting	*Framleiðsluverðmæti á ári*
500 tonna frystitogari	450 m.kr.	270 m.kr.
Strandeldisstöð, framl. 1800 tonn/ári	450 m.kr.	540 m.kr.

Frystitogarar hafa gefið betri arð en önnur útgerð að undanförnu. Strandeldisstöð skilar eigi að síður tvöfalt meiri útflutningsverðmætum miðað við fjárfestingu. Strandeldisstöðin notar meira af innlendum aðföngum en frystitogarinn og er ekki gerð út á ofnýtta fiskstofna. Stofnkostnaður frystitogarans er að mun meira leyti erlendur en strandeldisstöðvarinnar. Í fiskeldi eru stærstu kostnaðarliðir fóður, orka og laun og allt er þetta innlent.

Álver — strandeldisstöð fyrir lax.

Nú er mikið rætt um byggingu nýs álvers í Straumsvík. Flestir munu sammála um þjóðhagslegan ávinning slíkrar framkvæmdar. Fróðlegt er því að bera saman stækkun álvers (u.þ.b. 100 000 tonn á ári) og byggingu strandeldisstöðvar með getu til að ala til slátrunar u.þ.b. 10 milljónir seiða:

	Fjárfesting	*Ársframleiðsla*
Stækkun álvers	14 000 m.kr.	7 000 m.kr.
Strandeldisstöð	5 000 m.kr.	6 000 m.kr.

Þessar tölur segja þó ekki allt. Af framleiðsluverðmætum álversins verða eftir í landinu aðallega laun og greiðslur fyrir raforku. Ef áætlað launahlutfall af rekstrartekjum í álframleiðslu er um 16,5% gætu laun numið um 1100–1200 millj. kr. Orkuverð sveiflast eftir álverðinu, en ef áætluð orkunotkun er 1450 gwst. á ári gætu greiðslur fyrir raforku numið 1100–1200 millj. kr. Með ýmiss konar þjónustu gæti því álverið skilað inn í þjóðarbúið 2500–3000 millj. kr. á ári.

Strandeldisstöðin skilur hins vegar langmestan hluta tekna sinna eftir í landinu.

Þetta dæmi virðist því benda til að eldi þeirra laxaseiða, sem nú eru í landinu, til sláturstærðar gæti skilað í þjóðarbúið álíka miklum tekjum og tvö álver.

Aðstæður á Íslandi.

Aðstaða til fiskeldis á Íslandi er að mörgu leyti hin ákjósanlegasta. Í framtíðinni getur Ísland lagt enn frekari áherslu á matvælaframleiðslu. Lega landsins norður við heimskautsbaug úti í miðju Atlantshafi er ákjósanleg í heimi vaxandi mengunar.

Íbúar jarðarinnar munu í vaxandi mæli leita eftir hollri náttúrulegri fæðu sem framleidd er við bestu aðstæður án hvers konar mengunar og geislunar. Hér er gnægð af fersku, góðu og smitfríu vatni til eldis. Sjór og loft eru hrein og ómenguð. Jarðhitinn býður upp á möguleika til að auka vaxtarhraða, möguleika sem fáir geta keppt við. Gnægð raforku er til dælingar og annarrar orkunotkunar. Stærð landsins og lág íbúatala skipta miklu máli. Mikið landrými og löng strandlengja eru mikilvæg. Einangrun landsins minnkar áhættu af sjúkdómum. Fóður til fiskeldis má framleiða innan lands og er reyndar gert. Hráefni er mest innlent og þegar er fiskeldisfóður orðið útflutningsvara.

Þannig gætu og munu fjölmargar hliðargreinar eflaust líka þróast í framtíðinni ef fiskeldinu vex fiskur um hrygg. Má þar nefna t.d. rafeindaiðnað vegna öryggis- og stýrikerfa, stál- og plastiðnað o.s.frv.

Undir högg að sækja.

Þrátt fyrir þetta á fiskeldi mjög undir högg að sækja. Samræmt afurðalánakerfi er ekki til í fiskeldi eins og í öðrum greinum útflutnings. Fiskeldisfyrirtæki, þ.e. þau sem best eru sett, hafa fram undir þetta fengið afurðalán sem nema 37,5% af tryggingaverðmætum í stöðinni, þ.e. fyrirtæki, sem framleitt hefur verðmæti fyrir 100 millj. kr., fær afurðalán að upphæð 37,5 millj. kr. og verður því með einhverjum ráðum að brúa bilið. Þetta er þeim mun tilfinnanlegra þar sem það tekur u.þ.b. þrjú ár frá klaki hrogna til slátrunar á laxinum. Tíminn er langur þar til framleiðslan er seld og rekstrardæmið því óviðráðanlegt.

Erlend lán til stofnframkvæmda eru skattlögð og nærri liggur að eldisfyrirtækin greiði 1 millj. kr. af hverjum 10 millj. kr. sem þau taka að láni í skatta áður en þau fá lánið í hendur. Aðallega er þarna um að ræða lántökugjald, skatt í erlendar lántökur og stimpilgjald.

Eldisfyrirtæki hafa ekki fengið uppsafnaðan söluskatt endurgreiddan af útflutningsvörum eins og aðrar útflutningsgreinar. Reyndar mun svipað ástatt um loðdýraeldi síðustu þrjú árin. Þessi afstaða stjórnvalda til fiskeldis er illskiljanleg, en nú hillir undir lausn þessa máls samkvæmt nýjum stjórnarsáttmála.

Raforka er sérstaklega hár kostnaðurliður hér í strandeldi. Strandeldi er orkufrek framleiðsla. Ekki er óalgengt að eldisfyrirtæki noti 6–8 kwst. á kg af framleiddum laxi. Við álframleiðslu eru oft notaðar um 14 kwst. á kg af áli og er hún með orkufrekustu framleiðslu sem þekkist.

Nýtingartími raforku í strandeldi er mjög hár. Dælurnar ganga allan sólarhringinn alla daga ársins. Fram til þessa hafa eldisfyrirtækin þó greitt sama raforkutaxta og venjuleg iðnfyrirtæki, sama gjald og trésmíðaverkstæði sem er opið frá kl. 7.30 til 17.00 og kveikir annað slagið á vélsöginni. Nú er hins vegar í gildi afsláttartaxti ef heildarnotkun í „sjódælingu“ nær 1 gwst. á ári.

Hér á landi vantar alveg raforkutaxta þar sem gert er ráð fyrir orkunotkun í fiskeldi, taxta sem liggur á milli venjulegs iðnaðartaxta og stóriðjutaxta.

Þannig mætti lengi telja. Starfsskilyrðanefnd hefur í áfangaskýrslu fjallað um nokkur atriði starfsskilyrða og ljóst er að fiskeldi býr við miklu betri aðstæður í helstu samkeppnislöndum okkar. Þessu verður að sjálfsögðu að breyta.

Úr niðurstöðum starfsskilyrðanefndar fiskeldis: Staðan í dag.

A. Stofnframkvæmdir.

Eftirfarandi niðurstöður fást þegar borin eru saman skilyrði fjármögnunar til stofnframkvæmda í fiskeldi á Íslandi og í samanburðarlöndunum:

1. Samanburðarlöndin, önnur en Færeyjar, veita verulega styrki til stofnframkvæmda, 25–30%. Á Íslandi eru engir styrkir.
2. Krafa um eigið fjármagn er að lágmarki 33% á Íslandi en getur verið töluvert lægri í samanburðarlöndunum, frá 20% og allt niður í 5%.
3. Lán og styrkir í samanburðarlöndunum nema þannig 80–90%. Á Íslandi nemur lánsfé 67%.
4. Í Skotlandi er rekstrarkostnaður fram að fyrstu tekjum að jafnaði talinn til stofnkostnaðar.
5. Í sumum samanburðarlöndunum er *hluti stofnlána* með niðurgreiddum vöxtum og á Írlandi að hluta vaxtalaus. Á Íslandi gilda markaðsvextir.
6. Á vegum Evrópubandalagsins er veitt aðstoð til fiskeldis í bandalagsríkjunum samkvæmt sérstakri reglugerð, nr. 4028/86. Samkvæmt henni veitir bandalagið allt að 40% í styrki gegn mótframlögum heimalandsins sem nema 10–30%.
7. Á Íslandi er sérstakur skattur af erlendum lánum í gildi út árið 1988, 6% af lánum til lengri tíma. Í Noregi er fiskeldi undanþegið 10–13% fjárfestingarskatti.

Aðstaða til uppbyggingar fiskeldis verður að teljast mun betri í samanburðarlöndunum vegna *styrkja, hærra lánahlutfalls, niðurgreiddra vaxta*, lægri eiginfjárkröfu, auk sérstaks lántökuskatts á Íslandi.

B. Rekstrarlán.

1. Í samanburðarlöndunum fá fiskeldisfyrirtækin lán til að fjármagna allt að 100% af rekstrarkostnaði. Á Íslandi fá fiskeldisfyrirtækin u.þ.b. 50% rekstrarkostnaðar fjármögnuð með rekstrarlánum, en verða sjálf að finna leiðir til að fjármagna afganginn. Verulega skortir á um samræmdar reglur um veitingu rekstrarlána til fiskeldis hjá lánastofnunum hérlendis til jafnræðis við aðrar atvinnugreinar.
2. Í Noregi er veitt ríkisábyrgð fyrir rekstrarlánum, nú um 45% að jafnaði.
3. Í Skotlandi er rekstrarkostnaður fram að fyrstu tekjum skilgreindur sem stofnkostnaður og lánað til hans til langs tíma. Á Hjaltlandseyjum er veittur sérstakur stuðningur við öflun fyrsta árgangs af seiðum.
4. Hérlendis eru erlend lán utan afurðalána skattlögð.
5. Samkvæmt skýrslu OECD um fiskeldi, *Study on Aquaculture*, frá 9. maí 1988, FI/276 (1st Rev.), eru styrkir til fjárfestingar og rekstrar veittir í allríkum mæli til fiskeldis í löndum innan samtakanna.

Rekstur fiskeldisfyrirtækja verður að teljast mun auðveldari í samanburðarlöndunum þar eð fiskeldisstöðvar eiga kost á lánum fyrir *öllum rekstrarkostnaði*, sums staðar með *ríkisábyrgð* á rekstrarlánum. Einnig auka *styrkir* rekstrarlánamöguleika í samanburðarlöndunum. Þannig mæta opinberir aðilar erlendis þörfum þarlendra banka fyrir viðunandi tryggingar fyrir lánum.

Á Íslandi ríkir hins vegar ekki samræmt fyrirkomulag og erfitt er að sjá hvernig fiskeldisfyrirtækin eigi að geta fjármagnað hluta rekstrarkostnaðarins.

Menntunarmál.

Með tilliti til þeirrar gífurlega öru þróunar sem er í fiskeldi er eðlilegt og nauðsynlegt að þróa hér kennslu á háskólastigi í fiskeldi. Kanna þarf hvort slík kennsla væri best tengd

líffræðideild Háskóla Íslands eða jafnvel hvort koma ætti á kennslu í fiskeldi við Háskólann á Akureyri. Menntun eldismanna fer nú fram í tveimur skólum, Bændaskólanum á Hólum og Kirkjubæjarskóla.

Vegna þeirrar sprengingar sem hér er að verða í fiskeldismálum er a.m.k. nauðsynlegt að við stærri fyrirtækin starfi menn með æðri menntun og fleiri slíka menn vantar í landinu til þess að hafa hönd í bagga með þróuninni. Varðandi menntun eldismanna er rétt að vísa til nefndarálits í apríl 1988 um fiskeldisnám á framhaldsskólastigi.

Efla þarf þá skóla sem nú kenna fiskeldi. Nemendur vantar t.d. meiri fræðslu í matfiskeldi, en einmitt þar verður mestur vöxtur á næstu árum og nauðsynlegt er að skólarnir hafi aðgang að flestum venjulegum tækjum sem notuð eru í fiskeldi, þannig að nemendur hafi kynnst notkun þeirra er þeir koma út í atvinnulífið.

Rannsóknir.

Afar mikilvægt er að í grein eins og fiskeldi séu stundaðar víðtækar rannsóknir. Tilraunir þarf að gera um eldi á tegundum sem hentað gætu til aukningar þjóðarframleiðslu hér á landi.

Mikilvægt er að kynbæta eldisstofna og reyndar ókleift að stunda fiskeldi án kynbóta. Að reisa kynbótastöð fyrir eldislax er orðið brýnt.

Áhrif ýmissa umhverfisþátta á eldisfisk eru óþekkt og mikilvægt að fá vitneskju um þau. Í laxeldi má nefna áhrif umhverfisþátta, svo sem ljóslotu o.fl. á kynþroska, seltuhörðnun o.fl., áhrif hitastigs á vöxt, súrefnisþörf o.s.frv. Mikilvæg er og athugun á gæðum vatns og sjávar til eldis og á jarðfræðilegum þáttum við vatns- og sjótöku.

Rannsóknir í fiskeldi hér á landi hófust fyrst að ráði 1985 þegar Rannsóknaráð ríkisins byrjaði að veita styrki til rannsókna. Á árunum 1985–1988 veitti Rannsóknaráð rúmlega 71 millj. kr. til rannsókna í fiskeldi miðað við verðlag í júlí 1988. Aðrir sjóðir hafa veitt minni fjárhæðir. Nauðsynlegt er að öflugt framhald verði á þessum rannsóknum og unnið verði skipulega að þeim.

Þáttur fiskeldis í búháttabreytingum landbúnaðar.

Enginn vafi er á að víða í sveitum er aðstaða til fiskeldis. Víða er gnægð góðs, fersks vatns og jafnvel jarðhiti og margar jarðir hafa aðgang að sjó, þannig að þar má hefja eldi sjávarfiska. Nauðsynlegt er að framkvæma skipulega athugun á möguleikum til fiskeldis til sveita. Víða er eldi reyndar hafið.

Sem stendur er ekki þörf á að auka framleiðslu laxaseiða þannig að inn til sveita þarf að ala ferskvatnsfiska. Silungseldi getur víða orðið arðbært. Bleikjueldi virðist vænlegt en bleikjan þrífst vel við tiltölulega lágt hitastig. Norðmenn beina athyglinni t.d. mjög að bleikjueldi. Ýmsar aðrar tegundir má nefna, svo sem ferskvatnshumar.

Skipulagt fiskeldi til sveita þarf að tengjast öflugum sölusamtökum. Markaður fyrir silung er t.d. mikill í Evrópu. Norðmenn framleiða 5000 tonn af silungi á þessu ári og Danir hafa lengi flutt út þúsundir tonna af silungi árlega. Brýnt er að taka fiskeldi til sveita föstum tökum og því fyrr því betra.

Þróunin í nágrannalöndunum.

Íslendingar þurfa að fylgjast vel með þróuninni í helstu samkeppnislöndum. Sérstaklega er í þessari þingsályktunartillögu lagt til að leitað verði formlegrar samvinnu við Norðmenn. Þeir hafa nú þegar mikla reynslu og af þeim getum við mikið lært. Í Noregi eru nú starfræktar yfir 600 seiðastöðvar og yfir 700 matfiksstöðvar með eldisrými er nemur rúmlega 5 milljónum rúmmetra.

Helstu markaðssvæði Norðmanna fyrir lax eru Frakkland, Bandaríkin, V-Þýskaland, Danmörk og Svíþjóð. Áætlanir Norðmanna á sviði fiskeldis eru sem hér segir (framleiðsla í tonnum):

Tegund	*1990*	*1995*
Lax	100 000	130 000
Silungur	6 000	8 000
Þorskur	8 000	20 000
Sandhverfa	2 000	20 000
Lúða	500	10 000
Steinbítur	1 000	10 000
Ostrur	1 000	10 000
Hörpudiskur	1 000	5 000
	119 500	213 000

Að baki þessu eldi liggja miklar rannsóknir. Norðmenn eru mörgum árum ef ekki áratug á undan okkur. Formleg samvinna væri því ómetanleg. Þá er ekki bara um að ræða eldið sjálft og rannsóknir þar að lútandi, heldur einnig vöruþróun og markaðsþekkingu.

Sjúkdómaeftirlit — sjúkdómavarnir.

Við sjúkdómaeftirlit og sjúkdómavarnir í íslensku fiskeldi starfa Rannsóknadeild fisksjúkdóma að Keldum, embætti dýralæknis fisksjúkdóma, auk almennra dýralækna og sérstakrar fisksjúkdómanefndar.

Brýnt er að skýrar línur verði dregnar er afmarki starfssvið einstakra aðila.

Bæta þarf aðstöðu til eftirlits með fisksjúkdómum og efla þarf rannsóknir á þeim.

Heildarlöggjöf.

Þar sem fiskeldi er í mjög örum vexti og skipulagsmál greinarinnar að miklu leyti óleyst og í mótun er nauðsynlegt að setja starfsgreininni heildarlöggjöf.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um setningu laga um sjálfseignarstofnanir.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn starfsnefnd er vinni að samningu rammalöggjafar um sjálfseignarstofnanir.

Greinargerð.

Það eignar- og rekstrarform, sem sjálfseignarstofnun nefnist, hefur alllengi verið við lýði á Íslandi, en ekki hefur verið sett nein almenn löggjöf þar að lútandi. Þó eru til lög um ýmsar einstakar sjálfseignarstofnanir, svo sem lýðháskólann í Skálholti og Verslunarskólann, en aðrar sjálfseignarstofnanir starfa eftir lögum sem ekki fjalla beint um þær eða

eftir hefðum og samningum, svo sem skóli Isaks Jónssonar og sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala (Landakotsspítali).

Á síðustu árum hefur sjálfseignarstofnunum fjölgað allmikið og þróun mála virðist stefna í þá átt enn um sinn. Því er aukin þörf á almennri rammalöggjöf um starfsemi slíkra stofnana, rekstur þeirra og ábyrgð rekstraraðila, réttarstöðu stjórnenda o.s.frv.

Ljóst er að sjálfseignarstofnanir geta verið og eru ólíkar að gerð, markmiðin mismunandi og í ýmsum tilvikum þarf að setja sérákvæði um þær, en brýnt er að almenn mörkun laga og reglna um þessa starfsemi verði gerð.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um gjafsóknarreglur.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi, 452. mál, en kom ekki til umræðu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Alkunn er sú grundvallarregla laga og réttar nú á tímum að allir menn hafi rétthæfi allt sitt líf frá vöggu til grafar. En rétthæfi er hæfi til að eiga réttindi og bera skyldur. Íslenskt þjóðskipulag er enn fremur reist á þeirri meginforsendu að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum. Þessi regla er að vísu hvergi skráð berum orðum í stjórnarskránni, en segja má að andi hennar svífi yfir vötnunum. Það mun og mála sannast að óvíða hafi löggjöf verið færð svo mjög til samræmis við þessa jafnréttisreglu og hér á landi.

Á hinn bóginn getur aðstaða manna til að ná rétti sínum verið mjög misjöfn. Það fer mikið eftir efnum og ástæðum og ýmsum atvikum. En öll réttarríki, sem vilja kenna sig við menningu og mannúð, hljóta að leggja kapp á að styðja þegna sína til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að ná rétti sínum og njóta hans.

Um gjafsókn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þar er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn. Þar segir m.a. að dómsmálaráðuneytið veiti gjafsókn. Athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt. Gjafsókn megi m.a. veita kirkjum, skólum og sjúkrahúsum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi; enn fremur einstökum mönnum sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna, eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins.

Nokkrum ákvæðum einkamálalaganna hefur verið breytt og önnur hafa verið í endurskoðun. En að meginstofni til eru þau rúmlega hálfrar aldar gömul. Þau hafa dugað vel, en eðli laga er að breytast með breyttum tímum því að öll löggjöf ber „keim og eim síns aldarfars“. Hún er barn síns tíma. Engum lögum á þó að breyta breytinganna vegna heldur aðeins ef ný viðhorf og nýjar þarfir krefjast þess.

Í framhaldi af þessu er rétt að nefna nokkur atriði úr lögum og framkvæmd laga sem leggja verður höfuðáherslu á og öll ganga í þá átt að upplýsa almenning og aðstoða eftir bestu föngum.

Öll fræðsla er afar mikilvæg. Þar verður sjálft dómsmálaráðuneytið að ganga á undan með góðu fordæmi, svo sem sjálfsagt er. Vel fer á því að mínum dómi að þar starfi sérstakur upplýsingafulltrúi sem leiðbeint getur fólki og gefið því góð ráð um hvernig það fái náð rétti sínum með skjótum og öruggum hætti. Að sjálfsögðu leggur ráðherra sjálfur, ásamt öllu starfsfólki ráðuneytisins, kapp á að greiða götu manna með ráðum og dáð.

Þá er næst að nefna dæmi um opinbera starfsmenn sem vinna á vegum ráðuneytisins um allt land, beint og óbeint.

Hlutverk lögreglumanna er að halda uppi lögum og reglu, en jafnframt að „greiða götu manna þar sem það á við“, eins og segir í lögunum. Þetta á að vera eitt af meginboðorðum löggæslumanna.

Sýslumenn, bæjarfógetar og sérstakir lögreglustjórar starfa hver á sínum vettvangi um allt land (í Reykjavík: borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri, tollstjóri, svo og Rannsóknarlögregla ríkisins, segir í lögum). Þessi embætti eru ákaflega mikilvæg að því leyti að þau veita landsmönnum afar þýðingarmikla þjónustu og miðla hagnýtum upplýsingum til þeirra sem þangað leita til þess að reka réttar síns á einn eða annan veg. Þessi þjónusta er ýmist lögbundin (leiðbeiningarskylda) eða veitt af fúsum og frjálsum vilja. Um embættin úti á landsbyggðinni hefur verð sagt að þau væru eins konar lögfræðilegar tryggingastofnanir fyrir fólkið sem þangað leitar með vandamál sín, smá og stór, og að sjálfsögðu jafnframt í reynd hluti af Tryggingastofnun ríkisins þar sem sýslumenn og bæjarfógetar hafa frá öndverðu verið umboðsmenn þeirrar merku stofnunar hver á sínum stað og eiga því auðvelt með að fræða fólk um allt sem lýtur að almannatryggingum.

Samkvæmt lögum nr. 13 frá 1987 hefur Alþingi nýlega kosið sérstakan umboðsmann. Hlutverk hans á að vera að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu. Hann á að sjá um að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Það er með öðrum orðum réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Það verður allvandasamt verk að móta þetta nýja starf. Tvennt verður að hafa í huga:

Í fyrsta lagi að hér verði ekki um of viðamikið og kostnaðarsamt bákn að ræða. Í annan stað að hinn nýi embættismaður fái nægа fjárveitingu til þess að lögin megi ná tilgangi sínum og geti orðið skjöldur og skjól þegnanna.

Í öðru lagi vil ég nefna lögfræðiþjónustu Orators við almenning. Árum saman hefur Orator, félag lögfræðinema við Háskóla Íslands, boðið almenningi upp á ókeypis lögfræðilega aðstoð um tíma á hverjum vetri. Í þessu skyni hefur félagið fengið nokkurn styrk af opinberu fé. Lengi hefur Orator verið eitt allra öflugasta og athafnasamasta félagið í Háskólanum. Á þess vegum er úfgáfa *Úlfljóts* sem telja má eitt elsta og virtasta lögfræðitímarit landsins og komið hefur út reglulega um áratugaskeið. Leiðbeiningarþjónusta laganema við almenning er mjög svo virðingarverð. Hún er í senn skóli fyrir þá sjálfa þar sem þeir geta séð svipmyndir af raunhæfum verkefnum, sem þeirra bíða í lífinu sjálfu, svo og er veitt aðstoð og hjálp við hinn almenna borgara sem hollt er að veita liðsinni eftir bestu getu.

Öll þau dæmi, sem nefnd eru hér að framan, eiga það sameiginlegt að það kostar allmikið fé að framkvæma þau á þann veg að heitið geti góð þjónusta við almenning í landinu. Það er ekki nóg að setja saman góða löggjöf ef efni skortir til að framkvæma hana svo sem vera ber. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að það er dýrt að reka fámennt þjóðfélag af fullri reisn því að „margs þarf búið við“.

En sjálfstæðisbaráttan er eilíf og dagleg lífsbarátta verður að miðast við það að sérhver þjóðfélagsþegn fái náð þeim rétti sem honum ber að lögum og fái notið hans.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum.

Flm.: Lára V. Júlíusdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 31 28. mars 1974 voru fyrst sett ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu krafna launþega um vangoldin laun á hendur vinnuveitanda sem orðið hefur gjaldþrota. Þeim lögum var breytt með lögum nr. 8/1979. Ýmsir vankantar komu fram á þeim lögum og voru ný lög sett af Alþingi á árinu 1985, lög nr. 23 28. maí 1985.

Á síðustu árum hafa gjaldþrot mjög aukist hér á landi og má segja að nýir annmarkar hafi nú komið í ljós sem nauðsynlegt er að sníða af.

Einn stærsti galli þess kerfis, sem lög um ríkisábyrgð á launum byggist á, er hversu langan tíma það tekur launamann að fá laun sín greidd frá því að vinnuveitandi er lýstur gjaldþrota og þar til hann fær launagreiðsluna í hendur. Nokkrir mánuðir líða frá því fyrirtæki er lýst gjaldþrota og launþegi því jafnvel án nokkurra tekna þar til hann fær í fyrsta lagi þá launagreiðslu sem hann átti inni hjá fyrirtækinu við gjaldþrotið og í öðru lagi bætur vegna atvinnumissisins, þ.e. laun á uppsagnarfresti.

Ákvæði laganna um ríkisábyrgð á launum kveða á um að launakrafa sé send félagsmálaráðherra eftir að bú atvinnurekanda hefur verið lýst gjaldþrota jafnframt því sem lýsa skal kröfunni í þrotabúið. Þegar félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafan skal hann leita umsagnar skiptaráðanda áður en krafan er greidd út. Þótt skiptaráðanda sé heimilt að taka afstöðu til kröfunnar án undangengins skiptafundar hefur reynslan sýnt að þessi ferill er ærið tímafrekur, einkum þegar gjaldþrot verða úti á landi. Yfirleitt leita starfsmenn aðstoðar verkalýðsfélags og lögfræðings við frágang krafna í þrotabú. Þann tíma, sem líður á meðan á frágangi krafna, bréfaskriftum og bið eftir afstöðu skiptaráðanda stendur, fær það starfsfólk, sem ekki hefur fengið vinnu annars staðar, engin laun. Í þessu sambandi er rétt að minna á ástand sem skapaðist á Ísafirði nýverið vegna gjaldþrots rækjuvinnslu O. N. Olsen hf., en skýrt var frá þessu í fréttum.

Fyrir nokkrum árum var fólki bent á að sækja um atvinnuleysisbætur meðan beðið væri eftir uppgjöri á launakröfum úr gjaldþroti. Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi þá bætur á meðan fólk var atvinnulaust vegna þrotabús Blikksmiðjunnar Vogs hf. Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs voru síðan dregnar frá kröfunni í þrotabú atvinnurekanda. Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður hugðist síðan endurkrefja félagsmálaráðuneytið um þessar greiðslur var erindi sjóðsins synjað með vísan til álitsgerðar sem leitað hafði verið eftir hjá ríkislögmanni. Í bréfi ríkislögmanns sagði að í 4. gr. laga nr. 23/1985 væru tæmandi taldar þær kröfur sem ábyrgð ríkissjóðs taki til. Bætur sem tryggingafélög eða aðrir, þar á meðal

Atvinnuleysistryggingasjóður, kynnu að inna af hendi til launþega í tilefni af atvinnumissi féllu ekki innan ríkisábyrgðar samkvæmt þeirri grein. Ríkislögmaður vakti athygli á að sé krafa, sem fellur innan ríkisábyrgðar skv. 4. gr., framseld glatist réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði með þeirri einu undantekningu að krafa sé framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst, sbr. 10. gr. laganna.

Eftir að þessi afstaða félagsmálaráðuneytisins lá fyrir í nóvember 1985 hefur Atvinnuleysistryggingasjóður hafnað því að greiða atvinnuleysisbætur vegna gjaldþrota, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um. Sjóðurinn hefur í rökstuðningi sínum vísað til þess að ekki sé heimilt að greiða atvinnuleysisbætur fyrir tímabil sem umsækjandi á kröfu á launum fyrir.

Það frumvarp, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir því að heimild 10. gr. laga um ríkisábyrgð á launum sé rýmkuð. Þannig verði Atvinnuleysistryggingasjóði veitt heimild til að ganga inn í kröfu launamanns um bætur vegna launa á uppsagnarfresti með sama hætti og verkalýðsfélögum. Þegar kröfu verður síðan lýst í þrotabú liggur fyrir hversu háa upphæð viðkomandi launamaður hefur fengið greidda frá Atvinnuleysistryggingasjóði, en sú upphæð verður dregin frá kröfu hans. Á móti krefur Atvinnuleysistryggingasjóður félagsmálaráðherra um það sem hann hefur innt af hendi til launamannsins. Þannig má koma í veg fyrir langa bið launamanns eftir launum á uppsagnarfresti þegar gjaldþrot verða.

Þótt nú sé fyrir hendi heimild fyrir verkalýðsfélög að ganga inn í kröfur launafólks við gjaldþrot er það fátítt að félögin treysti sér til að ganga inn í kröfurnar. Þar ræður mestu að upphæðir launa eru oft svo háar að það er einungis á færi stærri félaga að leggja slíkar fjárhæðir út. Þannig er fólki í raun mismunað eftir því hversu stór gjaldþrot eru og hvar á landinu þau verða.

Það er hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða fólki bætur í atvinnuleysi. Með þeirri leið sem hér er lögð til verður sjóðnum gert kleift að endurkrefja ríkissjóð um þær bætur sem starfsmenn gjaldþrota fyrirtækja eiga rétt til og launafólk þarf ekki lengur að bíða í vikur og mánuði eftir launum sem það sannanlega á rétt á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Núgildandi 10. gr. laga um ríkisábyrgð á launum hljóðar svo:

„Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst."

Viðbótin, sem hér er lögð til, felur síðan í sér heimild til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti með sama hætti og stéttarfélag launþegans gengið inn í kröfu hans með framsali.

Í greininni er tekið fram að launþegi geti framselt kröfu sína að fullu leyti til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða einungis að hluta. Rétt þykir að taka þetta fram þar sem framkvæmdin yrði sú að starfsmaður fyrirtækis, sem orðið er gjaldþrota, skráði sig atvinnulausan og fengi atvinnuleysisbætur eftir þeim reglum sem um þær gilda þar til hann hæfi störf að nýju annars staðar. Hann ætti síðan kröfu á hendur ríkissjóði fyrir bótum, sem jafngiltu launum hans á uppsagnarfresti, að frádregnum þeim atvinnuleysisbótum sem hann hefði fengið greiddar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 27. Fyrirspurn [27. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heimahjúkrun.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd ákvæðis k-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 44/1986, þess efnis að hjúkrunarfræðingar geti tekið að sér að veita einstaklingum heimahjúkrun á grundvelli greiðslna úr sjúkrasamlögum eins og lengi hefur gilt um heimilislækningar?

Sþ. 28. Fyrirspurn [28. mál]

til landbúnaðarráðherra um Bjargráðasjóð.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað miðar endurskoðun lagaákvæða um Bjargráðasjóð og hverjar eru hugmyndir ráðherra og ríkisstjórnar um framtíðarhlutverk hans?

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um hvalveiðibann.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

1. gr.

Hvalveiðar, þar með taldar vísindaveiðar, í fiskveiðilögsögu Íslands eru óheimilar til ársins 1993.

2. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 2. febrúar 1983 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun á Alþingi:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

Með þessari þingsályktun var ótvírætt ákveðið að fara eftir samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins, en um leið var í nefndaráliti um tillöguna innleiddur sá tvískinnungur sem hinar svokölluðu vísindaveiðar eru byggðar á. Ekki verður hér frekar rætt um það sem liðið er, því verður ekki breytt.

Það fer ekki á milli mála að málflutningur náttúruverndarsamtaka víða um heim hefur áhrif, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Sú „mannlega" ímynd, sem dregin er upp af hvölum í fjölmörgum sjónvarpsþáttum og þá ekki hvað síst í barnatímum, gerir hvalveiðar

afar ógeðfelldar í hugum hundruða milljóna manna. Áhrif frjálsra náttúruverndarsamtaka eru víða sterk; það sést best á því að nokkur erlend fyrirtæki hafa hætt kaupum á íslenskum fiskafurðum af þessum sökum. Með setningu þessara laga felst ekki viðurkenning á réttmæti málflutnings náttúruverndarmanna. Hér er hins vegar horfst í augu við blákaldar staðreyndir og minni hagsmunir lagðir til hliðar fyrir meiri. Hvalveiðibann til fjögurra ára gefur okkur tóm til að skoða þessi mál vandlega. Eftir þann tíma má aflétta þessu banni eða framlengja eftir því hvað við teljum best fyrir hagsmuni okkar þá.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um að íslenska skjaldarmerkinu frá 1944, ásamt skjaldberum, verði komið fyrir á Alþingishúsinu í stað merkis Kristjáns konungs níunda.

Flm.: Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta taka niður merki Kristjáns níunda Danakonungs, sem nú er á norðurhlið Alþingishússins, og láta koma þar fyrir íslenska skjaldarmerkinu frá 1944 ásamt skjaldberum: griðungi, bergrisa, gammi og dreka.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hafa nokkrir alþingismenn og fleiri látið í ljós þá skoðun sína að eðlilegt væri að hið fagra og löggilta skjaldarmerki þjóðarinnar frá 1944 fengi að prýða Alþingishúsið í stað merkis Kristjáns níunda Danakonungs.

Af ýmsum ástæðum hefur ekki verið gerð gangskör að þessum breytingum. Málið hefur reynst viðkvæmt, m.a. vegna sambandsslitanna við Dani, og nefnd hafa verið fagurfræðileg sjónarmið. Einnig hefur sú skoðun komið fram að Íslendingum væri hollt að minnast þess að þeir voru undir erlendum yfirráðum í nærri átta hundruð ár.

Flutningsmaður getur ekki fallist á þessi sjónarmið og telur ekki viðunandi að Alþingi Íslendinga komi saman undir merki erlends konungs. Í þessu felst engin biturð eða illvilji í garð dönsku krúnunnar eða dönsku þjóðarinnar yfirleitt, enda munu Danir láta sér í léttu rúmi liggja hvort merki Kristjáns konungs níunda er á Alþingishúsi Íslendinga eða ekki. En Alþingi á ekki að láta sér á sama standa. Það getur varla verið keppikefli æðstu stofnunar sjálfstæðrar þjóðar að hafa valdsmerki erlends konungs á húsi sínu.

Því hefur einnig verið borið við að húsafriðunarlög komi í veg fyrir þessar breytingar. Þetta er ekki rétt. Þótt Alþingishúsið sé í A-flokki friðaðra húsa er ekkert sem kemur í veg fyrir þessa breytingu sé hún gerð í samráði við og með samþykki húsafriðunarnefndar.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 28. janúar 1987 og er eftir Þorstein Halldórsson skjaldarmerkjafræðing, segir m.a.:

„Á Alþingishúsinu hengu frá upphafi (1881) tvö skjaldarmerki, þ.e. hið íslenska: silfraður, krýndur, flattur þorskur á rauðum grunni og hið danska: þrjú krýnd blá ljón á gulum feldi með rauðum hjörtum. Voru merkin á framhlið hússins, sitt hvoru megin fyrir ofan svalagluggana. Krýndi þorskurinn var tekinn niður árið 1904 og nýtt skjaldarmerki sett í hans stað: silfraður fálki á bláum grunni. Árið 1911 voru bæði merkin tekin niður og síðan hefur ekkert skjaldarmerki hangið utan á Alþingishúsinu."

Þessar upplýsingar leiða hugann að því að alþingismönnum hefur fyrr á árum ekki þótt við hæfi að hafa eingöngu merki Kristjáns níunda á húsinu. Kanna mætti hvort ekki væri unnt að koma íslenska skjaldarmerkinu fyrir t.d. á svölum Alþingishússins ef mikil andstaða er við að fjarlægja merki Kristjáns níunda, sem þó verður að teljast ólíklegt.

Flutningsmaður telur fyllilega tímabært að Alþingi afgreiði þetta mál á þessu þingi.

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skóla að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla. Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og stuðli að samstarfi þeirra innan hvers fræðsluumdæmis.

2. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skóla skulu leitast við að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólastarfið til foreldra í skólahverfinu.

Nú óska foreldrar, sem eiga börn í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og sé starfsfólki skólans til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

3. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Skólaráð skal skipað þremur mönnum. Einn tilnefndur af kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, einn tilnefndur af foreldrum (foreldrafélagi ef það er til) og einn tilnefndur af nemendum (nemendaráði ef það er til). Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs. Skylt er fulltrúa skólanefndar, fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja með rökstuddri greinargerð um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skólaráð skulu vera starfandi við alla grunnskóla landsins er tvö ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á tveimur seinustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Það er endurflutt nú með nokkrum breytingum.

Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál, sem fyrrverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, skipaði í ágúst 1988, skilaði áfangaskýrslu í ágústmánuði sl. um skóla- og dagvistarmál. Kafli 1.5. í áfangaskýrslunni fjallar um stjórn skóla og eru þar gerðar tillögur um breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, sem lúta að starfsemi skólaráða. Víðtæk samstaða náðist innan samstarfsnefndarinnar um tillögur hennar. Í nefndinni sátu: Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Bessí Jóhannsdóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Þrúður Helgadóttir.

Flutningsmönnum þessa frumvarps þótti rétt að taka tillit til þessarar skýrslu og því er frumvarpið flutt nú með þeim breytingum sem samstarfsnefndin gerði á frumvarpinu og varða 1. og 3. gr. þess. Eftirfarandi greinargerð fylgdi upphaflega frumvarpinu:

Megintilgangur með lagafrumvarpi þessu er að auka aðild foreldra og nemenda að stjórn og innra starfi skóla.

Grunnskólinn er menntastofnun og hefur samkvæmt lögum fyrst og fremst það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga. Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki síst hvað varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda um 80% þeirra atvinnu utan heimilis. Einnig hefur fjöldi barna, sem dvelst hjá öðru foreldri sínu, farið vaxandi. Lætur nærri að um sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris.

Í kjölfar þessa fylgja ný viðhorf til hlutverks skóla. Ætlast er til að skólar sinni í ríkara mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og mótunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það kemur því í hlut grunnskólans að taka í auknum mæli að sér gæslu barna og jafnt líkamlega sem andlega umönnun þeirra.

Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á sterkum tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfsfólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Hinn 12. júlí 1983 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, vinnuhóp til þess að athuga „tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl". Hópnum var falið að athuga hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og skólabarna og sérstök áhersla lögð á samfelldan skóladag og að skapa skynsamlegt fyrirkomulag nestismála.

Hópinn skipuðu: Salome Þorkelsdóttir alþingismaður, formaður vinnuhópsins, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, varaformaður vinnuhópsins, Bryndís Steinþórsdóttir heimilisfræðikennari, ritari vinnuhópsins, Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri, Guðrún Agnarsdóttir alþingismaður, Helga Hannesdóttir barnageðlæknir, Hrólfur Kjartansson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður og Þórunn Gestsdóttir blaðamaður.

Vinnuhópurinn hóf störf 28. júlí 1983 og skilaði fyrri áfangaskýrslu í október 1984. Í þeirri skýrslu er einkum gerð grein fyrir samfelldum skóladegi og tengslum heimila og skóla í þéttbýli. Í janúarmánuði sl. skilaði vinnuhópurinn síðari áfangaskýrslu. Í henni beinist athyglin einkum að dreifbýlinu auk viðbótarupplýsinga um þéttbýlið. Skoða ber báðar skýrslurnar sem eina heild.

Rétt er að geta þess að þegar fyrrverandi menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, tók við embætti af Ragnhildi Helgadóttur lýsti hann stuðningi við verkefni vinnuhópsins og óskaði eftir að hópurinn héldi verkefninu áfram og lyki því.

Frumvarp þetta er flutt í beinu framhaldi af tillögum vinnuhópsins sem fylgja hér á eftir sem fylgiskjöl.

Tillögur vinnuhópsins fela ekki í sér þörf á umtalsverðum breytingum á lögum um grunnskóla, heldur er fyrst og fremst um framkvæmdaratriði að ræða (skipulagsatriði), með einni undantekningu þó, tillögu 2.4.: „auka áhrif foreldra í stjórn skóla“ (sbr. fylgiskjal II).

Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð sem sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál skólans. Með því að treysta samband foreldra og starfsfólks skóla og draga þannig úr skörpum skilum milli heimila og skóla má koma í veg fyrir mistök og misskilning vegna skorts á kynnum eða eðlilegum tengslum.

Með því að gera foreldra og nemendur samábyrga um daglegan rekstur skólanna er hægt að auka gagnkvæmt traust, tillitssemi og virðingu fyrir sameiginlegum verkefnum heimila og skóla, menntun og uppeldi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin, sem frumvarp þetta felur í sér á 20. gr. gildandi laga, er að skólastjóri skuli bæði hafa samráð við *skólaráð* og kennara við stjórn grunnskóla. Síðasta málsgreinin, um fræðsluskrifstofur, er samkvæmt tillögum samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál. Markmiðið er að styrkja starfsemi foreldra og kennarafélaga og að stuðla að samstarfi þeirra innan hvers fræðsluumdæmis.

Um 2. gr.

Ákvæði 21. gr. og 22. gr. núgildandi laga um foreldrafélög og nemendaráð eru hér sameinuð í eina heildargrein. Ekki er gerð önnur efnisleg breyting á lagagreinum þessum en sú að lögð er aukin áhersla á eflingu samstarfs heimila og skóla.

Um 3. gr.

Tilgangur með stofnun skólaráða er að skapa sameiginlegan vettvang fyrir foreldrafélag, nemendaráð og starfslið skóla.

Mál þau, er skólaráð fá til umfjöllunar, eru t.d. kennslu- og starfsáætlanir skólans, skólareglur, félagslíf nemenda, ferðalög nemenda, námsefni og fyrirkomulag námsmats, nýting húss og búnaðar, skólalóðin, tilrauna- og rannsóknarverkefni, valgreinar, öryggi á vinnustað, brunavarnir, umferðaröryggi í nágrenni skólans og annað sem lýtur að slysavörnum.

Gert er ráð fyrir að skólaráð hafi frumkvæði um að vinna að slysavörnum innan skólanna. Það er orðið mikið áhyggjuefni hve slys á börnum og unglingum eru tíð hér á landi. Þó að mikið sé unnið að slysavörnum er augljóst að ná þarf til stærstu áhættuhópanna með því að virkja þá sjálfa — börnin og unglingana. Það verður best gert með samvinnu foreldra, forráðamanna skólanna og nemenda.

Meginbreyting, sem samstarfsnefndin leggur til á upphaflega frumvarpinu, er að fækkað sé í skólaráði úr níu mönnum í þrjá. Flutningsmenn geta fallist á að gera þessa breytingu þar sem víðtæk samstaða var innan nefndarinnar um þetta atriði, enda er þá komið til móts við sjónarmið þeirra sem töldu ráðið of umfangsmikið eins og upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir. Ætla má að fámennara ráð geti orðið virkara.

Menntamálaráðherra setur skólaráði erindisbréf og reglugerð þar sem nánar er kveðið á um mál og málsmeðferð í skólaráði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að gefa skólum tveggja ára aðlögunartíma til að koma skólaráðum á laggirnar.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál.

1.5. Stjórn skóla.

Á undanförnum árum hefur starfsemi foreldrafélaga við grunnskóla landsins farið vaxandi. Við grunnskóla í flestum þéttbýlisstöðum eru starfandi foreldrafélög, yfirleitt í náinni samvinnu við kennara. Í skýrslu starfshóps um tengsl heimila og skóla, sem út kom í janúar 1986, eru talin þau foreldrafélög sem þá voru starfandi og voru þau samtals 94. Landssamband foreldrafélaga er ekki til, en hins vegar starfa samtök foreldra- og kennarafélaga, SAMFOK, í Reykjavík.

21. gr. grunnskólalaga fjallar um starfsemi foreldrafélaga: „Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, þess að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir. Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti."

Eins og fram kemur í lagagreininni á fulltrúi foreldrafélags rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti. Mjög er misjafnt hvernig foreldrafélög hafa nýtt sér þennan rétt. Í sumum skólum Reykjavíkur sitja fulltrúar foreldra kennarafundi reglulega. Annars staðar er lítið sem ekkert formlegt samband. SAMFOK í Reykjavík á áheyrnarfulltrúa í umferðarnefnd borgarinnar, svo og í skólamálaráði og fræðsluráði.

Foreldrafélög eru ekki gamalt fyrirbæri og hafa ekki skapað sér nægilega sterka starfsaðstöðu. Fyrst um sinn var ríkjandi nokkur tortryggni milli skólayfirvalda, kennara og foreldra. Telja verður að mikið hafi áunnist í þessum efnum og hafa kennarar mjög víða haft frumkvæði að því að stofna til foreldrafélaga.

Um gildi slíkra félaga þarf ekki að hafa mörg orð. Mjög er brýnt fyrir foreldra að geta haft aðstöðu til að taka þátt í námi barna sinna og fylgst með framgangi þess. Margir foreldrar hafa fundið sig vanmegnuga í þessum efnum. Bent hefur verið á að breytingar í námsefni og starfsháttum skóla eigi sinn þátt í því. Á móti hefur sú skoðun komið fram hjá mörgum að áhugaleysi eða afskiptaleysi foreldra sé áberandi í skólastarfi. Það stafi að einhverju leyti af því að skólarnir hafi í auknum mæli tekið að sér uppeldishlutverk og heimilin varpi því sífellt meiri ábyrgð yfir á þeirra herðar.

Starfsemi foreldrafélaga hefur verið mjög misjöfn eftir skólum. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram um ástæður þess og þær helstar að foreldrar hafi engin raunveruleg völd og þar af leiðandi séu áhrif þeirra takmörkuð. Foreldrar komi lítið inn í undirbúning skólastarfsins, kennslu- og starfsáætlanir og afleiðing lítilla áhrifa hljóti því að endurspeglast í áhugaleysi.

Starfshópur um tengsl heimila og skóla, sem fyrr hefur verið nefndur, fjallaði um aukin áhrif foreldra í stjórn skóla og segir svo í seinni skýrslu hópsins frá því í janúar 1986 (bls. 38): „Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð. Þar eigi sæti fulltrúar foreldra, nemenda, starfsfólks skóla, skólanefndar og skólastjóri eða yfirkennari. Skólaráð sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál skólans. Þar sem foreldrafélög starfa velji þau fulltrúa foreldra í skólaráði."

Í framhaldi af skýrslu hópsins flutti formaður hans, Salome Þorkelsdóttir alþingismaður, frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögunum þar sem gerð er tillaga um stofnun

skólaráða. Það frumvarp hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Tillögur nefndarinnar byggjast að hluta til á þessu frumvarpi.

Nefndin gerir tillögu um að fræðsluskrifstofum verði falið að hafa yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og að stuðla að samstarfi þeirra innan hvers fræðsluumdæmis.

Nefndin gerir tillögu um að eftirfarandi breytingar, sem lúta að starfsemi skólaráða, verði gerðar á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974 (sjá 1.—3. gr. frumvarpsins).

Fylgiskjal II.

Úr seinni skýrslu vinnuhóps um tengsl heimila og skóla:

SAMFELLDUR SKÓLADAGUR — TENGSL HEIMILA OG SKÓLA

2. Tengsl heimila og skóla verði efld með því að:

2.1. auka og bæta upplýsingastreymi milli heimila og skóla.

Foreldrar þurfa að nýta betur þau tækifæri sem gefast til að afla upplýsinga og halda persónulegu sambandi við kennara (símatímar, viðtalstímar, fundir).

Skólar þurfa að koma upplýsingum um skólatíma, stundaskrá o.fl. tímanlega til heimilanna. Æskilegt er að gróft skipulag fyrir haustið liggi fyrir að vori áður en skólum lýkur.

Stefna þarf að því að ráðningu kennara geti að mestu verið lokið í maí.

Skólar ættu að gefa út eins konar námsvísi í byrjun skólaárs og um áramót þar sem gerð er grein fyrir starfinu fram undan, skipulagi, námsefni, kennurum, aðstöðu, nýbreytni o.s.frv. Æskilegt er að skólar sendi eins konar skóladagatal til heimila í byrjun skólaárs og um áramót. Á dagatalinu verði tilgreindir lögboðnir frídagar, niðurfelling kennslu sem vitað er um, viðburðir í skólalífinu, s.s. skíðaferðir, árshátíðir, íþróttamót o.s.frv., prófdagar, skólalok og annað sem foreldrum er nauðsynlegt að vita um með fyrirvara (sbr. 2. og 4. gr. reglugerðar um starfstíma grunnskóla, nr. 191/1984).

Kynningarfundir fyrir foreldra barna í hverjum bekk, árgangi eða sambærilegum hópi, þar sem kynnt eru markmið námsins, námsefni og kennsluáætlanir, ættu að vera fastur liður í starfi kennara. Til að tryggja þátttöku sem best þurfa slíkar kynningar að vera utan venjulegs vinnutíma foreldra. Kennarar verða að fá slíka vinnu metna sem kennslu eða greidda sérstaklega.

Foreldrar verða að sjá til þess að kennarar fái upplýsingar um heimilishagi sem geta haft bein áhrif á skólaveru nemenda (svo sem flutninga, skilnað, dauðsfall í fjölskyldu, veikindi).

Auka þarf kynningu á skólum og skólastarfi í fjölmiðlum.

2.2. efla starfsemi foreldra- og kennarafélaga.

Fræðsluskrifstofur haldi skrár yfir starfandi félög, lög félaga, stjórnir og helstu verkefni.

Foreldrar barna í hverjum bekk eða námshópi, kennarar hans og nemendurnir eru sú starfseining sem gefur mesta möguleika á beinum tengslum við skólastarfið.

Hætta er á að frumkvæði skólanna, sem er ein meginforsenda þess að starfsemin haldist lífleg, minnki ef kennarar fá ekki umbun fyrir vinnu sína, t.d. sem fulltrúar í stjórn félaganna.

Æskilegt er að ákveðnum starfsmanni skóla sé falið að vera tengiliður milli foreldrafélaga og skólans í öllum almennum málum. Þetta starf gæti t.d. verið hluti af kennsluskyldu kennara.

Skólar ættu að láta foreldra- og kennarafélögum í té aðstöðu til útgáfu fréttabréfa og upplýsingarita, annast útsendingu og standa straum af efniskostnaði.

Fræðsluskrifstofur ættu að sjá um að safna saman upplýsingum og hugmyndum um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og koma þeim á framfæri, t.d. árlega.

2.3. auka bein kynni og þátttöku foreldra í skólastarfi.

Gera þarf foreldrum kleift að heimsækja skóla á skólatíma til að kynnast af eigin raun því sem fram fer.

Foreldrar gætu stutt skóla sinn rækilega með því að leggja fram t.d. tveggja stunda vinnu á hverju skólaári.

Með því að sitja í kennslustund eða aðstoða kennara við kennslu komast foreldrar í beina snertingu við skólastarf. Slík bein tengsl kunna að vera forsenda þess að skilja það sem fram fer eða mynda sér skoðun á gildi viðfangsefna.

Efla þarf foreldrafræðslu með því að gefa út upplýsingarit, bæklinga eða koma á annan hátt á framfæri leiðbeiningum til foreldra um það á hvern hátt þeir geta hjálpað til við heimanám eða annast viðfangsefni heima fyrir sem efla skólanámið. Sem dæmi um slíkar upplýsingar má taka fræðslu um máltöku barna, fræðslu um vitrænan þroska og þroska almennt, um unglingsárin og kynþroska, um sérstök vandamál eins og einelti, sérkennslu, geðvernd og geðheilsu, kennslu barna með sérhæfileika o.s.frv.

Koma þarf á sveigjanlegum vinnutíma sem víðast til þess að foreldrum sé unnt að halda beinum tengslum við skóla án þess að missa laun.

Tryggja verður öllum foreldrum orlof í veikindum barna og gera ákveðnari ráðstafanir varðandi forfallakennslu þegar kennarar eru heima vegna veikinda eigin barna.

2.4. auka áhrif foreldra í stjórn skóla.

Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð. Þar eigi sæti fulltrúar foreldra, nemenda, starfsfólks skóla, skólanefndar og skólastjóri eða yfirkennari. Skólaráð sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál skólans.

Þar sem foreldrafélög starfa velji þau fulltrúa foreldra í skólaráði.

Til þess að tryggja tengsl milli skólaráðs og skólanefndar, sem skipuð er af sveitarstjórn, er mikilvægt að fulltrúi skólanefndar sitji í skólaráði. Sömuleiðis ættu foreldrar a.m.k. að eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Reykjavík hefur hér sérstöðu þar sem fræðsluráð gegnir hlutverki skólanefndar. Þar mætti e.t.v. fara þá leið að fræðsluráð tilnefni fulltrúa sinn úr hverfi viðkomandi skóla.

Í gildandi lögum um grunnskóla er tekið fram í 21. gr. að „fulltrúi foreldrafélags eigi rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti". Vinnuhópurinn hvetur til þess að foreldrar nýti þennan rétt og skólar noti þetta tækifæri til aukinna tengsla við foreldra.

Ábyrgð foreldra á því sem fram fer í skólum eykst ef þeim eru falin mál til úrlausnar. Foreldrar verða að axla ábyrgð um leið og áhrif þeirra á skólastarf aukast.

Fylgiskjal III.

Nokkur atriði úr skýrslu landlæknisembættisins um barna- og unglingaslys á Íslandi.
(sept. 1985).

Slysatíðni barna og unglinga (drengja) á Íslandi er með þeirri hæstu sem gerist í heiminum (samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1981). Á sama tíma og mjög hefur dregið úr slysum á börnum og unglingum í nágrannalöndum hefur slysum fjölgað á Íslandi.

Unglingum á aldrinum 15–19 ára er 4–5 sinnum hættara við slysum í umferð en fólki 25 ára og eldra.

Slys eru flest meðal 17–18 ára unglinga, þ.e. skömmu eftir að þeir fá ökuréttindi.

Í framhaldsskóla, þar sem eru 500 piltar og 500 stúlkur, má búast við því að á hverju ári slasist 20–25 piltar og 10–12 stúlkur, sum lífshættulega. Margir bæklast varanlega eða um lengri tíma.

Ekki er vitað um slysatíðni í grunnskólum en kannanir á Norðurlöndum hafa leitt í ljós að allt að þriðja hvert barn verður fyrir einhverju slysi á ári hverju.

Rúmlega 80% þeirra, er lentu í vélhjólaslysum í Reykjavík, voru í aldurshópnum 15–19 ára.

Langflest þeirra barna, er slösuðust á reiðhjólum, voru 5–14 ára.

Slys á *gangandi vegfarendum* voru flest *meðal barna og unglinga*, hámarkið var í *5–9 ára* aldurshópnum. Hvað snertir manntjón má að nokkru leyti líkja umferðarslysum við berklafaraldurinn er gekk hér yfir fyrr á öldinni.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

Flm.: Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að efla beri Menningarsjóð félagsheimila og felur menntamálaráðherra að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um sjóðinn. Endurskoðunin skal fela það í sér að sjóðurinn geti stuðlað að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni og auðveldað þeim menningarstofnunum, sem eiga að þjóna landinu öllu, að gegna því hlutverki sínu. Miðað skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi, en hún var þá ekki útrædd.

Núgildandi lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila er að finna í lögum nr. 107 frá 28. október 1970, um félagsheimili. Þar er gert ráð fyrir að í Félagsheimilasjóð renni skemmtanaskattur svo sem segir í lögum um skemmtanaskatt, en 10% af tekjum sjóðsins skuli varið til Menningarsjóðs félagsheimila sem hafi það hlutverk að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til þess að styrkja menningarstarfsemi utan félagsheimila, „ef sérstaklega stendur á“, eins og það er orðað í lögunum.

Það er ástæða til þess að endurskoða hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila með tilliti til breytinga í þjóðfélaginu, efla hann og skapa honum grundvöll til þess að takast á við ný

verkefni. Hlutverk félagsheimila í menningarlífi landsmanna hefur breyst og fleiri samastaðir eru fyrir menningarstarfsemi, svo sem skólar, kirkjur og aðrar byggingar.

Ástæða er til að kanna sérstaklega með hverjum hætti sjóðurinn getur eflt stuðning við menningarstarfsemi á landsbyggðinni og stuðlað að því að tengja starfsemi menningarstofnana í höfuðborginni betur landsbyggðinni. Má í því sambandi nefna Listasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið sem eiga að hafa þær sérstöku skyldur að sinna landsbyggðinni. Geta má þess að tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitarinnar úti um land á seinni árum hefur mælst mjög vel fyrir.

Listasafnið hefur nú fengið glæsilega starfsaðstöðu hér í höfuðborginni og næsta skref ætti að vera að tengja starfsemi þess betur landsbyggðinni. Þjóðleikhúsið ætti að hafa sérstakar skyldur í þessu efni, en leiksýningar þess út um landsbyggðina hafa verið takmarkaðar í seinni tíð.

Efling Menningarsjóðs félagsheimila gæti létt undir með starfsemi þessara stofnana og ekki er síður nauðsynlegt að sjóðurinn haldi áfram að sinna áhugafólki sem starfar að menningarmálum. Þar er þörfin brýn og mikill áhugi fyrir hendi.

Tillögugreinin kveður á um eflingu sjóðsins sem þýðir að auka verður tekjur hans. Nauðsynlegt er einnig að endurmeta hlutverk sjóðsins og marka honum framtíðarstöðu, ekki síst þar sem nú er rætt um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Nauðsyn ber til að sjóðurinn verði öflugur um land allt, óháð því hvað verður ákveðið varðandi byggingu og rekstur félagsheimilanna í landinu.

Rétt þykir að ráðrúm gefist til endurskoðunarinnar og hugsanlegra lagabreytinga og því er gert ráð fyrir að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um endurskoðun lánskjaravísitölu.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar.

Greinargerð.

Lánskjaravísitala sú, sem verið hefur í gildi frá árinu 1979, er samsett af tveimur öðrum vísitölum. Að ⅔ hlutum hefur verið byggt á framfærsluvísitölu og ½ hluta á byggingarvísitölu. Lánskjaravísitala þessi hefur verið mjög umdeild og ný ríkisstjórn hefur ákveðið að breyta grunninum þannig að vísitala launa vegi helming en framfærsluvísitala og byggingarvísitala hvor um sig einn fjórða.

Grunnur þessi var ákveðinn af nokkurri skyndingu og erfitt er að sjá fyrir hvaða áhrif hann muni hafa. Grunnur vísitölu launa er byggður að hálfu á vísitölu kauptaxta og að hálfu á vísitölu atvinnutekna á mann.

Áformað er að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga er verðbólga hefur hjaðnað niður fyrir ákveðið stig. Þó svo yrði verður verðtrygging eldri fjárskuldbindinga tæpast afnumin. Mikilvægt er því að endurskoða grunn lánskjaravísitölunnar.

Svonefnd verðtryggingarnefnd, sem skilaði áliti í júlímánuði sl., dró saman ýmsar mikilsverðar upplýsingar en lagði ekki til nýjan grunn, enda vandasamt. Ekki virðist síður ástæða til endurskoðunar á faglegum grundvelli nú, enda mikið í húfi.

Vísitala launa er umdeild sem slík, en eðli hinna vísitalnanna tveggja er að mæla kostnað, annars vegar við framfærslu hins svonefnda vísitölukostnaðar og hins vegar byggingarkostnaðar.

Lánskjaravísitalan er notuð sem reiknigrunnur við verðtryggingu fjárskuldbindinga og sparifjár. Vextir ofan á lánskjaravísitölu eru metnir sem raunvextir og allt tal um raunvexti er ómarkhæft nema grunnurinn sé réttlátur.

Eldri grunnur lánskjaravísitölu hefur nú verið í gildi í nærfellt tíu ár og er því unnt að bera þróun hennar saman við þróun ýmissa stærða í efnahagslífinu á þessu tímabili. Nýja grunninn má einnig reikna aftur í tímann og freista þess að meta framtíðina þannig.

Nokkur atriði sem hafa ber í huga við endurskoðun á grunni lánskjaravísitölu:

1. Hvert er eðlilegt hlutverk lánskjaravísitölu í þjóðfélaginu?
2. Núverandi lánskjaravísitala er að hluta „vensluð" þeim stærðum sem henni er ætlað að mæla. Í framfærslugrunni frá 1. júlí sl. eru vextir og verðbætur af íbúðarhúsnæði reiknuð með sem hluti framfærslukostnaðar. Aukinn fjármagnskostnaður veldur því hækkun framfærsluvísitölu en hækkun framfærsluvísitölu veldur hækkun lánskjaravísitölu sem aftur veldur hækkun framfærsluvísitölu og svo koll af kolli. Aukinn fjármagnskostnaður veldur hækkun vöruverðs sem hækkar framfærsluvísitölu sem veldur hækkun lánskjaravísitölu sem aftur hækkar framfærsluvísitölu og svo koll af kolli.
3. Er unnt að miða lánskjaravísitölu meira við gengisskráningu eða viðskiptakjör þannig að bein inngrip eða áhrif stjórnvalda vegi minna, sbr. áhrif óbeinna skatta, niðurgreiðslna og önnur áhrif á kostnaðarvísitölu?

Nýjum grunni lánskjaravísitölu er ætlað að draga úr misgengi launa og fjárskuldbindinga. Hins vegar getur misgengi við erlend lánskjör orðið mikið með alvarlegum áhrifum á útflutningsgreinar.

Raunverð íslenskra peninga hlýtur að endingu að verða að nokkru leyti háð hagvexti og framleiðslu í landinu, sem og viðskiptakjörum og gengi.

Margt bendir og til þess að lánskjaravísitalan henti illa við að tengja verðgildi peninga við verðgildi annarra eigna, hvort sem um er að ræða eldri eða nýrri grunn. Verðgildi peninga verður að meta að hluta eftir því hvað unnt er að fá fyrir þá, svo sem fasteignir, notaða bíla o.s.frv., og er þess vegna háð ýmsum markaðsaðstæðum.

Ljóst er að mikill vandi er að finna „réttan" grunn fyrir lánskjaravísitölu. Hins vegar er einnig ljóst af því hversu mjög fyrri grunnur var umdeildur og ákveðinn af mikilli skyndingu að nauðsyn er að endurskoða grunninn faglega. Því er hér lagt til að sú endurskoðun fari fram.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um athugun á lagalegu réttmæti byggingar ráðgerðs ráðhúss í Reykjavíkurtjörn og fleira.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að kanna skuli sem ítarlegast öll lagaleg atriði sem tengjast ráðgerðri byggingu ráðhúss Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn með tilliti til eignarréttar og grenndarréttar húseigna Alþingis við norðurenda Tjarnarinnar. Skal forsetum Alþingis falið að fá þrjá trausta lögfræðinga til að kanna lagaleg atriði málsins og gefa sérálit og einnig að fá könnun og sérálit þriggja manna sérfróðra um skipulags- og byggingarmál á málum sem tengjast ráðhúsbyggingunni. Jafnframt skal leitað til borgarstjórnar Reykjavíkur og hún beðin um að leggja fram sem ítarlegust gögn um lagalegar, skipulagslegar og aðrar forsendur

sem ráðgerð ráðhúsbygging er reist á. Skal stefnt að því að hraða öflun þessara gagna og álita og leggja þau fram í greinargerð um málið á því Alþingi sem nú situr.

Alþingi ályktar einnig að beina þeim tilmælum til borgarstjórnar Reykjavíkur að stöðvaðar verði án tafar framkvæmdir í Reykjavíkurtjörn og þær verði ekki hafnar aftur fyrr en ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar brjóti ekki gegn lögum eða löglegum og réttmætum hagsmunum Alþingis og Alþingi hafi gefist tækifæri til að ályktа þar um. Dugi tilmæli Alþingis ekki til að stöðva framkvæmdir borgarstjórnar Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn til bráðabirgða skal forsetum Alþingis falið að láta vinna að því fyrir dómstólum að stöðva framkvæmdirnar þar til ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar séu lögmætar.

Greinargerð.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur, eins og kunnugt er, hafið á þessu ári umfangsmiklar framkvæmdir í norðvesturhluta Reykjavíkurtjarnar og ráðgerir að byggja þar ráðhús Reykjavíkur í elsta hluta borgarinnar, í næsta nágrenni við Alþingishúsið og nánast alveg við aðrar byggingar Alþingis.

Alþingi sjálft og raunar þjóðin öll á hér mikilla hagsmuna að gæta. Ekki aðeins beinna hagsmuna af því að allur réttur Alþingis, svo og annarra, sé virtur í þessu máli, heldur verður Alþingi einnig sem löggjafarvald og stofnun, sem fylgist með að lög séu ekki brotin, að fylgja því sérstaklega eftir að lög og réttur Alþingis sé virtur. Bregðist það er hætt við að áhrif laga sem stjórnunartækis skerðist með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Margar ástæður eru til að ætla að ekki hafi verið fylgt lögum í hvívetna né tekið tillit til réttar manna og stofnana við byggingu ráðgerðs ráðhúss. Fyrst er þó bent á að sá aðilinn, sem helst og best á að fylgjast með því að lögum og reglum sé fylgt við byggingarframkvæmdir í Reykjavík, er borgarstjórn Reykjavíkur, embættismenn og aðrir starfsmenn sem starfa á vegum borgarinnar. Hér liggur því fyrir að sá aðili sem drifið hefur framkvæmdir áfram af miklum krafti á skömmum tíma á jafnframt lögum samkvæmt að vera helsti eftirlitsaðili með því að lögum og öðrum reglum sé fylgt við framkvæmdirnar. Eðlilega þarf að huga vel að málum þar sem sami aðili hefur með höndum framkvæmdir og eftirlit.

Á síðasta þingi varð flutningsmaður þessarar tillögu ekki var við það að nokkur gögn frá borgarstjórn um ráðgerða ráðhúsbyggingu eða mál því tengd væru lögð fram á Alþingi. Í byrjun júní birti flutningsmaður því opið bréf í Morgunblaðinu til forseta Alþingis og spurðist fyrir um nokkur atriði, lagaleg sem önnur, er tengjast ráðhúsbyggingunni.

Af orðsendingu forseta Alþingis, sem birtist í Morgunblaðinu 14. júní 1988, má ráða að ekki hafi farið fram könnun á vegum Alþingis á lagalegum atriðum tengdum ráðhúsbyggingunni og önnur atriði virðast aðeins hafa verið athuguð lítillega. Það eina sem var upplýst kom fram í stuttu áliti tveggja arkitekta. Annar arkitektinn er húsameistari ríkisins, Garðar Halldórsson. Á hann sæti í skipulagsstjórn ríkisins og hefur þar tekið þátt í afgreiðslu mála sem tengjast ráðhúsbyggingunni. Hinn arkitektinn er Sigurður Einarsson, sá er fékk fyrstu verðlaun í samkeppni um nýbyggingu Alþingis. Önnur gögn eða svör um ráðhúsmálið hefur flutningsmaður ekki fengið frá Alþingi.

Þingsályktunartillagan miðar að því að könnuð verði ítarlega m.a. öll lagaleg og skipulagsleg atriði sem tengjast ráðgerðri byggingu ráðhússins. Þau gögn verði lögð fyrir Alþingi og Alþingi sjálft fái tækifæri til að móta afstöðu sína til málsins og gera ráðstafanir ef það telur tilefni til. Einnig að framkvæmdir verði stöðvaðar til bráðabirgða meðan kannanir fara fram.

Þingsályktunartillagan er flutt vegna þess að flutningsmaður telur óviðunandi að ekki liggi fyrir ótvíræð og traust gögn um lögmæti og réttmæti framkvæmda við byggingar Alþingis sem það hefur síðustu áratugi reynt að afla í því skyni að byggja við Alþingishúsið.

Þetta er brýnt eigi Alþingi að starfa áfram á sama stað, einnig telur flutningsmaður óhjákvæmilegt að Alþingi sýni þessu máli þann sóma að álykta um það.

Flutningsmaður vill að lokum bæta því við, þótt það sé ekki höfuðatriði málsins hver hans skoðun er, að ýmis atriði benda til þess að ekki hafi verið réttilega og löglega að málum staðið í sambandi við samþykkt Kvosarskipulags og ráðgerða byggingu ráðhúss; margt er óljóst sem lög kveða á um og tengist þessu. Nýja Kvosarskipulagið gerir t.d. ráð fyrir að byggingar í Kvosinni í Reykjavík geti hækkað nokkuð, eða í um fimm til sex hæða byggingar. Þetta skipulag hefur verið samþykkt, með ágreiningi að vísu, í borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins, en hlotið staðfestingu félagsmálaráðuneytisins. Ekki er kunnugt um að eigendum fasteigna á Kvosarsvæðinu hafi verið tilkynnt skriflega um hið ráðgerða skipulag, mat á eignum hafi farið fram eða félag hafi verið stofnað um framkvæmdirnar eins og kveðið er á um í VI. kafla skipulagslaga, nr. 19/1964. Ef þessi framkvæmd er talin lögleg og forsvaranleg, hver er þá staða opinberra bygginga í og næst við Kvosina? Á þessu svæði eru fjölmargar opinberar byggingar og þar af nokkrar gamlar byggingar, svo sem Alþingishúsið sjálft, Dómkirkjan, pósthúsið, menntaskólahúsið og Stjórnarráðshúsið. Hver verður svipur og staða þessara bygginga ef hús í nágrenni þeirra hækka svo að almennt verður um fimm til sex hæða byggingar að ræða? Og hver verður staða þessara bygginga ef haldið verður áfram á sömu braut og þegar er mörkuð og síðar samþykkt enn eitt skipulag fyrir Kvosina með sama hætti og síðast var gert og byggingar almennt hækkaðar í átta til tíu hæðir?

Einnig vekur athygli að ráðgert ráðhús var fært inn á skipulagstillöguuppdrátt haustið 1987, eftir að skipulagsstillagan hafði verið kynnt almenningi og samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þá liggur fyrir að framkvæmdir voru hafnar í Reykjavíkurtjörn áður en byggingarleyfi var veitt. Voru þær byggðar á meintu „graftarleyfi“ sem félagsmálaráðuneytið felldi síðan úr gildi.

Mikill ágreiningur hefur alla tíð verið um byggingu ráðhússins og hafa íbúar við Tjarnargötu helst haft sig í frammi. Ekki liggur ljóst fyrir hver niðurstaða félagsmálaráðuneytisins er í málinu, en af blaðafregnum má ætla að fullkomin óvissa sé um hver eigi þann hluta Tjarnarinnar þar sem ráðgerð ráðhúsbygging á að rísa. Athuga þarf hver hlutur Alþingis er þar.

Vegna mikils hraða á framkvæmdum við ráðgert ráðhús er óskað sérstaklega eftir að þingsályktunartillaga þessi fái skjóta afgreiðslu á Alþingi.

Fylgiskjal I.

Opið bréf til forseta Alþingis

Þorvalds Garðars Kristjánssonar, forseta sameinaðs Alþingis,
Karls Steinars Guðnasonar, forseta efri deildar,
og Jóns Kristjánssonar, forseta neðri deildar.

Ágætu forsetar.

Ekki hefur farið fram hjá þeim sem átt hafa leið niður að Reykjavíkurtjörn að undanförnu að Reykjavíkurborg hefur fyllt upp verulegan hluta norðvesturhorns Tjarnarinnar vegna ráðgerðrar byggingar ráðhúss þar. Hafa margir undrast hve stórt athafnasvæðið

er. Af þessu tilefni og með vísun til umræðna á Alþingi á sl. hausti leita ég til ykkar, forsetar Alþingis, til að afla upplýsinga um hvernig þessar framkvæmdir horfa við Alþingi.

Alþingi hefur ástæðu til að fylgjast vel með framkvæmdum sem eiga sér stað í nágrenni þess og netlögum. Skal fyrst benda á að við norður- og norðvesturenda Reykjavíkurtjarnar eru starfsstöðvar Alþingis í nokkrum húsum auk Alþingishússins sjálfs. Rætt hefur verið um byggingu nýs húss fyrir Alþingi á lóðum í næsta nágrenni við ráðgert ráðhús og Alþingi á eða hefur yfir að ráða öllum húsum og lóðum sem takmarkast af Vonarstræti, Tjarnargötu, Kirkjustræti og Templarasundi, ef undan er skilið Oddfellow-húsið. Auk þess á Alþingi í fleiri nálægum húsum.

Með vísun til framanritaðs vil ég spyrja, ágætu forsetar, hvaða gögn hafa borgaryfirvöld í Reykjavík afhent Alþingi vegna ráðgerðrar ráðhúsbyggingar? Hvaða óskir, kröfur eða áskilnaði hefur Alþingi sett fram gagnvart ráðamönnum Reykjavíkurborgar vegna ráðhúsbyggingarinnar eða Kvosarskipulags að öðru leyti? Hvað hefur Alþingi gert til að kanna þessi mál og kynna þau alþingismönnum og þjóðinni? Mál Alþingis eru mál þjóðarinnar allrar.

Við byggingu ráðhúss í norðvesturhorni Reykjavíkurtjarnar kemur margt til álita, svo sem lífríki Tjarnarinnar og söguleg atriði. Reykjavíkurtjörn er tjörn fyrsta landnámsmanns Íslendinga. Umferðin að og frá þessu svæði er í ólestri í dag. Hvernig verður það leyst með tilliti til ráðhúsbyggingarinnar? Hvernig verða bílastæðavandamál leyst? Verður ráðhúsbyggingin til að torvelda eða jafnvel hindra að framtíðarstaður fyrir Alþingi verði á þessu svæði?

Um þessi atriði og önnur sem máli eru talin skipta er nauðsynlegt að fá upplýsingar sem Alþingi hefur. En sérstaklega er óskað upplýsinga um öll lagaleg atriði sem tengjast byggingu ráðhúss í Tjörninni. Hver á Reykjavíkurtjörn? Er mögulegt að Tjörnin sé eign þeirra sem eiga lóðir að Tjörninni, þar á meðal Alþingis? Er mögulegt að rask eða breyting á botni Reykjavíkurtjarnar sé óheimil samkvæmt vatnalögum nema samþykki allra eigenda að Tjarnarbakkalandi og netlögum komi til? Hvaða gildi hafa skipulagslög, nr. 19 frá 1964, á Tjarnarsvæðinu í Reykjavík? Hér kann að þykja hvatvíslega spurt en ástæðan er sú að illa virðist fylgt VI. kafla laganna um framkvæmd skipulags eldra hverfis, gr. 23, 24 og 25. Þar er gert ráð fyrir sérstökum skriflegum tilkynningum til eigenda húsa á svæði sem skipuleggja á að nýju. Einnig kynningum og fundum og að viðkomandi sveitarfélag hafi forgöngu um stofnun félags um endurbyggingu eldra hverfis ef ráðist er í nýja skipulagningu þess, eignarnám í vissum tilvikum og fleira.

Hver er grenndarréttur húsa í Kvosinni í Reykjavík, en þar standa hús Alþingis? Nýlega samþykkt og staðfest Kvosarskipulag virðist gera ráð fyrir verulegri hækkun húsa, þ.e. í fimm til sex hæðir. Þetta hefur gerst gagnvart eignum Alþingis og fjölmörgum öðrum opinberum húsum í og við Kvosina án þess að húseigendur væru spurðir sérstaklega, eftir því sem ég veit best. Hvað um framhaldið? Verður ef til vill leyft að hækka hús enn frekar í seinni skipulagsreglum án þess að húseigendur verði spurðir? Mín skoðun er sú að Alþingi sé ekki aðeins rétt og skylt að fylgjast vel með því sem er að gerast í nágrenni Alþingishússins og gæta þess að ekki sé brotið gegn rétti sem tengist því. Einnig komi þar til sómi og áhrif Alþingis. Er hætt við að mönnum þyki Alþingi fylgjast illa með málum og vera hirðulaust ef stórfelldar og mögulegar ólögmætar framkvæmdir eiga sér stað í bakgarði Alþingis án þess að forráðamenn þess bregði við.

Undirritaður er aldursforseti Alþingis og sem slíkur legg ég ríka áherslu á að virðingar og lagalegs réttar Alþingis sé gætt í hvívetna. Þar sem Alþingi situr nú ekki að störfum er óskað eftir að svör ykkar, ágætu forsetar, verði birt opinberlega.

Stefán Valgeirsson

alþingismaður.

Fylgiskjal II.

Orðsending frá forsetum Alþingis.
(Birtist í Morgunblaðinu 14. júní 1988.)

Að gefnu tilefni vilja forsetar Alþingis taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt reglum um grenndarrétt gaf byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar Alþingi kost á, sem eiganda húsanna Vonarstrætis 12 og Tjarnargötu 5a og lóðanna nr. 10 (hluti) og 10b við Vonarstræti, að tjá sig um framkvæmd ráðhúsbyggingar á lóðinni Tjarnargötu 11.

Byggingarfulltrúa var sent svofellt bréf, dags. 24. mars 1988:

Alþingi hefur borist bréf yðar, dags. 25. febrúar sl., þar sem því er gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugað ráðhús á lóðinni nr. 11 við Tjarnargötu.

Af þessu tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

Alþingishúsið er nú of lítið fyrir Alþingi. Úr þessu er nú bætt með því að koma starfsemi þingsins fyrir í sex húsum, auk Alþingishússins. Eru hús þessi bæði ófullnægjandi og óhentug. Jafnframt er búið við þrengsli í sjálfu Alþingishúsinu.

Gert er ráð fyrir að núverandi Alþingishús verði notað til frambúðar. En til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að byggja hús í nálægð Alþingishússins fyrir þá starfsemi sem rúmast ekki þar. Þeim húsum er ætlaður staður á landspildunni sem Alþingi hefur til umráða, annars vegar milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis og hins vegar milli Templarasunds og Tjarnargötu.

Alþingi leggur áherslu á að tekið verði fullt tillit til þarfa þess við ráðstöfun byggingalóða í næsta nágrenni Alþingishússins.

Framangreint bréf yðar hefir verið fengið Garðari Halldórssyni, húsameistara ríkisins, til umsagnar, en embætti hans hefur umsjón með húseignum Alþingis, og Sigurði Einarssyni arkitekt, sem hlaut 1. verðlaun í samkeppni um nýbyggingu Alþingis. Umsagnir þessara manna eru yður hér með sendar.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,	*Karl Steinar Guðnason,*	*Jón Kristjánsson,*
forseti sameinaðs Alþingis.	forseti efri deildar.	forseti neðri deildar.

Umsögn.

Varðar: Grenndarkynningu vegna fyrirhugaðrar byggingar ráðhúss Reykjavíkurborgar við Vonarstræti.

Samkvæmt sérstakri ósk forseta sameinaðs Alþingis, Þorvalds Garðars Kristjánssonar, hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit á þeim þáttum er varða hagsmuni Alþingis.

Með staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur frá 1967 er stigið það skref að ákveða staðsetningu ráðhúss við norðurenda Tjarnarinnar í Reykjavík, þ.e. sunnan Vonarstrætis. Í því deiliskipulagi af miðborg Reykjavíkur, sem staðfest var af félagsmálaráðherra nú nýverið, er hin nákvæma staðsetning ráðhúss endanlega ákveðin. Á grundvelli þeirrar staðsetningar, þ.e. við norðvesturhorn Tjarnarinnar, var haldin samkeppni meðal arkitekta um lausn á ráðhúsi. Nú hefur verið ákveðið að byggja eftir þeirri tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun og er leitað álits Alþingis á þeim fyrirhuguðu framkvæmdum.

Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt fyrir Alþingi, sem á nánast allar lóðir milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis, að engin bygging hefði risið milli lóða Alþingis og Tjarnarinnar. Þá hefðu byggingar Alþingis í reynd staðið áfram á Tjarnarbakkanum, svo sem Alþingishúsið gerði, þegar það var reist.

Síðan fyrrnefnt aðalskipulag var staðfest hefur mátt búast við byggingu ráðhúss á þessu svæði, þótt sú ákvörðun hafi í gegnum árin átt misjafnlega miklu fylgi að fagna. Sé horfst í augu við þá staðreynd að ráðhús gæti risið við Tjörnina, sem í reynd var gert í samkeppni Alþingis um nýbyggingu fyrir starfsemi Alþingis á árinu 1986, þá ætti Alþingi eftir atvikum að geta vel unað við fyrirliggjandi tillögu að ráðhúsi.

Reykjavíkurborg hefur við gerð deiliskipulags að miðborginni lagt þá tillögu, er fékk fyrstu verðlaun í samkeppni Alþingis, til grundvallar við skipulag á lóðum Alþingis. Það þýðir að í hinu nýja deiliskipulagi er bæði gert ráð fyrir nýbyggingu fyrir Alþingi svo og nýbyggingu ráðhúss á svæðinu. Slík uppbygging tveggja veigamikilla stjórnsýslustofnana í miðbænum mun að sjálfsögðu draga að verulega umferð. Í deiliskipulagi miðborgarinnar er horfst í augu við það og ráðstafanir gerðar til þess að mæta því umferðarálagi.

Samkvæmt deiliskipulagi miðborgarinnar verður ekki annað séð en meginhagsmunum Alþingis sé til skila haldið, þótt formleg afgreiðsla á byggingarmöguleikum Alþingis sé enn eftir. Ekkert bendir til þess að hugmyndir Alþingis geti ekki fallið að öðru leyti innan ramma deiliskipulagsins.

Niðurstaða:

Ekki verður því annað séð en að hagsmunir Alþingis á lóðum þess á reitnum milli Vonarstrætis, Tjarnargötu, Kirkjustrætis og Templarasunds séu tryggðir og bygging ráðhúss á nágrannalóð sunnan Vonarstrætis hafi engin veruleg áhrif á hugmyndir Alþingis um nýtingu sinna lóða. Núverandi tillaga að ráðhúsi er öllu hagstæðari fyrir hagsmuni Alþingis en vænta mátti eftir staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur frá 1967. Undirritaður telur því ekki að Alþingi hafi sérstaka ástæðu til þess nú að gera athugasemd við byggingu nýs ráðhúss við norðurenda Tjarnarinnar í Reykjavík.

Reykjavík, 23. mars 1988.

Garðar Halldórsson.

Umsögn vegna grenndarkynningar á ráðhúsi Reykjavíkur.

Ráðhúsið og umhverfi þess eru í samræmi við skipulag Alþingisreitsins og í gegnum hann eru eðlileg göngutengsl á milli ráðhússins og miðbæjarins.

Hvað varðar fyrirhugaða nýbyggingu Alþingis er mjög jákvætt það rými og sú litla tjörn sem ráðhúsið myndar á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu. Hönnun nýbyggingar Alþingis hefur miðast við að nýta sér það umhverfi sem þetta skapar og er nú fyrirhugað að Tjarnargötuálma nýbyggingarinnar opnist út að þessu „vatnstorgi“ með inngangi.

Athuga þarf nánar götulínu á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu, sem á afstöðumynd ráðhússins er sýnd ganga inn fyrir lóðarmörk Tjarnargötu 5b.

Sigurður Einarsson.

Nd. 35. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 2. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þeir sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna, svo sem tékkum. Geyma skal afrit og ljósrit skjala, sem tengd eru einstökum viðskiptum, sérgreind og tengja þau glögglega númeri og dagsetningu reiknings.
2. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
   Sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Sþ. 36. Svar [13. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi.

1. Hverjir fjalla um mengun við fiskeldi þegar undirbúin eru starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar?

Fiskeldi er fellt undir mengandi starfsemi samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en sú reglugerð er sett samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, þar sem fjallað er um setningu mengunarvarnareglugerðar.

Samkvæmt áðurnefndri reglugerð fer umfjöllunin fram með eftirfarandi hætti:

Ákvörðun um staðsetningu, þar á meðal seiða- og fiskeldisstöðva, er háð samþykki heilbrigðisráðherra. Umsóknir skulu sendar Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem stofnunin hefur látið útbúa. Hollustuvernd ríkisins leitar álits heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs, skipulags- og byggingarnefndar og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins. Samkvæmt reglugerðinni skal Hollustuvernd ríkisins ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs. Enn fremur skal leita umsagnar Ríkismats sjávarafurða, Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins, yfirdýralæknis og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur unnið starfsleyfistillögur skulu þær liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, en þeir eru:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn tengdrar og nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar. Frestur til að gera athugasemdir er sex vikur frá því að starfsleyfistillögurnar eru fyrst kynntar.

Að liðnum frestinum tekur Hollustuvernd ríkisins málið aftur upp og gerir starfsleyfistillögu til ráðherra sem gefur út endanlegt starfsleyfi.

2. Hvaða reglur hafa verið settar um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar um förgun úrgangs?

Í umsóknum fyrir fiskeldisstöðvar skal m.a. fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir. Margar umsóknir frá fiskeldisfyrirtækjum eru ítarlegar hvað þetta varðar, en aðrar innihalda mjög takmarkaðar upplýsingar ef þá nokkrar. Í þeim tilvikum verður Hollustuvernd ríkisins að meta hvort nauðsynlegt sé að afla frekari upplýsinga. Mat á umhverfisaðstæðum með hliðsjón af mengunarhættu, sem hlýtur að vera grundvöllur fyrir kröfu til mengunarvarna, lendir því á Hollustuvernd ríkisins.

Kröfur til stöðvanna varðandi mengunarvarnir eru settar í starfsleyfi, en starfsleyfi ber samkvæmt áðurnefndri reglugerð að birta í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar. Kröfur um mengunarvarnir eru bæði háðar umhverfisaðstæðum og stærð stöðvanna sem hefur mikið að segja í þessu tilviki. Hvað snertir stöðvar inni í landi sem leiða frárennsli í ár hefur Hollustuvernd ríkisins lagt til grundvallar að hönnun stöðvanna miðist við að saur og fóðurleifar berist hratt burt úr eldiskerum, ekki verði mikið rót í leiðslum frá kerum og að fjarlægð frá kerum til hreinsibúnaðar verði sem styst. Þar er gert ráð fyrir eftirfarandi kröfum um hreinsibúnað:

1. Setþró með lágmarksviðstöðutíma 20–30 mín.
2. Hámarksrennslishraði yfir þró 2–3 sm/sek.
3. Á eftir þrónni hefur verið gert ráð fyrir malarsíu til eftirhreinsunar.

Þar sem ofangreindar kröfur hafa ekki verið settar fram hafa verið gerðar eftirfarandi kröfur:

1. Svifskilja sem grófhreinsar frárennslið. Setið úr skiljunni berst í sérstaka þró þaðan sem því er dælt reglulega.
2. Yfirfallið, þ.e. grófhreinsað vatnið, rennur í setþró eða settjörn með lágmarksviðstöðutíma 20–30 mín. sem í er hámarksrennslishraði 2–3 sm/sek.

Þessi síðasttaldi hreinsibúnaður hentar mjög vel þar sem við hönnun og rekstri stöðvar er tekið mið af aðgerðum sem draga úr mengun. Komið hefur í ljós að nokkur misbrestur er á því að settur sé upp hreinsibúnaður í seiðaeldisstöðvum. Hollustuvernd ríkisins telur að ástæðuna megi rekja til staðsetningarleyfisins, þ.e. að ekki ætti að veita stöðvunum sjálfum slíkt leyfi heldur ætti leyfið að vera niðurstaða úttektar og liggja fyrir sem heimild varðandi skipulagningu viðkomandi starfsemi á svæðinu. Á vegum Hollustuverndar ríkisins er unnið að breytingum á reglugerðinni samhliða vinnu við heildarmengunarvarnareglugerð sem áætlað er að staðfesta um næstu áramót, en ráðuneytið hefur hug á því að draga alla þessa þætti saman og setja undir eina reglugerð. Áformað er að taka sérstaklega á staðsetningarleyfum í breyttri reglugerð. Ekki hafa hlotist teljandi vandræði vegna þessa þar sem seiðaeldisstöðvar eru almennt ekki það stórar og flestar mjög vel staðsettar. Í sambandi við setningu mengunarvarnareglugerðar þarf að setja nánari reglur um magn mengunarefnis í frárennsli og um hámarksfrárennslismagn. Enn fremur þarf að gera kröfur um að frárennsli fari niður fyrir stórstraumsfjöruborð sé um að ræða fiskeldisstöðvar við sjó og ákvæði um að straumar verði kannaðir út frá blöndun frárennslis. Það hefur að vísu verið sett sem skilyrði varðandi stærri stöðvar.

3. Hvernig er háttað eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi?

Hollustuvernd ríkisins hefur með höndum reglubundið sérhæft eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 390/1985. Stofnunin innheimtir árlega

eftirlitsgjöld af starfleyfisskyldri starfsemi til þess að standa straum af reglubundnu eftirliti og til starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit stofnunarinnar með einstökum fiskeldisstöðvum er í lágmarki í dag. Ástæðan er fjöldi umsókna um staðsetningar- og starfsleyfi og að aðaláherslan hefur verið lögð á að afgreiða þær. Auk þess er eftirlit með fiskeldi ekki eins einfalt og ætla mætti því að í því felast mælingar á líffræðilegum, efnafræðilegum og eðlisfræðilegum þáttum. Þannig fer eftirlitið eftir gerð starfseminnar og staðsetningu stöðvanna. Þörf á eftirliti á vegum utanaðkomandi aðila fer einnig eftir stærð, gerð og staðsetningu stöðvanna.

Þörfin á eftirliti vex óneitanlega samhliða vexti í greininni. Vegna almennrar umhverfisverndar er eftirlitið ekki aðeins nauðsynlegt til að koma í veg fyrir mengun, heldur er það einnig oft lífsnauðsynlegt fyrir fiskeldið sjálft. Ástæðan er sú að afleiðing mengunar, t.d. frá sjókvíaeldi, bitnar oft fyrst á fiskeldinu sjálfu. Þetta á sérstaklega við þar sem aðstæður eru viðkvæmar eins og t.d. í lagskiptum lónum.

Sem stendur er mengun frá fiskeldi lítil hér á landi en þó vaxandi hluti heildarnæringarefnamengunar landsins. Árið 1985 var næringarefnaauðgun vegna fiskeldisstöðva áætluð 6 tonn af köfnunarefni og 1,5 tonn af fosfór. Í ár er næringarefnaauðgun áætluð 165 tonn af köfnunarefni og 27 tonn af fosfór. Á næsta ári vaxa þessar tölur í 270 tonn og 44 tonn sem annars vegar er 3% og hins vegar 54% aukning miðað við það magn sem talið er að berist frá íbúðarbyggð, fiskvinnslu og landbúnaði samanlagt. Í sjálfu sér er ekki þörf á að óttast neikvæð áhrif næringarefnaauðgunar nema á einangruðum svæðum, t.d. í lokuðum fjörðum, lónum, ám og vötnum. Hins vegar eru það áhrif hins lífræna þáttar úrgangsins og súrefnisþörfin sem ástæða er til að óttast.

4. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins hafa hvorki fjallað sérstaklega um þennan þátt né kannað notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi. Á vegum landbúnaðarráðuneytis starfar hins vegar sérstakur dýralæknir í fisksjúkdómum sem heyrir undir embætti yfirdýralæknis. Þessi þáttur starfseminnar lýtur forsjá landbúnaðarráðuneytisins.

Eigi að síður eru heilbrigðisyfirvöld meðvituð um nauðsyn þess að settar verði reglur um notkun lyfja og rotvarnarefna í fiskeldi og að eftirliti verði komið á fót í framtíðinni. Enn fremur er mjög nauðsynlegt að fylgst verði vel með rannsóknum á áhrifum þessara efna á umhverfið, þannig að hægt verði að hindra notkun hættulegra efna m.a. með því að skipta út hættulegum efnum fyrir önnur hættuminni.

5. Er talin hætta á að þörungablómi (eitraðar þörungategundir) geti valdið tjóni í fiskeldi hérlendis? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að varna því og fylgjast með þeirri hættu?

Þess eru þegar dæmi að tjón hafi orðið í fiskeldi hér á landi vegna þörungablóma. Í þessu tilviki er rétt að benda á grein sem Gunnar Steinn Jónsson líffræðingur, starfsmaður Hollustuverndar ríkisins, ritaði í 35. hefti tímaritsins *Hafrannsóknir* 1987. Helstu niðurstöður greinarhöfundar voru þær að eitraðar þörungategundir finnast hér við land engu síður en í nágrannalöndum okkar. Óvenjulegir þörungablómar eru ekki óþekktir hér við land og ekki er hægt að útiloka hættu af völdum eitraðra þörungablóma hér. Í greininni bendir höfundur á að haffræðilegar aðstæður skipta oft meira máli en breiddargráðan, en sú skoðun var ríkjandi fyrir nokkrum árum að eitthvert lágmarkshitastig þyrfti til að blómi myndaðist.

Hins vegar hefur hiti að sjálfsögðu áhrif á vaxtarhraða þörunga og þar með samkeppnishæfni tegunda innbyrðis. Samkvæmt niðurstöðum greinarhöfundar myndast blómi við 7–9°C við Skotland og 6–9°C í Hvalfirði. Í þessum tilvikum myndast blóminn við hitalagaskiptingu eða setlagaskiptingu, nema hvort tveggja sé.

Frá því þessi grein var skrifuð hafa frekari upplýsingar komið fram. Blómi eitraðrar tegundar, Heterosigma akasiwo, sem ekki hafði fundist áður, fannst í Hvalfirði á miðju síðasta ári. Þessi tegund hefur ekki sterkan lit heldur varð sjórinn gruggugur og móbrúnn. Alls drápust nálægt 10 000 fiskar af völdum þessa þörungablóma í fiskeldisstöðinni Strönd hf. Það er því fyllsta ástæða til þess að gjalda varhug við þessum vágesti ekki síður hér á landi en annars staðar, ekki síst á svæðum sem líkur eru á lagskiptingu sjávar og í þessu tilviki hefur næringarefnaútfall frá fiskeldi mikið að segja.

Ekki hefur verið gripið til neinna sérstakra aðgerða hér á landi til að fyrirbyggja þörungablóma. Hins vegar hefur verið rætt um að koma þurfi á samvinnu Hollustuverndar ríkisins, dýralæknis fisksjúkdóma á Keldum og Hafrannsóknastofnunar, og hugsanlega fleiri aðila, til þess að hægt verði að grípa til skjótra og samræmdra aðgerða þegar blómi kemur upp.

6. Hvaða rannsóknir fara helstar fram eða eru ráðgerðar hérlendis vegna mengunarhættu við fiskeldi?

Í þessu tilviki hefur aðallega verið rætt um forrannsóknir í tengslum við leyfisveitingar til stærri stöðva. Hér má nefna rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar vegna fiskeldisstöðvar við Apavatn og stöðvar sem fyrirhuguð var við Mývatn. Þannig eru til skýrslur um mat á mengun fyrir einstakar seiðaeldisstöðvar. Framkvæmdar hafa verið rannsóknir í Miklavatni í Fljótum og í Ólafsfjarðarvatni í tengslum við fiskeldi. Straummælingar og mat á dreifingu úrgangsefna eru til fyrir nokkrar stöðvar, m.a. vegna fiskeldiskvía í Eiðsvík við Reykjavík og svo mætti áfram telja. Enn fremur er að finna ýmsar upplýsingar í niðurstöðum Hollustuverndar ríkisins vegna sjálfs eftirlitsins. Til þessa hefur ekki verið unnt að vinna endanlega úr þeim niðurstöðum nema þeim sem varða mengun Varmár í Ölfusi. Ráðuneytið hefur skipað nefnd til þess að takast á við þau vandamál sem komu fram í Varmá og eiga sæti í henni fulltrúar ráðuneytisins, Hollustuverndar ríkisins, hlutaðeigandi sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Engar kerfisbundnar rannsóknir fara fram á vegum Hollustuverndar ríkisins. Ekki liggur fyrir áætlun um slíkar rannsóknir, en óskir hafa verið settar fram við Hollustuvernd ríkisins þar að lútandi. Ráðuneytið hefur gefið stofnuninni fyrirmæli um mælingar í Skógalóni í Vopnafirði sem fara fram í þessum mánuði.

Það er svo með þennan þátt sem marga aðra er snerta umhverfisvarnir að litlu verður áorkað nema með rannsóknum og rannsóknir kosta fé. Hafa starfsmenn Hollustuverndar ríkisins, sem og stofnunin sjálf, reynt að leita í þær matarholur sem finnast á þessu sviði því að ekki er um auðugan garð að gresja varðandi fjárveitingar til stofnunarinnar. Þannig hefur verið sótt um styrki til Rannsóknasjóðs vegna verkefna er tengjast hreinsun frárennslis. Slíkum erindum hefur verið hafnað til þessa.

Nd. 37. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt tilheyrandi reglugerðum, er kveðið á um að vörur megi ekki flytja til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti. Í frumvarpi þessu er með vörum einnig átt við vélar og tæki.

Talsverð umræða hefur á undanförnum missirum orðið um að breyta þessu fyrirkomulagi enda hefur það í för með sér bæði aukinn kostnað og óhagræði borið saman við það sem tíðkast í öðrum löndum. Flutningsmenn þekkja ekki dæmi um sambærilegt fyrirkomulag við innflutning meðal annarra þjóða sem bornar verða saman við Íslendinga að lífskjörum og menningu. Hér er um að ræða takmarkaða rýmkun á heimildum til erlendrar lántöku, en það mál þyrfti í reynd að taka upp á víðari grundvelli.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að benda á eftirfarandi:

1. Óeðlilegt er að íslensk stjórnvöld taki að sér að sjá um viðskipti íslenskra manna við erlenda á þennan hátt. Íslenskir útflytjendur geta hvergi í heiminum fengið stjórnvöld til að tryggja sér greiðslu á þennan hátt. Svona viðskipti þekkjast einfaldlega ekki.
2. Lög þau og reglur, sem hér um ræðir, tryggja á engan hátt, svo sem þeim virðist ætlað, aðhald að innflutningi og þenslu. *Á síðasta ári jókst innflutningur um 33% og viðskiptahalli við útlönd er mjög mikill.* Landið er yfirfullt af hvers konar varningi. Kaupmátturinn í landinu ræður mestu um í hve miklum mæli hann selst.
3. Hins vegar eykur þetta fyrirkomulag kostnað og hækkar vöruverð. Svo sem alkunna er eru vörur fluttar til landsins og „liggja á hafnarbakka“ þar til innflytjandi getur innt greiðslur af hendi í samræmi við lög og reglur. Þetta þýðir í reynd:
   a. Að greiðslufrestur erlendra framleiðenda og seljenda er nýttur í raun en kemur ekki að notum við lækkun vöruverðs.
   b. Skipafélög og aðrir flutningsaðilar þurfa að koma sér upp viðamiklum vörugeymslum. Geymslukostnaður er mikill. Fjárfesting og vinnuafl við geymslurnar, umsjón, eftirlit og jafnvel tjón hækka vöruverð.
4. Svo sem kunnugt er greiða smásölukaupmenn innflytjendum með svokölluðum vöruvíxlum. Heildsalar og innflytjendur selja þessa víxla í banka í því skyni að afla fjár til þess að leysa út nýjar sendingar. Bankar kaupa vöruvíxla á gengi sem þeir ákveða og

kostnaður við þessi „lánsviðskipti“ hefur numið um 50% á ársgrundvelli. Eðlilega leggst þessi kostnaður ofan á vöruverð. Lán hins erlenda framleiðanda eða seljanda nýtast hins vegar ekki, en í mörgum tilvikum er hægt að fá greiðslufrest nokkra mánuði án kostnaðar.

5. Vörukaupavíxlar eru umfangsmikill þáttur í starfsemi íslenskra banka og ein skýringin á útþenslu kerfisins. Samdráttur í vöruvíxlakaupkerfi bankanna mundi draga úr umsvifum þeirra og valda umtalsverðum sparnaði.
6. Talið er að um 70% af heildarinnflutningi falli undir heimiluð vörukaupalán. Í aðeins um helmingi tilvika er þó lánsheimildin nýtt. *Árið 1987 var heildarinnflutningur um 61 milljarður króna þannig að 30% innflutningsins*, þ.e. sá hluti sem ekki nýtur heimildar til vörukaupalána, *nemur 18,3 milljörðum króna*. Miðað við fyrri reynslu gæti það þýtt um *9 milljarða króna* vöruinnflutning á greiðslufresti á einu ári ef um helmingur tilvika nýtti heimildina. Ef miðað er við þriggja mánaða greiðslufrest mundi heildarupphæðin, sem um er að ræða og nýttist sem lán frá erlendum framleiðendum og seljendum, vera 2,2 milljarðar króna. Líklegt er að það tæki um 1–2 ár að ná þessari upphæð í greiðslufresti.
7. Þensluáhrif er erfitt að meta en þau koma aðeins fram fyrst er breyting á sér stað. Í þessu sambandi má benda á áhrif innflutts fjármagns hjá kaupleigum sem ekki hefur verið talin ástæða til að amast við, og eru líklega talsvert meiri, og yfirdráttarheimildir sem heimilaðar hafa verið á ávísanareikningum og nema líklega hærri upphæð en hér um ræðir. Í þessu samhengi má einnig nefna greiðslukortin.
8. Ef að líkum lætur mundu vöruvíxlaviðskipti stórlega dragast saman ef frumvarp þetta verður að lögum. Það þýðir að þrýstingur minnkar á lánsfjármarkaði og vextir gætu lækkað.
9. Erlend lántaka er dýr. Líklegt er að bankakerfið gæti sparað erlend lán um sem svarar lánum erlendra framleiðenda og seljenda sem kæmu að notum ef frumvarp þetta yrði að lögum. Lán þessara erlendu aðila eru ódýrari en önnur fáanleg lán, þau eru með lágum eða engum vöxtum.
10. Hið úrelta kerfi, sem við lýði er á Íslandi og varðar afskipti ríkisvalds af viðskiptum íslenskra og erlendra aðila við vöruinnflutning til landsins, er leifar af gömlu hafta- og stýrikerfi. Kerfi þetta leiðir af sér ýmiss konar óarðbæra starfsemi í þjóðfélaginu, svo sem vörugeymslukerfi flutningsaðila og vöruvíxlakaupkerfi bankanna. Bæði þessi kostnaðarsömu og óarðbæru kerfi væru óþörf í slíkum mæli sem þau eru ef skipan gjaldeyris- og viðskiptamála væri færð í nútímahorf svo sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Rétt er að benda á að nú er Seðlabankinn að koma upp umfangsmiklu eftirlitskerfi eftir að bankastimplun var afnumin. Hætt er við að þetta kerfi leiði til margra óarðbærra vinnustunda bæði í fyrirtækjum og stofnunum. Kerfi þetta yrði óþarft ef þetta frumvarp verður að lögum.
11. Þegar Alþingi breytti á síðsta þingi ákvæði í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, á þann veg að ekki þyrfti staðfestingu gjaldeyrisbanka svo að tollafgreiða mætti vöru voru flestir þeirrar skoðunar að verið væri að færa mál á þann veg sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Svo var þó ekki og mun hafa komið mörgum á óvart. Til þess að svo megi verða þarf að gera þá breytingu sem hér um ræðir.
12. Frumvarp þetta er skref í átt að meiri fríverslun og aðlögun að viðskiptaháttum helstu viðskiptaþjóða okkar. Hér er um að ræða mikilvægt skref í aðlögun að þróun innan Evrópubandalagsins.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um kynbótastöð fyrir eldislax.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir eldislax.

Greinargerð.

Laxeldi er þegar orðin mikilvæg atvinnugrein á Íslandi.

Ekki er ólíklegt að útflutningur fiskeldisafurða nemi um 400 milljónum króna á þessu ári.

Á árinu 1987 var framleiðsla á sláturlaxi um 530 tonn, þar af um 40 tonn úr hafbeit. Framleiðslan kom frá 29 stöðvum og var um 180% aukning frá árinu 1986 þegar sláturlax nam um 188 tonnum frá 15 stöðvum.

Ársstörf í fiskeldi voru um 240 árið 1987, en það var um 33% aukning frá fyrra ári.

Áætlað er að á þessu ári verði framleiðsla sláturlax um 1100 tonn, þar af um 180 tonn frá hafbeit, og á árinu 1989 um 4000 tonn. Framleiðsla gönguseiða er um 10 milljónir seiða 1988 og gæti orðið 12–15 milljónir seiða 1989.

Laxeldi er sú grein fiskeldis sem hraðast hefur vaxið.

Ef rétt er á málum haldið gæti laxeldi orðið gífurlega mikilvæg atvinnugrein hér á landi í framtíðinni. Erfitt er að benda á aðra framleiðslugrein sem býr yfir jafnmiklum möguleikum. Sem dæmi má nefna að Norðmenn hafa þegar meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum og veiða þó mikinn þorsk. Mikilvægasta fisktegund Norðmanna, þeirrar miklu fiskveiðiþjóðar, er nú eldislax. Til eru áætlanir í Noregi um að innan tiltölulega fárra ára verði tekjur af fiskeldi þrisvar sinnum hærri en samanlagðar tekjur af öllum fiskveiðum Norðmanna og þó eru Norðmenn meðal mestu fiskveiðiþjóða heims.

Á ýmsum sviðum búa Íslendingar yfir einstæðum möguleikum til fiskeldis. Tæplega finnst, miðað við þá yfirsýn sem menn nú hafa, nokkur atvinnugrein sem gæti aukið þjóðartekjur Íslendinga jafnmikið og fiskeldi. Fiskeldi gæti í framtíðinni orðið sambærilegt við fiskveiðar í þjóðarbúskapnum.

Kynbætur.

Norðmenn hafa um nokkurt árabil stundað kynbætur á eldislaxi. Tilraunastöðin í Sunndalsöra var t.d. stofnuð 1971. Við kynbætur hafa Norðmenn lagt meginþunga á þrjú atriði: 1) aukinn vaxtarhraða, 2) síðbúinn kynþroska, 3) aukna mótstöðu gegn sjúkdómum.

Árangur er mikill eða 3–5% aukning vaxtarhraða á ári. Sem dæmi má nefna að 3% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 24 árum, en 5% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 14 árum.

Gífurleg eftirspurn er eftir hrognum úr kynbættum laxi í Noregi. Ljóst er að aukinn vaxtarhraði norska eldislaxins og síðbúinn kynþroski mun gera íslenskum eldisstöðvum erfitt fyrir í framtíðinni.

Íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó. Við kynþroska fer fóður og orka mest í að þroska hrogn og svil. Fiskurinn vex ekki þrátt fyrir eldi og gæði fisksins til matar minnka. Úrval af seiðum til undaneldis er lítið og kynbætur nánast engar. Brýnasta málið við eldi á laxi á Íslandi er nú að kynbæta stofna til undaneldis. Vart er unnt nema í litlum mæli að treysta á innflutt hrogn, og áhætta af því er ef til vill mjög mikil því erfiðir sjúkdómar geta borist með hrognunum.

Íslensku fiskeldisstöðvarnar eru flestar ungar að árum og eiga fullt í fangi með að halda rekstrinum gangandi fyrstu árin. Því virðist ljóst að fiskeldisstöðvarnar eru þess ekki megnugar að reisa og reka kynbótastöð. Ríkið virðist vera sá aðili sem eðlilegast væri að kæmi starfseminni af stað. Hvert ár sem tapast er dýrt. Mjög mikilvægt er að hefja kynbætur hið fyrsta. Það tekur mörg ár að ná árangri. Framleiðsla landanna í kringum okkur eykst hröðum skrefum, en kynbótastöð mun stórbæta samkeppnisaðstöðu okkar.

Í Kollafirði eru hafnar kynbætur á hafbeitarlaxi. Þar er að hluta verið að leita annarra eiginleika en í eldi, svo sem ratvísi eða aukinna endurheimta. Þar er notuð kynbótaaðferð sem nefnd er fjölskylduval og þar eru í eldi um 150 fjölskyldur af þremur stofnum. Vonir eru bundnar við að þessar kynbætur geti aukið arðsemi við hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri meðalþunga sláturlax.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð fyrir eldislax þarf að vera strandeldisstöð. Strandlengjan við Þorlákshöfn kæmi vel til greina. Stöðin þarf að standa sér og nokkuð einangruð vegna sjúkdómahættu, en vel má vera að fluttir yrðu til hennar stofnfiskar frá mörgum stöðum í byrjun. Stöðin þarf að vera fullkomin einangrunarstöð. Aðstaða þarf að vera til klaks, seiðaeldis, geymslu stofnfisks og einhvers áframeldis. Gera verður ráð fyrir að seiði yrðu síðan alin í nokkrum matfiskastöðvum samkvæmt samningi við kynbótastöðina. Mælingar á þroska fisksins og sláturþunga væru síðan notaðar til vals á fiski til undaneldis. Það val væri framkvæmt á fiski sem alinn er í sjálfri kynbótastöðinni. Kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni og af reynslu Norðmanna að dæma er hér um mjög arðbært fyrirtæki að ræða.

Sjálf skipulagning og tölvustýring kynbótanna gæti verið framkvæmd af sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu í kynbótum, og undirbúningur vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mundi nýtast vel í kynbótastöð fyrir eldislax.

Eðlilegt væri að hugsa sér að ríkið stofnaði og ræki þessa kynbótastöð í byrjun. Kynbótastöðin væri hins vegar hlutafélag þar sem áhugaaðilum, svo sem fiskeldisstöðvum og samtökum þeirra, fjárfestingarlánasjóðum, tryggingafélögum og öðrum, gæfist kostur á kaupum á hlutabréfum. Þannig gætu fiskeldisstöðvarnar og samtök þeirra tekið við rekstrinum síðar meir er þeim vex fiskur um hrygg.

Mikilvægt er að í stjórn kynbótastöðvarinnar ættu sæti frá byrjun fulltrúi Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og fulltrúi rannsóknaaðila, e.t.v. Háskólans, auk aðila með rekstrarþekkingu.

Framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að rannsóknir og tilraunir verði efldar. Íslendingar hafa þegar dregist aftur úr öðrum þjóðum í fiskeldi. Þróunin er mjög hröð, og nú þarf að láta hendur standa fram úr ermum ef ekki á að verða um seinan að hasla sér völl innan þessarar mikilvægu atvinnugreinar framtíðarinnar.

Fylgiskjal I.

Stefán Aðalsteinsson:

Kynbætur á laxfiskum.

Stefnumótun.

Hafist verði handa um skipulegar kynbætur á laxfiskum hér á landi sem fyrst til að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra fiskeldisstöðva sem best.

Byggja þarf upp aðstöðu til að kynbæta eldislax, eldissilung og hafbeitarlax.

Erlend reynsla sýnir að kynbætur á eldisfiski eru með arðbærustu fjárfestingum sem völ er á.

Markmið kynbóta.

Stefnt er að því að ná framförum í þeim eiginleikum í eldisfiski og hafbeitarlaxi sem lýst er hér á eftir:

A. Eldislax (og eldissilungur).
   a. Aukinn vaxtarhraði.
   b. Aukinn lífsþróttur.
   c. Bætt gæði fisks.
   d. Kynþroski á 2. ári.
   e. Viðnám gegn sjúkdómum.

B. Hafbeitarlax.
   a. Auknar endurheimtur.
   b. Aukinn vaxtarhraði í sjó.
   c. Aukinn lífsþróttur seiða í eldi.

Framkvæmd kynbótastarfs.

Meginhersla verður lögð á val milli systkinahópa, en einstaklingsúrvali verður auk þess beitt innan systkinahópa við kynbætur á vaxtarhraða og kynþroska á eldisfiski.

Við kynbætur á eldislaxi erlendis hefur almennt verið miðað við að ættliðabilið sé 4 ár (1,5 ár í fersku vatni og 2,5 ár í sjó).

Hér á landi yrði stefnt að því að nýta jarðvarma til að flýta klaki og seiðaeldi um 1 ár, þannig að sjógönguseiðum yrði sleppt í sjó 6–8 mánuðum eftir klak (0+ seiði). Þá gæti ættliðabilið orðið 3 ár hjá eldislaxi og þeim hafbeitarlaxi sem væri 2 ár í sjó en færi niður í 2 ár hjá hafbeitarlaxi sem væri 1 ár í sjó.

Með því að stytta ættliðabilið úr 4 árum í 3 ár, eykst kynbótaframför um 33% á ári, en með því að stytta það úr 4 árum í 2 ár, eykst árleg kynbótaframför um 100%.

Aðstaða.

Aðstaða þarf að fást í eldisstöð sem yrði til fullra og óskoraðra umráða til kynbótatilrauna og kynbótastarfs á meðan festa væri að skapast í starfseminni.

Eftirfarandi aðstaða þarf að vera fyrir hendi í slíkri stöð:

a. Ker fyrir klakfisk frá því hann er valinn til kynbóta og fram yfir hrognatöku.
b. Klakbakkar fyrir hrogn úr 100–200 völdum hrygnum og sami fjöldi kera fyrir seiði fram að merkingu fyrir hvora kynbótaleið um sig, eldiskynbætur og hafbeitarkynbætur.

c. Aðstaða til sjóeldis á systkinahópum í kynbótum á laxi (og eldissilungi) þar sem allir hópar í árganginum væru sérmerktir og aldir saman.
d. Aðstaða til sjógeymslu og eldis á hópum í hafbeitarkynbótum sem væru alsystkin og hálfsystkin, hópum sem sleppt hefði verið í hafbeit.
e. Aðstaða til að halda fyrir fram gerðri áætlun um hitastig og ljóslotu á klaktíma og seiðastigi til að flýta klaki og seiðavexti og myndun sjógöngubúnings.
f. Aðstaða til að stjórna hitastigi og ljóslotu í þeim tilgangi að tímasetja kynþroska og hrygningu kynbótafiska.
g. Aðstaða til að ná miklum afköstum í merkingu seiða í systkinahópum.
h. Aðstaða til áframhaldandi eldis í ferskvatni á merktum seiðum.
i. Aðstaða til sleppingar á hafbeitarseiðum.
j. Aðstaða til að taka á móti endurheimtum laxi, slátra honum, lesa úr merkjum og vega og meta afurðir.
k. Aðstaða til úrvinnslu og uppgjörs gagna í afkastamikilli tölvu.

Tengsl kynbótastarfs og annarra rannsókna.

Þær rannsóknir, sem fyrst og fremst tengjast því kynbótastarfi sem hér er lýst, eru eftirfarandi:

a. Stjórnun á hrygningartíma klakfisks.
b. Flýting klaks, frumfóðrunar og seiðaþroska.
c. Seltuþol og alhliða sjóhæfni gönguseiða.

Rökstuðningur.

Fyrirsjáanlegt er að íslenskar fiskeldisstöðvar munu mæta harðnandi samkeppni við sölu afurða sinna á erlendum mörkuðum á næstu árum.

Ljóst er að ör vaxtarhraði í eldi matfisks muni hafa veruleg áhrif á hagkvæmni eldisstöðva hér á landi. Sá tími, sem hægt er að hafa lax í sjókvíum hér við land, er stuttur og afgerandi að nýta þann tíma sem best. Á sama hátt er ljóst að háar endurheimtur úr hafbeit munu skipta sköpum um fjárhagsafkomu hafbeitarstöðva.

Mikill árangur hefur náðst í kynbótum á eldisfiski í Noregi. Hagkvæmni í laxeldi þar byggist að verulegu leyti á því að framleiða stóran matfisk á suttum tíma. Söluverð á laxi fer hækkandi á hvert kílógramm eftir því sem laxinn er stærri.

Vaxandi áhugi er á því að fá flutt inn hrogn af kynbættum eldislaxi frá Noregi. Í því sambandi er ástæða til að benda á að aðstæður við eldi í Noregi og á Íslandi eru ólíkar. Því er óvíst í hve miklum mæli kynbótaárangur, sem náðst hefur í Noregi, nýtist á Íslandi.

Innflutningi á hrognum fylgir veruleg hætta á innflutningi sjúkdóma og því er ástæða til að forðast hann í lengstu lög. Auk þess er óhjákvæmilegt að eldisfiskur sleppi úr haldi öðru hvoru. Innfluttur eldisfiskur gæti spillt villtum íslenskum stofnum með íblöndun á óskyldu og óheppilegu erfðaefni.

Erlendar rannsóknir benda til þess að auka megi endurheimtur á hafbeitarlaxi með kynbótum en hvergi er völ á skipulega kynbættum efnivið til hafbeitar.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að uppbygging á fiskeldisstöðvum hér á landi hefur byggst að verulegu leyti á innfluttri þekkingu og jafnframt er áhugi á að byggja eldið líka á innfluttum fiskstofnum. Þunga áherslu ber að leggja á nauðsyn þess að innlend þekking og innlendur fiskur sé hvort tveggja notað í sem ríkustum mæli við uppbyggingu á þessari mikilvægu atvinnugrein.

Fylgiskjal II.

Stefán Aðalsteinsson:

Úrval gegn ótímabærum kynþroska í laxfiskum.
(Úr Eldisfréttum, 2. tbl. 1988.)

Inngangur.

Kynþroski er forsenda þess að laxfiskar geti aukið kyn sitt og viðhaldið tegundinni á jörðunni. Það er þess vegna dálítið ankannalegt að ræða um það hvernig hægt sé að velja gegn kynþroska sem slíkum. Náttúran hefur tæpast gert ráð fyrir því að tvíkynja tegund hafi til að bera erfðavísa sem gera hana kynlausa með öllu.

Ótímabær kynþroski er hins vegar vandamál í fiskeldi. Val gegn honum er þá fólgið í því að breyta stofninum þannig með úrvali að fiskar í stofninum verði ekki kynþroska of snemma miðað við hagkvæmnisjónarmið þeirra sem eldið stunda.

Ótímabær kynþroski getur verið með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða það fyrirbæri þegar smáhængar verða kynþroska áður en þeir ganga í sjó. Hins vegar er um það að ræða að fiskur í eldi verði kynþroska áður en hagkvæmri stærð er náð og þar af leiðandi verðminni til sölu.

Mikilvægi aldurs við kynþroska í fiskeldi.

Aldur við kynþroska er talinn mikilvægur eiginleiki í eldi laxfiska eins og sést á töflu 1 hér á eftir þar sem vægi eiginleikans eykst eftir því sem stjörnum fjölgar (Gjedrem, 1983).

Eins og 1. tafla sýnir skiptir aldur laxfiska við kynþroska verulegu máli vegna þess að gæði fisksins spillast þegar hann verður kynþroska. Ef fiskurinn verður snemma kynþroska verður að slátra honum áður en hann hefur náð hagkvæmustu stærð fyrir markaðinn.

1. tafla. Fjárhagslegt vægi einstakra eiginleika nokkurra tegunda vatnadýra sem notaðar eru í eldi

	Tegundir			
Eiginleiki	Laxfiskar	Hitakærir fiskar	Skelfiskar	Rækjur
Vaxtarhraði	***	***	***	***
Gæði fiskjar	**	*	*	**
Afföll seiða	*	*	*	*
Afföll síðar	**	**	**	**
Kynþroskaaldur[1]	**	?	?	?
Frjósemi	0	0	0	0

[1] Við framleiðslu á stórum sláturfiski

Þættir sem hafa áhrif á kynþroska laxfiska.

Vitað er að kynþroski laxa eða regnbogasilunga er breytilegur innan sama stofns og að því er virðist við sömu skilyrði. Slíkur breytileiki getur stafað af erfðamun milli einstaklinga en getur einnig verið kominn til vegna sérstakra umhverfisáhrifa sem sumir fiskar innan stofnsins hafa orðið fyrir en aðrir ekki. Þá er einnig vitað að hægt er að hafa áhrif á kynþroska fiska með ýmiss konar meðferð sem margir einstaklingar eru látnir verða fyrir samtímis svo sem mismunandi ljósi, hormónagjöf, hitameðferð á hrognum og fleira.

Þá er enn vitað að mikill munur er oft milli stofna í aldri við kynþroska. Sá munur getur stafað af ytri aðstæðum ef stofnarnir búa við mismunandi skilyrði. Ef stofnamunur í kynþroska kemur fram þegar stofnarnir eru bornir saman við sömu skilyrði má gera ráð fyrir að munurinn sé að mestu leyti arfgengur.

Kynþroski smáhænga.

Hér á landi mun bera nokkuð á því að smáhængar í eldi verði kynþroska og drepist síðan flestir. Þetta kemur fram í auknum afföllum á seiðastigi.

Á tilraunastöðinni að Sunndalsöra í Noregi þar sem kynbótarannsóknir Norðmanna fara fram bar dálítið á kynþroska smáhængum í byrjun kynbótastarfsins en nú má heita að þeir séu hættir að sjást.

Valið hefur verið ákveðið gegn þessu fyrirbæri í kynbótastarfinu og það úrval virðist hafa borið árangur.

Í sérstakri úrvalstilraun, sem nýlega var gerð í Noregi með notkun hængseiða til undaneldis, kom i ljós að notkun hængseiða til undaneldis jók hlutfall kynþroska smáhænga meðal afkvæmanna verulega (Gjerde, 1986). Hér á landi má líklega búast við því að kynþroska smáhængar séu algengari í þeim laxastofnum sem búa við erfið skilyrði frá náttúrunnar hendi. Þar sem kaldur sjór og hafís dregur úr lífslíkum seiða í sjó og minnkar endurheimtur getur það verið stofninum hagstætt að eitthvað af hængum verði kynþroska á seiðastigi. Með því móti er viðhaldi stofnsins borgið ef einhverjum hrygnum tekst að skila sér úr sjó heim í ána. Við megum því búast við því að fá eitthvað af kynþroska smáhængum á hverju ári þar sem seiði til eldis eru fengin úr villtum stofnum.

Ef við tökum upp kynbótastarf á borð við það sem Norðmenn eru með förum við alfarið út í það að taka eldisseiði af kynbættum stofnum. Þar með ætti þetta fyrirbæri að hverfa mjög fljótlega.

Munur á laxastofnum hvað snertir kynþroska.

Margar rannsóknir eru til á því hversu snemma einstakir laxastofnar verða kynþroska þegar þeir eru bornir saman við sömu skilyrði. Samantektir um þetta efni eru m.a. til eftir Gjerde og Refstie (1984) og Gjerde og Gjedrem (1984).

Gjerde og Refstie (1984) rannsökuðu fimm stofna af Atlantshafslaxi í hreinrækt og í blöndun við alla hina stofnana þar sem hver stofn í blöndun kom fyrir bæði sem faðir og móðir. Í þessari rannsókn voru kannaðar samlagningarerfðir (additive effects), móðuráhrif og blendingsþróttur. Mikill meðalmunur kom fram milli stofna á hlutfalli kynþroska fisks eftir tvö ár í sjó. Móðuráhrif sumra stofnanna á kynþroska voru einnig hámarktæk en blendingsþróttur var lítill.

Þessi niðurstaða gefur ótvírætt til kynna að verulegur eðlismunur sé á milli stofna að því er varðar aldur við kynþroska. Einnig gefur rannsóknin sterka bendingu um að erfðaefni, sem berst aðeins frá móður til afkvæmis, beri með sér erfðavísa sem hafa áhrif á kynþroska. Þá segir rannsóknin okkur það enn fremur að sé tveimur stofnum blandað saman þá komi fram nokkurn veginn sá meðalaldur við kynþroska sem búast mátt við frá foreldrastofnunum. Blendingarnir víkja sem sé ekkert að ráði frá meðaltali foreldranna.

Arfgengi á aldri við kynþroska.

Arfgengi á kynþroskastigi eða aldri við kynþroska eru gerð skil í greinum eftir Gjedrem (1983) og Gjerde og Gjedrem (1984).

Í greininni frá 1983 tekur Gjedrem saman upplýsingar úr fjölmörgum ritgerðum á þessu sviði og dregur af þeim ályktanir.

Í 2. töflu eru sýndar tölur yfir arfgengi á kynþroska úr ýmsum rannsóknum. Eins og fram kemur í 2. töflu hefur aldur við kynþroska tæplega miðlungi hátt arfgengi í regnbogasilungi en til muna hærra í laxi.

Arfgengistölurnar eru allar það háar, sérstaklega fyrir laxinn, að búast má við verulegum árangir í því að velja að síðbúnum kynþroska. Reyndin af úrvali í eldislaxi og

regnbogasilungi á Sunndalsöra í Noregi er sú að ótímabær kynþroski hefur minnkað jafnt og þétt eftir því sem úrvalið hefur verið stundað lengur og kynþroska smáhængar koma því sem næst aldrei fyrir þar lengur.

2. tafla. Arfgengi aldurs við kynþroska hjá regnbogasilungi og Atlantshafslaxi.

Tegund	Arfgengi +/- s.e. h^2	+/- s.e. (h^2)	Aðferð[1)]	Heimild
Regnbogasilungur	0.21	....	F	(3)
Regnbogasilungur	0.26	....	M	(3)
Regnbogasilungur	0.21	0.14	Fj	(5)
Atlantshafslax	0.48	0.20	A-M	(1)
Atlantshafslax	0.39	....	F	(3)
Atlantshafslax	0.49	....	M	(3)
Atlantshafslax	1.00	0.67	M	(6)

[1)] Reikningsaðferðir við mat á arfgengi voru:
F: metið út frá fervikshætti milli feðra
M: metið út frá fervikshætti milli mæðra
Fj: metið út frá fervikshætti milli fjölskyldna
A-M: metið út frá aðhvarfi afkvæmis að móður

Samband milli vaxtar og kynþroska.

Það er löngu kunnugt að fiskar sem þroskast fljótt verða fyrr sjóbúnir og kynþroska heldur en hægvaxta fiskar. Af því telja margir að erfitt verði að velja samtímis að örum vexti og síðbúnum kynþroska.

Í norskum rannsóknum hefur verið reiknuð út erfðafylgni milli kynþroskastigs og nokkurra veigamikilla eiginleika í eldislaxi og regnbogasilungi (Gjerde og Gjedrem, 1984). Kynþroskastigin voru gefin eftir þroska kynkirtla við slátrun. Fiskur með kynþroskastig 0,1 og 2 var talinn ókynþroska en fiskur með stigin 3, 4 og 5 var talinn mundu hafa hrygnt á árinu. Erfðafylgnitölurnar eru sýndar í töflu 3.

Samkvæmt erfðafylgnitölunum í töflu 3 hækkar kynþroskastigið í laxinum með auknum sláturþunga. Þetta samband er þó ekki sterkara en það að verulegar líkur eru á að ná saman í sömu fjölskyldu miklum vexti og lágu kynþroskastigi við slátrun. Í Noregi er laxinum yfirleitt slátrað eftir þrjú sumur í sjó.

3. tafla. Erfðafylgni og svipfarsfylgni milli kynþroskastigs (0-5) og nokkurra annarra eiginleika hjá Atlantshafslaxi og regnbogasilungi (Gjerde og Gjedrem, 1984).

Eiginleiki	Atlantshafslax Erfða-fylgni	Svipfars-fylgni	Regnbogasilungur Erfða-fylgni	Svipfars-fylgni
Þungi, óslægður	0.52	0.32	0.11	0.11
Þungi, slægður	0.49	0.30	0.11	0.09
Lengd	0.28	0.13	0.16	0.11
Holdfylling	0.22	0.01	-0.15	-0.01

Hvað er til ráða á Íslandi?

Ótímabær kynþroski hefur valdið verulegum búsifjum í laxeldi hér á landi. Ekki liggur fyrir nein úttekt á því hverjar séu helstu orsakir þess að fiskur verður kynþroska við lágan þunga hér á landi. Gera má ráð fyrir að vandinn stafi að verulegu leyti af ýmsum umhverfisþáttum sem menn hafa ekki náð valdi á enn þá. Einnig verður að gera ráð fyrir því að þeir stofnar, sem hér er völ á í eldi, verði fyrr kynþroska heldur en til dæmis kynbættir stofnar af norskum eldislaxi þar sem sérstaklega hefur verið valið gegn ótímabærum kynþroska. Það liggur ljóst fyrir að við þurfum meiri rannsóknir á þessu vandamáli en gerðar hafa verið hingað til.

Hér á eftir verður fjallað um tvo þætti þessa máls, þ.e. annars vegar tilraunir með umhverfisáhrif og hins vegar tilraunir með kynbótaúrval.

Tilraunir með umhverfisáhrif.

Hefja þarf skipulegt tilraunastarf þar sem settir eru upp hæfilega stórir tilraunaflokkar og þeir bornir saman við mismunandi aðstæður til þess að prófa sem best þá þætti sem hugsanlega má ná stjórn á til að draga úr þessum vanda. Í þessu máli þarf fiskeldið að taka í sína þágu tilraunatækni og tölfræðibeitingu sem notuð hefur verið um áratuga skeið með farsælum árangri í landbúnaðarrannsóknum. Í landbúnaðinum eru gerðar strangar kröfur um val á sambærilegum efnivið í alla meðferðarflokka, tilviljanakennt val einstaklinga í hvern meðferðarflokk, endurtekningar á öllum meðferðarflokkum og strangt tölfræðilegt mat á niðurstöðum.

Sú krafa er ófrávíkjanleg að hægt sé að segja með ákveðinni vissu hvort sá munur sem verið er að skoða sé marktækur (significant). Einnig er það ófrávíkjanleg krafa að hægt sé að fullyrða að munurinn, sem fram kemur á milli tveggja tilraunaflokka, geti aðeins stafað af tveimur hugsanlegum orsökum. Munurinn á að stafa af tilviljun eða af tilraunameðferð. Ef hann gæti stafað af þriðju orsök er tilraunin illa gerð. Það er stundum svo að sjá að menn séu ekki nógu gagnrýnir á skipulag tilrauna sinna og enn síður nógu gagnrýnir á þær tilraunir sem aðrir hafa gert.

Tilraunir með kynbótaúrval.

Kynbótaúrval gegn ótímabærum kynþroska má framkvæma með þrennu móti.

Í fyrsta lagi er hægt að framkvæma einstaklingsúrval innan þess laxastofns sem fiskeldismaðurinn hefur undir höndum. Þá yrðu teknir til undaneldis þeir einstaklingar sem verða seint kynþroska. Þess háttar úrvali fylgir sú mikla hætta að fyrir valinu yrðu fiskar sem jafnframt hafa eðli til að vaxa hægt og verða seint kynþroska af þeim sökum.

Önnur aðferð er sú að leita uppi laxastofna sem koma að öðru jöfnu ekki upp í ár til hrygningar fyrr en eftir tveggja ára dvöl í sjó. Með því móti mætti hugsanlega ná sér í stofn sem yrði ekki kynþroska fyrr en eftir tveggja ára vöxt í sjóeldi. Fyrir því er þó engin vissa því að ekki er vitað í hve miklum mæli stofnamunur á kynþroska íslenskra laxa stafar af erfðum og að hve miklu leyti af náttúruskilyrðunum sem stofninn býr við.

Þriðja leiðin er sú að hefja skipulagt tilraunastarf sem miðar að því að auka vaxtarhraða fisksins samtímis því sem ræktaður er fram stofn sem verður seint kynþroska. Til þess að slíkt úrval sé virkt þarf að vera hægt að bera saman fjölskyldur (alsystkinahópa) sem hafa verið aldar upp við sambærilegar aðstæður. Þá yrði valið til undaneldis úr þeim fjölskyldum sem hafa náð mestum meðalvexti og sýnt minnstan ótímabæran kynþroska. Með þeim breytileika sem er bæði í vexti og aldri við kynþroska má gera ráð fyrir að fá mætti mjög skjóta framför í hvoru tveggja, vaxtarhraða og síðbúnum kynþroska.

Til þess að ná þeim árangri þarf öflugt og miðstýrt kynbótakerfi. Einstakir eldismenn hafa ekki bolmagn til að fjárfesta í virku kynbótastarfi hver fyrir sig.

Fylgiskjal III.

Stefán Aðalsteinsson:

Kynbætur á laxfiskum að Sunndalsöra í Noregi.
(Úr Riti Fiskifélags Íslands, 79. árg. 7. tbl. júlí 1986.)

Heimsókn til Noregs.

Eins og alþjóð er kunnugt hefur verið vaxandi áhugi á eldi laxfiska á Íslandi undanfarin missiri. Í þeim efnum höfum við mjög mikið til Norðmanna að sækja því þeir standa öllum þjóðum framar í fiskeldi.

Í Noregi var fyrir nokkru sett á laggirnar stofnun sem heitir Institutt for Akvakultur (Vatnabúskaparstofnunin). Hún hefur aðsetur við Landbúnaðarháskólann að Ási í Noregi. Forstjóri stofnunarinnar er dr. Trygve Gjedrem sem margir Íslendingar þekkja. Hann hefur starfað lengi að rannsóknum á laxfiskum og sérstaklega unnið að skipulagningu kynbóta á þeim.

Ég heimsótti dr. Gjedrem í desember 1984 og ræddi þá við hann um kynbætur á laxfiskum og árangur af þeim. Þá fékk ég staðfest það sem ég hafði áður haft spurnir af að kynbætur á laxfiskum skiluðu ótrúlegum árangri.

Kynbótarannsóknir og hagnýt kynbótastarfsemi hafa farið fram að Sunndalsöra í Vestur-Noregi skammt frá Molde og þangað hafði mig lengi langað til að komast.

Tilefni og tækifæri til þess gafst nú í maílok 1986. Þá komst skriður á umræður um kynbætur á laxfiskum hér heima. Þegar ég átti erindi til Norðurlandanna ákvað ég að biðja dr. Gjedrem um leyfi til að fá að heimsækja tilraunastöðina á Sunndalsöra og var það auðfengið.

Tilraunastöðin á Sunndalsöra.

Tilraunastöðin var stofnuð árið 1971. Þá var fiskeldi rétt komið af stað í Noregi.

Ástæðan fyrir því að Sunndalsöra varð fyrir valinu var sú að þar buðust til afnota 5 rúmmetrar á mínútu af 10*C heitu kælivatni frá mjög stóru vatnsraforkuveri á staðnum og auk þess nóg af köldu vatni, eða um 25 rúmmetrar á mínútu (rúmlega 400 lítrar á sekúndu).

Í stöðinni eru þrjú hús, samtals 1670 fermetrar, með 450 trefjaplastkerum af mismunandi stærðum. Ker fyrir afkvæmahópa af laxaseiðum eru 2 fermetrar, en eins fermetra ker fyrir afkvæmahópa af regnbogasilungi. Utanhúss eru 36 hringlaga steyptar tjarnir hver um sig 10 metrar í þvermál. Í stöðinni starfa nú um 25 manns.

Ég kynnti mér aðallega þær kynbætur sem unnið hefur verið að á laxfiskum á Sunndalsöra en þar hafa eldislax og regnbogasilungur verið kynbættir.

Kynbætur á eldisfiski.

Í byrjun kynbótastarfsins var safnað saman 40 mismunandi laxastofnum frá ýmsum stöðum í Noregi og þeir bornir saman. Í ljós kom mikill munur á vaxtargetu stofnanna og kynbótastarfið hefur einvörðungu byggst á framræktun og úrvali úr bestu stofnunum.

Gerðar hafa verið tilraunir með stofnablöndur til að kanna hvort blendingsþróttur skipti máli. Þær tilraunir gáfu til kynna að eftir litlu væri að slægjast með blendingsrækt.

Aðferðin við kynbætur er í stórum dráttum eftirfarandi:

Valdir eru í byrjun álitlegir foreldrar, um 200 hrygnur og 50 hængar. Hrygnurnar eru kreistar og hver hængur látinn frjóvga hrogn úr 2–5 hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu

klekjast í sérstökum klakbakka og þeim er komið fyrir sér í keri fram að þeim tíma að hægt er að merkja seiðin. Vanhöld við klak, frumfóðrun og eldi fram að merkingu eru skráð og sömuleiðis vanhöld frá merkingu þar til seiðum er sleppt í sjó.

Framför afkvæmahópanna í ferskvatni fram að merkingu er líka skráð og tölur um vanhöld og framför á seiðum notaðar til að velja úr og kasta frá lökustu afkvæmahópunum strax á því stigi. Merkjakerfið sem notað er dugir ekki til að merkja nema 120 afkvæmahópa þannig að við merkingu er lökustu hópunum kastað frá.

Þegar seiðin eru komin í göngubúning eru teknir fimm undirhópar úr hverjum afkvæmahóp og þeir sendir í vaxtarprófun í sjó hjá samvinnustöðvum í einkaeign sem taka við þeim og ala þá í nót í þrjú sumur fram til slátrunar. Þá senda samvinnustöðvarnar skýrslu um útkomurnar til tilraunastöðvarinnar og þar með er hægt að gera upp hvernig hver afkvæmahópur um sig hefur reynst fram til þess tíma.

Næsta stig er síðan það að afgangar afkvæmahópanna, sem hafa verið í sjó á vegum tilraunastöðvarinnar, eru teknir til nákvæmrar skoðunar eftir þrjú sumur í sjó. Þá er hver einstaklingur í þeim hópum veginn og merktur einstaklingsmerki. Þegar þær upplýsingar bætast við sláturupplýsingar úr samvinnustöðvunum er reiknuð kynbótaeinkunn fyrir hvern einstakling um sig í heimahópnum. Sú einkunn er síðan notuð til að velja hænga og hrygnur til undaneldis í næstu kynslóð.

Til þess að halda skyldleikarækt innan hæfilegra marka er reiknað út hve hár skyldleikaræktarstuðull afkvæma muni verða við pörun allra valinna hænga við allar valdar hrygnur. Ef reiknaður skyldleikaræktarstuðull úr einhverri pörun fer upp í 10% eða hærra kemur sú pörun ekki til greina.

Oftast eru valdar 150–200 hrygnur og 40–50 hængar til undaneldis úr hverjum árgangi. Fjöldinn í efri mörkunum er þegar skyldleikaræktarhætta er með meira móti.

Við útreikning á kynbótaeinkunn fyrir þá einstaklinga sem valdir eru til undaneldis á hverju ári er notuð svokölluð BLUP aðferð. Hún gefur hverjum einstaklingi vægi sem kynbótagrip eftir því hve vel hann reynist sem einstaklingur, eftir því hve vel alsystkini og hálfsystkini hafa reynst og í nokkrum mæli eftir frammistöðu fjarlægari ættingja.

Upplýsingar um ætt allra einstaklinga allt aftur í byrjun kynbótastarfsins eru einnig geymdar í gagnabankanum og eru notaðar við útreikning á væntanlegum skyldleikaræktarstuðli úr hverri hugsanlegri pörun.

Árangur kynbótastarfsins.

Árangur laxakynbótanna í Noregi hefur verið mjög mikill eða 3–5% aukning í vaxtarhraða á ári að því er Terje Refstie upplýsti. Engar vísbendingar hafa komið fram um að farið sé að draga úr kynbótaframförinni.

Áhugavert er að skoða tímann sem það tekur að tvöfalda vaxtarhraðann með kynbótum miðað við mismunandi framför.

Framför á ári	Árafjöldi til að tvöfalda vöxt
3%	24 ár
4%	18 ár
5%	14 ár

Á það má benda í þessu sambandi að ættliðabilið í laxakynbótum í Noregi er fjögur ár. Ýmislegt bendir til að stytta megi ættliðabilið í laxakynbótum á Íslandi niður í þrjú ár. Við það eiga árlegar kynbótaframfarir að öðru jöfnu að geta aukist um 33%. Þá ættu 3–5% framfarir á ári að breytast í 4–6,7% framfarir, en með 6,7% framförum á ári tvöfaldast vöxturinn á 11 árum.

Kynbótaframfarirnar í Noregi hafa verið mældar með samanburði við óvalinn stofn sem hefur verið haldið við með tilviljanakenndu úrvali frá byrjun kynbótastarfsins.

Framfarir í kynbótum á regnbogasilungi hafa verið svipaðar og við kynbætur á laxi eða um 4% á ári.

Eftirspurn eftir kynbættum fiski.

Mikil eftirspurn er í Noregi eftir hrognum úr kynbættum laxi frá Sunndalsöra. Á þessu ári hafa fiskeldismenn beðið um 10 000 lítra af hrognum þaðan, en hugsanleg hámarksframleiðsla getur ekki orðið yfir 4000 lítrar að sögn Terje Refstie.

Samtök fiskeldismanna hafa nú ákveðið að stofna sína eigin kynbótastöð sem verður öllu stærri í sniðum heldur en stöðin á Sunndalsöra. Gert er ráð fyrir að bera kostnað af þeirri stöð uppi með sölu hrogna af kynbættum laxi.

Merkingar á laxi.

Ég spurði Terje Refstie sérstaklega um það hvernig hann færi að því að einstaklingsmerkja kynbótafisk. Hann sagði að frostmerking og uggaklipping væri notuð við merkingu á afkvæmahópum í kynbótastarfinu. Með því kerfi sem þeir notuðu væri hægt að merkja 120 afkvæmahópa. Allir einstaklingar í sama hóp fá þá sama merki. Hægt er að fá einfaldan útbúnað til frostmerkingar. Seiði má frostmerkja við 10–15 g þunga en eru oft ekki merkt fyrr en við 25 g þunga.

Einstaklingsmerki eru einkum Karlin-merki eða hliðstæð merki. Þau geta háð fiskinum verulega, sérstaklega af því að hætta er á að þörungagróður festist við merkið og vaxi á því. Refstie vissi ekki um neinar aðrar aðferðir til að merkja fisk þar sem hægt væri að lesa úr merkinu án þess að slátra fiskinum. Hann taldi trjónumerkinguna mjög góða þegar lesa ætti úr merkinu eftir slátrun.

Hafbeitarkynbætur.

Ég ræddi hafbeitarkynbætur nokkuð við Refstie, en Norðmenn hafa enga reynslu af þeim. Endurheimtur úr hafbeit hafa verið lélegar í Noregi enda hefur mikið af norskum hafbeitarlaxi verið veitt í sjó á leið sinni að landinu og upp í árnar.

Refstie taldi Ísland eitt besta landið í heiminum til hafbeitarrannsókna vegna þess að hér væru laxveiðar í sjó bannaðar. Hann taldi eðlilegast að leggja megináherslu á að reyna að bæta endurheimtur með kynbótum en var jafnframt samþykkur því að mikil ástæða væri til að velja eftir meðalvaxtarhraða meðal þeirra hópa sem sýndu bestar endurheimtur.

Varðandi fyrirkomulag á merkingum og vali fiska til undaneldis taldi hann best að merkja með trjónumerki þann hluta afkvæmahópanna sem sleppt yrði. Öllum endurheimtum fiskum yrði síðan slátrað og lesið úr merkjunum til að kanna hvernig hver hópur um sig endurheimtist. Þá mætti um leið vega hópana og dæma um það hversu vel þeir hefðu vaxið í sjó.

Undaneldisfisk yrði að geyma frostmerktan í nót eða sjótjörn heima við meðan systkinin væru í sjó og taka þaðan fiska til kreistingar úr þeim afkvæmahópum sem hefðu skilað bestum hagnaði eftir sjávardvöl. Við töku á undaneldisfiski mætti ekki velja eftir neinum sérstökum einkennum á heimageymdu fiskunum heldur yrði að taka fiskana af handahófi úr bestu afkvæmahópunum. Ef fiskar í bestu hópunum væru t.d. valdir eftir stærð gæti vel farið svo að stærstu heimageymdu fiskarnir væru rólegir og höglífir og verr til hafbeitar fallnir heldur en meðaltalið.

Í umræðum um hafbeitarkynbætur á Íslandi hefur komið fram áhugi á að geyma til undaneldis vænstu fiska sem skila sér heim í stöð úr hafbeit og velja undaneldisfisk meðal þessara fiska eftir að skil hefðu verið gerð upp.

Þessa aðferð taldi Refstie mundu skila litlum árangri af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi væri óvíst hvort tækist að merkja sleppifiskinn í þeim mæli að hægt yrði að lesa hann í sundur að gagni þegar hann kæmi heim. Í öðru lagi þyrfti að geyma mikinn fjölda fiska þar til göngu væri lokið svo að öruggt væri að nógu margt væri til undaneldis úr bestu hópunum. Í þriðja lagi mætti búast við að sumir hópar skiluðu sér ekki vel heim í stöð fyrr en eftir tvö ár í sjó. Þeirra á meðal gætu verið þeir hóparnir sem skiluðu mestum heildarhagnaði. Þeim yrði alfarið fórnað ef valdir væru til undaneldis endurheimtir fiskar eftir ársdvöl í sjó.

Að öllu samanlögðu taldi Refstie sjálfsagt að geyma hluta af öllum hópum heima við og nota þá til undaneldis þegar útkoma úr endurheimtun lægi fyrir. Þessi aðferð leyfði auk þess geymslu á undaneldisfiski úr hverjum árgangi þar til fiskar hefðu heimst eftir tvö ár í sjó.

Við ræddum nokkuð um þann möguleika að bera saman tvo kynbótamöguleika, annars vegar að auka endurheimtur og vöxt í sjó eftir eitt ár í sjó og hins vegar sömu eiginleika eftir tvö ár í sjó. Hugsanlegt er að komast megi niður í tveggja ára ættliðabil á laxi sem dvelur eitt ár í sjó. Við sterkt úrval gæti vöxtur í sjó orðið hraður og e.t.v. mætti ná mjög góðri hagkvæmni með slíkum stofni og jafnvel komast upp í þann þunga sem nú er algengur eftir tvö ár í sjó. Þennan möguleika ætti að skoða í alvöru.

Ég ræddi hafbeitarkynbætur stuttlega í síma við Harald Skjervold, prófessor við Landbúnaðarháskólann að Ási, daginn eftir að ég kom frá Sunndalsöra.

Prófessor Skjervold hefur átt mikinn þátt í því að þróa norskt fiskeldi með rannsóknum og ráðgjöf. Hann kom til Íslands ásamt nokkrum öðrum Norðmönnum í apríllok nú í vor og hélt hér fyrirlestur um nýjungar í erfðatækni og þróun kynbótastarfs.

Prófessor Skjervold lagði áherslu á að við hafbeitarkynbætur ætti meginmarkmiðið að vera auknar endurheimtur, en benti einnig á að mikið þyrfti að rannsaka ýmis atriði varðandi ferðir laxins í sjónum, bæði þegar hann væri á leið frá landi og eins hugsanlegt flakk á heimleið.

Nú er hægt að fóðra lax á merkiefnum sem haldast í honum í mjög litlu en mælanlegu magni alla ævi. Með því að nota þessi efni væri auðvelt að fylgjast með sleppingum án þess að þurfa að kosta til dýrrar merkingarvinnu.

Prófessor Skjervold lagði áherslu á að aðstæður til hafbeitarrannsókna væru betri hér á landi heldur en víðast annars staðar og ástæða væri til að velta fyrir sér hvort hér væri hægt að koma upp alþjóðarannsóknum í hafbeit.

Fylgiskjal IV.

Stefán Aðalsteinsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
Jónas Jónasson, Veiðimálastofnun:

Kynbætur á laxfiskum.
Megininntak kynbóta.

Megininntak allra kynbóta er að finna þá einstaklinga sem hafa mikla yfirburði yfir aðra einstaklinga í sinni kynslóð í þeim eiginleikum sem við viljum bæta. Þegar við höfum fundið þessa einstaklinga notum við þá sem foreldra næstu kynslóðar. Með því fjölgum við þeim einstaklingum í stofninum sem hafa til að bera þau einkenni sem við erum að sækjast eftir. Samtímis komum við í veg fyrir að slöku einstaklingarnir fái að auka kyn sitt og fækkum þar með í lakari hluta stofnsins.

Árangur kynbótanna fer eftir fernu:

Hann fer eftir því hve vel okkur hefur tekist að velja kynbótagripina, þ.e. hve mikið þeir bera af öðrum gripum í sinni kynslóð. Það kallast úrvalsyfirburðir.

Hann fer eftir því hve mikill breytileiki er í stofninum á þeim eiginleika sem verið er að kynbæta. Breytileikinn er mældur með stærð sem kölluð er staðalfrávik.

Hann fer eftir því hve mikinn þátt erfðaeðlið á í ágæti völdu gripanna. Þann þátt mælum við með stærð sem heitir arfgengi.

Hann fer eftir því hve langur tími líður á milli ættliðaskipta. Því fyrr sem nýr og betri ættliður tekur við af þeim fyrri þeim mun örari verða kynbótaframfarirnar í stofninum.

Sérstaða fiskakynbóta.

Laxfiskar geta eignast mjög mikinn fjölda afkvæma á ári. Afkvæmin fá allt erfðaefni sitt frá foreldrunum. Með því að skoða nógu mörg afkvæmi er hægt að fá mjög góða mynd af erfðaeðli foreldranna.

Hægt er að slátra mörgum einstaklingum úr alsystkinahóp til að dæma um það hve góður hópurinn er. Komi í ljós við skoðun á sláturfiskunum að hópurinn sé góður er enn eftir fjöldi alsystkina sem nota má til undaneldis.

Það er einnig einkennandi fyrir fiskakynbætur að breytileiki milli fiska er mjög mikill og þó nokkur hluti þessa breytileika stafar af arfgengum mismun milli fiska.

Markmið kynbóta á laxfiskum.

Meginmarkmið allra kynbóta er að bæta stofninn þannig að hver nýr ættliður skili eigandanum meira verðmæti en næsti ættliður á undan. Af þessari skilgreiningu er ljóst að það er markaðurinn sem ræður því hver kynbótamarkmiðin eiga að vera.

Fullyrða má að eitt af aðalmarkmiðunum í kynbótum á laxfiskum hlýtur að vera að auka vaxtarhraða fiskanna. Aukinn vaxtarhraði leiðir til þess að fiskurinn kemst fyrr en ella upp í ákveðinn þunga. Þannig má stytta vaxtarskeiðið ef það er talið hagkvæmt. Eins má nota aukna vaxtargetu til þess að ná aukinni þyngd á fiskinum við slátrun án þess að þurfa að lengja vaxtartímann. Það er lausn sem getur hentað við aðrar aðstæður.

Það er galli á stofni laxfiska ef hátt hlutfall fiska verður kynþroska áður en þeir eru búnir að ná markaðsstærð. Við kynþroskann staðnar vöxtur fisksins. Hann leggur mikla orku í að framleiða hrogn og svil, hann tapar holdum og gæði fisksins til matar versna.

Norðmenn leggja mikið kapp á að velja til undaneldis þá stofna sem sýna síðbúinn kynþroska. Þeir ala sinn lax tvö ár í sjó og vilja ekki fá kynþroska fisk á fyrsta ári í sjó.

Aðferðir við kynbætur laxfiska.

Kynbætur á laxfiskum eru yfirleitt þannig í framkvæmd að margar hrygnur eru kreistar og hver hængur er látinn frjóvga hrogn úr nokkrum hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu eru klakin í sérstökum klakbakka og seiðin úr hverri hrygnu eru alin sér í keri þangað til þau eru orðin svo stór að hægt er að merkja þau með merki systkinahópsins. Eftir merkingu er öllum systkinahópnum blandað saman og þeir aldir upp við sömu aðstæður. Þegar að slátrun kemur er hluta hvers systkinahóps slátrað til að fá dóm á það hve góður hann er. Ákveðinn fjöldi fiska úr hverjum systkinahópi er geymdur þangað til uppgjöri er lokið. Þegar búið er að gera upp alla hópana er valið til kynbóta meðal geymdu hópanna. Aðeins bestu hóparnir koma til greina og úr þeim eru teknir bestu fiskarnir til kreistingar. Þannig verða bestu fiskarnir í bestu systkinahópunum foreldrar að næsta ættlið fiska.

Kynbætur á eldislaxi.

Norðmenn hafa stundað kynbætur á laxfiskum frá 1971 og fer hér á eftir lýsing á því hvernig þeir stóðu að verki.

Í byrjun kynbótastarfsins var safnað saman 40 mismunandi laxastofnum frá ýmsum stöðum í Noregi og þeir bornir saman. Í ljós kom mikill munur á vaxtargetu stofnanna og kynbótastarfið hefur einvörðungu byggst á framræktun og úrvali úr bestu stofnunum.

Aðferðin við kynbæturnar er í stórum dráttum eftirfarandi:

Valdir eru í byrjun álitlegir foreldrar, um 200 hrygnur og 50 hængar. Hrygnurnar eru kreistar og hver hængur látinn frjóvga hrogn úr 2–6 hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu klekjast í sérstökum klakbakka og þeim er komið fyrir sér í keri fram að þeim tíma að hægt er að merkja seiðin. Vanhöld við klak, frumfóðrun og eldi fram að merkinu er skráð og sömuleiðis vanhöld frá merkingu þar til seiðum er sleppt í sjó.

Þegar seiðin eru komin í göngubúning eru teknir fimm undirhópar úr hverjum afkvæmahóp og þeir sendir í vaxtarprófun í sjó hjá samvinnustöðvum í einkaeign sem taka við þeim og ala þá í nót í sjó í tvö ár fram til slátrunar. Þá senda samvinnustöðvarnar skýrslu um útkomurnar til tilraunastöðvarinnar og þar með er hægt að gera upp hvernig hver afkvæmahópur um sig hefur reynst fram til þess tíma.

Næsta stig er síðan það að afgangar afkvæmahópanna sem hafa verið í sjó á vegum tilraunastöðvarinnar eru teknir til nákvæmrar skoðunar eftir tvö ár í sjó. Þá er hver einstaklingur í þeim hópum veginn og merktur einstaklingsmerki. Þegar þær upplýsingar bætast við sláturupplýsingar úr samvinnustöðvunum er reiknuð kynbótaeinkunn fyrir hvern einstakling um sig í heimahópunum. Sú einkunn er síðan notuð til að velja hænga og hrygnur til undaneldis í næstu kynslóð.

Til þess að halda skyldleikarækt innan hæfilegra marka er reiknað út hve hár skyldleikaræktarstuðull afkvæma muni verða við pörun allra valinna hænga við allar valdar hrygnur. Ef reiknaður skyldleikaræktarstuðull úr einhverri pörun fer upp í 10% eða hærra kemur sú pörun ekki til greina.

Oftast eru valdar 150–200 hrygnur og 40–50 hængar til undaneldis úr hverjum árgangi. Fjöldinn í efri mörkunum er þegar skyldleikaræktarhætta er með meira móti.

Við útreikning á kynbótaeinkunn fyrir þá einstaklinga sem valdir eru til undaneldis á hverju ári er notuð svokölluð BLUP aðferð. Hún gefur hverjum einstakling vægi sem kynbótagrip eftir því hve vel hann reynist sem einstaklingur, eftir því hve vel alsystkini og hálfsystkini hafa reynst og í nokkrum mæli eftir frammistöðu fjarlægari ættingja.

Upplýsingar um fyrri ættliði í kynbótastarfinu eru geymdar í gagnabanka í tölvu Landbúnaðarháskólans á Ási og eru tiltækar þar þegar kemur að nýju uppgjöri. Upplýsingar um ætt allra einstaklinga allt aftur í byrjun kynbótastarfsins eru einnig geymdar í gagnabankanum og eru notaðar við útreikning á væntanlegum skyldleikaræktarstuðli úr hverri hugsanlegri pörun.

Arfgengi mikilvægra eiginleika.

Til þess að úrval skili árangri þurfa völdu einstaklingarnir að hafa betra erfðaeðli heldur en heildin sem valið er úr. Arfgengi eiginleikans sem verið er að kynbæta mælir hve mikið af yfirburðum völdu einstaklinganna skilar sér sem yfirburðir afkvæma þeirra yfir óvöldum stofni.

Sem dæmi má taka að úr 1000 hrygnum séu valdar 50 þyngstu hrygnurnar til undaneldis og sömuleiðis 50 þyngstu hængarnir úr 1000 hængum. Ef við notum fisk eftir eitt ár í sjó í svona tilraun má gera ráð fyrir að meðalþungi þeirra sé um 2,6 kg og staðalfrávik í þunga um 0,5 kg. Við þessar forsendur ættu 50 þyngstu laxarnir að vera um 3,6 kg að meðaltali, þ.e. yfirburðir þeirra yfir aðra fiska í ættliðnum eru um 1 kg.

Erlendis hefur verið reiknað út hvert sé arfgengi þunga laxa við slátrun og það er talið vera 0,36. Þetta merkir að 36% af frávikum einstaklinga frá meðaltali stafa af erfðabreytileika, en 64% af frávikunum stafa af umhverfissveiflum. Við arfgengið 0,36 eiga þá 36% af yfirburðum völdu laxanna að ganga að erfðum til afkvæmanna. Þau eiga með öðrum orðum að verða 0,36 kg þyngri heldur en afkvæmi óvalinna foreldra.

Völdu foreldrarnir eiga því að gefa afkvæmi sem eru 2,96 kg að meðaltali miðað við að óvaldir foreldrar gefi afkvæmi sem eru 2,6 kg að meðaltali.

Þess má enn fremur geta að arfgengi á síðbúnum kynþroska er 0,41.

Til að kynbætur á eldisfiski komi að almennum notum verður að byggja kynbótastöðvar þar sem stjórn og meginframkvæmd kynbóta fer fram. Norðmenn hafa byggt tvær slíkar stöðvar, aðra á Sunndalsöra og hina á Kyrkjesæteröra.

Tilraunastöðin á Sunndalsöra.

Tilraunastöðin var stofnuð árið 1971. Þá var fiskeldi rétt að hefjast í Noregi.

Ástæðan fyrir því að Sunndalsöra varð fyrir valinu var sú að þar buðust til afnota 5 rúmmetrar á mínútu af 10°C heitu kælivatni frá mjög stóru vatnsraforkuveri á staðnum og auk þess nóg af köldu vatni, eða um 25 rúmmetrar á mínútu (rúmlega 400 lítrar á sekúndu).

Í stöðinni eru þrjú hús, samtals 1670 fermetrar, með 450 trefjaplastkerum af mismunandi stærðum. Ker fyrir afkvæmahópa af laxaseiðum eru 2 fermetrar, en eins fermetra ker fyrir afkvæmahópa af regnbogasilungi. Utanhúss eru 36 hringlaga steyptar tjarnir, hver um sig 10 metrar í þvermál. Í stöðinni starfa nú um 25 manns. Þar er einnig unnið að fjölþættum rannsóknum öðrum en kynbótum.

Á Sunndalsöra hafa einkum eldislax og regnbogasilungur verið kynbættir.

Kynbótastöðin á Kyrkjesæteröra.

Samtök fiskeldismanna hafa nú ákveðið að stofna sína eigin kynbótastöð sem verður öllu stærri í sniðum heldur en stöðin á Sunndalsöra. Bygging stöðvarinnar hófst árið 1985.

Meginverkefni stöðvarinnar verður hagnýtt kynbótastarf sem samtök fiskeldismanna fjármagna. Fyrirkomulag kynbótastarfsins er sniðið, alfarið að heita má, eftir kerfinu sem hefur verið þróað á tilraunastöðinni á Sunndalsöra.

Kynbótafiskurinn, sem fyrst kom inn í stöðina, var að mestu leyti kominn frá bestu stofnunum á Sunndalsöra, en auk þess höfðu verið teknir inn stofnar frá öðrum stöðum þar sem menn telja sig hafa náð mælanlegum kynbótaárangri. Verða þeir stofnar skoðaðir ítarlega til að kanna hvort þar er að hafa verðmætan efnivið sem getur bætt efniviðinn frá Sunndalsöra. Gert er ráð fyrir að hrognum verði dreift á 18 seiðaeldisstöðvar víðs vegar um landið sem sjá um að dreifa seiðum af stofninum um allan Noreg svo að kynbótaárangur skili sér sem fyrst.

Kostnaður við uppbyggingu stöðvarinnar á Kyrkjesæteröra er áætlaður um 32 milljónir norskra króna. Stöðin er að mestu komin upp en starfið er stutt á veg komið því að fyrstu seiðaárgangarnir eru úr hrognum frá haustinu 1985. Við stöðina starfa 15 manns. Stöðvarstjóri á kynbótastöðinni lætur hafa eftir sér eftirfarandi dæmi:

Ef miðað er við að Norðmenn framleiði um 60 000 tonn af eldislaxi á ári og gert er ráð fyrir að um 30 norskar krónur fáist fyrir kílóið af laxi er heildarverðmæti framleiðslunnar um 1,8 milljarðar norskra króna. Sé nú gert ráð fyrir að allir eldismenn nýti sér efnivið frá kynbótastöðvunum og reiknað með að kynbótaárangur sé um 3% á ári er verðmætaaukning vegna kynbótanna um 54 milljónir norskra króna á ári. Frá þessu söluverðmæti má draga um 20 milljónir norskra króna í rekstrarkostnað þannig að stöðin borgar sig á einu ári og rúmlega það.

Árangur kynbótastarfsins.

Árangur laxakynbótanna í Noregi hefur verið mjög mikill eða 3–5% aukning í vaxtarhraða á ári. Engar vísbendingar hafa komið fram um að farið sé að draga úr kynbótaframförinni.

Áhugavert er að skoða tímann sem það tekur að tvöfalda vaxtarhraðann með kynbótum miðað við mismunandi framför.

Framför á ári	Árafjöldi til að tvöfalda vöxt
3%	24 ár
4%	18 ár
5%	14 ár

Á það má benda í þessu sambandi að ættliðabilið í laxakynbótum í Noregi er 4 ár. Ýmislegt bendir til að stytta megi ættliðabilið í laxakynbótum á Íslandi niður í 3 ár. Við það eiga árlegar kynbótaframfarir að öðru jöfnu að geta aukist um 33%. Þá ættu 3–5% framfarir á ári að breytast í 4–6,7% framfarir, en með 6,7% framförum á ári tvöfaldast vöxturinn á 11 árum.

Kynbótaframfarirnar í Noregi hafa verið mældar með samanburði við óvalinn stofn sem hefur verið haldið við með tilviljanakenndu úrvali frá byrjun kynbótastarfsins og einnig með samanburði við villtan fisk.

Framfarir í kynbótum á regnbogasilungi hafa verið svipaðar og við kynbætur á laxi eða um 4% á ári.

Norðmenn hafa valið sinn kynbótafisk með hliðsjón af því að hann verði ekki kynþroska fyrr en eftir tvö ár í sjó. Árangurinn af þessu úrvali er sá að í flestum tilfellum verður ekki meira en 10% af fiskinum kynþroska eftir eitt ár í sjó.

Eftirspurn eftir kynbættum fiski.

Mikil eftirspurn er í Noregi eftir hrognum úr kynbættum laxi frá Sunndalsöra. Á þessu ári hafa fiskeldismenn beðið um 15 000–20 000 lítra af hrognum þaðan, en hámarksframleiðsla getur varla orðið yfir 4000 lítrar. Kynbótastöðin á Kyrkjesæteröra hefur því miklu hlutverki að sinna þegar hún kemst í gagnið.

Sérstaða Íslands í kynbótum laxfiska.

Hér á Íslandi er framleiðsla á laxi lítil t.d. miðað við Noreg, en miklar líkur eru á að laxeldi geti orðið mikilvæg atvinnugrein hér. Til þess að vera samkeppnisfærir í framtíðinni um sölu á laxi verðum við að hefja kynbætur til að auka arðsemi eldisins.

Af landfræðilegum ástæðum getum við sennilega ekki stundað sams konar eldi og Norðmenn, þ.e. kvíaeldi í sjó allt árið um kring, nema í einstökum tilfellum. Til þess eru veður of óhagstæð við strendur landsins. Hafbeit er aftur á móti hefðbundin eldisgrein hér á landi og þar hefur fengist mikil reynsla á undanförnum árum.

Ísland er það land í Evrópu sem hefur hvað best skilyrði til að stunda hafbeit sökum þess að laxveiðar í sjó eru bannaðar og endurheimtur eru góðar.

Kynbætur á hafbeitarlaxi koma sterklega til greina til að auka þyngd fisks úr sjó og einnig hugsanlega til að auka endurheimtur. Þekking á kynbótamöguleikum í hafbeit er mjög takmörkuð en ýmislegt bendir til að þær eigi að geta skilað árangri. Einnig koma fleiri eldisaðferðir til greina þar sem hægt er að stunda kynbætur, svo sem strandeldi þar sem lax er alinn til slátrunar í kerum á landi eða skiptieldi þar sem lax er alinn í kerum á landi og fluttur í kvíar í sjó á sumrin þegar veður og hitastig sjávar eru hagstæð. Sennilega má gera ráð fyrir því að kynbættur eldisfiskur skili yfirleitt betri vexti heldur en óvalinn fiskur, enda þótt hann sé færður yfir að nýjum eldisaðstæðum.

Huga þarf vel að kynbótamarkmiðum og væntanlegum árangri í kynbótum áður en lagt er út í miklar fjárfestingar á þessu sviði.

Hér er ástæða til að benda á að Íslendingar hafa mikla sérstöðu í hafbeit, langa reynslu og góðan árangur eins og áður er bent á. Þess vegna ætti að láta úttekt á kynbótamöguleikum á hafbeitarlaxi ganga fyrir öðrum kynbótaverkefnum.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að allra leiða verði leitað til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi.

Ríkisstjórnin tryggi að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða um viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. varðandi meðhöndlun tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu. Tilboðin verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Gerðar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankarnir veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var lögð fram á 110. löggjafarþingi en kom þá ekki til umræðu. Því er tillagan endurflutt hér. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Íslendingum ber öðrum þjóðum fremur nauðsyn til að eiga góðan skipastól. Ein af forsendum fyrir þróttmikilli útgerð er öflugur skipaiðnaður. Líkt og aðrar atvinnugreinar á Íslandi, sem eiga í alþjóðlegri samkeppni, stendur innlendur skipaiðnaður nú höllum fæti. Valda þar mestu hinar miklu kostnaðarhækkanir sem orðið hafa hér á landi umfram hækkanir hjá samkeppnisþjóðunum. Til að tryggja aukna framleiðni og betri þjónustu innlends skipaiðnaðar þurfa að koma til aukin og stöðug verkefni.

Á meðfylgjandi yfirliti frá Þjóðhagsstofnun, um fjárfestingu í fiskiskipum árin 1986 og 1987, kemur fram að hlutur innlends skipaiðnaðar hefur farið minnkandi (upphæðir í millj. kr. á verðlagi hvors árs):

	1986	**1987**
Innflutningur[1]	295	1598
Endurbætur	931	1081
Innflutningur alls	1226	2679
Nýframkvæmdir	370	509
Endurbætur	1052	912
Innan lands alls	1422	1421
Samtals innflutningur og framkvæmdir innan lands	2648	4100

Í svari fyrrverandi iðnaðarráðherra við fyrirspurn hér í þinginu síðastliðinn vetur kom fram að Fiskveiðasjóður hefði á árinu 1987 veitt lán til smíða á 20 skipum erlendis fyrir íslenska aðila, samtals að upphæð 1680 milljónir króna. Heildarverðmæti þeirra skipa er

[1] Söluandvirði seldra skipa úr landi er dregið frá kaupverði innfluttra skipa.

áætlað um 2960 milljónir króna. Jafnframt kom fram hjá iðnaðarráðherra að samkvæmt upplýsingum Siglingamálastofnunar ríkisins voru 16 þilfarsbátar í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum. Þar af voru 14 bátar 10 tonn eða minni. Auk þess voru 63 opnir bátar í smíðum innan lands, 10 tonn og minni. Til viðbótar þessu er ein skipasmíðastöð að hefja smíði á tveimur 220 tonna fiskiskipum.

Að undanförnu hefur borið á því að fiskiskip séu send utan til viðgerða og breytinga án undangenginna útboða innan lands. Þetta hefur aukist eftir að heimild var gefin til beinnar erlendrar lántöku. Meðan samþykki langlánanefndar þurfti til erlendrar lántöku var það jafnan haft til hliðsjónar að verk væru formlega boðin út innan lands og lán Fiskveiðasjóðs háð því skilyrði. Samtök skipaiðnaðarins hafa lagt áherslu á að stjórnvöld komi því til leiðar að áður en lán eru veitt úr opinberum sjóðum eða leyfi veitt til erlendrar lántöku til endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis verði verk formlega boðin út innan lands. Nýsmíðaverkefni eru sjaldnast boðin út en eðlilegt þykir að slíkt verði gert. Það er orðið tímabært að langlánanefnd og Fiskveiðasjóður geri hliðstæðar kröfur um útboð og verðsamanburð vegna nýsmíða og lengst af hafa gilt um endurbætur og viðgerðir. Flutningsmaður tekur undir með samtökunum að eðlilegt sé að láta á það reyna hvort innlend fyrirtæki þurfi verkefnanna við og hvort þau geti leyst þau af hendi á jafnhagkvæman hátt eða hagkvæmari en erlend fyrirtæki.

Með þessari þingsályktunartillögu er því beint til stjórnvalda að þau geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að íslenskur skipaiðnaður geti keppt á jafnréttisgrundvelli við þær þjóðir sem í æ ríkari mæli taka að sér íslensk skipaiðnaðarverkefni og skapað fjölda manns atvinnu. Því hefur raunar margoft verið lýst yfir af hálfu stjórnvalda að brýnt væri að grípa til aðgerða og vel verið tekið í tillögur samtaka skipaiðnaðarins í þessum efnum.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga.

Flm.: Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga með það fyrir augum að stöðva vísindahvalveiðar um a.m.k. þriggja ára skeið. Sá tími verði notaður til að ljúka nauðsynlegum vísindarannsóknum, án veiða, og til aukinnar kynningar á málstað Íslendinga. Fulltrúum umhverfisverndarsamtaka verði gefinn kostur á að fylgjast með og taka þátt í þessum rannsóknum.

Greinargerð.

Með þessum tillöguflutningi er réttur Íslendinga til hvalveiða *ekki* vefengdur. Það er hins vegar ljóst að hinar svonefndu vísindahvalveiðar hafa þegar stórskaðað hagsmuni íslenskra útflutningsfyrirtækja og þjóðarinnar í heild vegna áróðurs umhverfisverndarmanna gegn hvalveiðum. Á því er veruleg hætta að þessi áróður eigi enn eftir að auka á erfiðleika Íslendinga við sölu fiskafurða og fleiri vörutegunda á erlendum markaði og geti haft neikvæð áhrif á ferðir útlendinga til Íslands. Þó vegur það þyngst að leiða má að því gild rök að hinn góði orðstír íslenskrar þjóðar erlendis hafi beðið hnekki.

Hvalveiðar hafa ekki lengur neina verulega efnahagslega þýðingu fyrir Íslendinga. Tekjur af sölu hvalafurða voru á síðasta ári um 0,6 af hundraði heildarútflutnings. Tekjutap þjóðarinnar, sem má rekja beint til áróðurs gegn hvalveiðum, er hins vegar umtalsvert og mun að öllu óbreyttu fara vaxandi. Alþingi og ríkisstjórn verða að horfast í augu við þessar staðreyndir og taka ákvarðanir í samræmi við þær.

Sþ. 41. Fyrirspurn [39. mál]

til viðskiptaráðherra um heimildir til kaupa á erlendum verðbréfum.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður undirbúningi að því að heimila innlendum aðilum kaup á erlendum verðbréfum?

Hyggst ráðherra beita sér áfram fyrir því að „heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskiptastöðu sína verði rýmkaðar“ eins og segir í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar frá 12. október 1987?

Sþ. 42. Fyrirspurn [40. mál]

til utanríkisráðherra um skipti Íslendinga við varnarliðið.

Frá Geir H. Haarde.

Hvernig ber að skilja það ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að „skipti Íslendinga við varnarliðið verði endurskipulögð“?

Sþ. 43. Fyrirspurn [41. mál]

til fjármálaráðherra um sölu ríkisfyrirtækja og hlutafjár ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur.

Frá Geir H. Haarde.

1. Með hvaða hætti verður unnið „að því að bjóða almenningi til kaups ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur“ eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum frá 28. september sl.?
2. Hvaða ríkisfyrirtæki verða boðin almenningi til kaups og hlutafé hvaða fyrirtækja í atvinnurekstri verður boðið til sölu?
3. Hvenær verður hafist handa um að hrinda þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmd?

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um nýjar reglur um starfslok og starfsréttindi.

Flm.: Guðni Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Ragnar Arnalds, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd er fái það hlutverk að móta reglur um sveigjanlegri starfslok, t.d. á aldursbilinu 64–74 ára.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja að það séu mannréttindi að fólk haldi starfsréttindum svo lengi sem hæfni, starfsorka og starfslöngun eru fyrir hendi.

Flutningsmenn telja að eftirlaunaaldur ætti að vera mun sveigjanlegri en nú er þannig að fólk geti sjálft valið um hvort það hætti störfum t.d. á aldursbilinu 64–74 ára. Það á hvorki

að vera lögþvingun né einhliða réttur atvinnurekanda að þvinga fólk til að hætta störfum þegar ákveðnu aldursmarki er náð. Allar rannsóknir benda til þess að ófrávíkjanleg starfslok fólks við ákveðin aldursmörk valdi ótímabærri hrörnun.

Samkvæmt niðurstöðum hóprannsókna Hjartaverndar á árunum 1979–1984 á fólki á aldrinum 67–74 ára kom fram að lyfjaneysla helst nokkuð óbreytt meðal karla og kvenna 47–66 ára en meðal kvenna 67–73 ára eykst neysla taugaróandi lyfja um 35% og svefnlyfja um 80%. Meðal karla eykst neysla taugaróandi lyfja um 50% á þessum aldri. Athyglisvert er að neysla taugaróandi lyfja og svefnlyfja eykst mjög eftir að fólk kemur á eftirlaunaaldur og hættir störfum. Nærtækasta skýringin er að fólkið þjáist af vanlíðan og leiða og finnst það hafi ekkert hlutverk og sé sett til hliðar í þjóðfélaginu.

Smátt og smátt er einkareksturinn að taka upp þær reglur hins opinbera að svipta fólk fastráðningu eigi síðar en þegar 70 ára aldursmarkinu er náð.

Þau lög, sem í gildi eru um sviptingu fastráðningar starfsmanns ríkis eða bæjar, eru frá árinu 1935.

Flutningsmenn leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum og eiga það ekki undir náð atvinnurekenda hvort viðkomandi heldur vinnu sinni.
2. Fólk á að halda áunnum eftirlaunaréttindum en starfslok þurfa að vera mun sveigjanlegri svo að fólk geti hætt störfum að eigin vali, t.d. á árabilinu 64–74 ára.
3. Gefa þarf fólki rétt á að sinna hlutastarfi í „fastri vinnu“ þegar aldur færist yfir.
4. Heilsufar fólks 64–74 ára er betra en áður var, enda starfar nú helmingur fólks 67–74 ára fullan starfsdag en oft í íhlaupavinnu (hefur verið svipt fastráðningu).
5. Meðferð öldrunar er ekki alger hvíld heldur andleg og líkamleg örvun og þar af leiðandi eru lög um vinnulok við 67 eða 70 ára aldur ekki læknisfræðilega réttlætanleg.
6. Enn fremur þarf að bæta lífeyri fólks svo að það neyðist ekki til að vinna lengur en heilsa og hugur leyfa.

Hér fylgir með skýrsla eftir Ólaf Ólafsson landlækni og Þór Halldórsson yfirlækni um mannréttindi og eftirlaunaaldur.

Fylgiskjal.

Ólafur Ólafsson landlæknir
og
Þór Halldórsson yfirlæknir:

MANNRÉTTINDI OG EFTIRLAUNAALDUR.

Inngangur.

Eftirlaunaaldur.

Lok fastráðningar hafa í för með sér tekjumissi og skerðingu á tilteknum réttindum. Á Norðurlöndum er eftirlaunaaldur yfirleitt við 67 ár, í Svíþjóð við 65 ár en á Íslandi eru mörkin nokkru sveigjanlegri. Opinberir starfsmenn ráða hvort þeir hætta störfum við 67 ára eða 70 ára aldur. Einnig gildir þar „95 ára reglan“.

Ýmsir lífeyrissjóðir á Íslandi leyfa starf til allt að 70 ára aldurs. Á félagssvæði Alþýðusambandsins eru starfslok komin undir samkomulagi launþega við vinnuveitanda. Launþegi verður þar að sækja rétt sinn til vinnu til hans. Mörg fyrirtæki hafa ákveðnar reglur um að segja starfsfólki upp við 70 ára aldur. Athyglisvert er að í einkarekstri halda menn mun lengur starfi sínu eftir að eftirlaunaaldri er náð en hjá ríki og sveitarfélögum.

Atgervi eftirlaunafólks.

Niðurstöður margra rannsókna sýna að flestir eftirlaunamenn eru við góða heilsu og jafnframt vel vinnufærir.

Tafla 1.

Vinnandi fólk á eftirlaunaaldri á Norðurlöndum.
(65–74 ára aldur.)

	Karlar	Konur
Ísland	69%	40%
Danmörk	25%	8%
Noregur	35%	16%
Svíþjóð	14%	4%
Finnland	5%	3%

Fjöldi þeirra er hætta vinnu fyrir eftirlaunaaldur.

Á Norðurlöndum fer þeim fjölgandi sem hætta störfum áður en eftirlaunaaldri er náð (þótt þeir séu við góða heilsu).

Á tímabilinu 1970–1980 breyttist fjöldi þeirra vinnufærra manna sem hættu störfum á aldrinum 16–64 ára, sbr. töflu 2.

Í Danmörku og Finnlandi hætta fleiri störfum undir eftirlaunaaldri en á öðrum Norðurlöndum, líklega vegna meira atvinnuleysis. Árið 1981 voru í Danmörku aðeins 56% karla og 27% kvenna á aldrinum 60–64 ára við vinnu.

Líklegar orsakir starfsloka áður en eftirlaunaaldri er náð.

1. Atvinnuleysi.
2. Menntunarkröfur atvinnuveganna hafa aukist.
3. Hagræðing er orðin meiri, m.a. vegna tölvuvæðingar.
4. Félagslegur þrýstingur. „Menn eiga að hætta þegar ellin færist yfir og hleypa þeim ungu að“ vegna atvinnuleysis.
5. Verkalýðspólitík fagfélaganna er oft neikvæð í garð „þeirra gömlu“.
6. Í einstökum tilfellum er fjárhagslega hagkvæmt að hætta vinnu.

Heilsufar og aðstæður eftirlaunafólks.

Aðeins örfáar rannsóknir hafa farið fram sem lýsa aðstæðum og heilsufari eftirlaunafólks.

Samkvæmt rannsóknum Félagsmálarannsóknastofu Danmerkur reyndist heilsufar aldraðra frekar batna á árunum 1962–1979. Í samræmi við þessar niðurstöður minnkaði dánartíðni fólks á aldrinum 65–74 ára á Norðurlöndum á árunum 1970–1980, sbr. töflu 3.

Flestar rannsóknir, sem gerðar hafa verið, fjalla um ástand hjá ófaglærðum og starfsmönnum í lægri launaflokkum en fáar um menntamenn og sjálfstæða atvinnurekendur. Launþegar hætta störfum mun fyrr en þeir er starfa sjálfstætt. Algengast er að menntamenn og atvinnurekendur eigi sér frekar áhugamál (hobbies) er koma í stað starfsins en verkamenn. Sá hópur, sem er mótfallinn því að hætta störfum við 67 ára aldur, er á bilinu 15–30% og allt að þriðjungur ellilífeyrisþega á Norðurlöndum kemst illa af fjárhagslega. Í kjölfar þessa hrakar oft næringarástandi fólks. Einmanaleiki, depurð og leiði eru algeng. Lyfjanotkun eykst, sérstaklega hjá konum.

Námskeið til undirbúnings starfsloka hafa verið haldin „en margir eru tortryggnir á þau og halda að ýta eigi þeim út af vinnumarkaðinum“.

Hvort heldur vinnulok verða við tilskilinn hámarksaldur eða fyrr leiða þau yfirleitt til skorts á verkefnum og óvirkni.

Áður fyrr var rosknu fólki talið hollast að setjast í helgan stein og hvílast, en það kemur ekki heim við nútímalæknisfræðiþekkingu og verður að teljast með öllu úrelt stefna.

Líkamleg og andleg örvun.

Til að fólk haldi líkamlegri og andlegri hæfni sem lengst er líkamleg og andleg örvun nauðsynleg, svo sem:

1. skyn- og hreyfigetu (sjónar, heyrnar og líkamshreyfinga),
2. andlegrar hæfni (minni hæfni til lausnar verkefna),
3. félagslegrar og sálrænnar aðlögunarhæfni.

Tamt er að líta á mannsævina sem göngu á fótinn framan af með sífellt aukinni getu, en síðan halli undan fæti þegar lengra líður. Mynd 1 tákngerir slíkt viðhorf.

Vitað er að frumum líkamans fjölgar og þær stækka fram að kynþroska og e.t.v. að 20–25 ára aldri, en í sumum tilvikum fer þá þegar að draga úr stærð þeirra og fjölda. Niðurstöður langtímarannsókna, sem gerðar eru á mannslíkamanum með nútímatækni, sýna að þrátt fyrir það að viss rýrnun frumna líkamans byrji um 25 ára aldur eru breytingarnar litlar næstu 20 ár. Almennt benda rannsóknir til þess að breytingar á frumum líkamans með hækkandi aldri verði ekki verulegar fyrr en komið er yfir 65–75 ára aldur. Meira máli skiptir minnkun starfsgetu heldur en myndrænar (morfologiskar) breytingar. Mörg líffæri búa yfir mikilli aukagetu. Sum þeirra má skerða um ¾ hluta án þess að nokkur greinileg starfsskerðing komi í ljós. Margs konar geta, sem skiptir okkur máli, nær hámarki um kynþroskaaldur en stendur síðan að mestu leyti óbreytt í langan tíma þar til hægfara skerðing verður með háum aldri, sbr. mynd 2.

Það er mikilvægt að benda á að á sumum sviðum geta menn aukið hæfni sína á miðjum aldri og býsna lengi fram eftir ævinni, sbr. mynd 3. Þess háttar getuaukning á t.d. við um störf hugans — störf sem reyna á greind og sérstaklega ef reynsla skiptir þar máli.

Það hefur oft komið í ljós að fram að 70 ára aldri er andleg hæfni flestra lítt eða ekki skert og má jafna við getu þrítugra eða fertugra. Þó verður að taka fram að snerpunni hrakar heldur.

Rannsóknir á sjötugu fólki fyrir og eftir þjálfun sýna að þjálfun eykur ekki aðeins vöðvastyrk heldur aukast einnig meira viðbrögð skjótvirkra vöðvaþráða en hægvirkra.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna að með þjálfun hugans er hægt að hafa mælanleg áhrif á andlega getu, þ.e. þá getu sem menn búa yfir, sbr. mynd 4.

Annars konar geta.

Líkamsþjálfun vinnur gegn aldursbreytingum í vöðvum og stoðkerfi. Hæfileg þjálfun getur hamlað beineyðingu og efnaskiptabreytingum.

Þjálfun styrkir hjartavöðvann, þ.e. eykur slagrúmmál hjartans og þol.

Niðurstöður.

Þótt heilsufar fólks 65–74 ára á Norðurlöndum hafi ekki versnað heldur mun frekar batnað hin síðari ár fer í vöxt að fólk láti af störfum jafnvel áður en eftirlaunaaldri er náð.

Vinnulok við 65–70 ára aldur leiðir oft til stöðnunar og óvirkni. Slíkt er ekki læknisfræðilega réttlætanlegt eins og nú horfir við og leiðir oft til ótímabærrar hrörnunar og innlagna á stofnanir eins og mörg dæmi eru til um. Meðferð öldrunar er ekki algjör hvíld, heldur andleg og líkamleg örvun.

Tillaga.

Eftirlaunaaldur á að vera sveigjanlegur og byggjast á læknisfræðilegu og félagsfræðilegu mati á starfsgetu og hæfni hvers og eins. Vitaskuld á ekki að skerða rétt manna til eftirlauna er þeir hafa áunnið sér. En það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum svo lengi sem hæfni og starfsorka leyfa.

Æskilegt væri að eftirlaunaaldur verði mun sveigjanlegri en nú er, þ.e. að fólk geti valið um hvenær það hættir störfum á aldursbilinu 60–75 ára.

Tafla 2.

	1970 Fjöldi	á 10^5	**1980** Fjöldi	á 10^5	%
Ísland (16–64)	5 212	62.0	5 727	54.0	-13.0
Danmörk[1] (15–66[2])	127 465	55.2	141 216	53.6	+1.6
Finnland (16–64)	172 405	81.4	243 300	109.5	+34.5
Noregur (15–64)	91 536	62.6	159 726	115.8	+ 8.5
Svíþjóð (16–64)	163 072	47.8	293 334	78.2	+63.6

[1] 1981.
[2] Að frátöldum 60–64 ára.

Tafla 3.

Á 10^5 íbúa 65–74 ára	1971–1975	1976–1980
Ísland	3386.4	3022.0
Danmörk	4247.5	4174.2
Finnland	5498.0	5498.8
Noregur	3961.8	3801.8
Svíþjóð	3789.6	3735.7

Mynd 1.



Flestir halda að starfshæfni (S) minnki nokkuð hratt með aldrinum (A) eins og myndin sýnir.

Mynd 2.



Líkamleg hæfni (S), t.d. vöðvastyrkleiki, nær að vísu hámarki snemma á æviskeiðinu (A), en margs konar önnur hæfni er óbreytt lengi uns hægfara hrörnun gerir vart við sig.

Mynd 3.



Í reynd eykst viss starfshæfni (S) með aldrinum (A), t.d. sú er byggir á reynslu.

Mynd 4.



Það vill gleymast að starfshæfni (S) er hægt að bæta verulega með þjálfun sé þess gætt í tíma (A).

Sþ. 45. Fyrirspurn [43. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslur fyrir sauðfjárafurðir.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hvaða reglur hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins sett samkvæmt niðurlagi 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. búvörulaga um greiðslur fyrir sauðfjárafurðir?
2. Er sú frumgreiðsla afurðaverðs, sem sláturleyfishöfum ber lögum samkvæmt að greiða sauðfjárbændum, í samræmi við þær reglur?
3. Ef svo er ekki, ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir að ekki sé brotinn réttur á sauðfjárbændum í þessum efnum og þá með hvaða móti?

Sþ. 46. Fyrirspurn [44. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvaða áætlanir og reglur hafa verið í gildi um lagningu á þriggja fasa rafmagni um byggðir landsins?
2. Hverjar eru áætlanir um lagningu á þriggja fasa rafmagni næstu tvö árin, 1989 og 1990?
3. Hefur verið metin þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn?

Sþ. 47. Fyrirspurn [45. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hyggst menntamálaráðherra fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. janúar og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði, sem áður giltu um framfærslukostnað, gildi að nýju?
2. Ef svo er, hvenær mega námsmenn eiga von á að þær breytingar komi til framkvæmda?
3. Telur menntamálaráðherra að breytingar þær, sem gerðar voru á reglugerðum um Lánasjóðinn á árinu 1986, standist gagnvart lögum?

Sþ. 48. Fyrirspurn [46. mál]

til samgönguráðherra um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvert var matsverð og hvert var söluverð Ferðaskrifstofu ríkisins?
2. Hvernig voru eignir metnar og hve stór hluti matsfjárhæðarinnar var viðskiptavild?

3. Hve margir starfsmenn keyptu hlut í Ferðaskrifstofunni og hve hár var hlutur hvers starfsmanns?
4. Hvaða kvaðir eru á sölu hlutabréfanna?
5. Hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir fyrirtækið á almennum markaði?

Sþ. 49. Fyrirspurn [47. mál]

til fjármálaráðherra um breytingu á gjalddaga söluskatts.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Stendur til að breyta gjalddaga söluskatts frá því sem nú er þannig að eindaga söluskatts beri upp á sama dag og útborgun greiðslukorta?
2. Ef svo er, hvenær má búast við að sú breyting komi til framkvæmda?
3. Ef svo er ekki, eru þá í undirbúningi aðrar aðgerðir til að létta af smásöluversluninni að fjármagna skilvísa greiðslu söluskatts?

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um að efla kjararannsóknir.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir,
Guðmundur H. Garðarsson, Hjörleifur Guttormsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði gerðar áreiðanlegri en nú er. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar var lögð fram í lok 110. löggjafarþings og var þá tekin á dagskrá en kom ekki til umræðu. Því er tillagan endurflutt óbreytt. Efni tillögunnar er enn jafnbrýnt og áður.

Í mörg ár hafa verið gerðar kjararannsóknir hér á landi. Mörg stéttarfélög, kjararannsóknarnefnd, Framkvæmdastofnun, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilar hafa gert kannanir á kjörum fólks á vinnumarkaðinum. Rannsóknir hafa að mestu byggst á skattframtölum, svörum einstakra launamanna og svörum fyrirtækja. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna hefur nýlega verið sett á laggirnar að fyrirmynd kjararannsóknarnefndar aðila vinnumarkaðarins.

Kjararannsóknir byggja að sjálfsögðu á þeim upplýsingum sem hægt er að ná til. Þjóðhagsstofnun hefur gert kannanir sem byggja á skattagögnum. Þau gögn eru mikilvæg, sérstaklega ef upplýsingarnar væru ítarlegri og áreiðanlegri. Kjararannsóknarnefnd notast eingöngu við gögn frá atvinnurekendum. Ef fyrirspurnum er ónákvæmt svarað eða gögn illa unnin getur það leitt til þess að upplýsingar um kjör heilla starfshópa komi ekki fram.

Við samanburð á niðurstöðum kjararannsókna hefur skort alla samræmingu í notkun hugtaka. Til dæmis er ekki unnt að bera saman tiltekin starfsheiti úr könnunum frá hinum ýmsu aðilum. Þetta skapar rugling og ónákvæmni.

Launamiðar eru nú þannig að á þeim eiga að koma fram ýmsar upplýsingar um laun, hlunnindi, stéttarfélag, lífeyrissjóð o.fl. og eru þær án efa misgóðar. Hingað til hefur ekkert verið gert til að tryggja að þær upplýsingar, sem nú er beðið um, komi fram. Það þarf að sjá til að þessar upplýsingar séu samræmdar og áreiðanlegar. Í því skyni getur verið nauðsynlegt að setja viðurlög við því ef ekki koma réttar og fullnægjandi upplýsingar fram á launamiðum.

Undanfarin ár hafa orðið verulegar breytingar á launakerfum í landinu. Í meginatriðum er hægt að segja að um tvö launakerfi sé að ræða. Launakerfi opinberra starfsmanna er nánast hreint taxtakerfi en launakerfi á almennum vinnumarkaði er taxtakerfi í grunninn en ofan á er byggt kerfi með bónus, yfirborgunum og uppmælingum. Taxtar á almennum markaði sýna því lágmarkslaun á hverjum tíma. Allmargar stéttir, einkum kvennastéttir, taka eingöngu laun samkvæmt töxtum en stór hluti launafólks fær aukagreiðslur af ýmsu tagi. Margir fá þessar greiðslur fyrir mikla vinnu en þó er töluvert um að samið sé beint við vinnuveitanda um hærri laun en taxtar kveða á um. Hugtök eins og ómæld yfirvinna og jafnvel óunnin heyrast gjarnan í umræðum um launamál og þykir orðið sjálfsagt að semja um slíkar greiðslur ef mögulegt er. Þetta á við um einstaka stéttir í opinberri þjónustu en aðallega á þetta við um almenna vinnumarkaðinn. Í mörgum tilvikum eru taxtalaunin aðeins fjarlæg viðmiðun fyrir yfirborganir og ýmis hlunnindi.

Yfirborganir og aukagreiðslur sýna svo að ekki verður um villst getu atvinnuveganna til að greiða hærri laun en taxtar segja til um. Yfirvinna af ýmsu tagi verður stöðugt stærri hluti af þeim launum sem fólk fær úr launaumslaginu. Það er því mikilvægt að auðvelt sé að gera sér grein fyrir hve stór hluti af launagreiðslum er annað en grunn- eða taxtalaun.

Til að gera sér ljóst hvaða laun eru greidd fyrir sams konar vinnu er nauðsynlegt að starfsheiti verði skilgreind og samræmd. Í kjararannsóknum, sem nú eru gerðar, eru notuð mismunandi starfsheiti eftir því hver fjallar um málið. Þannig notar kjararannsóknarnefnd eitt kerfi og Framkvæmdastofnun annað. Þetta leiðir til þess að erfitt er að gera sér grein fyrir eðli hinna ýmsu starfa og hvaða laun eru greidd fyrir þau.

Tillaga þessi felur í sér að skráðar verði á einfaldan hátt upplýsingar til að auðvelda og bæta kjararannsóknir. Með því verður hægt að átta sig betur á því fyrir hvers konar vinnuframlag laun eru greidd, svo sem dagvinnu og yfirvinnu. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að samræma og skilgreina starfsheiti betur en nú er gert.

Efldar og nákvæmari kjararannsóknir auka líkur á að unnt sé að gera launakerfin auðskiljanlegri. Um leið og upplýsingar af því tagi, sem hér er lagt til, liggja fyrir aukast líkur á því að launakerfi verði jafnframt aðgengilegri og með því stigið eitt skref í þá átt að skapa réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Nd. 51. Frumvarp til laga [49. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson.

1. gr.

4. tölul. 5. gr. laganna orðast svo:

Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli kjördæma, útlánaflokka og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.

2. gr.

Fyrri málsgrein 10. gr. laganna orðast svo:

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands og annarra bankastofnana sem húsnæðismálastjórn semur við. Skal leitast við að fé sjóðsins sé ávaxtað í byggðarlögum sem næst í samræmi við lán til sjóðsins og lánveitingar hans.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, 11. tölul., er orðast svo:

Lán til byggingar almennra leiguíbúða á vegum einstaklinga og fyrirtækja.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fé til útlána skv. 1., 2., 9., 10. og 11. tölul. samtals skal skipt milli kjördæma sem næst í hlutfalli við greiðslur í lífeyrissjóði úr hverju kjördæmi. Heimilt er að miða við áætlaða skiptingu heildarlaunagreiðslna í þessu sambandi og taka tillit til kauphlutfalls lífeyrissjóða, sbr. 12. gr. Skiptingu útlána milli kjördæma skal miða við búsetu umsækjenda eigi einstaklingar í hlut en miða skal við framkvæmdastað þegar aðrir aðilar fá lán. Útlánafé má því aðeins færa milli kjördæma að umsóknum skv. 1., 2., 9., 10. og 11. tölul. sé fullnægt.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, 9. mgr., er orðast svo:

Lán skulu afgreidd sérstaklega fyrir hvert kjördæmi, sbr. skiptingu útlánafjár skv. 11. gr.

6. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir eða leiguíbúðir fyrir aldraða. Þegar þessir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við hámarkslánsrétt skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að veita fyrirtækjum lán til byggingar leiguíbúða fyrir starfsmenn sína. Réttur fyrirtækja til að lána skal miðast við skuldabréfakaup þeirra lífeyrissjóða sem þau greiða til vegna starfsmanna sinna á sambærilegan hátt og gildir fyrir starfsmennina sjálfa. Lánsréttur fyrirtækja skal miðast við a-lið 1. mgr. þessarar greinar þrátt fyrir það að byggðar séu fleiri en ein leiguíbúð.

7. gr.

3. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti í hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum af eldri lánum til samræmis við framangreind kjör ef lántakandi óskar þess. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var flutt á síðasta þingi af Vilhjálmi Egilssyni, 1. varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra, og Matthíasi Bjarnasyni. Þar sem Vilhjálmur á ekki sæti á þessu þingi hefur Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, gerst meðflutningsmaður að frumvarpinu.

Greinargerðin, sem fylgir frumvarpinu, er sú sama og fylgdi frumvarpinu í fyrra að því viðbættu að nýrri upplýsingar fylgja ásamt breytingum á töflum í greinargerðinni sem eru byggðar á heimildum frá Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á hið nýja húsnæðislánakerfi sem tók gildi með lögum nr. 54/1986 í kjölfar kjarasamninga á vinnumarkaði 26. febrúar 1986. Þessi gagnrýni hefur byggst á tveimur meginatriðum: Annars vegar á því að hið nýja húsnæðislánakerfi væri fjárhagslega ótraust og gæti ekki sinnt eftirspurn eftir lánum, m.a. vegna þess að niðurgreiðsla á vöxtum væri of mikil eða þörfin fyrir húsnæðislán væri orðin svo brýn. Hins vegar að í hinu nýja húsnæðislánakerfi fælist mikill tilflutningur á fjármagni frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þar sem mun fleiri umsóknir bærust um lán frá höfuðborgarsvæðinu en frá landsbyggðinni.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þess að benda á leiðir sem gætu stuðlað að lausn þess vanda sem talinn er vera í húsnæðislánakerfinu og snýr að tilflutningi fjármagns. Lagt er til að útlán Byggingarsjóðs ríkisins í helstu lánaflokkunum skiptist í sama hlutfalli milli kjördæma og greitt er til lífeyrissjóðanna sem kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun. Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóð skuli ávaxta í peningastofnunum víðs vegar um land. Enn fremur er lagt til að lána megi fyrirtækjum til byggingar leiguíbúða fyrir starfsfólk sitt.

Þessar breytingar eru afar þýðingarmikið hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem hafa horft upp á hið nýja húsnæðislánakerfi verða að tæki til fjármagnsflutninga frá landsbyggðinni.

Sú gagnrýni, sem fram hefur komið á húsnæðislánakerfið, að það leiði til flutnings á fjármagni frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, er byggð á þeirri staðreynd að útlánaloforð Byggingarsjóðs til Reykjavíkur eru 46,7% af heildarlánsloforðum meðan um 37,4% launagreiðslna landsmanna eru taldar fram í höfuðborginni. Til landsbyggðarkjördæmanna hafa farið 26,7% af lánsloforðunum en þar eru talin fram 37,9% af launagreiðslum landsmanna. Árleg útlán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra lána eru um 5800 millj. kr. og sú tala á eflaust eftir að hækka á næstu árum.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lánsloforða eftir kjördæmum:

Tafla 1.

Skipting lánsloforða og staðfestingarbréfa eftir kjördæmum.
(Veitt til 12. okt. 1988.)

	Fjöldi afgreiðslna	*Hlutfall*
Reykjavík	6 237	46,7
Reykjanes	3 401	25,5
Vesturland	605	4,5
Vestfirðir	393	2,9
Norðurland vestra	333	2,5
Norðurland eystra	1 065	8,0
Austurland	486	3,6
Suðurland	701	5,2
Óskilgreint	137	0,7
	13 358	100,0

Heimild: Húsnæðisstofnun.

Með því að skoða fram taldar launagreiðslur eftir kjördæmum fæst öruggasta vísbendingin um hvernig greitt er í lífeyrissjóði. Þess ber að gæta að sumir lífeyrissjóðir eru fyrir launþega af öllu landinu og því er réttindamyndun í þeim ekki bundin við tiltekna landshluta. Þess vegna er ekki unnt að miða við hvar lífeyrissjóðirnir starfa til þess að reikna út tilflutning á fjármagni með húsnæðislánakerfinu. Á árinu 1987 nam fjármagn frá lífeyrissjóðum yfir 90% af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins en afgangurinn er eigið fé og framlag ríkissjóðs. Eigi að reyna að finna út hvernig eigið fé húsnæðislánakerfisins eða framlag ríkissjóðs sé myndað miðað við kjördæmi er skipting launagreiðslna eftir kjördæmum raunhæfasta viðmiðunin, ekki síst vegna fyrri tengsla launaskatts og húsnæðislána.

Í töflu 2 er áætlað, miðað við launagreiðslur, hvert framlag einstakra kjördæma er í þeim lánsloforðum og staðfestingarafgreiðslum sem Húsnæðisstofnun hefur sent frá sér og áætlaður tilflutningur af fjármagni út frá því. Niðurstaðan er sú að þessi tilflutningur nemi um 600 millj. kr. árlega eða um 1200 millj. kr. á þeim tveimur árum sem húsnæðiskerfið nýja hefur verið til.

Tafla 2.

Tilflutningur fjármagns milli kjördæma með húsnæðislánakerfinu.
Miðað við 5800 millj. kr. árleg útlán.
(Upphæðir í millj. kr.)

	Framtaldar launa-greiðslur 1986	*Árlegt framlag til lánsloforða*	*Tilflutningur fjár á ári*
Reykjavík	37,4%	2169	+540
Reykjanes	24,6%	1427	+52
Vesturland	6,2%	360	-99
Vestfirðir	4,5%	261	-93
Norðurland vestra	4,0%	232	-87
Norðurland eystra	10,0%	580	-116
Austurland	5,2%	302	-93
Suðurland	8,0%	464	-162
Óskilgreint			+58
	100,0	5800	0

Heimildir: Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun.

Það einfaldar að sjálfsögðu húsnæðislánakerfið ef ekki þarf að skipta útlánum eftir kjördæmum. Markmiðið við samningu laganna var einmitt að halda kerfinu sem einföldustu. Hins vegar virðist svo sem úthlutun lánanna skiptist miklu misjafnar á kjördæmin en búast hefði mátt við. Það getur svo leitt til þess að einstaka sjóðir geta séð sér hag í því að draga sig út úr lánveitingum og lána sjóðfélögum sínum beint.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessum tilflutningi á fjármagni með því að halda útlánum aðskildum fyrir hvert kjördæmi. Sú upphæð, sem rennur samtals til lána til nýbygginga, notaðra íbúða, framkvæmdalána og til hinna nýju leiguíbúða á vegum fyrirtækja, þarf að skiptast í sama hlutfalli milli kjördæma og kaup lífeyrissjóða af skuldabréfum Húsnæðisstofnunar gefa tilefni til.

Skipting útlána eftir kjördæmum dregur líka úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verið talin vandamál og skapar á móti atvinnu í byggingariðnaði á landsbyggðinni.

Þau rök hafa heyrst á móti því að skipta útlánum Byggingarsjóðs eftir kjördæmum að fólk á landsbyggðinni notaði lánin til þess að byggja á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna gæti það jafnvel flýtt byggðarröskun að landsbyggðarfólk fengi útlán í hlutfalli við framlag sitt til kerfisins. Rök af þessum toga eru svipaðs eðlis og rökin á móti bættum samgöngum á þeim forsendum að þær auðveldi fólki að flytjast burtu.

Í Húsnæðisstofnun var gerð úttekt á búsetu umsækjenda og veðstöðum lána sem sýnir hvað umsækjendur ætla að byggja eða kaupa. Úttekt þessi er dagsett 12. okt. 1988 og byggir á upplýsingum um 6722 umsækjendur. Niðurstaðan af þessari úttekt kemur fram á töflu 3 og er í stuttu máli sú að um 80% þeirra umsækjenda, sem búa utan Reykjavíkur eða Reykjaness, eru að kaupa eða byggja í kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness.

Tafla 3.

Veðstaður umsækjenda húsnæðislána.

		Kjördæmi veðstaða		
Kjördæmi umsækjenda	*Fjöldi umsækjenda*	*Reykjavík*	*Reykjanes*	*Önnur kjördæmi*
Reykjavík	3033	2838	160	35
Reykjanes	1755	150	1595	10
Önnur kjördæmi	1934	189	88	1657
	6722	3177	1843	1702

Heimild: Húsnæðisstofnun.

Þá eru í þessu frumvarpi tvö „tiltektarmál". Lagt er til að þeir sem byggja söluíbúðir eða leiguíbúðir fyrir aldraða á almennum kjörum fái hámarkslán í stað lágmarkslána. Auk þess er lagt til að tekið verði á vanda fólks sem tók hlutaverðtryggð lán með 9,5% raunvöxtum á verðtryggða hluta lánanna. Þetta fólk býr nú við mun óhagstæðari lánskjör en það gerði ef lánin hefðu verið að fullu verðtryggð og með 3,5% vöxtum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

5. gr. laga nr. 60/1984 fjallar um hlutverk húsnæðismálastjórnar. Í þessari grein er kveðið á um að hlutverk stjórnarinnar sé að skipta útlánafé milli kjördæma, en í lögum nr. 60/1984 er hlutverk stjórnarinnar m.a. að skipta útlánafé milli útlánaflokka.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að varðveita Byggingarsjóð ríkisins í Seðlabanka Íslands. Með þessari grein er veitt heimild til þess að varðveita sjóðinn í öðrum bankastofnunum og jafnframt sett inn ákvæði um að sjóðurinn skuli varðveittur í fleiri en einni bankastofnun. Hugmyndin er sú að sjóðurinn haldist sem mest í þeim byggðarlögum þar sem fjármagnið, sem rennur í hann, verður til. Þetta getur orðið töluverð lyftistöng fyrir bankastofnanir á landsbyggðinni, ekki síst í ljósi þess að samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir 1988 er gert ráð fyrir að í árslok 1988 verði 500 millj. kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Um 3. gr.

Það er almennt umkvörtunarefni fyrirtækja á landsbyggðinni að þau skorti húsnæði fyrir starfsfólk sem þau bæði hafa þörf fyrir og geta ráðið til sín. Eitthvað mun vera um að fyrirtæki eigi leiguhúsnæði sem þau leigja starfsmönnum sínum um skemmri tíma.

Með þessari grein er veitt heimild til þess að fyrirtæki geti notið lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að koma sér upp leiguhúsnæði fyrir starfsfólk. Í flestum tilvikum er hér um að ræða fólk sem er að flytjast milli staða og þarf að leysa tímabundið úr húsnæðisþörfum sínum. Ætti þetta að geta auðveldað fyrirtækjum á landsbyggðinni að ráða til sín fólk.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu útlánafjár milli kjördæma sem næst í því hlutfalli sem greitt er í lífeyrissjóði úr hverju kjördæmi. Gert er ráð fyrir því að almenn lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum, lán til kaupa á notuðum íbúðum, lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði og lán til fyrirtækja og einstaklinga vegna byggingar leiguíbúða skuli skiptast milli kjördæma í ofangreindu hlutfalli. Þannig er möguleiki til að lána því meira til framkvæmdalána og leiguíbúðalána af útlánafé viðkomandi kjördæmis ef ekki eru gífurlega margar umsóknir frá einstaklingum um húsnæðislán.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á að sérstök „biðröð“ eftir lánum skuli höfð fyrir hvert kjördæmi sem leiðir af skiptingu útlánafjár eftir kjördæmum.

Um 6. gr.

Í greininni er skerpt á lagaheimildum til þess að lána til byggingar leiguíbúða. Sjálfsagt er að þeir sem byggja á almennum kjörum leigu- eða söluíbúðir fyrir aldraða fái hámarkslánsrétt samkvæmt ákvæðum sem gilda fyrir þá sem byggja í fyrsta sinn. Þetta er m.a. til samræmingar við ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1987 þar sem hámarkslánsréttur gildir vegna kaupa á notuðum íbúðum fyrir þessa aðila.

Enn fremur er eðlilegt að réttur fyrirtækja til lána vegna byggingar leiguíbúða fyrir starfsmenn sína byggist á sams konar réttindamyndun og gildir almennt fyrir starfsmennina sjálfa. Þannig verði miðað við skuldabréfakaup þeirra lífeyrissjóða sem fyrirtækin greiða til vegna starfsmanna sinna. Gengið er út frá því að réttindi miðist við sams konar lán og gildir við fyrstu íbúð enda er brýnt að örva húsbyggingar af þessum toga á landsbyggðinni.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgreininni er tekið á því vandamáli að þeir sem tóku lán á hlutaverðtryggðum kjörum með 9,5% raunvöxtum á verðtryggða hlutanum sæta nú mun óhagstæðari lánskjörum en þeir hefðu gert með því að greiða 3,5% raunvexti ofan á fulla verðtryggingu. Sjálfsagt er að koma til móts við þessa lántakendur og samræma vaxtakjör þeirra við núgildandi kjör.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um alþjóðaflugvöll á Egilsstöðum.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stækkun og breytingum á Egilsstaðaflugvelli þannig að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðaflugvalla.

Greinargerð.

Fáar þjóðir eiga jafnmikið undir góðum flugsamgöngum og Íslendingar. Á síðustu árum hefur mikið verið gert til að styrkja flugsamgöngur innan lands sem einkum byggjast á minni gerð flugvéla. Í þeim efnum má að sjálfsögðu gera betur. En nú er brýnt að brotið verði blað í sögu flugmála á Íslandi með gerð flugvallar á Austurlandi sem fullnægi kröfum alþjóðaflugs hvað varðar flugvallarstæði, öryggisbúnað, þjónustu o.fl. þessu tengt.

Ástæður þessa eru einkum tvíþættar. Hin veigameiri, og sú sem ræður úrslitum um að á Íslandi verði að vera tveir flugvellir sem fullnægja kröfum alþjóðaflugs, er að á næstu árum mun millilandaflug yfir Norður-Atlantshaf byggjast æ meir á tveggja hreyfla farþegaþotum. Þótt öllu öryggi í flugi fleygi fram er það staðreynd að bilun í öðrum hreyfli af tveimur mun auka líkur á því að farþegaþotur þurfi að leita lendingar á næsta flugvelli. Á Íslandi er aðeins einn alþjóðaflugvöllur sem getur þjónað þessu hlutverki.

Annað veigamikið atriði er að innan tveggja ára verða allar millilandavélar Íslendinga sjálfra tveggja hreyfla farþegaþotur. Nýlega voru undirritaðir samningar um kaup tveggja slíkra flugvéla sem munu taka á þriðja hundrað farþega. Slíkar flugvélar flokkast undir hinar stærri í alþjóðaflugi og krefjast fullkominna flugvalla hvað varðar stærð, öryggi og þjónustu. Þær aðstæður geta skapast, t.d. ef hreyfill bilar skömmu eftir flugtak, að nauðsynlegt sé að lenda á ný.

Alkunnugt er að flugvélar geta hafið flugtak við mjög erfið skilyrði, en hins vegar getur verið erfitt að lenda aftur á sama flugvelli vegna veðurs. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að varaflugvöllur sé fyrir hendi. Erlendis er þetta yfirleitt svo en ekki á Íslandi hvað millilandaflug áhrærir. Lega landsins og veðurfar er með þeim hætti að óumflýjanlegt er að koma upp alþjóðlegum flugvelli annars staðar en á Suðvesturlandi.

Að mati flutningsmanna eru Egilsstaðir á Austurlandi sá staður sem helst kemur til greina í þessum efnum. Líkur á því að bæði Keflavíkurflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur lokuðust samtímis vegna veðurs eru mjög litlar. Það er veigamikið öryggisatriði. Á Egilsstöðum er þegar fyrir öflug byggð og góður þjónustukjarni. Egilsstaðir eru miðsvæðis á Austurlandi. Með flugvelli, sem getur veitt stórum þotum þjónustu, er unnt að hefja útflutning á verðmætum vörum frá helstu framleiðslustöðum Austurlands. Alþjóðaflugvöllur á Austurlandi mun hafa mikil og góð áhrif á þróun byggðar á Íslandi, allri þjóðinni til blessunar.

Flutningsmenn leggja áherslu á að þessi tillaga fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á Alþingi svo að ríkisstjórnin geti þegar hafið það verk sem tillagan felur í sér. Ekkert má til spara í þessum efnum. Hér er um að ræða framkvæmd sem varðar öryggi landsmanna allra, sem og alþjóðaflug yfir Norður-Atlantshaf.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um byggingu nýs húss fyrir Alþingi Íslendinga.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að hætta beri þegar í stað greiðslum til að undirbúa byggingu nýs húss fyrir starfsemi þingsins við Kirkjustræti og Austurvöll eins og fyrirliggjandi teikningar gera ráð fyrir. Í staðinn skal reisa nýtt hús á lóð Alþingis við Vonarstræti þar sem áður stóð hús góðtemplara en nú eru bílastæði þingmanna. Nýja húsið skal að útliti vera nákvæm eftirmynd af gamla þinghúsinu við Austurvöll sem reist var árið 1881 og húsin snúi bökum saman við Alþingisgarðinn. Jafnframt skal Alþingi gera borgarstjórn Reykjavíkur tilboð í grunn ráðhússins í Tjörninni undir bílageymslur.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga býr við nokkuð þröngan húsakost og er sjálfsagt að bæta úr því eftir efnum og ástæðum. Eðlilegt er að byggja myndarlega yfir þingheim en jafnframt ber að forðast allan óþarfan íburð; því þröngt mega sáttir sitja.

Reykjavík er heimaslóð Alþingis. Borgin er því bæði höfuðborg landsins og um leið höfuðborg allra landsmanna. Það er því mál allra landsmanna hvernig borgin okkar þrífst og dafnar — mál alþingismanna.

Gamli miðbærinn er hjarta höfuðborgarinnar. Hann er í túnfætinum á sjálfu bæjarstæði Ingólfs landnámsmanns. Þar eru auk Alþingis til húsa Dómkirkjan, Þjóðleikhúsið, Hæstiréttur og margar aðrar helstu stofnanir ríkisins. Ríkið er því langumsvifamesti húseigandinn í gamla miðbænum í Reykjavík. Alþingi er því bæði rétt og skylt að láta málefni miðbæjarins til sín taka.

Teikningar af nýju húsi við Kirkjustræti og Austurvöll liggja fyrri Alþingi. Það er stórt og mikið hús og mörg eldri hús verða að falla í valinn svo að það megi rísa. Húsinu er valinn staður á þekktasta reit borgarlandsins og jafnframt þeim viðkvæmasta, við sjálfan Austurvöll við hliðina á gamla og fallega þinghúsinu frá árinu 1881, en gamla þinghúsið er þrátt fyrir danskan konungsskjöld bæði eitt fallegasta og virðulegasta hús á Íslandi og víðar.

Þess vegna má ekki rasa um ráð fram þegar næsta nágrenni gamla þinghússins er mótað. Hér mega ekki verða mistök í skipulagi sem stinga í augu og særa tilfinningar landsmanna um ókomin ár. Miðborg Reykjavíkur morar því miður af mistökum af því tagi og er mál að linni.

Sitt sýnist hverjum um nýtt og risavaxið þinghús við snotran Austurvöll. Það eru skiptar skoðanir um húsið og ljóst að sterk andstaða mun rísa, áður en varir, gegn þessu húsi. Sjálfur má flutningsmaður ekki til þess hugsa að húsið rísi á þessum stað ofan í öll önnur mistök í skipulagi í borgarlandinu.

Þess vegna á Alþingi þegar í stað að hætta við að reisa þetta hús, enda er þjóðfélagið ekki svo vel efnum búið að hægt sé að ráðast í stórar framkvæmdir af þessu tagi. Ríki og sveitarfélög eiga ekki að ganga á undan og reisa stórhýsi þegar fólkið í landinu missir eigur sínar í nauðungarsölu og þolir gjaldþrot. Allt hefur sinn tíma.

Í staðinn á að byggja seinna nýtt hús fyrir Alþingi á lóðinni við Vonarstræti þar sem hús góðtemplara stóð áður en nú eru bílastæði þingmanna. Bílastæðin má vel færa niður í kjallara hússins. Í þessu húsi rúmast væntanlega öll sú starfsemi Alþingis sem nú er á hrakhólum.

Húsið verði nákvæm eftirmynd af gamla og góða þinghúsinu að utan, byggt og hlaðið á sama hátt með kringlu á bakhlið, nákvæm eftirmynd. Þannig standi húsin tvö og snúi bökum

saman hvort sínu megin við Alþingisgarðinn fallega. Garðurinn fær þarna nýtt hlutverk, að tengja saman hús Alþingis.

Bæjarstæði nýja hússins er heldur ekki af lakara taginu, við sjálfa Reykjavíkurtjörn. En Tjörnin er nú eftirsóttur reitur fyrir byggingar eins og frægt er orðið.

Þar sem lítið er um bílastæði við nýja þinghúsið við Tjörnina er að minnsta kosti ein lausn í sjónmáli. Ríkisstjórninni verði falið að ganga til samninga við borgarstjórn Reykjavíkur og gera henni tilboð í grunninn undir væntanlegt ráðhús fyrir bílageymslur. Ráðhúsið er annað umdeilt hús á sömu slóðum, en þar með ljúki smíði hússins undir yfirborði Tjarnarinnar og verndi þannig vatnsflötinn.

Meiri hluti borgarbúa verður feginn ef ráðhúsið er flutt frá Reykjavíkurtjörn. Um marga staði er að velja, t.d. suðurhlíðar á Öskjuhlíð við rætur geymanna með veitingahúsið, en það er þriðja opinbera húsið í Reykjavík sem deilt er um nú á dögum uppboða og nauðungarsölu. Í hlíðinni er nóg pláss fyrir alla starfsemi borgarinnar og má vel fella hana að umhverfi með fallegum byggingum. Þá nýtist líka nýja veitingahúsið á geymunum vel undir fundarhöld og samkomur hjá borgarstjórn.

Þannig er hægt að slá þrjár flugur í einu höggi í Reykjavík og setja niður deilur um þrjú opinber hús í borginni.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um hagræðingu, einföldun, aðhald, ábyrgð og nýjar leiðir í ríkisbúskapnum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar:

I.

Að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að leggja niður eftirtalinn rekstur hjá ríkinu eða fyrirtækjum þess og stofnunum hið fyrsta:

1. Mötuneyti starfsmanna þar sem alhliða veitingahús eru á næstu grösum og koma starfsfólki að sömu notum eða sambærilegum, einnig sali undir veislur og fundi með og án veitinga sem notaðir eru fyrir stærri samkomur.
2. Prentsmiðjur eða fjölritunarstofur hvers konar þar sem öll algeng prentun fer fram ef hægt er að kaupa hana á frjálsum markaði.
3. Lögfræðideildir eða aðrar innheimtustofur fyrir þjónustu lögmanna, t.d. innheimtu vanskila og þess háttar þegar hægt er að kaupa þá þjónustu á markaðinum.
4. Verkfræðideildir og embætti arkitekta og annars konar húsameistara hjá ríkinu þegar hægt er að kaupa sömu þjónustu á opnum markaði.
5. Einkasölur ríkisins með áfengi, tóbak eða lyf eða annan varning sem hægt er að flytja inn á frjálsum markaði.
6. Verktaka og viðgerðar- eða viðhaldsdeildir þegar hægt er að fá sömu þjónustu eða sambærilega á almennum markaði.
7. Aðra þjónustu eða starfsemi hjá ríki og fyrirtækjum þess eða öðrum stofnunum í eigu ríkisins, sem ekki er sérstaklega nefnd hér að framan, að öllu leyti eða að hluta, enda sé sams konar eða sambærileg þjónusta eða starfsemi boðin á opnum markaði.

II.

Að fela ríkisstjórninni að kanna hvort og hvernig hægt er að sameina ýmsar stofnanir ríkisins og fyrirtæki eða deildir sem vinna sama eða svipað eða sambærilegt starf á fleiri en einum stað hjá ríkinu.

III.

Að fela ríkisstjórninni að kanna hvort og hvernig hægt er að bjóða út og fela einstaklingum að reka og standa fyrir þessari þjónustu og starfsemi sem núna er á höndum ríkisins:

1. Alls konar miðstöðvar fyrir skráningu á gögnum og upplýsingum um fasteignir og lausafé, svo sem bifreiðar, skip, loftför og aðrar eignir sem nauðsynlegt er að skrásetja.
2. Sendiráð Íslands í öðrum ríkjum og stöður fulltrúa hjá alþjóðastofnunum erlendis.
3. Gæslu og eftirlit með eigum ríkisins og á almannafæri bæði í þéttbýli og í sveitum landsins og óbyggðum, einnig eftirlit og gæslu í landhelgi og fiskveiðilögsögu þjóðarinnar.
4. Rekstur sjúkrahúsa, meðferðarheimila, fangelsa og vinnuhæla, einnig sjúkraflutninga, brunavarnir, slökkvistörf og önnur björgunar- og hjálparstörf.
5. Annan rekstur og starfsemi eða þjónustu sem ríkið og fyrirtæki þess eða stofnanir hafa með höndum nú og ekki er tilgreint hér að framan.

IV.

Að hvarvetna skuli sú regla höfð í heiðri við þessa hagræðingu að hún valdi sem minnstri röskun á högum þeirra starfsmanna ríkisins sem hlut eiga að máli sem hér segir:

1. Starfsfólki samkvæmt fyrsta og öðrum hluta verði tryggð störf við hæfi á almennum markaði ef það óskar þess. Haft verði samráð við þau fyrirtæki sem starfa á sama vettvangi og veita þá þjónustu sem ríkið fellir niður og samtök þeirra fyrirtækja. Fólkið gangi fyrir með önnur og sambærileg störf sem losna hjá ríkinu og fyrirtækjum þess og stofnunum næstu þrjú árin eftir að störf þess eru felld niður.
2. Starfsfólki samkvæmt þriðja hluta verði gefinn kostur á að taka að sér þessa starfsemi og rekstur eftir því sem við verður komið annaðhvort fyrir eigin reikning eða í félagi við aðra. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og í 1. mgr. í fjórða hluta.
3. Tryggt verði að ríkissjóður geti selt og fái markaðsverð fyrir allar eignir, sem losnar um vegna þessa hagræðis í búskapnum, hvort sem um er að ræða fasteignir eða lausafé og sérhæfðan búnað allan og tækjakost, hugbúnað og réttindi og önnur verðmæti hverju nafni sem nefnast.

V.

Að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að kallaður verði saman stofnfundur félags skattgreiðenda á Íslandi og sé öllum ríkisborgurum heimill aðgangur. Markmið félagsins er að fylgjast með því hvernig skattfé landsmanna er varið. Ríkissjóður tryggi félaginu tekjur til að standa undir eðlilegu starfi samkvæmt stofnskrá en aðrar tekjulindir eru félaginu ekki heimilar utan félagsgjalda. Ríkisstjórnin tryggi erindrekum félagsins greiðan aðgang að öllum rekstri íslenska ríkisins og fyrirtækjum þess og stofnunum.

VI.

Að fela ríkisstjórninni að leggja fram á þessu löggjafarþingi frumvarp til laga um ábyrgð embættismanna ríkisins á fjármálum stofnana sinna og verkefna. Þess verði gætt að bein ábyrgð yfirmanna verði aukin frá því sem nú er.

VII.

Að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd hæfustu manna til að kanna hvernig önnur smáríki á borð við Ísland afla sér tekna. Ríkissjóður greiði kostnað vegna starfa nefndarinnar en seta í henni er ekki launuð.

VIII.

Að öll hagræðing, sem kann að leiða af þessari ályktun, megi ekki tefja fyrir því að haldið verði áfram að selja fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins að öllu leyti eða hluta.

Greinargerð.

Öflugt þjóðfélag treystir á sterka einstaklinga en ekki sterkt ríkisvald. Þess vegna er fyrsta skylda ríkisins að búa öllum þegnum sínum aðstöðu eftir föngum til að verða sinnar gæfu smiðir, svigrúm til að erja sinn reit í friði við guð og menn. Saman sjáum við svo öll fyrir minni máttar eftir bestu getu.

Skórinn kreppir að íslensku þjóðlífi í dag. Þungt er fyrir fæti. Skuldir landsins eru meiri en nokkru sinni fyrr og tekjur fara minnkandi. Samt reyna Alþingi og ríkisstjórnir ekki að sníða þjóðfélaginu stakk eftir vexti. Hér eru allir stjórnmálaflokkar undir sömu sökina seldir.

Skattar virðast vera einu tekjulindirnar sem stjórnmálamenn þekkja. Þeir hafa aldrei verið hærri. Eina fjölbreytnin er ný og önnur nöfn á sömu gömlu skattana. Ekki er leitað að nýjum leiðum á skipulegan hátt. Stöðugt eru sóttir meiri peningar í vasa fólksins, enda er nú svo komið að margur maðurinn er að gefast upp. Hvert fyrirtækið á fætur öðru er tekið til skipta hjá fógetum landsins — gjaldþrot. Fjöldi fólks missir atvinnu sína og eignir. Bú manna eru líka tekin til skipta. Á bak við hvert gjaldþrot er harmleikur. Sum sárin gróa aldrei. Lítil börn sjá á eftir foreldrum sínum á sjúkrahús og í gröfina. Áfram hækka skattarnir. Þess vegna hlýtur fólkið í landinu að krefjast þess að fá svigrúm til að vinna fyrir þessum sköttum, svigrúm til að standa í skilum, gjalda keisaranum sitt. Fólk hlýtur að krefjast þess að ríkið keppi ekki á opnum markaði við fyrirtækin sem það leggur á háa skatta. Fyrirtækin keppi hvert við annað en ekki við ríkið sem lýtur öðru lögmáli en þegnarnir. Á sama hátt hlýtur fólkið að krefjast þess að ríkið vaxi því ekki yfir höfuð. Hverju þjóðfélagi eru takmörk sett. Þegar þunginn af ríkinu vex hraðar en aflið í atvinnulífinu kiknar fólkið í hnjáliðunum, fellur á kné. Fram undan blasir við gjaldþrot lítillar þjóðar.

Ábyrgð er lítt þekkt hugtak í opinberum rekstri þótt daglega sé fjöldi fólks kallaður til ábyrgðar vegna gjörða sinna og misgjörða í einkalífinu. Þess vegna hlýtur fólkið líka að krefjast þess að skattfénu sé vel varið í þágu lands og þjóðar og af fullri ábyrgð.

En því miður blasir andhverfan við. Fólk hefur engin tök á að fylgjast með hvað verður um peninga þess, engin tök fyrr en um seinan. Milljón sóað hér og milljarði þar, enginn ber ábyrgð þegar upp er staðið — enginn nema fólkið.

Fólkið hlýtur líka að krefjast þess að landsstjórnin láti ekki staðar numið við skattana þegar leitað er tekna fyrir ríkissjóð, heldur finni nýjar leiðir til að afla meiri tekna fyrir fámenna þjóð í stóru landi, rói á önnur mið.

Margar stofnanir og mörg fyrirtæki í eigu ríkisins halda úti margvíslegri starfsemi sem getur verið betur komin í höndum einstaklinga og fyrirtækja þeirra og félaga. Tökum mötuneyti sem dæmi:

Fjöldi mötuneyta er á vegum ríkisins um allt land. Sum eru það nálægt alhliða matsöluhúsum að hægur vandi er að skipta við þau hús en leggja mötuneytin niður. Þannig er einfalt fyrir t.d. alþingismenn að fara á næsta veitingahús í miðborg Reykjavíkur og er ekki í kot vísað. Þannig mundu losna fjölmargir góðir salir víðs vegar um borgina og stundum eru matsalir einmitt verðmestu plássin í húsinu. Þetta nýja húsrými drægi því úr þenslu margra stofnana næstu árin. Starfsfólki ríkisins fækkaði en aukin viðskipti á veitingahúsum landsins kölluðu á fleira starfsfólk þar að sama skapi. Veitingalífið styrktist og gjaldþrotum fækkaði vonandi.

Bent hefur verið á þá leið að afhenda starfsfólki ríkisins ávísanir á mat sem gildi á öllum veitingastöðum sem vilja vinna með ríkinu á þennan hátt. Úr mörgum réttum væri að velja á veitingahúsinu í staðinn fyrir einn í mötuneytinu. Starfsfólkið gæti líka hvort sem er notað ávísanir sínar daglega í hvert mál eða safnað þeim saman, komið með bita að heiman en gert sér og sínum dagamun um helgar fyrir ávísanirnar.

Á sama hátt má taka á öðrum liðum í fyrsta kafla hér að framan, allt eftir aðstæðum í hverri grein fyrir sig. Niðurstaðan er væntanlega hvarvetna sú sama: Umfang ríkisins minnkar og útgjöld minnka. Hagur fyrirtækjanna batnar.

Stundum virðist sem margar stofnanir eða deildir ríkisins séu að vinna sömu verkin eða sambærileg verk hver í sínu horni. Gott dæmi er margvísleg innheimta hjá ríkinu fyrir þjónustu. Þessa innheimtu má sjálfsagt sameina, enda hafnar hún öll í ríkissjóði þegar öllu er til skila haldið. Eða útreikningar á efnahagsmálum hjá stofnunum, svo sem Hagstofunnni, Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun, Seðlabanka o.fl. Hér er sjálfsagt hægt að draga saman seglin og fela einni miðstöð að reikna út fyrir alla þá sem á þurfa að halda. Þannig má halda áfram að svipast um í kerfinu.

Á hátíðum, einkum stórhátíðum, er oft vinsælt hjá ræðumönnum að tala um of mikil umsvif hjá ríkinu. Báknið burt, segja þeir á stundum. Oftar en ekki er þó látið nægja að benda á stofnanir á borð við tunnuverksmiðjuna á Siglufirði. En báknið heldur sínu striki þrátt fyrir það. Það eru margir aðrir þættir hjá ríkinu en tunnuverksmiðjan á Siglufirði sem gætu vel verið betur komnir hjá einstaklingum, fyrirtækjum þeirra og félögum, t.d. sjúkrahús og vinnuhæli. Gæsla og varsla á almannafæri eða á hafi úti og tollgæsla, sendiráð Íslands í öðrum ríkjum og margt fleira þegar betur er að gáð. Þess vegna er hér lagt til að skoðað verði út í æsar hvaða þætti er hægt að færa frá ríki og til einstaklinga, fyrirtækja þeirra og félaga.

Þegar verkefni eru flutt frá ríki til einstaklinga eru þau ekki lögð niður fyrir að fullu. Áfram þarf fólk til að vinna verkin. Þess vegna fækkar ekki störfum í þjóðfélaginu og líklega kemur hver spöruð króna hjá ríkinu að tvöföldum notum í atvinnulífinu. Því má vel búast við vaxandi grósku í þjóðlífinu með auknum sparnaði hins opinbera. Þess vegna þarf fólk ekki að óttast atvinnuleysi þó að störfum sé hagrætt í þjóðfélaginu, enda verður séð til þess að allir fái vinnu við sitt hæfi og eftir föngum. Hagræðing er nauðsynleg ef við eigum að halda velli sem fullvalda ríki og hagræðingu fylgja samandregin segl. Hjá því verður ekki komist. Eins er hægt að tryggja að ríkissjóður fái fullt verð fyrir allar eigur sínar sem losnar um við hagræðingu, fullt verð eins og kaupin gerast á eyrinni á hverjum tíma.

Allt eftirlit í þjóðfélaginu er á einn veg: Ríkið, stóri bróðir, fylgist með þegnum sínum. Það er líka hlutverk ríkisins að fylgjast með og er ekkert nema gott eitt um það að segja, enda okkur öllum í hag. En þar með er ekki sagt að fólkið vilji ekki fylgjast sjálft með því hvernig ríkið eyðir skattkrónum þess.

Öðru hverju koma verk í dagsljósið sem orka tvímælis og vekja spurningar: Hefði ekki verið hægt að vinna þau á annan hátt og spara með því peninga? En þá er iðulega of seint í rassinn gripið því að króna, sem búið er að sólunda, fæst ekki til baka. Þess vegna er nauðsynlegt að skattgreiðendur fái að fylgjast með framvindu mála hjá ríkinu frá því fyrsta. Til þess er félag skattgreiðenda kjörinn vettvangur og erindrekar þess ættu að fá fullan aðgang að öllum þáttum ríkisfjármála jafnóðum og verkin eru unnin, ekki eftir á og um seinan.

Á sama hátt verða yfirmenn hjá ríkinu að bera ábyrgð á gerðum sínum eins og aðrir þegnar. Þegar þeim verður eitthvað á í messunni þarf að kalla þá til ábyrgðar eins og aðra. Til þess skortir lög um ábyrgð embættismanna þar sem er kveðið fast á um verksvið og heimildir og viðurlög ef út af er brugðið.

En það eru til fleiri krónur í heiminum en skattkrónur. Tekjur Íslendinga eru frekar einhæfar og eru flest eggin í sömu körfunni. Þess vegna þarf að leita nýrra leiða til að afla þjóðinni tekna. Ágæt leið er að kynnast því hvernig aðrar smáþjóðir sem Íslendingar sjá sér farborða, senda hæfustu menn út af örkinni til að skoða sig um í öðrum löndum, safna gögnum og vinna síðan úr þær hugmyndir sem gætu komið okkur að notum.

Þessar vangaveltur um hagræðingu hjá ríkinu eru hvorki upphaf né endir. Þær eru lítið innlegg til að hjálpa til við að leysa hluta af vanda líðandi stundar. Þess vegna gera þær alls ekki ráð fyrir að aðrar hugmyndir um að draga saman seglin hjá ríkinu verði látnar sitja á hakanum eða verði slegið á frest, þvert á móti.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um endurskoðun á varnarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólnes, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkjanna að Alþingi Íslendinga vilji endurskoða varnarsamning þjóðanna tveggja á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Að því loknu taki Alþingi varnarsamninginn til endurskoðunar og skal henni lokið fyrir árslok 1991.

Greinargerð.

Varnarsamningur þjóðanna tveggja er frá 5. maí árið 1951 og er því orðinn 37 ára gamall. Frá undirskrift hans hefur mikið vatn runnið til sjávar beggja megin Atlantsála. Þess vegna er eðlilegt að skoða samninginn reglulega í ljósi reynslunnar og eftir því sem aðstæður breytast, enda er hann ekki fullkominn frekar en önnur mannanna verk.

Varnarsamningurinn byggir á sáttmálanum um Norður-Atlantshafið sem þjóðir Atlantshafsbandalagsins skrifuðu undir 4. apríl 1949. Þýðingarmesta ákvæði sáttmálans fyrir Ísland er fimmta greinin svokallaða í kaflanum um erlent varnarlið í öðrum löndum bandalagsins. Þar er greint frá því hvernig varnarlið skuli bregðast við árás á gistilandið. Orðalag er þar svo loðið að ekki verður séð í fljótu bragði hvort varnarliðinu ber skylda til að verja landið frekar en það kærir sig um. Úr þessu þarf að fá skorið í eitt skipti fyrir öll og skýlausu ákvæði þar að lútandi verður að bæta inn í varnarsamning þjóðanna tveggja.

Einnig þarf að leggja fyrir heimild frá bandarískа þinginu til forseta Bandaríkjanna um að mega grípa tafarlaust til vopna ef ráðist er á Ísland. Ekki er víst að við höfum nægan tíma til að bíða eftir umfjöllun Bandaríkjaþings ef í harðbakkann slær.

Það er rétt að fá úr því skorið hvað orðalag í þriðju grein varnarsamningsins um þjóðerni manna í varnarliðinu þýðir í raun og veru. Einnig er sjálfsagt að skoða aðra grein samningsins um að Bandaríkjunum beri ekki skylda til að greiða Íslandi eða íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir aðstöðu hér á landi. Fjölmargir liðir eru einnig í kaflanum um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra sem rétt er að fara í gegnum og skoða rækilega.

Nd. 56. Frumvarp til laga [54. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Kristín Einarsdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Rétt til að starfa sem fóstra og að bera það starfsheiti hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi menntamálaráðherra.

Fóstrur starfa við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem gert er ráð fyrir starfsfólki með sama starfsheiti.

2. gr.

Leyfi samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur prófi frá Fósturskóla Íslands eða skólum erlendis sem veita sambærilega menntun.

3. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfsheitið fóstra fullnægi skilyrðum 2. gr. skal menntamálaráðherra ávallt leita umsagnar Fóstrufélags Íslands og skólanefndar Fósturskóla Íslands áður en leyfið er veitt.

4. gr.

Fóstru ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Fóstru er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hún fær vitneskju um í starfi og varða einkahagi barna og foreldra. Þagnarskylda helst þó að fóstra hafi látið af störfum.

6. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða í stöðu fóstra við dagvistarheimili, við stofnanir fyrir börn með sérþarfir og hliðstæðar sérdeildir á vegum opinberra aðila aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir engin fóstra um auglýst fóstrustarf og er þá heimilt, sbr. 16. gr. laga nr. 112/1976, að sækja um undanþáguheimild til menntamálaráðuneytisins til að lausráða starfsmann í fóstrustarf til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Starfsmaður, sem ráðinn er skv. 2. mgr., má ekki bera starfsheitið fóstra og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

7. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa ýmsar starfsstéttir í opinberri þjónustu fengið lögverndun á starfsheitum sínum og starfsréttindum. Kennarastarfið hlaut slíka lögverndun árið 1986. Störf kennara og fóstra eru um margt mjög skyld og gegna báðar starfsstéttirnar afar mikilvægu hlutverki í uppeldi barna og unglinga.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði sem efla persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Þessi markmið eru hins vegar ákaflega almenns eðlis. Uppeldisstörfin eru því í reynd falin forsjá fóstrunnar og treyst er á menntun hennar. Það er viss viðurkenning á fóstrumenntuninni og fóstrustéttinni. Fóstrunámið hefur ekki verið eins eftirsóknarvert og vera skyldi því að nú er mikill skortur á fóstrum til starfa og fyrir því kunna að vera margar ástæður. Ein ástæða þess er vafalaust sú að störf þeirra hafa ekki notið lögverndunar. Nú fjölgar þeim heimilum stöðugt þar sem báðir foreldrar vinna úti. Dagvistarheimilin gegna því mikilvægara hlutverki í uppeldi barna en áður. Foreldrar verða að geta treyst því að í framtíðinni starfi vel menntað fólk á dagvistarheimilum og hafi til þess full réttindi. Annað væri ábyrgðarleysi af samfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér lögverndun starfsheitis fóstra sem starfa við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem uppeldi fer fram utan heimilis. Tilgangur með lögverndun starfsheitisins er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi fóstra. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hafa hlotið viðhlítandi menntun og starfa utan heimilis þar sem uppeldi fer fram geti notað þetta starfsheiti. Starfsheitið eiga bæði karlar og konur að geta borið. Fóstrufélag Íslands hefur leitað til Íslenskrar málnefndar og spurst fyrir um hvort það sé andstætt íslenskri málhefð að karlar beri kvenkyns starfsheiti. Telur nefndin að svo sé ekki. Fólk, sem tekur börn í fóstur, hefur eftir sem áður heimild til að kalla sig fóstru eða fóstra, en ekki rétt til að starfa sem slíkt á stofnun fyrir börn þar sem uppeldi fer fram.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið fóstra. Öllum þeim, sem hafa lokið námi frá Fósturskóla Íslands, skal veitt leyfi. Einnig skal þeim veitt leyfi sem lokið hafa námi frá sambærilegum skólum erlendis. Þó skal áður leita umsagnar um leyfisveitinguna.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að menntamálaráðherra skuli ávallt leita umsagnar Fóstrufélags Íslands og skólanefndar Fósturskóla Íslands áður en henn veitir leyfi til einhvers sem ekki hefur lokið námi frá Fósturskólanum. Tilgangur með því að leita ávallt umsagnar skólanefndar áður en leyfi er veitt er sá að tryggja að það nám, sem viðkomandi hefur lokið, sé sambærilegt því námi sem fram fer í Fósturskólanum. Eðlilegt er líka að leita til Fóstrufélags Íslands þar sem félagsmenn þar hafa mestra hagsmuna að gæta í því hverjir bætast í stéttina.

Um 4. gr.

Í lögunum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 40/1981 og í Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985 er fóstrum gert skylt að vinna að og bera ábyrgð á að unnið sé að settum uppeldismarkmiðum. Þessar skyldur sínar ber hverri fóstru að þekkja þegar henni er veitt starfsleyfi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Markmiðið með þessari grein er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun verði ráðnir til fóstrustarfa. Tilgangurinn er sá að bæta það uppeldislega starf sem fram fer á dagvistarheimilum og taka af öll tvímæli um að hægt sé að ráða í störf fóstra ófaglært fólk þó að það hafi öðlast mikla reynslu við barnauppeldi innan heimilis. Þó er gert ráð fyrir að frá þessari meginreglu sé hægt að víkja fáist fóstrur ekki til starfa þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar í fjölmiðlum. Í lögum um rekstur og byggingu dagvistarheimila, 16. gr., er gert ráð fyrir hvernig farið skuli með slíkar undanþágur og í þeirri grein er gert ráð fyrir að það sé með sama hætti.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um stofnun byggingarsjóðs námsmanna.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson,
Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna í samvinnu við námsmannasamtökin, þ.e. stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema, byggingarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir námsmenn. Byggingarsjóðurinn verði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn og verði í vörslu Seðlabanka Íslands.

Byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðurinn verði til að byrja með í eigu ríkisins og námsmannasamtakanna. Tekjur sjóðsins verði leigutekjur af húsnæði í eigu sjóðsins og greiði námsmenn innan námsmannasamtakanna ákveðið hlutfall af árlegum skólagjöldum sínum til byggingarsjóðsins. Fyrstu tíu árin greiðir ríkissjóður árlega til sjóðsins þrefalda þá upphæð sem námsmenn greiða. Þegar tekjur sjóðsins standa undir eigin framlagi sjóðsins við fjármögnun bygginga afhendi ríkið samtökunum eignarhlut sinn í sjóðnum.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi, 138. mál. Hins vegar hafa verið gerðar breytingar á greinargerð tillögunnar frá því að hún var flutt síðast. Sem fylgiskjöl með tillögunni eru umsagnir stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema og Félagsstofnunar stúdenta, eins og þær bárust háttvirtri félagsmálanefnd sameinaðs þings, um tillöguna á síðasta þingi.

Undanfarin ár hefur á hverju hausti ríkt ófremdarástand í húsnæðismálum námsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að þá koma mörg þúsund námsmenn utan af landi í leit að leiguhúsnæði meðan á námi stendur. Eftirspurnin eftir leiguhúsnæði á þessum tíma er langt umfram framboð og er því leiguverð mjög hátt.

Til þessa hafa Gamli Garður, Nýi Garður og Hjónagarðar verið eina húsnæðið sem sérstaklega hefur verið ætlað fyrir námsmenn. Stúdentagarðarnir eru hins vegar aðeins fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Á árunum 1983–1988 hefur fjöldi umsókna um herbergi og íbúðir á stúdentagörðunum verið sem hér segir:

Gamli Garður og Nýi Garður.

Ár	Umsóknir	Samþykkt	Neitað	Biðlisti
1983	159	100	21	36
1984	170	100	40	30
1985	198	100	36	62
1986	190	100	28	62
1987	190	100	28	62
1988	190	100	18	72

Hjónagarðar.

1983	115	55	52	8
1984	87	55	32	0
1985	113	55	38	20
1986	100	55	25	20
1987	102	55	24	23
1988	137	84	5	48

Þessar tölur gefa ekki rétta mynd af eftirspurninni því að margir sækja ekki um eftir að hafa kynnt sér úthlutunarreglur. Þá eru ekki taldar hér umsóknir sem berast of seint, en þær eru þó nokkrar á hverju ári. Innan við 5% af stúdentum við Háskóla Íslands búa á stúdentagörðum.

Innritaðir stúdentar við Háskóla Íslands árið 1988 eru rúmlega 4300. Það er þó aðeins brot af fjölda námsmanna því að í Bandalagi íslenskra sérskólanema eru félagsmenn 3000. Þessi samtök hafa ekkert húsnæði fyrir sína félagsmenn. Þeir verða því eingöngu að treysta á leigumarkaðinn. Auk þessa eru þúsundir námsmanna sem stunda nám í mennta- og fjölbrautaskólum sem verða einnig að leita sér að leiguhúsnæði.

Í desember 1986 gerði Lánasjóður íslenskra námsmanna eftirfarandi flokkun á húsnæði lánþega sjóðsins sem voru í námi á Íslandi.

	Fjöldi	Hlutfall
Hjá foreldrum	1060	23,5%
Leigulaust húsnæði	494	10,9%
Eigið húsnæði	704	15,6%
Leiguhúsnæði	2252	50,0%
	4510	100,0%

Af þessari könnun má ætla að helmingur námsmanna búi í leiguhúsnæði. Nú er verið að byggja nýja stúdentagarða. Fyrirsjáanlegt er að þeir munu þó ekki sinna nema litlum hluta húsnæðisþarfa stúdenta og á engan hátt leysa vanda sérskólanemanna. Auk þess mun byggingin valda Félagsstofnun stúdenta nokkrum fjárhagserfiðleikum og ljóst er að stofnunin getur ekki á næstu árum lagt út í aðrar byggingarframkvæmdir. Ávallt hefur langur tími liðið á milli þess að stúdentahúsnæði hefur verið byggt. Gamli Garður var byggður 1934, Nýi Garður 1943 og Hjónagarðar teknir í notkun 1974. Byggingarframkvæmdir við nýja garða hófust svo 1986 og fyrstu námsmennirnir fluttu þar inn í september 1988.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stofnaður verði Byggingarsjóður námsmanna með eignaraðild Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema og ríkissjóðs. Með stofnun þessa byggingarsjóðs yrði komið fastri skipan á húsnæðismál námsmanna í framtíðinni og þannig leystur sá vandi við útvegun leiguhúsnæðis sem námsmenn hafa staðið frammi fyrir á hverju hausti.

Með stofnun byggingarsjóðsins má ná eftirfarandi markmiðum:

1. Framtíðarlausn á húsnæðisvanda námsmanna.
2. Lækkun námskostnaðar nemenda þar sem leiga í námsmannaíbúðunum yrði mun lægri en á hinum almenna markaði.
3. Lægri námskostnaði er minnkar kröfur námsmanna um hækkun á framfærslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
4. Að jafna aðstöðu milli landsbyggðar og höfuðborgar hvað menntun varðar.
5. Að leiguverð á hinum almenna leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu lækkaði sem kæmi þeim helst til góða sem þar búa í leiguhúsnæði.

Fylgiskjal I.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun byggingarsjóðs námsmanna.

Stúdentaráð Háskóla Íslands er æðsti fulltrúi háskólastúdenta innan skólans sem utan. Fjöldi innritaðra nema við Háskóla Íslands veturinn 1987–1988 er 4233.

Uppbygging og rekstur á húsnæði fyrir háskólastúdenta hefur verið í höndum Félagsstofnunar stúdenta sem er sjálfseignarstofnun undir stjórn stúdenta, háskólayfirvalda og ríkisvaldsins.

Félagsstofnun leigir út 100 herbergi og 55 íbúðir. Samkvæmt tölum frá 1986 bjuggu 186 stúdentar í húsnæði í eigu stofnunarinnar, en það voru þá 4,2% stúdenta. Í upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna kemur fram að um 50% námsmanna búa í leiguhúsnæði. Þetta þýðir að verulegur hluti námsmanna verður að leita eftir leiguhúsnæði á almennum markaði.

Til þess að reyna að aðstoða þá sem hafa verið á hrakhólum með húsnæði hefur verið starfrækt húsnæðismiðlun stúdenta. Ekki hefur tekist að útvega öllum húsnæði sem þangað hafa leitað og kemur þar aðallega þrennt til:

1. Of há fyrirframgreiðsla.
2. Of mikið af því húsnæði sem í boði er telst lélegt.
3. Of há leiga.

Dæmi um algenga leigu samkvæmt upplýsingum húsnæðismiðlunar frá því í nóvembermánuði 1987:

Algeng leiga:	Eitt herb.	8–12 þús. kr.
	Tvö herb.	20–25 þús. kr.
	Þrjú herb.	30 þús. kr.

Nær allir stúdentar, sem búa í leiguhúsnæði, fá lán til framfærslu hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Frá 1. júní til 31. ágúst taldist óskert lán til einstaklings í leiguhúsnæði vera 24 390 kr.

Af framansögu er ljóst að staðan í húsnæðismálum háskólastúdenta er ekki góð. Uppbygging húsnæðis fyrir námsmenn hefur verið hæg og áratugir liðið frá því að einum áfanga uppbyggingar hefur verið lokið þar til ráðist hefur verið í þann næsta. Nú er verið að byggja annan áfanga hjónagarða. Vonir eru bundnar við að 63 íbúðir verði teknar í notkun á þessu ári og fyrirhugað er að reyna að byggja 90 íbúðir á næstu 3–4 árum. Fjármögnun þessara framkvæmda hefur reynst mjög erfið. Engin framlög hafa fengist frá fjárveitingavaldinu ef undan eru skilin framlög til hönnunar stúdentagarða. Húsnæðisstofnun ríkisins lánar 85% af byggingarkostnaði garða, en Félagsstofnun þarf að útvega þau 15% sem á vantar.

Byggingarsjóður stúdenta var stofnaður til að sjá um útvegun á þeim 15% byggingarkostnaðar sem ekki fást að láni frá húsnæðismálastjórn. Skemmst er frá því að segja að lítið hefur gengið enn sem komið er að útvega fjármagn í sjóðinn og lítið sem ekkert hefur í hann fengist ef undan eru skilin framlög stúdenta sjálfra. Vandræðaástand er því að skapast í byggingarmálum garða og til að reyna að bregðast við því ástandi var að frumkvæði stjórnar stúdentaráðs ákveðið að leggja 25% árlegra innritunargjalda í byggingarsjóðinn og

háskólaráð hefur samþykkt að leggja til jafnhátt framlag af framkvæmdafé Háskólans næstu fimm árin. Stúdentaráð batt vonir við það að framlag fengist frá hinu opinbera, en þrátt fyrir yfirlýstan velvilja hæstvirts menntamálaráðherra fékkst ekkert framlag á fjárlögum 1988.

Stærstu vandamálin við uppbyggingu námsmannahúsnæðis nú eru því annars vegar skortur á fjármagni til framkvæmda og hins vegar hversu óreglulega framkvæmdafé hefur fengist.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar því fram kominni þingsályktunartillögu um Byggingarsjóð námsmanna og tekur heils hugar undir meginmarkmið hennar. Ráðið vill þó benda á að margt í tillögunni krefst ítarlegri útfærslu, t.d. þarf að setja ákveðnar reglur um aðgang námsmannasamtakanna að sjóðnum og einnig hvort ætlast er til að sjóðurinn eigi og reki íbúðarhúsnæði eða hvort um lánasjóð sé að ræða.

Það er einlægur vilji stúdentaráðs að taka þátt í viðræðum við önnur námsmannasamtök og ríkisvaldið á grundvelli þessarar tilögu með það að leiðarljósi að bæta það ófremdarástand sem ríkir í byggingarmálum stúdenta í dag.

Meðfylgjandi er ályktun sem samþykkt var samhljóða á fundi stúdentaráðs 16. des. 1987.

Virðingarfyllst,
f.h. stúdentaráðs

Ómar Geirsson
formaður.

SHÍ fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um stofnun Byggingarsjóðs námsmanna og tekur undir meginmarkmið hennar.

Í því ófremdarástandi, sem nú ríkir í húsnæðismálum stúdenta, er nauðsynlegt að ríkisvaldið taki á vandanum og tryggi ákveðin framlög til uppbyggingar námsmannaíbúða.

Nái markmið þessarar þingsályktunartillögu fram að ganga er hægt að koma fastri skipan á uppbyggingu námsmannaíbúða og leysa þannig í framtíðinni þann bráða húsnæðisvanda sem námsmenn búa nú við.

Því skorar SHÍ á alþingismenn að taka undir markmið þingsályktunartillögunnar og jafnframt hraða afgreiðslu hennar sem kostur er.

Ólafur Darri Andrason.

Fylgiskjal II.

Bandalag íslenskra sérskólanema:

Til Félagsmálanefndar sameinaðs Alþingis.
(13. jan. 1988.)

Tilefni þess að þetta bréf er ritað er m.a. að mótmæla því sem virðast vera mjög svo óvönduð vinnubrögð háttvirtrar félagsmálanefndar varðandi umfjöllun um þingsályktunartillögu um Byggingarsjóð námsmanna, mál nr. 138.

Við lestur tillögunnar kemur berlega í ljós að þau námsmannasamtök, sem átt er við í tillögunni, eru stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema. Af einhverjum ástæðum, sem stjórn BÍSN er fyrirmunað að skilja, virðist háttvirt félagsmálanefnd einungis hafa séð ástæðu til að leita álits stúdentaráðs Háskóla Íslands á áðurnefndri þingsályktunartillögu. Þessum vinnubrögðum hlýtur stjórn Bandalags íslenskra sérskólanema að mótmæla harðlega og þá sérstaklega þegar horft er til þess að sérskólanemar hafa ekki aðgang að neinu námsmannahúsnæði og er því í raun vísað út á hinn almenna leigumarkað.

Til að upplýsa háttvirta félagsmálanefnd um hvaða námsmenn er verið að tala þegar talað er um Bandalag íslenskra sérskólanema skulu hér taldir upp þeir skólar þar sem nemendur eru félagar í BÍSN, en þeir eru: Fiskvinnsluskólinn, Fósturskóli Íslands, Garðyrkjuskóli ríkisins, Iðnskólinn í Reykjavík, Íþróttakennaraskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Lyfjatæknaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Stýrimannaskóli Íslands, Söngskólinn í Reykjavík, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Tækniskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands.

Hvað varðar efnislega umfjöllun um þingsályktunartillöguna sem slíka vill stjórn BÍSN fyrst nota þetta tækifæri til að árétta þá skoðun sína að ekki geti verið neitt réttlæti í því að miða allar framkvæmdir í húsnæðismálum námsmanna einungis við háskólastúdenta eins og gert hefur verið alla tíð og láta sem aðrir námsmenn þurfi ekki á húsnæði að halda eða séu jafnvel ekki til. Skorar stjórn BÍSN á háttvirta félagsmálanefnd að hafa þetta í huga í allri umfjöllun sinni um húsnæðismál námsmanna.

Á þessu stigi málsins hlýtur umsögn BÍSN um umrædda þingsályktunartillögu að vera jákvæð, ekki síst vegna þess að þetta er í fyrsta skiptið sem einhver viðbrögð koma fram í þá átt frá hinu opinbera að fleiri námsmenn en stúdentar við Háskóla Íslands gætu þurft á því að halda að eiga aðgang að námsmannahúsnæði.

Fyrir sitt leyti getur stjórn BÍSN fallist á að þingsályktunartillagan verði samþykkt í sinni upprunalegu mynd. Hins vegar áskilur BÍSN sér allan rétt á því að koma með aðrar athugasemdir á seinni stigum málsins. Eins setur BÍSN fram þá sjálfsögðu kröfu að ef stofnun umrædds byggingarsjóðs verður einhvern tíma að veruleika verði hlutaðeigandi námsmannasamtökum gefinn kostur á að eiga aðild að samningu laga fyrir sjóðinn og allri nánari útfærslu hans.

Að lokum þetta. Stjórn BÍSN hvetur félagsmálanefnd til að beita sér fyrir því að eitthvað verði gert í húsnæðismálum námsmanna. Það eru engar ýkjur þegar sagt er að ástandið sé hörmulegt. Það má með nokkurri vissu fullyrða að ástandið sé ekki eins slæmt annars staðar á Norðurlöndum. Samþykkt þingsályktunartillögunnar um stofnun Byggingarsjóðs námsmanna væri góð byrjun til lausnar þessa brýna vandamáls, en aðeins ef henni væri fylgt eftir með stofnun sjóðsins og málið yrði ekki látið daga uppi á Alþingi.

Með kveðju,
f.h. framkvæmdastjórnar BÍSN

Kristinn H. Einarsson,
framkvæmdastjóri BÍSN.

Fylgiskjal III.

Félagsstofnun stúdenta:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Byggingarsjóðs námsmanna.

Félagsstofnun stúdenta hefur lögum samkvæmt m.a. það hlutverk að byggja og reka stúdentagarða fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Er stofnunin líklega eini aðilinn hérlendis, enn sem komið er a.m.k., sem hefur þetta hlutverk skilgreint í lögum, þ.e. að byggja íbúðarhúsnæði fyrir námsmenn.

Stofnunin á nú og rekur um 100 einstaklings- og parherbergi og 55 leiguíbúðir. Á tímabilinu frá ágústmánuði til desembermánaðar á þessu ári verða teknar í notkun 63 íbúðir og fyrirhuguð er bygging á um 30 íbúðum til viðbótar á næsta ári og um 60 íbúðum á næstu tveimur til þremur árum þar á eftir. Ljóst er eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að þetta mun þó hvergi nægja til að mæta þörf háskólastúdenta á íbúðarhúsnæði.

Húsnæðisstofnun ríkisins (Byggingarsjóður verkamanna) lánar 85% byggingarkostnaðar en stofnunin þarf að útvega þau 15% sem á vantar. Í því skyni hefur verið stofnaður sérstakur sjóður. Byggingarsjóður stúdenta, með aðild stúdentaráðs HÍ, háskólaráðs og menntamálaráðuneytis. Sjóðurinn er í umsjá Félagsstofnunar stúdenta.

Stúdentaráð Háskóla Islands og Félagsstofnun stúdenta hafa samþykkt að leggja fjórðung árlegra skráningargjalda í sjóðinn og háskólaráð hefur samþykkt jafnhátt árlegt framlag af framkvæmdafé Háskólans næstu fimm ár. Fjárveitingavaldið hefur hins vegar hætt öllum fjárstuðningi við byggingarframkvæmdir stúdenta frá þeim tíma er framkvæmdir hófust, en árin á undan var veitt árlega 200 þúsund krónum til hönnunar stúdentagarða. Beiðni Félagsstofnunar um framlag á fjárlögum þessa árs var hafnað af háttvirtri fjárveitinganefnd Alþingis, en menntamálaráðherra hefur lýst stuðningi sínum við að ríkisvaldið leggi fram jafnháa upphæð og hvor hinna aðilanna leggur í sjóðinn.

Þessi framlög eru forsenda þess að stofnunin geti staðið við hlutverk sitt um byggingu stúdentagarða. Verði þau afnumin mun stofnunin ekki geta staðið í frekari framkvæmdum á þessu sviði.

Þess er ekki að vænta að háskólastúdentar vilji greiða í tvo sjóði. Stuðningur Félagsstofnunar stúdenta við hugmyndina um byggingarsjóð námsmanna hlýtur því að vera háður því skilyrði að hlutur stúdenta við Háskóla Íslands í þeim fjármunum, sem þar yrðu til skiptanna, yrði að minnsta kosti jafnstór og núverandi fyrirkomulag býður upp á.

Til þess að nefna glöggt dæmi þá þyrfti framkvæmdafé háskólastúdenta að nema að minnsta kosti 50 millj. kr. á ári (framlög + lán) til þess að þeir væru settir jafnt. Ef ekki er hægt að tryggja svo háa upphæð verður að telja að hagsmunum háskólastúdenta sé betur borgið við óbreytt ástand.

Af framansögðu má vera ljóst að frá sjónarhóli Félagsstofnunar stúdenta eru nokkrir annmarkar á tillögunni um Byggingarsjóð námsmanna eins og hún hefur verið sett fram. Telja verður að hagsmunum Félagsstofnunar stúdenta og þar með stúdenta við Háskóla Íslands væri betur borgið ef ríkisvaldið féllist á að greiða þriðjung á móti stúdentum og Háskólanum í Byggingarsjóð stúdenta. Það kann að vera umhugsunarvert hvort Félagsstofnun ætti að þjóna fleiri námsmönnum í húsnæðismálum en einungis þeim sem stunda nám við Háskóla Íslands, en tillagan fjallar ekki um það og verður ekki rætt frekar að svo stöddu.

Til að auðvelda námsmannasamtökum að byggja yfir félagsmenn sína má benda á þá leið að fé það, sem Húsnæðisstofnun ríkisins/Byggingarsjóður verkamanna lánar til félagslegra leiguíbúða á vegum stofnana og félagasamtaka, verði aukið. Þannig má stuðla að því að biðtími eftir þeim lánum styttist og ef til vill væri einnig hægt að hækka lánshlutfall og lengja lánstíma án þess að námsmenn þyrftu að reiða sig á bein framlög úr ríkissjóði. Slíkar aðgerðir mundu eftir sem áður gera ráð fyrir að byggingaraðilar þyrftu að leggja fram 10–15% af kostnaði við bygginguna og væri í raun aðeins styrking á núverandi kerfi sem virðist í meginatriðum reynast vel.

Samþykkt 11. febrúar 1988 á stjórnarfundi Félagsstofnunar stúdenta.

Óskar Magnússon
formaður.

Nd. 58. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 72 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni skal um þær fjallað af þriggja manna nefnd áður en þær taka gildi. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nefnd sú, sem um getur í 1. gr., skal þegar taka til starfa og leggja mat á framfærslu námsmanna eins og hún er við gildistöku laganna samanborið við framfærslu námsmanna eins og hún var í maí 1982 þegar lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, tóku gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að koma í veg fyrir að menntamálaráðherra geti fyrirvaralaust og án nokkurs samráðs við námsmenn skert framfærslu námsmanna sem eru í lánshæfu námi og fá lán fyrir henni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að komi fram óskir eða tillögur um breytingar á reiknuðum framfærslugrunni, þ.e. grunnframfærslu einstaklings í leiguhúsnæði skuli þær áður en þær öðlast gildi samþykktar af þriggja manna nefnd. Í nefndinni ættu sæti einn fulltrúi menntamálaráðherra og einn fulltrúi sameiginlega tilnefndur af námsmannasamtökunum, þ.e. Stúdentaráði Íslands, Bandalagi íslenskra sérskólanema og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis. Komist samtök námsmanna ekki að samkomulagi um tilnefningu fulltrúans skal hann tilnefndur af Hæstarétti. Verði nefndin sammála um breytingu á grunnframfærslu skal breytingin öðlast gildi þegar í stað. Komist nefndin hins vegar ekki að samhljóða áliti ákveður menntamálaráðherra grunnframfærsluna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða svo að nefnd sú, sem um er getið í 1. gr., taki strax til starfa við gildistöku laganna. Nefndin skal leggja mat á kaupmátt framfærslu námsmanna eins og hann er nú og eins og hann var þegar núgildandi lög um námslán og námsstyrki tóku gildi árið 1982. Þegar grunnframfærsla námsmanns í leiguhúsnæði er borin saman við hækkun á tryggingabótum Tryggingastofnunar ríkisins kemur í ljós að reiknuð framfærsla námsmanna á mánuði, í krónum talin, hefur dregist verulega aftur úr:

	LÍN	TR-bætur
Maí 1982	5 445	4 601
Október 1988	33 428	37 307

Nd. 59. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Félagið starfrækir íþróttagetraunir, en með íþróttagetraunum er átt við það að á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til að gefa út, eru merkt væntanleg úrslit íþróttakappleikja, íþróttamóta.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Að minnsta kosti 40% af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Íslenskra getrauna sem starfa að íþróttagetraunum samkvæmt lögum um getraunir frá 1972.

Samkvæmt gildandi lögum skal helmingi af heildarsöluverði miða eða raða í íþróttagetraunum varið til vinninga. Til að tryggja afkomu íslenskra getrauna og hagsmuni íþróttahreyfingarinnar er talið nauðsynlegt að fá heimild til að breyta vinningshlutfallinu. Er lagt til að ákveðið verði að það verði ekki minna en 40%, en það er sama vinningshlutfall og gildir við talnagetraunir Íslenskrar getspár. Þetta er meginefni frumvarpsins. Komið hefur verið á samstarfi milli Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna um nýtingu tölvubúnaðar og á sviði sölustarfsemi og er eðlilegt að sömu reglur gildi um vinningshlutfall hjá þessum aðilum.

Jafnframt er lagt til að breyting verði gerð á 2. gr. laga um getraunir þar sem kveðið er á um starfsemi Íslenskra getrauna. Samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, hefur Íslensk getspá heimild til að starfrækja talnagetraunir. Var heimild Íslenskra getrauna til slíkrar starfrækslu skv. 2. gr. laga um getraunir felld niður meðan heimild samkvæmt lögum um talnagetraunir er í gildi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði um talnagetraunir verði fellt úr lögunum um getraunir og að 2. gr. þeirra verði aðlöguð breyttu sölufyrirkomulagi miða (getraunaseðla) þar sem sala fer fram við afhendingu útfyllts getraunaseðils.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um samgöngur á Austurlandi.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Jón Kristjánsson, Kristinn Pétursson, Egill Jónsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsóknir á möguleikum til að koma á vegasambandi milli byggða á Austurlandi og gera áætlun um framkvæmdir, einkum við þá fjallvegi um miðbik Austurlands sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, m.a. með því að beita nútímatækni í jarðgangagerð. Við rannsóknina skal haft samstarf við Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðastofnun, Vegagerð ríkisins og aðra þá sem hafa þekkingu á þessum málum. Við mat framkvæmda verði tekið fullt tillit til ávinnings atvinnulífs og félagslegrar þjónustu af bættum samgöngum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt. Hún er fram komin vegna ríkjandi aðstæðna í samgöngumálum Austurlands og þess mikilvægis sem þau hafa í hugum manna þar um slóðir. Er hér einkum átt við þá fjallvegi um miðbik Austurlands sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, en ætla má að með nútímatækni í jarðgangagerð megi ryðja slíkum samgönguhindrunum úr vegi án þess að kostnaður fari fram úr hófi. Miðhluti Austurlands ásamt Vopnafirði er, sem kunnugt er, mjög afskiptur með samgöngur á landi bæði milli fjarða og frá fjörðum til Fljótsdalshéraðs. Fjallvegir eru í um og yfir 600 metra hæð og því næsta erfitt og jafnvel ófært um lengri eða skemmri tíma að halda uppi eðlilegum samgöngum í miklum snjóavetrum svo sem dæmin sanna.

Á undanförnum árum hafa þær raddir orðið æ háværari meðal íbúa þessa landshluta, jafnt kjörinna fulltrúa sveitarstjórna, samtaka sveitarfélaga á Austurlandi sem og hins almenna borgara, að þennan vanda eigi og beri að leysa með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir, könnun á möguleikum jarðgangagerðar og í framhaldi af því samræmdri framkvæmdaáætlun.

Sjónarmið byggðastefnu hafa undanfarin ár skipað nokkurt öndvegi í umfjöllun og stefnumörkun stjórnvalda. Þar á meðal gerir vegáætlun ráð fyrir uppbyggingu og umbótum í samgöngum um landið.

Í þessum áætlunum hefur samt þótt á það skorta að tekið sé á þeim þáttum sem snerta nauðsynlegar rannsóknir og í framhaldi af þeim heildstæða áætlun um jarðgangagerð þar sem slíkt er talið hagkvæmt, framkvæmanlegt og umfram allt nauðsynlegt til þess að viðhalda byggð og heilbrigðu mannlífi.

Það ætti að vera undirstöðuatriði í mörkun framtíðarbyggðastefnu að þessa þáttar verði gætt og um hann mótuð langtímastefna svo að fólkið, sem byggir þessa staði, megi vita hvers sé að vænta í þessum efnum.

Skilyrðum til uppbyggingar blómlegs atvinnulífs, vaxandi þjónustu, ræktunar menningar og mennta verður ekki fullnægt í nútímaþjóðfélagi án þess að íbúum viðkomandi landsvæðis sé gert kleift að komast næsta óhindrað á milli byggðarlaga. Samgönguþáttinn ber því að rækta og taka sérstakt tillit til líkt og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Slíkt væri byggðastefna í reynd.

Lagt er til að auk samgönguráðuneytis og Vegagerðar ríkisins, sem eðlilega munu fjalla um og skila tillögum um þetta mál, komi hér einnig til fulltrúar heimamanna — Sambands sveitarfélaga á Austurlandi — og Byggðastofnunar og myndi þessir aðilar samstarfshóp sem hafi forgöngu um nauðsynlegar rannsóknir á svæðinu og um gerð framkvæmdaáætlunar.

Byggðastofnun er að vísu ekki tæknileg sérfræðistofnun á sviði vegamála. En vegna þess að byggðamál og byggðaþróun spanna yfir alla þætti efnahags- og félagsmála mætti ætla að þessi stofnun hefði meiri yfirsýn en aðrar ríkisstofnanir yfir vandamál og möguleika Austurlands og fjölþætta þekkingu á aðstæðum þar. Ýmsir starfsmenn stofnunarinnar hafa einnig mikla reynslu í margs konar áætlanagerð, ekki síst á sviði samgöngumála. Um þátttöku heimamanna þarf ekki að fjölyrða, enda áhugi þeirra og eftirrekstur mikill, einkum nú í seinni tíð þegar ljóst virðist að tæknilegar eða jarðfræðilegar hindranir standa ekki lengur í vegi fyrir þessu lífshagsmunamáli Austfirðinga.

Ed. 61. Frumvarp til laga [59. mál]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

4. gr. laganna, sbr. l. nr. 41/1982, breytist svo:

a. 2. tölul. fyrri málsgreinar falli niður.

b. Lokamálsliður fyrri málsgreinar 3. tölul., er verður 2. tölul., orðast svo:

Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og búnaðarmálasjóðsgjald, sbr. lög nr. 40 7. maí 1982, er lagt á.

c. Orðin „nemur samanlögðum“ í 5 tölul., er verður 4. tölul., falla niður.

2. gr.

Aftan við I. kafla laganna, sbr. l. nr. 68/1973, komi nýr kafli, II. kafli, **um stofnfjárreikninga,** er orðast svo:

a. 19. gr.

Innheimta skal við sölu búvara og leigu á landi lögbýla, sem gjaldskyld er skv. lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð, sérstakt stofnfjárgjald er nemi 2% af verði til framleiðenda eða leigu til leigusala. Stofnfjárgjaldi skal varið til að greiða afborganir og vexti af lánum þeim sem veitt hafa verið búvöruframleiðendum af Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum.

Afurðastöðvar skulu innheimta stofnfjárgjald af verði þeirra afurða, sem þær kaupa af framleiðendum búvara, og standa skil á gjaldinu til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama tíma og greiðsla afurðaverðs eða leigu fer fram. Heimilt er að taka stofnfjárgjald lögtaki. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um álagningu og innheimtu stofnfjárgjalds, þar með talið um álagningu þess samkvæmt áætlun, gjalddaga og vanskilavexti.

b. 20. gr.

Stofnfjárgjöld er greiðast til Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu leggjast inn á reikning þess búvöruframleiðanda eða leigusala sem lagt hefur inn á afurðastöð eða leigt út land þá vöru sem gjaldið er greitt af. Hver búvöruframleiðandi og leigusali skal hafa stofnfjárreikning hjá deildinni. Sé innstæða á stofnfjárreikningi lengur en einn mánuð skal Stofnlánadeildin færa á reikninginn tiltekna vexti. Ráðherra ákveður vaxtakjör, þar með taldar verðbætur, og skulu þau miðuð við að fé á stofnfjárreikningum beri sambærilega vexti og útlán hjá Stofnlánadeild.

c. 21. gr.

Ef innstæða er á reikningi búvöruframleiðanda eða leigusala hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og viðkomandi skuldar jafnframt Stofnlánadeild árgjöld, þ.e. gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánum, skal Stofnlánadeild taka fé af reikningi þessum til að greiða hinar gjaldföllnu greiðslur að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

d. 22. gr.

Stofnlánadeild skal á gjalddaga meiri hluta þeirra lána, sem eigandi stofnfjárreiknings skuldar hjá deildinni, endurgreiða honum innstæðu á reikningnum ásamt vöxtum að frádregnum greiðslum skv. 21. gr.

Sé greiðandi stofnfjárgjalds ekki skráður skuldari að láni hjá Stofnlánadeild skal innstæða á stofnfjárreikningi viðkomandi endurgreidd ásamt vöxtum eigi síðar en 1. september ár hvert en ráðherra getur í reglugerð ákveðið fleiri gjalddaga endurgreiðslna og mega þær vera mismunandi eftir upphæð innstæðna á stofnfjárreikningum. Þá er stjórn Stofnlánadeildar heimilt að endurgreiða innstæðu á stofnfjárreikningi vegna sérstakra aðstæðna greiðanda gjaldsins, svo sem framkvæmda, breytinga eða áfalla í rekstri, enda telji stjórn ekki ástæðu til að ætla að til vanskila lána komi við deildina á næsta gjalddaga þeirra.

Stofnlánadeild er heimilt að undanþiggja þá búvöruframleiðendur og leigusala gjaldskyldu skv. 19. gr. sem ekki eru skráðir skuldarar að láni hjá Stofnlánadeild eða eiga þegar innstæðu á stofnfjárreikningi er nægi til greiðslu á árgjöldum af lánum viðkomandi hjá deildinni það ár.

e. 23. gr.

Innstæða á stofnfjárreikningi hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning eiganda.

Óheimilt er að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu jarðar eða bústofns sem veðsettur hefur verið til tryggingar á lánum hjá Stofnlánadeild enda yfirtaki kaupandi greiðslu viðkomandi lána.

3. gr.

Greina- og kaflanúmer laganna, sbr. e-lið 14. gr. laga nr. 90 31. maí 1984, breytast til samræmis við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Frumvarpið var flutt á 109. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Um frekari skýringar er vísað til greinargerðar sem fylgdi frumvarpinu og birtist hér í heild.

1. Setning laganna 1962.

Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins voru sett 1962 í samræmi við yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar.

Í athugasemdum við frumvarpið segir svo m.a.:

„Gerð var á síðastliðnu ári ítarleg athugun á fjárhag Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, sem sannar ótvírætt, að sjóðir þessir eru nú raunverulega gjaldþrota, ...“

Um ástæður hins þrönga fjárhags sjóðanna, tekjuöflun og kjör á útlánum deildarinnar kemur eftirfarandi fram í athugasemdum við frumvarpið:

„Fjáröflun sú til stofnlána í landbúnaði, sem lagt er til að lögfesta með þessu frumvarpi, er við það miðuð, að Stofnlánasjóði landbúnaðarins verði innan skamms tíma kleift af eigin fé að standa undir eðlilegri fjárfestingarlánaþörf vegna framkvæmda í landbúnaði. Svo sem áður er að vikið er vonlaust með öllu að velta þessu vandamáli á undan sér með nýjum lántökum og eigi er það heldur viðunandi lausn þótt gengishallanum einum væri létt af sjóðunum. Það hefur jafnan verið viðurkennt nauðsynlegt að stofnlán í landbúnaði væru að verulegu leyti með hagstæðari kjörum en gilda á hinum almenna lánamarkaði. Eigi því sjóðirnir í senn að gegna því hlutverki að starfa á eðlilegum og raunhæfum fjárhagsgrundvelli er eina leiðin sú að sjóðirnir verði að mestu byggðir upp af eigin fé. Með hliðsjón af þessari veigamiklu staðreynd verður að meta fjáröflunartillögurnar."

Árlegar tekjur deildarinnar voru ákveðnar þannig: Framlag úr ríkissjóði eins og verið hafði, 1% gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem skyldi dregið frá útborgunarverði til framleiðenda. Á móti legði ríkissjóður fram jafnháa upphæð. Enn fremur skyldi sölugjald lagt á landbúnaðarvörur, 0,75% af söluverði framleiðenda.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. um þessar ákvarðanir:

„Í 2. og 3. tölul. (4. gr.) er lagt til að bændastéttin og ríkissjóður leggi fram að jöfnu árlegt tillag til Stofnlánadeildarinnar. Með hliðsjón af því alvarlega vandamáli, sem hér er við að fást og mikilvægi þess fyrir alla framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins í landinu, er lagt til að leggja 1% gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðist og innheimtist á sama hátt og það ½% gjald til búnaðarmálasjóðs og ½% gjald til byggingar bændahallar, sem nú er innheimt."

Ekki voru allir á eitt sáttir um lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Framleiðendagjaldið hlaut mikla andstöðu meðal bænda og fjölmörg samtök í landbúnaði mótmæltu því, m.a. var stofnað til samtaka innan landbúnaðarins um málshöfðun til að hnekkja gjaldinu. Niðurstaða dómstóla var hins vegar sú að með framleiðendagjaldinu væru lög á bændum ekki brotin.

2. Lögum breytt 1971.

Sú breyting, sem gerð var á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins 1970, var til samræmis við lögin um Lífeyrissjóð bænda. Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.:

„Frumvarp þetta er samið og gert til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð bænda, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frumvarpi að lögum um Lífeyrissjóð bænda er gert ráð fyrir að bændur greiði sjálfir í sjóðinn 4% iðgjald af tryggðum tekjum, en álagningargrundvöllur verði framleiðsluverðmæti búsins. Samkvæmt lögum nr. 38/1945 greiða bændur búnaðarmálasjóðsgjald, 1% af brúttóframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara, og 1% stofnlánasjóðsgjald af sama stofni. Hér er um slíka gjaldabyrði að ræða, að vegna framangreindrar iðgjaldagreiðslu ber nauðsyn til að afnema stofnlánasjóðsgjaldið í áföngum fram til ársins 1990."

Ekki orkar tvímælis að mikilvægasta ákvörðun við þessar breytingar er lækkun sjóðagjaldanna í áföngum og afnám þeirra að fullu árið 1990. Bændastéttin var ekki að fullu sátt við framleiðendagjaldið og menn treystu sér ekki til að fara af stað með nýtt gjald af sama stofni, þótt til Lífeyrissjóðs bænda væri, nema samtímis væri tekin ákvörðun um að lækka og síðar að fella niður sjóðagjöldin til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

3. Lögum breytt 1973.

Svo sem kunnugt var var verðlag á sjöunda áratugnum stöðugt og auðveldaði það rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Enn fremur dró erfitt árferði úr framkvæmdum í landbúnaði, sem jafnframt dró úr lánum til landbúnaðar og þannig minnkuðu útlán deildarinnar. En Adam var ekki lengi í Paradís, því að nú fóru verðbólguhjólin að snúast og framkvæmdir að aukast. Útlánaþörfin jókst og hagur deildarinnar versnaði. Um þetta segir svo í athugasemdum við frumvarpið:

„Það sem langmest hefur rýrt hag Stofnlánadeildar á undanförnum árum eru erlendar lántökur og þau stórfelldu gengistöp sem hún hefur orðið fyrir ...“

Og enn fremur segir:

„Það hefur einnig rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar að hún hefur orðið að taka að láni fjármagn sem bæði hefur verið á hærri vöxtum og lánað til skemmri tíma en deildin hefur síðan endurlánað það.“

Til þess að bæta fjárhagsstöðu deildarinnar er 0,75% gjaldið hækkað í 1% til 1980 og framleiðendagjaldið látið haldast óbreytt til 1980. Jafnframt er ríkissjóði gert að greiða framlag til deildarinnar að jöfnu á móti báðum þessum gjöldum. Enn fremur voru þau tímamörk, sem þá voru á framleiðslugjöldunum, felld niður.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir til styrktar fjárhag deildarinnar hefðu þær eins og jafnan áður náð skammt ef ekki hefði meira komið til.

Á grundvelli reglugerðar um Stofnlánadeild landbúnaðarins frá 1973 var tekin upp 25% verðtrygging á almenn útlán deildarinnar til bænda árið 1976. Árið 1978 var verðtryggingin hækkuð í 33% en á árinu 1979 var svo lánareglum breytt í 100% vísitölubindingu allra lána deildarinnar. Hér var um grundvallarbreytingu á lánakjörum til landbúnaðarins að ræða þar sem segja má að lánin séu greidd á kostnaðarverði. Hér voru áhrif hinnar mikilvægu breytingar á lögunum 1973 komin fram en skv. 6. gr. þeirra laga var stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins heimilt að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra að setja deildinni lánareglur. Á grundvelli þessarar heimildar var m.a. opnuð leiðin til verðtryggingar á lánum til landbúnaðarins.

4. Lögum breytt 1978.

Í lok síðasta áratugar er enn svo komið að rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins er kominn í erfiða stöðu. Um þetta segir í athugasemdum við frumvarp sem lagt var fram á þingi 1977–1978:

„Lánakjör útlána Stofnlánadeildar hafa verið þyngd á undanförnum árum, en ekki í samræmi við þann fjármagnskostnað sem deildin býr við. Er nú svo komið að vextir og verðbætur nema hærri upphæð en af útlánum og fer munurinn vaxandi ár frá ári. Á sama hátt hefur lánstíminn rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega.“

Til að treysta rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins var tekið upp nýtt gjald, jöfnunargjald, sem í raun var tvöföldun gjaldsins sem lagt var á heildsöluverð búvöru.

Eins og að framan greinir átti Stofnlánadeild landbúnaðarins jafnan í erfiðleikum með að standa straum af greiðslum vegna þeirra lána sem hún þurfti að taka til að geta sinnt eðlilegri þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé. Í þessum efnum réð verðtrygging tekinna lána mestu um þessa þróun mála, þess vegna jókst þessi vandi deildarinnar með aukinni verðbólgu í landinu.

Eins og áður segir var árið 1979 tekin sú örlagaríka ákvörðun að verðtryggja öll útlán til landbúnaðarins. Nú liggur fyrir hvaða áhrif þessar ákvarðanir hafa haft á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins þau átta ár sem lán til landbúnaðarins hafa verið veitt með fullri verðtryggingu, sjá töflur 1 og 2 (þús. kr.):

Tafla 1.

	1982	1983	1984	1985
1. Tekjur skv. rekstrarreikningi	19 790	103 103	61 178	125 390
2. Gjaldfærsla verðlagsbreytinga	7 697	29 958	33 066	95 774
3. Reiknuð uppfærsla skulda	198 593	420 558	144 412	530 031
4. Reiknuð uppfærsla útlána o.fl.	208 854	461 841	226 561	552 396
5. Til ráðstöfunar frá rekstri	17 226	91 778	12 095	198 799
Framleiðendagjald	11 500	30 100	24 500	67 900

Tafla 2.

Upphæðir á verðlagi sept. 1986, lánskjaravísitala 1486 stig; þús. kr.:

	1982	1983	1984	1985
1. Tekjur skv. rekstrarreikningi	78 764	228 889	101 555	159 245
2. Gjaldfærsla verðlagsbreytinga	30 634	66 507	54 890	121 633
3. Reiknuð uppfærsla skulda	790 400	933 639	239 724	673 139
4. Reiknuð uppfærsla útlána o.fl.	831 239	1 025 287	376 091	701 543
5. Til ráðstöfunar frá rekstri	68 559	203 748	20 078	252 474
Framleiðendagjald	45 770	66 882	40 670	86 233

Á síðustu árum hafa skuldir bænda við Stofnlánadeild landbúnaðarins farið stöðugt vaxandi, m.a. vegna áhrifa verðtryggingar á útlán, sjá töflu 3 (millj. kr.):

Tafla 3.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Heildarskuldir bænda	143	231	404	782	1037	1701
Skuldir vinnslustöðva	75	112	191	314	425	502

Jafnframt hefur greiðslubyrði aukist sem m.a. kemur fram í meiri vanskilum við deildina, sjá töflu 4 (millj. kr.):

Tafla 4.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Vanskil í árslok	13,8	22,4	38,0	92,8	130,6	206,2
Hlutfall af árgjöldum	36,8	37,8	43,1	56,2	60,8	60,1

Vegna markaðsaðstæðna og framleiðslustjórnar í landbúnaði er brýnt að leita leiða til að auka launahlut framleiðenda í söluverði búvara. Framleiðslugjaldið kemur til lækkunar á verði því sem framleiðendum er ætlað. Niðurfelling þess þýðir því auknar tekjur til framleiðenda.

Lögbundinn sparnaður, eins og hér er mælt fyrir um, ætti að auðvelda bændum að standa í skilum við Stofnlánadeildina og bæta til muna rekstrarstöðu deildarinnar og vega þannig að hluta upp tekjutap deildarinnar vegna niðurfellingar framleiðendagjaldsins.

Í töflu 5 er yfirlit yfir tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins árin 1980–1985. Þar kemur m.a. fram hverjar hafa verið árlegar greiðslur framleiðenda til deildarinnar og eins og yfirlitið ber með sér er hér um að ræða umtalsverðar greiðslur af hendi landbúnaðarins, sjá töflu 5.

Tafla 5.

Tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1980–85, sundurliðaðar eftir árum og töluliðum í 4. gr. laga nr. 68/1973 og reglugerðar nr. 627/1982.

(Tölur í milljónum króna):

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Framlag ríkissjóðs	0,2	0,25	0,25	0,0	0,0	0,0
Framleiðendagjald	4,9	7,10	11,50	30,1	24,5	67,9
Neytendagjald	6,9	12,00	17,30	32,9	39,6	58,3
Lánajöfnunargjald	6,7	12,00	17,30	32,9	39,6	58,3
Framlag ríkissjóðs	7,0	10,00	15,40	23,1	12,1	30,6
Vaxtatekjur og gengismunur	69,8	111,00	247,50	513,7	291,9	666,4

Við samningu þessa frumvarps hefur verið tekið mið af lögum nr. 13/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, og þeirri reynslu sem fengist hefur af þeirri löggjöf varðandi hagsmuni sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er svonefnt 1% framleiðendagjald fellt niður sem tekjustofn Stofnlánadeildar landbúnaðarins en sú niðurfelling lækkar einnig framlag ríkissjóðs skv. 5. tölul. 4. gr. l. 45/1971, sbr. l. nr. 41/1982, en samkvæmt þeim lið skal ríkissjóður árlega greiða deildinni framlag er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum af framleiðendagjaldi og neytendagjaldi.

Aðrar breytingar samkvæmt greininni eru til samræmis við ofangreinda breytingu.

Um 2. gr.

19. gr.

Í samræmi við 2. tölul. 4. gr. stofnlánadeildarlaganna, sbr. breytingu með l. nr. 41/1982, er lagt til að stofnfjárgjald verði innheimt af sömu vörum og landleigu og gjaldskyld er samkvæmt lögum um búnaðarmálasjóðsgjald. Á þetta jafnt við bein ákvæði þeirra laga um gjaldskyldu og heimildarákvæði f-liðar 2. gr. l. nr. 40/1982. Gjaldstofninn er hér einnig sá sami vegna búnaðarmálasjóðsgjalds eða verð til framleiðanda og kemur þetta gjald til lækkunar á skilaverði til hans.

Gert er ráð fyrir að afurðastöðvar annist innheimtu á stofnfjárgjaldinu og sjái um skil á því til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þótt tekið sé fram að stofnfjárgjald skuli innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald útilokar það ekki að settar séu reglur um örari skil söluaðila á gjaldinu en nú er varðandi búnaðarmálasjóðsgjald og er raunar eðlilegast að þetta gjald sé greitt innheimtuaðila á greiðsludegi afurðaverðsins og þá inn á reikning viðkomandi greiðanda hjá Stofnlánadeild sem næst greiðsludegi.

20. gr.

Lagt er til að hver búvöruframleiðandi eða leigusali hafi sérstakan stofnfjárreikning hjá Stofnlánadeildinni og á grundvelli reglna, sem settar eru skv. 19. gr., þarf að kveða á um

skyldu þeirra sem standa eiga skil á gjaldi þessu til að upplýsa um hver hafi lagt inn hina seldu vöru eða tekið við leigunni.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir tilteknum lögbundnum sparnaði er eðlilegt að umræddar innstæður beri vexti. Er lagt til að vaxtakjörin verði í samræmi við þau kjör sem hverju sinni eru á útlánum deildarinnar en þar sem þau kjör kunna að vera mismunandi eftir lánaflokkum verður að taka mið af meðaltali þeirra.

Á Stofnlánadeild hvílir sú skylda að ávaxta það fé sem hverju sinni er inni á stofnfjárreikningnum með eigin útlánum eða á annan hátt þannig að deildin verði ekki fyrir útgjöldum umfram tekjur vegna vaxtagreiðslna til eigenda stofnfjárreikninga.

Rétt er að vekja athygli á því að telji stjórn Stofnlánadeildar vaxtagreiðslur á innstæður á stofnfjárreikningum umfram greiðslu árgjalda deildinni óhagstæðar getur hún skv. 22. gr. ákveðið hraðari endurgreiðslur en þar er að lágmarki mælt fyrir um.

21. gr.

Samkvæmt meginhlutverki stofnfjárreikninganna kveður þessi grein á um að innstæður á þeim skuli notaðar til greiðslu gjaldfallinna afborgana, vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og annars kostnaðar af lánum eigenda reikninganna hjá Stofnlánadeild. Nægi innstæða á stofnfjárreikningi ekki til greiðslu á skuld viðkomandi fer eftir almennum reglum og ákvæðum skuldabréfanna um innheimtu á þeim mismun með þeirri undantekningu að greiðslur, sem koma inn á stofnfjárreikning skuldara eftir gjalddaga, skulu þá þegar notaðar til greiðslu á hinni gjaldföllnu skuld.

Um 22. gr.

Þessi grein fjallar um endurgreiðslu á fé sem greitt hefur verið inn á stofnfjárreikninga og veitir jafnframt heimild til að veita undanþágur frá greiðslu stofnfjárgjalds.

Í 1. mgr. er fjallað um endurgreiðslur til þeirra sem eru skráðir skuldarar að lánum hjá Stofnlánadeild. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að uppgjör vegna endurgreiðslna fari fram einu sinni á ári og þá á gjalddaga meiri hluta þeirra lána sem eigandi reikningsins skuldar og er þá miðað við upphæð lána en ekki fjölda þeirra.

Ekki er talin ástæða til að lögbinda nema einn árlegan gjalddaga á endurgreiðslum en hins vegar er eðlilegt að endurgreiðslur verði inntar af hendi eins ört og hagkvæmt getur talist og því er gert ráð fyrir að hægt sé að mæla fyrir um fleiri gjalddaga á endurgreiðslum.

Þar sem markmið frumvarpsins er að auðvelda búvöruframleiðendum að standa straum af greiðslum árgjalda af lánum þeirra hjá Stofnlánadeild er eðlilegt að heimilt sé að veita þeim, sem ekki skulda lán hjá deildinni eða eiga þegar næga innstæðu til greiðslu árgjalda viðkomandi árs á stofnfjárreikningi sínum, undanþágu frá greiðslu stofnfjárgjalds. Það kann hins vegar að fara eftir viðskiptaháttum í viðkomandi grein hvort notaðar eru heimildir um endurgreiðslu eða undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

23. gr.

Þar sem innstæður á stofnfjárreikningum eru ætlaðar til greiðslu á tilteknum útgjöldum vegna lána hjá Stofnlánadeild, eins og kveðið er á um í 20. gr., er óhjákvæmilegt að undanþiggja innstæðuna löghaldi, fjárnámi eða lögtaki og enn fremur er óheimilt að veðsetja eða ávísa á hana.

Heimilt er hins vegar í samningi um sölu jarðar eða bústofns, sem hefur verið veðsettur vegna lána hjá Stofnlánadeild, að framselja innstæðu á stofnfjárreikningi enda yfirtaki þá kaupandi áhvílandi lán frá deildinni. Ef ekkert er um þetta samið er seljandi áfram eigandi að innstæðu á stofnfjárreikningi sínum og getur eftir atvikum fengið hana endurgreidda eða undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Rétt þykir að Stofnlánadeildin fái nokkurn aðlögunartíma áður en lagabreyting þessi tekur gildi og einnig er eðlilegt vegna uppgjörs ársreikninga að miða þessa breytingu við áramót.

Ed. 62. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðenda er ákveðið samkvæmt 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi og þá afgreitt með vísan til ríkisstjórnarinnar, sjá fylgiskjal IV. Með því að málið hefur ekki náð fram að ganga í ríkisstjórninni er frumvarpið nú endurflutt efnislega óbreytt.

Við afgreiðslu málssins í Ed. var lagt fram ítarlegt nefndarálit sem birtist hér á fskj. V.

Eftirfarandi greinargerð lítt breytt fylgdi frumvarpinu í fyrra:

Tilgangur með flutningi þessa frumvarps er að tryggja með markvissari hætti en nú er greiðslur sauðfjárafurða til framleiðenda.

Samkvæmt þeim reglum, sem nú eru í gildi, ber afurðastöðvum að greiða frumgreiðslur sauðfjárafurða í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag, en þeir sem slátra síðar fái greiðslur í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Afurðastöðvar skili síðan fullnaðaruppgjöri haustgrundvallarverðs í síðasta lagi 15. desember.

Við setningu búvörulaganna árið 1985 var ekki að fullu ljóst hvernig framleiðsluheimild til sérhvers bónda yrði ákveðin né heldur hvort heimilað yrði að færa framleiðsluréttindi milli einstakra bænda og búmarkssvæða. Þá var og nokkur óvissa um hvernig staðið yrði að fjármögnun við hina breyttu greiðsluhætti. Af þessum ástæðum þótti m.a. eðlilegt að nokkurt ráðrúm gæfist til að ganga frá endanlegu uppgjöri.

Nú liggur hins vegar fyrir hvernig þessum málum er fyrir komið. Sauðfjárbændur hafa fengið úthlutað ákveðinni framleiðsluheimild, fullvirðisrétti, sem þeim ber að fá greiddan fullu verði. Fyrir liggur að ónýttan fullvirðisrétt er ekki hægt að flytja milli framleiðenda né búmarkssvæða. Þar af leiðandi er ekkert því til fyrirstöðu að greiðslur fyrir sauðfjárafurðir fylgi svipuðum eða sömu reglum og gilda í mjólkurframleiðslu.

Ein mikilvægasta ákvörðun til hagsbóta fyrir bændur, sem tekin var með setningu búvörulaga, var full greiðsla mjólkur og sauðfjárafurða sem næst innleggsdegi jafnframt því sem greint var að fullu milli greiðslu búvara á framleiðslu- og sölustigi. Fyrir setningu búvörulaganna fengu bændur ekki fullnaðaruppgjör fyrr en rekstur afurðastöðva lá fyrir og fór það því eftir afkomu í rekstri hvort greiðslur til framleiðenda voru í samræmi við skráð verð.

Hins vegar eiga framleiðendur nú að fá alla þá framleiðslu, sem er innan fullvirðisréttar, greidda sem næst því að varan er afhent til framleiðenda og algerlega óháð rekstri afurðastöðvanna.

Þegar búvörulögin voru til meðferðar á Alþingi var leitað álits þriggja lögmanna um skýringar á nokkrum mikilvægum ákvæðum laganna, m.a. 29. gr., sem kveður á um greiðslu afurðaverðs.

Umsögn Benedikts Blöndal, Jóns Þorsteinssonar og Gauks Jörundssonar er þessi:

„Að lokum viljum við taka fram að í 18. gr. frumvarpsins er því slegið föstu að enginn megi kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hafi verið samkvæmt ákvæðum þess. Skiptir í því efni engu hvort um er að ræða umboðssölu eða ekki, framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra. Í 29. gr. frumvarpsins eru ákvæði um gjalddaga. Heimilt er að semja um aðra gjalddaga, en slíkir samningar hljóta að verða einstaklingsbundnir. Ef frumvarpið verður að lögum falla núgildandi samningar í þessu efni úr gildi hvort sem þeir eru einstaklingsbundnir eða fólgnir í stofnsamningum félaga og ber að fara eftir reglum 29. gr. nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin. Hitt er svo annað mál að framleiðendur geta síðar notið hagnaðar afurðastöðvar sem eigendur hennar, hvort sem er í samvinnufélagi, hlutafélagi eða með öðrum hætti. Fari svo að afurðastöð inni lögmæltar greiðslur ekki af hendi á réttum gjalddaga ber henni að greiða framleiðanda dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum."

Ætla mætti að jafnskýr ákvæði um skyldur afurðastöðva til að inna af hendi greiðslur til bænda á grundvelli 29. gr. búvörulaganna væru að fullu virtar og þeim framfylgt.

Nýfengin reynsla sýnir að svo er þó ekki. Afurðastöðvar inntu ekki lokagreiðslur af hendi fyrir sauðfjárafurðir frá síðastliðnu hausti til framleiðenda 15. desember eins og þeim bar. Sú breyting á greiðslum sauðfjárafurða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á að tryggja enn betur að bændur fái afurðir sínar greiddar á réttum tíma þar sem afurðastöðvum er samkvæmt frumvarpinu skylt að greiða haustgrundvallarverð til framleiðenda í og við lok sláturtíðar.

Eins og áður sagði voru við setningu búvörulaganna uppi efasemdir um að afurðastöðvar hefðu bolmagn til að standa undir fullnaðargreiðslum til framleiðenda með staðgreiðslu. Með þeirri fyrirgreiðslu, sem afurðastöðvar hafa notið í formi afurðalána og sérstakra staðgreiðslulána, kemur hið gagnstæða fram.

Þegar litið er til þeirrar fyrirgreiðslu, sem afurðastöðvar hafa notið í þessum efnum vegna uppgjörs sauðfjárafurða frá síðastliðnu hausti (fylgiskjal I), verður ekki betur séð en að sú fyrirgreiðsla hafi verið fullnægjandi. Samkvæmt því hefði eigið fjármagn afurðastöðva einungis þurft að nema *170 millj. kr., þ.e. 5%* af heildsöluverðinu til að fullnægja allri greiðsluþörf á heildsölustigi.

Sé sérstaklega litið til þeirrar fyrirgreiðslu sem afurðastöðvar nutu til að gera þeim kleift að standa í skilum við bændur kemur eftirfarandi í ljós:

Tafla 1.

Birgðir innan fullvirðisréttar, 1. nóv.	10 946	tonn
Verð til framleiðenda	2 445	m.kr.
Staðgreiðslulán	673	m.kr.
Afurðalán	1 716	m.kr.
Fjármögnun samtals	2 389	m.kr.
Eigin fjármögnun afurðastöðva	56	m.kr.
— hlutfall	2,29	%

Þannig hafa afurðastöðvarnar þurft að greiða 56 millj. kr. úr eigin rekstri til að inna af hendi lögbundnar greiðslur til framleiðenda þar sem afurða- og staðgreiðslulán námu

samtals tæpum 98% af greiðsluskyldu afurðastöðva til framleiðenda, sauðfjárbænda. *Þessi niðurstaða er óyggjandi.*

Að því er varðar heildsölukostnað sláturafurða má segja að rekstrarfjárþörf þar sé umdeilanlegri. Almennt er við það miðað að tveir þriðju hlutar þess kostnaðar gjaldfalli meðan á slátrun stendur en þriðjungur síðar. Þar koma m.a. til greiðslur sem ekki fara fram fyrr en við sölu afurðanna eins og t.d. sjóðagjöld, umboðslaun, kostnaður vegna fasteigna, fyrningar og jafnvel greiðslur fjárfestingarlána.

Eins og áður getur voru birgðir kindakjöts af framleiðslu sl. árs 1. nóvember 10 946 tonn. Tveir þriðju hlutar heildsölukostnaðar þeirra birgða námu að verðmæti 703 millj. kr.

Lán til afurðastöðva vegna uppgjörs við framleiðendur (tafla 1) var að upphæð 2389 millj. kr. Þegar það er dregið frá heildarfyrirgreiðslum til afurðastöðva (3133-2389=744) verða eftir til ráðstöfunar til greiðslu kostnaðar í heildsölu 744 millj. kr. eða 41 millj. kr. umfram tvo þriðju hluta heildsölukostnaðar.

Þetta samsvarar því að við uppgjör sauðfjárafurða 15. desember sl. hafi einungis skort 15 millj. kr., þ.e. 0,4%, til að staðgreiðslu- og afurðalán nægðu til að greiða að fullu allt afurðaverð til bænda og að auki áfallinn heildsölukostnað.

Nú er það íhugunarefni hvaða gjaldstofn eigi að leggja til grundvallar þegar afurða- og staðgreiðslulán eru ákveðin, t.d. hvort ekki er fullt eins eðlilegt að miða við 1. desember eins og 1. nóvember, en sú tilhögun var viðhöfð við uppgjör afurða 15. desember sl. Hefði sala sauðfjárafurða í nóvembermánuði verið tekin með og uppgjörið miðað við 1. desember má segja að reikningar hefðu orðið sléttir, *þ.e. að heildsöluverð sauðfjárafurða og lánafyrirgreiðslur hefðu numið svipaðri upphæð.*

Það sem hér hefur verið rakið sýnir með ótvíræðum hætti að sú fyrirgreiðsla, sem afurðastöðvar njóta, er fullnægjandi til að tryggja markmið búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða miðað við núverandi greiðslumáta. Leitast hefur verið við að meta hvernig sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi samrýmast þeirri fyrirgreiðslu sem afurðastöðvarnar hafa notið til greiðslu afurðaverðs til bænda.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu gjalddagarnir aðallega tveir, þ.e. 10. október og 10. nóvember. Áætlað er að um það bil tveir þriðju haustinnleggs kæmu til greiðslu 10. október en þriðjungur 10. nóvember. Með sæmilegu öryggi má því ætla að hlutdeild staðgreiðslulána þyrfti að hækka sem hlutdeild í einingarverði um nálega 5% eftir því hversu sala sauðfjárafurða í sláturtíð væri látin vega mikið í greiðslum afurðaverðs. Vegna minni framleiðslu á næsta ári yrði heildarfjárþörf staðgreiðslulána svipuð og nú er. Jafnframt þurfa greiðslur staðgreiðslulánanna að samræmast þeim dagsetningum þegar greiðslur afurðanna fara fram.

Hér er því einungis um óverulegar breytingar að ræða á afhendingu staðgreiðslulána til að tryggt sé að sú tilhögun sem frumvarpið kveður á um skapi afurðastöðvum sömu möguleika á greiðslum og nú eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir að ekki er þörf umtalsverðra breytinga á staðgreiðslu afurðanna vegna breyttrar tilhögunar á greiðslum til framleiðenda sauðfjárafurða mundi það verða málinu til mikils framdráttar ef annar háttur væri hafður á greiðslum sem af hendi hins opinbera eru tengdar sölu sauðfjárafurða, þ.e. að auk afurða- og staðgreiðslulána væru niðurgreiðslur einnig hagnýttar til að ná fram markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu afurða.

Vorið 1985 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að tryggja bændum fullnaðargreiðslur sauðfjárafurða sem næst innleggsdegi. Nefndarálitið er á fylgiskjali II.

Nefndin bendir á tvær leiðir er hún nefnir A og B (sjá fylgiskjal II). Leið A fól í sér óbreytta tilhögun frá því sem verið hefur, en leið B umtalsverðar breytingar. Þar er m.a. lagt til að ríkisvaldið hætti að greiða kostnað við geymslu kindakjöts, en því fjármagni sem við

það sparaðist yrði ráðstafað til að auðvelda afurðastöðvum að staðgreiða sauðfjárafurðir. Enn fremur hefði þetta fyrirkomulag hagstæð áhrif á markaðinn, sérstaklega ef því væri beint til að greiða afurðirnar niður í upphafi hvers verðlagsárs og milda þannig þær verðbreytingar sem jafnan fylgja nýjum verðlagsgrundvelli.

Þar sem sú leið, sem valin var í þessum efnum, er brostin hlýtur að koma mjög til álita að taka upp það fyrirkomulag sem fram kemur í svonefndri B-leið og staðgreiðslunefndin lagði til að upp yrði tekið.

Með þeim breytingum á 29. gr. búvörulaganna, sem að framan er skýrð, er fundin leið sem á að tryggja að framleiðendur sauðfjárafurða fái greiðslur í samræmi við gildandi lög. Því er þess að vænta að málið fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðalag ákvæðisins er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að felld eru niður sérákvæði um gjalddaga og greiðslur fyrir sauðfjárafurðir, sem lagðar eru inn í haustsláturtíð. Greiðslur fyrir sauðfjárafurðir skulu því að fullu greiddar 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð nema framleiðandi og sláturleyfishafi semji um annan hátt á greiðslum.

Núverandi 2. og 3. mgr. 29. gr. halda gildi sínu og verða 3. og 4. mgr.

Um 2. gr.

Gildistaka frumvarpsins er miðuð við að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi og hafi því tekið gildi fyrir næstu haustsláturtíð.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um þróun framleiðslu og birgða kindakjöts og fjármögnun 1986–1987.
(5. janúar 1988.)

Birgðir í upphafi verðlagsársins 1986–1987 voru 2387 tonn, þar af án ábyrgðar ríkissjóðs 1390 tonn. Framleiðslan varð 12 943 tonn og voru birgðir í lok verðlagsársins 2172 tonn.

Gert var ráð fyrir að ráðstöfun innan lands yrði 10 000 tonn samkvæmt búvörusamningi, en í reynd varð hún tæp 9100 tonn. Þannig vantaði um 900 tonn til að markmiði búvörusamnings yrði náð.

Útflutningur ríkissjóðs á verðlagsárinu var áætlaður 1800 tonn, en varð í reynd 2938 tonn sem er um 1138 tonn umfram áætlun. Umframútflutningurinn samanstóð af 900 tonnum vegna minni innanlandssölu og um 200 tonnum vegna birgðalækkunar.

Á fyrri hluta ársins 1987 hafði ríkissjóður greitt að fullu andvirði útflutningsbóta er samsvaraði um 1800 tonnum í útflutningi. Í ágústmánuði voru auk þess greiddar útflutningsbætur vegna hluta ríkissjóðs í sölu kindakjöts til Japans og var það um 600 tonn. Þannig hafði ríkissjóður greitt útflutningsbætur á verðlagsárinu 1986–1987 er voru um 600 tonn umfram áætlun.

Heildarútflutningsbótaþörf ríkissjóðs vegna kindakjöts af framleiðslu 1986 var 613 millj. kr. án vaxtagjalda. Af þeirri fjárhæð hafði ríkissjóður greitt í ágústmánuði 444 millj. kr. Síðan greiddi ríkissjóður 200 millj. kr. fyrir miðjan desember 1987. Þá má segja að ríkissjóður hafi greitt að fullu útflutning á hans ábyrgð og auk þess 31 millj. kr. upp í vaxtagjöld sem er um helmingurinn af óuppgerðri heildarkröfu. Ríkissjóður þurfti til þess að

auka fjárveitingar vegna útflutningsbóta annars vegar með 155 millj. kr. viðbótarfjárveitingu og hins vegar með lántökum er greiðast af útflutningsbótum næsta fjárlagaárs.

Heildsöluverðmæti kindakjötsframleiðslunnar sl. haust var um 3,5 milljarðar kr. Þar af er verðmætið til bænda 2,5 milljarðar kr. Fjármögnun á greiðslum sláturleyfishafa til bænda var með sama hætti og haustið á undan, þ.e. að sláturleyfishöfum voru veitt afurðalán að upphæð um 2460 millj. kr. og staðgreiðslulán er ríkissjóður fjármagnar að upphæð 673 millj. kr. eða samtals 3130 millj. kr. Eftirstöðvar eru því að upphæð 360 millj. kr. og skiptast þannig að 70 millj. kr. eru sjóðagjöld er ekki greiðast fyrr en að lokinni sölu og ámóta fjárhæð er áætlaður sölukostnaður. Þannig er hin eiginlega eiginfjármögnun sláturleyfishafa 170 millj. kr. eða um 5% af heildsöluverðinu. Telja verður að framlag sláturleyfishafa sjálfra í heildarfjármögnuninni sé í algjöru lágmarki.

Bankar þeir er veitt hafa afurðalán gerðu þá kröfu haustið 1986 að afurðalán af birgðum vegna fyrra verðlagsárs yrðu gjaldfelld í nóvembermánuði haustið eftir. Nú í haust gjaldfelldu bankarnir afurðalán af eldri kjötbirgðum. Áætlað var að verðmæti þessara birgða væri um 100 millj. kr. með vaxta- og geymslugjöldum. Sláturleyfishöfum var tryggð fjármögnun þessara birgða með tvennum hætti eftir að bankarnir gjaldfelldu lán þeirra vegna. Í fyrsta lagi með ógjaldfærðu staðgreiðsluláni ríkissjóðs og í öðru lagi með sérstakri lánafyrirgreiðslu. *Bent skal á að birgðir af kindakjöti eru nú minni en nokkru sinni fyrr á þessum áratug og sem dæmi um 2300 tonnum minni í desember 1987 en í desember 1986 og það eitt hlýtur að styrkja stöðu söluaðilanna.*

Eins og rakið er hér að framan hefur sláturleyfishöfum verið tryggð nánast full fjármögnun á framleiðslu haustsins 1986 og jafnframt sá hluti fjármögnunar framleiðslunnar sl. haust er aðrir en þeir sjálfir fjármagna, en þeir eiga aðeins að fjármagna tæp 5% eins og áður sagði. Eftir standa án fjármögnunar bæði árin um 40 millj. kr. sem ríkissjóður lítur á sem sérstakt mál er ekki hefur verið útkljáð. *Eftirstöðvar þessar nema um 1% af heildarheildsöluverðmæti framleiðslunnar sl. haust.*

Landbúnaðarráðuneytið.

Fylgiskjal II.

Lokaskýrsla nefndar um afurðagreiðslur til bænda.

Með bréfi dagsettu 2. apríl 1985 skipaði viðskiptaráðherra eftirtalda menn í nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmd á því ákvæði samkomulags stjórnarflokkanna frá 6. september 1984 er gerir ráð fyrir að bændur geti svo fljótt sem við verður komið fengið fullnaðargreiðslur fyrir afurðir sínar: Davíð Ólafsson formaður, Helgi Bachmann, Ketill A. Hannesson, Ingi Tryggvason og Stefán Pálsson.

Garðar Ingvarsson hefur starfað sem ritari nefndarinnar, en auk hans hafa þeir Ólafur Örn Klemensson og Markús Möller hagfræðingar starfað með nefndinni.

Í skipunarbréfinu segir að markmiði ofangreinds samkomulags skuli nefndin ná með endurskoðun á reglum um veitingu afurðalána, tímasetningu á niðurgreiðslum úr ríkissjóði og reglum um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Jafnframt var fyrir nefndina lagt að hafa hliðsjón af þeim markmiðum sem fram komu um nánara fyrirkomulag þessara mála við endurskoðun á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á landbúnaðarvörum.

Með samkomulagi stjórnarflokkanna frá 6. september 1984 var út frá því gengið að það fyrirkomulag, sem hér er til athugunar, næði til sauðfjárafurða og mjólkurafurða og hefur starf nefndarinnar því einskorðast við þessa afurðaflokka.

Með bráðabirgðaskýrslu dags. 17. júlí sl., skilaði nefndin tillögum sínum varðandi greiðslur til bænda vegna uppgjörs mjólkurafurða. Tveir nefndarmanna, þeir Ingi Tryggvason og Ketill A. Hannesson, samþykktu það nefndarálit með fyrirvörum sem sendir voru með bráðabirgðaskýrslunni.

Í þessari lokaskýrslu er eingöngu fjallað um uppgjör til bænda vegna framleiðslu sauðfjárafurða og hefur verið unnið að athugunum á því máli frá því að ofangreind bráðabirgðaskýrsla var send frá nefndinni síðastliðið sumar.

Eitt helsta vandamál varðandi uppgjör vegna sauðfjárframleiðslu er að framleiðslan fellur öll til nánast á tveimur mánuðum á haustin, en salan stendur að jafnaði yfir næstu 12–14 mánuði. Í upphafi er fjármagnsþörf sláturleyfishafa mjög mikil vegna beins kostnaðar við slátrun og greiðslna til bænda fyrir afurðir sem allar eru í birgðum. Fram til þessa dags hefur þessari fjármögnunarþörf verið mætt með tvennum hætti, auk þess sem þeir sláturleyfishafar, sem hafa yfir eigin fé að ráða, hafa notað það til greiðslna. Í fyrsta lagi hafa bankar komið til skjalanna með lánum út á sauðfjárafurðir sem nema nánast 74% af skilaverði miðað við óniðurgreitt heildsöluverð að frádregnum sjóðagjöldum og í öðru lagi hafa þeir sláturleyfishafar, sem ekki hafa talið sér fært að gera upp afurðir við framleiðendur í samræmi við viðmiðunarreglur Framleiðsluráðs landbúnaðarins, frestað slíku uppgjöri.

Starfsmenn nefndarinnar hafa búið til líkan af greiðslustreymi vegna sauðfjárafurða þar sem gert er ráð fyrir að ákvæðum 29. gr. hinna nýju laga um að bændur skuli fá fullnaðaruppgjör á haustgrundvelli fyrir 15. desember ár hvert og síðan viðbótaruppgjör á þriggja mánaða fresti í samræmi við hækkanir á verðlagsgrundvelli sé fullnægt. Á það skal bent að fram hafa komið í nefndinni skoðanir um að þetta atriði (3. tölul. 29. gr.) nefndrar lagasetningar sé umhugsunarefni vegna þess að hér er um að ræða verðuppbót út á vörur sem þegar hafa verið seldar og greiddar til bænda sem til kom vegna framleiðslukostnaðar afurða næstliðins framleiðslutímabils.

Í líkaninu er sýnt tvenns konar greiðslustreymi vegna sölu kindakjöts, en um það eru til nokkuð góðar upplýsingar, auk þess sem áætlaðar eru greiðslur vegna sláturs og gæra, en varðandi þær afurðir eru ekki til jafngóðar skýrslur. Í starfi sínu hefur nefndin ekki tekið tillit til greiðslna fyrir ull vegna þess að sala á ull fer fram með allt öðrum hætti en á öðrum afurðum sauðfjárframleiðenda.

Meginforsendur.

Reiknuð hafa verið út ýmis mismunandi tilvik þar sem meginforsendur hafa verið hinar sömu, en síðan gerðar minni háttar breytingar. Um þessar forsendur er nánar fjallað í sérstöku fylgiskjali með skýrslunni með skýringum á útreikningunum, en rétt er hér á þessu stigi að gera grein fyrir nokkrum meginforsendum sem nefndin hefur haft til hliðsjónar:

1. Söluáætlun er í meginatriðum byggð á sölu kindakjöts á sl. ári. Gert er ráð fyrir að 9500 tonn verði seld innan lands en 2840 tonn af 1. flokki verði flutt út. Samtals er því gert ráð fyrir sölu sem nemur 12 340 tonnum af kindakjöti. Aftur á móti er í samningi landbúnaðarráðherra við Stéttarsamband bænda gert ráð fyrir að ríkissjóður tryggi fullt haustgrundvallarverðmæti fyrir 12 150 tonn fyrir 15. desember og síðan viðbótargreiðslur í samræmi við áðurnefnd lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á landbúnaðarvörum. Gert er ráð fyrir að uppgjör vegna þeirra 190 tonna, sem seld verði umfram samninginn, fari ekki fram fyrr en í október að liðnu ári.
2. Það er grundvallarforsenda og um leið tillaga nefndarinnar að áætlaðar niðurgreiðslur vegna sauðfjárframleiðslu, 460 millj. kr., greiðist strax við framleiðslu. Hér er að

sjálfsögðu um áætlaða tölu að ræða, en skipting hennar í meginatriðum er að 160 millj. kr. eru vegna sölutengdra niðurgreiðslna, en 300 millj. kr. samsvara svokölluðum vaxta- og geymslukostnaði sem hingað til hefur verið greiddur beint úr ríkissjóði án þess að þær fjárhæðir komi inn í verðlagningu landbúnaðarafurða.

3. Gert er ráð fyrir að afurðalán verði sama hlutfall af óinnkomnum tekjum. Í þessu felst meðal annars að vegna fyrir fram greiddra sölutengdra niðurgreiðslna, sem áhrif hafa á verðlag, verði afurðalánið í framtíðinni miðað við niðurgreitt heildsöluverð, enda er það samkvæmt skilningi og tillögu nefndarinnar að niðurgreiðslurnar verði greiddar við framleiðslu en ekki eftir á, miðað við sölu eins og verið hefur fram að þessu.
4. Af hálfu nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir því að tímasetning greiðslna vegna útflutningsbóta breytist frá því sem verið hefur. Aftur á móti er gengið út frá því að í samræmi við samning landbúnaðarráðherra greiði ríkissjóður útflutningsbætur sem nema öllum mismun á fengnu útflutningsverði og grundvallarverði.
5. Neikvæð greiðslustaða afurðastöðva, sem fæst út úr líkaninu suma mánuði, sýnir það eigið fé og aðra fjármögnun sem koma þarf til af hálfu afurðastöðvanna sjálfra. Um eigin fjármögnun afurðastöðvanna vill nefndin vísa til þess sem sagt var í bráðabirgðaskýrslu hennar frá 17. júlí sl., en vitað er að afurðastöðvar eru mjög mismunandi settar hvað varðar lausafjárstöðu. Sumar stöðvarnar búa við góða lausafjárstöðu og geta lagt verulega af mörkum við eigin fjármögnun á birgðum, en önnur fyrirtæki eru síður til þess fær. Önnur fjármögnun er meðal annars sá greiðslufrestur sem vinnslufyrirtækin njóta hjá birgjum og auk þess skal sérstaklega bent á að eðlilegt er að áhersla sé lögð á hagræðingu og ítrustu hagkvæmni í rekstri einnig að því er fjármagn varðar.

Tvær leiðir.

Sem að framan segir hafa verið reiknuð út ýmis mismunandi tilvik, en þó þannig að ofangreindar meginforsendur eru þær sömu. Þær leiðir, sem ræddar hafa verið hjá nefndinni, eru í höfuðatriðum tvær:

Leið A. Í fyrri tillögunni skiptast fyrirframgreiddar niðurgreiðslur, þ.e. 460 millj. kr., vegna sauðfjárframleiðslu í tvennt, þannig að 160 millj. kr. verði varið til beinna sölutengdra niðurgreiðslna, en 300 millj. kr. munu samsvara svokölluðum vaxta- og geymslukostnaði sem hingað til hefur verið greiddur beint af ríkissjóði án þess að þær fjárhæðir komi beint inn í verðlagningu sauðfjárafurða. Þar sem 160 millj. kr. yrði varið til sölutengdra niðurgreiðslna sem hafa beint áhrif á verðlag mundi viðmiðunarstofn afurðaláns lækka um þessa upphæð, sbr. 3. lið í meginforsendum.

Leið B. Eins og fram kom í bráðabirgðaskýrslu nefndarinnar hafa farið fram umræður um möguleika þess að niðurgreiðslur, þ.e. bæði sölutengdar niðurgreiðslur svo og greiðsla vaxta- og geymslugjalda af hálfu ríkisins, gengju beint til sláturleyfishafa og að þeim yrði þar með verulega flýtt.

Á fundi nefndarinnar þann 9. október sl. lagði einn nefndarmanna, Ketill A. Hannesson, fram tillögu um breytt fyrirkomulag á greiðslu vaxta- og geymslugjalds. Tillagan er hér hjá lögð sem fylgiskjal III. Í þessari tillögu er lagt til að vaxta- og geymslugjaldi, sem ríkissjóður hefur greitt eftir á fram að þessu, verði breytt í beinar sölutengdar niðurgreiðslur á dilkakjöti. Áhrifin eru að verð til neytenda mundi lækka verulega í upphafi sölutímabils. Í tillögunni felst einnig að vaxta- og geymslukostnaður kæmi í framtíðinni inn í verðlagningu kjötsins sem aftur á móti orsakar að það mundi hækka mánaðarlega sem nemur áföllnum vaxta- og geymslukostnaði. Í þessari tillögu felst einnig að afurðalánin yrðu lægri að hausti en annars væri, enda miðuð við heildsöluverð, en breyta þyrfti væntanlega um kerfi, þannig að í stað þess að afurðalán séu ekki hækkuð umfram verðlag eins og gildir frá 1. desember ár hvert þyrftu þau að hækka mánaðarlega á hverja einingu afurða í samræmi við hvernig vaxta- og geymslukostnaður fellur til.

Í tillögu þessari er fólgin ákveðin kerfisbreyting sem er þess virði að gaumgæfa vel. Ef ákveðið yrði að fara að þessari tillögu mundi það ekki orsaka auknar greiðslur ríkissjóðs né heldur flýta þeim, frá leið A, þar sem í báðum tilvikum er áætlað að niðurgreiðslur ríkissjóðs vegna sauðfjárafurða að upphæð 460 millj. kr. greiðist strax út. Breytingin frá leið A yrði í því fólgin að vegur greiðslunnar úr ríkissjóði að hausti yrði annar. Þar sem þessi greiðsla yrði kvaðalaus lækkaði vaxtabyrði afurðastöðvanna og þar með tilkostnaður. Sala á kindakjöti í sláturtíð mundi aukast, sbr. nýafstaðna útsölu á kindakjöti, en samkeppnisstaða aftur versna gagnvart öðrum kjöttegundum þegar líður að lokum verðtímabils. Komið hefur fram að í framkvæmd þessarar tillögu geti falist bein hvatning til afurðastöðva og bænda að lengja sláturtímann og þar með auka nýtingu sláturhúsanna sem væntanlega þýddi með tímanum lægri framleiðslukostnað. Bætt samkeppnisstaða kindakjöts á markaðnum að hausti gæti einnig leitt til þess að auka kindakjötsneyslu í heild. Í þeim útreikningum, sem framkvæmdir hafa verið á vegum nefndarinnar, hefur þó ekki verið gert ráð fyrir því, heldur er gerð sú breyting frá leið A að sölunni er flýtt sem nemur 900 tonnum, þ.e. gert ráð fyrir aukinni sölu um 300 tonn á hverjum mánuði mánuðina október til desember, en salan aftur á móti lækkuð um 100 tonn á mánuði tímabilið febrúar til október í lok sölutímabils.

Niðurstöður útreikninga.

Í fylgiskjali I og II með álitinu eru sýndir heildarútreikningar nefndarinnar á þeim tveimur leiðum sem rætt hefur verið um hér að ofan. Þar er einnig að finna nánari forsendur fyrir útreikningum sem ekki verða tíundaðar frekar hér, heldur verður lögð áhersla á að meta niðurstöður útreikninganna og þýðingu þeirra varðandi greiðslur til sauðfjárframleiðenda.

Þær tölur, sem skipta máli í þessu sambandi, eru áætluð sjóðsstaða afurðastöðvanna. Í meðfylgjandi útreikningum eru ekki reiknaðar út hefðbundnar stærðir eins og lausafjárstaða eða veltufjárstaða þar sem birgðir koma inn í myndina, heldur er fyrst og fremst leitað eftir tveimur þáttum. Annars vegar er það hin raunverulega sjóðsstaða afurðastöðva sem kölluð er greiðslustaða í útreikningunum og hins vegar svokölluð óbein tekjustaða sem er í reynd sjóðsstaðan að viðbættum útistandandi viðskiptakröfum en að frádregnum samsvarandi afurðalánum.

Eftirfarandi er sjóðsstaða (greiðslustaða) afurðastöðvanna eins og hún er áætluð í leið A. Í þessu sambandi er rétt að benda sérstaklega á að þessi staða er fengin án þess að gert sé ráð fyrir því að afurðastöðvarnar hafi neitt eigið fé, þannig að neikvæð sjóðsstaða þýðir að afurðastöðvarnar þurfa á þeim tímapunkti að koma inn með eigið fé eða aðra fjármögnun:

Október	496,9	Mars	-17,2	Júlí	-53,5
Nóvember	562,2	Apríl	-10,1	Ágúst	-28,8
Desember	103,5	Maí	-0,4	September	-78,0
Janúar	82,4	Júní	-55,1	Október	-33,2
Febrúar	54,3				

Sjóðsstaða samkvæmt tillögunni um breytt fyrirkomulag á greiðslu vaxta- og geymslugjalds verður eðlilega nokkru verri eða sem hér segir:

Október	340,4	Mars	-80,9	Júlí	-50,8
Nóvember	360,1	Apríl	-58,9	Ágúst	-27,0
Desember	-77,7	Maí	-39,5	September	-60,8
Janúar	-64,7	Júní	-54,8	Október	6,3
Febrúar	-74,2				

Eins og tölurnar fyrir bæði tilvik bera með sér sveiflast sjóðsstaðan mjög verulega eftir mánuðum. Áberandi er að sjóðsstaða miðað við leið A er mun betri en í leið B, enda ekki óeðlilegt þar sem í síðara tilvikinu er um að ræða mun lægri afurðalán í upphafi en í leið B. Hin neikvæða staða, sem fjármagna þyrfti af eigin rekstrarfé eða með greiðslufresti á aðföngum, er eigi að síður hlutfallslega svo lítil að ekki verður séð að það ætti að valda vandkvæðum fyrir afurðastöðvarnar. Á það má benda að ef settar yrðu þær reglur að afurðastöðvar skyldu hafa til reiðu eigið fé sem næmi 10% af óniðurgreiddu heildsöluverðmæti yrði sú upphæð 250 millj. kr. sem er langt umfram þá fjárþörf sem fram kemur hér að ofan og þá fyrir utan eðlilegar skuldir við viðskiptavini. Ef litið er á svokallaða óbeina tekjustöðu samkvæmt hjá lögðum útreikningum kemur í ljós að í leið A er hún nær alltaf verulega jákvæð, en samkvæmt leið B er aðeins um einn mánuð að ræða þar sem staðan verður neikvæð og þá lítillega þegar litið er á heildina.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er kveðið á um þrenns konar meginhlutverk hennar: að endurskoða reglur um veitingu afurðalána, að athuga tímasetningar niðurgreiðslna úr ríkissjóði og að setja reglur um lágmarksfjármögnun birgða af eigin fé vinnslustöðva. Nefndin hefur fjallað ítarlega um ofangreinda þætti og leggur fram tillögur í þessu efni.

Afurðalán nema nú um 74% af heildsöluverðmæti birgða að frádregnum sjóðagjöldum. Nú þegar hefur fjármagn verið tryggt til að greiða fyrir fram, þ.e. við framleiðslu, niðurgreiðslur, alls 460 millj. kr. Það hefur ætíð verið ófrávíkjanleg meginregla við veitingu afurðalána og er bundið í lánasamningum bankanna að hvers konar greiðslur, sem inn koma vegna veðsettra afurða, skuli greiðast hlutfallslega inn á afurðalán. Því skerðist afurðalánastofninn sem nemur upphæð fyrir fram greiddra verðlagstengdra niðurgreiðslna, enda sé fyrirframgreiðslunni varið til fullnaðaruppgjörs við bændur fyrir 15. des. ár hvert.

Ekki leggur nefndin til að gerðar séu beinar breytingar á fyrirkomulagi greiðslna útflutningsuppbóta að svo komnu máli. Þó hefur verið til umfjöllunar í nefndinni að greiðsla útflutningsuppbóta eigi sér stað við afskipun vörunnar. Það er álit nefndarinnar að sá háttur sé mun heppilegri.

Í þeim athugunum, sem starfsmenn nefndarinnar gerðu sl. sumar á fjárhagslegri stöðu og lausafjárstöðu vinnslustöðva landbúnaðarins, kom fram að aðstaða þeirra er mjög mismunandi innbyrðis. Þó má vera ljóst að lausafjárstaða margra vinnslustöðva er allgóð, enda hefur það komið fram á undanförnum árum að ýmsir sláturleyfishafar hafa getað greitt að hausti mun hærra hlutfall af verðmæti sláturinnleggs en nemur hlutfalli afurðaláns.

Það er eðlilegt að sú krafa sé gerð til vinnslustöðva landbúnaðarins sem og til annarra fyrirtækja að vinnslustöðvarnar hafi nokkurt eigið fé í rekstrinum og skiptir þá ekki máli hvert rekstrarformið er.

Afurðastöðvum ber að haga rekstri sínum á sem hagkvæmastan hátt og nýta alla þá möguleika sem eru á eðlilegri fyrirgreiðslu birgja, viðskiptamanna og bankastofnana.

Þegar öll sú fjármögnun á afurðagreiðslum til bænda, sem hér hefur verið rædd, er dregin saman þykir nefndinni sýnt að vinnslustöðvar ættu að hafa möguleika á að standa full skil á afurðainnleggi fyrir 15. des. eins og kveðið er á um í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á landbúnaðarvörum.

Tillögur.

Bent hefur verið á tvær leiðir, A og B. Leið B gæti orðið til að styrkja stöðu sauðfjárafurða á markaðnum og má í því sambandi benda á þá reynslu sem fékkst af nýafstaðinni kindakjötsútsölu. Enn fremur er á það að líta að mjög æskilegt er með tilliti til heildarstjórnar efnahagsmála að jafna útlánasveiflur bankanna. Sú kerfisbreyting, sem felst í leið B, stuðlar að slíku.

Vegna þess hversu liðið er á verðlagsárið kann það að vera erfiðleikum háð að fara þessa leið nú.

Nefndin telur þó með tilliti til þess sem að ofan segir að íhuga beri vandlega hvort ekki sé unnt að fara þessa leið nú á yfirstandandi verðlagsári.

Ef stjórnvöld treysta sér hins vegar ekki til þess nú að fara leið B er eðlilegt að farin verði leið A, enda er þar ekki um slíka kerfisbreytingu að ræða sem í leið B. Leið A leysir þann vanda sem nú er uppi, en nefndin telur rétt að að leið B frágenginni skuli stefnt að því að fara inn á þær brautir sem þar er fjallað um næsta haust.

Nefndin gerir ekki nú frekar en sl. sumar beinar tillögur um reglur varðandi eigin fjármögnun vinnslustöðva, enda óhægt um vik, en bendir á það sem áður hefur verið sagt um þessi mál. Það er álit nefndarinnar að með öllu óeðlilegt sé að vinnslustöðvar hafi lítið sem ekkert eigið fé í rekstrinum. Slíkt fyrirkomulag er engum til góðs, hvorki vinnslustöðvunum sjálfum né öðrum, og vandséð er hvers vegna aðrar reglur ættu að gilda um vinnslustöðvar landbúnaðar en aðra atvinnustarfsemi í þessu efni.

Reykjavík, 24. desember 1985.

Davíð Ólafsson. Ketill A. Hannesson.

Helgi Bachmann. Stefán Pálsson.

Ingi Tryggvason,
með fyrirvara.

Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.

Frávísunartillaga forsætisráðherra á síðasta þingi.

Frumvarp þetta felur í sér staðfestingu á markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða, hliðstætt því sem gildir í mjólkurframleiðslu. Þessi breyting ætti að vera auðveld í framkvæmd og ætti tæpast að leiða til umtalsverðs kostnaðarauka vegna minni lánsþarfar (staðgreiðslulána) milli áranna 1988 og 1989. Hér er því um mál að ræða sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að komi til framkvæmda fyrir næstu sláturtíð.

Þar sem ríkisstjórnin hefur í athugun fleiri breytingar á tilhögun á greiðslum fyrir sauðfjárafurðir sem munu tryggja enn frekar afkomu sauðfjárbænda er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Fylgiskjal V.

Nefndarálit landbúnaðarnefndar efri deildar um frumvarp til laga um breytingu á l. um breyt. á l. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. (Flm.: Egill Jónsson.)

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og sendi það eftirtöldum aðilum til umsagnar: Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sambandi sauðfjárbænda, framkvæmdanefnd um búvörusamninga og Sambandi sláturleyfishafa.

Til viðræðu við nefndina um afgreiðslu málsins komu Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Stefán Pálsson bankastjóri, Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi, Jóhann Guðmundsson fulltrúi og frá sláturleyfishöfum komu þeir Jón H. Bergs framkvæmdastjóri og Hreiðar Karlsson, ritari samtakanna.

Álit bárust frá öllum er fengu málið til umsagnar. Þar kom ótvírætt fram stuðningur við frumvarpið, að sláturleyfishöfum undanskildum.

Í áliti Sambands sauðfjárbænda sagði m.a. að fyrir lægi að sauðfjárslátrun mundi þegar á þessu ári dreifast á fimm mánuði og þess vegna væri mikilvægt að breyta uppgjörsmáta afurðanna til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins lögðu áherslu á mikilvægi þess að bændur fengju framleiðsluna greidda sem næst söludegi. Búnaðarþing mælti með samþykkt frumvarpsins en benti á eins og fleiri umsagnaraðilar að jafnframt þyrfti að miða afgreiðslu staðgreiðslulána við breyttan uppgjörsmáta samkvæmt frumvarpinu. Á þetta var lögð áhersla í umsögn framkvæmdanefndar um búvörusamninga og jafnframt bent á hvaða breytingar þyrftu að verða á afhendingu staðgreiðslu lána til samræmis við ákvæði frumvarpsins um tilhögun á uppgjöri sauðfjárafurða.

Í umsögn sláturleyfishafa kom hins vegar fram að þær skuldbindingar á greiðslum sauðfjárafurða samkvæmt frumvarpinu væru rekstri afurðastöðva um megn og að ýmsir annmarkar væru á framkvæmd þessara mála ef frumvarpið yrði lögfest.

Í viðræðum við nefndina lýsti *Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, yfir að tæknilega væri unnt að greiða sauðfjárafurðir samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.* Þær upplýsingar, sem sérstaklega var leitað eftir hjá Búnaðarbanka Íslands og framkvæmdanefnd um búvörusamninga, koma fram í viðaukum I og II.

Staðgreiðsla afurðaverðs.

Enda þótt hér að framan hafi verið greint frá meginrökum fyrir því að frumvarpið verði samþykkt og að í greinargerð og fylgiskjölum, sem frumvarpinu fylgja, sé að finna mikilvægar upplýsingar um málið þykir rétt að skýra það enn frekar og þá sérstaklega með tilliti til þeirra aðstæðna sem nú eru fyrir hendi í sauðfjárbúskap.

Á grundvelli markmiða búvörulaganna, sem sett voru árið 1985, hefur verið unnið markvisst að samræmingu á framleiðslu eftir markaði innan lands. Til þess að auðvelda bændum þessar breytingar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að bæta rekstrarskilyrði í landbúnaði. Mikilvægasta ákvörðun í þeim efnum var breytt fyrirkomulag á greiðslu afurðaverðs, þ.e. staðgreiðslu þeirra afurða sem framleiddar eru innan fullvirðisréttar.

Þegar þessi breytta greiðslutilhögun var tekin upp lá ekki fyrir hvernig framleiðsluréttur sérhvers sauðfjárbónda yrði fundinn og var því gefið nokkurt svigrúm fyrir afurðastöðvar til að skila lokauppgjöri. Með aukinni reynslu og breyttum uppgjörsmáta er sú óvissa, sem í fyrstu var, ekki lengur til staðar og því sjálfgefið að sauðfjárbændur fái notið þeirra mikilvægu kjarabóta sem felast í staðgreiðslu á sauðfjárafurðum.

Markaðir. — Framleiðsla.

Á síðustu árum hafa miklar breytingar átt sér stað á framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða og markaðir fyrir framleiðslu þeirra búgreina breyst mikið. Fyrir mjólkurvörur eru engir nothæfir erlendir markaðir lengur og útflutningur á dilkakjöti er miklum annmörkum háður. Sala mjólkurvara hefur hins vegar aukist á innanlandsmarkaði þar sem sauðfjárafurðir eiga í vök að verjast. Þessi viðhorf setja mark sitt á möguleika þessara greina í framleiðslumálum.

Þessi þróun kemur greinilega fram á súluriti 1.

Súlurit 1.

Verðmæti sauðfjár- og nautgripaafurða árin 1980–1987.



Framleiðsla í nautgriparækt hefur á síðustu árum farið vaxandi en verðmæti sauðfjárafurða hafa hins vegar dregist saman. Framleiðsluárið 1982–1983 skildu einungis 200 millj. kr. á milli í verðmætum þessara greina. Sambærileg tala fyrir síðasta framleiðsluár er hins vegar 1 milljarður króna.

Afkoma í landbúnaði.

Því miður eru ekki fyrir hendi almennar upplýsingar um afkomu í landbúnaði hin síðari ár. En niðurstöður búreikninga gefa hins vegar mikilvægar upplýsingar um rekstur þeirra búa og vísbendingu um afkomu í landbúnaði á hverjum tíma.

Súlurit 2.

Fjölskyldutekjur í landbúnaði árin 1977–1986.

Þús. kr. Fyrir fjármagnskostnað.



Fyrir liggur hvernig bændur hafa með sparnaði og hagræðingu í búskap sínum leitast við að mæta þeim áhrifum á kjör sín sem leiðir af þrengri kosti í framleiðslu. Þar er vissulega um mjög mikilvægan árangur að ræða. Þannig byggist afkoma í nautgriparækt um þessar mundir á batnandi markaði, sparnaði og hagræðingu í búrekstri. Þessi áhrif hafa bætt afkomu í þeirri búgrein jafnvel þótt verð til bænda á búvörum hafi fremur lækkað á síðustu árum.

Því miður er aðra sögu að segja af sauðfjárræktinni því að þar hefur afkoma verið svipuð síðasta áratug og öllu lakari en í nautgriparækt.

Mikla athygli hlýtur að vekja hvernig verðlag á sauðfjárafurðum hefur þróast að undanförnu. Þannig var verð á fyrsta verðflokki dilkakjöts árin 1980–1983 um og yfir 250 kr. á kg, þrjú næstu árin er verðið komið niður í u.þ.b. 220 kr. á kg.

Súlurit 3.

Sauðfjárbú: Verð á dilkakjöti árin 1980–1987.

Fast verðlag.



Þarna á sér stað sama þróun og í mjólkurframleiðslunni að aukinn sparnaður í búrekstri leiðir til lækkaðs vöruverðs. Afkoman í greininni sýnir hins vegar að þessi verðlækkun hefur þrengt að í kjörum þeirra er sauðfjárbúskap stunda.

Í byrjun framleiðsluárs 1987 var verðlagning sauðfjárafurða í fyrsta sinn byggð á heimild búvörulaganna um að verðleggja sauðfjárafurðir eftir sérstökum grundvelli. Við það hækkaði verð til bænda nokkuð sem ætla má að skili 20–23% hækkun rauntekna á árinu 1987.

Við mat á þeim heimildum sem að framan er vitnað til ber að hafa í huga að mikill munur er á stærð þeirra nautgripa- og sauðfjárbúa sem búreikningar ná til en það veikir verulega raunhæfan samanburð á afkomu þessara greina. Enn fremur að gagnstætt því sem átt hefur sér stað í sauðfjárbúskap almennt hefur stærð þeirra sauðfjárbúa, sem búreikningar ná yfir, lítið breyst á síðari árum.

Þróun heildsöluverðs.

Af minni framleiðslu kindakjöts leiðir að heildarverðmæti þess á sölustigi minnkar einnig. Þetta kemur fram á súluriti 4.

Súlurit 4.

Óniðurgreitt heildsöluverðmæti afurða sauðfjár án ullar á verðlagi í desember 1987 — skipting þeirra á hverju hausti milli bænda og sláturleyfishafa.



Á framleiðsluárunum 1979–1980 til 1982–1983 má ætla að greiðslur til bænda fyrir kindakjöt hafi árlega numið um 4 milljörðum króna. Sambærileg tala fyrir síðustu fjögur ár hefur verið um 3 milljarðar króna og hafa því greiðslur til sauðfjárframleiðenda minnkað á ársgrundvelli um 1 milljarð króna. Þessi minnkun framleiðslunnar nemur um það bil fjórðungi frá því sem var fyrir fáum árum og munar um þótt minna væri. Á næsta framleiðsluári verður enn um frekari samdrátt að ræða sem auðvitað mun enn þyngja fyrir fæti í sauðfjárbúskap þótt þar komi nokkuð á móti leigu- og sölutekjur af þeim fullvirðisrétti sem bændur hafa afhent Framleiðnisjóði.

Hið gagnstæða kemur í ljós þegar litið er til þess hver verðlagsþróunin hefur orðið við slátrun og í heildsölu. Þannig er hlutdeild afurðastöðvanna óbreytt í heildarverðmætum sauðfjárafurða þrátt fyrir minni framleiðslu.

Á framleiðsluárunum 1979–1980 til 1982–1983 var árleg kindakjötsframleiðsla um 13 600 tonn. Slátur- og heildsölukostnaður við þessa framleiðslu var að meðaltali á hverju ári 996 millj. kr. Á fimm síðustu framleiðsluárum hefur framleiðsla kindakjöts verið um 12 200 tonn og kostnaður við slátrun og heildsölu numið árlega um 987 millj. kr. Þannig er árlegur kostnaður milli þessara tímabila nálega sá sami þótt framleiðsla kindakjöts hafi minnkað um u.þ.b. 1400 tonn. Hér er um mikla óheillaþróun að ræða sem verður að snúa við hið allra bráðasta.

Að undanförnu hefur borið mikið á kvörtunum sláturleyfishafa vegna erfiðrar afkomu í rekstri afurðastöðva. Hér verður ekki lagt mat á tilefni þeirrar umræðu enda er hún óviðkomandi greiðslum á afurðaverði til bænda og því verður með engu móti fallist á þau sjónarmið að vandi í rekstri afurðastöðva verði færður til gjalda hjá sauðfjárbændum.

Súlurit 5.

Skipting óniðurgreidds heildsöluverðs milli bænda og sláturleyfishafa.



Að fleiru er að hyggja.

Hér að framan hefur verið leitast við að meta og skýra þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi í framleiðslumálum sauðfjárbænda. Stóraukinn kostnaður við sölu og vinnslu þeirra afurða (sjá viðauka IV og V) og minni niðurgreiðslur hafa leitt til verðhækkunar á kindakjöti sem er umfram verðþol þeirra vara á markaðnum.

Tafla 1.

Breyting á verðmyndun dilkakjöts milli áranna 1979 og 1987, fast verðlag:

A. Niðurgreiðsla	-32 kr. á kg
B. Slátur- og heildsölukostnaður	17 kr. á kg
C. Verð til bænda	-20 kr. á kg
D. Smásöluálagning í heilum og hálfum skrokkum breyting að teknu tilliti til A–C	5 kr. á kg
E. Smásöluálagning, (læri, hryggur og frampartur) breyting að teknu tilliti til A–D	60 kr. á kg

Þessi óheillaþróun kemur skýrt fram á töflu 1 og í viðauka V. Á milli áranna 1979 og 1987 hækkar verð á stykkjuðu dilkakjöti um 26%. Það er einmitt þessi kjötvara sem neytandinn hefur greiðastan aðgang að og raunar í mörgum tilvikum eina kindakjötið sem á boðstólum er. Verð á stykkjuðu dilkakjöti er því að langmestum hluta ráðandi um viðhorf neytandans varðandi verð á dilkakjöti.

Nú liggur fyrir að verð á stykkjuðu dilkakjöti hefur hækkað frá árinu 1979 um 26%. Fyrir því er reynsla bæði hér á landi og erlendis að við hverja 1% hækkun á hliðstæðum vörum dregur úr sölu um 0,4%. Samkvæmt þessu er því eðlilegt að álykta að vegna framangreindra verðhækkana hafi kindakjötsmarkaður minnkað um 10,5% á síðustu árum og sé því um þessar mundir 9 þúsund tonn í stað 10 þúsund tonna sem áður var.

Á sama tíma hafa erlendir markaðir fyrir sauðfjárafurðir farið versnandi og veldur það miklum erfiðleikum á útflutningi dilkakjöts.

Sauðfjárbúskapur í landinu stendur þannig frammi fyrir býsna miklum vanda. Það dugir engan veginn að bændur einir taki upp nýja og breytta búskaparhætti. Það verða einnig aðrir að gera sem eiga sinn hlut í því verði sem neytandinn endanlega greiðir fyrir sauðfjárafurðir.

Kostnaður við sölu og vinnslu kindakjöts þarf því að minnka og ríkisvaldið verður með niðurgreiðslum að stuðla að lækkuðu verði á kindakjöti.

Þótt það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, leysi ekki þann vanda í sauðfjárbúskap sem skýrður er hér að framan felur það í sér ótvíræðan stuðning við sauðfjárbændur. Þess vegna leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Egill Jónsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	Björn Gíslason, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Viðauki I.

Búnaðarbanki Íslands
afurðalánadeild:

Rekstrarlán og afurðalán í sauðfjárrækt.

Rekstrarlán: Þau eru lánuð út á tímabilinu frá marsmánuði til ágústmánaðar til sláturleyfishafa. Lánuð er ákveðin krónutala á dilk út á væntanlega haustslátrun, en miðað er við fjölda lógaðra dilka næsta hausts á undan. Þessum lánum er ætlað að ganga til bænda til að mæta fjárþörf vegna reksturs á þessu tímabili. Þessi lán, sem eru eins konar fyrirframgreiðsla upp í væntanleg afurðalán, eru síðan endurgreidd við slátrun að hausti.

Árið 1987 voru lánaðar 960 kr. á dilk sem skiptust niður á mánuðina mars til ágúst, 15% á mánuði eða 144 kr., nema í maí, þá er hlutfallið 25% eða 240 kr. Við veðsetningu að hausti var rekstrarlánið síðan endurgreitt með þeim hætti að 74 kr. voru endurgreiddar af hverju kg sem veðsett var.

Í ár er búið að ákveða upphæð rekstrarláns 1150 kr. á dilk með sama útgreiðsluhlutfalli og áður. Mánaðarleg upphæð á dilk verður því 172,50 kr. nema í maí 287,50 kr.

Afurðalán: Afurðalán eru veitt á haustin á meðan slátrun fer fram. Sláturleyfishafar leggja fram birgðaskýrslur eftir hverja sláturviku og fá lánað til að byrja með eftir ársgömlum lánaverðum.

Endanlega eru svo lánuð 70,2% af óniðurgreiddu heildsöluverði og er þá miðað við haustgrundvallarverð. Þau verð eru yfirleitt óbreytt út verðlagsárið. Endanlegt uppgjör hefur farið fram í kringum 15. desember sl. tvö ár. Þá liggur fyrir sala á nýju kjöti í septembermánuði og októbermánuði og þá fyrst hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins verið tilbúið með lokatölur um fullvirðisrétt, úrkast, heimtekið o.s.frv., þannig að það magn, sem bankarnir lána endanlega út á, er ekki ljóst fyrr. Af þeim sökum hafa bankar ekki treyst sér til að leiðrétta verðið fyrr því að haustið 1986 var kjötmagn umfram fullvirðisrétt allnokkurt og þurfti að skerða veðsett magn hjá allflestum sláturleyfishöfum.

Endurgreiðsla afurðalána: Til veðsetjanlegs verðmætis á hverjum tíma teljast raunverulegar afurðabirgðir og ógreiddur útflutningur en ekki ógreidd innanlandssala. Lán út á landbúnaðarafurðir, sem seldar eru innan lands, skulu endurgreiðast samkvæmt birgðaskýrslu sem miðuð er við síðasta dag hvers mánaðar. Skýrslan skal hafa borist til bankans inna 20 daga. Útborgun eða innborgun vegna birgðabreytinga fer fram þann 25. hvers mánaðar.

Þeir þrír bankar, sem hlut eiga að máli, hafa í stórum dráttum sama afgreiðslumáta á afurða- og rekstrarlánum.

Viðauki II.

Sigurður Þórðarson
vararíkisendurskoðandi:

Breytingar á staðgreiðsluláni.
(21. mars 1988.)

Vísað er til fundar landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis fimmtudaginn 17. mars sl. þar sem til umræðu var breyting á búvörulögum sem hefði í för með sér breytta skyldu afurðastöðu varðandi greiðslur til bænda vegna sauðfjárafurða.

Sá kostnaður, sem yrði samfara því að breytt skipan á greiðslum næði fram að ganga og varðar ríkissjóð, felst í eftirfarandi atriði.

Núverandi skipan gerir ráð fyrir að svonefnt staðgreiðslulán ríkissjóðs sé greitt 15. desember og nam það 673 milljónum króna á sl. vetri. Í tillögunni er gert ráð fyrir að greiðslur komi til bænda 10. dag hvers mánaðar eftir innlegg. Þetta hefði í för með sér að ríkissjóður þyrfti að inna af hendi meginhluta staðgreiðslulána fyrr en nú. Ef gengið er út frá því að greiðslur falli til 10. október og yrðu 45% af staðgreiðsluláni, tæp 40% mánuði eftir og afgangurinn 10. desember mundi það valda vaxtakostnaði fyrir ríkissjóð er nemur um 21 milljón króna:

	M.kr.	%
1. greiðsla 10. október	300	45
2. greiðsla 10. nóvember	250	37
3. greiðsla 10. desember	123	18
Samtals	673	

Viðauki III.

Bréf formanns landbúnaðarnefndar efri deildar til landbúnaðarráðuneytisins um staðgreiðslu og afurðalán, 23. mars 1988.

Enda þótt fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um fyrirgreiðslu af hendi hins opinbera vegna útborgunar afurðastöðva til framleiðenda sauðfjárafurða óska ég eftir að fá eftirfarandi upplýst:

1. Hver var heildargreiðsluskylda afurðastöðva skv. 29. gr. búvörulaganna til framleiðenda sauðfjárafurða vegna haustslátrunar 1987?
2. Hversu hárri upphæð námu afurðalán vegna greiðsluskyldu afurðastöðva til framleiðenda?
3. Hversu hárri upphæð námu staðgreiðslulán til afurðastöðva?
4. Hvert var hlutfall afurðalána og staðgreiðslulána samanlagðra af greiðsluskyldu verði til framleiðenda?

Egill Jónsson.

Svar landbúnaðarráðuneytisins.

Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi frá 23. mars sl. hefur verið leitað eftir upplýsingum frá þeim viðskiptabönkum sem veitt hafa sláturleyfishöfum afurðalán, um stöðu afurðalána til sauðfjárframleiðslunnar á verðlagsárinu 1987–88 og eftir upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um framleiðsluverðmæti sauðfjár á afurðum innan verðábyrgðar á verðlagsárinu 1987–88.

Rétt er að fram komi að ekki liggja endanlegir útreikningar eða uppgjör fyrir um það málefni sem fyrirspurn yðar snýst um, en frávik þess vegna eru það smávægileg að ekki er ástæða til að ætla að þau raski þeirri niðurstöðu sem hér fer á eftir.

Fyrirspurn nr. 1:

Heildargreiðslur sláturleyfishafa, sem ljúka skal 15. desember, munu hafa verið um 2906 milljónir króna vegna framleiðslu á 11 481 tonni kindakjöts auk sláturs og gæra. Samkvæmt 29. gr. búvörulaganna er ákveðið að frumgreiðsla afurða sauðfjár fari fram eigi síðar en 15. október fyrir slátrun sem farið hefur fram fyrir þann dag. Sláturleyfishafar greiða nálægt því sem nemur afurðalánahluta sem frumgreiðslu sem er um 7/10 hlutar afurðaverðs. Sé við það miðað má áætla að greiddar hafi verið milli 2000 og 2100 milljónir króna til framleiðenda sauðfjár áður en að lokagreiðsla fór fram 15. desember sl. ár.

Fyrirspurn nr. 2:

Afurðalán viðskiptabankanna verðlagsárið 1987–1988 voru þannig í mánaðarlok:
Október 1849 millj. kr.
Nóvember 1908 millj. kr.
Desember 2122 millj. kr.
Kjötbirgðir, sem þau voru m.a. veitt til (auk innmatar), voru:
Nóvember 10 062 tonn eða 87,6% af framleiðslu.
Desember 9 270 tonn eða 80,7% af framleiðslu.

Fyrirspurn nr. 3:

Lánaðar voru 673 millj. kr. sem staðgreiðslulán vegna framleiðslu 1987–1988.

Fyrirspurn nr. 4:

Sem svar við þessari spurningu eru eftirfarandi forsendur gefnar:

a. Fjármögnun á lokauppgjöri til framleiðenda sé gerð með söluandvirði afurða, afurðalánum og staðgreiðsluláni.
b. Afurðalán séu hin sömu og um er getið í fyrirspurn nr. 2.
c. Söluandvirði afurða, seldra fram til 30. nóvember skili sér fyrir uppgjör á afurðaláni 25. desember.
d. Sala á gærum fari fram fyrir 15. desember.

Svar:

Söluverðmæti og lán nema um 3720 millj. kr. (miðað er við heildsöluverð).
Áætlað kostnaðarverð á sama verðstigi er 3914 milljónir kr.
Fjármögnun er samkvæmt því 95,0 prósent miðað við sama verðstig.

Guðmundur Sigþórsson.

Viðauki IV.

Þróun niðurgreiðslna og verð — kindakjöt.
(Verðlag í mars 1987.)



Viðauki V.

Smásöluverð dilkakjöts — verðlag í desember 1987.



Línuritið sýnir að verð á stykkjuðu dilkakjöti hefur hækkað á milli áranna 1979 og 1987 um 26%. Sambærileg hækkun á dilkakjöti í heilum og hálfum skrokkum er 10%.

Ætla má að vegin meðalhækkun sé um 20% miðað við skiptingu á sölu eins og hún er nú áætluð.

Viðauki VI.

Hlutfall launa og fjármagnskostnaðar í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara.



Á þeim tíma, sem framleiðslu í hefðbundnum greinum landbúnaðar voru settar þrengri skorður, komu fram raddir um að minni framleiðsla leiddi til verðhækkana á þessum framleiðsluvörum.

Það gagnstæða hefur gerst og hlutdeild fjármagns og launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara hefur lækkað frá því sem áður var.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 109. löggjafarþingi. Henni var vísað frá til fjárveitinganefndar, en varð eigi útrædd. Með tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Um margra ára skeið hafa opinberar framkvæmdir verið boðnar út og hefur sá háttur verið hafður á í vaxandi mæli að undanförnu. Þetta hefur gefið góða raun og sparað umtalsvert fjármagn eins og dæmin sanna, t.d. í vegagerð.

Mun minna hefur verið gert af því að bjóða út einstök rekstrarverkefni til einkaaðila. Þvert á móti virðist á ýmsum sviðum sem opinberir aðilar fastráði starfsmenn til að annast þjónustu sem auðvelt væri að bjóða út. Í sumum tilvikum draga skattareglur úr áhuga opinberra aðila og stórfyrirtækja á útboðum þótt færa megi veigamikil rök að því að útboð á sérhæfðum verkefnum séu eðlilegri og hagkvæmari.

Meðal nágrannaþjóða hefur nokkuð verið unnið að því að auka útboð opinberra rekstrarverkefna til einkafyrirtækja. Í fylgiskjali með þessari tillögu er lausleg þýðing á leiðbeiningum við útboð á ríkisverkefnum, en þær voru gefnar út af dönsku hagsýsludeildinni til ráðuneytanna hinn 11. ágúst 1984.

Fylgiskjal.

Leiðbeiningar við útboð á ríkisverkefnum.

1. Inngangur.

Samantekt þessi hefur að geyma atriði sem hafa skal til hliðsjónar við athugun á því hvaða verkefni í rekstri hins opinbera mætti færa til einkafyrirtækja með útboðum.

Markmiðið er að ná fram sem mestri hagkvæmni og vinna verk á sem hagkvæmastan hátt. Útboð geta jafnframt gert auðveldara að raða verkefnum í forgangsröð, svo og veitt vitneskju um hvað útfærsla tiltekinna verka muni kosta.

Útboð eiga sérstaklega vel við þegar um er að ræða ný verkefni eða breytingar á verkefnum sem fyrir eru. Auk þess getur verið æskilegt að fram fari með reglulegu millibili athugun á því hvort reynst geti hagkvæmt að bjóða út annars konar verkefni.

Samantekt þessi tekur einkum mið af verkefnum á sviði þjónustu, svo sem:

— þvottum, hreingerningu, vaktþjónustu o.s.frv.,
— þjónustu sem jafnframt tengist framleiðslu, svo sem mötuneyti, útgáfu o.s.frv.,
— verkefnum sem geta verið hluti annarra verkefna hins opinbera, svo sem hönnun, áætlanagerð, eftirlit o.s.frv.,
— viðhalds- og viðgerðarvinnu,
— ýmiss konar þjónustu sem fellur undir annað en hér er fram talið.

2. Athuganir.

Út frá arðsemisathugunum skal kanna hvort hagkvæmt sé að bjóða viðkomandi verkefni út, hvenær slík útboð geti átt sér stað og athuga hvaða heildarkostnað það hefði í för með sér ef einkafyrirtæki ynnu að verkefnunum. Hér þarf að gera athugun á því hvað það kostar ríkið að vinna viðkomandi verk og hvaða afleiðingar það kann að hafa séu verkefnin falin einkafyrirtækjum.

Á þessu stigi getur athugunin verið stutt lýsing á þörfum hins opinbera, athugun á umfangi verkefnis og athugun á þeim aðföngum sem þarf til þess að leysa verkefnið. Varðandi arðsemisathuganir vísast til 5. hluta hér á eftir.

Stundum getur hið opinbera látið hlutlaus ráðgjafarfyrirtæki setja fram þau atriði sem mestu skipta varðandi ákvörðun um hagkvæmni útboðs og e.t.v. fengið þeim það verkefni að hrinda sjálfri athuguninni í framkvæmd.

3. Útboð.

Við útboð verður að koma skýrt fram hvort hið opinbera vill halda þeim möguleika opnum að geta sjálft unnið viðkomandi verkefni eða hvort verkefnið verður falið einkafyrirtækjum undir öllum kringumstæðum.

Útboð geta verið í mismunandi formi:

Fyrirspurnum er beint til fyrir fram ákveðinna fyrirtækja sem álitin eru samkeppnishæf. Fjöldi þeirra verður að ráðast af stærð og eðli útboðsverkefnis.

Stundum er einungis leitað til fárra fyrirtækja ef talið er að það þjóni ekki tilgangi að leita til mjög margra. Þetta á t.d. við þegar krafist er sérstakrar tæknikunnáttu eða vélakosts sem einungis fá fyrirtæki ráða yfir.

Auglýsa má í fjölmiðlum og leita þannig eftir því hvaða fyrirtæki hafi áhuga á viðkomandi verkefni. Þá má velja þau fyrirtæki sem til greina koma og ákveða hvort leitað verði til enn fleiri fyrirtækja.

Þegar vinnutilhögun er þekkt, en ekki hversu stórt verkefnið er, getur skapast samkeppni út frá einingarverði, t.d. laun á tímaeiningu.

Í útboði getur verið tiltekið fast verð, þ.e. hið opinbera tilkynnir hversu mikið greitt verður fyrir viðkomandi verk eða þjónustu, en annars er haft opið og óbundið á hvern hátt fyrirtæki leysir verkefnið. Þessi aðferð er hentug til þess að fá hvers konar þjónustu og í hvaða mæli sem er fyrir tiltekna fasta upphæð.

4. Lýsing á vinnutilhögun.

Við útboð skal vinnulýsing vera það nákvæm að hún sé góður grunnur fyrir tilboð, svo og þannig að meta megi á grundvelli hennar mismunandi tilboð.

Vinnulýsing getur byggst á því að lýsa nákvæmlega hver niðurstaðan á að vera en segja minna til um það hvernig niðurstöðu skuli náð. Enn fremur má lýsa nákvæmlega hvernig og með hvaða aðferð ná á ákveðinni niðurstöðu. Fyrrnefnda aðferðin heldur opnum nýjum möguleikum á lausn verkefna og getur þannig stuðlað að nýjungum.

5. Arðsemisathugun.

Með arðsemisathugun verður að vera hægt að bera saman mismunandi kostnað við verkefni eftir því hvort hið opinbera eða einkafyrirtæki annast það. Inn í kostnað hins opinbera verður að koma allur raunverulegur kostnaður, bæði beinn og óbeinn, til lengri og skemmri tíma.

Við arðsemisathugun getur kostnaði t.d. verið skipt í:

— beinan breytilegan kostnað,
— breytilegan sameiginlegan kostnað,
— rekstrarkostnað og afskriftir.

Breytilegur beinn kostnaður er t.d. laun og efni sem notuð eru við framleiðsluna eða þjónustuna. Breytilegur sameiginlegur kostnaður er kostnaður sem sameiginlegur er með annarri þjónustu eða verkefnum, t.d. stjórnunarkostnaður, bókhald o.s.frv. Með rekstrarkostnaði og afskriftum er átt við kostnað af húsum, vélum, tækjum o.s.frv.

Við mat á kostnaði er nauðsynlegt að taka inn alla þætti, svo sem lífeyrissjóð, orlof, tíma sem fer til spillis, rýrnun, framleiðslutruflanir o.s.frv. Einnig er nauðsynlegt að athuga áhrif þess, hvort verkefni er boðið út, á breytilegan sameiginlegan kostnað sem upp kann að koma síðar og áhrif þess á það hvenær heppilegast getur verið að bjóða verkefni út.

Varðandi rekstrarkostnað og afskriftir skal taka mið af endurkaupsverði og líftíma viðkomandi kostnaðarþátta og við ákvörðun vaxta í útreikningum skal hafa hliðsjón af raunvöxtum en ekki nafnvöxtum þegar arðsemisathugun er gerð á föstu verðlagi.

6. Útboðsgögn.

Auk lýsingar á verkefni þurfa í útboðsgögnum að vera nákvæmar upplýsingar um þær kröfur sem upfylla þarf, t.d.:

— kröfur um framsetningu tilboðs, gildistíma og skilatíma,
— kröfur til tilboðsgjafa varðandi tækni, fjárhagslega getu o.s.frv.,
— upplýsingar um það hvernig tilboð verði metin og meðhöndluð,
— hvaða atriði verða mikilvægust við mat tilboða,
— sérstök skilyrði sem sett kunna að vera inn í mögulegan verksamning,
— hvaða stofnanir hins opinbera tilboðsgjafi skuli hafa samvinnu við,
— að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst ráða þá opinberu starfsmenn sem kunna að missa vinnu vegna útboðsins,
— að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst nota eða yfirtaka hús eða tæki sem hið opinbera notaði við framkvæmd verkefnis.

Tilboðsgjöfum skal gert jafnhátt undir höfði í útboðsgögnum, þ.e. ekki gert upp á milli mismunandi aðferða við það að vinna verkið.

7. Val fyrirtækis.

Eftir nauðsynlegar athuganir er valið það fyrirtæki sem kom með hagkvæmasta tilboðið. Hér þarf að koma fram hvað réð valinu og hver kostnaður muni verða.

8. Upplýsingar handa öðrum tilboðsgjöfum.

Aðrir tilboðsgjafar fá senda stutta greinargerð um valið og hvers vegna þeir voru ekki valdir.

9. Tíðni útboða.

Við ákvörðun um það, hversu oft á að bjóða út slík verkefni, má t.d. miða við útboð á þriggja til fimm ára fresti. Taka verður þó mið af eðli verkefnis og fjárfestinga sem því fylgja. Séu verkefni mjög fjármagnsfrek getur komið til greina að hið opinbera útvegi tiltekinn vélakost. Hagkvæmt getur t.d. verið að bjóða út verkefni þegar komið er að því að skipta þurfi um vélar og tæki eða þegar taka þarf ákvarðanir um meiri háttar sameiginlegan kostnað með öðrum verkefnum.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um sparnaðarátak.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak til eflingar *frjálsum sparnaði* í landinu með fræðslu um þá sparnaðarkosti sem fyrir hendi eru og með því að stuðla að nýjum leiðum til að draga úr eyðslu og hvetja til sparnaðar.

Greinargerð.

Halli á ríkissjóði og fjárfestingar umfram innlendan sparnað birtast í viðskiptahalla og auknum erlendum skuldum. Áætlað er að erlendar skuldir þjóðarbúsins muni enn vaxa á næstunni að tiltölu við landsframleiðslu. Því ber brýna nauðsyn til að draga úr eyðslu og efla sparnað. Með því er unnt að hamla gegn erlendum lántökum og forðast aukna skattheimtu.

Peningalegur sparnaður hefur enn ekki náð sér eftir hrunið á áttunda áratugnum í kjölfar óðaverðbólgu og neikvæðra raunvaxta og er minni en gerist í nálægum löndum. Það ber að sama brunni með þjóðhagslegan sparnað eða sparnað þjóðarbúsins í heild. Hann lækkaði úr um 25% fyrir áratug í minna en 15% af landsframleiðslu.

Til dæmis um þau verðmæti sem í húfi eru má nefna að væri peningalegur sparnaður hér á landi 40-45% af landsframleiðslu í stað rösklega 30%, eins og nú er, væri hann um 20 milljörðum meiri. Með þessari fjárhæð mætti grynna á erlendum skuldum þjóðarbúsins um fjórðung og létta á vaxtagreiðslum til útlendinga um rösklega tvo milljarða, en þær námu á síðastliðnu ári 6–7 milljörðum króna. Öðrum kosti gæti ríkissjóður fengið þessa fjárhæð að láni og gert upp alla skuld sína við Seðlabankann og haft ærið fé afgangs í hinn nýja „sjúkrasjóð atvinnuveganna“. Með því að efla sparnað á þennan hátt er unnt að firra landsmenn stórfelldri nýrri skattlagningu.

Að undanförnu hefur gripið um sig óvissa vegna yfirlýsinga ráðamanna um skattlagningu fjármagnstekna og breytinga á verðtryggingu fjárskuldbindinga. Nauðsyn ber til að eyða þessari óvissu sem fyrst með skýrum yfirlýsingum. Ella gæti sparifé horfið úr peningastofnunum eins og gerðist á áttunda áratugnum. Stundarhagsmunir mega ekki verða til þess að almenningur missi það traust á peningakerfinu sem áunnist hefur á undanförnum árum. Traustar peningastofnanir eru undirstaða framfara og jafnvægis í þjóðarbúskapnum.

Sparnaður, ráðdeild, fyrirhyggja og virðing fyrir verðmætum eru mikilvægir þættir í uppeldi. Við höfum að undanförnu séð vísi að því að ný kynslóð hafi lært að spara. Þessa viðleitni má ekki kæfa í fæðingunni. Mikilvægt er að efla fræðslu í skólakerfinu um tilgang og kosti sparnaðar. Einnig þarf að veita upplýsingar um ýmsar leiðir til sparnaðar, svo sem um mismunandi kosti til varðveislu fjár hjá peningastofnunum, um spariskírteini ríkissjóðs, ríkisvíxla, verðbréf hvers konar og hlutabréf.

Liður í þessari herferð fyrir auknum sparnaði ætti að vera að auka fjölbreytni í sparnaði, svo sem með tryggingasparnaði og hlutabréfakaupum, en jafnframt þarf að breyta skattareglum í því sambandi til að tryggja jafnræði við aðrar tegundir sparnaðar. Öll mismunun milli einstakra sparnaðarforma veldur óhagkvæmri samsetningu sparnaðar og skerðir velferð þjóðfélagsins.

Til þess að tryggja sem hagkvæmastan rekstur peningastofnana og þar með minni tilkostnað við miðlun fjárins verður að auka samkeppni og minnka ríkisafskipti í bankakerfinu.

Verði þessi tillaga samþykkt er eðlilegt að viðskiptaráðuneytið hafi yfirumsjón með átakinu í samvinnu við fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti og leiti liðsinnis þeirra sem hafa milligöngu um sparnað og miðlun fjár.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara samræmda könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Markmið slíkrar könnunar verði að safna upplýsingum um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi m.a. í þágu fiskeldis til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið flutt. Á 109. löggjafarþingi voru flutningsmenn Friðjón Þórðarson, Valdimar Indriðason og Sturla Böðvarsson. Tími vannst ekki til að fjalla um málið á því þingi. Í fyrra, á 110. löggjafarþingi, var tillagan endurflutt, en varð ekki útrædd. Hún er því endurflutt nú með þeirri breytingu að jarðsjó er bætt við þar sem Orkustofnun leggur nú mikla áherslu á rannsóknir varðandi vinnslu jarðsjávar. Greinargerð er nokkuð breytt í samræmi við framþróun mála og fylgiskjöl eru nú bréf og greinargerð Orkustofnunar frá október 1988 sem hafa að geyma nýjustu viðhorf í þessum efnum.

Alkunna er að á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á byggð og búsetu manna hér á landi. Fólki hefur fækkað í sveitum en fjölgað í þéttbýli. Meginstraumurinn hefur stefnt utan af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á suðvesturhorni landsins. Nýjustu upplýsingar og spár benda til þess að þessi byggðaröskun haldi áfram. Að sumu leyti er að sjálfsögðu um eðlilega þróun að ræða þegar afskekkt býli eða byggðarlög fara í eyði og fólkið flytur til staða sem bjóða upp á betri afkomu og léttari lífsbaráttu. En þegar slík þróun snýst upp í alvarlega og óeðlilega röskun eða eyðingu lífvænlegra byggða landsins verður að horfast í augu við þann vanda og leita einhverra úrræða. Um þessar mundir, þegar kvótareglur sníða mönnum þröngan stakk til sjávar og sveita svo að mörgum þykir hart við að búa, eru ríkar ástæður til þess að kanna ný viðhorf til úrbóta. Oft er rætt um nauðsyn þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins og efla hag þjóðarbúsins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þekkja landið sem best, náttúru þess, verðmæti og möguleika til landnýtingar. Margt er lítt kannað í þessum efnum og víða skortir frumrannsóknir. En brýnt er að slíkum rannsóknum verði flýtt eftir föngum svo að ljósara megi verða hverra kosta er völ. Sú tillaga, sem hér er flutt, fjallar um könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi, frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn, er hagnýta megi til fiskeldis og á annan hátt til eflingar byggðar og búsetu í Vesturlandskjördæmi.

Það sem hér fer á eftir er m.a. byggt á heimildum frá Orkustofnun og öðrum upplýsingum sem tiltækar eru.

Til fiskeldis þarf vatn sem er hreint og ómengað, ferskt eða salt. Vegna hita vatns og sjávar á Íslandi getur þurft heitt vatn úr jörð til að fiskeldi verði arðbært. Ferskvatn og jarðhiti eru náttúrulegar forsendur fiskeldis á ýmsum stigum eldisins. Það er ekki alltaf einfalt mál að afla ferskvatns eða vinna jarðhita því að þar er í mörg horn að líta. Til þess þarf bæði þekkingu og reynslu. Misheppnaðar framkvæmdir, sem byggja á röngum eða veikum forsendum, eru dýrustu framkvæmdirnar.

Í Fréttabréfi Orkustofnunar í september 1986 segir svo m.a.: „Miklu máli skiptir að traustra upplýsinga um náttúruskilyrði sé aflað áður en lagt er út í stórfelldar fjárfestingar í fiskeldisstöðvum. Frá sjónarhóli Orkustofnunar er einnig um það að ræða að skapa hér á landi stórfelldan nýjan markað fyrir jarðhita til viðbótar við húshitunarmarkaðinn. Slík

könnun á nýjum nýtingarmöguleikum íslenskra orkulinda er eitt af hlutverkum Orkustofnunar. Því er eðlilegt að hún leggi nokkuð til af fjárveitingu sinni. En frá sjónarmiði þjóðarbúsins er um miklu stærra mál að ræða, þ.e. að rannsaka sumar grundvallarforsendur nýrrar, hugsanlega meiri háttar, atvinnugreinar, forsendur sem geta ráðið úrslitum um hvort hún er vænleg eða ekki."

Ýmislegt er vitað um jarðhita á Vesturlandi frá fornu fari. Í Borgarfjarðardölum er eitt öflugasta lághitasvæði landsins. Þar hafa allmiklar rannsóknir verið gerðar, sbr. t.d. þessi rit frá Orkustofnun, jarðhitadeild: *Mat á jarðvarma á Íslandi* (Guðmundur Pálmason o.fl.), *Höfuðborgarsvæði — Borgarfjörður, Niðurstöður viðnámsmælinga* (Lúðvík S. Georgsson), *Borgarfjörður, efnafræði jarðhitavatns* (Einar Gunnlaugsson).

Annars staðar, svo sem í Dölum og á Snæfellsnesi, hafa litlar rannsóknir á jarðvarma farið fram þó að nokkrir jarðhitastaðir séu þekktir á því svæði. Þar eru margir áhugamenn um þessi mál, m.a. bændur sem á eigin kostnað hafa lagt út í dýrar rannsóknir af þessu tagi á jörðum sínum, svo og aðrir sem árum saman hafa unnið að fiskræktarmálum í stórum stíl, klaki, hafbeit og sjókvíaeldi, og eru nú reynslunni ríkari. Um skipulagðar rannsóknir á köldu vatni á Vesturlandi er fátt að segja. En allt eru þetta mjög áhugaverð efni og hagnýt. Þess má geta að í Bændaskólanum á Hvanneyri hefur fiskeldi og fiskrækt verið kennd í 30 ár. Þar hafa menn nú hug á að koma upp matfiskeldi.

Hér er gripið á stóru máli og margþættu sem ekki verður rætt hér til neinnar hlítar. Allar grunnrannsóknir af þessu tagi eru fjárfrekar. Þann þátt málsins verður því að athuga sérstaklega. Eðlilegt er að hið opinbera leggi fram fé til frumrannsókna á auðlindum til lands og sjávar, þar á meðal á vatnsforða landsins og nýtingu hans, svo og Orkustofnun af því fé sem hún hefur til ráðstöfunar í þessu skyni. En til greina kemur kostnaðarþátttaka fleiri aðila, svo sem hagsmunahópa og sveitarfélaga."

Til frekari útlistunar fylgir hér með stuttur kafli úr greinargerð um sérverkefni Orkustofnunar tengd fiskeldi á Vesturlandi frá fyrra ári. Þar segir svo:

„Til fiskeldis sem atvinnurekstrar þarf mikið af hreinu ómenguðu vatni og hreinum ómenguðum sjó. Hreint ómengað vatn er helst að fá úr grunnvatni sem síað er í gegnum jarðlög í borholur eða brunna. Bestur vaxtarhraði fæst fyrir lax við 10–14 °C og er upphitun með jarðhita því hagkvæm. Seiðaeldisstöðvar nota einungis ferskt vatn og er því hagkvæmast að reisa þær þar sem saman fer mikið og gott grunnvatn og jarðhiti.

Eitt verkefnanna varðar náttúruleg skilyrði fiskeldis, þ.e. magn, gæði og vinnslumöguleika jarðvarma og fersks grunnvatns. Eldisaðferðirnar, sem tengjast verkefninu, spanna eftirtalda möguleika:

a. Seiðaeldi í ferskvatni hituðu með jarðhita.
b. Seiða- eða matfiskeldi í volgu vatni af lághitasvæðum eða jaðarsvæðum háhita.

Þau svæði á Vesturlandi, sem talin eru vænlegust til fiskeldis miðað við núverandi þekkingu á jarðhita og fersku vatni, eru: Hvalfjörður, Borgarfjörður og Dalir.

Orkustofnun verður áþreifanlega vör við óvissuna sem ríkir hjá hagsmunaaðilum um hin náttúrulegu skilyrði til að reisa fiskeldisstöðvar og hvar þau sé helst að finna. Til stofnunarinnar eru oft sótt ráð varðandi öflun vitneskju um alla framangreinda náttúruþætti. Mikill þekkingarskortur á þessum atriðum náttúrufars landsins kemur þannig í ljós, sem og þörf rannsókna. Engri opinberri stofnun hefur verið gert lagalega skylt að afla og halda til haga upplýsingum á þessu sviði nema varðandi jarðhita."

Á hinn bóginn er mál þetta jafntímabært og aðkallandi og áður þó að vitneskja vaxi frá ári til árs og menn verði reynslunni ríkari. Sumarið 1987 var óvenju þurrt og minnkaði þá eða þraut kalt vatn þar sem áður var talinn nægur vatnsforði. Að því er jarðhitaleit varðar má benda á eftirfarandi:

Árangur nýlegra borana á Hvalfjarðarströnd er skýrast dæmi um gagnsemi jarðhitarannsókna. Þar er enginn jarðhiti á yfirborði. Með fremur einfaldri leitartækni tókst Orkustofnun að finna og kortleggja líkleg jarðhitasvæði, annað kringum Miðsand, hitt innan við Ferstiklu. Boranir báru þann árangur að nú fást yfir 10 l/sek. af rúmlega 130 °C heitu vatni úr borholu Hvals hf. og 28 l/sek. af 83 °C heitu vatni úr borholu á vestra svæðinu í landi Hrafnabjarga.

Fylgiskjal I.

Orkustofnun:

13. okt. 1988.

Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Málefni: Þingsályktunartillaga yðar og fleiri um könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi.

Meðfylgjandi er greinargerð, þar sem farið er yfir rannsóknir, sem Orkustofnun telur æskilegt að gera til að fá gott yfirlit um þá möguleika sem felast í auðlindum ferskvatns, jarðvarma og jarðsjó. Alls eru nefnd átta svæði (enn fleiri staðir) sem talið er að hafi upp á eitthvað að bjóða í þessu tilliti.

Ýmsar forsendur hafa breyst frá því að Orkustofnun setti fyrst fram hugmyndir sínar um könnun á náttúrlegum forsendum fiskeldis. Í fyrstu áætlunum fyrir Vesturland var ekkert minnst á jarðsjó, en í síðari áætlunum hefur Orkustofnun lagt mikla áherslu á rannsóknir varðandi vinnslu jarðsjávar, þar á meðal á Snæfellsnesi. Við gerum því tillögu um að könnun á jarðsjó verði bætt við í titil tillögunnar, og af því leiðandi þar sem við á í greinargerð.

Við teljum einnig rétt að geta annarra nýtingarmöguleika, svo sem nýrra hitaveitna. Enn fremur má það ekki gleymast að efnasamsetning heita vatnsins við Lýsuhól og víða í Hnappadal er sams konar og vatns sem víða er notað til heilsubaða í Mið-Evrópu og víðar. Þó að það sé ekki beint á dagskrá hér má telja það orka tvímælis að eyða vatni af þessum toga til fiskeldis þegar nóg er af öðru.

Orkustofnun er ávallt reiðubúin til að veita aðstoð af því tagi sem hér birtist og mun Hákon Aðalsteinsson hafa milligöngu um frekari aðstoð sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. verkefnisstjórnar Fiskeldisverkefna

Einar Tjörvi Elíasson.
Hákon Aðalsteinsson.

Fylgiskjal II.

ORKUSTOFNUN
VOD/JHD
1988-10-12

Greinargerð

Könnun á náttúruskilyrðum fyrir fiskeldi og nýjar hitaveitur á Vesturlandi

Inngangur

Síðan 1987 hefur Orkustofnun fengið sérstakar fjárveitingar á fjárlögum til rannsókna á náttúrlegum forsendum fiskeldis á landinu. Til viðbótar hafa sveitarfélög og hagsmunaaðilar lagt fé til rannsóknanna, þannig að á árinu 1987 voru um 21 Mkr til ráðstöfunar og 1988 um 24,4 Mkr. Af rannsóknarfé 1988 var 2,9 Mkr ráðstafað til jarðsjávarleitar Undir Jökli, um 1,4 Mkr til könnunar á jarðvarma og ferskvatni í sunnanverðum Borgarfirði og 250 þús. kr til forkönnunar í Kolgrafarfirði (Berserkseyri) og Grundarfirði. Síðastnefnda verkefnið var að öðru leiti fellt niður (var áætlað 1,5 Mkr) vegna þess að Eyrarsveit (Grundarfjörður) sá sér ekki fært að taka þátt í því. Af fjárhagsástæðum, sem rekja má til smæðar sveitarfélaga í sunnanverðum Borgarfirði var dregið úr hraða rannsóknanna. Af þessu er ljóst að mörgum sveitarfélögum reynist erfitt að taka þátt í fjármögnun verkefnanna, þó hlutur þeirra sé aðeins 20 % af heildarkostnaði.

Sú greinargerð sem hér fer á eftir er að nokkru byggð á greinargerð, sem Atvinnumálanefnd sameinaðs þings óskaði eftir, þegar tillaga til þingsályktunar um könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi var þar til meðferðar (110. löggjafarþing. - 28. mál). Í þessari greinargerð er nánar farið yfir forsendur rannsóknanna, og gerðar á henni vissar breytingar, sem bæði eru tilkomnar vegna þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið 1988, og vegna þess að markmið þingsályktunartillögunnar er víðtækara en þau markmið, sem Orkustofnun setti sér í upphafi við skipulagningu fiskeldisverkefna sinna.

Umfang og markmið rannsóknanna

Markmið rannsóknanna er að fá yfirlit um möguleika á öflun jarðvarma, ferskvatns og jarðsjávar í þeim mæli sem nægir hitaveitum, fiskeldi, eða annari starfsemi ef verkast vill, á öllu Vesturlandi.

Fiskar eru aldir í ferskvatni (seiðaeldi, bleikja) eða sjóvatni (matfiskur: lax, lúða, sjóbleikja). Jarðhiti er orkugjafi sem nýta má til að hækka hita eldisvatnsins. Volgt vatn gefur fjölbreyttari möguleika á eldi, og meiri hagkvæmni en kalt grunnvatn. Við ylun vatnsins vex fiskurinn hraðar, veltan verður hraðari og nýting mannvirkja að sama skapi betri.

Ferskvatn er unnið á eða við yfirborð. Rannsóknir vegna öflunar þess eru fyrst og fremst yfirborðsrannsóknir (kortlagning, mælingar, efnagreiningar o.fl.), en stundum grunnar rannsóknarboranir eða tilraunabrunnar. Jarðsjór er unnin úr borholum á einhverra tuga metra dýpi. Rannsóknarboranir af 30-70 m dýpt hafa gefist vel, einnig viðnámsmælingar. Þessar rannsóknir á öflun eldisvökva leiða til nokkuð öruggs mats án óheyrilegs kostnaðar.

Jarðhita er aflað með borunum af nokkur hundruð metra dýpi. Rannsóknir eru því að miklu leyti óbeinar og óvissa oft veruleg um árangur, því jarðhitakerfin eru yfirleitt flókin. Yfirborðsrannsóknir gefa misgóða raun. Jarðeðlisfræðilegar mælingar og hitastigulsboranir geta bætt við miklum upplýsingum. Fyllilega sambærilegar upplýsingar við eldisvatnsrannsóknir fást þó sjaldan, nema með holum af fullri dýpt. Vegna óvissunar er miklu til verjandi í jarðhitarannsóknum til að auka líkur á árangri. Kostnaðar vegna ríður á miklu að nýta fyrri rannsóknarstigin

vel.

Allmikið er vitað um jarðhitann á Vesturlandi. Það sem eftir stendur er að gera ítarlegar rannóknir á þeim jarðhitasvæðum þar sem áhugi er á nýtingu, eða þar sem velja þarf á milli staða þar sem skilyrði til reksturs sem byggir á jarðhita eru að öðru leyti svipuð. Markmið slíkra rannsókna er að undirbúa staðsetningu tilraunaborhola sem skæru úr um það hvort viðkomandi svæði sé líklegt til að gefa af sér nýtanlegan jarðvarma á hagkvæman hátt.

Ferskvatnsrannsóknir í fiskeldisskyni beinast annarsvegar að möguleikum á öflun ferskvatns í nánd við vænlega jarðhitastaði og hinsvegar að vatnsmiklum og stöðugum lindasvæðum (m.a. vegna bleikjueldis). Til samanburðar má benda á úttekt á vatnsbúskap á Austurlandi, sem gerð var 1978-80. Jarðsjávarrannsóknir beinast að þeim svæðum þar sem vel lek jarðlög ganga í sjó fram.

Álitleg rannsóknasvæði

Svæðin sem talið er álitlegast að beina rannsóknum að eru:

1. Botnsdalur í Hvalfirði
2. Borgarfjörður sunnan Hvítár (Andakíll, Skorradalur, Lundarreykjadalur, Reykholtsdalur og Hálsasveit)
3. Borgarfjörður norðan Hvítár (Stafholtstungur, Hvítársíða, Þverárhlíð og Norðurárdalur)
4. Hnappadalur
5. Lýsuhóll
6. Undir Jökli
7. Eyrarsveit
8. Grafarlaug og laugar í Sælingsdal

Auk þessara svæða eru allmargir aðrir staðir á Vesturlandi sem kæmi til greina að skoða, en líkur eða skilyrði til nýtingar þar eru e.t.v. heldur lakari en á ofangreindum svæðum.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um einstök svæði, hvernig æskilegast er að haga rannsóknunum og gerð áætlun um kostnað.

1 Botnsdalur í Hvalfirði

Aðstæður til nýtingar jarðvarma í Botnsdal eru taldar líkar því sem gerist í sunnanverðum Borgarfirði. Vitað er um laugar fyrir botni dalsins. Kortleggja þarf jarðlög og brot með tilliti til vatnsöflunar. Afmarka má jarðhitasvæði með viðnámsmælingum eða grunnum rannsóknarholum.

Kostnaður er áætlaður 1,9 Mkr.

2 Sunnanverður Borgarfjörður

Helstu svæðin eru Andakíll, Skorradalur og Lundarreykjadalur. Á öllum þessum stöðum eru góðar líkur á að fá megi bæði ferskvatn og jarðhita til fiskeldis. Á árinu 1988 var leitað að jarðlögum, sem innihalda ferskvatn. Byrjað var á að taka saman fyrirliggjandi upplýsingar um jarðhitann og gerð var tilraun með hvernig viðnámsmælingar (s.k. kínamælingar) reynast til staðsetningar á borholum á völdum jarðhitasvæðum (Reykjum, Englandi og Efra-Hreppi).

Eftir er að ljúka samantekt um jarðhitann og ýmislegt honum viðvíkjandi. Áformað er að bora 3 rannsóknarholur á jafnmörgum jarðhitastöðum.

Kostnaður er áætlaður um 1,8 Mkr.

Jarðhiti í Reykholtsdal er allvel þekktur, en ferskvatnsöflun fyrirsjáanlega örðug. Jarðhita í Hálsasveit (N-Reykir) og Hvítársíðu (Síðumúli) þarf að skoða betur og á öllum stöðunum þarf að leita ferskvatns.

Kostnaður er áætlaður 0,5 Mkr.

3 Norðanverður Borgarfjörður

Í Stafholtstungum og Þverárhlíð er jarðhiti á þó nokkrum stöðum. Í grennd við Guðnabakka í Stafholtstungum er allnokkur jarðhiti sem, tengist ungum misgengissprungum. Malarbakkar og áreyrar eru þar í grenndinni, sem líkleg eru til að gefa ferskvatn. Misgengissprungur gætu víðar reynst gæfar á vatn, e.t.v. volgt, t.d. í Þverárhlíð og Norðurárdal.

Rannsóknin fælist í ferskvatnsleit og sprungu- og brotakortlagningu ásamt borun fáeinna grunnra rannsóknarhola eða viðnámsmælingum.

Kostnaður er áætlaður 3,6 Mkr.

4 Hnappadalur

Í Hnappadal er álitlegur jarðhiti á nokkrum stöðum (t.d. við Kolviðarnes, Landbrot og Rauðamel). Möguleikar á ferskvatni eru víða taldir allgóðir. Lagt er til að gert verði sprungukort af nágrenni jarðhitastaðanna og viðnámsmælingar reyndar við Kolviðarnes. Þá verði boraðar fáeinar grunnar tilraunaholur og leitað að lindum og jarðlögum sem gefa gott ferskvatn. Lindasvæði eru í Hraundal, Hítardal og víðar, sem þyrfti að kanna nánar. Efnasamsetning heita vatnsins gerir það e.t.v. álitlegt til heilsubaða, en vatnið er kolsýruríkt.

Kostnaður er áætlaður 3,2 Mkr.

Vegna útfiris og vetrarkulda í sjónum í norðanverðum Faxaflóa er vonlaust að hægt sé að stunda sjókvíaeldi eða dæla sjó beint úr hafinu. Á þessum slóðum er talið hugsanlegt að ná í jarðsjó úr Eldborgarhrauni í Hafursfirði. Þar er áformað að bora 2-3 rannsóknarholur. Einnig er vitað um jarðhita í hraunununum, sem skoða þarf nánar.

Kostnaður er áætlaður 1,7 Mkr.

5 Lýsuhóll

Á Lýsuhóli er allálitlegt jarðhitasvæði sem er nýtt að nokkru leyti til hitunar. Hitasvæðið hefur verið kortlagt nákvæmlega og boraðar 9 grunnar holur og fæst úr þeim nokkurt vatn. Líklegt er að þar megi fá talsvert meira vatn með frekari borunum (sjá skýslu Orkustofnunar eftir Rögnu Karlsdóttur og fleiri, OS81004/JHD/01). Lagt er til að gerðar verði viðnámsmælingar til að leita að álitlegustu sprungunum að bora í. Efnasamsetning jarðhitavatns á þessum slóðum er þannig, að þessi svæði mætti mjög líklega nýta til heilsubaða. Athuga þarf möguleika til ferskvatnsöflunar í nánd.

Kostnaður er áætlaður um 1,2 Mkr.

6 Undir Jökli

Árið 1988 var varið um 2,9 Mkr til að kanna möguleika á vinnslu jarðsjávar til matfiskeldis úr hraununum sem runnið hafa í sjó fram á utanverðu Snæfellsnesi. Boraðar voru 6 grunnar holur á svæðinu frá Malarrifi að Hellissandi. Sjór fékkst á litlu dýpi í öllum holunum og virðist hraunið mjög vel vatnsleiðandi, og bendir margt til að sjór nái langt inn undir þau. Ferskvatn og lindir í Breiðuvík og nágrenni var kannað nokkuð vel 1988, og er þar litlu við að bæta.

Til framhaldsrannsókna er áætlað að bora eina holu, sem nái niður úr hraununum. Tilgangurinn er að kanna þykkt sjávarlinsunnar, sem vinna má úr, og afla upplýsinga um bortæknileg atriði. Einnig er forvitnilegt að kanna nánar útbreiðslu sjávar inn undir hraunin með viðnámsmælingum.

Kostnaður er áætlaður 1,5 Mkr.

7 Eyrarsveit

Þrátt fyrir nokkrar rannsóknir og boranir í Grundarfirði á liðnum árum hafa ekki fundist neinar heitavatnsæðar, þótt hár berghiti sé þar sums staðar í jörðu. Hitastigull í þeim holum sem boraðar hafa verið í nágrenni Grundarfjarðar hækkar til vesturs. Þetta minnir um margt á aðstæður á Hvalfjarðarströnd, þar sem nú hefur fundist heitt vatn. Því er áhugavert að halda áfram leitinni að nýtanlegu heitu vatni í Grundarfirði, og þá fyrst og fremst með borunum grunnra hola og viðnámsmælingum. Þarna er um að ræða leit að heitu vatni til húshitunar og/eða fiskeldis.

Æskilegt væri að bora allmargar grunnar hitastigulsholur og nota síðan viðnámsmælingar til að staðsetja hugsanlega vatnsleiðandi sprungu sem nákvæmast.

Kostnaður yrði nálægt 4.0 Mkr.

Jarðhiti er í skeri rétt undan landi við Berserkseyri. Þetta svæði var á áætlun 1988 innan fiskeldisverkefnisins, en því frestað. Áætlað er að bora fáeinar hitastigulsholur að afloknum rannsóknum á yfirborði.

Kostnaður er áætlaður um 1,5 Mkr.

8 Grafarlaug

Í sambandi við frumrannsóknir á jarðhitanum þar hefur verið gerð áætlun um framhaldsrannsóknir til að finna aðfærsluæðar jarðhitakerfisins (sjá greinargerð Kristjáns Sæmundssonar, Orkustofnun, KS-87/22). Þar kemur fram að áætla má kostnað við rannsóknir til að finna aðfærsluæðar Grafarlaugar um 1,5 Mkr, ef gert er ráð fyrir þremur grunnum holum auk mælinga.

Kostnaður við könnun á möguleikum til öflunar ferskvatns við Grafarlaug, og jafnframt á Laugum í Sælingsdal er áætlaður 0,2 Mkr.

Yfirlit um hugsanlega rannsóknarstaði og kostnað

Kostnaður er miðaður við mitt ár 1989, og er þá gert ráð fyrir 25% meðalhækkun frá meðalverðlagi 1988.

Staður	Kostnaður (Mkr)
1 Botnsdalur	1,9
2 Borgarfjörður s. Hvítár	2,3
3 Borgarfjörður n. Hvítár	3.6
4 Hnappadalur	4,9
5 Lýsuhóll	1,2
6 Undir Jökli	1,5
7 Eyrarsveit	5,5
8 Grafarlaug, Dölum	1.7
SAMTALS	22,6 Mkr

Heildarkostnaður við þær rannsóknir sem hér er stungið upp á eru 22,6 Mkr. Ef svipaður háttur yrði hafður á hvað varðar fjárframlög sveitarfélaga og annara hagsmunaaðila og hingað til í sambandi við svonefnd fiskeldisverkefni Orkustofnunar, yrði framlag af fjárlögum 18,1 Mkr og annara 4,5 Mkr.

Það er að mörgu leyti skynsamlegt að dreifa slíkum rannsóknum á 2-3 ár, enda gæti Orkustofnun ekki framkvæmt rannsóknir samkvæmt þessum áætlunum á einu ári, vegna fækkunar í starfsliði. Framkvæmd áætlunarinnar yrði með því móti hnitmiðaðri, og meira svigrúm gæfist til að afla fjár til rannsóknanna, einkum hvað varðar þátttöku viðkomandi sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Þess ber að geta að ekki er um að ræða tæmandi rannsókn á vatnsforða Vesturlands, heldur skref til þess að fá staðgott yfirlit þar um. Að rannsóknum þessum loknum mun liggja fyrir hvaða rannsóknir þarf að gera og hvaða vinnsluaðferðir eru heppilegastar til að nýta þessar auðlindir. Framhaldsrannsóknir munu þá beinast að einstökum viðfangsefnum, og þá að öllum líkindum verða liður í undirbúningi viðkomandi nýtingaraðila.

Sþ. 66. Fyrirspurn [64. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Hvenær verður tekið í notkun meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn sem hafa hlotið úrskurð dómara um að fá vistun á viðeigandi stofnun?

Sþ. 67. Fyrirspurn [65. mál]

til menntamálaráðherra um námslán.

Frá Finni Ingólfssyni og Páli Péturssyni.

1. Mun ráðherra láta fara fram á næstunni heildarendurskoðun á lögunum um námslán og námsstyrki?
2. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að sú 20% skerðing á námslánum, sem varð á árunum 1984–1986 vegna breyttrar vísitöluviðmiðunar og útgáfu skerðingarreglugerðar, verði bætt á árinu 1989?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að raunverulegur framfærslukostnaður námsmanna hérlendis og erlendis verði kannaður, og ef í ljós kemur að hann endurspeglar ekki raunveruleg útgjöld námsmanna, mun þá ráðherra beita sér fyrir því að ný framfærsluviðmiðun verði tekin upp?

Sþ. 68. Fyrirspurn [66. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun sjávarútvegsskóla.

Frá Finni Ingólfssyni og Jóni Kristjánssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stofnaður verði sérstakur sjávarútvegsskóli á framhaldsskólastigi eins og starfshópur sá, sem menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu í sameiningu, lagði til í skýrslu til menntamálaráðherra í október 1986?

Sþ. 69. Fyrirspurn [67. mál]

til viðskiptaráðherra um olíubirgðatank á Seyðisfirði.

Frá Jónasi Hallgrímssyni og Jóni Kristjánssyni.

1. Hefur viðskiptaráðherra átt hlut að ákvörðunum olíufélaganna um að nota ekki birgðatank Olís á Seyðisfirði?
2. Hver er þáttur verðjöfnunarsjóðs í þessum ákvörðunum? Hafa stjórnendur sjóðsins látið gera úttekt á hagkvæmni þessa fyrirkomulags?
3. Hefur viðskiptaráðuneytið látið gera úttekt á hagkvæmni innflutnings svartolíu í olíubirgðastöð á Seyðisfirði með tilliti til þess að meiri hluti loðnubræðslna er starfræktur á Norður- og Austurlandi?

Sþ. 70. Fyrirspurn [68. mál]

til viðskiptaráðherra um raunvaxtamun í bankakerfinu.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvernig hefur raunvaxtamunur heildarinnlána og heildarútlána bankakerfisins þróast frá árinu 1960? Átt er við heildartekjur bankakerfisins af vöxtum, hverju nafni sem þeir nefnast, í samanburði við heildargjöld vegna allra innlána bankakerfisins umrætt tímabil. Raunvextir eru hér skilgreindir sem nafnvextir umfram hækkun lánskjaravísitölu milli janúargilda.
2. Hver er raunvaxtamunur á sama tímabili í bankakerfi annarra Norðurlandaþjóða? Hafa þar orðið breytingar til hækkunar eða lækkunar í samræmi við það sem átt hefur sér stað hér á landi?
3. Komi í ljós að raunvaxtamunur hafi hækkað undanfarin ár og enn fremur að sama þróun hafi ekki orðið annars staðar á Norðurlöndunum, hverjar eru þá skýringarnar að mati ráðherra?
4. Er hugsanlegt að vísitölubinding inn- og útlána hafi stuðlað að aukningu raunvaxtamunar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 71. Fyrirspurn [69. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á hundum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hverjum hefur verið heimilað að flytja hunda til landsins síðastliðin 10 ár? Þess er óskað að fram komi í svarinu nöfn innflytjenda og hvaðan hundarnir hafa verið fluttir, enn fremur rökstuðningur fyrir heimildinni.
2. Hverjum hefur ráðuneytið synjað um slíkan innflutning á hundum á sama tíma? Óskað er eftir að upplýsingar verði sundurgreindar eins og við fyrri spurningu.
3. Hvenær má vænta þess að komið verði á hundasóttkví til nota í þessu skyni?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 72. Fyrirspurn [70. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um örorkubætur og örorkumat.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu margir einstaklingar fá greiddar örorkubætur?
2. Hvernig fer örorkumat fram:
   a. Læknisfræðilegt mat?
   b. Er tekið tillit til félagslegra aðstæðna einstaklinganna þegar örorka er metin?

3. Hversu margir einstaklingar eru metnir 75% öryrkjar?
4. Hversu háar fjárhæðir eru greiddar öryrkjum, þar af til þeirra sem hafa 75% örorkumat?
5. Hversu margir einstaklingar, sem fá greiddar örorkubætur, hafa meira en meðaltekjur:
   a. Af þeim sem eru metnir 75% öryrkjar?
   b. Af þeim öðrum sem fá greiddar örorkubætur?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 73. Beiðni um skýrslu [71. mál]

frá forsætisráðherra um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðmundi H. Garðarssyni, Hreggviði Jónssyni, Inga Birni Albertssyni, Kristni Péturssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Málmfríði Sigurðardóttur.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu og rekstur 10 verst stöddu og 10 best stöddu fiskvinnslufyrirtækja í landinu. Með fiskvinnslufyrirtæki er hér átt við fyrirtæki í hefðbundinni frystingu eingöngu eða að mestu.

Óskað er sundurgreindra upplýsinga um hvert fyrirtæki fyrir sig þannig að fram komi stærð vandans eða hagnaðarins og af hverju hann stafar. Gerð verði grein fyrir stærð hvers fyrirtækis, fjölda starfsmanna og hversu stór hluti þeirra er búsettur á staðnum. Gerð verði grein fyrir hlutfallslegri skiptingu einstakra kostnaðarþátta, hráefniskaupa, launagreiðslna, fjármagnskostnaðar, viðhaldskostnaðar, orkukaupa, flutningskostnaðar, umbúðakostnaðar o.fl. Fram komi hvernig öflun hráefnis er háttað, hvort samrekstur er á milli útgerðar og fiskvinnslu á staðnum, hvort útgerðin í slíkum tilfellum selur afla sinn eingöngu heima eða annars staðar og þá í hve miklum mæli. Þá verði gerð grein fyrir fjármagnskostnaði fyrirtækjanna og af hverju hann stafar.

Þess er óskað að nöfn og heimili fyrirtækjanna komi ekki fram, enda er tilgangur þessa þingmáls aðeins sá að fylla út í þá brotkenndu mynd sem almenningur hefur af stöðu þessarar atvinnugreinar.

Óskað er að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 31. okt. 1988.

Kristín Halldórsdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Hreggviður Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.
Kristinn Pétursson.	Matthías Bjarnason.	Málmfríður Sigurðardóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 74. Frumvarp til laga [72. mál]

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanefnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog), annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae), þriðji skal vera efnafræðingur, fjórði skal vera efnaverkfræðingur, fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu og sjötti skal vera sérfróður um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra, tilnefndur af landbúnaðaráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ný lög um eiturefni og hættuleg efni voru samþykkt á 110. löggjafarþingi 1988. Í 2. gr. laganna er ákvæði um eiturefnanefnd og þær kröfur sem gerðar eru til einstakra nefndarmanna. Í greininni er gert ráð fyrir því að einn nefndarmanna skuli vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skuli hann tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Vakin hefur verið athygli á því að ástæðulaust sé að gera kröfur um það að hlutaðeigandi sé efna- eða verkfærðingur því nægjanlegt sé að um sé að ræða mann með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Var reyndar gert ráð fyrir slíkri skipan í tillögum stjórnarskipaðrar nefndar sem samdi frumvarp að nýjum lögum um eiturefni og hættuleg efni. Þar sem ekki var ætlunin að breyta út frá tillögu nefndarinnar varðandi kröfur um sérþekkingu manna í eiturefnanefnd verður ekki annað séð, en hér sé um misfellu að ræða sem ráðuneytið vill leiðrétta.

Ofangreind misfella kemur ekki að sök fyrr en frá og með næstu áramótum þar sem gert er ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í lögum um eiturefni og hættuleg efni að gildandi skipun manna í eiturefnanefnd haldist til ársloka 1988. Frá og með þeim tíma þarf hins vegar að vera þannig um hnútana búið að eiturefnanefnd geti starfað í samræmi við þá starfshætti, sem hlutaðeigandi aðilar telja besta, og er frumvarp þetta fram komið til þess að koma þeirri skipan á.

Sþ. 75. Frumvarp til fjárlaga [73. mál]

fyrir árið 1989

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

	Bls.
A-hluti	207
B-hluti	375
Heimildir	407
Athugasemdir	411
Töfluviðauki	549
Fylgiskjöl	579
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni	597
Efnisyfirlit	628

Endurprentað blað.

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**77 314 900**
Beinir skattar	14 040 000	
Óbeinir skattar	59 784 900	
Fjármagnstekjur, vextir	2 850 000	
Aðrar tekjur	640 000	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**67 446 518**
Samneysla	35 014 018	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	28 692 240	
– Sértekjur stofnana	−3 609 740	
Fjármagnsgjöld, vextir	7 350 000	
Jöfnuður		9 868 382
Fjárfesting		**8 684 440**
Stofnkostnaður	4 034 900	
Fjármagnstilfærslur	4 649 540	
Tekjur umfram gjöld		**1 183 942**
Lánahreyfingar		
Afborganir		4 000 000
Afborganir af teknum lánum	6 590 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	−2 590 000	
Veitt lán		1 265 000
Til B-hluta ríkissjóðs	1 265 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		115 000
Viðskiptareikningar		500 000
Útstreymi umfram innstreymi	500 000	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**4 696 058**
Lántökur		4 700 000
Innlend útgáfa verðbréfa	4 700 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		3 942

2. gr.

Árið 1989 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**601 566**
01	**Forsætisráðuneyti**			**718 305**
	101	Yfirstjórn	54 120	
	102—902	Annað	664 185	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**12 324 088**
	101	Yfirstjórn	140 903	
	201—885	Fræðslumál	11 137 396	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	1 045 789	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**850 247**
	101—103	Yfirstjórn	265 641	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	158 800	
	301—313	Sendiráð	251 806	
	390—401	Alþjóðastofnanir	174 000	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**2 778 103**
	101—172	Yfirstjórn	75 653	
	201—299	Búnaðarmál	2 551 470	
	501—503	Skólar	150 980	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**1 632 188**
	101	Yfirstjórn	50 987	
	201—299	Útvegsmál	1 533 792	
	901	Annað	47 409	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**3 417 214**
	101—102	Yfirstjórn	72 510	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	3 044 308	
	301—373	Þjóðkirkjan	300 396	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**3 253 671**
	101	Yfirstjórn	55 966	
	271—272	Húsnæðismál	1 800 000	
	700—795	Málefni fatlaðra	1 178 303	
	301—399, 951—999	Önnur félagsmál	219 402	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**29 604 874**
	101	Yfirstjórn	70 430	
	271—274	Tryggingamál	17 498 958	
	301—408	Heilbrigðismál	11 962 505	
	471—502	Annað	72 981	
		Flutt		55 180 256

3. gr.

Árið 1989 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**2 640 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 260 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	90 000	
4111	Eignarskattur, félög	595 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	150 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	425 000	
4118	Erfðafjárskattur	120 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**11 400 000**
4120	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	9 150 000	
4123	Tekjuskattur, félög	2 250 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 445 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 445 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**4 918 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 250 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	2 600 000	
4212	Jöfnunargjald	551 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	12 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	171 500	
42154	Kartöflugjald	83 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	200 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	50 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**680 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	296 000	
4221	Leyfisgjald	184 000	
4225	Lántökugjald af erlendum lánum	200 000	
	Flutt		22 083 000

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		55 180 256
09	**Fjármálaráðuneyti**			**3.627.221**
	101—105	Yfirstjórn	193 926	
	201—282	Toll- og skattheimta	805 904	
	381	Lífeyrissjóðir	921 510	
	402—999	Annað	1 705 881	
10	**Samgönguráðuneyti**			**4 876 732**
	101	Yfirstjórn	37 903	
	102	Póst- og símamál	138 000	
	211	Vegamál	3 104 991	
	321—672	Önnur samgöngumál	1 595 838	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**1 220 471**
	101	Yfirstjórn	42 506	
	102—299	Iðnaðarmál	460 706	
	301—399	Orkumál	717 259	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**3 714 452**
	101	Yfirstjórn	47 978	
	201	Niðurgreiðslur	3 613 000	
	202—999	Annað	53 474	
13	**Hagstofa Íslands**			**90 313**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**7 421 513**
	101—182	Yfirstjórn	71 513	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 350 000	
		Flutt		76 130 958

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		22 083 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 901 000**
4235	Vörugjald	2 850 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	51 000	
424	**Söluskattur**		**33 025 000**
4240–2	Söluskattur, alls	34 300 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 275 000	
426	**Skattar af orku**		**59 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	59 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**5 601 500**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	5 600 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	1 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**75 000**
4280	Skemmtanaskattar:		
42801	Skemmtanaskattur	64 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**426 000**
4290	Aukatekjur, almennar	339 000	
4291	Prófgjöld	5 000	
4293	Skráningargjald ökutækja	75 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	7 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**5 610 000**
4301	Launaskattur	2 825 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 190 000	
4303	Slysatryggingagjald	318 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277 000	
	Flutt		69 780 500

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		76 130 958

Gjöld samtals	76 130 958
Tekjur umfram gjöld	1 183 942
Samtals	77 314 900

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		69 780 500
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**4 044 400**
4310	Þinglýsingar	29 000	
4311	Stimpilgjald	1 658 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, samkvæmt ökumælum	750 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	215 000	
43123	Bifreiðagjald	690 000	
4313	Ýmsir skattar af skipum:		
43131	Lestagjald	100	
43132	Vitagjald	26 000	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	160 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	62 300	
4318	ICAO-tekjur	315 000	
43192	Gjald af sérstakri verktakastarfsemi	100 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**2 850 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 000 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 850 000	
482	**Arðgreiðslur**		**515 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 700	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	218 400	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	28 900	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	30 000	
4821	Sameignir ríkisins	15 000	
4822	Arður af hlutabréfum	5 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	52 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**125 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	115 000	
4999	Óvissar tekjur	10 000	
	Tekjur samtals		77 314 900

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101	**Embætti forseta Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 369
1 01	Yfirstjórn	24 505	
1 30	Opinberar heimsóknir	9 164	
1 50	Fálkaorðan	700	
Viðhaldsverkefni:			7 400
5 01	Viðhald fasteigna	7 400	
	Gjöld samtals		41 769
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 459	
52–58	Önnur gjöld	26 310	
5	Gjöld samtals	41 769	
4	Sértekjur	260	
	Mismunur		**41 509**
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			392 366
1 01	Þingfararkaup alþingismanna	131 309	
1 02	Starfskostnaður	38 720	
1 04	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	139 898	
1 05	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	970	
1 06	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	18 200	
1 07	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	18 000	
1 10	Umboðsmaður Alþingis	9 193	
1 20	Rekstrarkostnaður fasteigna	10 280	
1 21	Hús Jóns Sigurðssonar	4 566	
1 30	Þingmannasamtök NATO	1 560	
1 31	Þingmannanefndir Evrópuráðsins	2 590	
1 32	Norðurlandaráð	12 240	
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1 600	
1 34	Alþjóðaþingmannasamtökin	2 100	
1 35	Vestnorræna þingmannaráðið	1 140	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 20	Fasteignir	3 700	
5 21	Hús Jóns Sigurðssonar	2 500	
Stofnkostnaður:			17 200
6 10	Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1 000	
6 90	Ýmis stofnkostnaður	16 200	
	Gjöld samtals		415 766
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	241 986	
52–58	Önnur gjöld	155 780	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals	415 766	
4	Sértekjur	2 040	
	Mismunur		**413 726**

00–202 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 188
1 01	Yfirstjórn	82 188	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tölvu- og húsbúnaður	3 000	
	Gjöld samtals		85 188
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 348	
52–58	Önnur gjöld	28 840	
5	Gjöld samtals	85 188	
4	Sértekjur	10	
	Mismunur		**85 178**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 701
1 01	Ríkisstjórn	39 701	
	Gjöld samtals		39 701

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 341	
52–58	Önnur gjöld	5 360	
5	Gjöld samtals		**39 701**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 452
1 01	Hæstiréttur	21 452	
	Gjöld samtals		21 452
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 102	
52–58	Önnur gjöld	350	
5	Gjöld samtals		**21 452**
	Samtals		601 566

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 880
1 01	Yfirstjórn	34 023	
1 20	Stjórnarráðshús	5 511	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 925	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	670	
1 23	Hrafnseyri	640	
1 30	Öryggismálanefnd	6 061	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 050	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 20	Stjórnarráðshús, viðhald	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald	2 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum, viðhald	200	
	Gjöld samtals		54 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 640	
52–58	Önnur gjöld	29 850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 690	
5	Gjöld samtals	54 180	
4	Sértekjur	60	
	Mismunur		**54 120**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 253
1 01	Þjóðhagsstofnun	48 253	
	Gjöld samtals		48 253

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 303	
52–58	Önnur gjöld	9 950	
5	Gjöld samtals	48 253	
4	Sértekjur	19 390	
	Mismunur		**28 863**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			125 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	125 000	
	Gjöld samtals		125 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	125 000	
5	Gjöld samtals		**125 000**

01–172 Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			500 000
6 01	Stofnframlag	500 000	
	Gjöld samtals		500 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	500 000	
5	Gjöld samtals		**500 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 800
1 01	Yfirstjórn	9 181	
1 10	Teiknistofa	21 789	
1 20	Byggingaeftirlit	2 830	
	Gjöld samtals		33 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 230	
52–58	Önnur gjöld	6 570	
5	Gjöld samtals	33 800	
4	Sértekjur	40 600	
	Mismunur		**–6 800**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 232
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	12 232	
Viðhaldsverkefni:			1 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 400	
Stofnkostnaður:			5 200
6 01	Aðalskipulag	1 200	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	2 500	
6 60	Bygging snyrtiaðstöðu	1 500	
	Gjöld samtals		18 832
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 102	
52–58	Önnur gjöld	12 730	
5	Gjöld samtals	18 832	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**17 122**
	Samtals		718.305

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 903
1 01	Yfirstjórn	140 903	
	Gjöld samtals		140 903
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 093	
52–58	Önnur gjöld	57 810	
5	Gjöld samtals		**140 903**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 135 001
1 01	Yfirstjórn	80 249	
1 02	Sameiginleg útgjöld	130 975	
1 03	Rekstur fasteigna	118 500	
1 04	Rannsóknir í kvennafræðum	1 140	
1 05	Fjarkennsla	7 160	
1 10	Guðfræðideild	17 493	
1 11	Læknadeild	115 524	
1 12	Tannlæknadeild	34 751	
1 13	Lyfjafræði lyfsala	16 710	
1 14	Lagadeild	21 430	
1 15	Viðskipta- og hagfræðideild	42 773	
1 16	Heimspekideild	95 689	
1 17	Verkfræðideild	79 956	
1 18	Félagsvísindadeild	54 224	
1 19	Íþróttakennsla	6 705	
1 20	Háskólabókasafn	46 452	
1 21	Mannfræðistofnun	3 536	
1 22	Reiknistofnun	37 739	
1 23	Námsbraut í hjúkrunarfræðum	33 191	
1 24	Námsbraut í sjúkraþjálfun	13 151	
1 25	Raunvísindadeild	170 653	
1 26	Stofnun Sigurðar Nordal	3 488	
1 27	Upplýsingaþjónusta	3 512	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			35 000
5 50	Viðhald fasteigna	35 000	
Stofnkostnaður:			187 800
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	187 800	
	Gjöld samtals		1 357 801
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	835 351	
52–58	Önnur gjöld	521 310	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 140	
5	Gjöld samtals	1 357 801	
4	Sértekjur	312 010	
	Mismunur		**1 045 791**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 759
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	66 712	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	8 047	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Viðhald húseigna	4 900	
Stofnkostnaður:			8 700
6 01	Tæki og búnaður	8 700	
	Gjöld samtals		88 359
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 739	
52–58	Önnur gjöld	45 620	
5	Gjöld samtals	88 359	
4	Sértekjur	45 460	
	Mismunur		**42 899**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 147
1 01	Yfirstjórn	11 826	
1 02	Rekstur fasteigna	8 165	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Eðlisfræðistofa	19 118	
1 30	Efnafræðistofa	19 518	
1 40	Jarðfræðistofa	14 311	
1 50	Jarðeðlisfræðistofa	19 505	
1 60	Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild	4 528	
1 70	Reiknifræðistofa	7 923	
1 80	Stærðfræðistofa	8 253	
	Stofnkostnaður:		18 100
6 02	Tæknigarður	13 600	
6 90	Tækjakaup deilda	4 500	
	Gjöld samtals		131 247
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	79 727	
52–58	Önnur gjöld	51 520	
5	Gjöld samtals	131 247	
4	Sértekjur	29 370	
	Mismunur		**101 877**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		32 747
1 01	Yfirstjórn	26 481	
1 20	Bókaútgáfa	6 266	
	Stofnkostnaður:		1 000
6 01	Tækjabúnaður	1 000	
	Gjöld samtals		33 747
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	21 687	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
5	Gjöld samtals	33 747	
4	Sértekjur	2 640	
	Mismunur		**31 107**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 084
1 01	Orðabók Háskólans	11 084	
	Gjöld samtals		11 084
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 514	
52–58	Önnur gjöld	1 570	
5	Gjöld samtals		**11 084**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 379
1 01	Íslensk málstöð	7 379	
	Gjöld samtals		7 379
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 169	
52–58	Önnur gjöld	3 210	
5	Gjöld samtals	7 379	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**6 239**
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 951
1 01	Örnefnastofnun	3 951	
	Gjöld samtals		3 951
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 621	
52–58	Önnur gjöld	1 330	
5	Gjöld samtals	3 951	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**3 601**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–210 Háskóli á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 204
1 01	Háskóli á Akureyri	42 204	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Eignakaup	7 000	
	Gjöld samtals		49 204
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 984	
52–58	Önnur gjöld	20 220	
5	Gjöld samtals	49 204	
4	Sértekjur	290	
	Mismunur		**48 914**
02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 383
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	22 383	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Innréttingar	3 600	
	Gjöld samtals		25 983
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 133	
52–58	Önnur gjöld	10 850	
5	Gjöld samtals	25 983	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**24 783**
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 204
1 01	Yfirstjórn	10 194	
1 02	Erlend samskipti	2 360	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	3 650	
	Gjöld samtals		16 204

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 134	
52–58	Önnur gjöld	9 070	
5	Gjöld samtals	16 204	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**15 974**

02–233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			80 000
6 01	Rannsóknasjóður	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**

02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			62 300
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	62 300	
	Gjöld samtals		62 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	62 300	
5	Gjöld samtals		**62 300**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 422
1 01	Kennsla	65 653	
1 02	Annað en kennsla	19 769	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 01	Endurbætur	3 100	
	Gjöld samtals		88 522

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 182	
52–58	Önnur gjöld	11 340	
5	Gjöld samtals		**88 522**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 129
1 01	Kennsla	52 417	
1 02	Annað en kennsla	24 712	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		81 129
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 269	
52–58	Önnur gjöld	16 860	
5	Gjöld samtals	81 129	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**80 069**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 389
1 01	Kennsla	18 553	
1 02	Annað en kennsla	10 836	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		33 389
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 019	
52–58	Önnur gjöld	9 370	
5	Gjöld samtals	33 389	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**32 699**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 986
1 01	Kennsla	89 691	
1 02	Annað en kennsla	29 295	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Endurbætur	5 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Breyting á húsnæði	7 000	
	Gjöld samtals		130 986
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 976	
52–58	Önnur gjöld	29 010	
5	Gjöld samtals	130 986	
4	Sértekjur	7 540	
	Mismunur		**123 446**
02–305 Menntaskólinn við Sund			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 054
1 01	Kennsla	70 190	
1 02	Annað en kennsla	18 864	
Stofnkostnaður:			7 300
6 01	Endurbætur og hönnun	7 300	
	Gjöld samtals		96 354
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 114	
52–58	Önnur gjöld	16 240	
5	Gjöld samtals	96 354	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**95 894**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–306 Menntaskólinn á Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 883
1 01	Kennsla	29 815	
1 02	Annað en kennsla	16 068	
Stofnkostnaður:			12 200
6 01	Bóknámshús, verklok	12 200	
	Gjöld samtals		58 083
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 833	
52–58	Önnur gjöld	22 250	
5	Gjöld samtals	58 083	
4	Sértekjur	2 290	
	Mismunur		**55 793**
02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 794
1 01	Kennsla	25 762	
1 02	Annað en kennsla	14 032	
Stofnkostnaður:			20 100
6 01	Kennsluhúsnæði	20 100	
	Gjöld samtals		59 894
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 554	
52–58	Önnur gjöld	29 340	
5	Gjöld samtals	59 894	
4	Sértekjur	950	
	Mismunur		**58 944**
02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 652
1 01	Kennsla	39 670	
1 02	Annað en kennsla	15 982	
	Gjöld samtals		55 652

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 372	
52–58	Önnur gjöld	7 280	
5	Gjöld samtals	55 652	
4	Sértekjur	9 550	
	Mismunur		**46 102**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 845
1 01	Kennsla	23 934	
1 02	Annað en kennsla	8 911	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Endurnýjun á þaki	1 500	
	Gjöld samtals		34 345
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 255	
52–58	Önnur gjöld	6 090	
5	Gjöld samtals		**34 345**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 489
1 01	Framhaldsskólar, almennt	79 489	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	6 000	
Stofnkostnaður:			9 500
6 01	Tölvur og búnaður	9 500	
	Gjöld samtals		94 989
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 599	
52–58	Önnur gjöld	22 390	
5	Gjöld samtals		**94 989**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–321 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			162 617
1 01	Kennaraháskóli Íslands	147 650	
1 20	Endurmenntun	6 805	
1 30	Réttindanám	8 162	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Fasteign	2 400	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Endurbætur og tækjakaup	7 000	
	Gjöld samtals		172 017
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	126 507	
52–58	Önnur gjöld	45 510	
5	Gjöld samtals	172 017	
4	Sértekjur	3 460	
	Mismunur		**168 557**
02–322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 974
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	51 974	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Lóð og tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		55 974
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 174	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals	55 974	
4	Sértekjur	11 420	
	Mismunur		**44 554**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–323 Rannsóknastofnun uppeldismála			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 240
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	4 240	
	Gjöld samtals		4 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 460	
52–58	Önnur gjöld	1 780	
5	Gjöld samtals	4 240	
4	Sértekjur	70	
	Mismunur		**4 170**
02–331 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 085
1 01	Kennsla	11 982	
1 02	Annað en kennsla	8 103	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Kennslutæki	5 000	
	Gjöld samtals		25 085
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 215	
52–58	Önnur gjöld	9 870	
5	Gjöld samtals	25 085	
4	Sértekjur	1 830	
	Mismunur		**23 255**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			194 961
1 01	Kennsla	164 586	
1 02	Annað en kennsla	30 375	
Stofnkostnaður:			28 000
6 01	Íþróttahús	28 000	
	Gjöld samtals		222 961

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 461	
52–58	Önnur gjöld	42 500	
5	Gjöld samtals	222 961	
4	Sértekjur	41 760	
	Mismunur		**181 201**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 735
1 01	Kennsla	56 440	
1 02	Annað en kennsla	17 295	
	Gjöld samtals		73 735
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 475	
52–58	Önnur gjöld	10 260	
5	Gjöld samtals	73 735	
4	Sértekjur	10 230	
	Mismunur		**63 505**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 036
1 01	Kennsla	48 994	
1 02	Annað en kennsla	16 042	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Endurbætur	1 200	
	Gjöld samtals		66 236
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 456	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals	66 236	
4	Sértekjur	13 200	
	Mismunur		**53 036**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 848
1 01	Kennsla	62 486	
1 02	Annað en kennsla	24 362	
Stofnkostnaður:			10 200
6 10	Viðbygging	10 200	
	Gjöld samtals		97 048
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 858	
52–58	Önnur gjöld	27 190	
5	Gjöld samtals	97 048	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**78 228**
02–354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 767
1 01	Kennsla	63 189	
1 02	Annað en kennsla	23 578	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Endurbætur	2 400	
Stofnkostnaður:			2 300
6 01	Tæki og búnaður	2 300	
	Gjöld samtals		91 467
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 087	
52–58	Önnur gjöld	20 380	
5	Gjöld samtals	91 467	
4	Sértekjur	17 680	
	Mismunur		**73 787**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 406
1 01	Kennsla	25 713	
1 02	Annað en kennsla	8 693	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Kennsluhúsnæði	1 100	
	Gjöld samtals		35 506
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 756	
52–58	Önnur gjöld	5 750	
5	Gjöld samtals	35 506	
4	Sértekjur	6 050	
	Mismunur		**29 456**
02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 411
1 01	Kennsla	33 067	
1 02	Annað en kennsla	16 344	
Stofnkostnaður:			27 100
6 01	Heimavist	23 100	
6 10	Bóknámshús og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		76 511
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 101	
52–58	Önnur gjöld	37 410	
5	Gjöld samtals	76 511	
4	Sértekjur	12 030	
	Mismunur		**64 481**
02–357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 612
1 01	Kennsla	60 132	
1 02	Annað en kennsla	20 480	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			28 500
6 01	Kennsluhúsnæði	28 500	
	Gjöld samtals		109 112
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 102	
52–58	Önnur gjöld	41 010	
5	Gjöld samtals	109 112	
4	Sértekjur	16 920	
	Mismunur		**92 192**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 073
1 01	Kennsla	18 358	
1 02	Annað en kennsla	7 715	
Stofnkostnaður:			19 800
6 01	Heimavist	15 800	
6 10	Kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		45 873
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 113	
52–58	Önnur gjöld	24 760	
5	Gjöld samtals	45 873	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**41 373**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 756
1 01	Kennsla	84 440	
1 02	Annað en kennsla	26 316	
Stofnkostnaður:			48 500
6 01	Nýbygging	48 500	
	Gjöld samtals		159 256

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 006	
52–58	Önnur gjöld	65 250	
5	Gjöld samtals	159 256	
4	Sértekjur	18 410	
	Mismunur		**140 846**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 260
1 01	Kennsla	40 595	
1 02	Annað en kennsla	15 665	
Stofnkostnaður:			3 700
6 01	Innrétting á húsnæði	3 700	
	Gjöld samtals		59 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52–58	Önnur gjöld	13 960	
5	Gjöld samtals	59 960	
4	Sértekjur	8 870	
	Mismunur		**51 090**

02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 925
1 01	Kennsla	7 442	
1 02	Annað en kennsla	4 483	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		13 925
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 465	
52–58	Önnur gjöld	4 460	
5	Gjöld samtals	13 925	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**11 425**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 607
1 01	Kennsla	7 368	
1 02	Annað en kennsla	4 239	
	Gjöld samtals		11 607
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 517	
52–58	Önnur gjöld	2 090	
5	Gjöld samtals	11 607	
4	Sértekjur	2 410	
	Mismunur		**9 197**
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 150
1 01	Skrifstofa	16 403	
1 10	Skólavörubúð	55 032	
1 11	Afgreiðsludeild	11 126	
1 20	Framleiðsludeild	81 124	
1 30	Fræðslumyndasafn	18 568	
1 40	Kennslumiðstöð	6 598	
1 60	Námsefnisgerð	34 299	
Stofnkostnaður:			17 200
6 01	Símstöð	12 200	
6 02	Innrétting húsnæðis	5 000	
	Gjöld samtals		240 350
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 810	
52–58	Önnur gjöld	192 540	
5	Gjöld samtals	240 350	
4	Sértekjur	60 030	
	Mismunur		**180 320**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–423 Námsstjórn og þróunarverkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 382
1 01	Námsstjórn og þróunarverkefni	25 382	
	Gjöld samtals		25 382
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 852	
52–58	Önnur gjöld	7 530	
5	Gjöld samtals		**25 382**
02–431 Iðnfræðsluráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 882
1 01	Iðnfræðsluráð	14 882	
	Gjöld samtals		14 882
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 462	
52–58	Önnur gjöld	3 420	
5	Gjöld samtals	14 882	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**14 772**
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 539
1 01	Tækniskóli Íslands	113 539	
Stofnkostnaður:			27 300
6 01	Kennslutæki	6 000	
6 02	Tækniskóli Íslands	21 300	
	Gjöld samtals		140 839
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 599	
52–58	Önnur gjöld	60 240	
5	Gjöld samtals	140 839	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**140 499**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 985
1 01	Kennsla	32 109	
1 02	Annað en kennsla	8 876	
Stofnkostnaður:			4 700
6 90	Tækjakaup	4 700	
	Gjöld samtals		45 685
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 845	
52–58	Önnur gjöld	9 840	
5	Gjöld samtals	45 685	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**45 455**
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 052
1 01	Kennsla	19 717	
1 02	Annað en kennsla	4 335	
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Kennslutæki	2 200	
	Gjöld samtals		26 252
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 212	
52–58	Önnur gjöld	5 040	
5	Gjöld samtals	26 252	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**25 912**
02–514 Iðnskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			267 134
1 01	Kennsla	220 250	
1 02	Annað en kennsla	46 884	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		270 134
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 684	
52–58	Önnur gjöld	34 450	
5	Gjöld samtals	270 134	
4	Sértekjur	72 890	
	Mismunur		**197 244**

02–515 Iðnnám, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 579
1 01	Iðnnám, almennt	25 579	
	Gjöld samtals		25 579
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 399	
52–58	Önnur gjöld	3 180	
5	Gjöld samtals		**25 579**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 508
1 01	Kennsla	27 881	
1 02	Annað en kennsla	8 627	
	Gjöld samtals		36 508
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 798	
52–58	Önnur gjöld	4 710	
5	Gjöld samtals	36 508	
4	Sértekjur	8 590	
	Mismunur		**27 918**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 828
1 01	Kennsla	11 093	
1 02	Annað en kennsla	13 735	
Stofnkostnaður:			2 300
6 01	Innréttingar	2 300	
	Gjöld samtals		27 128
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 948	
52–58	Önnur gjöld	14 180	
5	Gjöld samtals	27 128	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**25 638**
02–518 Fiskvinnsluskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 743
1 01	Kennsla	9 514	
1 02	Annað en kennsla	10 229	
Stofnkostnaður:			23 400
6 01	Tæki og búnaður	23 400	
	Gjöld samtals		43 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 083	
52–58	Önnur gjöld	32 060	
5	Gjöld samtals	43 143	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**39 143**
02–522 Nýi hjúkrunarskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 926
1 01	Kennsla	6 405	
1 02	Annað en kennsla	2 521	
	Gjöld samtals		8 926

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 486	
52–58	Önnur gjöld	1 440	
5	Gjöld samtals		**8 926**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 627
1 01	Kennsla	21 186	
1 02	Annað en kennsla	8 441	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Lóðaframkvæmdir	2 000	
	Gjöld samtals		31 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 277	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	31 627	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**31 287**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 158
1 01	Hússtjórnarskólar	17 158	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 90	Viðhald, óskipt	6 200	
	Gjöld samtals		23 358
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 268	
52–58	Önnur gjöld	10 090	
5	Gjöld samtals	23 358	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**21 648**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 773
1 01	Kennsla	32 253	
1 02	Annað en kennsla	34 520	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1 000	
	Gjöld samtals		67 773
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 513	
52–58	Önnur gjöld	27 260	
5	Gjöld samtals	67 773	
4	Sértekjur	25 290	
	Mismunur		**42 483**
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 985
1 01	Kennsla	8 496	
1 02	Annað en kennsla	13 489	
	Gjöld samtals		21 985
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 245	
52–58	Önnur gjöld	7 740	
5	Gjöld samtals	21 985	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 275**
02–563 Tónlistarfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			214 751
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	22 318	
1 20	Aðrir tónlistarskólar	192 433	
	Gjöld samtals		214 751

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	214 751	
5	Gjöld samtals		**214 751**

02–571 Sjómannaskólahúsið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 756
1 01	Sjómannaskólahúsið	14 756	
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 01	Fasteign	3 600	
Stofnkostnaður:			7 100
6 01	Eldvarnir	7 100	
	Gjöld samtals		25 456
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 046	
52–58	Önnur gjöld	17 410	
5	Gjöld samtals	25 456	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**24 886**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 348
1 01	Kennsla	12 829	
1 02	Annað en kennsla	14 519	
	Gjöld samtals		27 348
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 978	
52–58	Önnur gjöld	12 370	
5	Gjöld samtals	27 348	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**26 208**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–581	**Verslunarskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 616
1 01	Verslunarskóli Íslands	137 616	
	Gjöld samtals		137 616
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 806	
52–58	Önnur gjöld	36 810	
5	Gjöld samtals		**137 616**
02–601	**Héraðsskólinn Reykholti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 762
1 01	Kennsla	13 728	
1 02	Annað en kennsla	6 034	
	Gjöld samtals		19 762
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 782	
52–58	Önnur gjöld	3 980	
5	Gjöld samtals	19 762	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**19 492**
02–602	**Héraðsskólinn Núpi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 768
1 01	Kennsla	6 800	
1 02	Annað en kennsla	7 968	
	Gjöld samtals		14 768
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 978	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
5	Gjöld samtals	14 768	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**14 178**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–603	**Héraðsskólinn Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 774
1 01	Kennsla	8 231	
1 02	Annað en kennsla	6 543	
	Gjöld samtals		14 774
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 414	
52–58	Önnur gjöld	4 360	
5	Gjöld samtals	14 774	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**14 204**
02–604	**Héraðsskólinn Reykjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 521
1 02	Annað en kennsla	13 521	
	Gjöld samtals		13 521
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 991	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals		**13 521**
02–605	**Alþýðuskólinn Eiðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 399
1 01	Kennsla	14 310	
1 02	Annað en kennsla	10 089	
	Gjöld samtals		24 399
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 079	
52–58	Önnur gjöld	7 320	
5	Gjöld samtals	24 399	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**23 139**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–606 Héraðsskólinn Skógum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 463
1 01	Kennsla	9 198	
1 02	Annað en kennsla	7 265	
	Gjöld samtals		16 463
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 533	
52–58	Önnur gjöld	4 930	
5	Gjöld samtals	16 463	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**15 953**
02–607 Héraðsskólinn Laugarvatni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 919
1 01	Kennsla	6 833	
1 02	Annað en kennsla	5 086	
	Gjöld samtals		11 919
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 229	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals	11 919	
4	Sértekjur	740	
	Mismunur		**11 179**
02–609 Héraðsskólinn Laugum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 209
1 01	Kennsla	17 043	
1 02	Annað en kennsla	7 166	
	Gjöld samtals		24 209

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 679	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals	24 209	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**23 679**

02–610 Héraðsskólar almennt

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	4 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 90	Stofnkostnaður	26 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

02–621 Skálholtsskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 016
1 01	Kennsla	4 225	
1 02	Annað en kennsla	2 791	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Skálholtsskóli, fasteign	4 900	
	Gjöld samtals		11 916
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 656	
52–58	Önnur gjöld	7 260	
5	Gjöld samtals		**11 916**

02–700 Grunnskólar, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 001 146
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 001 146	
	Gjöld samtals		1 001 146

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	976 266	
52–58	Önnur gjöld	24 880	
5	Gjöld samtals		**1 001 146**

02–701 Grunnskólar, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			809 313
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	809 313	
	Gjöld samtals		809 313
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	761 343	
52–58	Önnur gjöld	44 740	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 230	
5	Gjöld samtals		**809 313**

02–703 Grunnskólar, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 932
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	300 932	
	Gjöld samtals		300 932
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	265 072	
52–58	Önnur gjöld	34 220	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 640	
5	Gjöld samtals		**300 932**

02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			193 245
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	193 245	
	Gjöld samtals		193 245

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	172 205	
52–58	Önnur gjöld	19 810	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 230	
5	Gjöld samtals		**193 245**

02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 191
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	234 191	
	Gjöld samtals		234 191
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	193 611	
52–58	Önnur gjöld	39 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 380	
5	Gjöld samtals		**234 191**

02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			457 548
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	457 548	
	Gjöld samtals		457 548
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	412 898	
52–58	Önnur gjöld	42 670	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 980	
5	Gjöld samtals		**457 548**

02–707 Grunnskólar, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			253 643
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	253 643	
	Gjöld samtals		253 643

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	228 143	
52–58	Önnur gjöld	23 980	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 520	
5	Gjöld samtals		**253 643**

02–708 Grunnskólar, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			388 965
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	388 965	
	Gjöld samtals		388 965
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	328 165	
52–58	Önnur gjöld	59 020	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 780	
5	Gjöld samtals		**388 965**

02–720 Grunnskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			243 328
1 10	Framhaldsdeildir í grunnskólum	9 778	
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	2 317	
1 13	Sundskylda í skólum	20 000	
1 14	Skíðakennsla í skólum	400	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	2 670	
1 21	Unglingaheimili, skóli	5 513	
1 30	Safnakennsla	2 173	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	3 000	
1 40	Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum	10 696	
1 50	Orlof kennara	8 639	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	9 633	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	8 580	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	12 182	
1 81	Forskólakennsla í grunnskólum	15 075	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	4 257	
1 84	Umsjón með bekkjardeildum o.fl.	59 407	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	590	
1 87	Áfanga- og fagstjórn	54 249	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	5 010	
1 90	Grunnskólar, óskipt	9 159	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 400
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 400	
	Gjöld samtals		249 728
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	194 798	
52–58	Önnur gjöld	20 720	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	20 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 210	
5	Gjöld samtals		**249 728**

02–730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 90	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

02–750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			301 367
1 10	Öskjuhlíðarskóli	69 358	
1 21	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	5 082	
1 22	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4 053	
1 31	Þjálfunarskóli Kópavogshælis	27 955	
1 32	Þjálfunarskólinn Sólheimum	2 547	
1 33	Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala	17 573	
1 34	Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf	14 271	
1 35	Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri	39 322	
1 36	Þjálfunarskóli Tjaldanesi	2 462	
1 37	Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg)	17 638	
1 38	Þjálfunarskóli Dalbraut	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 40	Dagvist forskólabarna	57 467	
1 50	Sameiginleg þjónusta	33 070	
1 60	Almennt	7 569	
	Gjöld samtals		301 367
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	198 327	
52–58	Önnur gjöld	34 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	52 770	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 380	
5	Gjöld samtals	301 367	
4	Sértekjur	2 240	
	Mismunur		**299 127**

02–799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 845
1 01	Heyrnleysingjaskólinn	32 642	
1 02	Annað en kennsla	16 203	
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Endurbætur	6 100	
	Gjöld samtals		54 945
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 735	
52–58	Önnur gjöld	13 210	
5	Gjöld samtals	54 945	
4	Sértekjur	310	
	Mismunur		**54 635**

02–802 Vernd barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 907
1 10	Barnaverndarráð Íslands	8 317	
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	4 590	
	Gjöld samtals		12 907

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 317	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 590	
5	Gjöld samtals		**12 907**

02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			95 000
6 90	Dagvistarheimili, stofnkostnaður	95 000	
	Gjöld samtals		95 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	95 000	
5	Gjöld samtals		**95 000**

02–871 Unglingaheimili ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Unglingaheimili ríkisins	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	24 400	
5	Gjöld samtals		**24 400**

02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 617 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617 000	
	Gjöld samtals		1 617 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 617 000	
5	Gjöld samtals		**1 617 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–881 Náms- og fræðimenn, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 750
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	4 600	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	400	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	1 950	
1 16	Upplýsingastofa námsmanna	880	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 360	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	4 560	
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		20 750
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	410	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 340	
5	Gjöld samtals		**20 750**
02–883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 238
1 10	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	776	
1 20	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	1 462	
	Gjöld samtals		2 238
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 238	
5	Gjöld samtals		**2 238**
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 01	Jöfnun á námskostnaði	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–885 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 700
1 20	Bréfaskólinn	1 870	
1 30	Námsflokkar	230	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	370	
1 80	Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	230	
	Gjöld samtals		2 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	230	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 240	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	230	
5	Gjöld samtals		**2 700**
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 568
1 01	Landsbókasafn Íslands	31 568	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		38 568
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 958	
52–58	Önnur gjöld	14 610	
5	Gjöld samtals	38 568	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**37 658**
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 310
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	32 310	
Viðhaldsverkefni:			14 600
5 01	Húseign við Suðurgötu	8 400	
5 90	Verndun gamalla húsa	6 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	1 000	
6 02	Endurbætur	3 000	
	Gjöld samtals		50 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 680	
52–58	Önnur gjöld	26 230	
5	Gjöld samtals	50 910	
4	Sértekjur	430	
	Mismunur		**50 480**

02–903 Þjóðskjalasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 412
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	27 412	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Innréttingar	10 000	
	Gjöld samtals		37 412
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 932	
52–58	Önnur gjöld	23 480	
5	Gjöld samtals	37 412	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**36 272**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 544
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	4 544	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald fasteignar	500	
	Gjöld samtals		5 044

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 284	
52–58	Önnur gjöld	1 760	
5	Gjöld samtals		**5 044**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 055
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	3 055	
	Gjöld samtals		3 055
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 375	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals	3 055	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**2 825**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 375
1 01	Listasafn Íslands	24 235	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 140	
Stofnkostnaður:			27 100
6 01	Listaverkakaup	7 400	
6 20	Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7	19 700	
	Gjöld samtals		53 475
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 095	
52–58	Önnur gjöld	37 380	
5	Gjöld samtals	53 475	
4	Sértekjur	1 520	
	Mismunur		**51 955**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–908 Kvikmyndasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 833
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	5 833	
	Gjöld samtals		5 833
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 613	
52–58	Önnur gjöld	4 220	
5	Gjöld samtals		**5 833**
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 137
1 01	Blindrabókasafn Íslands	17 137	
	Gjöld samtals		17 137
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 267	
52–58	Önnur gjöld	7 870	
5	Gjöld samtals		**17 137**
02–931 Náttúruverndarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 943
1 01	Náttúruverndarráð	9 657	
1 02	Fræðslustarfsemi	1 120	
1 20	Friðlýsingarsjóður	1 900	
1 30	Eftirlit við Mývatn og Laxá	1 006	
1 31	Rannsóknastörf við Mývatn	2 853	
1 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	6 295	
1 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	3 854	
1 34	Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	3 658	
1 50	Sérfræðirannsóknir við Mývatn	10 600	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 34	Viðhaldsfé, óskipt	1 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 400
6 31	Rannsóknastörf við Mývatn	1 000	
6 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	1 300	
6 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	1 100	
	Gjöld samtals		45 543
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 843	
52–58	Önnur gjöld	32 700	
5	Gjöld samtals	45 543	
4	Sértekjur	12 790	
	Mismunur		**32 753**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 000
1 01	Þjóðleikhús	171 000	
	Gjöld samtals		171 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	171 000	
5	Gjöld samtals		**171 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	67 000	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	67 000	
5	Gjöld samtals		**67 000**

02–975 Vísindasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 030
1 01	Vísindaráð	5 030	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Vísindasjóður, framlag	10 000	
	Gjöld samtals		15 030
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 030	
5	Gjöld samtals		**15 030**

02–976 Menningarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Menningarsjóður, framlag	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

02–977 Þjóðarbókhlaða

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			90 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	90 000	
	Gjöld samtals		90 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	90 000	
5	Gjöld samtals		**90 000**

02–980 Listskreytingasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Listskreytingasjóður	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–981	**Kvikmyndasjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 01	Kvikmyndasjóður	71 000	
	Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	71 000	
5	Gjöld samtals		**71 000**
02–982	**Listir, framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 700
1 10	Listamannalaun	7 000	
1 11	Launasjóður rithöfunda	20 000	
1 12	Starfslaun listamanna	18 000	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	7 200	
1 15	Þýðingarsjóður	4 600	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	12 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	11 000	
1 22	Leiklistarstarfsemi	12 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 770	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	4 500	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	7 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	12 000	
1 31	Íslenski dansflokkurinn	2 500	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	2 500	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 000	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	5 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	2 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	3 800	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	3 800	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 46	Listasafn ASÍ	2 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	7 500	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 000	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	400	
1 74	Listkynning, styrkir	400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	14 000	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 80	Listahátíð	1 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	300	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		183 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	183 700	
5	Gjöld samtals		**183 700**

02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 872
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 310	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknarleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	8 662	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
	Gjöld samtals		11 872
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 662	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 210	
5	Gjöld samtals		**11 872**

02–984 Norræn samvinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 050
1 10	Norrænt samstarf	660	
1 11	Norræna félagið	490	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	400	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	70	
1 20	Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	230	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	740	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	460	
	Gjöld samtals		3 050

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 050	
5	Gjöld samtals		**3 050**

02–985 Félagsheimilasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Félagsheimilasjóður	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–986 Íþróttasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			45 000
6 20	Bygging íþróttamannvirkja	45 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 540
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 280	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	8 090	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	4 220	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns	1 500	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	570	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	1 380	
	Gjöld samtals		17 540

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 540	
5	Gjöld samtals		**17 540**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 590
1 10	Íþróttasamband Íslands	21 420	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 930	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	2 620	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	
1 21	Skáksamband Íslands	1 280	
1 22	Stórmeistarar í skák	4 560	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 25	Skákskólinn	400	
1 30	Bridgesamband Íslands	520	
1 40	Ýmis framlög vegna íþróttamála	2 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		42 590
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	42 590	
5	Gjöld samtals		**42 590**

02–991 Húsfriðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			230
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	230	
Stofnkostnaður:			11 900
6 10	Húsfriðunarsjóður	2 700	
6 20	Nesstofa	800	
6 40	Byggða- og minjasöfn	5 800	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	2 600	
	Gjöld samtals		12 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 130	
5	Gjöld samtals		**12 130**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 920
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	330	
1 31	Geysir í Haukadal	980	
1 42	Reykholtsstaður	400	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	1 480	
1 60	Evreka	3 620	
1 70	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	2 620	
1 71	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	3 300	
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	140	
1 90	Söfn, styrkir	1 730	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	1 530	
1 92	Ýmis framlög	8 890	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 110	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	750	
Stofnkostnaður:			12 000
6 24	Safnastofnun Austurlands	3 500	
6 43	Skriðuklaustur	4 000	
6 72	Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður	4 500	
	Gjöld samtals		44 920
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 920	
5	Gjöld samtals		**44 920**
	Samtals		12 324 088

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			188 539
1 01	Yfirstjórn	101 780	
1 10	Kjörræðismenn	870	
1 20	Samningar við erlend ríki	1 310	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	15 070	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	4 600	
1 31	Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	480	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	51 329	
1 51	Útflutningsráð Íslands	13 100	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tölvubúnaður	1 500	
	Gjöld samtals		190 039
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 819	
52–58	Önnur gjöld	121 120	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 100	
5	Gjöld samtals		**190 039**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 515
1 01	Varnarmálaskrifstofa	26 928	
1 02	Fulltrúi í Brussel	3 587	
	Gjöld samtals		30 515

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 375	
52–58	Önnur gjöld	11 140	
5	Gjöld samtals	30 515	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**29 085**

03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 517
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	46 517	
	Gjöld samtals		46 517
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 997	
52–58	Önnur gjöld	5 020	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	37 500	
5	Gjöld samtals		**46 517**

03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			175 470
1 01	Yfirstjórn	13 964	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	71 059	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	88 604	
1 30	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	1 843	
Stofnkostnaður:			1 800
6 10	Bifreiðakaup o.fl.	900	
6 20	Fjarskiptabúnaður o.fl.	300	
6 30	Tölvubúnaður o.fl.	600	
	Gjöld samtals		177 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 100	
52–58	Önnur gjöld	37 170	
5	Gjöld samtals	177 270	
4	Sértekjur	18 470	
	Mismunur		**158 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–301	**Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 010
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	15 010	
	Gjöld samtals		15 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 690	
52–58	Önnur gjöld	4 320	
5	Gjöld samtals		**15 010**
03–302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 595
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	19 595	
	Gjöld samtals		19 595
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 035	
52–58	Önnur gjöld	7 560	
5	Gjöld samtals		**19 595**
03–303	**Sendiráð Íslands í London**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 859
1 01	Sendiráð Íslands í London	20 859	
	Gjöld samtals		20 859
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 389	
52–58	Önnur gjöld	8 470	
5	Gjöld samtals		**20 859**
03–304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 580
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	20 580	
	Gjöld samtals		20 580

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 740	
52–58	Önnur gjöld	6 840	
5	Gjöld samtals		**20 580**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 125
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	17 125	
	Gjöld samtals		17 125
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 225	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**17 125**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 598
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	24 598	
	Gjöld samtals		24 598
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 588	
52–58	Önnur gjöld	10 010	
5	Gjöld samtals		**24 598**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 180
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	14 180	
	Gjöld samtals		14 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 930	
52–58	Önnur gjöld	4 250	
5	Gjöld samtals		**14 180**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308	**Sendiráð Íslands í Washington**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		22 101
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	22 101	
	Gjöld samtals		22 101
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	14 101	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**22 101**
03–309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		28 638
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	28 638	
	Gjöld samtals		28 638
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	13 868	
52–58	Önnur gjöld	14 770	
5	Gjöld samtals		**28 638**
03–310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		13 377
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	13 377	
	Gjöld samtals		13 377
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	7 857	
52–58	Önnur gjöld	5 520	
5	Gjöld samtals		**13 377**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 674
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	20 674	
	Gjöld samtals		20 674
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 584	
52–58	Önnur gjöld	7 090	
5	Gjöld samtals		**20 674**
03–312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 869
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	22 869	
	Gjöld samtals		22 869
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 849	
52–58	Önnur gjöld	9 020	
5	Gjöld samtals		**22 869**
03–313	**Sendiráð, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			7 300
5 90	Viðhald sendiráða	7 300	
Stofnkostnaður:			4 900
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	4 900	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 810
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	60 000	
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	11 540	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	3 660	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	10 760	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	1 550	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	680	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 690	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	460	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	530	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	1 370	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	290	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	280	
	Gjöld samtals		92 810
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	92 810	
5	Gjöld samtals		**92 810**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550
1 30	Lögberg-Heimskringla	320	
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	230	
	Gjöld samtals		550
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	550	
5	Gjöld samtals		**550**
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 640
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	10 620	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	4 660	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	2 420	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3 660	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	3 080	
1 16	GATT	2 370	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	760	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	580	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	530	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	40	
1 27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	730	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	310	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	1 340	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	3 300	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	70	
1 33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	20	
1 34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	20	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	700	
1 36	Bernarsambandið	410	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	1 210	
1 39	Evrópuráðið	4 440	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	5 910	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	17 320	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	8 370	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	240	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	560	
1 46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	30	
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	50	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	3 220	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	200	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 480	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	120	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	110	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 230	
	Gjöld samtals		80 640

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	80 640	
5	Gjöld samtals		**80 640**
	Samtals		850 247

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 953
1 01	Yfirstjórn	44 953	
	Gjöld samtals		44 953
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 263	
52–58	Önnur gjöld	21 690	
5	Gjöld samtals		**44 953**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 700
6 01	Jarðeignir ríkisins	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 700	
5	Gjöld samtals		**15 700**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðasjóður	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 800
1 90	Búnaðarfélag Íslands	63 800	
	Gjöld samtals		63 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	63 800	
5	Gjöld samtals		**63 800**
04–205 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 670
1 90	Veiðistjóri	13 670	
	Gjöld samtals		13 670
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 670	
5	Gjöld samtals		**13 670**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 640
1 90	Aðalstöðvar	81 390	
1 91	Tilraunastöðin Sámsstöðum	5 250	
1 92	Tilraunastöðvar, óskipt	9 000	
Stofnkostnaður:			7 400
6 90	Tækjakaup	5 700	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	1 700	
	Gjöld samtals		103 040
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	103 040	
5	Gjöld samtals		**103 040**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–231 Skógrækt ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 095
1 01	Almennur rekstur	103 305	
1 80	Tilraunir með rótarskóga	190	
1 81	Nytjaskógar	10 500	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	3 410	
1 83	Tilraunir með ræktun iðnviðar	1 200	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	1 490	
Viðhaldsverkefni:			2 800
5 01	Fasteignir	2 800	
Stofnkostnaður:			8 000
6 30	Vélar og tæki	2 600	
6 32	Fasteignir, óskipt	3 500	
6 33	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		130 895
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 355	
52–58	Önnur gjöld	52 750	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 910	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 880	
5	Gjöld samtals	130 895	
4	Sértekjur	50 110	
	Mismunur		**80 785**
04–235 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 328
1 10	Almenn landgræðsla	59 315	
1 60	Búrekstur	9 013	
Viðhaldsverkefni:			3 200
5 20	Viðhaldsfé, óskipt	3 200	
	Gjöld samtals		71 528

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 258	
52–58	Önnur gjöld	48 270	
5	Gjöld samtals	71 528	
4	Sértekjur	12 070	
	Mismunur		**59 458**

04–242 Mat á landbúnaðarafurðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 120
1 01	Mat á landbúnaðarafurðum	5 120	
	Gjöld samtals		5 120
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 610	
52–58	Önnur gjöld	2 510	
5	Gjöld samtals	5 120	
4	Sértekjur	5 120	
	Mismunur		

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			336 175
1 01	Sauðfjárveikivarnir	336 175	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Varnargirðingar	3 700	
	Gjöld samtals		339 875
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 775	
52–58	Önnur gjöld	7 380	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	319 720	
5	Gjöld samtals		**339 875**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 744
1 01	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5 744	
	Gjöld samtals		5 744
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 304	
52–58	Önnur gjöld	440	
5	Gjöld samtals		**5 744**
04–246 Veiðimálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 010
1 40	Laxeldisstöðin í Kollafirði	1 000	
1 90	Veiðimálastofnun	26 010	
	Gjöld samtals		27 010
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	26 010	
5	Gjöld samtals		**27 010**
04–247 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 507
1 01	Yfirstjórn	3 543	
1 20	Héraðsdýralæknar	34 032	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	4 593	
1 40	Dýralæknir loðdýra	1 899	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	440	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 400	
	Gjöld samtals		48 907

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 737	
52–58	Önnur gjöld	9 170	
5	Gjöld samtals	48 907	
4	Sértekjur	4 220	
	Mismunur		**44 687**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			67 800
6 20	Landgræðsluáætlun, RALA	4 600	
6 30	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	11 400	
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	49 000	
6 50	Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	2 800	
	Gjöld samtals		67 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	67 800	
5	Gjöld samtals		**67 800**

04–271 Landgræðslusjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		1 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 900	
5	Gjöld samtals		**1 900**

04–272 Einangrunarstöð í Hrísey

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 380
1 01	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 380	
Stofnkostnaður:			800
6 02	Einangrunarstarfsemi, önnur	800	
	Gjöld samtals		3 180

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	3 180	
5	Gjöld samtals		**3 180**

04–287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 830
1 01	Stofnlánadeild landbúnaðarins	38 830	
	Gjöld samtals		38 830
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 830	
5	Gjöld samtals		**38 830**

04–288 Jarðræktarlög, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 714
1 10	Ráðunautar	22 714	
Stofnkostnaður:			100 000
6 20	Jarðræktarframlög o.fl.	100 000	
	Gjöld samtals		122 714
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 714	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
5	Gjöld samtals		**122 714**

04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			453 080
1 10	Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	383 080	
1 20	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	70 000	
	Gjöld samtals		453 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	383 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	70 000	
5	Gjöld samtals		**453 080**

04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	610 000	
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	490 000	
	Gjöld samtals		1 100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100 000	
5	Gjöld samtals		**1 100 000**

04–291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 627
1 01	Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973	18 627	
	Gjöld samtals		18 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 627	
5	Gjöld samtals		**18 627**

04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 270
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 270	
1 22	Ýmis verkefni	6 000	
	Gjöld samtals		7 270
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 270	
5	Gjöld samtals		**7 270**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 533
1 01	Yfirstjórn	12 374	
1 30	Rekstur skóla	50 539	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	4 797	
1 50	Búrekstur	17 823	
Viðhaldsverkefni:			3 800
5 01	Fasteignir	3 800	
Stofnkostnaður:			12 500
6 01	Fasteignir og lóðir	8 500	
6 10	Hundrað ára afmæli, framlag	4 000	
	Gjöld samtals		101 833
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 023	
52–58	Önnur gjöld	55 810	
5	Gjöld samtals	101 833	
4	Sértekjur	33 930	
	Mismunur		**67 903**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 026
1 01	Bændaskólinn á Hólum	49 026	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 01	Fasteignir	6 000	
Stofnkostnaður:			900
6 02	Vélar og áhöld	900	
	Gjöld samtals		55 926
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 566	
52–58	Önnur gjöld	28 360	
5	Gjöld samtals	55 926	
4	Sértekjur	9 540	
	Mismunur		**46 386**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 041
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	29 992	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	2 049	
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Fasteignir, gróðurhús	2 500	
Stofnkostnaður:			4 900
6 01	Fasteignir, óskipt	4 000	
6 10	Tækjakaup	900	
	Gjöld samtals		39 441
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 461	
52–58	Önnur gjöld	16 980	
5	Gjöld samtals	39 441	
4	Sértekjur	2 750	
	Mismunur		**36 691**
	Samtals		2 778 103

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 987
1 01	Yfirstjórn	48 987	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Stofnkostnaður	2 100	
	Gjöld samtals		51 087
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 347	
52–58	Önnur gjöld	22 740	
5	Gjöld samtals	51 087	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**50 987**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 920
1 90	Fiskifélag Íslands	37 920	
	Gjöld samtals		37 920
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	37 920	
5	Gjöld samtals		**37 920**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			333 345
1 01	Yfirstjórn	39 472	
1 10	Rannsóknasvið	76 336	
1 11	Raftæknideild	7 020	
1 19	Tímabundin verkefni	15 294	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Útibú á Húsavík	2 487	
1 21	Útibú á Höfn í Hornafirði	1 971	
1 22	Útibú á Ísafirði	2 797	
1 23	Útibú í Ólafsvík	2 472	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	2 555	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	43 576	
1 32	R/s Árni Friðriksson	36 715	
1 33	R/s Dröfn	21 502	
1 36	Veiðarfærakostnaður	13 689	
1 39	Annar skiparekstur	27 540	
1 40	Hvalarannsóknir	25 600	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	8 219	
1 42	Aflaskýrslur	1 150	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	4 950	
Viðhaldsverkefni:			25 700
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	15 600	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	7 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	1 900	
5 90	Viðhald, óskipt	1 200	
Stofnkostnaður:			35 900
6 31	Búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	1 300	
6 32	Búnaður í r/s Árna Friðriksson	26 000	
6 33	Búnaður í r/s Dröfn	3 600	
6 90	Búnaður deilda og útibúa	5 000	
	Gjöld samtals		394 945
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	183 145	
52–58	Önnur gjöld	211 800	
5	Gjöld samtals	394 945	
4	Sértekjur	51 760	
	Mismunur		**343 185**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 640
1 90	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	59 640	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 100
6 10	Tæki og búnaður	10 100	
	Gjöld samtals		69 740
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	69 740	
5	Gjöld samtals		**69 740**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 885
1 01	Ríkismat sjávarafurða	76 885	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Bifreiðakaup	1 100	
	Gjöld samtals		77 985
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 085	
52–58	Önnur gjöld	34 900	
5	Gjöld samtals	77 985	
4	Sértekjur	19 720	
	Mismunur		**58 265**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 979
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	4 979	
	Gjöld samtals		4 979
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 449	
52–58	Önnur gjöld	1 530	
5	Gjöld samtals		**4 979**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–280	**Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			937 000
1 01	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	937 000	
	Gjöld samtals		937 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	937 000	
5	Gjöld samtals		**937 000**
05–290	**Veiðieftirlit**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 783
1 01	Veiðieftirlit	39 783	
	Gjöld samtals		39 783
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 863	
52–58	Önnur gjöld	11 920	
5	Gjöld samtals		**39 783**
05–298	**Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 380
1 01	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	6 380	
	Gjöld samtals		6 380
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 380	
5	Gjöld samtals		**6 380**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–299	**Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 540
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	2 600	
1 23	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	240	
1 31	Stjórn fiskveiða	7 970	
1 32	Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	25 730	
	Gjöld samtals		36 540
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 150	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	33 390	
5	Gjöld samtals		**36 540**
05–901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 769
1 01	Yfirstjórn	19 068	
1 30	Keldnaholt	24 701	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	4 400	
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		48 669
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 529	
52–58	Önnur gjöld	29 140	
5	Gjöld samtals	48 669	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**47 409**
	Samtals		1 632 188

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 931
1 01	Yfirstjórn	63 931	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		64 931
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 921	
52–58	Önnur gjöld	22 010	
5	Gjöld samtals		**64 931**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 349
1 01	Stjórnartíðindi	15 349	
	Gjöld samtals		15 349
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 059	
52–58	Önnur gjöld	13 290	
5	Gjöld samtals	15 349	
4	Sértekjur	7 770	
	Mismunur		**7 579**
06–201 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 115
1 01	Yfirstjórn	10 807	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	9 868	
1 03	Ljósprentun Hæstaréttardóma	1 440	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			600
5 01	Viðhald fasteigna	600	
	Gjöld samtals		22 715
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 925	
52–58	Önnur gjöld	14 790	
5	Gjöld samtals	22 715	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**21 005**

06–202 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 116
1 01	Ríkissaksóknari	32 116	
	Gjöld samtals		32 116
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 526	
52–58	Önnur gjöld	8 590	
5	Gjöld samtals		**32 116**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 779
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	46 779	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og húsbúnaður	2 700	
	Gjöld samtals		49 479
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 009	
52–58	Önnur gjöld	11 470	
5	Gjöld samtals	49 479	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**48 949**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–204	**Borgarfógetinn í Reykjavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		68 177
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	68 177	
	Gjöld samtals		68 177
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	48 477	
52–58	Önnur gjöld	19 700	
5	Gjöld samtals	68 177	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**67 607**
06–205	**Sakadómur Reykjavíkur**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		47 992
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	47 992	
	Gjöld samtals		47 992
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	39 802	
52–58	Önnur gjöld	8 190	
5	Gjöld samtals		**47 992**
06–206	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		648 036
1 01	Yfirstjórn	42 257	
1 02	Sími og fjarskipti	6 060	
1 20	Almenn löggæsla	525 945	
1 21	Eftirlit á vegum	5 100	
1 22	Fangaklefar	12 837	
1 24	Eftirlit með vínveitingahúsum	3 280	
1 30	Útlendingaeftirlit	11 409	
1 40	Mötuneyti	17 855	
1 60	Aðallögreglustöð	23 293	
	Viðhaldsverkefni:		13 500
5 60	Aðallögreglustöð, viðhald	13 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			23 900
6 01	Tæki og búnaður	2 900	
6 02	Sími og fjarskipti	4 100	
6 60	Aðallögreglustöð	3 000	
6 80	Bifreiðar o.fl.	13 900	
	Gjöld samtals		685 436
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	492 636	
52–58	Önnur gjöld	192 800	
5	Gjöld samtals	685 436	
4	Sértekjur	52 960	
	Mismunur		**632 476**

06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 239
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	121 239	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		126 239
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 589	
52–58	Önnur gjöld	25 650	
5	Gjöld samtals	126 239	
4	Sértekjur	1 390	
	Mismunur		**124 849**

06–209 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 684
1 01	Yfirstjórn	14 032	
1 10	Námskostnaður	20 652	
Stofnkostnaður:			3 300
6 01	Tæki og búnaður	3 300	
	Gjöld samtals		37 984

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 894	
52–58	Önnur gjöld	23 090	
5	Gjöld samtals		**37 984**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 840
1 10	Sýslumenn og bæjarfógetar	8 840	
Viðhaldsverkefni:			10 500
5 50	Fasteignir	10 500	
Stofnkostnaður:			14 000
6 10	Tæki og búnaður	14 000	
	Gjöld samtals		33 340
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 340	
5	Gjöld samtals		**33 340**

06–212 Bæjarfógeti Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 960
1 01	Yfirstjórn	16 523	
1 20	Löggæsla	26 437	
Stofnkostnaður:			7 500
6 10	Innrétting lögreglustöðvar	7 500	
	Gjöld samtals		50 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 620	
52–58	Önnur gjöld	15 840	
5	Gjöld samtals	50 460	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**49 030**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–213 Sýslumaður Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 524
1 01	Yfirstjórn	16 752	
1 20	Löggæsla	16 779	
1 30	Hreppstjórar	993	
	Gjöld samtals		34 524
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 324	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	34 524	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**34 064**
06–214 Sýslumaður Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 228
1 01	Yfirstjórn	16 886	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	10 215	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	6 434	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	10 907	
1 30	Hreppstjórar	786	
	Gjöld samtals		45 228
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 808	
52–58	Önnur gjöld	11 420	
5	Gjöld samtals	45 228	
4	Sértekjur	1 150	
	Mismunur		**44 078**
06–215 Sýslumaður Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 539
1 01	Yfirstjórn	6 442	
1 20	Löggæsla	2 633	
1 30	Hreppstjórar	464	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			600
6 50	Stjórnsýsluhús	600	
	Gjöld samtals		10 139
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 059	
52–58	Önnur gjöld	3 080	
5	Gjöld samtals	10 139	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**9 959**

06–216 Sýslumaður Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 891
1 01	Yfirstjórn	11 856	
1 20	Löggæsla	12 316	
1 30	Hreppstjórar	719	
Stofnkostnaður:			5 700
6 10	Viðbygging	5 700	
	Gjöld samtals		30 591
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 851	
52–58	Önnur gjöld	11 740	
5	Gjöld samtals	30 591	
4	Sértekjur	630	
	Mismunur		**29 961**

06–217 Bæjarfógeti Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 850
1 01	Yfirstjórn	6 011	
1 20	Löggæsla	6 839	
	Gjöld samtals		12 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 160	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals		**12 850**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 813
1 01	Yfirstjórn	23 209	
1 20	Löggæsla	30 810	
1 30	Hreppstjórar	794	
	Gjöld samtals		54 813
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 343	
52–58	Önnur gjöld	14 470	
5	Gjöld samtals	54 813	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**52 913**
06–219 Sýslumaður Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 896
1 01	Yfirstjórn	5 674	
1 20	Löggæsla	2 710	
1 30	Hreppstjórar	512	
	Gjöld samtals		8 896
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 516	
52–58	Önnur gjöld	2 380	
5	Gjöld samtals	8 896	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**8 656**
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 059
1 01	Yfirstjórn	15 235	
1 20	Löggæsla	16 643	
1 30	Hreppstjórar	1 181	
	Gjöld samtals		33 059

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 919	
52–58	Önnur gjöld	9 140	
5	Gjöld samtals	33 059	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**32 659**

06–222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 878
1 01	Yfirstjórn	14 935	
1 20	Löggæsla	19 151	
1 30	Hreppstjórar	792	
Stofnkostnaður:			9 200
6 10	Nýbygging	9 200	
	Gjöld samtals		44 078
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 788	
52–58	Önnur gjöld	16 290	
5	Gjöld samtals	44 078	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**43 848**

06–223 Bæjarfógeti Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 632
1 01	Yfirstjórn	9 140	
1 20	Löggæsla	10 492	
Stofnkostnaður:			19 100
6 10	Nýbygging	19 100	
	Gjöld samtals		38 732

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 742	
52–58	Önnur gjöld	22 990	
5	Gjöld samtals	38 732	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**38 432**

06–224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 963
1 01	Yfirstjórn	5 643	
1 20	Löggæsla	6 320	
	Gjöld samtals		11 963
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 143	
52–58	Önnur gjöld	2 820	
5	Gjöld samtals	11 963	
4	Sértekjur	150	
	Mismunur		**11 813**

06–225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 260
1 01	Yfirstjórn	43 893	
1 20	Löggæsla Akureyri	65 370	
1 21	Löggæsla Dalvík	6 179	
1 30	Hreppstjórar	818	
	Gjöld samtals		116 260
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 920	
52–58	Önnur gjöld	24 340	
5	Gjöld samtals	116 260	
4	Sértekjur	620	
	Mismunur		**115 640**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 743
1 01	Yfirstjórn	21 950	
1 20	Löggæsla Húsavík	19 798	
1 21	Löggæsla Raufarhöfn	5 864	
1 22	Löggæsla Þórshöfn	5 482	
1 30	Hreppstjórar	1 649	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Nýbygging	2 700	
	Gjöld samtals		57 443
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 423	
52–58	Önnur gjöld	17 020	
5	Gjöld samtals	57 443	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**56 533**
06–227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 991
1 01	Yfirstjórn	14 166	
1 20	Löggæsla Seyðisfirði	8 070	
1 21	Löggæsla Vopnafirði	5 025	
1 30	Hreppstjórar	730	
	Gjöld samtals		27 991
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 861	
52–58	Önnur gjöld	7 130	
5	Gjöld samtals	27 991	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**27 601**
06–228 Bæjarfógeti Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 146
1 01	Yfirstjórn	8 235	
1 20	Löggæsla	5 911	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 20	Lögreglustöð	1 300	
	Gjöld samtals		15 446
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 126	
52–58	Önnur gjöld	5 320	
5	Gjöld samtals	15 446	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**15 336**

06–229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 529
1 01	Yfirstjórn	17 884	
1 20	Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	9 066	
1 21	Löggæsla Egilsstöðum	8 335	
1 22	Löggæsla Fáskrúðsfirði	3 965	
1 23	Löggæsla Suðurfjörðum	1 037	
1 30	Hreppstjórar	1 242	
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Lögreglustöð Egilsstöðum	1 000	
	Gjöld samtals		42 529
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 569	
52–58	Önnur gjöld	11 960	
5	Gjöld samtals	42 529	
4	Sértekjur	930	
	Mismunur		**41 599**

06–230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 114
1 01	Yfirstjórn	9 266	
1 20	Löggæsla	9 321	
1 30	Hreppstjórar	527	
	Gjöld samtals		19 114

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 874	
52–58	Önnur gjöld	5 240	
5	Gjöld samtals	19 114	
4	Sértekjur	310	
	Mismunur		**18 804**

06–231 Sýslumaður Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 735
1 01	Yfirstjórn	7 755	
1 20	Löggæsla	3 486	
1 30	Hreppstjórar	494	
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Innréttingar o.fl.	2 500	
	Gjöld samtals		14 235
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 665	
52–58	Önnur gjöld	5 570	
5	Gjöld samtals	14 235	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**13 725**

06–232 Sýslumaður Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 266
1 01	Yfirstjórn	12 538	
1 20	Löggæsla	12 896	
1 30	Hreppstjórar	832	
	Gjöld samtals		26 266
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 296	
52–58	Önnur gjöld	6 970	
5	Gjöld samtals	26 266	
4	Sértekjur	940	
	Mismunur		**25 326**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 948
1 01	Yfirstjórn	18 496	
1 20	Löggæsla	26 452	
	Gjöld samtals		44 948
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 648	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	44 948	
4	Sértekjur	2 790	
	Mismunur		**42 158**
06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 803
1 01	Yfirstjórn	28 484	
1 20	Löggæsla	52 956	
1 30	Hreppstjórar	1 363	
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Lögreglustöð	11 000	
	Gjöld samtals		93 803
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 643	
52–58	Önnur gjöld	31 160	
5	Gjöld samtals	93 803	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**93 113**
06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 940
1 01	Yfirstjórn	42 749	
1 20	Löggæsla Keflavík og Njarðvík	71 278	
1 21	Löggæsla Grindavík	13 519	
1 30	Hreppstjórar	394	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 500
6 01	Skrifstofuhúsnæði	7 500	
6 21	Lögreglustöð Grindavík	1 000	
	Gjöld samtals		136 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 000	
52–58	Önnur gjöld	36 440	
5	Gjöld samtals	136 440	
4	Sértekjur	1 650	
	Mismunur		**134 790**

06–236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 460
1 01	Yfirstjórn	68 423	
1 20	Löggæsla Hafnarfirði	85 712	
1 30	Hreppstjórar	325	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Fasteign	3 600	
	Gjöld samtals		158 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	122 480	
52–58	Önnur gjöld	35 580	
5	Gjöld samtals	158 060	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**156 280**

06–237 Bæjarfógeti Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 347
1 01	Yfirstjórn	46 073	
1 20	Löggæsla	51 274	
Stofnkostnaður:			2 500
6 10	Fasteign, búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		99 847

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 247	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	99 847	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**99 507**

06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 224
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	8 224	
	Gjöld samtals		8 224
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 544	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals		**8 224**

06–239 Fangelsismálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 709
1 01	Fangelsismálastofnun	17 709	
Stofnkostnaður:			2 000
6 10	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		19 709
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 439	
52–58	Önnur gjöld	6 270	
5	Gjöld samtals		**19 709**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 181
1 01	Yfirstjórn	2 142	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	30 598	
1 22	Fangelsið Síðumúla	22 956	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	18 485	
	Gjöld samtals		74 181
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 451	
52–58	Önnur gjöld	22 730	
5	Gjöld samtals	74 181	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**73 941**
06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 226
1 01	Vinnuhælið Litla-Hrauni	104 226	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Endurnýjun innanhúss	2 000	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Eignakaup	1 800	
	Gjöld samtals		108 026
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 646	
52–58	Önnur gjöld	41 380	
5	Gjöld samtals	108 026	
4	Sértekjur	14 010	
	Mismunur		**94 016**
06–243 Vinnuhælið Kvíabryggju			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 006
1 01	Vinnuhælið Kvíabryggju	22 006	
	Gjöld samtals		22 006

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 556	
52–58	Önnur gjöld	8 450	
5	Gjöld samtals	22 006	
4	Sértekjur	4 280	
	Mismunur		**17 726**

06–251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			404 252
1 01	Yfirstjórn	40 208	
1 21	V/s Ægir	77 228	
1 22	V/s Óðinn	51 820	
1 23	V/s Týr	74 878	
1 30	Fluggæsla	136 374	
1 31	Þyrluvakt lækna	2 600	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	21 144	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 90	Viðhald	4 500	
Stofnkostnaður:			11 600
6 90	Tæki og búnaður	11 600	
	Gjöld samtals		420 352
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	229 462	
52–58	Önnur gjöld	190 890	
5	Gjöld samtals	420 352	
4	Sértekjur	5 710	
	Mismunur		**414 642**

06–253 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 954
1 01	Almannavarnir ríkisins	14 954	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		17 454

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 214	
52–58	Önnur gjöld	10 240	
5	Gjöld samtals		**17 454**

06–255 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 192
1 01	Umferðarráð	29 192	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		30 292
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 902	
52–58	Önnur gjöld	23 390	
5	Gjöld samtals	30 292	
4	Sértekjur	6 830	
	Mismunur		**23 462**

06–262 Löggildingarstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 630
1 01	Löggildingarstofan	13 630	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		14 730
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 340	
52–58	Önnur gjöld	7 390	
5	Gjöld samtals	14 730	
4	Sértekjur	16 200	
	Mismunur		**−1 470**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–281	**Dómsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 200
1 10	Málskostnaður	43 966	
1 11	Meðdómsmenn	4 928	
1 12	Setu- og varadómarar	2 169	
1 13	Siglingadómur	510	
1 14	Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2 510	
1 15	Setusaksóknari	3 743	
1 20	Próf málflytjenda	276	
1 21	Próf skjalaþýðenda	500	
1 22	Próf fasteignasala	1 540	
1 30	Útgáfa lagasafns	16 657	
1 31	Útgáfa norræns dómasafns	317	
1 40	Tölvunefnd	1 895	
1 41	Matsnefnd eignarnámsbóta	1 577	
1 50	Námsleyfi lögfræðinga	2 232	
1 80	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	190	
1 81	Norræn samvinna á sviði sakfræði	300	
1 82	Aðgerðir gegn fíkniefnum	2 890	
Stofnkostnaður:			7 300
6 90	Dómsmál, ýmis kostnaður	7 300	
	Gjöld samtals		93 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 590	
52–58	Önnur gjöld	68 580	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	330	
5	Gjöld samtals	93 500	
4	Sértekjur	13 110	
	Mismunur		**80 390**
06–282	**Ýmis löggæslukostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 765
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	3 765	
Stofnkostnaður:			28 100
6 10	Lögreglubifreiðir	28 100	
	Gjöld samtals		31 865

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 565	
52–58	Önnur gjöld	29 510	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	790	
5	Gjöld samtals	31 865	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**25 465**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 140
1 10	Fangahjálp	3 910	
1 12	Námskeið fangavarða	2 230	
Viðhaldsverkefni:			7 000
5 30	Viðhald og endurnýjun fangelsa	7 000	
Stofnkostnaður:			500
6 30	Bygging ríkisfangelsa	500	
	Gjöld samtals		13 640
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	560	
52–58	Önnur gjöld	9 170	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 910	
5	Gjöld samtals		**13 640**

06–284 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 116
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	856	
1 11	Öleftirlit	598	
1 20	Fíkniefnamál	662	
	Gjöld samtals		2 116

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 496	
52–58	Önnur gjöld	480	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals		**2 116**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 072
1 01	Yfirstjórn	12 672	
1 02	Biskupsbústaður	490	
1 10	Æskulýðsstarf	6 910	
Viðhaldsverkefni:			600
5 02	Viðhald bústaðar	600	
	Gjöld samtals		20 672
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 632	
52–58	Önnur gjöld	7 750	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	290	
5	Gjöld samtals	20 672	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**18 872**

06–302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 712
1 01	Yfirstjórn	6 376	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	4 336	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Búnaður	800	
	Gjöld samtals		11 512

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 142	
52–58	Önnur gjöld	4 370	
5	Gjöld samtals	11 512	
4	Sértekjur	750	
	Mismunur		**10 762**

06–303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 781
1 90	Prestar og prófastar	199 781	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 20	Embættisbústaðir	20 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 20	Byggingar á prestssetrum	7 000	
6 21	Kaup á eignum	3 000	
	Gjöld samtals		229 781
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	165 321	
52–58	Önnur gjöld	64 460	
5	Gjöld samtals	229 781	
4	Sértekjur	50	
	Mismunur		**229 731**

06–304 Ýmis kirkjuleg málefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 111
1 42	Húsmæðraskólinn Löngumýri	753	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 372	
1 90	Ýmislegt	5 986	
Stofnkostnaður:			14 000
6 50	Skálholtsstaður	1 000	
6 51	Hallgrímskirkja	7 000	
6 52	Hóladómkirkja	6 000	
	Gjöld samtals		22 111

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 961	
52–58	Önnur gjöld	2 440	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 710	
5	Gjöld samtals		**22 111**

06–371 Kirkjubyggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 610
1 01	Kirkjubyggingasjóður	4 610	
	Gjöld samtals		4 610
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	4 610	
5	Gjöld samtals		**4 610**

06–373 Kristnisjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 310
1 01	Kristnisjóður	14 310	
	Gjöld samtals		14 310
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	14 310	
5	Gjöld samtals		**14 310**
	Samtals		3 417 214

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 116
1 01	Yfirstjórn	55 116	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tækjabúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		56 316
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 516	
52–58	Önnur gjöld	25 580	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals	56 316	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**55 966**
07–271 Byggingarsjóður ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 120 000
6 01	Byggingarsjóður ríkisins	1 120 000	
	Gjöld samtals		1 120 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 120 000	
5	Gjöld samtals		**1 120 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			680 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	680 000	
	Gjöld samtals		680 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	680 000	
5	Gjöld samtals		**680 000**
07–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 748
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	58 748	
	Gjöld samtals		58 748
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 768	
52–58	Önnur gjöld	27 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	17 090	
5	Gjöld samtals	58 748	
4	Sértekjur	59 010	
	Mismunur		**–262**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 618
1 01	Ríkissáttasemjari	17 618	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Ríkissáttasemjari	1 100	
	Gjöld samtals		18 718

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 408	
52–58	Önnur gjöld	6 310	
5	Gjöld samtals	18 718	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 618**

07–399 Vatnsveitur

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Vatnsveitur	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 364
1 01	Stjórnarnefnd	1 576	
1 02	Samráðsnefnd	1 032	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 407	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	103 680	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	5 430	
1 10	Vistanir	2 280	
1 80	Starfsþjálfun	5 240	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	1 600	
1 99	Óskipt	31 119	
	Gjöld samtals		153 364
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 474	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	120 100	
5	Gjöld samtals		**153 364**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 041
1 01	Svæðisstjórn	7 211	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	5 492	
1 21	Sambýli Akurgerði	2 230	
1 22	Sambýli, leiguhúsnæði	5 357	
1 23	Sambýli Háteigsvegi 6	3 297	
1 24	Sambýli Sigluvogi 5	3 794	
1 25	Sambýli Auðarstræti 15	5 454	
1 26	Sambýli Víðihlíð 11	6 373	
1 27	Sambýli Víðihlíð 7	4 488	
1 28	Sambýli Víðihlíð 5	4 619	
1 29	Sambýli Sóleyjargötu	5 576	
1 30	Vinnustofan Ás	16 172	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	3 710	
1 32	Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar	2 220	
1 60	Dagvistun Lækjarási	17 156	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	22 307	
1 62	Dagvistun Lyngási	30 140	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	10 183	
1 64	Skammtímavistun Dalbraut	6 960	
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	20 128	
1 72	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	11 333	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	12 217	
1 74	Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	7 072	
1 75	Hjúkrunarheimili / vistheimili	3 227	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
1 90	Sambýli 1, nýtt	5 464	
1 91	Sambýli 2, nýtt	4 964	
1 92	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	1 937	
	Gjöld samtals		231 041
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 341	
52–58	Önnur gjöld	46 620	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	11 150	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 930	
5	Gjöld samtals	231 041	
4	Sértekjur	9 780	
	Mismunur		**221 261**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 182
1 01	Svæðisstjórn	6 723	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	7 808	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	6 241	
1 22	Sambýli Garðabæ	5 169	
1 24	Sambýli Garðabæ	350	
1 26	Sambýli 1, nýtt	8 153	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	15 265	
1 32	Verkstjórn	773	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	862	
1 60	Skammtímavistun	10 709	
1 61	Dagvistun Keflavík	6 896	
1 62	Helgarskammtímavist	2 347	
1 64	Dagvist	5 952	
1 70	Vistheimilið Skálatúni	80 405	
1 71	Vistheimilið Tjaldanesi	28 245	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	2 350	
1 73	Vistheimili fyrir börn	8 974	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
	Gjöld samtals		199 182
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 572	
52–58	Önnur gjöld	44 650	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 960	
5	Gjöld samtals	199 182	
4	Sértekjur	7 820	
	Mismunur		**191 362**
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 565
1 01	Svæðisstjórn	4 911	
1 20	Sambýli Akranesi	9 043	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	3 794	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	963	
1 60	Dagvistun Akranesi	3 470	
1 70	Sumarbúðir	1 384	
	Gjöld samtals		23 565

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 005	
52–58	Önnur gjöld	4 560	
5	Gjöld samtals	23 565	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**22 325**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 965
1 01	Svæðisstjórn	3 801	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	25 164	
	Gjöld samtals		28 965
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 125	
52–58	Önnur gjöld	6 840	
5	Gjöld samtals	28 965	
4	Sértekjur	170	
	Mismunur		**28 795**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 697
1 01	Svæðisstjórn	5 421	
1 20	Sambýli Siglufirði	7 089	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	4 191	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	1 542	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	1 554	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	1 618	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 282	
	Gjöld samtals		22 697
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 957	
52–58	Önnur gjöld	4 740	
5	Gjöld samtals	22 697	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 987**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 267
1 01	Svæðisstjórn	7 425	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	6 178	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	4 895	
1 22	Sambýli Vanabyggð 4c	4 845	
1 23	Sambýli Húsavík	5 878	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	23 018	
1 31	Verndaður vinnustaður Bjargi	8 200	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	1 077	
1 60	Skammtímavistun	2 401	
1 70	Vistheimilið Sólborg	102 831	
1 71	Sumarbúðir í Botni	3 659	
1 80	Atvinnuleit	860	
	Gjöld samtals		171 267
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 667	
52–58	Önnur gjöld	46 540	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	860	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 200	
5	Gjöld samtals	171 267	
4	Sértekjur	17 320	
	Mismunur		**153 947**
07–707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 110
1 01	Svæðisstjórn	4 298	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	5 999	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	4 871	
1 40	Leikfangasafn	942	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	24 651	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 349	
	Gjöld samtals		42 110

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 320	
52–58	Önnur gjöld	8 790	
5	Gjöld samtals	42 110	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**40 840**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 208
1 01	Svæðisstjórn	4 867	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	5 903	
1 21	Sambýli Vallholti 9	8 312	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	4 856	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 380	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 499	
1 70	Lambhagi	9 028	
1 71	Sólheimar	58 348	
1 72	Skaftholt	5 870	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	5 145	
	Gjöld samtals		115 208
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 618	
52–58	Önnur gjöld	38 720	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 870	
5	Gjöld samtals	115 208	
4	Sértekjur	11 070	
	Mismunur		**104 138**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 004
1 01	Yfirstjórn	41 004	
	Gjöld samtals		41 004

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 814	
52–58	Önnur gjöld	10 190	
5	Gjöld samtals	41 004	
4	Sértekjur	720	
	Mismunur		**40 284**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 840
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	25 840	
	Gjöld samtals		25 840
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 580	
52–58	Önnur gjöld	12 260	
5	Gjöld samtals	25 840	
4	Sértekjur	25 840	
	Mismunur		

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 578
1 01	Jafnréttisráð	8 578	
	Gjöld samtals		8 578

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 988	
52–58	Önnur gjöld	2 590	
5	Gjöld samtals		**8 578**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 649
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	72 649	
Stofnkostnaður:			5 300
6 01	Vinnueftirlit ríkisins	5 300	
	Gjöld samtals		77 949
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 559	
52–58	Önnur gjöld	30 390	
5	Gjöld samtals	77 949	
4	Sértekjur	87 990	
	Mismunur		**–10 041**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 539
1 10	Félagsdómur	1 749	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	420	
1 51	Sjómannadagsráð	170	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	4 870	
1 90	Ýmislegt	35 330	
	Gjöld samtals		42 539
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	809	
52–58	Önnur gjöld	940	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	170	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 620	
5	Gjöld samtals		**42 539**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 440
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	35 440	
	Gjöld samtals		35 440
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 440	
5	Gjöld samtals		**35 440**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 530
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	6 210	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	56 050	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	7 080	
1 30	Sjómannastofur	680	
1 31	Félagasamtök, styrkir	8 720	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	12 250	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	6 130	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3 420	
1 90	Ýmis framlög	3 990	
	Gjöld samtals		104 530
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 420	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	101 110	
5	Gjöld samtals		**104 530**
	Samtals		3 253 671

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 090
1 01	Yfirstjórn	72 090	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Endurbætur og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		73 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 890	
52–58	Önnur gjöld	34 400	
5	Gjöld samtals	73 290	
4	Sértekjur	2 860	
	Mismunur		**70 430**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 197 001
1 01	Yfirstjórn	278 911	
1 10	Lífeyristryggingar	10 760 000	
1 20	Sjúkratryggingar	5 840 000	
1 30	Slysatryggingar	318 090	
	Gjöld samtals		17 197 001
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	155 221	
52–58	Önnur gjöld	123 690	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 918 090	
5	Gjöld samtals	17 197 001	
4	Sértekjur	63 670	
	Mismunur		**17 133 331**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			277 000
1 01	Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277 000	
	Gjöld samtals		277 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	277 000	
5	Gjöld samtals		**277 000**
08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 627
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	88 627	
	Gjöld samtals		88 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 627	
5	Gjöld samtals		**88 627**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 747
1 01	Yfirstjórn	20 577	
1 02	Lækningaferðir sérfræðinga	540	
1 10	Læknaráð	920	
1 20	Sjúkraflutningaráð	710	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tölvuvæðing	1 000	
	Gjöld samtals		23 747
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 967	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals		**23 747**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 170
1 01	Tryggingaeftirlitið	15 170	
	Gjöld samtals		15 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 640	
52–58	Önnur gjöld	6 530	
5	Gjöld samtals	15 170	
4	Sértekjur	15 170	
	Mismunur		
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 257
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	57 257	
	Gjöld samtals		57 257
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 907	
52–58	Önnur gjöld	10 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 060	
5	Gjöld samtals	57 257	
4	Sértekjur	6 970	
	Mismunur		**50 287**
08–325 Hollustuvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 416
1 01	Hollustuvernd ríkisins	16 914	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	11 335	
1 03	Rannsóknastofa	20 122	
1 04	Mengunarvarnir	12 605	
1 05	Eiturefnaeftirlit	3 440	
Stofnkostnaður:			2 700
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	2 700	
	Gjöld samtals		67 116

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 316	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	67 116	
4	Sértekjur	5 990	
	Mismunur		**61 126**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 807
1 01	Almennur rekstur	19 807	
	Gjöld samtals		19 807
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 217	
52–58	Önnur gjöld	6 890	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 700	
5	Gjöld samtals		**19 807**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 806
1 01	Geislavarnir	11 806	
Stofnkostnaður:			10 100
6 01	Tækjabúnaður og innréttingar	10 100	
	Gjöld samtals		21 906
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 076	
52–58	Önnur gjöld	14 830	
5	Gjöld samtals	21 906	
4	Sértekjur	3 860	
	Mismunur		**18 046**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 430
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	7 980	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 650	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	7 410	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 230	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	3 130	
1 70	MS-félag Íslands	390	
1 90	Önnur starfsemi	1 640	
	Gjöld samtals		31 430
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 430	
5	Gjöld samtals		**31 430**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 106
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	338 106	
	Gjöld samtals		338 106
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	230 226	
52–58	Önnur gjöld	107 880	
5	Gjöld samtals	338 106	
4	Sértekjur	30 160	
	Mismunur		**307 946**
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 996
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	63 996	
	Gjöld samtals		63 996

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 726	
52–58	Önnur gjöld	21 270	
5	Gjöld samtals	63 996	
4	Sértekjur	2 160	
	Mismunur		**61 836**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 195
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	137 195	
	Gjöld samtals		137 195
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 005	
52–58	Önnur gjöld	45 190	
5	Gjöld samtals	137 195	
4	Sértekjur	12 340	
	Mismunur		**124 855**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 039
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	96 039	
	Gjöld samtals		96 039
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 149	
52–58	Önnur gjöld	22 890	
5	Gjöld samtals	96 039	
4	Sértekjur	8 370	
	Mismunur		**87 669**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			205 070
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	205 070	
	Gjöld samtals		205 070

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	151 090	
52–58	Önnur gjöld	53 980	
5	Gjöld samtals	205 070	
4	Sértekjur	7 340	
	Mismunur		**197 730**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 579
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	99 579	
	Gjöld samtals		99 579
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 309	
52–58	Önnur gjöld	31 270	
5	Gjöld samtals	99 579	
4	Sértekjur	3 770	
	Mismunur		**95 809**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			845 392
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	845 392	
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Viðhald húsnæðis	6 100	
Stofnkostnaður:			57 300
6 01	Ýmis eignakaup	11 600	
6 50	Nýbygging	45 700	
	Gjöld samtals		908 792
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	590 252	
52–58	Önnur gjöld	318 540	
5	Gjöld samtals	908 792	
4	Sértekjur	66 030	
	Mismunur		**842 762**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 899
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	192 899	
	Gjöld samtals		192 899
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	139 129	
52–58	Önnur gjöld	53 770	
5	Gjöld samtals	192 899	
4	Sértekjur	17 020	
	Mismunur		**175 879**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 111
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	61 111	
	Gjöld samtals		61 111
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 111	
52–58	Önnur gjöld	21 000	
5	Gjöld samtals	61 111	
4	Sértekjur	1 740	
	Mismunur		**59 371**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 927
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	129 927	
	Gjöld samtals		129 927
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 697	
52–58	Önnur gjöld	42 230	
5	Gjöld samtals	129 927	
4	Sértekjur	7 120	
	Mismunur		**122 807**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 253
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	77 253	
	Gjöld samtals		77 253
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 763	
52–58	Önnur gjöld	23 490	
5	Gjöld samtals	77 253	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**75 763**
08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 178
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	183 178	
	Gjöld samtals		183 178
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 508	
52–58	Önnur gjöld	50 670	
5	Gjöld samtals	183 178	
4	Sértekjur	16 680	
	Mismunur		**166 498**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 081
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	148 081	
	Gjöld samtals		148 081
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 941	
52–58	Önnur gjöld	48 140	
5	Gjöld samtals	148 081	
4	Sértekjur	13 370	
	Mismunur		**134 711**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 424
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	161 424	
	Gjöld samtals		161 424
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 964	
52–58	Önnur gjöld	60 460	
5	Gjöld samtals	161 424	
4	Sértekjur	33 040	
	Mismunur		**128 384**
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			168 185
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	168 185	
	Gjöld samtals		168 185
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 815	
52–58	Önnur gjöld	37 370	
5	Gjöld samtals	168 185	
4	Sértekjur	1 830	
	Mismunur		**166 355**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 609 089
1 10	Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	2 117 253	
1 20	Geðdeild	702 241	
1 30	Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	287 077	
1 40	Stoðdeildir, rannsóknastofur	563 007	
1 50	Þjónustudeildir	928 458	
1 90	Óbreytt starfsemi	11 053	
Viðhaldsverkefni:			48 700
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	48 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			294 600
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	85 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	130 500	
6 80	Ármúli 1a	79 100	
	Gjöld samtals		4 952 389
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 952 369	
52–58	Önnur gjöld	2 000 020	
5	Gjöld samtals	4 952 389	
4	Sértekjur	422 070	
	Mismunur		**4 530 319**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 267 109
1 01	Borgarspítalinn	2 267 109	
Viðhaldsverkefni:			32 200
5 01	Viðhald, óskipt	32 200	
Stofnkostnaður:			46 000
6 01	Ýmis eignakaup	35 100	
6 50	Nýframkvæmdir	10 900	
	Gjöld samtals		2 345 309
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 536 999	
52–58	Önnur gjöld	808 310	
5	Gjöld samtals	2 345 309	
4	Sértekjur	317 170	
	Mismunur		**2 028 139**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 013 271
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 013 271	
Viðhaldsverkefni:			9 500
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	9 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			14 400
6 01	Ýmis eignakaup	14 400	
	Gjöld samtals		1 037 171
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	661 771	
52–58	Önnur gjöld	375 400	
5	Gjöld samtals	1 037 171	
4	Sértekjur	103 360	
	Mismunur		**933 811**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Læknishéraðasjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 664
1 20	Heilsuverndarstöðvar, styrkur	30 664	
Viðhaldsverkefni:			23 200
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	23 200	
Stofnkostnaður:			238 000
6 60	Tækjakaup, óskipt	30 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	200 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ	8 000	
	Gjöld samtals		291 864

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 994	
52–58	Önnur gjöld	54 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	229 670	
5	Gjöld samtals		**291 864**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraða

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			160 000
6 01	Framkvæmdasjóður aldraða	160 000	
	Gjöld samtals		160 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	160 000	
5	Gjöld samtals		**160 000**

08–391 Heilsugæslustöðvar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			410 636
1 01	Heilsugæslustöðvar	410 636	
Viðhaldsverkefni:			14 800
5 01	Viðhaldsfé, óskipt	14 800	
	Gjöld samtals		425 436
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	347 406	
52–58	Önnur gjöld	63 030	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	4 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**425 436**

08–395 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 194
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	8 380	
1 11	Lyfjaverðlagsnefnd	1 747	
1 21	Lyfjanefnd	10 927	
1 31	Lyfsölusjóður	720	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 41	Útgáfa lyfjaverðskrár	940	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	240	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	240	
	Gjöld samtals		23 194
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 744	
52–58	Önnur gjöld	8 730	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	720	
5	Gjöld samtals	23 194	
4	Sértekjur	23 530	
	Mismunur		**−336**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			149 677
1 22	Eiturefnanefnd	1 707	
1 23	Daggjaldanefnd	2 608	
1 25	Neyslu- og manneldismál	6 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands	60 950	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	7 000	
1 35	Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	2 850	
1 37	Hjartavernd	6 270	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	927	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	29 490	
1 53	Tóbaksvarnir	5 130	
1 60	Ljósmæðralaun	1 735	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 390	
1 90	Ýmis framlög	7 280	
1 91	Kvartananefnd	150	
1 95	Kynsjúkdómar, eyðni	5 890	
1 97	Réttargeðlækningar	300	
	Gjöld samtals		149 677
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 687	
52–58	Önnur gjöld	27 120	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	113 870	
5	Gjöld samtals		**149 677**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 821
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	209 821	
	Gjöld samtals		209 821
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 421	
52–58	Önnur gjöld	67 400	
5	Gjöld samtals	209 821	
4	Sértekjur	12 360	
	Mismunur		**197 461**
08–401 St. Franciskuspítali, Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 553
1 01	St. Franciskuspítali, Stykkishólmi	77 553	
	Gjöld samtals		77 553
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 513	
52–58	Önnur gjöld	26 040	
5	Gjöld samtals	77 553	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**75 053**
08–402 Sjúkrahús Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 541
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	68 541	
	Gjöld samtals		68 541
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 901	
52–58	Önnur gjöld	18 640	
5	Gjöld samtals	68 541	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**67 271**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 227
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	27 227	
	Gjöld samtals		27 227
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 977	
52–58	Önnur gjöld	7 250	
5	Gjöld samtals	27 227	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**26 837**
08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 355
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	18 355	
	Gjöld samtals		18 355
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 005	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	18 355	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 255**
08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 409
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	8 409	
	Gjöld samtals		8 409
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 589	
52–58	Önnur gjöld	1 820	
5	Gjöld samtals	8 409	
4	Sértekjur	30	
	Mismunur		**8 379**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 275
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7 275	
	Gjöld samtals		7 275
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 355	
52–58	Önnur gjöld	1 920	
5	Gjöld samtals		**7 275**
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 876
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	18 876	
	Gjöld samtals		18 876
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 836	
52–58	Önnur gjöld	6 040	
5	Gjöld samtals	18 876	
4	Sértekjur	730	
	Mismunur		**18 146**
08–408 Sunnuhlíð Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 880
1 01	Sunnuhlíð Kópavogi	72 880	
	Gjöld samtals		72 880
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 160	
52–58	Önnur gjöld	21 720	
5	Gjöld samtals	72 880	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**71 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–471 Gæsluvistarsjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 700
6 10	Gæsluvistarsjóður	6 000	
6 30	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	15 000	
6 40	Samhjálp	700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 700	
5	Gjöld samtals		**21 700**
08–481 Bindindisstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 102
1 10	Áfengisvarnir	5 102	
1 40	Átak í áfengisvörnum	15 000	
	Gjöld samtals		20 102
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 282	
52–58	Önnur gjöld	16 820	
5	Gjöld samtals		**20 102**
08–501 Skólar heilbrigðisstétta			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 051
1 10	Sjúkraliðaskóli Íslands	10 916	
1 30	Lyfjatæknaskóli Íslands	6 129	
1 40	Ljósmæðraskóli Íslands	2 006	
	Gjöld samtals		19 051
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 151	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**19 051**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–502 Þroskaþjálfaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 128
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	12 128	
	Gjöld samtals		12 128
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 048	
52–58	Önnur gjöld	4 080	
5	Gjöld samtals		**12 128**
	Samtals		29 604 874

09 Fjármálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		66 810
1 01 Yfirstjórn	66 810	
Stofnkostnaður:		1 000
6 10 Búnaður	1 000	
Gjöld samtals		67 810
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	46 420	
52–58 Önnur gjöld	21 390	
5 Gjöld samtals		**67 810**
09–102 Launaskrifstofa ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		45 940
1 01 Launaskrifstofa ríkisins	45 940	
Stofnkostnaður:		3 600
6 10 Tölvubúnaður	3 600	
Gjöld samtals		49 540
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	34 900	
52–58 Önnur gjöld	14 640	
5 Gjöld samtals		**49 540**
09–103 Ríkisbókhald		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		86 555
1 01 Ríkisbókhald	86 555	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 10	Búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		87 855
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 275	
52–58	Önnur gjöld	44 580	
5	Gjöld samtals	87 855	
4	Sértekjur	43 410	
	Mismunur		**44 445**

09–104 Ríkisfjárhirsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 521
1 01	Ríkisfjárhirsla	19 521	
	Gjöld samtals		19 521
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 601	
52–58	Önnur gjöld	5 920	
5	Gjöld samtals		**19 521**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 690
1 01	Ríkislögmaður	12 690	
	Gjöld samtals		12 690
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 220	
52–58	Önnur gjöld	4 470	
5	Gjöld samtals	12 690	
4	Sértekjur	80	
	Mismunur		**12 610**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201	**Ríkisskattstjóri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 317
1 01	Ríkisskattstjóri	120 317	
	Gjöld samtals		120 317
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 257	
52–58	Önnur gjöld	23 060	
5	Gjöld samtals		**120 317**
09–202	**Skattstofan í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 215
1 01	Skattstofan í Reykjavík	95 215	
Stofnkostnaður:			1 600
6 01	Tölvuvæðing	1 600	
	Gjöld samtals		96 815
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 035	
52–58	Önnur gjöld	17 780	
5	Gjöld samtals		**96 815**
09–203	**Skattstofa Vesturlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 904
1 01	Skattstofa Vesturlands	18 904	
	Gjöld samtals		18 904
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 854	
52–58	Önnur gjöld	4 050	
5	Gjöld samtals	18 904	
4	Sértekjur	140	
	Mismunur		**18 764**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–204 Skattstofa Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 282
1 01	Skattstofa Vestfjarða	11 282	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Innréttingar	1 000	
	Gjöld samtals		12 282
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 672	
52–58	Önnur gjöld	2 610	
5	Gjöld samtals	12 282	
4	Sértekjur	160	
	Mismunur		**12 122**
09–205 Skattstofa Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 583
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	12 583	
	Gjöld samtals		12 583
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 013	
52–58	Önnur gjöld	2 570	
5	Gjöld samtals	12 583	
4	Sértekjur	90	
	Mismunur		**12 493**
09–206 Skattstofa Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 049
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	30 049	
	Gjöld samtals		30 049

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 889	
52–58	Önnur gjöld	5 160	
5	Gjöld samtals	30 049	
4	Sértekjur	120	
	Mismunur		**29 929**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 692
1 01	Skattstofa Austurlands	16 692	
	Gjöld samtals		16 692
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 362	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
5	Gjöld samtals	16 692	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**16 512**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 873
1 01	Skattstofa Suðurlands	16 873	
	Gjöld samtals		16 873
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 193	
52–58	Önnur gjöld	3 680	
5	Gjöld samtals	16 873	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**16 633**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 175
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	7 175	
	Gjöld samtals		7 175

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 765	
52–58	Önnur gjöld	1 410	
5	Gjöld samtals	7 175	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**7 155**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 143
1 01	Skattstofa Reykjaness	43 143	
	Gjöld samtals		43 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 533	
52–58	Önnur gjöld	5 610	
5	Gjöld samtals	43 143	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**42 453**

09–212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 090
1 01	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	65 990	
1 20	Virðisaukaskattur	39 100	
	Gjöld samtals		105 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 800	
52–58	Önnur gjöld	88 290	
5	Gjöld samtals		**105 090**

09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 689
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	14 689	
	Gjöld samtals		14 689

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 629	
52–58	Önnur gjöld	2 060	
5	Gjöld samtals		**14 689**

09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 651
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	104 651	
	Gjöld samtals		104 651
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 371	
52–58	Önnur gjöld	51 280	
5	Gjöld samtals	104 651	
4	Sértekjur	62 430	
	Mismunur		**42 221**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			158 633
1 01	Ríkistollstjóri	158 633	
Stofnkostnaður:			4 700
6 10	Tölvubúnaður, bifreið o.fl.	4 700	
	Gjöld samtals		163 333
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 373	
52–58	Önnur gjöld	34 960	
5	Gjöld samtals	163 333	
4	Sértekjur	7 310	
	Mismunur		**156 023**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 688
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	110 688	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Húsgögn og tölvubúnaður	4 000	
	Gjöld samtals		114 688
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 908	
52–58	Önnur gjöld	43 780	
5	Gjöld samtals		**114 688**

09–381 Uppbætur á lífeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 035 090
1 01	Uppbætur á lífeyri	1 035 090	
	Gjöld samtals		1 035 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 035 090	
5	Gjöld samtals	1 035 090	
4	Sértekjur	113 580	
	Mismunur		**921 510**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 666
1 01	Fasteignamat ríkisins	69 666	
Stofnkostnaður:			4 200
6 10	Eignakaup	4 200	
	Gjöld samtals		73 866
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 716	
52–58	Önnur gjöld	31 150	
5	Gjöld samtals	73 866	
4	Sértekjur	33 130	
	Mismunur		**40 736**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–481	**Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			150 000
6 01	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	150 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	150 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**
09–901	**Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 430
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	34 430	
Stofnkostnaður:			3 100
6 10	Eignakaup	3 100	
	Gjöld samtals		37 530
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 330	
52–58	Önnur gjöld	16 200	
5	Gjöld samtals	37 530	
4	Sértekjur	41 800	
	Mismunur		**–4 270**
09–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			278 000
6 01	Ríkisábyrgðasjóður	278 000	
	Gjöld samtals		278 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	278 000	
5	Gjöld samtals		**278 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			28 400
6 50	Sölvhólsgata 7	18 400	
6 60	Sölvhólsgata 4 og Lindargata 9a	6 000	
6 70	Laugavegur 118d	4 000	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 400	
5	Gjöld samtals		**28 400**
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			650 000
1 01	Launa- og verðlagsmál	650 000	
	Gjöld samtals		650 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	250 000	
52–58	Önnur gjöld	400 000	
5	Gjöld samtals		**650 000**
09–997 Niðurgreiðslur á fiski			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 580
1 01	Niðurgreiðslur á fiski	176 580	
	Gjöld samtals		176 580
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	176 580	
5	Gjöld samtals		**176 580**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			386 435
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35 268	
1 11	Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	35 340	
1 12	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	67 150	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Kjarasamningar	5 222	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1 730	
1 15	Kjararannsóknir	2 804	
1 16	Bókhaldskerfi ríkisins	1 770	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	15 000	
1 18	Styrkur til dagblaðaútgáfu	50 000	
1 30	Lífeyrissjóðir sjómanna	990	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	75 790	
1 40	Milliþinganefndir	230	
1 60	Dómkröfur og málskostnaður	5 890	
1 61	Ýmis innheimtukostnaður	28 480	
1 62	Þungaskattsálagning með ökumælum	3 771	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	22 000	
1 90	Óviss útgjöld	35 000	
	Gjöld samtals		386 435
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 605	
52–58	Önnur gjöld	247 340	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	127 490	
5	Gjöld samtals		**386 435**
	Samtals		3 627 221

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 903
1 01	Yfirstjórn	37 903	
	Gjöld samtals		37 903
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 643	
52–58	Önnur gjöld	15 260	
5	Gjöld samtals		**37 903**
10–102 Póst- og símamálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 000
1 01	Póst- og símamálastofnunin	138 000	
	Gjöld samtals		138 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	138 000	
5	Gjöld samtals		**138 000**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 091
1 01	Yfirstjórn	183 091	
Viðhaldsverkefni:			1 167 200
5 10	Viðhald vega	1 167 200	
Stofnkostnaður:			1 754 700
6 10	Nýframkvæmdir	1 489 100	
6 30	Fjallvegir	17 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 40	Tilraunir	12 600	
6 51	Sýsluvegir	89 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	147 000	
	Gjöld samtals		3 104 991
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	287 101	
52–58	Önnur gjöld	2 581 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	236 000	
5	Gjöld samtals		**3 104 991**

10–321 Strandferðir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			245 020
1 10	Skipaútgerð ríkisins	61 000	
1 20	Flóabátar og vöruflutningar	90 020	
1 30	Endurskipulagning strandflutninga	94 000	
	Gjöld samtals		245 020
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	61 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	184 020	
5	Gjöld samtals		**245 020**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 899
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	53 899	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tækjakaup	1 500	
	Gjöld samtals		55 399
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 869	
52–58	Önnur gjöld	15 530	
5	Gjöld samtals	55 399	
4	Sértekjur	26 730	
	Mismunur		**28 669**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–332 Vitastofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 791
1 10	Rekstur vita	70 231	
1 20	Sjómerki	3 060	
1 40	Rekstur vitaskips	1 500	
Stofnkostnaður:			14 000
6 30	Vitabyggingar	14 000	
	Gjöld samtals		88 791
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 631	
52–58	Önnur gjöld	43 160	
5	Gjöld samtals	88 791	
4	Sértekjur	13 710	
	Mismunur		**75 081**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 970
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	17 970	
Stofnkostnaður:			441 340
6 20	Ferjubryggjur	6 000	
6 30	Hafnarmannvirki og lendingarbætur	400 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	10 000	
6 50	Landshafnir, endurgreiðslur lána	340	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	25 000	
	Gjöld samtals		459 310
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 970	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 340	
	5912 Til sveitarfélaga	416 000	
5	Gjöld samtals		**459 310**
10–341 Siglingamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 671
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	83 671	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Mengunarvarnartæki o.fl.	3 500	
	Gjöld samtals		87 171
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 451	
52–58	Önnur gjöld	34 720	
5	Gjöld samtals	87 171	
4	Sértekjur	18 160	
	Mismunur		**69 011**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 433
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	4 433	
	Gjöld samtals		4 433
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 113	
52–58	Önnur gjöld	2 320	
5	Gjöld samtals		**4 433**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550 007
1 01	Yfirstjórn	41 805	
1 20	Loftferðaeftirlit	22 474	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	68 046	
1 40	Flugvalladeild	107 688	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	67 707	
1 60	Flugumferðarþjónusta	113 101	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	129 186	
Stofnkostnaður:			248 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	248 000	
	Gjöld samtals		798 007

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	347 317	
52–58	Önnur gjöld	450 690	
5	Gjöld samtals	798 007	
4	Sértekjur	403 260	
	Mismunur		**394 747**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 950
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 190	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	7 780	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	660	
1 23	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3 990	
1 25	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	4 060	
1 26	Ýmislegt	2 240	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	980	
1 33	Öryggismálaskóli sjómanna	11 050	
	Gjöld samtals		31 950
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 990	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 960	
5	Gjöld samtals		**31 950**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 155
1 01	Ferðamálaráð	9 155	
Stofnkostnaður:			43 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	28 000	
6 20	Hótel, framlög	15 000	
	Gjöld samtals		52 155

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 785	
52–58	Önnur gjöld	3 370	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 000	
5	Gjöld samtals		**52 155**

10–652 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			188 533
1 01	Yfirstjórn	21 205	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 104	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	14 740	
1 10	Veðurspádeild	17 961	
1 11	Veðurfarsdeild	6 681	
1 12	Veðurstöðvar	30 390	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	11 470	
1 40	Tölvudeild	6 045	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	15 818	
1 60	Hálendisathuganir	4 008	
1 61	Hafísrannsóknir	3 096	
1 62	Snjóflóðavarnir	2 110	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	1 723	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 430	
1 70	Veðurþjónusta vegna millilandaflugs	50 752	
Stofnkostnaður:			10 600
6 90	Veðurratsjá	10 600	
	Gjöld samtals		199 133
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 583	
52–58	Önnur gjöld	70 550	
5	Gjöld samtals	199 133	
4	Sértekjur	5 020	
	Mismunur		**194 113**

10–656 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 689
1 01	Landmælingar Íslands	75 689	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		79 689
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 129	
52–58	Önnur gjöld	49 560	
5	Gjöld samtals	79 689	
4	Sértekjur	38 340	
	Mismunur		**41 349**
	Samtals		4 876 732

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 506
1 01	Yfirstjórn	35 506	
1 10	Iðnþróun og markaðsmál	7 000	
	Gjöld samtals		42 506
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 476	
52-58	Önnur gjöld	21 030	
5	Gjöld samtals		**42 506**
11-102 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 086
1 01	Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa	7 086	
	Gjöld samtals		7 086
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 396	
52-58	Önnur gjöld	3 690	
5	Gjöld samtals	7 086	
4	Sértekjur	6 850	
	Mismunur		**236**
11-201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 560
1 90	Iðntæknistofnun Íslands	80 560	
Stofnkostnaður:			8 800
6 90	Tækjakaup	8 800	
	Gjöld samtals		89 360

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	89 360	
5	Gjöld samtals		**89 360**

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 450
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	37 450	
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tækjakaup	6 800	
	Gjöld samtals		44 250
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	44 250	
5	Gjöld samtals		**44 250**

11-240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 690
1 01	Iðnaðarrannsóknir	17 690	
	Gjöld samtals		17 690
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 690	
5	Gjöld samtals		**17 690**

11-289 Jöfnunargjald

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 01	Jöfnunargjald í iðnaði	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 170
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	7 960	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	6 520	
1 26	Iðnþróunarverkefni	1 910	
1 27	Iðnráðgjafar	10 620	
1 30	Evreka	12 160	
1 40	Framlag til ullariðnaðar	20 000	
	Gjöld samtals		59 170
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 520	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	10 620	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 030	
5	Gjöld samtals		**59 170**
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 904
1 01	Orkustofnun	267 124	
1 10	Sérverkefni tengt fiskeldi	11 780	
Stofnkostnaður:			4 600
6 01	Tækjakaup	4 600	
	Gjöld samtals		283 504
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	149 304	
52–58	Önnur gjöld	134 200	
5	Gjöld samtals	283 504	
4	Sértekjur	93 600	
	Mismunur		**189 904**
11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 895
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	61 895	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tækjakaup	1 800	
	Gjöld samtals		63 695
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 815	
52–58	Önnur gjöld	26 880	
5	Gjöld samtals	63 695	
4	Sértekjur	6 630	
	Mismunur		**57 065**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 470
1 01	Rekstur Orkusjóðs	1 300	
1 23	Notendur utan samveitna	2 170	
Stofnkostnaður:			232 000
6 14	Lánagreiðslur, framlög	160 800	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	11 200	
6 20	Sveitarafvæðing	20 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	40 000	
	Gjöld samtals		235 470
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	233 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 170	
5	Gjöld samtals		**235 470**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 820
1 13	Setlagarannsóknir	4 950	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	224 890	
1 18	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	2 700	
1 19	Önnur orkumál	2 280	
	Gjöld samtals		234 820

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	234 820	
5	Gjöld samtals		**234 820**
	Samtals		1 220 471

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 978
1 01	Yfirstjórn	47 978	
	Gjöld samtals		47 978
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 318	
52–58	Önnur gjöld	22 240	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 420	
5	Gjöld samtals		**47 978**
12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 613 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	3 353 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	260 000	
	Gjöld samtals		3 613 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 613 000	
5	Gjöld samtals		**3 613 000**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 274
1 01	Verðlagsstofnun	52 274	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tölvu- og skrifstofubúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		53 474

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 634	
52–58	Önnur gjöld	12 840	
5	Gjöld samtals		**53 474**

12–903 Skráning hlutafélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 900
1 01	Skráning hlutafélaga	5 900	
	Gjöld samtals		5 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 230	
52–58	Önnur gjöld	670	
5	Gjöld samtals	5 900	
4	Sértekjur	5 900	
	Mismunur		
	Samtals		3 714 452

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 820
1 01	Yfirstjórn	69 820	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tölvubúnaður	4 000	
	Gjöld samtals		73 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 230	
52–58	Önnur gjöld	29 590	
5	Gjöld samtals	73 820	
4	Sértekjur	4 570	
	Mismunur		**69 250**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 783
1 01	Þjóðskráin	38 783	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tölvubúnaður	1 100	
	Gjöld samtals		39 883
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 283	
52–58	Önnur gjöld	22 600	
5	Gjöld samtals	39 883	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**21 063**
	Samtals		90 313

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

		Þús. kr.	Þús. kr.
15–101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 104
1 01	Yfirstjórn	35 782	
1 10	Hagræðingarverkefni	9 322	
	Gjöld samtals		45 104
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 254	
52–58	Önnur gjöld	15 850	
5	Gjöld samtals		**45 104**
15–181 Ríkisbifreiðar, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 500
6 90	Ríkisbifreiðar, framlag	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
15–182 Tölvumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 309
1 01	Tölvumál	6 309	
Stofnkostnaður:			17 600
6 50	Stjórnarráð, tölvuvæðing	14 000	
6 90	Tækjabúnaður	3 600	
	Gjöld samtals		23 909

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 819	
52–58	Önnur gjöld	21 090	
5	Gjöld samtals		**23 909**

15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 350 000
1 01	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 350 000	
	Gjöld samtals		7 350 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 350 000	
5	Gjöld samtals		**7 350 000**
	Samtals		7 421 513

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1989 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 500	
5,8	Gjöld samtals	11 500	
48	Fjármunatekjur	11 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	500 000	
4,7	Tekjur samtals	511 500	
	Mismunur		500 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 900 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	2 400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	500 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 650	
52–57	Önnur rekstrargjöld	256 510	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	913 150	
5,8	Gjöld samtals	1 199 310	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 492 810	
48	Fjármunatekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 510 810	
	Mismunur		311 500
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	62 300	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	249 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	311 500	
22–202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 170	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 150	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	63 410	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	106 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	112 000	
48	Fjármunatekjur	4 260	
4,7	Tekjur samtals	116 260	
	Mismunur		10 040
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	10 040	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 040	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	34 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	27 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	50 840	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	3 040	
593	Afskriftir	6 690	
5,8	Gjöld samtals	124 460	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	126 370	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	128 770	
	Mismunur		4 310
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 200	
32	Annað	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 690	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 310	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	80 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	80 000	
4,7	Tekjur samtals	80 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 760	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	23 760	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	13 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	62 300	
4,7	Tekjur samtals	75 970	
	Mismunur		52 210
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	46 500	
26	Afborgun lána	5 710	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	52 210	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 330	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 240	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	6 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 610	
4,7	Tekjur samtals	6 610	
	Mismunur		550
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	550	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	550	
22–871	**Unglingaheimili ríkisins**		
51	Laun	32 640	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 220	
5,8	Gjöld samtals	44 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 460	
4910	Framlög úr ríkissjóði	24 400	
4,7	Tekjur samtals	44 860	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	31 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	28 500	
571	Fjármagnskostnaður	272 700	
59	Yfirfærslur	55 000	
5,8	Gjöld samtals	387 200	
48	Fjármunatekjur	91 800	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 617 000	
4,7	Tekjur samtals	1 708 800	
	Mismunur		1 321 600
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 941 000	
26	Afborgun lána	454 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	158 500	
26	Tekin lán	915 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 321 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	120 000	
	Mismunur		120 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	120 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	120 000	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	237 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	317 020	
571	Fjármagnskostnaður	15 000	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	52 000	
5,8	Gjöld samtals	713 150	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	597 000	
48	Fjármunatekjur	18 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	621 000	
	Mismunur		−92 150
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−92 150	
32	Annað	30 950	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	300 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	435 600	
571	Fjármagnskostnaður	32 030	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	68 000	
5,8	Gjöld samtals	927 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	785 000	
48	Fjármunatekjur	16 800	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	807 800	
	Mismunur		−119 330

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	35 000	
26	Afborgun lána	22 850	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−119 330	
32	Annað	85 980	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	181 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	51 760	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	37 700	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51–57	Viðhald	13 190	
593	Afskriftir	7 280	
5,8	Gjöld samtals	292 190	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	95 140	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	171 000	
49	Aðrar tekjur	13 440	
4,7	Tekjur samtals	279 700	
	Mismunur		−12 490
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 280	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−12 490	
32	Annað	5 210	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	98 010	
52–57	Önnur rekstrargjöld	29 650	
51–57	Viðhald	4 860	
5,8	Gjöld samtals	132 520	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	67 000	
49	Aðrar tekjur	47 570	
4,7	Tekjur samtals	129 570	
	Mismunur		−2 950
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 950	
32	Annað	2 950	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–975	**Vísindasjóður**		
51	Laun	3 110	
52–57	Önnur rekstrargjöld	810	
51–57	Viðhald	2 030	
59	Yfirfærslur	54 220	
5,8	Gjöld samtals	60 170	
48	Fjármunatekjur	900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 000	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabankans	63 000	
4,7	Tekjur samtals	73 900	
	Mismunur		13 730
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	13 730	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 730	
22–976	**Menningarsjóður**		
51	Laun	7 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	27 970	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	970	
59	Yfirfærslur	4 000	
5,8	Gjöld samtals	58 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	46 690	
48	Fjármunatekjur	360	
4910	Framlög úr ríkissjóði	11 000	
49	Aðrar tekjur	600	
4,7	Tekjur samtals	58 650	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	114 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	93 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	637 230	
593	Afskriftir	16 060	
5,8	Gjöld samtals	861 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 091 080	
48	Fjármunatekjur	520	
49	Aðrar tekjur	540	
4,7	Tekjur samtals	1 092 140	
	Mismunur		230 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	28 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	218 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 060	
39	Ráðstöfun eigin fjár	230 340	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	83 780	
52–57	Önnur rekstrargjöld	23 510	
51–57	Viðhald	2 100	
593	Afskriftir	1 820	
59	Yfirfærslur	13 650	
5,8	Gjöld samtals	124 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	145 580	
49	Aðrar tekjur	8 760	
4,7	Tekjur samtals	154 340	
	Mismunur		29 480

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 400	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	29 480	
23–114	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	60 000	
571	Fjármagnskostnaður	183 430	
51–57	Viðhald	20 000	
5,8	Gjöld samtals	263 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	207 200	
49	Aðrar tekjur	64 000	
4,7	Tekjur samtals	271 200	
	Mismunur		7 770
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 770	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 770	
23–115	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging**		
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	281 000	
26	Afborgun lána	69 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	350 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	124 030	
52–57	Önnur rekstrargjöld	194 010	
571	Fjármagnskostnaður	6 030	
593	Afskriftir	1 810	
5,8	Gjöld samtals	325 880	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	326 250	
4,7	Tekjur samtals	326 250	
	Mismunur		370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 180	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 810	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370	
23–121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	17 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 590	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	42 560	
51–57	Viðhald	1 280	
593	Afskriftir	2 430	
5,8	Gjöld samtals	72 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	115 070	
48	Fjármunatekjur	6 240	
49	Aðrar tekjur	600	
4,7	Tekjur samtals	121 910	
	Mismunur		49 240
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 670	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 430	
39	Ráðstöfun eigin fjár	49 240	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 700	
4,7	Tekjur samtals	15 700	
	Mismunur		15 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	13 760	
26	Afborgun lána	1 940	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 700	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	15 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 290	
26	Afborgun lána	8 710	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
24–206	**Tilraunabúið Hesti**		
51	Laun	1 790	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 510	
51–57	Viðhald	1 090	
5,8	Gjöld samtals	6 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 390	
4,7	Tekjur samtals	6 390	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–207	**Tilraunastöðin Reykhólum**		
51	Laun	1 870	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150	
51–57	Viðhald	430	
5,8	Gjöld samtals	2 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 450	
4,7	Tekjur samtals	2 450	
24–211	**Tilraunastöðin Sámsstöðum**		
51	Laun	1 520	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 110	
5,8	Gjöld samtals	2 630	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 630	
4,7	Tekjur samtals	2 630	
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	225 740	
52–57	Önnur rekstrargjöld	219 720	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	218 290	
571	Fjármagnskostnaður	69 050	
51–57	Viðhald	45 480	
593	Afskriftir	169 020	
5,8	Gjöld samtals	947 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	894 930	
48	Fjármunatekjur	31 370	
4,7	Tekjur samtals	926 300	
	Mismunur		−21 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	75 290	
32	Annað	12 730	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	169 020	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−21 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–236	**Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti**		
571	Fjármagnskostnaður	3 200	
5,8	Gjöld samtals	3 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
24–237	**Stórólfsvallabúið**		
571	Fjármagnskostnaður	2 800	
5,8	Gjöld samtals	2 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
4,7	Tekjur samtals	4 200	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24–238	**Fóðuriðjan Ólafsdal**		
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
5,8	Gjöld samtals	3 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	7 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 190	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 430	
571	Fjármagnskostnaður	1 320	
593	Afskriftir	4 860	
5,8	Gjöld samtals	20 150	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 530	
48	Fjármunatekjur	600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	18 130	
	Mismunur		−2 020
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 910	
32	Annað	930	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 860	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 020	
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	4 040	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 390	
51–57	Viðhald	300	
5,8	Gjöld samtals	7 730	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 350	
4910	Framlög úr ríkissjóði	3 180	
4,7	Tekjur samtals	8 530	
	Mismunur		800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	800	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–211	**Fiskimálasjóður**		
51	Laun	870	
571	Fjármagnskostnaður	3 420	
5,8	Gjöld samtals	4 290	
48	Fjármunatekjur	4 390	
4,7	Tekjur samtals	4 390	
	Mismunur		100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	3 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	100	
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	241 360	
52–57	Önnur rekstrargjöld	328 620	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	936 320	
571	Fjármagnskostnaður	65 640	
51–57	Viðhald	65 410	
593	Afskriftir	129 100	
5,8	Gjöld samtals	1 766 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 734 350	
48	Fjármunatekjur	7 200	
49	Aðrar tekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 759 550	
	Mismunur		−6 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	36 480	
26	Afborgun lána	48 400	
32	Annað	46 860	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	9 540	
19	Afskriftir	129 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 900	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 160	
51–57	Viðhald	3 400	
5,8	Gjöld samtals	8 510	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 230	
49	Aðrar tekjur	21 000	
4,7	Tekjur samtals	36 230	
	Mismunur		27 720
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	27 720	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 720	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	3 210	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
5,8	Gjöld samtals	27 410	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 410	
4,7	Tekjur samtals	27 410	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
59	Yfirfærslur	80	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	1 860	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 610	
4,7	Tekjur samtals	6 470	
	Mismunur		6 390
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 390	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 680	
571	Fjármagnskostnaður	1 280	
5,8	Gjöld samtals	2 960	
48	Fjármunatekjur	5 240	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	13 240	
	Mismunur		10 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	800	
32	Annað	10 380	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 280	
26–373	**Kristnisjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	120	
571	Fjármagnskostnaður	190	
59	Yfirfærslur	13 420	
5,8	Gjöld samtals	13 730	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	14 310	
4,7	Tekjur samtals	14 430	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	80 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	119 200	
571	Fjármagnskostnaður	1 850 000	
5,8	Gjöld samtals	2 050 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	45 000	
48	Fjármunatekjur	1 380 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 120 000	
49	Aðrar tekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	2 595 000	
	Mismunur		545 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 880 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 320 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 380 000	
26	Tekin lán	7 290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	545 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
571	Fjármagnskostnaður	180 000	
5,8	Gjöld samtals	230 000	
48	Fjármunatekjur	110 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	680 000	
49	Aðrar tekjur	440 000	
4,7	Tekjur samtals	1 230 000	
	Mismunur		1 000 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 775 000	
26	Afborgun lána	600 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	140 000	
26	Tekin lán	2 235 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 000 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	4 850	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 270	
59	Yfirfærslur	84 100	
5,8	Gjöld samtals	92 220	
48	Fjármunatekjur	3 600	
49	Aðrar tekjur	88 620	
4,7	Tekjur samtals	92 220	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
59	Yfirfærslur	670 000	
5,8	Gjöld samtals	694 200	
48	Fjármunatekjur	200 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	277 000	
49	Aðrar tekjur	277 000	
4,7	Tekjur samtals	754 000	
	Mismunur		59 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	81 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	21 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	59 800	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	62 830	
52–57	Önnur rekstrargjöld	39 420	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 840	
5,8	Gjöld samtals	195 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	213 990	
4,7	Tekjur samtals	213 990	
	Mismunur		18 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	1 000	
5,8	Gjöld samtals	1 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 000	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	6 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	208 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	379 470	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 606 430	
571	Fjármagnskostnaður	1 710	
51–57	Viðhald	52 610	
593	Afskriftir	52 610	
5,8	Gjöld samtals	2 301 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 903 060	
48	Fjármunatekjur	8 400	
49	Aðrar tekjur	3 580	
4,7	Tekjur samtals	7 915 040	
	Mismunur		5 613 910
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 000	
26	Afborgun lána	3 520	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	5 600 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	52 610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 613 910	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	85 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	56 630	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	407 690	
571	Fjármagnskostnaður	25 280	
51–57	Viðhald	5 170	
593	Afskriftir	15 200	
5,8	Gjöld samtals	595 470	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	568 620	
48	Fjármunatekjur	67 140	
4,7	Tekjur samtals	635 760	
	Mismunur		40 290

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	5 490	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	40 290	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	32 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 620	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 108 990	
571	Fjármagnskostnaður	1 500	
51–57	Viðhald	860	
593	Afskriftir	610	
5,8	Gjöld samtals	1 160 120	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 150 150	
48	Fjármunatekjur	960	
49	Aðrar tekjur	8 400	
4,7	Tekjur samtals	1 159 510	
	Mismunur		−610
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−610	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	14 190	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 450	
51–57	Viðhald	10 940	
593	Afskriftir	2 000	
5,8	Gjöld samtals	41 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 580	
4,7	Tekjur samtals	41 580	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	8 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 160	
51–57	Viðhald	12 770	
5,8	Gjöld samtals	28 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 600	
48	Fjármunatekjur	1 800	
4,7	Tekjur samtals	28 400	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	12 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 120	
51–57	Viðhald	13 010	
5,8	Gjöld samtals	39 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 060	
4,7	Tekjur samtals	39 060	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	8 780	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 320	
571	Fjármagnskostnaður	21 350	
5,8	Gjöld samtals	35 450	
48	Fjármunatekjur	66 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	278 000	
4,7	Tekjur samtals	344 000	
	Mismunur		308 550
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	336 000	
26	Afborgun lána	73 330	
32	Annað	61 820	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	162 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	308 550	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	8 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 760	
51–57	Viðhald	29 310	
5,8	Gjöld samtals	56 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 160	
4,7	Tekjur samtals	56 160	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 626 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 299 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	218 880	
571	Fjármagnskostnaður	84 720	
51–57	Viðhald	91 200	
593	Afskriftir	948 480	
5,8	Gjöld samtals	6 268 750	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 432 000	
48	Fjármunatekjur	24 000	
49	Framlög ríkissjóðs, skil ICAO - tekna	138 000	
49	Aðrar tekjur	108 000	
4,7	Tekjur samtals	5 702 000	
	Mismunur		−566 750
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	204 000	
26	Afborgun lána	119 530	
32	Annað	58 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	948 480	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−566 750	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	311 850	
52–57	Önnur rekstrargjöld	363 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	328 320	
571	Fjármagnskostnaður	2 240	
51–57	Viðhald	243 200	
593	Afskriftir	54 720	
5,8	Gjöld samtals	1 303 330	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 294 200	
4,7	Tekjur samtals	1 294 200	
	Mismunur		−9 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	45 000	
26	Afborgun lána	590	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	54 720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−9 130	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	184 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	148 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 200	
571	Fjármagnskostnaður	26 740	
51–57	Viðhald	25 000	
593	Afskriftir	55 000	
5,8	Gjöld samtals	470 890	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	348 500	
48	Fjármunatekjur	6 390	
4910	Framlög úr ríkissjóði	61 000	
4,7	Tekjur samtals	415 890	
	Mismunur		−55 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	59 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	55 000	
26	Tekin lán	59 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−55 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	18 480	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 120	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
5,8	Gjöld samtals	33 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 600	
4,7	Tekjur samtals	33 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 820	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
59	Yfirfærslur	15 000	
5,8	Gjöld samtals	23 620	
48	Fjármunatekjur	17 850	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	42 850	
	Mismunur		19 230
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	30 990	
26	Afborgun lána	13 510	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 270	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 230	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	8 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 450	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	7 410	
5,8	Gjöld samtals	21 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 310	
48	Fjármunatekjur	720	
4910	Framlög úr ríkissjóði	340	
4,7	Tekjur samtals	21 370	
	Mismunur		310
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	310	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	310	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	12 710	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 690	
51–57	Viðhald	8 030	
5,8	Gjöld samtals	22 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 430	
4,7	Tekjur samtals	22 430	
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 770	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 450	
5,8	Gjöld samtals	4 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 220	
4,7	Tekjur samtals	4 220	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	245 300	
52-57	Önnur rekstrargjöld	163 680	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	70 360	
571	Fjármagnskostnaður	26 100	
51-57	Viðhald	100 890	
593	Afskriftir	83 520	
5,8	Gjöld samtals	689 850	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	696 070	
49	Aðrar tekjur	7 200	
4,7	Tekjur samtals	703 270	
	Mismunur		13 420
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 000	
18	Fjárfestingar	73 000	
26	Afborgun lána	43 250	
32	Annað	11 690	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	6 000	
19	Afskriftir	83 520	
26	Tekin lán	30 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 420	
31-233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	78 540	
52-57	Önnur rekstrargjöld	16 340	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	40 990	
571	Fjármagnskostnaður	4 800	
51-57	Viðhald	3 160	
593	Afskriftir	15 690	
5,8	Gjöld samtals	159 520	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	164 180	
48	Fjármunatekjur	720	
49	Aðrar tekjur	360	
4,7	Tekjur samtals	165 260	
	Mismunur		5 740

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 250	
26	Afborgun lána	3 050	
32	Annað	18 130	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 690	
26	Tekin lán	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 740	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	392 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	326 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 371 600	
571	Fjármagnskostnaður	85 000	
593	Afskriftir	422 700	
5,8	Gjöld samtals	2 598 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 260 600	
48	Fjármunatekjur	72 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	2 372 600	
	Mismunur		−226 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	176 000	
26	Afborgun lána	40 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	422 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−226 100	
32	Annað	20 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 300	
571	Fjármagnskostnaður	56 970	
59	Yfirfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	78 270	
48	Fjármunatekjur	16 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	233 300	
4,7	Tekjur samtals	249 970	
	Mismunur		171 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 200	
26	Afborgun lána	163 150	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	42 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	171 700	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1989 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1989 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds.

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna.

4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík.

4.2 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

4.3 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.4 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.5 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.

4.6 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.

4.7 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Hafnarstræti 6, Ísafirði.

4.8 Að selja grænfóðurverksmiðjuna Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.

4.9 Að selja verksmiðjuhúsnæði, ásamt vélbúnaði og tækjum, í eigu Síldarverksmiðja ríkisins á Húsavík.

4.10 Að selja íbúðarhúsnæðið að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.11 Að selja gamla skólastjórabústaðinn á Bíldudal.
4.12 Að selja íbúð ríkisins í húseigninni Bröttuhlíð 5, Hveragerði.
4.13 Að selja húseignina Bæ III, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
4.14 Að selja skrifstofuhúsnæði skattstofunnar á Ísafirði.
4.15 Að selja skrifstofuhúsnæði bæjarfógetans á Ísafirði.
4.16 Að selja húsnæði ÁTVR við Álfheima í Reykjavík.
4.17 Að selja húsnæði ÁTVR að Eyrargötu 25, Siglufirði.
4.18 Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík.
4.19 Að selja Reykjavíkurborg allt að 57 ha af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi.
4.20 Að selja húseign Póst- og símamálastofnunar að Blöndubyggð 10, Blönduósi.
4.21 Að selja hlut Póst- og símamálastofnunar í húseigninni Arnarbakka 9, Reykjavík.
4.22 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins við Grundargerði í Ólafsvík (160 m^2 geymsluhúsnæði).
4.23 Að selja húseignina Seljavegi 32 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til að byggja upp aðstöðu Vita- og hafnarmálastofnunar í Kópavogi.
4.24 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að kaupa húsnæði eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi til nota sem skrifstofuhúsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa lóð og útihús við Nesstofu á Seltjarnarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.
5.12 Að kaupa kennarabústað á Eiðum, svonefnt Þórarinshús, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa húsnæði á Höfn í Hornafirði til nota fyrir sóknarprest Bjarnanesprestakalls.
5.14 Að kaupa lóð í Mjódd í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

6.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
6.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 14.000 þús. kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.

6.3 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.
6.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
6.5 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
6.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 24 m.kr. til byggingar dráttarbrautar.
6.7 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bæturnar ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.8 Að greiða mismun á tryggingarverði áburðarflugvélar og kaupverði annarrar áburðarflugvélar.
6.9 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.
6.10 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör skuldar vegna yfirtöku ríkisins á eignarhluta hreppsins í Stórutjarnaskóla.
6.11 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, sem sveitarfélög óska að taka til þess að ljúka brýnum verkþáttum á sviði heilbrigðismála, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.
6.12 Að semja um greiðslu á ógreiddum hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar fyrir Reykvíkinga að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.
6.13 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í heilsugæslustöðinni í Vogum og sambærilegri eign.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1 Inngangur

1.1 Þróun efnahagsmála

Efnahagsframvinda síðustu tveggja ára hefur einkennst af þenslu sem meðal annars hefur komið fram í verulegum halla í viðskiptum við útlönd og í mikilli verðbólgu. Meginorsök þessarar þróunar er — eins og svo oft hefur gerst í góðæri hér á landi — að fjárfestingarútgjöld og neysluútgjöld hafa vaxið hraðar en framleiðsla þjóðarbúsins. Afleiðingarnar eru aukinn viðskiptahalli, skuldasöfnun erlendis og vaxandi verðbólga.

Árið 1986 var jöfnuður á viðskiptum við útlönd. Í fyrra myndaðist hins vegar mikill viðskiptahalli sem nam 3½% af landsframleiðslu og áætlanir benda til þess að viðskiptahallinn vaxi enn á þessu ári og verði rúmlega 11 milljarðar króna eða sem nemur 4½% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir margháttaðar ráðstafanir stjórnvalda á síðari hluta þessa árs eru áfram horfur á verulegum viðskiptahalla á næsta ári, eða sem nemur 4—4½% af landsframleiðslu, enda horfur á samdrætti í útflutningstekjum annað árið í röð. Verður það raunar að teljast umtalsverður árangur að halda viðskiptajöfnuði í horfinu á sama tíma og útflutningstekjur dragast saman.

Því hefur verið haldið fram að vöxtur ríkisútgjalda eigi stærstan hlut í þenslunni undanfarin ár. Það er ekki rétt. Ef litið er á stóru þættina í þjóðarútgjöldum, einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu, kemur í ljós að samneysla og fjárfestingar ríkisins hafa vaxið hægar en aðrar útgjaldastærðir og reyndar minna síðustu árin en landsframleiðslan. Viðskiptahallann má því fyrst og fremst rekja til aukinnar einkaneyslu og fjárfestinga einkaaðila. Hins vegar má gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki veitt einkaneyslu og fjárfestingu öflugra aðhald undanfarin ár og skilað ríkissjóði með afgangi til mótvægis við halla einkageirans, þ.e. fjárfestingu hans umfram eigin sparnað.

Á síðustu tveimur árum, þ.e. frá árinu 1986, hafa þjóðartekjur aukist um 6%. Þjóðarútgjöld hafa hins vegar vaxið rúmlega helmingi meira, eða um nálægt 13%. Þessa miklu aukningu má fyrst og fremst rekja til um það bil 13% aukningar í einkaneyslu og fjárfestingu. Hins vegar jókst samneyslan mun minna eða um 7—8%. Þetta misvægi í þróun tekna og gjalda í þjóðarbúskapnum frá árinu 1986 kemur meðal annars fram í því að þjóðarútgjöldin á árinu 1988 verða líklega 3½ milljarði króna hærri en framleiðsla landsmanna. Við þetta bætast síðan um 8 milljarðar í vaxtagreiðslum af erlendum lánum, þannig að viðskiptahallinn í heild verður orðinn um 11½ milljarður króna.

Af þessum tölum má ráða að aukning samneyslu hefur ekki verið stór liður í þeirri útgjaldaþenslu sem ríkt hefur í efnahagslífinu. Hins vegar hefur hallarekstur ríkissjóðs undanfarin ár tvímælalaust stuðlað að aukinni þenslu í þjóðarbúskapnum. Í því árferði sem ríkt hefur á síðustu tveimur árum hefði aukin skattheimta — nægileg til þess að skila tekjuafgangi hjá ríkissjóði — án efa verið ein öflugasta leiðin til þess að draga úr þenslu og þar með minnka viðskiptahalla, erlenda skuldasöfnun og verðbólgu.

1.2 Markmið fjárlaga 1989

Ríkisstjórnin hefur sett það sem meginmarkmið fjárlaga fyrir árið 1989 að ríkissjóður skili umtalsverðum tekjuafgangi. Fyrir þessu eru margar ástæður. Þar vegur þyngst nauðsyn þess að beita ríkisfjármálunum til þess að hamla gegn auknum viðskiptahalla. Enda er á næsta ári spáð umtalsverðum halla á viðskiptum við útlönd þrátt fyrir fyrirhugaðan

rekstrarafgang hjá ríkissjóði. Áframhaldandi hallarekstur á ríkissjóði hefði því óhjákvæmilega í för með sér enn meiri viðskiptahalla á næsta ári. Jafnframt er ljóst að meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar — að draga úr verðbólgu og tryggja rekstrargrundvöll útflutningsgreina, meðal annars með því að lækka vexti verður ekki náð nema með því að slaka á þeirri spennu á innlendum fjármagnsmarkaði sem ríkt hefur að undanförnu. Aðeins með því að skila rekstrarafgangi getur ríkissjóður dregið úr lántökum sínum.

Það er hins vegar hægara sagt en gert að ná tekjuafgangi á fjárlögum ríkissjóðs. Við upphaf fjárlagagerðar blasti við mikill hallarekstur á ríkissjóði á næsta ári. Þessi fjárlagahalli endurspeglaði tvennt. Annars vegar áframhaldandi samdrátt í tekjum ríkissjóðs vegna minnkandi þenslu í efnahagslífinu sem alla jafna kemur harðar niður á tekjum ríkissjóðs en gjöldum. Hins vegar eru líka að koma fram í ýmsum útgjaldafrekum málaflokkum fjárlaga, bæði varðandi fjárfestingar og rekstur, fjárhagslegar afleiðingar af ákvörðunum stjórnvalda um viðbótaraðgerðir á þessum sviðum á undanförnum árum.

Með hliðsjón af þessu tvennu, samdrætti í tekjum og þenslu í útgjöldum, virtist að öllu óbreyttu stefna í allt að 3½ milljarðs króna halla á ríkissjóði á árinu 1989. Þar við bætast útgjöld í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í septemberlok, þannig að fjárlagavandinn var í raun orðinn nær 4 milljörðum króna áður en ætlað var fyrir nauðsynlegum rekstrarafgangi. Þessi fyrirsjáanlegi halli var það mikill að óhjákvæmilegt var að gera hvort tveggja í senn, að auka tekjur og draga úr fyrirhuguðum útgjöldum.

Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að tekjuafgangur verði 1.184 milljónir króna á næsta ári eða um 1½% af ríkisútgjöldum. Þeim árangri er náð með því að draga verulega úr fyrirhuguðum útgjöldum og ákveða ýmsar breytingar á tekjuöflun sem verða reifaðar í stórum dráttum hér á eftir.

1.3 Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum

Fyrstu aðgerðir. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu að því að rétta við stöðu útflutningsgreinanna, forðast atvinnuleysi og hemja verðbólgu. Meginatriði þessara aðgerða voru eftirfarandi:

- Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var gert kleift með lántöku að greiða allt að 5% verðuppbót á freðfisk með sambærilegum áhrifum á afkomu.

- Verðstöðvun var framlengd til 28. febrúar 1989 en laun, almennt fiskverð og launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru munu haldast óbreytt til 15. febrúar 1989.

- Til að bæta stöðu hinna verst settu var tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót hækkuð um 3% og 150 m.kr verður veitt til að liðsinna húsbyggjendum og fjölskyldum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum.

- Niðurgreiðslur voru auknar í byrjun október, þannig að búvöruverð helst óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins.

- Ríkisstjórnin beitti sér fyrir lækkun bæði nafnvaxta og raunvaxta í upphafi október. Nafnvextir lækkuðu um kringum 5%, en raunvextir yfirleitt um 0,4 - 0,7%. Voru þetta fyrstu skref í fyrirhugaðri 3% lækkun raunvaxta.

Þessar aðgerðir hafa þegar skilað umtalsverðum árangri. Dregið hefur úr líkum á atvinnuleysi og horfur eru á að verðbólga verði komin niður fyrir 10% í árslok. Hér á eftir er nánari grein gerð fyrir aðgerðum og stefnu ríkisstjórnarinnar á einstökum sviðum efnahagsmála.

Afkoma atvinnuvega. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að bæta afkomu atvinnuvega og frekari aðgerðir eru fyrirhugaðar.

Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var heimilað að taka innlent eða erlent lán með ríkisábyrgð allt að 800 m.kr. til að greiða verðbætur á freðfisk og hörpudisk vegna framleiðslu tímabilsins 1. júní 1988 til 31. maí 1989. Verðjöfnunarsjóðnum var einnig heimilað að miða greiðslu verðbóta á rækju vegna framleiðslu frá 1. júní 1988 við meðalmarkaðsverð síðustu tveggja ára í stað þriggja, eins og gert er ráð fyrir í reglum sjóðsins. Í lok október var sjóðurinn búinn að greiða um 250 m.kr. í verðuppbætur á freðfisk og um 55 m.kr. í verðuppbætur á rækju.

Ríkisstjórnin hyggst auka niðurgreiðslur til ullariðnaðarins. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir fjórðungslækkun á raforkuverði til frystihúsa. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur fiskeldis og loðdýraræktar verði endurgreiddur með hliðstæðum hætti og til annarra útflutningsgreina.

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir endurskoðun afurðalánakerfis sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar með það m.a. fyrir augum að hlutfall afurðalána af söluandvirði verði ekki lægra en það var meðan Seðlabankinn sá um fjármögnun afurðalána.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina var stofnaður með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar. Verkefni sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar og hagræðingar í útflutningsgreinum. Jafnframt mun sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í löng lán. Í þessu skyni mun sjóðurinn fá 600 m.kr. af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Ríkissjóður mun einnig leggja Atvinnutryggingarsjóði til 400 m.kr. sem aflað verður á árunum 1989 og 1990. Stofnfé sjóðsins er því samtals 1.000 m.kr. Af því er áætlað að 150 m.kr. greiðist á árinu 1988, 500 m.kr. á árinu 1989 og 350 m.kr. á árinu 1990. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán hjá Seðlabankanum eða fyrir milligöngu hans fyrir 1.000 m.kr. með ábyrgð ríkissjóðs. Í bráðabirgðalögunum var Atvinnutryggingarsjóði heimilað að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 m.kr. lausaskuldum útflutningsfyrirtækja.

Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs hefur tekið til starfa og reglugerð hefur verið gefin út. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu að rekstrargrundvöllur þeirra teljist fyrir hendi að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag og rekstri. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs mun beita sér fyrir endurskipulagningu í útflutningsgreinum í tengslum við lánveitingar sínar, þannig að útflutningsfyrirtækin verði framleiðnari og fjárhagslega traustari á eftir.

Launamál. Laun haldast óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækka þá almennt um 1,25%. Lagaákvæði um takmörkun samningsréttar, sem sett voru af fyrri ríkisstjórn í maí 1988 og áttu að gilda til 10. apríl 1989, munu falla úr gildi 15. febrúar 1989. Launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru verður sömuleiðis óbreyttur fram til 15. febrúar 1989, en hækkar þá um 1,25% og sama gildir um almennt fiskverð.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir ýmsum aðgerðum til að milda áhrif launafrystingar á þá sem verst eru settir. Tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót hækkuðu um 3% 1. október s.l. Persónuafsláttur og barnabætur verða hækkaðar sérstaklega í tengslum við aðgerðir í skattamálum og gert er ráð fyrir að 150 m.kr. verði veitt til skuldbreytinga hjá húsbyggjendum og til að liðsinna fjölskyldum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum.

Verðlagsmál. Verðstöðvun sú sem fyrri ríkisstjórn setti í ágúst og átti að renna út í byrjun október var framlengd til 28. febrúar 1989 með þeirri breytingu, að heimilt verður að hækka verð vöru og þjónustu vegna hækkunar á erlendu innkaupsverði eða hækkunar á

verði á innlendum grænmetis- og fiskmörkuðum. Verð á búvörum breytist ekki á verðstöðvunartímabilinu og voru niðurgreiðslur auknar í byrjun október í því skyni. Óheimilt er að hækka húsaleigu á verðstöðvunartímabilinu og gjaldskrár fyrirtækja á vegum ríkis og sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi sérfræðinga hækka ekki nema vegna hækkana á erlendu innkaupsverði aðfanga. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í verðalagsmálum hafa þegar skilað umtalsverðum árangri. Þannig varð hækkun framfærsluvísitölu ekki nema 0,4% í október og útlit er fyrir að verðbólgan verði komin niður fyrir 10% í lok ársins.

Stefnan í ríkisfjármálum á að stuðla að varanlegum árangri í lækkun verðbólgu og vaxta og koma í veg fyrir aukningu viðskiptahalla á næsta ári, þrátt fyrir samdrátt í útflutningstekjum. Í þessu skyni er fjárlagafrumvarp ársins 1989 lagt fram með tæplega 1,2 milljarða króna tekjuafgangi. Tekjuafgangur á ríkissjóði er nauðsynlegur, þrátt fyrir fyrirsjáanlegan samdrátt. Án hans myndi viðskiptahalli aukast umtalsvert á næsta ári. Einnig er tekjuafgangur nauðsynlegur til að auka tiltrú á að ríkissjóður hyggist draga úr lánsfjáreftirspurn sinni í framtíðinni og stuðla þannig að varanlegri lækkun raunvaxta. Reynist samdrátturinn á næsta ári meiri en nú er spáð munu tekjur ríkissjóðs minnka sjálfkrafa og tekjujöfnuðurinn versna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs mun einnig versna ef sérstakar aðgerðir, sem hafa útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, verða ákveðnar á næsta ári til að draga úr eða milda áhrif samdráttar.

Vaxtamál. Ríkisstjórnin setti sér það markmið í upphafi að raunvextir lækkuðu um 3%. Fyrsta skref þessarar lækkunar var stigið í upphafi október. Þá lækkuðu vextir 3 ára spariskírteina um 0,7%. Vextir lengri spariskírteina lækkuðu minna, enda hafði sala þeirra verið tregari. Raunvextir verðtryggðra skuldabréfa hjá bönkum lækkuðu um 0,4% að meðaltali frá byrjun til loka október. Lækkun raunvaxta mun halda áfram á næstunni í samningum við banka og lífeyrissjóði. Almennar forsendur frekari lækkunar raunvaxta liggja nú augljóslega fyrir í almennum samdrætti og aðhaldssömu fjárlagafrumvarpi.

Nafnvextir hafa lækkað mikið að undanförnu samfara hjöðnun verðbólgu og lækkun raunvaxta. Nafnvextir á almennum skuldabréfum, sem voru um 40% í júlí og ágúst, voru í lok október komnir niður í um 20% og munu væntanlega enn lækka á næstunni.

1.4 Breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs

Á síðasta þingi voru gerðar veigamiklar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Markmiðið með þessum breytingum var tvíþætt. Annars vegar var þetta liður í heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfinu og hins vegar miðuðu breytingarnar að aukinni tekjuöflun til þess að draga úr fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði. Veigamestu þættirnir í þessari endurskoðun voru breytingar á söluskatti og samþykkt laga um virðisaukaskatt, sem átti að koma til framkvæmda á næsta ári, upptaka staðgreiðslu á tekjuskatti einstaklinga og breytingar á lögum um tollskrá og vörugjald. Enn fremur voru gerðar nokkrar breytingar á skattlagningu fyrirtækja.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er gert ráð fyrir frekari uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs til þess að tryggja fjárhag hans. Þessi tekjuöflun mun miðast við að þeir sem mestar hafa eignir og afla mestra tekna beri meiri hluta aukinnar skattheimtu. Auk þess er með þessu hamlað gegn innflutningi og fjárfestingu. Þessar breytingar eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir breytingu á ýmsum óbeinum sköttum svo sem vörugjaldi, bensíngjaldi og innflutningsgjaldi af bílum. Auk þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs draga þessar aðgerðir úr innflutningi og þar með viðskiptahalla.

- Þá er gert ráð fyrir breytingu á eignarsköttum. Annars vegar almennri hækkun eignarskattshlutfalls einstaklinga og fyrirtækja og hins vegar því að taka upp sérstakt og hærra skattþrep fyrir þá einstaklinga sem eiga skuldalausa eign yfir sérstökum háum mörkum. Er þá gert ráð fyrir að núverandi eignarskattsauki haldist óbreyttur.

- Stefnt er að ýmsum breytingum á tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja. Fyrirhugað er að hækka skatthlutfall, en persónuafsláttur hækki þannig að skattbyrði lægri tekna verði ekki breytt. Þá hækki barnabætur sérstaklega. Einnig er til athugunar að taka upp sérstakt skattþrep á háar tekjur. Þá er gert ráð fyrir skrefi í þá átt að samræma skattlagningu tekna, hvort sem þær eru laun, raunvextir, arður eða söluhagnaður. Hvað fyrirtæki varðar verða hert ákvæði þess efnis að tekjur í formi hlunninda, einkaneyslu á reikning fyrirtækis og lánafyrirgreiðslu komi til skattlagningar.

- Þá er og stefnt að frekari samræmingu í skattlagningu peningastofnana með því að veðdeildir og fjárfestingalánasjóðir verði gerð tekjuskattskyld með sama hætti og bankar eru nú. Áformað er að orkufyrirtæki verði skattlögð með almennum hætti.

- Á sölu happdrættismiða og hliðstæða starfsemi verði lagður 12% söluskatttur eins og nú er á margvíslegri þjónustu. Þessi starfsemi hefur vaxið mikið að umfangi að undanförnu og er talið að velta happdrætta nemi um 3½ milljarði króna á þessu ári og geti orðið um 4 milljarðar á næsta ári. Ólíklegt er talið að 12% skattur verði til að draga mikið úr sölu happdrættismiða og verði hann því að mestu borinn af þeim sem miðana kaupa. Þó kemur til álita að í stað þessa verði stærri hluta tekna af sölu happdrættismiða varið til rekstrar á þeirri starfsemi sem byggð er upp af happdrættisfé en síðan rekin fyrir opinbert fé.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber samkvæmt lögum hluti af tekjum af söluskatti og aðflutningsgjöldum. Um nokkurra ára skeið hefur framlag þetta verið ákveðið sem föst fjárhæð í fjárlögum ár hvert í stað þess að láta það fylgja þessum tekjustofnum. Vegna breytinga á stofni söluskatts og aðflutningsgjalda er fyrri viðmiðun í þessu efni ekki nothæf.

Um nokkurt skeið hefur verið til athugunar í fjármálaráðuneytinu og í nefnd, sem endurskoðar tekjustofna sveitarfélaga, að gera breytingu á fjármögnun sjóðsins. Breytingin yrði fólgin í því að framlag í núverandi mynd félli niður en í stað þess kæmi aukin hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti. Einnig hefur verið í umræðum um tekjustofna sveitarfélaga að draga saman þann hluta tekna sveitarfélaga sem fer í gegnum sjóðinn en nota það sem eftir yrði til markvissari tekjujöfnunar en nú er. Verði sú leið farin og fjármögnun sjóðsins jafnframt breytt mundi hluti þess tekjuskatts sem færðist til sveitarfélaga fara beint til þeirra í formi hækkaðs útsvarshlutfalls en hluti renna í Jöfnunarsjóðinn. Fjármálaráðuneytið er reiðubúið til viðræðna og samkomulags við sveitarfélögin um þetta fyrirkomulag, hvort sem er í tengslum við þær breytingar á lögum um tekjuskatt sem gera þarf vegna fjárlaga 1989 eða í tengslum við væntanlegar breytingar á verkefnaskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Í fjárlögum yfirstandandi árs, eftir breytingar skv. lögum nr. 10/1988, var framlag í Jöfnunarsjóð 1.142 millj.kr. Í þessu frumvarpi er að svo komnu máli miðað við að fjárhæð þessi verði 1.275 millj.kr. á árinu 1989.

1.5 Útgjaldastefna fjárlaga

Auk þeirra ráðstafana, sem þegar hafa verið tíundaðar og hníga að auknum tekjum, ákvað ríkisstjórnin að ná fram stefnumiðum sínum með aðhaldi í útgjöldum. Í þeim áætlunum, sem fyrir lágu og vitnað er til hér að framan, var gert ráð fyrir verulegri aukningu útgjalda milli áranna 1988 og 1989. Sú áætlun var byggð á mati á því til hverra útgjalda yrði stofnað af hálfu ríkisins og ríkisstofnana ef ekki yrðu teknar ákvarðanir um breytingar.

Með þessu frumvarpi er stefnt að minni útgjaldaþenslu en þó þannig að veitt þjónusta verði skert sem minnst og jafnframt skapað nokkurt svigrúm til að sinna mikilvægum verkefnum á sviði menningar-, félags- og umhverfismála. Ekki er stefnt að stórfelldum niðurskurði heldur fyrst og fremst að því að stöðva frekari aukningu ríkisútgjalda og að endurmetin verði ráðstöfun þess fjár sem varið er til sameiginlegra þarfa.

Lækkun útgjalda er náð með ýmsum hætti.

- Dregið er úr framlögum til framkvæmda, ekki síst þar sem mest þensla hefur ríkt. Ekki verða hafnar nýjar framkvæmdir og ýmsum framkvæmdum, sem í gangi eru, er dreift á lengri tíma en áður var áætlað.

- Ákveðið var að ýmis framlög, svo sem til framkvæmdasjóða, endurgreiðslu söluskatts og jöfnunargjalds og óskipt framlög til framkvæmda, yrðu óbreytt að krónutölu milli ára.

- Gert er ráð fyrir að dregið verði úr starfsmannahaldi á vegum ríkisins eins og nánar verður vikið að síðar. Í fjárlögunum kemur sú lækkun fram með þeim hætti að fjárveiting til að bæta stofnunum launabreytingar innan ársins hefur verið lækkuð og mun þess verða gætt við ráðstöfun þess fjár til stofnana að náð verði þeim markmiðum sem viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytið setja í þessu efni.

- Þjónustustofnunum er ætlað að verðleggja og selja þjónustu sína í auknum mæli í samræmi við tilkostnað. Í því sambandi verði einnig tekið tillit til kostnaðar ríkissjóðs sem ekki kemur fram á rekstrarreikningi þeirra, svo sem endurgjaldslaus afnot af húsnæði og verðtrygging á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna þeirra.

- Þá er gert ráð fyrir að starfsemi nokkurra stofnana og einstök viðfangsefni þeirra verði tekin til sérstakrar athugunar, starfsemin lögð niður, flutt til annarra eða hagrætt.

- Gert er ráð fyrir því að fjármálakafli laga um framhaldsskóla komi ekki til framkvæmda á næsta ári. Ekki hafa verið gerðar ráðstafanir í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem réttlæta þá kostnaðartilfærslu sem af þeim lögum leiðir og rétt að það mál verði skoðað í tengslum við aðra verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga.

- Stefnt er að verulegum sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Áætlað er að lækka megi lyfjakostnað til muna með breyttum reglum þar að lútandi, lækniskostnað vegna sérfræðiþjónustu m.a. með því að taka upp að nýju tilvísunarkerfi, kostnað við rannsóknastofur o.fl.

Frávik frá þeim almennu viðmiðunum sem nefndar hafa verið eru gerðar í ýmsum tilvikum eins og fram kemur í greinargerð um einstakar stofnanir.

Af sérstökum aðgerðum til lækkunar á ríkisútgjöldum vegur sú ákvörðun þyngst að takmarka hækkun launaútgjalda. Í mörg ár hafa launagjöld ríkisins vaxið sem því nemur að starfsmönnum hafi fjölgað um 2—4% á milli ára. Þessi sjálfvirki vöxtur virðist fara fram nokkuð stöðugt og óháð því hvort umsvif og verkefni í viðkomandi málaflokki eða stofnunum hafi vaxið. Þessi tilhneiging á sér eðlilegar skýringar en ætti ekki að vera óumbreytanleg. Hverri stofnun er nauðsyn á að endurmeta starfsemi sína af og til og færa til og laga það sem úrskeiðis hefur gengið, þar á meðal hagrætt ýmsu því sem til óhagræðis hefur þróast.

Í ljósi langvarandi þenslu hefur verið ákveðið að hefja með fjárlögum fyrir næsta ár átak er hafi það að markmiði að draga úr vinnuaflsnotkun ríkisins sem nemur 2,5% á ári í nokkur ár.

Fjármálaráðuneytið mun á næstunni skipuleggja vinnuaðferðir og verklagsreglur í samvinnu við fagráðuneytin er tryggi að marki þessu verði náð. Með launabókhaldi ríkisins er unnt að fylgjast með framvindu þessara mála í einstökum stofnunum. Fjármálaráðuneytið mun ganga ríkt eftir því við ráðuneyti og stofnanir að með takmörkun á yfirvinnu og með því að ekki verði ráðið í störf er losna verði tryggt að árangur náist.

Enn fremur verður gert átak í því að efla ráðdeild í rekstri og framkvæmdum. Gerðar verða strangari kröfur um kostnaðaráætlanir og kostnaðarmat framkvæmda um rekstraráætlanir fyrir stofnanir og starfsemi í undirbúningi. Einnig verða gerðar ráðstafanir til að fyrirbyggja ónauðsynlega eyðslu og efla aðhald í almennri starfsemi stofnana og ráðuneyta.

2 Fjárlagafrumvarp 1989 — Yfirlit

Greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er í 7 aðalköflum. Á eftir inngangi er í þessum kafla sett fram yfirlit um helstu atriði og niðurstöður frumvarpsins. Í þriðja kafla er fjallað um tekjuhlið frumvarpsins, í þeim fjórða um gjaldahlið frumvarpsins, í fimmta kafla er sérstaklega fjallað um fyrirtæki og sjóði í B-hluta, í sjötta kafla er gerð grein fyrir heildarskuldbindingum ríkissjóðs, lánum og veittum ábyrgðum, og í sjöunda kafla eru rædd fjárfestingar- og lánamál opinberra aðila. Á fylgiskjölum er að finna yfirlit yfir kostnað og stöðu framkvæmda sem unnar eru á vegum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og um þær viðbótarfjárheimildir sem veittar hafa verið á árinu 1988 til septemberloka. Greinargerðinni fylgja einnig yfirlitstöflur af ýmsum toga.

2.1 Verðlagsforsendur frumvarpsins

Sem endranær byggist fjárlagafrumvarpið á áætlunum um þróun helstu hagstærða á næsta ári. Óvissa í því efni er reyndar nú með mesta móti. Engu að síður er fylgt þeirri reglu að fjárlagafrumvarpið tekur í öllum meginatriðum mið af forsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1989. Heildartölur frumvarpsins eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Hins vegar eru launa- og rekstragjöld einstakra stofnana færð á áætluðu verðlagi í janúar 1989 en mismunurinn færður til gjalda á sérstökum fjárlagalið, launa- og verðlagsmál. Í samræmi við þjóðhagsáætlun er í frumvarpinu gengið út frá því að innlent verðlag hækki um 12% að meðaltali milli ára. Meðalverð á erlendum gjaldeyri er áætlað 7% hærra en 1988. Að teknu tilliti til erlendra verðbreytinga hækkar innflutningsverð í íslenskum krónum svipað og innlent verðlag. Launabreytingar milli ára eru áætlaðar 8% og hækkun vísitölu byggingarkostnaðar 10%.

2.2 Afkomuhorfur 1988

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að rekstrarafkoma ríkissjóðs yrði í járnum. Fyrstu mánuði ársins benti framvinda ríkisfjármálanna raunar ekki til annars en að þetta markmið mundi nást þrátt fyrir ýmsar ákvarðanir um aukin útgjöld meðal annars í kjölfar efnahagsaðgerða í febrúarlok. Ástæðan var einfaldlega sú að framan af ári gætti greinilega áhrifa af áframhaldandi útgjaldaþenslu í tekjum ríkissjóðs, sérstaklega í sölu-

skattstekjunum. Þessi áhrif voru þó ákaflega vandmetin vegna þeirra breytinga sem orðið höfðu á söluskattskerfinu um áramótin.

Upp úr miðju ári fór hins vegar að gæta lækkunar í innheimtu veltuskatta, einkum söluskatti, og hefur sú þróun haldið áfram á þriðja ársfjórðungi. Skýringin á þessari þróun er tvíþætt. Annars vegar eru greinileg merki um vaxandi samdrátt í veltu innanlands eftir því sem á árið hefur liðið. Þessi samdráttur kemur eðli málsins samkvæmt einkum fram í minnkandi tekjum af söluskatti, tollum og öðrum veltusköttum. Jafnframt virðist innheimtan sjálf hafa gengið verr upp á síðkastið sem er ákveðin vísbending um vaxandi greiðsluerfiðleika í rekstri fyrirtækja.

Tekjuhlið. Eftirfarandi tafla sýnir endurskoðaða áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 og samanburð við fjárlög:

	Fjárlög 1988 m.kr.	Fjárlög á meðalverðlagi 1988 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.
1. Beinir skattar	8.255	8.915	10.533
2. Óbeinir skattar	51.596	55.724	52.513
þar af söluskattur	30.327	32.753	30.465
þar af tollar o.fl.	7.801	8.425	7.506
3. Vaxtatekjur o.fl.	3.240	3.500	3.440
Heildartekjur ríkissjóðs	**63.091**	**68.139**	**66.486**

Fjárlög á meðalverðlagi 1988 eru fengin með því að hækka upphaflegar tölur fjárlaga um 8% en það er hækkun verðlags og launa 1988 umfram það sem fjárlög 1988 gerðu ráð fyrir. Sú áætlun er lauslegur mælikvarði á þá niðurstöðu sem vænta mátti ef ekki hefðu komið til þau umskipti í þróun efnahagsmála sem áttu sér stað.

Á þennan mælikvarða reynist tekjutap ríkissjóðs á árinu 1988 um 1.650 m.kr. Tekjutap í óbeinum sköttum er stórum meira eða nálega 3.200 m.kr. Það er að hálfu vegið upp með hækkun tekna af beinum sköttum sem rekja má til þess að miklar launahækkanir í ársbyrjun skiluðu strax aukinni staðgreiðslu og að skattar á fyrirtæki hækkuðu meira en áætlað var.

Gjaldahlið. Þær efnahagsaðgerðir sem ríkisstjórnin ákvað í því skyni að bæta stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og jafnframt draga úr áhrifum launastöðvunar hafa töluverð áhrif á gjaldahlið ríkissjóðs. Helstu breytingarnar sem snerta rekstrargjöld ríkissjóðs á þessu ári koma fram í eftirfarandi töflu:

	M.kr.
Niðurgreiðslur búvöru	170
Styrkur til ullariðnaðar	20
Hækkun tekjutryggingar o.fl.	35
Endurgr. söluskattur í fiskeldi o.fl.	30
Samtals	**255**

Auk þess hafa útgjöld ríkissjóðs tekið margvíslegum breytingum. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð fjárlaga 1988 og áætlaðrar útkomu ársins:

	Fjárlög 1988 m.kr.	Fjárlög á meðal-verðlagi 1988 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.
Almennur rekstur	25.212	27.229	27.160
Tilfærslur	23.681	25.575	26.412
Vextir	4.800	5.200	6.500
Viðhald og fjárfesting	9.372	10.121	9.395
Samtals	**63.065**	**68.125**	**69.467**

Fjárlög á meðalverðlagi 1988 eru hér áætluð 8% hærri en upphafleg tala var í þeim tilgangi að fá einfaldan mælikvarða á raungildi frávika. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði um 1,3 milljarði króna meiri en fjárlög á sama verðgildi. Breytingin í raungildi felst aðallega í tvennu: Auknum vaxtagreiðslum um 1.300 m.kr. sem fyrst og fremst má rekja til versnandi afkomu ríkissjóðs og aukins yfirdráttar í Seðlabanka. Þar að auki hafa tilfærslur hækkað um 800 m.kr. Annars vegar hafa sjúkratryggingar hækkað sérstaklega um 200 m.kr. vegna þess að reiknað hafði verið með of háu endurgreiðsluhlutfalli sveitarfélaga og eins varð ekkert úr fyrirhugaðri lækkun lyfjakostnaðar. Einnig hækkaði vaxta- og geymslukostnaður búvara um 180 m.kr. en hann er greiddur af niðurgreiðslufé og niðurgreiðslur voru hækkaðar. Á móti kemur veruleg raunlækkun á fjárfestingum og viðhaldi.

Samanburður við fjárlög. Eins og hér hefur komið fram er nú gert ráð fyrir tæplega 3 milljarða hallarekstri á ríkisjóði á þessu ári samanborið við lítilsháttar afgang á fjárlögum. Hækkun almennra rekstrarútgjalda frá fjárlagaáætlun nemur tæplega 2 milljörðum króna eða um 7½%. Það er svipað og almennar launa- og verðlagsbreytingar ættu að gefa tilefni til. Sama á við um lífeyris- og sjúkratryggingar en þær hækka um tæplega 1.100 m.kr. frá fjárlögum. Þá hækka niðurgreiðslur um 560 m.kr., meðal annars til að draga úr áhrifum söluskatts á búvöruverð og eins vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að greiða niður búvöruverð á næstu mánuðum.

Langstærsta frávikið frá fjárlagaáætlun er hins vegar í vaxtagjöldum ríkissjóðs en þau hafa farið um 1,7 milljarða króna umfram áætlun. Að stærstum hluta vegna aukinna vaxtagreiðslna af yfirdrætti í Seðlabanka, en þær fara 1.200 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun. Önnur vaxtagjöld hækka í samræmi við erlendar og innlendar verðbreytingar umfram forsendur fjárlaga.

Heildarhækkun útgjalda ríkissjóðs frá fjárlögum nemur þannig um 6,4 milljörðum króna. Þar af má rekja fjórðung, eða um 1,7 milljarða króna, til aukinna vaxtagjalda, um 1,6 milljarða til hækkunar á lífeyris- og sjúkratryggingum og niðurgreiðslum. Þá eru aukafjárveitingar áætlaðar um 500 m.kr., en um helmingur þeirra fór til greiðslu á hallarekstri sjúkrahúsa. Afgangurinn, um 2,6 milljarðar króna, liggur í hækkun almennra rekstrarútgjalda og tilfærslna.

Heildarhækkun tekna frá fjárlögum er næstum helmingi minni en gjaldahækkunin. Tekjur ríkissjóðs hafa lækkað verulega að raungildi frá því sem gert var ráð fyrir á

fjárlögum. Fyrirsjáanlegan rekstrarhalla ríkissjóðs á yfirstandandi ári má í meginatriðum rekja til almenns samdráttar í þjóðarbúskapnum og hækkunar á vaxtagreiðslum.

Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu 1988 í samræmi við framangreindar áætlanir um gjöld og tekjur svo og áætlaðar lánahreyfingar.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1988

	Fjárlög 1988 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.	Frávik áætlunar frá fjárlögum m.kr.
1. Tekjur	63.091	66.486	3.395
2. Gjöld	-63.065	-69.467	6.402
3. Rekstrarafkoma	26	-2.981	-3.007
4. Lánahreyfingar, útstreymi	-5.175	-5.637	-462
Afborganir, innheimtar	2.540	2.400	-140
Afborganir, greiddar	2.540	2.600	-140
Innlausn spariskírteina	-2.130	-2.520	-95
Veitt lán og hlutafé	-2.680	-2.917	-237
Viðskiptareikningur	-400	0	400
5. Lánsfjárþörf, brúttó	-5.148	-8.618	-3.470
6. Lántökur alls	5.165	6.062	897
Spariskírteini	3.000	4.860	1.860
Önnur innlend	1.260	60	-1.200
Erlend	905	1.142	237
7. Lánahreyfingar, nettó	-10	425	435
8. Greiðsluafkoma	16	-2.556	-2.573

2.3 Horfur í ríkisfjármálum 1989

Samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði rúmlega 76 milljarðar króna á næsta ári í stað um 69,5 milljarða á þessu ári. Hækkunin stafar nær eingöngu af verðbreytingum milli ára. Þrátt fyrir viðbótarútgjöld í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem meðal annars fólust í auknum niðurgreiðslum á vöruverði til neytenda, sérstakri hækkun á lífeyrisgreiðslum og framlagi í Atvinnutryggingasjóð útflutningsgreinanna, er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði lítt breytt að raungildi á næsta ári. Þetta sést líka á því að hlutfall útgjalda ríkissjóðs af landsframleiðslu hækkar aðeins lítillega á milli áranna 1988 og 1989 þrátt fyrir verulegan framleiðslusamdrátt, eða úr 27,4% í 27,7%. Hækkun ríkisútgjalda milli ára svarar því aðeins til um 0,3% af landsframleiðslu eða 0,8% hækkun raungildis.

Tekjur ríkissjóðs hækka mun meira en gjöldin á næsta ári enda gert ráð fyrir að snúa hartnær 3 milljarða króna rekstrarhalla á árinu 1988 í rúmlega 1 milljarðs rekstrarafgang árið 1989. Þessi 4 milljarða króna viðsnúningur svarar til meira en 5% af ríkisútgjöldum eða 1% af landsframleiðslu. Hlutfall heildartekna verður samkvæmt þessu 28,1% af landsframleiðslu. Mismunurinn á hlutfalli tekna og gjalda, tæplega ½% af landsframleiðslu, svarar til þess rekstrarafgangs sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að verði á ríkissjóði árið 1989.

Með hliðsjón af hallarekstri ríkissjóðs á yfirstandandi ári er ljóst að markmið ríkisstjórnarinnar um verulegan rekstrarafgang á næsta ári felur óhjákvæmilega í sér nokkra hækkun tekna að raungildi frá áætlun fyrir árið 1988, eða sem nemur 3½—4%. Hins vegar er hækkun tekna frá fjárlögum 1988 ekki nema 1¼% að raungildi. Mismunurinn liggur í tekjubresti ríkissjóðs á þessu ári.

2.4 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

Hreinar afborganir. Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 6.590 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 2.530 m.kr. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu en í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara, sem útistandandi bréf bera, er innlausn spariskírteina áætluð. Afborganir af erlendum lánum nema alls 1.525 m.kr. og eru um 23% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Afborganir af lánum til Seðlabankans nema alls 840 m.kr. Innheimtar afborganir nema alls 2.590 m.kr., þar af eru 1.255 m.kr. af gengisbundnum lánum og 1.335 m.kr. af lánum sem tengd eru innlendu verðlagi. Hreinar afborganir ríkissjóðs nema því 4.000 m.kr.

Veitt lán. Til veittra lána á árinu 1988 teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru 915 m.kr vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 350 m.kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar vegna framkvæmda við frágang á byggingunni. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar frá í frumvarpi til lánsfjárlaga.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 115 m.kr. á árinu 1989. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum var heimiluð með lögum nr. 27/1988 og nemur 31 m.kr.
2. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofunarinnar, IDA, nemur 47,3 m.kr. Er það annað framlag af þrem í svokölluðum IDA-8 viðbótarframlögum. Heildarframlagið er 141,8 m.kr. og skiptist jafnt á hvert ár 1988—1990.
3. Hækkun á hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum var heimiluð með lögum nr. 93/1987 og nemur 8,7 m.kr. á árinu 1989.
4. Stofnframlag til Norræns þróunarsamvinnusjóðs (NUF) nemur 11,2 m.kr. Ríkisstjórn Íslands samþykkti aðild Íslands að sjóðnum á síðastliðnum vetri.
5. Stofnfjárframlag til Þróunarsjóðs vestnorrænna þjóða nemur 1,2 m.kr.
6. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að á árinu 1989, alls 15,6 m.kr.

Viðskiptareikningur. Á undanförnum árum hefur ávallt verið útstreymi umfram innstreymi á þessum reikningum hjá ríkissjóði. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna aðflutningsgjalda, innheimtukrafna o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi sem þarf að fjármagna. Áætlað útstreymi umfram innstreymi af þessum reikningum nemur alls 500 m.kr. á árinu 1989.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 4.700 m.kr., þar af verða 1.265 m.kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlaga. Í greinargerð um B-hluta er skýrt frá ráðstöfun fjárins. Taka ber fram að lánsfjármögnun byggingarsjóðanna telst ekki til lánsfjármála A-hluta ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem lánastofnanir, enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðunum ekki um ríkissjóð, heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja. Að öðru leyti vísast í 6. og 7. kafla til skýringar á lánsfjáröflun og ráðstöfun.

2.5 Lagabreytingar

Með sama hætti og í frumvarpi fyrir árið 1988 er hér sett fram yfirlit yfir þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar á framlögum og heimildir til innlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt. Sala happdrættismiða verði með 12% söluskatti.

Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Miðað er við það að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 1990.

Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Áformuð er breyting vörugjalds og vörugjaldsstofns.

Lög um breytingu á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988. Gildistími ákvæða um gjald af erlendum lánum verði framlengdur.

Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Í frumvarpinu verði skatthlutfalli, persónuafslætti, barnabótum o.fl. breytt svo og ákvæðum um skattlagningu fyrirtækja.

Lög um breytingu á lögum nr 88/1987 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.
Áformað er að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði framlengdur á árinu 1989, og skatthlutfallið hækkað.

Skipulagslög. Í IX. kafla laga nr. 19/1964, skipulagslaga, er kveðið á um kostnað við framkvæmd skipulagsmála. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður og tekjur af skipulagsgjaldi renni óskiptar til skipulagsstjóra ríkisins.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 38.830 þús. kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37.5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag til sjóðsins falla niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs að viðbættum tekjum af erfðafjárskatti eigi verða hærra en 200.000 þús.kr. á árinu 1989.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar á árinu 1989.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 25.000 þús.kr. á árinu 1989.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1989 falla niður.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki hærra en 28.000 þús.kr. á árinu 1989.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71 m.kr. á árinu 1989.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 11.000 þús.kr. á árinu 1989.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skulu framlögin falla niður. Gert er ráð fyrir að útgjöld greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og á undanförnum árum.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, skal heildarframlag til ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema hærri fjárhæð en 277.000 þús.kr. á árinu 1989.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra á árinu 1989 renna í ríkissjóð.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs ekki vera hærra en 15.000 þús.kr.

Jarðræktarlög, framlög. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta ekki vera hærra en 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Enn fremur falli niður greiðsla ríkissjóðs á hluta ferðakostnaðar skv. 7. gr. laganna.

Búfjárrækt. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973 um framlög til búfjárræktar skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja á árinu 1989 falla niður.

Heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1989 í Reykjavíkurlæknishéraði.

Lög um framhaldsskóla. Í fjárlagafrumvarpinu er miðað við að fjármálakafli laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla, kom ekki til framkvæmdar á árinu 1989.

3 Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1989 byggist sem endranær á forsendum þjóðhagsáætlunar um breytingar veltu, verðlags, launa og gengis á næsta ári og áætlun um innheimtu tekna hjá ríkissjóði á þessu ári. Á grundvelli þeirra forsendna er reiknað með að heildartekjur ríkissjóðs verði rúmlega 77,3 milljarðar kr. á árinu 1989 samanborið við um 66,5 milljarða kr. á þessu ári.

	1986	1987	Áætlun 1988	Frumvarp 1989
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	38.113	48.960	66.486	77.315
Hækkun frá fyrra ári, %		28,5	35,8	16,3

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu tekjustofnum ríkissjóðs á þessu ári og breytingum sem á þeim verða, svo og horfunum fyrir árið 1989.

Eignarskattar. Samkvæmt skattskrá ársins 1988 nam álagður eignarskattur einstaklinga 811 m.kr og eignarskattsauki tæpum 79 m.kr. Hækkunin milli ára varð rúmlega 30% sem er ívið lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Álagning eignarskatts á félög hækkaði hins vegar heldur meira, eða um 33%, og varð 728 m.kr. á þessu ári. Þar af nam álagður eignarskattsauki 152 m.kr. Gert er ráð fyrir að 760 m.kr. innheimtist af eignarskatti einstaklinga á þessu ári, auk 75 m.kr. í eignarskattsauka. Innheimta á eignarskatti félaga að meðtöldum eignarskattsauka er aftur á móti talin verða 613 m.kr.

Áætlun um álagningu eignarskatta fyrir árið 1989 byggist að meginhluta á forsendum um hækkun fasteignamats milli áranna 1987 og 1988, en fasteignir eru meginuppistaða þessa skattstofns, einkum hjá einstaklingum. Enn fremur eru nú ráðgerðar talsverðar breytingar í álagningu eignarskatts. Annars vegar verður núgildandi skatthlutfall, 0,95%, hækkað í 1%, jafnt hjá einstaklingum sem félögum. Hins vegar verður tekið upp nýtt skattþrep í eignarskatti einstaklinga á eignarskattsstofn, þ.e. á skuldlausa eign yfir 6 m.kr. hjá einstaklingi, 12 m.kr. hjá hjónum. Eignarskattsaukinn helst á hinn bóginn óbreyttur, eða 0,25%.

Sé reiknað með svipaðri innheimtu eignarskatta á næsta ári og í ár, þó heldur lakari hjá lögaðilum, gæti heildarinnheimtan numið um 2,1 milljarði kr. á árinu 1989 að teknu tilliti til fyrrgreindra breytinga. Af þeirri fjárhæð nemur eignarskattsaukinn 240 m.kr.

Tekjur ríkissjóðs af sérstökum skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eru áætlaðar 235 m.kr. á þessu ári sem er 25 m.kr. hærri fjárhæð en reiknað var með í fjárlögum 1988. Áætlunin fyrir árið 1989 tekur mið af svipuðum verðforsendum og eignarskattsáætlunin, en þessi skattur er reiknaður sem 1,1% af fasteignamati. Stefnt er að hækkun á þessu hlutfalli við álagningu næsta árs og gætu innheimtar tekjur af þessum skattstofni þá numið um 425 m.kr..

Sem endranær ríkir mikil óvissa um tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti sem í ár eru taldar verða 100 m.kr. Á grundvelli þeirrar áætlunar er því spáð að þær geti orðið um 120 m.kr. á næsta ári

Tekjuskattar. Um síðustu áramót var tekin upp staðgreiðsla á tekjusköttum einstaklinga. Miðað var við eitt skatthlutfall, 28%, í stað þriggja áður. Samhliða því voru felld úr gildi lög um ýmsa smærri tekjustofna (sjúkratryggingagjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra) og öðrum breytt (tekjustofnar sveitarfélaga, sóknar- og kirkjugjarðsgjald). Á grundvelli þeirra lagabreytinga var áætlað að innheimtar tekjur ríkissjóðs af staðgreiðsluskatti einstaklinga, nettó, yrðu 4,6 milljarðar króna á þessu ári, að meðtalinni innheimtu á eftirstöðvum fyrri ára. Veruleg óvissa ríkti hins vegar um innheimtuna í þessu nýja kerfi þótt bundnar væru vonir við það að staðgreiðslukerfið yrði skilvirkara og umfram allt einfaldara en fyrra kerfi. Tekjur af staðgreiðsluskatti einstaklinga að meðtalinni eftirstöðvainnheimtu eru nú taldar verða 6,8—6,9 milljarðar króna á þessu ári. Meginskýringar þessarar hækkunar frá áætlun fjárlaga eru þrjár. Í fyrsta lagi hafa almennar launatekjur hækkað umfram forsendur fjárlaga. Í öðru lagi varð álagður tekjuskattur í ár vegna tekna, sem aflað var á árinu 1987 og ekki falla undir staðgreiðslu, mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Gæti þar munað 500 — 600 m.kr. í innheimtu ársins. Síðast en ekki síst hefur innheimtan batnað mjög mikið, eða sem nemur rúmum milljarði kr. í innheimtutölum þessa árs.

Áætlun um tekjur af staðgreiðsluskatti fyrir árið 1989 er reist á forsendum þjóðhagsáætlunar um tekjubreytingar á næsta ári. Þá eru í undirbúningi talsverðar breytingar á tekjuskattslögunum sem varða bæði einstaklinga og fyrirtæki, en þeim er ætlað að skila ríkissjóði nokkrum tekjuauka. Þetta er nauðsynlegt til að styrkja stöðu ríkissjóðs á næsta ári. Í þessu sambandi er þó rétt að leggja á það áherslu að breytingar á tekjuskatti munu ekki koma við tekjulágar og barnmargar fjölskyldur þar sem á móti kemur sérstök hækkun á persónuafslætti og barnabótum. Í fjárlagaáætlun er gengið út frá þeirri meginforsendu að skattbyrði þessara fjölskyldna haldist því sem næst óbreytt. Nánari grein verður gerð fyrir þessum breytingum í sérstöku frumvarpi en þar er hvort tveggja inni í myndinni hækkun á skatthlutfallinu og sérstakt hátekjuþrep. Þessu til viðbótar er síðan stefnt að samræmingu í skattlagningu almennra launa og fjármagnstekna á næsta ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði rúmlega 9 milljörðum á árinu 1989. Þá er reiknað með svipaðri innheimtu og á þessu ári. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að á þessu ári ná tekjur af staðgreiðsluskatti aðeins til ellefu mánaða innheimtu en á næsta ári til tólf mánaða. Þetta veldur því að samanburður á innheimtutölum milli ára er ekki raunhæfur. Álagður tekjuskattur hækkar mun minna en innheimtan gefur til kynna og verður því að skoða tölurnar með þeim fyrirvara.

Álagning tekjuskatts á félög nam tæpum 2,7 milljörðum kr. á þessu ári samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra, samanborið við um 1,6 milljarð kr. í fyrra. Svarar sú hækkun til 68½% milli ára. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til sérstakra breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt á atvinnurekstur sem tóku gildi á þessu ári. Þá var afkoma í ýmsum greinum verslunar og þjónustu mjög góð á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að í ár innheimtist um 1.900 m.kr. af þessum skattstofni. Þar gæti þó brugðið til beggja átta í ljósi vaxandi greiðsluerfiðleika hjá fyrirtækjum að undanförnu.

Með tilliti til þessarar þróunar og horfanna framundan má ætla að álagning tekjuskatts á félög á árinu 1989 verði fremur undir álagningu þessa árs en yfir að óbreyttu. Á hinn bóginn eru fyrirhugaðar margþættar breytingar á tekjuskatti félaga á næsta ári sem miða að almennri breikkun á skattstofninum. Í fyrsta lagi verða ýmsar frádráttarheimildir og sjóðsframlög endurskoðuð. Í öðru lagi verður starfsemi fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda bankanna felld undir tekju- og eignarskattskyldu líkt og gildir um önnur fjármálafyrirtæki. Í þriðja lagi er fyrirhugað að fella orkufyrirtæki undir almenna skattlagningu. Miðað við þessar forsendur og að innheimta fyrirtækjaskatta versni nokkuð á næsta ári frá því sem hún er nú er áætlað að innheimta á tekjuskatti félaga verði 2¼ milljarður kr. árið 1989.

Gjöld af innflutningi. Um síðustu áramót tóku gildi lög um nýja tollskrá og breytta álagningu vörugjalds. Í þeim fólust umfangsmiklar breytingar í skipan tollamála í átt til samræmingar og einföldunar. Hámarkstollar voru lækkaðir úr 80% í 30% og ýmsir smærri tekjustofnar felldir niður. Af þeim sökum var ljóst að tekjur af aðflutningsgjöldum mundu dragast nokkuð saman á þessu ári.

Í fjárlögum ársins 1988 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af almennum tollum yrðu tæpir 2,3 milljarðar kr. samanborið við 3 milljarð kr. árið 1987. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár er reiknað með að tolltekjur verði aðeins 2,3 milljarðar króna, eða nær sama fjárhæð og í fjárlögum, þrátt fyrir um 18% gengisfellingu á þessu ári. Í þessum tölum endurspeglast því umtalsverður samdráttur í vöruinnflutningi á þessu ári samanborið við árið 1987, en í fjárlögum var gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu. Á næsta ári er áætlað að innheimtir verði 2,4 milljarðar kr. í tolltekjum sem er 6% hækkun milli ára. Sú áætlun er reist á forsendum um óbreytt gengi á næsta ári og 4% samdrátt í almennum vöruinnflutningi frá árinu í ár.

Innflutningur bifreiða verður talsvert minni á þessu ári en í fyrra, enda var árið 1987 metár. Við gerð fjárlaga í árslok 1987 var reiknað með að inn yrðu fluttir 13.000 fólksbílar á þessu ári, en þeir verða líklega nær 15.000. Tekjur af innflutningsgjaldi eru þannig áætlaðar réttur milljarður kr., eða röskum 200 m.kr. yfir fjárlagaáætlun. Óvarlegt væri að reikna með að jafnmikið verði flutt inn af bílum á næsta ári og í ár, m.a. í ljósi gríðarlegs innflutnings undanfarin þrjú ár og lægri kaupmáttar. Að svo stöddu er því miðað við að 13 – 14 þúsund bílar verði fluttir inn á árinu 1989. Á þeim grundvelli eru tekjur af innflutningsgjaldi áætlaðar 1,2 milljarðar króna á næsta ári.

Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi yrðu 2 milljarðar kr. Þrátt fyrir að bensíngjald hafi verið óbreytt frá því í fyrrahaust liggur fyrir að tekjurnar verða heldur hærri vegna meiri bensínsölu. Á tveimur árum hefur þá sala á bensíni aukist um rúmlega fimmtung. Í kjölfar hækkunar á bensíngjaldi og 3–4% söluaukningar milli ára má ætla að tekjur af bensíngjaldi geti orðið 2,6 milljarðar kr. á árinu 1989.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 1988, að teknu tilliti til innheimtuþróunar fyrstu níu mánuði ársins, er talið að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum verði 6,4 milljarðar kr., samanborið við 6 milljarða kr. í fjárlögum, eða rúmlega 6% meiri. Frávik innflutningsverðs frá forsendum fjárlaga nemur hins vegar 14 – 15%, sem þýðir lauslega metið að tekjur af þessum stofni hafi dregist saman um tæp 7% að raungildi. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti á næsta ári, eða 4 – 5% og óbreyttu gengi. Miðað við þær forsendur og fyrirhugaðar breytingar á gjaldstofnum eru heildartekjur af tollum og öðrum aðflutningsgjöldum áætlaðar tæpir 7,4 milljarðar kr. á árinu 1989.

Skattar af framleiðslu og innflutningi. Eins og áður var komið fram breyttist álagning vörugjalds/gjalda verulega um síðustu áramót. Þessi breyting var í stórum dráttum þríþætt. Í fyrsta lagi voru felld niður ýmis eldri vörugjöld, mismunandi há, og í staðinn tekið upp eitt almennt gjald. Í öðru lagi var vörugjaldið fellt niður af ýmsum stórum vöruflokkum. Í þriðja lagi var gjaldið lækkað í 14%, en það gat orðið hátt í 50% í gamla kerfinu. Þessi margþætta kerfisbreyting skapaði afar mikla óvissu um innheimtu nýja gjaldsins. Við bætist síðan samdráttur í almennri veltu á þessu ári en þessi tekjustofn er mjög næmur fyrir sveiflum í innlendri eftirspurn. Á fjárlögum ársins var reiknað með að vörugjaldið skilaði um 1.700 m.kr. en samkvæmt endurskoðaðri áætlun er talið að það gefi aðeins um 1.200 m.kr. Á næsta ári er stefnt að breytingum á vörugjaldi, þannig að það skili 2,7–2,8 milljörðum króna. Þær breytingar verða kynntar nánar í sérstöku frumvarpi.

Söluskattur. Á miðju ári 1987 og aftur í byrjun þessa árs voru gerðar miklar breytingar á söluskattskerfinu sem fyrst og fremst fólust í breikkun skattstofnsins með niðurfellingu undanþága. Lætur nærri að stofninn hafi breikkað um þriðjung og kannski ríflega það við þá aðgerð. Hér var m.a. um að ræða skref í átt að upptöku virðisaukaskatts sem taka skyldi gildi um mitt næsta ár, auk þess að afla ríkissjóði viðbótartekna. Þeirri gildistöku hefur hins vegar verið frestað. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar tæpir 32 milljarðar kr. í fjárlögum þessa árs. Nú er hins vegar útlit fyrir að þær verði jafnvel heldur minni í krónum talið, eða nálægt 31 milljarði kr., þrátt fyrir að almennt verðlag hafi hækkað 7–8% umfram forsendur fjárlaga. Samdráttur í innheimtu söluskattstekna nemur samkvæmt því um 7% frá því sem reiknað var með í fjárlögum, en þar var gert ráð fyrir því sem næst óbreyttri veltu milli ára. Hér er það sama uppi á teningnum og varðandi tekjur af aðflutningsgjöldum, almennur veltusamdráttur í þjóðarbúskapnum í kjölfar minni þjóðartekna og lægri kaupmáttar. Enn fremur hefur innheimtan gengið heldur verr að undanförnu samfara sívaxandi greiðsluerfiðleikum fyrirtækja.

Á næsta ári er búist við áframhaldandi samdrætti þjóðarútgjalda, og þar með í söluskattsveltu, um 2 – 3%. Miðað við fyrrgreinda veltuforsendu og að almennt verðlag hækki um 11 – 12% á næsta ári er áætlað að tekjur af söluskatti verði um 34,3 milljarðar kr. árið 1989 að meðtöldum tekjum af 12% söluskatti á sölu happdrættismiða.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt áætlun fyrir þetta ár nemur innheimta launaskatta réttum 5 milljörðum kr., sem er tæplega 8% hækkun frá fjárlögum. Síðastliðið haust var ákveðið að leggja 1% launaskatt á þær atvinnugreinar sem þá voru undanþegnar skattskyldu, þó ekki búrekstur. Talið var að sú breyting mundi skila ríkissjóði 400 m.kr. í ár miðað við fjárlagaforsendur. Frá þessu var hins vegar horfið í byrjun þessa árs, sbr. lög nr. 10/1988, og tók sú undanþága gildi frá miðju ári. Skerðist áðurnefndur tekjuauki því í takt við það, eða um 200 m.kr. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar er áætlað að skattar af launagreiðslum verði kringum 5,6 milljarðar kr. á árinu 1989.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Búist er við að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skili tæplega 4,3 milljörðum í ríkissjóð á þessu ári, svo fremi að sá samdráttur, sem gætt hefur að undanförnu í sölu á áfengi og tóbaki, aukist ekki umfram það sem nú er orðið. Frá og með 1. mars 1989 verður ÁTVR heimilt að selja áfengt öl, en sá þáttur kemur til með að auka á mikilvægi þessa skattstofns. Lauslega metið gæti hagnaður ÁTVR aukist um 900 – 950 m.kr. á næsta ári vegna bjórsölunnar. Á móti vegur nokkur samdráttur í áfengis- og tóbaksneyslu landsmanna. Samtals er áætlað að ríkissjóður fái í sinn hlut 5,6 milljarða kr. af hagnaði ÁTVR á árinu 1989.

Skattar af bifreiðum. Á þessu ári eru tekjur af bifreiðasköttum taldar verða nálægt 1,8 milljörðum króna. Innheimtar tekjur af þungaskatti eru heldur minni en reiknað hafði verið með, en áætlun um innheimtu bifreiðagjalds virðist ætla að ganga eftir. Talsverð breyting verður á innheimtu bifreiðagjalda á næsta ári. Skoðunargjaldið verður m.a. tekjustofn hins nýstofnaða hlutafélags, Bifreiðaskoðunar Íslands hf., og innheimtist þannig ekki lengur í ríkissjóð, auk þess sem ný lög um skráningu bifreiða skerða mjög tekjur af skráningargjaldi. Í ár er talið að umrædd gjöld skili ríkissjóði tæpum 300 m.kr., en á árinu 1989 er reiknað með að sú fjárhæð nemi aðeins 75 m.kr. Miðað er við að bifreiðagjaldið hækki í samræmi við heimildir á næsta ári og þungaskattur í takt við bensíngjaldið. Á þessum forsendum munu tekjur af bifreiðasköttum verða kringum 1.700 m.kr. árið 1989, eða heldur lægri en í ár.

Aðrir óbeinir skattar. Innheimta óbeinna skatta, annarra en þeirra sem nú þegar hafa verið taldir upp, er áætluð tæpir 3,4 milljarðar kr. á þessu ári samanborið við röska 2,8 milljarða kr. í fjárlögum. Munar þar mestu um auknar tekjur af lántökugjaldi erlendra lána, sbr. lög nr. 10/1988, tæpum 200 m.kr, en allnokkur aukning er einnig í tekjum af sölu erlends gjaldeyris og stimpilgjaldi. Áætlun fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að tekjur af umræddum stofnum verði 3 milljarðar kr. Þá er rétt að benda á að ákveðið hefur verið að innheimta sérstakt stofngjald hjá þeim aðilum sem fá leyfi til að selja áfengan bjór. Á þessu ári var lagt sérstakt gjald á verktakastarfsemi fyrir varnarliðið og er gert ráð fyrir svipaðri gjaldtöku á næsta ári.

Vextir. Samkvæmt áætlun er innheimta vaxtatekna talin verða um 3 milljarðar króna á þessu ári, eða heldur meiri en reiknað var með í fjárlögum. Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs verða vafalaust heldur minni en búist hafði verið við, en dráttarvaxtatekjur að sama skapi heldur meiri vegna hærra vaxtastigs. Í áætlun fyrir árið 1989 snýst þessi þróun við, en í ljósi lækkandi vaxta má gera ráð fyrir minni tekjum af dráttarvöxtum á næsta ári. Á móti vega auknar tekjur af endurlánum vegna aukinna útlána á þessu ári. Hins vegar gætu innheimtar vaxtatekjur orðið um 100 m.kr. minni á árinu 1989 en í ár, í krónum talið, gangi spár um lækkun raunvaxta á næstu missirum eftir.

Arðgreiðslur. Tekjur af arðgreiðslum eru áætlaðar 375 m.kr. á þessu ári. Þar vega þyngst arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnarinnar, tæpar 200 m.kr. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að arðgreiðslur fyrirtækja í ríkissjóð nemi nálægt milljarði kr., þar af er hlutur Fríhafnarinnar tæpur helmingur.

Ýmsar tekjur. Sektir og óvissar tekjur eru áætlaðar um og yfir 100 m.kr. í ár. Í fjárlagaáætlun næsta árs er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili svipuðum fjárhæðum og á þessu ári.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1989 samkvæmt þessu frumvarpi og samanburður við fjárlög ársins 1988 og áætlun í október.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1988 – 1989
Innheimtar tekjur.

				Hlutfallsleg skipting		
	Fjárlög 1988 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.	Frumvarp 1989 m.kr.	Fjárlög 1988 %	Áætlun 1988 %	Frumvarp 1989 %
Eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja ...	1.735	1.783	2.640	2,7	2,7	3,4
Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja	6.520*	8.750*	11.400*	10,3*	13,1*	14,7*
Gjöld af innflutningi	7.801	7.621	10.264	12,4	11,5	13,3
Söluskattur, nettó	30.327	30.418	33.025	48,1	45,8	42,7
Skattar af launagreiðslum	4.673	5.040	5.610	7,4	7,6	7,3
Aðrir óbeinir skattar	8.796	9.410	10.886	14,0	14,1	14,1
Aðrar tekjur	3.239	3.464	3.490	5,1	5,2	4,5
Heildartekjur ríkissjóðs	63.091	66.486	77.315	100,0	100,0	100,0
Þar af beinir skattar	8.255	10.533	14.040	13,0	15,8	18,2
– óbeinir skattar	51.597	52.489	59.735	81,9	78,9	77,3
– aðrar tekjur	3.239	3.464	3.490	5,1	5,2	4,5

* Við samanburð á tekjuskatti þarf að hafa í huga að innheimta staðgreiðsluskatts nær aðeins til 11 mánaða á árinu 1988, en 12 mánaða 1989.

4 Gjaldahlið

Greinagerð um gjaldahlið frumvarpsins er með svipuðu sniði og var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988. Fyrst er gerður samanburður við fjárlög 1988 og útgjaldahorfur það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna í A-hluta ríkissjóðs. Á eftir fylgir greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1989 og útgjaldahorfum 1988

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1989 nema alls 76.131 m.kr. Þetta er 6.664 m.kr hærri fjárhæð en áætlað er að verði lokaniðurstaða á árinu 1989 eða um 9,6% hækkun. Útgjöld ríkissjóðs 1988 og 1989 skiptast í aðalatriðum sem hér segir í milljónum króna:

	Fjárlög 1988	Áætlun 1988	Frumvarp 1989	Hækkun %
1. Almennur rekstur	**25.211**	**27.160**	**29.851**	**9,9**
Laun	20.418	21.744	23.716	9,1
Önnur gjöld	7.755	8.585	9.745	13,5
– Sértekjur	-2.962	-3.169	-3.610	13,9
2. Neyslu- og rekstrartilfærslur	**23.681**	**26.412**	**28.692**	**8,6**
Lífeyristryggingar	8.949	9.370	10.760	14,8
Sjúkratryggingar	5.079	5.717	5.840	2,2
Niðurgreiðslur á vöruverði	3.037	3.437	3.613	5,1
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.478	1.610	1.617	0,4
Endurgreiddur söluskattur í sjávarútvegi	350	937	937	.
Útflutningsbætur[1])	1.251	1.251	1.483	18,5
Endurgreitt jöfnunargjald í iðnaði	250	250	250	.
Annað	3.287	3.840	4.192	9,2
3. Vaxtagreiðslur	**4.800**	**6.500**	**7.350**	**13,1**
4. Viðhald	**1.507**	**1.517**	**1.554**	**2,4**
5. Fjárfesting	**7.866**	**7.878**	**8.684**	**10,2**
Stofnkostnaður	4.004	3.934	4.034	2,5
Fjármagnstilfærslur	3.862	3.944	4.650	17,9
Samtals	63.065	69.467	76.131	9,6

1) Útflutningsbætur = uppbætur til útflutnings + framleiðnisjóður

Við mat á breytingum einstakra gjaldaflokka þarf að hafa í huga að breytingar á framsetningu frumvarpsins hafa nokkur áhrif. Þessar breytingar eru í fyrsta lagi að tíu sjúkrahús eru sett á föst fjárlög en voru áður fjármögnuð af daggjöldum. Útgjöld þessara stofnana eru nú sundurgreind sem laun og önnur gjöld en voru hluti af tilfærsluútgjöldum samkvæmt gildandi fjárlögum. Í öðru lagi eru útgjöld nokkurra stofnana sem áður voru talin til almenns rekstrar nú færð sem tilfærslur. Þessar stofnanir eru Búnaðarfélagið, Veiðistjóri, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Fiskifélagið. Í þriðja lagi er rekstrarkostnaður framhaldsskóla í samrekstri ríkis og sveitarfélaga allur talinn til gjalda en hluti sveitarfélaga talinn til sértekna. Hér á eftir skal stiklað á breytingum einstakra gjaldaflokka.

Laun. Launaliður frumvarpsins fyrir árið 1989 hækkar alls um 1.972 m.kr. frá því sem talið er að verði á árinu 1988. Að frátöldum breytingum vegna breyttrar framsetningar er hækkunin 1.618 m.kr. eða 7,4%. Hækkun frá samþykktum fjárlögum er reiknuð með sama hætti 2.944 m.kr. eða 14,4%. Fyrst liggur fyrir að gera stutta grein fyrir hækkun launaliðar frá fjárlögum og til þess sem talið er verða lokaniðurstaða ársins. Hækkun þessi er 1.949 m. kr. eða 7,7%. Lætur nærri að launataxtar opinberra starfsmanna hækki um tæp 7% umfram forsendur fjárlaga. Því má ætla að fjölgun starfsmanna og aukning yfirvinnu umfram áætlun fjárlaga nemi 0,5—1% að magni til.

Launagjöld ríkissjóðs 1989 má bera saman við líklegar niðurstöður 1988. Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að sú hækkun verði 7,4% eftir að tekið hefur verið tillit til breyttrar framsetningar eða rúmlega 1.600 m.kr. Í forsendum þessa frumvarps er við það miðað að meðal launabreyting milli ára 1988 og 1989 sé um 8%. Taka verður tillit til þess að gert hefur verið ráð fyrir sérstöku átaki til að draga úr mannaflanotkun ríkisins. Var launaliðurinn lækkaður um 600 m. kr. í því augnmiði. Án þeirrar lækkunar hefði breyting launa reiknast um 2.200 m.kr. eða um 10%, þ.e. um 2% umfram áætlaða meðalbreytingu launa.

Launagjöld hækka af ýmsum ástæðum. Af sérgreindum hækkunum launa má nefna um 30 m.kr. í framhaldsskólum vegna ákvarðana sem tengjast kjarasamningum kennara og fjölgunar nemenda, um 200 m.kr. á grunnskólastigi vegna sérkennslu í skólum, fjölgunar bekkjardeilda og sérstakra ákvæða í kjarasamningum kennara. Launaliður málefna fatlaðra hækkar um rúmlega 50 m.kr. vegna nýrra stofnana og eflingar þeirra sem fyrir eru. Launagjöld sjúkrahúsa aukast um 150 m.kr. vegna hækkunar álagsprósentu. Að öðru leyti hækkar launaliður frumvarpsins vegna ýmissa ótilgreindra atriða, ýmissa sérverkefna o.fl.

Launaliður einstakra stofnana í frumvarpi fyrir 1989 er miðaður við launastig eins og það verður í árbyrjun 1989. Þar af leiðir að við samanburð á launum einstakra stofnana frá fjárlögum 1988 til frumvarpstalna 1989 þarf að hafa í huga launahækkun frá fjárlagaáætlun árs 1988 til áramóta 1988/89. Launaþróun hefur orðið með nokkuð öðrum hætti en ætlað var á árinu 1988. Samið var við nær öll aðildarfélög BSRB og BHMR á fyrri hluta ársins. Ekki er gerlegt að gera grein fyrir einstökum samningum en yfirleitt var hækkun launa frá desember 1987 til miðs árs 1988 10—12%. Eftir það hafa laun ekki hækkað. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1988 var gengið út frá að laun hækkuðu um 7% frá upphafi til loka árs eða um 3,5% frá upphafi til meðaltals. Laun ríkisstarfsmanna hafa því hækkað um tæp 7% umfram forsendur fjárlaga 1988. Við samanburð launaliðar í fjárlögum 1988 og frumvarpi nú má gera ráð fyrir um 7—9% hækkun hjá einstökum stofnunum.

Önnur gjöld. Rekstrarfé er áætlað á sama hátt og laun á meðalverðlagi 1989. Heildarliðurinn nemur alls 9.745 m.kr. en hefði numið 9.574 m.kr. hefðu ekki orðið breytingar á framsetningu og hækkar því um 11,5% milli ára sem skýrist að fullu af verðlagsþróun. Rekstrarfé einstakra stofnana er á áætluðu verðlagi í janúar 1989. Á lið fjármálaráðuneytis, laun og verðlagsmál eru teknir frá fjármunir til að standa undir verðlagshækkunum á árinu 1989.

Sértekjur. Eigin tekjur stofnana hafa farið hækkandi á síðari árum. Tekjur eru nú alls áætlaðar 3.610 m.kr. og hækka um 13,5% frá því sem talið er að verði í ár eða rúmlega sem nemur verðlagshækkun. Auknar kröfur eru gerðar í frumvarpinu um sértekjur þeirra stofnana, sem ætlað er að standa undir rekstri sínum. Er gert ráð fyrir að þær skili fé í ríkissjóð er nemur um 20% launakostnaðar. Er það gert með tilliti til þess að auk þess kostnaðar sem bókfærður er ár hvert hefur ríkissjóður óbeinan kostnað af starfsemi þeirra svo sem skuldbindingar vegna verðtryggingar á lífeyri, auk þess sem í sumum tilvikum hafa stofnanir endurgjaldslaus afnot af húsnæði.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Alls teljast til þessa liðar 28.692 m.kr. Liðurinn hækkar um rúm 8,6% frá áætlun fyrir árið 1988 en um 10,6% þegar tekið er tillit til breyttrar uppsetningar. Lífeyrisgreiðslur og og útflutningsuppbætur hækka umfram aðra gjaldaliði en aðrir liðir lækka að raungildi.

Vaxtagjöld. Vaxtaútgjöld eru samkvæmt þessu frumvarpi 7.350 m.kr. en það jafngildir 9,7% heildargjalda frumvarpsins. Til samanburðar er áætlað að vaxtagjöld voru áætluð um 8% gjalda í fjárlögum 1988. Skýringar á mikilli hækkun eru helstar gengisbreytingar, en stór hluti lána er í erlendri mynt og mikil innlausn spariskírteina og aukin vaxtabyrði vegna skuldasöfnunar á árunum 1987 og 1988. Vextir af skuldum eru hér áætlaðir samkvæmt áætluðu gengi og verðlagi á árinu 1989. Í 6. kafla er gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs auk þess sem vaxtaútgjöld og afborganir ríkissjóðs eru hvort tveggja sundurliðað og skýrt.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 80% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 2,4% frá áætlaðri útkomu 1988.

Fjárfesting. Þessi gjaldaliður skiptist í stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Framlög til stofnkostnaðar hækka um 2,5% frá áætlaðrir niðurstöðu 1988 og nema alls 4.034 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmda. Fjármagnstilfærslur vaxa um 17,9% og verða 4.650 m.kr. Allur vöxtur þessa liðar skýrist annars vegar af að auknu fé er varið til vegaframkvæmda og hins vegar af framlagi til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Að þessum liðum frátöldum lækka fjárfestingarútgjöld um nær 10% að raungildi.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1988. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1988.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	549.149	601.566	52.417	10
Samtals	549.149	601.566	52.417	10

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Rekstrarframlag til embættis forseta Íslands hækkar úr 30.071 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 34.109 þús. kr. eða um 13%. Sem áður er miðað við 8,2 stöðugildi, þar af átta með

föstum launum og 0,2 vegna tímabundinna verkefna. Framlag vegna *fálkaorðunnar* hækkar um 59% frá fjárlögum 1988 og er þá tekið tillit til ríkisreiknings 1987. Til *viðhalds fasteigna* eru veittar 7.400 þús. kr.

201 Alþingi

Áætluð útgjöld Alþingis hækka úr 367.516 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 413.726 þús. kr. eða um 13%. Launagjöld hækka úr 212.588 þús. kr. í 241.986 þús. kr. eða um 14%. Önnur gjöld nema alls 132.380 þús. kr. Launagjöld undir viðfangsefninu *þingfararkaup alþingismanna* hækka úr 122.597 þús. kr. í 131.309 þús. kr. Áætlað er fyrir launum 63 þingmanna, eins utanþingsráðherra og 5 varaþingmanna. Auk þess er áætlað fyrir biðlaunum tveggja þingmanna sem er nýmæli. Launagjöld undir viðfangsefninu *skrifstofu- og alþingiskostnaður* eru 103.378 þús. kr. Áætlað er fyrir 66,20 stöðum með föstum launum auk fimm tímabundinna; fjölgar um 44 fastar stöður en fækkar um 24 tímabundnar frá fjárlögum 1988. *Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka* hækkar úr 11.408 þús. kr. í 18.000 þús. kr. en sýnt þykir að kostnaður við þessa aðstoð verði verulega hærri á næsta ári en í gildandi fjárlögum. *Umboðsmaður Alþingis* er nýtt viðfangsefni sem tekið var inn við 3. umr. um frumvarp til fjárlaga 1988. Rekstrarframlag hækkar úr 6.000 þús. kr. í 9.193 þús. kr. eða um 53% sem er umfram almennar verðlagshækkanir enda starfsemi í mótun. Gert er ráð fyrir einni fastri stöðu og tveimur tímabundnum. Til viðhalds *Húss Jóns Sigurðssonar* eru ætlaðar 2.500 þús. kr. Til viðfangsefnisins *ýmis stofnkostnaður* eru veittar 16.200 þús. kr. Fé þessu verður varið til öryggis- og eftirlitskerfis Alþingis, sjónvarps- og hljóðvarpsaðstöðu í risi Alþingishússins, uppbyggingar launa- og bókhaldsdeildar Alþingis, sjónvarpsupptökuvéla í þingsölum, nýrra húsgagna í hliðarherbergi við þingsali o.fl. Til frekari skýringar eru fjárveitingar til einstakra viðfangsefna sýndar í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Þingfararkaup alþingismanna	122.597	131.309	8.712	7
Starfskostnaður	35.560	38.720	3.160	9
Skrifstofu- og alþingiskostnaður	112.733	139.898	27.165	24
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	850	970	120	14
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	15.930	18.200	2.270	14
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	11.408	18.000	6.592	58
Umboðsmaður Alþingis	6.000	9.193	3.193	53
Rekstrarkostnaður fasteigna	9.000	10.280	1.280	14
Hús Jóns Sigurðssonar	4.878	4.566	-312	-6
Þingmannasamtök NATO	1.360	1.560	200	15
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	2.260	2.590	330	15
Norðurlandaráð	9.500	10.200	700	7
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka	1.400	1.600	200	14
Alþjóðaþingmannasamtökin	1.840	2.100	260	14
Vestnorræna þingmannaráðið	1.000	1.140	140	14
Fasteignir	5.700	3.700	-2.000	-35
Hús Jóns Sigurðssonar	-	2.500	2.500	.
Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1.000	1.000	-	.
Ýmis stofnkostnaður	18.500	16.200	-2.300	-12
Hönnunarkostnaður vegna nýbyggingar Alþingis	6.000	-	-6.000	.
Samtals	367.516	413.726	46.210	13

202 Ríkisendurskoðun

Fjárveiting til Ríkisendurskoðunar hækkar úr 72.288 þús. kr. í 85.178 þús. kr. eða um 18%. Gert er ráð fyrir 33 stöðum fastráðinna starfsmanna. Auk þess er áætlað fyrir fimm stöðum með tímabundinni ráðningu starfsmanns en það er fjölgun frá fjárlögum 1988. Önnur gjöld hækka úr 18.170 þús. kr. í 25.840 þús. kr. eða um 42% og stafar hækkunin m.a. af aukinni aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Til kaupa á skrifstofu- og tölvubúnaði eru veittar 3.000 þús. kr.

301 Ríkisstjórn

Framlag lækkar úr 43.938 þús. kr. í 39.701 þús. kr. eða um 10%. Ráðherrum fækkar úr ellefu í níu. Sömuleiðis fækkar aðstoðarmönnum ráðherra úr ellefu í níu og lækka launagjöld sem því nemur. Launagjöld nema alls 34.341 þús. kr. en önnur gjöld 5.360 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti

Framlög til málaflokka forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	46.249	54.120	7.871	17
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	–	500.000	500.000	-
Annað	169.762	164.185	-5.577	-3
Samtals	216.011	718.305	502.294	232

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu hækkar um 7.871 þús. kr. eða 17% og verður 54.120 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *yfirstjórn* nemur alls 34.023 þús. kr. sem er um 12% hækkun frá fjárlögum. Miðað er við sama stöðufjölda og verið hefur, þ.e. átta stöður. Framlag til *Öryggismálanefndar* hækkar um 2.771 þús. kr. og verður 6.001 þús. kr. Þessi hækkun á framlagi til stofnunarinnar er gerð í ljósi stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, en þar er lögð áhersla á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum þannig að unnt sé að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins. Nú er gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum í stað eins áður auk þess sem fjárveiting vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu er hækkuð verulega. Launagjöld hækka um 1.011 þús. kr. og verða 2.751 þús. kr., en önnur gjöld verða 3.310 þús. kr. og hækka því um 1.820 þús. kr. Framlag vegna viðhalds á *Stjórnarráðshúsi* verður 2.000 þús. kr., en 2.100 þús. kr. verður varið til endurbóta á *ráðherrabústað við Tjarnargötu*. Til viðhalds á *ráðherrabústaðnum á Þingvöllum* eru veittar 200 þús. kr. Önnur viðfangsefni gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

102 Þjóðhagsstofnun

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipta með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir allan húsnæðiskostnað stofnunarinnar svo og kostnað

vegna ýmiss konar þjónustu. Auk þess greiðir Seðlabankinn 40% af öðrum rekstrarkostnaði stofnunarinnar en ríkissjóður 60%. Er framlag Seðlabankans fært sem sértekjur Þjóðhagsstofnunar. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar lækkar úr 29.128 þús. kr. í fjárlögum í 28.863 þús. kr. Launagjöld stofnunarinnar lækka úr 39.577 þús. kr. í 38.303 þús. kr. eða um 3%. Önnur gjöld verða 9.950 þús. kr. og hækka um 11%. Lækkun launagjalda hjá stofnuninni skýrist af því að ýmis verkefni, svo sem gerð tekjuáætlunar fyrir ríkissjóð o.fl., eru nú leyst af hendi innan fjármálaráðuneytis, en þar hefur verið sett á stofn sérstök hagdeild. Miðað er við að launakostnaður Þjóðhagsstofnunar lækki um sem nemur kostnaði vegna tveggja starfsmanna. Sértekjur eru 19.419 þús. kr. í fjárlögum en verða 19.390 þús. kr. Af þessari fjárhæð er hlutur Seðlabanka Íslands 19.300 þús. kr.

171 Byggðastofnun

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 ákvarðast ráðstöfunarfé Byggðastofnunar af eigin fé, framlögum í fjárlögum og lánsfé samkvæmt lánsfjárlögum. Á árinu 1989 verður framlag ríkissjóðs 125.000 þús. kr., sem er sama framlag og er í fjárlögum 1988.

172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Þetta er nýr fjárlagaliður. Hér færist framlag ríkissjóðs til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, en sjóðurinn var stofnaður samkvæmt lögum nr. 83/1988. Skv. 5. gr. laganna skal stofnfé sjóðsins vera 1.000.000 þús. kr. og skal það greiðast á tveimur árum. Með lækkun á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skal aflað 600.000 þús. kr. en 400.000 þús. kr. með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að helmingur stofnfjárins verði greiddur á árinu 1989. Nánar er fjallað um fjármál sjóðsins í greinargerð um B–hluta fyrirtæki og sjóði.

901 Húsameistari ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi embættisins á árinu 1989. Stöðugildi eru 22 eins og er í fjárlögum. Hins vegar er gert ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki verulega þannig að stofnunin skili tekjuafgangi í ríkissjóð að upphæð 6.800 þús. kr. Er þetta gert í samræmi við almenna ákvörðun þess efnis að þær ríkisstofnanir, sem áður var gert að standa að fullu undir rekstrarkostnaði sínum með sértekjum, er nú gert að skila tekjuafgangi í ríkissjóð sem nemur 20% af launagjöldum. Nánar er fjallað um þessa ákvörðun í almennum inngangi að fjórða kafla frumvarpsins.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 15.751 þús. kr. í 17.122 þús. kr. eða um 9%. Ekki eru fyrir hendi heimildir til fastráðningar starfsmanna við þjóðgarðinn, en nú er gert er ráð fyrir að launagjöld verði 5.202 þús. kr. og hækka þau um 7%. Er þá miðað við tvö og hálft ársverk vegna starfa sem sinna þarf árið um kring og tvö ársverk vegna sex sumarstarfsmanna í fjóra mánuði. Önnur rekstrargjöld verða 7.030 þús. kr. og hækka um 11%. Sértekjur verða 1.710 þús. kr. og hækka um 18%. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.400 þús. kr., auk þess sem varið verður sérstaklega 1.500 þús. kr. til byggingar snyrtiaðstöðu. Sú framkvæmd er færð á sérstakt viðfangsefni. Til viðfangsefnisins *aðalskipulag* er veitt 1.200 þús. kr. og er framlagið einkum ætlað til merkingar og varðveislu á fornminjum. Framlag ríkissjóðs til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* verður 2.500 þús. kr., en Landsvirkjun greiðir til þessa viðfangsefnis sömu upphæð þannig að heildarfjárhæð til lífríkisrannsóknanna verður 5.000 þús. kr. Þessar rannsóknir hafa nú staðið í 13 ár.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	128.350	140.903	12.553	10
Fræðslumál	9.515.053	11.137.396	1.622.343	17
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	809.661	1.045.789	236.128	29
Samtals	10.453.064	12.324.088	1.871.024	18

Markaðir tekjustofnar ráðuneytis eru eftirfarandi: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands er 62.300 þús. kr. og hækkar um 19.300 þús. kr. frá fjárlögum 1988. Skemmtanaskattur, sem m.a. rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum, verður 64.000 þús. kr. og hækkar um 11.000 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 11.000 þús. kr. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytis til skýringar á breytingum einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til rekstrar aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis verður 140.903 þús. kr. og hækkar um 19% frá fjárlögum 1988. Launaliður hækkar um 15% frá fjárlögum 1988. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu ritara og teljast stöðugildi þá vera 51, þar af sex fyrir verkefnaráðið starfsfólk. Önnur rekstrargjöld hækka nokkuð umfram verðlagsbreytingar eða um 25%, enda tekið tillit til rekstrarniðurstöðu ársins 1987.

201 Háskóli Íslands

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar úr 918.131 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1988 í 1.045.791 þús. kr. eða um 14%. Launagjöld hækka um 13% og verða 835.351 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 240.430 þús. kr. í 298.510 þús. kr. eða um 24%. Fjárveiting til viðhalds fasteignum, til tækjakaupa og byggingarframkvæmda nemur 222.800 þús. kr. en er 172.000 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1988. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 33% og verða 312.010 þús. kr., þar af nema áætlaðar tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands 237.800 þús. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmönnum Háskólans fjölgi um fimm og eykur það útgjöld um 3.880 þús. kr. Um er að ræða stöðu rússneskukennara í *heimspekideild*. Þessi staða var heimiluð eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988. Í öðru lagi staða við *upplýsingaþjónustu Háskólans*, en starfsemi upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs hefur verið flutt undir merki Háskólans. Í þriðja lagi er um að ræða staða prófessors í við hagfræðiskor *viðskipta- og hagfræðideildar*. Í fjórða lagi staða lektors í íslenskum þjóðfræðum við *félagsvísindadeild* og í fimmta lagi staða lektors við *námsbraut í sjúkraþjálfun*. Samtals eru því stöður við Háskólann 347. Stundakennsla við skólann jafngildir ríflega helmingi allrar kennslu. Alls er áætlað fyrir 193.142 kennslustundum en að auki kemur yfirvinna fastra kennara. Önnur rekstrargjöld og laun hækka alls um 16%. Hækkun stafar af því að nemendum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og boðið er upp á fjölbreyttara nám. Af þessu leiðir aukin almenn útgjöld auk þess sem stærra húsnæði kallar á hærri

rekstrargjöld. Um einstök viðfangsefni er eftirfarandi að segja: Til *Háskólabókasafns* er veitt aukið fé til kaupa á bókum og tímaritum, alls um 4.300 þús. kr. Til *rekstrar fasteigna* er hækkun 4.000 þús. kr. sem fer aðallega til aukinnar ræstingar og húsvörslu vegna stærra húsnæðis. Fæðisgreiðslur hækka um 2.600 þús. kr. í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Framlag til kennslu í *lyfjafræði* hækkar um 1.300 þús. kr. vegna þess að nám lengist og framlag til *raunvísindadeildar* hækkar um 3.800 þús. kr. sem varið verður til að auka kennslu í matvælafræði. Framlag til kennslu í *sjúkraþjálfun* hækkar um 1.341 þús. kr., m.a. vegna stöðufjölgunar, framlag til *heimspekideildar* hækkar um 3.400 þús. kr. og til *félagsvísindadeildar* um 3.600 þús. kr. til að efla nám og leiðrétta framlög til þessara deilda, auk stöðufjölgunar eins og rakið var að framan. Loks er 2.839 þús. kr. hækkun á framlagi til *viðskipta- og hagfræðideildar*. Deildinni hefur nú verið skipt í tvær skorir: viðskiptaskor og hagfræðiskor. Hækkunin er aðallega tilkomin vegna hagfræðiskorar. Námsfyrirkomulagi í hagfræðiskor var gjörbreytt þannig að nú ljúka nemar grunnnámi á þrem árum í stað fjögurra áður. Háskólinn áætlar að verulegur sparnaður sé í þessu fólginn bæði fyrir nemendur, lánasjóð, háskólann og ríkissjóð þegar til lengdar lætur. Unnið er að því að efla rannsóknarstarfsemi deildarinnar og mun fjárveitingarnefnd kynnt þau áform á síðari stigum. Nýtt viðfangsefni, *upplýsingaþjónusta*, bætist við hjá Háskólanum og er sú þjónusta flutt frá *Rannsóknaráði ríkisins* þar sem hún var áður. Framlag til upplýsingaþjónustu nemur 1.800 þ.kr. að frádregnum sértekjum.

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi alls 222.800 þús. kr. á árinu 1989. Það jafngildir áætluðum tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjármögnun og ráðstöfun fjár samkvæmt fjárlögum 1988 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.
Fjármögnun:	**172.000**	**222.800**
Framlag H.H.Í.	172.000	222.800
Ráðstöfun:	**172.000**	**222.800**
Almennt viðhald	30.000	35.000
Tækjakaup	25.000	35.000
Húsgögn og búnaður	7.000	10.000
Nýframkvæmdir	110.000	142.800

Sú breyting er gerð að nú verða stofnkostnaður, viðhald og tækjakaup allra stofnana Háskólans greidd af happdrættisfé eins og lög gera ráð fyrir. Þær stofnanir sem við bætast eru: *Raunvísindastofnun Háskólans*, *Tilraunastöð Háskólans að Keldum* og *Stofnun Árna Magnússonar*. Samtals nemur framlag frá HHÍ 14.200 þús. kr. til þessara stofnana. Einnig hefur verið miðað við að 15.000 þús. kr. af happdrættisfé renni til rannsóknasjóðs HÍ. Heildarframlag HHÍ til Háskóla Íslands og stofnana hans nemur því 252.000 þús. kr. samanlagt.

202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum

Heildarfjárveiting til Tilraunastöðvar Háskólans á Keldum hækkar úr 42.355 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1988 í 42.899 þús. kr. eða er nær óbreytt í krónutölu. Launagjöld hækka um 12% og verða 40.039 þús. kr. Stöðuheimildir eru óbreyttar frá gildandi fjárlögum eða 26,6 stöður. Önnur gjöld að meðtöldum eignakaupum vegna rekstrar hækka um 32% og verða 34.370 þús. kr. Sértekjur hækka um 62% og verða 45.460 þús. kr. Hækkun sértekna miðað við fast verðlag er vegna þess að nú er reiknað með að 8.700 þús. kr. komi af happdrættisfé Háskóla Íslands og renni til tækjakaupa. Tekjur af reglulegri starfsemi hækka einnig. Til viðhalds húseigna tilraunastöðvarinnar eru ætlaðar 4.900 þús. kr.

203 Raunvísindastofnun Háskólans

Heildarframlag til stofnunarinnar nemur 101.877 þús. kr. og hækkar um 7% frá fjárlögum fyrir árið 1988. Áætlunin er miðuð við óbreytta starfsemi og eru föst stöðugildi 42 sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Launagjöld hækka um 13% frá fjárlögum 1988, önnur gjöld vegna rekstrar um 18% og sértekjur um 34%. Hækkun annara gjalda skýrist af því að stofnunin tekur í notkun stærra húsnæði í Tæknigarði. Er hið nýja húsnæði 650 fermetrar og stafar hækkun rekstrargjalda aðallega af ræstingu og þátttöku í sameiginlegum kostnaði. Hækkun sértekna umfram verðlagsbreytingar stafar af því að nú er gert ráð fyrir tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands að upphæð 4.500 þús. kr. Er þessum tekjum ætlað að standa straum af tækjakaupum stofnunarinnar. Loks er gert er ráð fyrir 13.600 þús. kr. framlagi til Tæknigarðs sem er seinna framlagið af tveimur.

205 Stofnun Árna Magnússonar

Rekstrarframlag til stofnunarinnar verður 30.107 þús. kr. eða 2% hærra en í fjárlögum 1988. Á næsta ári er gert ráð fyrir einum lausráðnum starfsmanni við *bókaútgáfu* sem er nýmæli. Við það eykst launakostnaður stofnunarinnar en önnur rekstrargjöld lækka. Lausráðnir starfsmenn verða þá þrír en fastráðnir fjórtán sem fyrr. Launagjöld á næsta ári verða 21.687 þús. kr. sem er 15% hækkun frá fjárlögum en önnur rekstrargjöld hækka aðeins um 4% og verða 12.060 þús. kr. Stofnunin hefur tekjur af útgáfustarfsemi o.fl. og gert er ráð fyrir að þær aukist um 40% frá gildandi fjárlögum og verði 2.640 þús. kr. Auk rekstrarframlags eru veittar 1.000 þús. kr. kaupa á tækjabúnaði í ljósmyndastofu.

207 Íslensk málstöð

Framlag til Málstöðvarinnar hækkar um 12% minna en nemur verðlagshækkun. Áætlað er að sértekjur stofnunarinnar hækki um 44% en útseld þjónusta er vaxandi þáttur í starfseminni. Rekstrargjöld eru áætluð 7.379 þús. kr. en sértekjur 1.140 þús. kr. þannig að framlag ríkissjóðs verður 6.239 þús. kr. Starfsemin verður með sama sniði og áður með þremur fastráðnum starfsmönnum.

208 Örnefnastofnun

Framlag úr ríkissjóði verður 3.601 þús. kr. sem er 18% hærra en í gildandi fjárlögum. Launagjöld hækka um 9% en önnur rekstrargjöld ríflega tvöfaldast þar sem rit stofnunarinnar, Grímnir, kemur út á árinu 1989. Ritið kemur út annað hvert ár.

210 Háskóli á Akureyri

Við áætlun launagjalda er miðað við þrettán stöðugildi. Heimilaðar stöður eru tíu talsins: ein staða rektors, ein staða skrifstofustjóra, tvær stöður deildarstjóra og sex

stöður lektora. Einnig er gert ráð fyrir þremur stöðum með tímabundinni ráðningu, þ.e. stöðu bókavarðar, stöðu húsvarðar og stöðu fulltrúa. Þá er reiknað með 10.900 kennslustundum í stundakennslu. Launagjöld eru því alls 28.984 þús. kr. og hækka um 24%. Önnur rekstrargjöld hækka um 71% frá gildandi fjárlögum og framlag til tækjakaupa er 7.000 þús. kr. Heildarframlag til skólans er því 48.914 þús. kr. og hækkar um 8.913 þús. kr. frá fjárlögum 1988.

231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Fjárveiting hækkar úr 23.853 þús. kr. í 24.783 þús. kr. eða um 4%. Heimilaðar eru ellefu stöður fastráðinna auk þess sem tímabundnar ráðningar jafngilda 1,75 stöðugildi eins og í gildandi fjárlögum. Til stofnkostnaðar eru veittar 3.600 þús. kr. Gert er ráð fyrir að lokið verði framkvæmdum við endurbætur á sýningarsal 3. hæðar auk smærri verka.

232 Rannsóknaráð ríkisins

Fjárveiting til ráðsins lækkar úr 16.955 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 15.974 þús. kr. Launagjöld lækka um 14% og verða 7.134 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 7.870 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 8.720 þús. kr. eða um 11%. Sértekjur verða 228 þús.kr og lækka um 54%. Lækkun útgjalda og sértekna er eingöngu vegna þess að viðfangsefnið *upplýsingamál* flyst til *Háskóla Íslands*. Við þetta fækkar heimiluðum stöðum um eina og verða þær fimm. Að öðru leyti er starfsemi óbreytt frá fjárlögum 1988. Að venju er fjallað um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Í frumvarpinu er sú breyting gerð að nú telst framlag ríkissjóðs til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins tilfærsla fjármuna til atvinnuvega en ekki laun og rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs. Sams konar breyting var gerð á framsetningu þriggja annarra rannsóknastofnana í fjárlögum 1988. Var það samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gera stofnanirnar sjálfstæðari og auka aðild atvinnuveganna að rekstri þeirra. Vinnuhópur hefur skilað tillögum um rekstrarform stofnananna. Er það nú í höndum viðkomandi ráðuneyta að fullmóta þær tillögur og gera nánari útfærslu fyrir hverja stofnun um sig. Fjárveitingar til rannsóknastofnana sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskólans og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, hækka alls um 13%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1988 og fjárlagafrumvarpi 1989 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	42.355	42.899	544	1
Raunvísindastofnun Háskólans	95.230	101.877	6.647	7
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	94.578	103.040	8.462	9
Veiðimálastofnun	45.590	27.010	-18.580	-41
Hafrannsóknastofnun	275.931	343.185	67.254	24
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	61.080	69.740	8.660	14
Iðntæknistofnun Íslands	65.160	89.360	24.200	37
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	39.186	44.250	5.064	13
Orkustofnun	173.278	189.904	16.626	10
Samtals	892.388	1.011.265	118.877	13

Mismunandi hækkun stofnana skýrist af ýmsum ástæðum. Lítil hækkun til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum og Raunvísindastofnunar Háskólans stafar af því að reiknað er með að tækjakaup greiðist af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands. Framlag til Veiðimálastofnunar lækkar aðallega vegna þess að nú er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til byggingar húss að Hólum í Hjaltadal og einungis 1.000 þús. kr. framlagi til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í greinagerðum um einstök ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Styrkjum úr sjóðnum hefur verið úthlutað til ýmiss konar rannsóknaverkefna, einkum á sviði líf- og lífefnatækni, hátækni og til rannsókna í fiskeldi. Ráðstöfunarfé sjóðsins er samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs, framlag úr ríkissjóði og eigin tekjur sjóðsins. Framlag ríkissjóðs til Rannsóknasjóðs verður 80.000 þús. kr. og hækkar því um 10.000 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um fjármál sjóðsins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Tekjur sjóðsins eru leyfisgjald sem er 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Nú er talið að tekjurnar nemi allt að 62.300 þús. kr. samanborið við 43.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frekari fjárfestingar stofnananna atvinnuveganna verði kostaðar af sjóðnum en verið hefur. Auk framkvæmda við byggingar á Keldnaholti eru það framkvæmdir fyrir Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins við Skúlagötu. Er sjóðnum ætlað að veita 21.000 kr. til þeirra framkvæmda á árinu 1989. Einnig er ætlunin að sjóðurinn fjármagni framkvæmdir á vegum RALA að Hvanneyri.

301– 307, 309 Menntaskólar

Heildarframlag til þessara skóla nemur 562.712 þús. kr. Framlag til rekstrar nemur samtals 505.512 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 8%. Gert er ráð fyrir um 3.900 nemendum í þessum skólum. Áætlun fyrir árið 1988 byggðist á 4.070 nemendum. Auk þess er áætlað að nemendur í öldungadeildum í tengslum við ofangreinda skóla fjölgi nokkuð og verði ríflega 700. Áætlanir um nemendafjölda voru unnar snemmsumars. Nú er útlit fyrir að nemendur verði fleiri í dagskólunum en 3.900. Á fjárlagaliðnum *Framhaldsskólar almennt* er áætlað fyrir útgjöldum vegna þessarar óvæntu fjölgunar. Nánar verður fjallað um þann þátt þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir á síðari stigum fjárlagagerðar. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	413.480	442.202	28.722	7
Önnur gjöld	66.440	76.300	9.860	15
Viðhald og stofnkostnður	51.900	57.200	5.300	10
Samtals	531.820	575.702	43.882	8
Sértekjur	-12.570	-12.990	-420	3
Mismunur	519.250	562.712	43.462	8

Laun og önnur gjöld hækka í takt við almennar verðlagsbreytingar. Sömu sögu er að segja um heildarframlög til viðhalds- og stofnkostnaðarframkvæmda. Áætlað er að ljúka bóknámshúsi fyrir skólann á Ísafirði. Fjárveiting til þess verkefnis er 12.200 þús. kr. Þá er áfram unnið að byggingu húsnæðis fyrir skólann á Egilsstöðum. Gerður hefur verið verksamningur og á fjárveiting að duga fyrir þeim skuldbindingum auk ýmissa aukaverka. Áætlað að veita 20.100 þús. kr. til þessa. Menntaskólinn við Sund hefur búið við þröngan kost auk þess sem nokkrir gallar hafa komið fram á þaki skólahússins. Lagt er til að 7.300 þús. kr. verði varið til nauðsynlegra endurbóta og undirbúnings að varanlegri lausn þessa vandamáls. Þá er veitt fé til breytinga og endurbóta á húsnæði Menntaskólans við Hamrahlíð og til að auðvelda umferð fatlaðra. Á undanförnum árum hefur verið veitt fé til endurbóta og lagfæringa á húsnæði Menntaskólans í Reykjavík, Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans á Laugarvatni. Þessi framlög hafa verið flokkuð sem stofnkostnaður. Nú er sú breyting gerð að fjárveitingar þessar eru flokkaðar með viðhaldsfé.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarfjárveiting nemur samtals 79.989 þús. kr. að meðtöldum 6.000 þús. kr. sem ætlaðar eru til viðhalds og 9.500 þús. kr. sem ætlaðar eru til tölvumála, en áfram er unnið að því að útbúa hugbúnað til notkunar í kennslu á þessu skólastigi. Hér er einnig fé til að mæta auknum fjölda nemenda frá því að áætlanir voru gerðar. Mun menntamálaráðuneyti ákveða deilingu þess fjár milli skóla. Sífellt er lögð meiri áhersla á endurmenntun ýmiskonar. Þetta á ekki hvað síst við um þá er starfa að fræðslu og kennslumálum. Í þessu frumvarpi er reynt að örva slíka starfsemi með því að auka framlög til endurmenntunar umfram verðhækkanir milli ára. Skipting fjárveitingarinnar að öðru leyti kemur fram á meðfylgjandi töflu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sameiginleg þjónusta	960	1.035	75	8
Laun prófdómara	5.730	6.190	460	8
Orlof kennara	18.118	19.590	1.472	8
Forfallakennsla	7.640	8.240	600	8
Sérkennsla	5.730	6.192	462	8
Almenn þróunarverkefni	5.730	6.192	462	8
Námsefnisgerð	2.040	2.230	190	9
Réttindanám skipstjórnarmanna	2.860	4.255	1.395	49
Endurmenntun framhaldsskólakennara	3.410	5.675	2.265	66
Óviss nemendafjöldi	–	13.000	13.000	.
Sameiginleg þjónusta	880	1.000	120	14
Uppgjör við fjölbrautaskóla	3.000	5.890	2.890	96
Samtals	56.098	79.489	23.391	42

321 Kennaraháskóli Íslands

Til skólans er 168.557 þús. kr. heildarframlag og hækkar það um 7% frá fjárlögum 1988. Sú breyting er gerð á framsetningu að nú er *endurmenntun* og *réttindanám* sérstök viðfangsefni en var áður talið með almennu skólastarfi. Framlag til endurmenntunar er ætlað til að standa straum af ýmsum kostnaði við endurmenntun grunnskólakennara. Framlög til endurmenntunar aukast nokkuð umfram verðlagsþróun samanborið við gildandi fjárlög, m.a. vegna samkomulags við kennarasamtökin.

Að öðru leyti er rekstrarframlag til skólans miðað við óbreytta starfsemi. Á launalið er m.a. gert ráð fyrir launum þriggja námsráðgjafa og bókavarða sem verið hafa lausráðnir en áformað er að heimila fastráðningu á.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Rekstrarframlag hækkar úr 16.968 þús. kr. í 18.255 þús. kr. eða um 8%. *Annað en kennsla* hækkar um 22%, úr 5.158 þús. kr. í 6.273 þús. kr., en skólinn hefur fengið til afnota húsnæði Hússtjórnarskóla Suðurlands og veldur það talsverðri viðbót við fyrri rekstur.

308, 350—362 Fjölbrautaskólar

Ný rammalöggjöf (sjá lög nr. 57/1988) hefur verið sett um skóla þessa sem og um starfsemi annarra skóla á framhaldsskólastigi. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Í lögunum er kveðið svo á að ríkissjóður skuli greiða allan rekstrarkostnað framhaldsskóla, að því undanskildu að ætlast er til að nemendagjöld standi undir þriðjungi kostnaðar við rekstur öldungadeilda og kvöldskóla. Fram að þessu hefur ríkissjóður greitt allan beinan kennslukostnað í svokölluðum dagskóla fjölbrautaskóla en aðrir rekstraraðilar, sem eru fyrst og fremst sveitarfélög, eitt eða fleiri, hafa greitt helming annars kostnaðar. Í öldungadeildum og kvöldskólum hefur ríkissjóður greitt þriðjung kostnaðar, nemendur þriðjung og rekstraraðilar þriðjung. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að framkvæmd fjárhagskafla fyrrnefndra laga verða frestað. Fram til þessa hefur aðeins verið áætlað fyrir kostnaðarhlut ríkissjóðs í rekstri þessara skóla. Í ljósi nýju laganna þótti rétt að sýna áætlaðan heildarkostnað við skólareksturinn. Hlutur sveitarfélaga er síðan dregin frá sem sértekjur. Starfsemi og umfang þessara skóla verður með svipuðu sniði á næsta ári og þessu. Nemendum í dagskólum fjölgar nokkuð, verða um 7.100, en áætlanir fyrir árið 1988 byggðust á að þeir yrðu 6.660. Í kvöldskólum og öldungadeildum er áætlað að verði 1.760 nemendur. Í töflu hér á eftir er sýnt samandregið yfirlit yfir rekstur þessara skóla á næsta ári, ásamt samanburði við gildandi fjárlög:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Laun	634.353	805.769	171.416	27
Önnur gjöld	64.890	140.080	75.190	116
Viðhald og stofnkostnaður	123.000	174.800	51.800	42
Samtals	822.243	1.120.649	298.406	36
Hlutur sveitarfélaga	–	-157.830	-157.830	.
Nemendagjöld, efniskostnaður	–	-25.100	-25.100	.
Mismunur	822.243	937.719	115.476	14

Fjárveiting hækkar um 103.776 þús. kr. eða 13%. Að viðhaldi og stofnkostnaði frátöldum nemur hækkunin 9%. Stofnkostnaðarframkvæmdir eru þessar helstar: Unnið er að byggingu íþróttahúss við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Fjárveiting nú er miðuð við að verkinu ljúki á árinu 1990. Samkomulag er á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um nokkra stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Mestur hluti fjárveitingar næsta árs er ætluð til að standa við hlut ríkissjóðs samkvæmt þeim samningi. Auk þess er nokkurt fé veitt til kaupa á búnaði. Sama á við um fjölbrautaskólann á Akranesi. Þar er nokkurt fé veitt til tækjakaupa. Þá eru

húsnæðismál skólans enn í deiglu. Fjárveiting er miðuð við það fé sem þarf til endurbóta á núverandi húsnæði. Fjárveiting til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er ætluð til tækjakaupa. Við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki verður unnið að lokaáfanga heimavistar en auk þess eru 4.000 þús. kr. ætlaðar til framkvæmda við lóð og til hönnunar á bóknámshúsi. Bindandi samningur er í gildi milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Suðurlandi um fjárframlög ríkissjóðs til byggingar Fjölbrautaskóla Suðurlands. Fjárveiting markast af ákvæðum þess samnings. Við Verkmenntaskóla Austurlands er unnið að byggingu heimavistarhúss í samræmi við ákvæði samings milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Austurlandi en auk þessa samnings er gert ráð fyrir 4.000 þús. kr. til uppgjörs á kostnaði við kennsluhús og til lóðaframkvæmda. Við Verkmenntaskólann á Akureyri er unnið að byggingu skólahúss. Áætlað er að unnið verði nokkru hraðar en mælt er fyrir í samþykktri verkáætlun, sbr. niðurstöður sérstaks starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Akureyrarbæjar. Við Fjölbrautaskólann í Garðabæ er veitt fé til frágangs og tækjakaupa. Fjárveiting til Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu er ætluð til kaupa á búnaði.

422 Námsgagnastofnun

Rekstrarframlag til stofnunarinnar verður 163.120 þús. kr. sem er hækkun um 17.424 þús. kr. eða 12% frá fjárlögum 1988. Fjárveitingin jafngildir 4.226 kr. á hvern nemanda í skyldunámi en áætlað er að þeir verði um 38.600 á árinu 1989. Farið hefur fram endurskipulagning á verkaskipan og innra skipulagi stofnunarinnar. Meðal annars hefur starfsmönnum fækkað um þrjá frá gildandi fjárlögum og byggist áætlun launa nú á 40,8 stöðugildum. Þar af eru fastar stöður 39,5 en ráðninganefnd ríkisins samþykkti á þessu ári að fjölga föstum stöðuheimildum um fimmtán og á móti falla niður heimildir til lausráðninga. Áætlaðar greiðslur til námsefnisgerðar eru nú miðaðar við 300 mánaðaverk eða 30 færri en í fjárlögum 1988 og eru nú færðar sem greiðslur til verktaka en ekki laun og koma því til hækkunar á öðrum rekstrargjöldum. Þau verða 175.340 þús. kr. og hækka um 30% frá fjárlögum líðandi árs en launagjöld hækka hins vegar um 22.446 þús. kr. eða 32% og verða 47.810 þús. kr. Þá er 12.200 þús. kr. veittar til nýrrar símstöðvar og 5.000 þús. kr. til innréttingar á húsnæði stofnunarinnar að Laugavegi 166.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni

Fjárveiting til *skólaþróunardeildar* er 25.382 þús. kr. og hækkar um 14% frá fjárlögum 1988. Í fjárlögum 1988 var áætlað fyrir nýju verkefni, *fíknivörnum í skólum*. Gert er ráð fyrir áframhaldi á þeirri starfsemi. Launagjöld eru miðuð við níu fastar stöður og tvær sem ráðin er í tímabundið, þar af er önnur staðan til komin vegna fíknivarna í skólum.

501 Tækniskóli Íslands

Framlag til skólans er áætlað 140.499 þús. kr. sem er um 43% hækkun frá fjárlögum 1988. Til reksturs eru áætlaðar 113.199 þús. kr. sem er 19% hækkun. Hækkunina má nær algerlega skýra með hækkun annarra rekstrargjalda sem stafar meðal annars af stærra húsnæði skólans. Til tækjakaupa eru áætlaðar 6.000 þús. kr. og til greiðslu á skammtímaláni vegna innréttinga á nýju leiguhúsnæði eru áætlaðar 21.300 þús. kr.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Framlag til skólans hækkar úr 19.543 þús. kr. í 25.912 þús. kr. eða um 33%. Launagjöld við kennslu hækka um 36% frá fjárlögum 1988 enda síauknar kröfur til þess náms sem skólinn veitir. Að öðru leyti verður kennslustundamagn óbreytt og nemendafjöldi hinn sami. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.200 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík

Framlag til rekstrar verður 194.244 þús. kr. og hækkar um 15% samanborið við gildandi fjárlög. Iðnskólinn er einn samrekstrarskóla ríkis og sveitarfélaga og fellur undir ný lög um framhaldsskóla. Eins og gerð er grein fyrir í umfjöllun um fjölbrautaskóla hér að framan er gert ráð fyrir að gildistöku fjármálakafla þeirra laga verði frestað. Gerð er sú breyting á framsetningu fjárhagsáætlunar að sýnd eru heildarútgjöld en ekki einvörðungu kostnaðarhlutur ríkissjóðs eins og verið hefur. Skýrast miklar hækkanir einstakra gjaldaliða af þessari framsetningarbreytingu. Til stofnkostnaðar eru veittar 3.000 þús. kr.

515 Iðnnám, almennt

Rekstrarframlag lækkar úr 38.752 þús. kr. í 23.579 þús. kr. eða um 39% en lækkunin stafar af því að í fjárlögum 1988 var áætlað fyrir rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði en hann er nú færður á sérstakan fjárlagalið.

516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Nú er áætlað fyrir framlagi til Iðnskólans í Hafnarfirði á sérstökum fjárlagalið en ekki undir liðnum *Iðnnám, almennt* eins og áður. Framlag til skólans nemur 27.918 þús. kr., þar af er 26.001 þús. kr. vegna kennslu en 1.917 þús. kr. vegna viðfangsefnisins *Annað en kennsla*. Nemendum voru 150 síðasta skólaár en fjölgar nú í 190. Kennslustundum fjölgar, bæði í dagskóla og öldungardeild.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Fjárveiting til skólans er 25.638 þús. kr. samanborið við 20.289 þús. kr. í fjárlögum 1988 og er hækkun 26%. Skólinn hefur nú til umráða stærra húsnæði og hækkar rekstrarkostnaður af þeim sökum. Einnig fjölgaði nemendum nokkuð. Launagjöld við *Annað en kennslu* hækka um 73%, m.a. vegna hálfrar stöðugildi húsvarðar og þriggja fjórðunga stöðugildis fyrir skrifstofumann en skrifstofukostnaður skólans hefur í flestum tilvikum verið greiddur af rekstrarfé. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.300 þús. kr.

518 Fiskvinnsluskólinn

Hækkun rekstrarframlags milli ára er 14%. Stofnkostnaðarfjárveiting, 23.400 þús. kr., er ætluð til kaupa á fiskverkunarbúnaði í kennslufrystihús skólans.

523 Fósturskóli Íslands

Framlag hækkar úr 23.954 þús. kr. í 31.287 þús. kr. og er hækkur. 31%. Nemendum fjölgar nokkuð og einnig er áætlað fyrir framhalds- og endurmenntun. Launagjöld við *annað en kennslu* hækka um 38% en áætlað er fyrir einni og hálfri fastri stöðu og tveimur stöðum til tímabundinna verkefna. Önnur gjöld hækka um 42% og var þá tekið tillit til reiknings 1987. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.000 þús. kr. sem eru ætlaðar tilendurbóta á lóð skólans.

561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Framlag til skólans er 42.483 þús. kr. og hækkar um 40% frá fjárlögum 1988. Þrátt fyrir að kennslumagn sé óbreytt er um nokkra hækkun frá fjárlögum að ræða sem að mestu má rekja til kjarasamninga kennara við skólann. *Annað en kennsla* hækkar verulega og er þar áætlað fyrir tveimur og hálfri stöðu fastráðinna starfsmanna og sem nemur 2,25 stöðugildum til tímabundinna verkefna. Einnig er 1.000 þús. kr. framlag

sem ætlað er til greiðslu fyrir fyrirsætustörf. Gert er ráð fyrir 500 þús. kr. tekjum af námskeiðsgjöldum en að öðru leyti eru sértekjur skólans rekstrarframlög frá Reykjavíkurborg. Til stofnkostnaðar eru veittar 1.000 þús. kr. sem ætlaðar eru til að endurnýja og endurbæta þann búnað er skólinn hefur nú yfir að ráða.

563 Tónlistarfræðsla

Framlag verður 214.751 þús. kr. sem er 39.952 þús. kr hærri upphæð en í gildandi fjárlögum. Í umræðu um endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga hefur komið til tals að flytja rekstrarlega og fjárhagslega ábyrgð vegna þessa málaflokks til sveitarfélaganna. Enn hafa engar ákvarðanir þar að lútandi verið teknar. Menntamálaráðuneytið hyggst fljótlega eftir áramót efna til umræðu meðal starfsmanna skólanna um stefnumótun varðandi tónlistarnám, m.a. um að stærri hluti þessarar fræðslu verði falin grunnskólum frá haustinu 1989.

571 Sjómannaskólahúsið

Heildarframlag til skólans hækkar úr 15.962 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 24.886 þús. kr. Hækkunin er aðallega vegna mjög aukins framlags til viðhalds- og stofnkostnaðarviðfangsefna. Til *viðhalds fasteignar* eru veittar 3.600 þús. kr. en til *eldvarna* 7.100 þús. kr. en eldvarnaeftirlitið hefur krafist endunýjunar á eldvarnarkerfi hússins.

581 Verslunarskóli Íslands

Framlag er hækkar úr 113.805 þús. kr. í 137.616 þús. kr. eða um 21%. Gert er ráð fyrir 930 nemendum í dagskóla og 350 nemendum í öldungadeild. Framlag til tölvuskóla miðast við 100 nemendur.

601—610 Héraðsskólar

Framlag hækkar um 15.163 þús. kr. og verður 165.345 þús. kr. Starfsemin er í föstum skorðum að því undanskildu að Héraðsskólanum að Reykjum hefur verið fengið nýtt hlutverk. Þar eru nú starfræktar svokallaðar skólabúðir. Til viðhalds og stofnkostnaðar er áætlað að veita 30.000 þús. kr. en mörg skólahúsin eru komin til ára sinna. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1988:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	90.802	103.685	12.883	14
Önnur gjöld	33.170	36.130	2.960	9
Viðhald	4.300	4.000	-300	-7
Stofnkostnaður	26.200	26.000	-200	-1
Samtals	154.472	169.815	15.343	10
Sértekjur	-4.290	-4.470	-180	4
Mismunur	150.182	165.345	15.163	10

621 Skálholtsskóli

Húsnæði skólans hefur verið vanrækt hvað viðhald snertir. Uppi eru áform um að fella niður kennslu frá og með hausti 1989 og nýta fjárveitingu til endurbóta. Fjárveitinganefnd mun gerð frekari grein fyrir áformum þessum.

700—720 Grunnskólar

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins í einu lagi. Heildarkostnaður er áætlaður 3.888.711 þús. kr. sem er hækkun um 21% frá gildandi fjárlögum. Kostnaður á nemanda er áætlaður 94 þús. kr. til jafnaðar. Launagjöld eru 3.532.501 þús. kr. sem er hækkun um 21% frá gildandi fjárlögum. Launagjöldin skiptast í aðalatriðum þannig:

	þús. kr.	þús. kr.
Fræðsluskrifstofur		17.672
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		21.512
Almennur kennslukostnaður		2.794.490
almennir grunnskólar	2.753.007	
forskólakennsla í grunnskólum	15.075	
einkaskólar	23.038	
umferðarfræðsla	1.307	
safnakennsla	2.063	
Kennsla á sjúkrahúsum		2.670
Skólalúðrasveitir		3.462
Stuðnings- og sérkennsla		348.461
Forfallakennsla		92.123
Mötuneyti, gæsla og umsjón		131.805
Orlof kennara		30.326
Kennsluráðgjafar		6.880
Skóli Unglingaheimilis ríkisins		5.063
Fornám og framhaldsdeildir		13.148
Stjórnskipaðir prófdómarar		6.383
Þróunarstörf		4.257
Áfanga- og fagstjórn		54.249
Samtals		3.532.501

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga, sem m.a. fólu í sér styttingu á kennsluskyldu nýrra kennara, auknar greiðslur vegna bekkjaumsjónar og yfirvinnu yfirkennara, eru helstu skýringar á hækkun frá gildandi fjárlögum þessar: Framlag til almennrar bekkjakennslu hækkar um nálægt 15.900 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda í fræðsluumdæmum Reykjavíkur og Reykjaness. Gert er ráð fyrir að grunnskólanemendur verði samtals 41.391. Kennsla í forskóla sex ára barna hækkar um 15.075 þús. kr. Á hvern nemanda í forskóla hafa til þessa komið ein kennslustund á viku til jafnaðar. Gert er ráð fyrir að auka þá kennslu sem verið hefur. Sérkennsla hækkar um 49.947 þús. kr. eða 17%. Kennslan eykst mest í Reykjanesumdæmi. Miðað er við að 0,22 vikustundir komi á hvern nemanda til jafnaðar vegna stuðnings- og sérkennslu. Launakostnaður framhaldsdeilda lækkar um 8.000 þús. kr. þar sem nokkrar deildanna hafa verið gerðar að framhaldsskólum. Starfsmönnun við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fjölgar um einn frá gildandi fjárlögum og eru samtals 33,92. Skiptast þeir þannig að í Reykjavíkurdæmi eru 16,25, í Reykjanesumdæmi 4,67, Vesturlandsumdæmi 3,5, í Vestfjarðarumdæmi 1,5, í Norðurlandsumdæmi vestra 1,5, í Norðurlandsumdæmi eystra 4, í Austurlandsumdæmi 1,5 og í Suðurlandsumdæmi 1. Að auki er áætluð nokkur aukning á yfirvinnu. Kostnaður þessi skiptist jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Kennsluráðgjöfum, sem í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1988 voru nefndir leiðbeinendur, fjölgar frá gildandi fjárlögum úr 4,7 í 7 stöður. Fjölgunin skiptist jafnt á fræðsluumdæmi utan Reykjavíkur. Forfallakennsla hækkar um 21.524 þús. kr. eða 30% einkum vegna lengingar á fæðingarorlofi. Kostnaður við stjórnskipaða prófdómara hækkar um 1.265 þús. kr. eða 25% með hliðsjón af kostnaði síðustu ára og

ráðningar á skrifstofumanni. Áætlað er fyrir þróunarstörfum í samræmi við tillögu starfskjaranefndar kennarasamtakanna og ráðuneyta mennta- og fjármála. Áætlað er fyrir áfanga- og fagstjórn samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins og samkomulagi við kennarasamtökin. Önnur rekstrargjöld nema alls 302.840 þús. kr. sem er hækkun um 31% frá gildandi fjárlögum. Gjöldin skiptast þannig:

	þús. kr.
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	4.593
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta	7.949
Akstur, húsaleiga og tryggingar	272.293
Umferðarfræðsla	1.010
Safnakennsla	110
Sérkennsludeildir	5.325
Skóli Unglingaheimilis ríkisins	450
Stjórnskipaðir prófdómarar	3.250
Kennsluráðgjafar	720
Sérstök fræðsluverkefni	3.000
Óskiptur kostnaður	4.140
Samtals	302.840

Ekki hefur áður verið áætlað fyrir rekstrarkostnaði vegna kennsluráðgjafa. Til sérstakra fræðsluverkefna eru ætlaðar 3.000 þús. kr., þ.e. til fíkniefnavarna, kynfræðslu og jafnréttisfræðslu. Eignakaup eru 6.400 þús. kr. vegna tölvuvæðingar á stjórnkerfum grunnskólans. Hækkun frá gildandi fjárlögum er 16%. Tilfærslur eru alls 46.970 þús. kr. sem er hækkun um 6% frá gildandi fjárlögum. Liðurinn skiptist þannig:

	þús. kr.
Fræðsluskrifstofur	12.760
Óskiptur kostnaður	220
Sundskylda í skólum	20.000
Höfundagreiðslur	8.580
Skíðakennsla	400
Réttindanám leiðbeinenda	5.010
Samtals	46.970

Í samræmi við bókun með kjarasamningum er nú áætlað fyrir styrk til ferða og upphalds leiðbeinenda sem búa fjarri Reykjavík og stunda réttindanám í Kennaraháskólanum.

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.

Fjárveiting nemur 300.000 þús. kr. og lækkar um 35.215 þús. kr. frá fjárlögum 1988. Fjárveitinganefnd mun að venju gera tillögu um skiptingu fjárveitingar til einstakra framkvæmda.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Liðurinn hækkar um 67.241 þús. kr. eða 29% frá fjárlögum 1988 og verður 299.127 þús. kr. Launaliðurinn er í gildandi fjárlögum 162.966 þús. kr. Hækkar hann um 35.361 þús. kr. eða 22% og verður 198.327 þús. kr. Nemendum fjölgar um 28 í

þjálfunarskólunum sjö (þar af átta í fullorðinsfræðslu) og um tíu í Öskjuhlíðarskóla samanborið við áætlun fyrir árið 1988. Enn leiða nákvæmari greindarmælingar í ljós að hlutfallslega fleiri nemendur búa við meiri fötlun en áður var talið. Því fjölgar þeim kennarastöðum, sem reiknað hefur verið með, um 10,6 stöðugildi auk þess sem yfirvinna eykst og má áætla kostnað samtals rúmlega 7.000 þús. kr. Stofnaður hefur verið nýr þjálfunarskóli einhverfra barna við Dalbraut. Fjárveiting til skólans er áætluð 3.000 þús. kr. og reiknuð stöðugildi 2,5. Að þessum fjárhæðum frádregnum hækka launin um rúmlega 25.300 þús. kr. eða rúmlega 15%. Þar af má ætla að um 2% stafi af lækkun á kennsluskyldu kennara samkvæmt kjarasamningum umfram forsendur gildandi fjárlaga. Þær stöður, sem tilgreindar eru í yfirlitinu hér á eftir, eru stöður sem reiknað er með, án tillits til samþykktra heimilda. Flestar eru stöðurnar kennarastöður, nema tíu stöðugildi, annarra en kennara, eru í Öskjuhlíðarskóla. Engin kennarastaða er á fjölskyldu- og skóladagheimilum en á þeim eru reiknuð 7,88 stöðugildi annars starfsfólks. Önnur gjöld hækka um 17% og eignakaup um 22%. Tilfærslur hækka um 27.250 þús. kr. eða 67% og verða 68.150 þús. kr. Mestur hluti þeirra, 52.770 þús. kr., er vegna *dagvistunar forskólabarna*. Skipting stöðugilda, sem reiknað er með, og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Fjár-veiting
Öskjuhlíðarskóli	**58,82**	**69.358**	**400**	**68.958**
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	**3,85**	**5.082**		**5.082**
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	**4,03**	**4.053**		**4.053**
Þjálfunarskólar ríkisins	**97,61**	**124.768**		**124.768**
Þjálfunarskóli Kópavogshæli	22,77	27.955		27.955
Þjálfunarskóli Sólheimum	2,0	2.547		2.547
Þjálfunarskóli Hringsins	11,87	17.573		17.573
Þjálfunarskóli Bjarkarási	10,19	14.271		14.271
Þjálfunarskóli Safamýri	30,62	39.322		39.322
Þjálfunarskóli Tjaldanesi	2,31	2.462		2.462
Þjálfunarskóli Akureyri	15,35	17.638		17.638
Þjálfunarskóli Dalbraut	2,5	3.000		3.000
Dagvistun forskólabarna	2,0	57.467		57.467
Dagvist	1,0	54.803		54.803
Talkennsla	1,0	2.664		2.664
Sameiginleg þjónusta		**33.070**	**1.840**	**31.230**
Fargjöld		780		780
Tannlækningar		660	180	480
Akstur skólabarna		16.390		16.390
Dvalarkostnaður, vistanir		9.540	1.660	7.880
Sumardvöl		5.700		5.700
Almennt	**5,1**	**7.569**		**7.569**
Forfallakennsla		2.911		2.911
Orlof	1,5	1.301		1.301
Starfsleikninám	3,6	3.217		3.217
Bliss-nefnd		140		40
Samtals	171,41	301.367	2.240	299.127

799 Heyrnleysingjaskólinn

Rekstrarframlag til skólans er 48.535 þús. kr. sem er 15% hækkun frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að skólinn starfi með hefðbundnum hætti og fjárveitingar miðaðar við það. Hús skólans er illa farið af steypuskemmdum. Ætlað er að viðgerð kosti 6.100 þús. kr.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Framlag er 95.000 þús. kr. sem er um 58% hækkun frá síðasta ári. Er það verulegt átak í þessum málaflokki frá því sem verið hefur.

871 Unglingaheimili ríkisins

Framlag til unglingaheimilins, sem er stofnun í B-hluta, verður 24.400 þús. kr. og er það ríflega tvöföldun á framlagi frá gildandi fjárlögum. Umfjöllun um fjármál unglingaheimilisins er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er 1.617.000 þús. kr. og hækkar úr 1.478.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í sérstakri greinargerð um fyrirtæki og sjóði í B-hluta. Þar kemur fram að áætlaðar lántökur verði 915.000 þús. kr. og fé til útlána 1.941.000 þús. kr.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 20.750 þús. kr. en var 11.600 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sú breyting hefur orðið frá gildandi fjárlögum að viðfangsefnið *1.21 Upplýsingaþjónusta stúdenta* heitir nú *1.16 Upplýsingastofa námsmanna*. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og í fjárlögum 1988:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	3.450	4.600	1.150	33
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	230	400	170	74
Styrkur til útgáfustarfa	1.760	1.950	190	11
Upplýsingastofa námsmanna	–	880	880	–
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1.330	1.360	30	2
Félagsstofnun stúdenta	4.030	4.560	530	13
Upplýsingaþjónusta stúdenta	800	–	800	.
Stúdentagarðar	–	7.000	7.000	.
Samtals	11.600	20.750	9.150	79

Framlag til erlendra námsmanna er miðað við að styrktir verði fimmtán erlendir námsmenn hér á landi á árinu 1989 auk þess sem veittir verða tíu mánaðarstyrkir til þeirra er hyggjast ljúka fyrra árs prófi í íslensku. Í gildandi fjárlögum er ekki framlag til byggingar *stúdentagarða* en hér er lagt til að á árinu 1989 verða veittar 7.000 þús. kr. til þeirra framkvæmda.

883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla

Fjárveiting ríkissjóðs á þessum fjárlagalið, sem rennur til að greiða hluta launakostnaðar sem fellur til vegna íslenskukennslu við erlenda háskóla, verður 2.238 þús. kr. Stærsta einstaka framlagið er vegna lektorsstöðu við Lundúnaháskóla. Þetta framlag var miðað við jafnvirði 5.200 sterlingspunda í gildandi fjárlögum en er nú hækkað í jafnvirði 9.000 sterlingspunda. Framlagið er nú fært á sérstakt viðfangsefni sem nefnist *1.10 Lektorsstaða við Lundúnaháskóla* en styrkir til annarra háskóla færast allir á viðfangsefnið *1.20 Íslenskukennsla erlendis, óskipt.*

884 Jöfnun á námskostnaði

Framlag er 50.000 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir tvöföldun framlags frá gildandi fjárlögum, en það hefur verið óbreytt alllengi.

885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag nemur 2.700 þús. kr. en er 1.610 þús. kr. í fjárlögum 1988. Breytingar á framlögum til einstakra viðfangsefna má sjá í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Bréfaskólinn	720	1.870	1.150	160
Námsflokkar	200	230	30	15
Félagsmálanámskeið	170	–	-170	.
Heimilisiðnaðarskólinn	320	370	50	16
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	200	230	30	15
Samtals	1.610	2.700	1.090	68

Bréfaskólinn var á miðju þessu ári gerður að sjálfstæðri stofnun en hann hefur fram að þessu verið sameignarstofnun ýmissa stéttar-, mannúðar- og menningarfélaga og verið starfræktur að mestu leyti fyrir framlög úr sjóðum Sambands íslenskra samvinnufélaga. Samfara þessari breytingu munu áherslur í rekstrinum breytast og í undirbúningi er samstarf við fjarkennslunefnd. Umskiptunum fylgir ýmis kostnaður og áhætta og af þeim sökum er framlag til Bréfaskólans hækkað. Styrkur til *félagsmálanámskeiða* hefur nú verið felldur niður.

901 Landsbókasafn Íslands

Framlag til rekstrar safnsins hækkar úr 27.159 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 30.658 þús. kr. eða um 13%. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á starfseminni á árinu 1989 frá því sem áætlað er í fjárlögum 1988. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1988 að starfsmönnum safnsins yrði fjölgað um 1,7 stöðugildi, þ.e. um eina stöðu bókavarðar og 0,7 stöðugildi fyrir aðstoðarmann. Við áætlun launagjalda er því miðað við 23.25 stöðugildi fastráðinna starfsmanna og tvö stöðugildi lausráðinna starfsmanna. Til viðbótar rekstrarframlaginu eru veittar 7.000 þús. kr. til bókakaupa.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Rekstrarframlag til safnsins verður 31.880 þús. kr. sem er 14% hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlagsforsendur er til komin vegna lengri sýningartíma safnsins. Heimiluð stöðugildi eru eftir sem áður 12,5 og stöðugildi verkefnaráðinna eru fjögur. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir framlagi sem svarar til tveggja ársverka vegna vinnu við sérstakt tímabundið verkefni í þjóðháttadeild safnsins. Reiknað er með að í lok yfirstandandi árs verði búið að vinna þriðjung þessa verkefnis. Til viðhaldsverkefna eru áætlaðar 14.600 þús. kr. og skiptist fjárhæðin þannig að til viðfangsefnisins *verndun gamalla húsa* fara 6.200 þús. kr. og til *húseignar við Suðurgötu* fara 8.400 þús. kr. Til *tækjakaupa* eru veittar 1.000 þús. kr. Húsnæði safnsins hefur aukist í kjölfar þess að Listasafn Íslands fluttist í eigið húsnæði. Í framhaldi af því er unnið að stefnumörkun fyrir Þjóðminjasafnið, m.a. um tekjuöflun til verndunar þjóðminja. Til *endurbóta* á auknu húsnæði eru nú ætlaðar 3.000 þús. kr.

903 Þjóðskjalasafn Íslands

Fjárveiting til rekstrar safnsins hækkar úr 18.300 þús. kr. á árinu 1988 í 26.272 þús. kr. eða um 44%. Hér er um að ræða talsverða hækkun umfram það sem verðlagsþróun gefur tilefni til. Til skýringar á þessari hækkun milli ára má nefna eftirfarandi atriði. Á launalið er gert ráð fyrir nýrri tímabundinni stöðu starfsmanns er vinni að rannsóknum í kirkjusögu. Fastar stöður á safninu eru nú ellefu auk þriggja með tímabundnum ráðningum. Að öðru leyti skýrist hækkun framlags af því að tekið er tillit til raunverulegs rekstrarumfangs safnsins. Sérstök byggingarnefnd mun skipuð til að sjá um nýtingu og innréttingu þess húsnæðis sem í daglegu tali er nefnt Mjólkurstöðin. Forgangsverkefni í því efni er að koma hluta hins nýkeypta húss í notkun sem geymslu fyrir skjöl og rýma dýrt leiguhúsnæði. Til þessa verks eru ætlaðar 10.000 þús. kr.

907 Listasafn Íslands

Á árinu fluttist Listasafn Íslands í nýtt safnhús að Fríkirkjuvegi 7 og aukast við það möguleikar til sýningarhalds. Fleiri sýningar kalla á aukin rekstrarumsvif og aukinn kostnað. Fjárlagaliðurinn *02—905 Listasafn Ásgríms Jónssonar* hefur verið sameinaður Listasafni Íslands og verður Ásgrímssafn eftirleiðis deild í safninu. Áætlað er fyrir rekstri safnsins á sérstöku viðfangsefni *02-907-1.20 Listasafn Ásgríms Jónssonar.* Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækkar rekstrarframlag til *Listasafns Íslands* um 16% og verður 22.745 þús. kr. Launagjöld nema 14.365 þús. kr. og hækka um 14%. Gert ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem ákveðið er í fjárlögum 1988 eða 10,3 föstum stöðum og tveimur stöðum með tímabundinni ráðningu. Rekstrarframlag til *Listasafns Ásgríms Jónssonar* verður 2.110 þús. kr. Miðað er við sama starfsmannafjölda og í fjárlögum 1988 eða einn starfsmann á föstum launum og lausráðinn starfsmann í hálfu starfi. Þá eru veittar 7.400 þús. kr. til listaverkakaupa. Til framkvæmda að Fríkirkjuvegi 7 eru ætlaðar 19.700 þús. kr. Fjárhæðinni mun verða varið til að greiða kostnað er fallið hefur til á árinu 1988 og til að standa við þegar gerða verksamninga. Að sinni er ekki gert ráð fyrir frekari hækkun á rekstrarkostnaði safnsins sem ekki hefur enn starfað fullt ár í nýju húsnæði.

908 Kvikmyndasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins nemur 5.833 þús. kr. sem er um 56% hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram það sem verðlagsforsendur gefa tilefni til er vegna 2.000 þús. kr. framlags til varðveislu eldri kvikmynda.

931 Náttúruverndarráð

Rekstrarframlag til Náttúruverndarráðs hækkar úr 21.661 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 28.153 þús. kr. eða um 30%. Launagjöld hækka um 26% og önnur gjöld vegna rekstrar um 29%. Gengið er út frá því að starfsemi verði í megindráttum óbreytt frá því sem er í ár. Til viðhalds á vegum Náttúruverndarráðs eru veittar 1.200 þús. kr. Til stofnkostnaðarverkefna eru áætlaðar 3.400 þús. kr. og skiptist fjárhæðin þannig að til framkvæmda við rannsóknastöðina að Skútustöðum er varið 1.000 þús. kr., til framkvæmda í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru ætlaðar 1.300 þús. kr. og til framkvæmda í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum renna 1.100 þús. kr. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir endurskipulagningu á yfirstjórn umhverfismála. Verður um leið að taka á fjárhagslegum þáttum þess máls, þar á meðal Náttúruverndarráðs.

973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Umfjöllun um fjármál þessara stofnana er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Vísast því til þess undir fjárlagaliðunum 22-973 og 22-974. Framlag til Þjóðleikhússins verður alls 171.000 þús. kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru áætlaðar 67.000 þús. kr. Þjóðleikhúsið á við mikinn rekstrarvanda að etja og fyrir höndum eru viðamiklar endurbætur á húsnæði þess. Nefnd sem fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði til að fjalla um það mál mun skila áliti í nóvember og verður unnt að taka tillit til hennar við afgreiðslu fjárlaga.

975 Vísindasjóður

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni *1.01 Vísindaráð* og *6.01 Vísindasjóður.* Hlutverk Vísindaráðs er skilgreint með lögum nr. 48/1987. Fjárveiting til rekstrar ráðsins nemur nú 5.030 þús. kr. *Vísindasjóður* hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum. Nú eru veittar 10.000 þús. kr. í sjóðinn og verður áætlað ráðstöfunarfé 73.000 þús. kr. að tekjum að arðsjóði meðtöldum.

976 Menningarsjóður, framlag

Tekjur Menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 11.000 þús. kr. og er gjaldfærsla í samræmi við það.

977 Þjóðarbókhlaða

Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, skal á árunum 1987—89 lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlöðu. Áætlað er að innheimta ársins 1989 nemi 240.000 þús. kr. Þrátt fyrir áætlaðar tekjur er ákveðið að verja eigi hærri fjárhæð en 90.000 þús. kr. til framkvæmda á árinu 1989 og er framlag úr ríkissjóði miðað við það. Eins og að framan greinir falla lög nr. 49/1986 úr gildi í árslok 1989. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er miðað við að byggingu hússins verði lokið á fjórum árum. Í því samhengi er til athugunar að framlengja gildistíma fyrrnefndra laga. Ljóst er að nokkur stór verkefni á sviði menningarmála eru óleyst, en kalla á lausn fljótlega. Þjóðarbókhlaða, endurnýjun húsnæðis Þjóðleikhúss og innrétting húsnæðis Þjóðskjalasafns eru dæmi um þess háttar mál sem hljóta að verða á dagskrá stjórnvalda á næstunni.

981 Kvikmyndasjóður

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 71.000 þús. kr. sem er nokkur hækkun að raungildi milli ára.

982 Listir, framlög

Heildarframlag nemur 183.700 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 34%. Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Listamannalaun	6.700	7.000	300	4
Launasjóður rithöfunda	15.000	20.000	5.000	33
Starfslaun listamanna	10.000	18.000	8.000	80
Höfundagreiðslur skv. 21. grein höfundalaga	300	330	30	10
Rithöfundasjóður Íslands	5.300	7.200	1.900	36
Þýðingarsjóður	3.810	4.600	790	21
Leikfélag Reykjavíkur	10.000	12.000	2.000	20
Leikfélag Akureyrar	9.200	11.000	1.800	20
Leiklistarstarfsemi	10.000	12.000	2.000	20
Bandalag íslenskra leikfélaga	1.200	2.770	1.570	131
Önnur leiklistarstarfsemi	3.000	4.500	1.500	50
Leiklistarráð	200	300	100	50
Alþýðuleikhús	2.700	7.000	4.300	159
Kynning á íslenskri list erlendis	6.000	7.000	1.000	17
Íslenska óperan	9.200	12.000	2.800	30
Íslenski dansflokkurinn	1.500	2.500	1.000	67
Íslensk tónverkamiðstöð	1.400	2.500	1.100	79
Sinfóníuhljómsveit æskunnar	1.500	2.000	500	33
Íslenska hljómsveitin	–	2.000	2.000	.
Tónlistarstarfsemi, styrkir	5.000	5.000	–	.
Listasöfn, styrkir	2.500	2.000	–500	–20
Myndlistaskólinn í Reykjavík	3.500	3.800	300	9
Myndlistarskólinn á Akureyri	3.500	3.800	300	9
Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	1.000	–	.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	2.500	4.000	1.500	60
Listasafn ASÍ	–	2.000	2.000	.
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	7.500	7.500	–	.
Starfslaunasjóður myndlistarmanna	–	1.000	1.000	.
Bandalag íslenskra listamanna	100	400	300	300
Listkynning, styrkir	400	400	–	.
Lista- og menningarmál, ýmis	10.000	14.000	4.000	40
Menningarkynning í Japan	2.100	–	–2.100	.
Samnorræn menningarkynning	–	1.000	1.000	.
Leikfélög, skuldagreiðslur	2.100	–	–2.100	.
Listahátíð	–	1.000	1.000	.
Ferðaleikhúsið	300	300	–	.
Leikbrúðuland	–	1.800	1.800	.
Samtals	137.510	183.700	46.190	34

Helstu breytingar eru þær að niður falla framlög til viðfangsefnanna *menningarkynning í Japan* og *leikfélög, skuldagreiðslur*. Til verða sex ný viðfangsefni: Íslenska hljómsveitin, Listasafn ASÍ, *starfslaunasjóður myndlistarmanna*, *samnorræn menningarkynning*, *Listahátíð* og *Leikbrúðuland*.

983 Vísindaleg starfsemi

Heildarframlag til þessa liðar er 11.872 þús. kr. Þar af nemur framlag til *vísinda- og fræðistarfa* 1.310 þús. kr. og hækkar um 14% frá gildandi fjárlögum. Framlag til *samstarfsnefndar um upplýsingamál* verður 400 þús. kr. en framlagið var 350 þús. kr. í fjárlögum 1988. Ætlaðar eru 8.662 þús. kr. til greiðslna vegna *rannsóknaleyfa sérfræðinga á vísindastofnunum* í samræmi við kjarasamninga og samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis. Áætlað er fyrir nýju viðfangsefni, *Kvennasögusafni*, undir þessum fjárlagalið. Framlag til safnsins er áætlað 1.500 þús. kr. og er stefnt að því að hefja skráningu Kvennasögusafns Íslands á árinu 1989.

984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 3.050 þús. kr. og hækkar úr 2.600 þús. kr. í fjárlögum 1988. Viðfangsefni eru hin sömu og í fjárlögum 1988 og skiptist framlagið samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Norrænt samstarf	580	660	80	14
Norræna félagið	430	490	60	14
Menningarsamskipti við Færeyinga	350	400	50	14
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	60	70	10	17
Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	200	230	30	15
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	580	740	160	28
Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	400	460	60	15
Samtals	2.600	3.050	450	17

985 Félagsheimilasjóður

Framlag til sjóðsins er 15.000 þús. kr. Leitað verður heimildar til að skerða lögboðinð framlag í frumvarpi til lánsfjárlaga.

986 Íþróttasjóður

Heildarframlag nemur 45.000 þús. kr. Með hliðsjón af breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er fyrirhuguð var á yfirstandandi ári, var ekki áætlað að veita fé til þessa fjárlagaliðar. Með þeim breytingum á útgjaldaáætlun gildandi fjárlaga, sem fjármálaráðherra voru heimilaðar með lögum nr. 10/1988, var fyrirhugaðri breytingu slegið á frest.

988 Æskulýðsmál

Fjárveiting nemur alls 17.540 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1988 um 17%. Framlagið skiptist á viðfangsefni á eftirfarandi hátt:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Æskulýðsráð ríkisins	1.150	1.280	130	11
Æskulýðssamband Íslands	230	500	270	117
Ungmennafélag Íslands	7.300	8.090	790	11
Bandalag íslenskra skáta	3.820	4.220	400	10
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns	800	1.500	700	88
Íslenskir ungtemplarar	500	570	70	14
Starfsemi KFUM og KFUK	1.250	1.380	130	10
Samtals	15.050	17.540	2.490	17

989 Ýmis íþróttamál

Heildarframlag er 42.590 þús. kr. og lækkar úr 51.300 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sú breyting verður á þessum fjárlagalið að framlag til viðfangsefnisins *HSÍ vegna heimsmeistaramóts á Íslandi árið 1994* fellur niður. Framlagi til viðfangsefnisins *íþrótta- og æskulýðsheimili, styrkir* er ætlaður sérstakur fjárlagaliður, *02-986 Íþróttasjóður*. Við bætast viðfangsefnin *ýmis framlög vegna íþróttamála* og *Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar*. Framlög skiptast að öðru leyti samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Íþróttasamband Íslands	19.380	21.420	2.040	11
Ólympíunefnd Íslands	6.330	4.930	-1.400	-22
Ólympíunefnd fatlaðra	1.000	1.140	140	14
Íþróttamál fatlaðra	2.300	2.620	320	14
HSÍ vegna heimsmeistaramóts á Íslandi árið 1995	500	-	-500	.
Íþróttastarfsemi, almenn	580	660	80	14
Íþrótta- og æskulýðheimili, styrkir	15.000	-	-15.000	.
Skáksamband Íslands	1.150	1.280	130	11
Stórmeistarar í skák	3.320	4.560	1.240	37
Skákmót, styrkir	580	660	80	14
Skólaskákmót	350	400	50	14
Skákskólinn	350	400	50	14
Bridgesamband Íslands	460	520	60	13
Ýmis framlög vegna íþróttamála	-	2.000	2.000	.
Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar	-	2.000	2.000	.
Samtals	51.300	42.590	8.710	-17

Framlag til *Ólympíunefndar Íslands* lækkar frá fjárlögum 1988 þar sem nefndin fékk 2.000 þús. kr. viðbótarfjárveitingu á árinu sem kemur til lækkunar á framlagi ársins 1989.

991 Húsfriðun

Framlag nemur samtals 12.130 þús. kr. en var 6.430 þús. kr. í fjárlögum 1988. Með hliðsjón af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er fyrirhuguð var á yfirstandandi ári, var ekki áætlað að veita fé til *byggða- og minjasafna*. Með þeim breytingum á útgjaldaáætlun gildandi fjárlaga, sem fjármálaráðherra voru heimilaðar með lögum nr. 10/1988, var áðurnefndri breytingu á verkaskiptingu slegið á frest. Til *byggða- og minjasafna* voru því áætlaðar 5.986 þús. kr. á þessu ári. Að öðru leyti koma breytingar fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Hið íslenska fornleifafélag	230	230	-	.
Húsfriðunarsjóður	2.800	2.700	-100	-4
Nesstofa	800	800	-	.
Byggða- og minjasöfn	5.986	5.800	-186	-3
Sjóminjasafn Íslands	2.600	2.600	-	.
Samtals	12.416	12.130	-286	-2

999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 44.920 þús. kr. en var 38.945 þús. kr. í fjárlögum 1988. Viðfangsefnin *Útflutnings- og markaðsskólinn* og *Dimmuborgir í Mývatnssveit* falla niður. Aftur á móti bætast við viðfangsefnin *Sögusafn alþýðu* og *Skriðuklaustur*. Framlag skiptist eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Amtsbókasafn vegna skilaskyldu	290	330	40	14
Dimmuborgir í Mývatnssveit	400	–	–400	.
Geysir í Haukadal	860	980	120	14
Reykholtsstaður	350	400	50	14
Landssamband hjálparsveita skáta	1.300	1.480	180	14
Evreka	3.180	3.620	440	14
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	2.300	2.620	320	14
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	3.000	3.300	300	10
Skóli Ísaks Jónssonar	4.500	–	–4.500	.
Til Cornell- og Manitobaháskóla	120	140	20	17
Söfn, styrkir	1.565	1.730	165	11
Tónlistarsaga Íslands	1.380	1.530	150	11
Ýmis framlög	8.050	8.890	840	10
Kvenfélagasamband Íslands	1.000	1.110	110	11
Iðnsaga Íslands	2.760	4.550	1.790	65
Útflutnings- og markaðsskólinn	2.880	–	–2.880	.
Útvarpsréttarnefnd	810	920	110	14
Félög, styrkir	500	570	70	14
Sögusafn alþýðu	–	750	750	.
Safnastofnun Austurlands	3.700	3.500	–200	–5
Skriðuklaustur	–	4.000	4.000	.
Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður	–	4.500	4.500	.
Samtals	38.945	44.920	5.975	15

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytis breytast milli ára eins og hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	199.102	265.641	66.539	33
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	162.040	158.800	–3.240	–2
Sendiráð	197.789	251.806	54.017	27
Alþjóðastofnanir og þróunarmál	123.130	173.450	50.320	41
Ýmis utanríkismál	390	550	160	41
Samtals	682.451	850.247	167.796	25

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofuráðuneytisins nemur alls 190.039 þús. kr. Þar af er framlag til yfirstjórnar 101.780 þús. kr. og hækkar það um 26% frá fjárlögum 1988. Auk þess er gert ráð fyrir 1.500 þús. kr. framlagi til tölvuvæðingar. Í töflu hér á eftir er gerð nánari grein fyrir skiptingu framlags til aðalskrifstofu eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	80.841	101.780	20.939	26
Kjörræðismenn	740	870	130	18
Samningar við erlend ríki	1.140	1.310	170	15
Alþjóðaráðstefnur	13.860	15.070	1.210	9
Upplýsinga- og kynningarráðstefnur	3.780	4.600	820	22
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	1.260	480	-780	-62
Viðskiptaskrifstofa	19.703	51.329	31.626	161
Útflutningsráð Íslands	11.500	13.100	1.600	14
Tölvubúnaður	700	1.500	800	114
Samtals	133.524	190.039	56.515	42

Framlag til annarra gjalda yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar verulega milli ára. Er skýringa að leita í því að verkefni og umfang starfseminnar hefur aukist. Framlag til landkynningarkvikmynda og myndbanda lækkar talsvert milli ára. Undir aðalskrifstofu fellur rekstur viðskiptaskrifstofu. Er þetta í annað sinn sem rekstur hennar er áætlaður með þessu ráðuneyti. Áætlað er fyrir sex föstum stöðum og einni tímabundinni sem er einni stöðu fleira en í gildandi fjárlögum. Framlag vegna annarra gjalda hækkar verulega frá því sem er í fjárlögum 1988. Er það vegna aukinnar áherslu á samskipti Íslands við lönd Efnahagsbandalagsins og vegna formennsku Íslands í EFTA á árinu 1989. Þetta leiðir af sér mikinn kostnaðarauka sem færður er hér í stað þess að ætla fyrir honum hjá þeim ráðuneytum sem taka þátt í starfi þessu.

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlög til rekstrarvarnarmálaskrifstofu nema alls 29.085 þús. kr. og hækka um 10% frá gildandi fjárlögum. Launaáætlun byggist á óbreyttum starfsmannafjölda, níu stöðugildum. Gjöld hækka lítils háttar vegna hækkunar leigugjalda. Enn fremur lækka sértekjur samanborið við fjárlög 1988. Sértekjur þessar, sem er framlag varnarliðsins vegna viðhalds þjóðvega, er nú fært hjá *Vegagerðinni*. Engin breyting verður á starfsemi *fulltrúa í Brussel* en íslenskur hermálafulltrúi hefur þar aðsetur í höfuðstöðvum NATO.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Útgjöld vegna lögreglustjóraembættisins eru samtals 158.800 þús. kr. Þar af er 1.400 þús. kr. framlag til stofnkostnaðar. Stofnkostnaður er vegna bifreiðakaupa fyrir tollgæsluna, fjarskiptabúnaðar og bifreiðakaupa fyrir ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli og tölvukaupa fyrir lögreglustjóraembættið, en það sinnir umfangsmikilli innheimtu fyrir ríkissjóð. Til rekstrar eru áætlaðar 157.400 þús. kr. og er það nánast óbreytt fjárhæð frá því sem er í fjárlögum 1988. Stöðugildi embættisins eru óbreytt frá því sem er í fjárlögum 1988, 86 starfsmenn á föstum launum og sex ráðnir tímabundið. Ákveðið hefur verið að gera átak til hagræðingar í starfsemi embættisins með endurskoðun á starfsþáttum og skipulagi verkefna, m.a. með tilliti til samvinnu við löggæslu og tollgæslu í Keflavík. Í tillögunum er gert ráð fyrir að með hagræðingu verði unnt að lækka tilkostnað um 10.000 þús. kr. Framlög til einstakra viðfangsefna skiptast eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	12.953	13.964	1.011	8
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	60.336	67.079	6.743	11
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	76.970	74.784	-2.186	-3
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	1.381	1.573	192	14
Stofnkostnaður	2.400	1.400	-1.000	-42
Samtals	162.040	158.800	-3.240	-2

301–313 Sendiráð Íslands erlendis

Framlag til reksturs sendiráða Íslands erlendis verður samtals 239.606 þús. kr. Hækkar það um 52.017 þús. kr. frá gildandi fjárlögum eða um 28%. Til viðhaldsframkvæmda verður varið 7.300 þús. kr. samanborið við 6.100 þús. kr. í fjárlögum 1988. M.a. er áformað að sinna viðhaldi á húsnæði sendiráðs Íslands í Bonn. Stofnkostnaðarframlag er 4.900 þús. kr. og er m.a. til kaupa á bifreið í London og vegna tölvukaupa fyrir þau sendiráð sem enn skortir slíkan búnað. Í fjárlögum 1988 er framlag til stofnkostnaðar 4.100 þús. kr. Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á rekstrarframlagi eftir sendiráðum:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	12.365	15.010	2.645	21
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	14.941	19.595	4.654	31
Sendiráð Íslands í London	15.301	20.859	5.558	36
Sendiráð Íslands í Moskvu	14.737	20.580	5.843	40
Sendiráð Íslands í Ósló	13.511	17.125	3.614	27
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	19.205	24.598	5.393	28
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	10.846	14.180	3.334	31
Sendiráð Íslands í Washington	17.010	22.101	5.091	30
Sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York	22.082	28.638	6.556	30
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	11.213	13.377	2.164	19
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	17.029	20.674	3.645	21
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og hjá EFTA í Genf	19.349	22.869	3.520	18
Samtals	187.589	239.606	52.017	28

Starfsmannafjöldi í sendiráðum Íslands erlendis er óbreyttur. Mestur hluti tilkostnaðar við sendiráðin fellur til í mynt viðkomandi lands. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar samkvæmt gengisskráningu 29. september 1988. Mismunandi hreyfingar á gengi helstu mynta valda því að breytingar eru mismiklar á framlagi til einstakra sendiráða samanborið við fjárlög 1988. Einnig hefur verið tekið tillit til verðbólgu í viðkomandi löndum. Samtals hækka heildarframlög um 50.977 þús. kr., þar af vegna gengis-, launa- og verðlagsþróunar um 48.444 þús. kr. Helstu breytingar frá fjárlögum 1988 eru eftirfarandi: Húsaleiga hækkar hjá fastanefndinni í New York og hjá

sendiráðunum í Brussel, Bonn og París. Hækkun verður á rekstrarkostnaði skrifstofu í Kaupmannahöfn, London, Moskvu og Stokkhólmi. Laun staðarráðinna starfsmanna í sendiráðum Íslands í Bonn, París, Moskvu og Stokkhólmi hækka lítilsháttar. Einnig verður tímabundin hækkun á framlagi til rekstrar sendiráðsins í Brussel vegna formennsku Íslands í EFTA á árinu 1989.

390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Þessi fjárlagaliður breytist frá því sem var í fjárlögum 1988. Ákveðið var að öll þau viðfangsefni, sem flokka mætti sem þróunarmál og alþjóðlega hjálparstarfsemi, skyldu vera undir sama liðnum á fjárlögum. *Þróunarsamvinnustofnun* Íslands var ein undir þessum fjárlagalið áður. Við bætist *Háskóli Sameinuðu þjóðanna*, sem var undir *03–399 Ýmis utanríkismál*, og nokkrir liðir sem áður voru undir *03–401 Alþjóðastofnanir*. Helstu breytingar, sem verða á einstökum viðfangsefnum, eru að framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* er 60.000 þús. kr. en var 40.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Til viðfangsefnisins 1.12 *Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP* er veitt 10.760 þús. kr., var 6.900 þús. kr. í fjárlögum 1988, til 1.13 *Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF* er veitt 1.550 þús. kr., var 920 þús. kr. í fjárlögum 1988 og til 1.15 *Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR* er veitt 1.690 þús. kr. en var 1.300 þús. kr. í fjárlögum 1988. Allar ofangreindar upphæðir eru ákveðnar í íslenskum krónum. Framlag til *Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO* hækkar úr 79.700 bandaríkjadölum í 89.000 dali.

399 Ýmis utanríkismál

Framlög til ýmissa utanríkismála nema 550 þús. kr. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* færist nú undir fjárlagaliðinn *Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi*. Framlög til *Lögbergs-Heimskringlu* og *Samskipta við Vestur-Íslendinga* eru miðuð við kanadíska dali og því er hækkun á þeim liðum í samræmi við breytingu á gengi þeirrar myntar. Styrkur til *Lögbergs-Heimskringlu* er miðaður við 8.000 kanadíska dali en framlag til *Samskipta við Vestur-Íslendinga* er um 5.600 kanadískir dalir. Breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Lögberg-Heimskringla	230	320	90	39
Samskipti við Vestur-Íslendinga	160	230	70	44
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	10.300	–	-10.300	.
Samtals	10.690	550	-10.140	13

401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana nema 80.640 þús. kr. Eins og að framan greinir færast tíu viðfangsefni af þessum fjárlagalið á *390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi*. Bætt er við nýju viðfangsefni sem er *Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa*. Framlögum á þessum lið má skipta í tvennt eftir því hvort um skyldugreiðslur er að ræða eða svokölluð frjáls framlög. Með aðild að ýmsum alþjóðastofnunum og samningum hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði viðkomandi stofnunar. Ekki er hægt að komast hjá slíkum greiðslum nema íslenska ríkið taki aðild sína að stofnuninni til

endurskoðunar. Frjáls framlög fara hins vegar eftir ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis. Flest framlögin eru ákveðin í erlendri mynt og í frumvarpinu eru þau miðuð við gengisskráningu 29. september 1988. Sérstakar hækkanir eru vegna eftirfarandi verkefna: *Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin*, framlag hækkar úr 74.000 bandaríkjadölum í 96.435 dali, framlag til *Alþjóðavinnumálastofnunarinnar* hækkar úr 38.500 bandaríkjadölum í 50.000 dali, *Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO*, framlag hækkar úr 51.000 bandaríkjadölum í 76.520 dali. Framlag til *Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA* hækkar framlag úr 40.000 bandaríkjadölum í 63.785 dali. Til viðfangsefnisins *1.52. Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa* verður varið 36.000 bandaríkjadölum. Aðrar breytingar eru óverulegar eða engar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	69.305	75.653	6.348	9
Búnaðarmál	2.215.381	2.551.470	336.089	15
Skólar	132.337	150.980	18.643	14
Samtals	2.417.023	2.778.103	361.080	15

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingum á framlögum til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1989 verður 44.943 þús. kr. sem er 19% hækkun frá fjárlögum 1988. Launagjöld hækka um 12% og verða 23.263 þús. kr. Launagjöld hækka um 600 þús. kr. vegna aukinnar áherslu á fiskeldisráðgjöf. Hjá *aðalskrifstofunni* eru eftir sem áður starfsmenn í 11,5 stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 31% og verða 21.690 þús. kr. Þessi hækkun stafar m.a. af því að kostnaður af húsnæðinu að Rauðarárstíg 25 og sameiginlegum rekstri þess er verulega meiri en talið var í fjárlögum 1988.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag verður 15.700 þús. kr. Framlag þetta er ætlað til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að kosta hlut ríkissjóðs við framkvæmdir á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður

Veittar eru 15.000 þús. kr. til sjóðsins á árinu 1989. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum, sbr. lög nr. 65/1976, jarðalög. Sjóðnum er m.a. heimilt að kaupa jarðir sem eru óhagstæðar til búskapar, eru afskekktar og liggja illa við samgöngum, eða jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur.

201 Búnaðarfélag Íslands

Í tengslum við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir að endurskoðun færi fram á starfsemi *Búnaðarfélagasins*. Skipuð var nefnd sem unnið hefur að þessu verkefni en hún hefur ekki lokið störfum. Framlag til Búnaðarfélagsins nemur alls 63.800 þús. kr. en nam 61.291 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sú breyting hefur þó verið gerð að nú er framlag til *Búnaðarfélagsins* í formi tilfærslna til atvinnuveganna en var áður sundurliðuð rekstrargjöld á nokkur viðfangsefni. Er þetta gert til samræmis við önnur framlög til atvinnuvega og framsetningu í þjóðhagsreikningum.

205 Veiðistjóri

Sama gildir um framlög til *Veiðistjóra* og framlög til Búnaðarfélagsins. Þau eru í formi tilfærslna til atvinnuveganna. Miðað er við óbreytta starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1988 auk þess sem gert er ráð fyrir greiðslu fyrir eyðingu refa og minka.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Framlag til stofnunarinnar er nú fært sem tilfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega í samræmi við þá stefnu að gera rannsóknastofnanir sjálfstæðari. Fjárveiting hækkar úr 94.578 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 103.040 þús. kr. eða um 9%. Áætlunin er miðuð við svipað umfang á starfseminni og verið hefur. Framsetning frá fjárlögum 1988 er hins vegar talsvert breytt. Til viðfangsefnisins *aðalstöðvar* eru veittar 81.390 þús. kr., en á þetta viðfangsefni færast tilfærslur til reksturs yfirstjórnar og rannsóknasviðs. Í fjárlögum 1988 voru veittar samtals 69.077 þús. kr. til þessara viðfangsefna þannig að framlag hækkar um 18%. Til viðfangsefnisins *tilraunastöðin Sámsstöðum* eru ætlaðar 5.250 þús. kr., sem er um 38% hækkun frá fjárlögum 1988. Skýrist hækkunin af því að framlag til viðhalds og framlag til tækjakaupa vegna fræræktar færast nú sem hluti af tilfærslu vegna rekstrar tilraunabúsins. Í gildandi fjárlögum er aftur á móti ætlað fé til þessara þarfa á sérstökum viðfangsefnum. Til viðfangsefnisins *tilraunastöðvar, óskipt* eru áætlaðar 9.000 þús. kr. sem er 13% hækkun frá fjárlögum 1988. Einn starfsmaður flyst frá tilraunastöðinni að Korpu á *aðalstöðvar* stofnunarinnar. Til *tilraunastöðva, óskipt* teljast því eftirfarandi stöðvar: Stóra-Ármót, Hestur, Reykhólar, Möðruvellir og Skriðuklaustur. Til tækjakaupa eru veittar 5.700 þús. kr. og færist fjárhæðin á viðfangsefnið *aðalstöðvar, tækjakaup*. Af þessari fjárhæð eru 700 þús. kr. til yfirstjórnar en afgangurinn til ýmissa tækjakaupa vegna rannsókna, m.a til fiskeldisrannsókna og þróunar á vinnslu lambakjöts. Til stofnkostnaðar *fjósbyggingar á Möðruvöllum* eru áætlað að verja 1.700 þús. kr. Er fjárhæðin ætluð til afborgana af lánum auk lokafrágangs á tilraunafjósinu.

231 Skógrækt ríkisins

Á árinu 1987 komu til framkvæmda skipulagsbreytingar hjá Skógrækt ríkisins. Nokkrar rekstrareiningar stofnunarinnar voru sameinaðar. Gengið var út frá að fastar stöður yrðu 24 og hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað þann fjölda. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 80.785 þús. kr. sem er 24% hækkun frá fjárlögum 1988. Nýtt viðfangsefni bætist við og er það *Tilraunir með ræktun iðnviðar* og er framlag til þess 1.200 þús. kr. Framlög til Skógræktar ríkisins skv. fjárlögum 1988 og skv. frumvarpi þessu eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Almennur rekstur	89.448	103.305	13.857	15
Tilraunir með rótarskóga	170	190	20	12
Nytjaskógar	5.880	10.500	4.620	79
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	2.990	3.410	420	14
Tilraunir með ræktun iðnviðar	–	1.200	1.200	.
Skógrækt einstaklinga, styrkir	1.310	1.490	180	14
Viðhald	2.500	2.800	300	12
Stofnkostnaður	7.200	8.000	800	11
Samtals	109.498	130.895	21.397	20
Sértekjur	-44.540	-50.110	-5.570	13
Fjárveiting	64.958	80.785	15.827	24

Launaliður á viðfangsefninu *almennur rekstur* nemur alls 61.355 þús. kr. Eru það laun 24 fastráðinna starfsmanna og laun lausráðins starfsfólks við skógræktarstörf. Meðal annarra gjalda á viðfangsefninu eru áætlaðar 200 þús. kr. til athugana og úrvinnslu gagna um vöxt trjáa víðsvegar um landið. Að þessu verkefni hefur verið unnið undanfarin ár en niðurstöður þessara athugana skipta miklu um tegundarval trjáa til skógræktar. Framlag til viðhalds nemur alls 2.800 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar nemur alls 8.000 þús. kr. Sértekjur eru alls áætlaðar 50.110 þús. kr. en það er hækkun um 12% frá fjárlögum 1988. Samkvæmt þessari áætlun nema þær 38% heildargjalda.

235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til almennrar landgræðslu er nú 58.755 þús. kr. sem er 34% hækkun frá fjárlögum 1988. Gert er ráð fyrir að *búrekstur* skili 2.497 þús. kr. til Landgræðslunnar. Til viðhalds fasteigna í Gunnarsholti, girðinga og til skoðunar flugvéla eru ætlaðar 3.200 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag er ekkert.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag hækkar um 40% og verður alls 339.875 þús. kr. Hækkunin skýrist af auknum niðurskurði vegna riðuveiki og hringskyrfi. Haustið 1987 voru rúmlega 25.000 fjár skorið niður vegna riðu og haustið 1988 er áformað að skera niður rúmlega 28.000 fjár. Á fjárlagaárinu 1989 eru greiddar förgunarbætur vegna riðuniðurskurðar 1988 og afurðatjónsbætur vegna niðurskurðar 1987 og 1988. Einnig verða þá greiddar förgunarbætur og afurðatjónsbætur vegna niðurskurðar á fé sýktu af hringskyrfi, sótthreinsun vegna riðuniðurskurðar, bætur vegna svokallaðra línubrjóta og verkstjórnar við riðuniðurskurð. Til varnargirðinga eru ætlaðar 3.700 þús. kr.

246 Veiðimálastofnunin

Framlag til *Veiðimálastofnunarinnar* er 26.010 þús. kr. en var 23.750 þús. kr. í fjárlögum 1988. Framlag til *Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði* lækkar milli ára. Það verður 1.000 þús. kr. en var 11.240 þús. kr. í fjárlögum 1988. Með þessu er stefnt að því að þessi rekstur standi undir sér fjárhagslega.

247 Yfirdýralæknir

Heildarframlag til embættisins nemur 44.687 þús. kr. sem er 7% hækkun frá fjárlögum 1988. Í lögum nr. 69/1982 er kveðið á um að héraðsdýralæknar skuli vera alls 31.

Gengið er útfrá að 28 stöður héraðsdýralæknar séu setnar. Auk þess er eitt stöðugildi dýralæknis í fisksjúkdómum, eitt stöðugildi verkefnaráðins dýralæknis vegna loðdýraræktar og síðan yfirdýralæknir. Alls 31 stöðugildi.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar er 67.800 þús. kr. samanborið við 83.621 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sú breyting er gerð að tvö viðfangsefni í fjárlögum 1988 falla niður en það eru sjóvarnargarðar og fyrirhleðslur. Alþingi mun að venju fjalla sérstaklega um þessa liði frumvarpsins. Var þetta eins í fjárlagafrumvarpi 1988. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárins til einstakra verkefna:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	4.749	4.600	-149	-3
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	10.952	11.400	448	4
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla	48.008	49.000	992	2
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	2.736	2.800	64	2
Fyrirhleðslur	14.576	-	14.576	.
Sjóvarnargarðar	2.600	-	-2.600	.
Samtals	83.621	67.800	-15.821	-19

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Ekki er ætlað fyrir fjárveitingu til hinnar almennu starfsemi stofnlánadeildarinnar í þessu frumvarpi. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimildar til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar. Framlag ríkissjóðs er nú 38.830 þús. kr. til deildarinnar og skal það renna óskipt til Lífeyrissjóðs bænda. Samkvæmt 19. gr laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, skal ríkissjóður greiða 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5% af tilteknum lífeyrisgreiðslum til bænda. Gildistími þessa var til ársloka 1985 en var framlengdur til ársloka 1989 samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1985, um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.

288 Jarðræktarlög, framlög

Ákveðið hefur verið að endurskoða jarðræktarframlög í því skyni að takmarka útgjöld ríkisins til nýframkvæmda á sviði hefðbundins búskapar. Fjárveiting nemur 122.714 þús. kr. en var 171.258 þús. Fjárveiting til viðfangsefnisins *ráðunautar* er 22.714 þús. kr. en var 21.258 þús. kr. í fjárlögum 1988. Af þessum lið er gert ráð fyrir að greiða 65% af launum héraðsráðunauta í 38,5 stöðugildum eða sem samsvarar 25 stöðum. Viðfangsefnið *jarðræktarframlög o.fl.* verður 100.000 þús. kr. en var 141.000 þús. kr í fjárlögum 1988.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Nafnbreyting verður á þessum fjárlagalið. Hann hét áður *jöfnunargjald* og undir hann féll *endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds*. Tilefni nafnbreytingarinnar er að bæst hefur við nýtt viðfangsefni *endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt*. Fjárveiting á þessum fjárlagalið er 453.080 þús. kr. og skiptist þannig milli viðfangsefnanna að til *endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds* er ætlað 383.080 þús. kr. Framlag þetta er ætlað til að greiða niður áhrif söluskattsálagningar á nautakjöt, svínakjöt, kjúklinga og egg. Einnig er til 1. apríl 1989 gert ráð fyrir viðbótarniðurgreiðslu á nautakjöti til að vega á

móti hækkun á verðlagsgrundvelli. Fjárframlag til þessarar viðbótarniðurgreiðslna er 21.395 þús. kr. Til *endurgreiðslu söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt* er ætlað 70.000 þús. kr. Er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðstoð við þessar atvinnugreinar.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 29/1987, um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1987—1992 skuli varið úr ríkissjóði fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Allt að 5% skuli varið til greiðslu útflutningsbóta og 4% af heildarverðmætinu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Á árinu 1989 verður framlag ríkissjóðs 1.100.000 þús. kr. sem skiptist þannig að til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir verður varið 610.000 þús. kr. og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verður varið 490.000 þús. kr.

291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag nemur nú 18.627 þús. kr. og er eingöngu vegna launa 34 frjótækna. Greitt er 65% af launum frjótækna úr ríkissjóði. Tilfærslur, þ.e. ýmsir styrkir og verðlaun vegna búfjárræktar sem eru 9.000 þús. kr. skv. fjárlögum 1988, falla niður.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Framlag nemur 7.270 þús. kr. en er 10.780 þús. kr. í fjárlögum 1988. Framlag til stóðhestastöðvar sem var undir viðfangsefninu *ýmis verkefni*, fellur niður enda gert ráð fyrir að sú starfsemi standi undir sér. Framlag til svokallaðs Gunnarshúss á Skriðuklaustri fellur niður sem sérstakur kostnaðarliður hjá landbúnaðarráðuneytinu. Eðlilegt þótti að fé til endurbóta og fegrunar að Skriðuklaustri yrði veitt undir merkjum menntamálaráðuneytisins.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Heildarframlag til skólans nemur 67.903 þús. kr. en er 57.033 þús. kr. í fjárlögum 1988. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi á árinu 1989. Til viðhalds fasteigna er veitt 3.800 þús. kr. sem er sama upphæð og í fjárlögum 1988. Til stofnkostnaðar er annars vegar veitt 8.500 þús. kr. í *fasteignir og lóðir*. Hins vegar er veitt 4.000 þús. kr. til ýmissa eignakaupa vegna 100 ára afmælis skólans 1989.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans er nú 46.386 þús. kr. en var 42.881 þús. kr. í fjárlögum 1988 og hækkar því um 8%. Rekstrargjöld skólans eru áætluð 49.026 þús. kr. á árinu 1989. Launaáætlun miðast við óbreyttan starfsmannafjölda með þeirri undantekningu að gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu skrifstofumanns. Haldið er áfram að vinna að viðhaldi mannvirkja skólans. Framlag til þeirra þarfa nemur 6.000 þús. kr. Til kaupa á vélum og tækjum er veitt 900 þús. kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Gert er ráð fyrir að verja 36.691 þús. kr. til skólans á árinu 1989. Í fjárlögum 1988 eru honum ætlaðar 32.423 þús. kr. Hækkun er því 13%. Hækkun framlags skýrist af því að ný námsbraut, svokölluð umhverfisbraut, tekur til starfa á árinu 1989. Vegna hennar er gert ráð fyrir tveimur tímabundnum stöðugildum leiðbeinenda auk hækkunar annarra gjalda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	60.644	50.987	-9.657	-16
Útvegsmál	1.401.154	1.533.792	132.638	9
Annað	41.245	47.409	6.164	15
Samtals	1.503.043	1.632.188	129.145	9

Engir markaðir tekjustofnar renna til verkefna á sviði sjávarútvegsráðuneytis.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytis lækkar úr 60.644 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 50.987 þús. kr. eða um 16%. Framlag til reksturs aðalskrifstofu verður 48.987 þús. kr. og hækkar um 13%. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins verða 16 og er það óbreytt frá fjárlögum. Í fjárlögum 1988 eru veittar 17.100 þús. kr. til endurbóta á húsnæði því sem ráðuneytið er nú flutt í að Skúlagötu 4. Þeim endurbótum er nú að mestu lokið, en nú er varið 2.000 þús. kr. til kaupa á húsgögnum. Er hér að finna skýringu á lækkun heildarframlags til aðalskrifstofu í frumvarpi miðað við fjárlög.

201 Fiskifélag Íslands

Framlag til Fiskifélags Íslands verður 37.920 þús. kr. á árinu 1989 sem er 360 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1988. Sú breyting er gerð að framlagið færist nú í heild sinni sem tilfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega. Áformað er að draga úr starfsemi stofnunarinnar í áföngum.

202 Hafrannsóknastofnunin

Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar úr 275.931 þús. kr. á árinu 1988 í 343.185 þús. kr. eða um 25%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 19% frá fjárlögum og verða alls 183.145 þús. kr. Starfsmannahald er miðað við svipað umfang og í gildandi fjárlögum og verða föst stöðugildi 58. Einnig er áætlað fyrir sem svarar 12,2 ársverkum til að sinna sérstökum verkefnum og er það tveimur ársverkum meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum 1988. Þessi tvö ársverk eru vegna *lúðueldis á Reykjanesi*. Þrjátíu og þrjú stöðugildi eru ætluð áhöfnum skipa og er það óbreytt. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 13% frá fjárlögum 1988 og verða 150.200 þús. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1988 og frumvarpi fyrir 1989:

	Fjárlög 1988 Stöður	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn og rannsóknir				
Yfirstjórn	6,5	34.243	39.472	15
Rannsóknasvið	41,5	67.963	76.336	12
Raftæknideild	2,6	6.533	7.020	7
Tímabundin verkefni	9,6	13.551	15.294	13
Útibú samtals	5,0	10.367	12.282	18
Alls	65,2	132.657	150.404	13
Sérstök verkefni				
Hvalarannsóknir	–	23.950	25.600	7
Lúðueldi á Reykjanesi	2,0	2.680	8.219	207
Alþjóðlegt samstarfsverkefni	–	4.200	4.950	18
Aflaskýrslur	–		1.150	
Alls	2,0	30.830	39.919	29
Útgerð				
Bjarni Sæmundsson	14,0	37.508	43.576	16
Árni Friðriksson	13,0	31.673	36.715	16
Dröfn	6,0	18.434	21.502	17
Veiðarfærakostnaður	1,0	12.089	13.689	13
Annar skiparekstur	–	23.690	27.540	16
Alls	34,0	123.394	143.022	16
Annað				
Viðhald		20.200	25.700	27
Stofnkostnaður		14.300	35.900	151
Alls	–	34.500	61.600	79
Samtals	101,2	321.381	394.945	23
Sértekjur		-45.450	-51.760	14
Fjárveiting		275.931	343.185	24

Litlar breytingar eru á starfseminni frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar, r/s Bjarna Sæmundssyni, r/s Árna riðrikssyni og r/s Dröfn. Er það óbreytt frá fjárlögum. Undir viðfangsefninu *annar skiparekstur* kemur fram kostnaður við togaraverkefnið svokallaða og er hann áætlaður 27.540 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 14% og verða 51.760 þús. kr. Stærstur hluti þeirra er vegna leigutekna af r/s Hafþóri og af hvalarannsóknum. Til viðhalds á skipum, tækjum og fasteignum eru veittar 25.700 þús. kr. samanborið við 20.200 þús. kr. í fjárlögum 1988. Til stofnkostnaðar eru nú veittar 35.900 þús. kr. en 14.300 þús. kr. á árinu 1988. Haldið er áfram á þeirri braut að efla viðhald og endurnýja tækjakost skipanna eins og undanfarin ár. Gerð hefur verið áætlun um verulegar endurbætur á r/s Árna Friðrikssyni og er ætlunin að ljúka því verkefni á tveimur árum. Kostnaður við það verkefni er áætlaður um 53.000 þús. kr. Af þeim 35.900 þús. kr., sem ætlaðar eru til stofnkostnaðarverkefna, eru 25.000 þús. kr. vegna þessa verkefnis. Framlagið er ætlað til uppsetningar á nýju spili og nýrri ljósavél í skipið ásamt með undirbúningi að því að byggja yfir þilfar þess. Ætlunin er að ljúka við yfirbygginguna árið 1990.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ein þeirra þriggja rannsóknastofnana sem stefnt var að að breyta í átt til aukins sjálfstæðis með ríkari aðild hlutaðeigandi atvinnugreina. Er það mál nú í höndum sjávarútvegsráðuneytisins. Framlag til stofnunarinnar verður 69.740 þús. kr. og hækkar um 14% frá fjárlögum 1988. Framlagið er miðað við svipuð umsvif og verið hafa og verða stöðugildi hjá stofnuninni alls 40 eins og er í fjárlögum 1988. Til tækjakaupa eru áætlaðar 10.100 þús. kr.

216 Ríkismat sjávarafurða

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 53.746 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 58.265 þús. kr. eða um 8%. Launagjöld hækka um 6% og verða 43.085 þús. kr. Fjöldi fastra stöðugilda verður óbreyttur frá fjárlögum 1988 eða 34,25. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 19% og verða 33.800 þús. kr. Sértekjur hækka um 24% frá fjárlögum og verða 19.420 þús. kr. Framlag til tækjakaupa verður 800 þús. kr., en er 650 þús. kr. í fjárlögum. Fjárveiting þessi er ætluð til kaupa á bifreiðum vegna endurnýjunar á bifreiðakosti stofnunarinnar.

221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Fjárveiting til Verðlagsráðs sjávarútvegsins hækkar úr 4.603 þús. kr. í fjárlögum í 4.979 þús. kr. eða um 8%.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Framlag til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi verður 937.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og veitt er samkvæmt fjárlögum 1988 og lögum nr. 10/1988

290 Veiðieftirlit

Fjárveiting til veiðieftirlitsins nemur39.783 þús. kr. samanborið við 30.379 þús. kr. á árinu 1988. Hækkar því framlagið um 31%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 23% og verða 27.863 þús. kr. Föstum stöðugildum fjölgar um eitt og verða þau fimmtán. Einnig er gert ráð fyrir tveim nýjum stöðugildum vegna lausráðinna starfsmanna og verða því starfsmenn samtals sautján. Önnur gjöld verða 11.920 þús. kr. og hækka um 54%. Er ætlunin að verja 2.000 þús. kr. til tilrauna með veiðieftirlit úr þyrlu í samvinnu við Landhelgisgæsluna. Ástæður fyrir auknum umsvifum stofnunarinnar er einkum þær að ný lög um fiskveiðistjórn fela í sér að nú þarf að hafa eftirlit með miklu fleiri fiskiskipum og bátum en áður hefur verið.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Þessi fjárlagaliður er ætlaður til greiðslu á kostnaði við ýmis verkefni á sviði sjávarútvegs. Í frumvarpi eru veittar 6.380 þús. kr. til þessara verkefna en fjárveiting 1988 nemur 5.750 þús. kr. Framlag hækkar því um 11%.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Fjárveiting til þessa liðar er samtals 38.085 þús. kr. í fjárlögum 1988, en framlag á árinu 1989 verður 36.540 þús. kr. og lækkar um 4%. Fjárveiting til viðfangsefnisins *Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur* verður 2.600 þús. kr. og lækkar því um 6.955 þús. kr. frá fjárlögum. Ætlunin er Hafrannsóknastofnun nýti þetta fé til að standa straum af þeim aukakostnaði sem stofnunin verður fyrir í kjölfar þess að starfsemi sjóvinnu- og rannsóknabátsins Mímis verður lögð niður. Fjárveiting til viðfangsefnisins *stjórn fiskveiða* hækkar úr 5.180 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 7.970 þús.

kr. eða um 54%. Stafar hækkunin af auknum umsvifum vegna fiskveiðistjórnar í ljósi nýrra laga þar að lútandi. Að öðru leyti er um litlar efnisbreytingar frá fjárlögum að ræða, nema gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 1.800 þús. kr. af *námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk*. Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1988 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna í frumvarpinu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- rannsóknabátur	9.555	2.600	-6.955	-73
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	220	240	20	9
Stjórn fiskveiða	5.180	7.970	2.790	54
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	23.130	25.730	2.600	11
Samtals	38.085	36.540	-1.545	-4

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hækkar úr 41.245 þús. kr. í fjárlögum í 47.409 þús. kr. í frumvarpi. Nemur hækkunin fimmtán af hundraði. Ekki eru efnislegar breytingar frá fjárlögum 1988, hvorki að því er varðar rekstur, viðhald né eignakaup. Stöðuheimildir eru 16,4 svo sem verið hefur og framlag til viðhalds svipað að raungildi og í fjárlögum 1988 eða 4.400 þús. kr. Þessi fjárveiting er ætluð til viðhalds á húsum rannsóknastofnananna á Keldnaholti. Til eignakaupa á skrifstofu eru veittar 500 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	61.244	72.510	11.266	18
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	2.772.573	3.044.308	271.735	10
Þjóðkirkjan	285.711	300.396	14.685	5
Samtals	3.119.528	3.417.214	297.686	10

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur nú 64.931 þús. kr. sem er hækkun um 19% frá fjárlögum ársins 1988. Heimiluð stöðugildi eru nú 21,63 samanborið við 23,63 í fjárlögum 1988. Tvö stöðugildi færast frá aðalskrifstofu til nýrrar stofnunar, Fangelsismálastofnunar. Tímabundnum stöðum fjölgar um eina og verða tvær og hálf en heimilað hefur verið að ráða sérfræðing í bifreiðamálum. Önnur rekstrargjöld hækka um 31% frá fjárlögum 1988, úr 15.670 þús. kr. í 20.560 þús. kr. og skýrist hækkunin m.a. af auknum leigukostnaði vegna rýmra húsnæðis. Til *tækja og búnaðar* eru veittar 1.000 þús. kr.

201 Hæstiréttur

Fjárveiting hækkar um 33% frá fjárlögum 1988 eða úr 15.817 þús. kr. í 21.005 þús. kr. Heimilaðar eru fjórar stöður fastráðinna starfsmanna og ráðið er tímabundið í eina stöðu eins og í gildandi fjárlögum. Kostnaður vegna útgáfumála hækkar verulega, sömuleiðis sértekjur. Framlag til *útgáfu Hæstaréttardóma* hækkar um 57%, úr 6.274 þús. kr. í 9.868 þús. kr. Framlag til *ljósprentunar Hæstaréttardóma* er 1.440 þús. kr. samanborið við 1.260 þús. kr. í fjárlögum 1988 og er hækkunin 14%. Til *viðhalds fasteigna* eru veittar 600 þús. kr.

203 Borgardómarinn í Reykjavík

Fjárveiting hækkar um 10% frá fjárlögum ársins 1988 eða úr 44.480 þús. kr. í 48.949 þús. kr. Launagjöld hækka um 5% og verða 38.009 þús. kr. Eins og í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 23 föstum stöðum og tveimur stöðum til tímabundinna verkefna. Önnur rekstrargjöld hækka um 14% og verða 8.570 þús. kr. Til *tækja og húsbúnaðar* eru veittar 2.700 þús. kr. og þar er m.a. gert ráð fyrir húsgagnakaupum, tölvukaupum og endurnýjun segulbandstækja í dómsölum.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Fjárveiting til embættisins nemur alls 632.476 þús. kr. og hækkar um 103.166 þús. kr. eða 19%. Heimiluðum föstum stöðum hefur fækkað um eina við *almenna löggæslu*. Þrjár stöður flytjast á fjárlagalið *209 Lögregluskóli ríkisins* en á móti kemur að við bætast tvö stöðugildi sem færð eru af viðfangsefninu *236–1.21 Löggæsla Seltjarnarnesi*. Launagjöld við *almenna löggæslu* hækka úr 363.929 þús. kr. í 431.115 þús. kr. eða um 18%. Hækkunina má að mestu rekja til aukinnar yfirvinnu. Í áætlun fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að yfirvinna næmi 195.000 klst., en nú er áætlað að hún verði 220.000 klst. á árinu 1989. Er byggt á raunverulegri útkomu fyrri ára við þá áætlun. Lögregluskóli er nú færður sem sérstakur fjárlagaliður og fellur því viðfangsefnið *1.25 Lögregluskóli* niður. Alls eru heimilaðar stöður fastráðinna 276 hjá embættinu. Lausráðið er í 17,1 stöðugildi, þ.e. 12,6 við *almenna löggæslu* og 4,5 í *mötuneyti*. *Útlendingaeftirlit* hækkar um 28% en þar hefur framlag verið endurskoðað með hliðsjón af reikningstölum 1987. Framlög til lögreglunnar í Reykjavík skiptast annars á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur	**546.949**	**648.036**	**101.087**	**18**
1.01 Yfirstjórn	38.342	42.257	3.915	10
1.02 Sími og fjarskipti	5.280	6.060	780	15
1.20 Almenn löggæsla	440.579	525.945	85.366	19
1.21 Eftirlit á vegum	4.450	5.100	650	15
1.22 Fangaklefar	11.254	12.837	1.583	14
1.24 Eftirlit með vínveitingahúsum	2.889	3.280	391	14
1.25 Lögregluskóli	2.714	·	-2.714	·
1.30 Útlendingaeftirlit	8.912	11.409	2.497	28
1.40 Mötuneyti	12.698	17.855	5.157	41
1.60 Aðallögreglustöð	19.831	23.293	3.462	17
Sértekjur	-41.839	-52.960	-11.121	27
Mismunur	505.110	595.076	89.966	18
Viðhald og stofnkostnaður	**24.200**	**37.400**	**13.200**	**55**
5.60 Aðallögreglustöð	1.800	13.500	11.700	650
6.01 Tæki og búnaður	1.100	2.900	1.800	164
6.02 Sími og fjarskipti	9.700	4.100	-5.600	-58
6.25 Kennslutæki	600	-	-600	-
6.60 Aðallögreglustöð	600	3.000	2.400	400
6.80 Bifreiðar	10.400	13.900	3.500	34
Fjárveiting	529.310	632.476	103.166	19

Fjárveiting til meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar nemur alls 37.400 þús. kr. og skiptist svo sem fram kemur í töflu. Til viðhalds á *aðallögreglustöð* (5.60) eru veittar 13.500 þús. kr. en komið hafa fram steypuskemmdir á húsinu. Er hér gert ráð fyrir fyrsta áfanga viðgerðar af þremur. Til síma og fjarskiptabúnaðar eru ætlaðar 4.100 þús. kr. en ný tæki verða sett upp á árinu. Fjárveitingin er ætluð til uppsetningar og til að greiða stofnverð að hluta. Viðfangsefnið *6.25 Kennslutæki* fellur niður en stofnkostnaður lögregluskóla er færður á viðfangsefnið *209-6.01 Lögregluskóli, tæki og búnaður.*

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er 124.849 þús. kr. sem er 10% hærra en í gildandi fjárlögum. Starfsmannaheimildir eru óbreyttar frá fjárlögum 1988 eða 51 staða á föstum launum. Auk þess eru stöður næturvarðar og tveggja matráðskvenna metnar sem 2,5 stöðugildi. Til stofnkostnaðar eru veittar 4.300 þús. kr. og er fjárveitingin ætluð til endurnýjunar tveggja til þriggja bifreiða og til kaupa á skrifstofu- og tölvubúnaði.

209 Lögregluskóli ríkisins

Lögregluskóli ríkisins er nýr fjárlagaliður en kostnaður vegna skólans er í gildandi fjárlögum færður undir viðfangsefnin *206-1.25 Lögregluskóli, 206-6.25 Kennslutæki* og *282-1.40 Kostnaður vegna lögregluskóla.* Framlag til þessara viðfangsefna falla nú niður. Framlag til skólans nemur alls 37.984 þús. kr. Gert er ráð fyrir að nemendur verði rúmlega 80. Áætlað er fyrir sex föstum stöðum, skólastjóra, fjórum og hálfri stöðu kennara og hálfri stöðu ritara. Í raun er um eina nýja stöðu að ræða þar sem

fimm stöður flytjast af öðrum fjárlaganúmerum. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík fækkar um fjórar stöður, þrjár við almenna löggæslu og eina stöðu sem var heimiluð vegna lögregluskólans. Auk þess er færð ein staða frá löggæslu á Siglufirði. Launagjöld *yfirstjórnar* nema alls 9.732 þús. kr. en önnur gjöld 4.300 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Námskostnaður* nemur 20.652 þús. kr. og eru þar færðir dagpeningar og ferðakostnaður nemenda utan af landi. Almennt verður sú regla höfð að embætti sýslumanna og bæjarfógeta greiði launakostnað vegna lögreglunema af eigin fjárveitingu og er gert ráð fyrir að draga verulega úr ráðningum í afleysingar. Í þeim tilfellum þar sem ekki verður komist hjá afleysingu geta embættin sótt um fjárveitingu af þessum lið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en hún miðast við afleysingu í um 50% tilvika. Til stofnkostnaðar eru veittar 3.300 þús. kr. og er þar m.a. gert ráð fyrir húsgagnakaupum, búnaði í kaffistofu, setustofu og bókasafnsherbergi svo og til ýmiss konar tækjakaupa.

211–237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Framlög til rekstrarliða embætta sýslumanna og bæjarfógeta hækka um 171.244 þús. kr. eða 8% og verða 1.142.315 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir lækka um 45.800 þús. kr. og verða 99.700 þús. kr. Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir áætlaðri þróun einstakra gjaldategunda:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	**765.441**	**889.025**	**123.584**	**16**
Yfirstjórn	314.696	356.992	42.296	13
Löggæsla	439.329	518.878	79.549	18
Hreppstjórar	11.416	13.155	1.739	15
Önnur gjöld með eignakaupum:	**227.190**	**272.330**	**45.140**	**20**
Yfirstjórn	102.050	123.180	21.130	21
Löggæsla	123.970	147.690	23.720	19
Hreppstjórar	1.170	1.460	290	25
Frá dragast sértekjur	**–21.560**	**–19.040**	**2.520**	**–12**
Rekstrarviðfangsefni alls	**971.071**	**1.142.315**	**171.244**	**18**
Viðhaldsverkefni alls	**8.600**	**10.500**	**1.900**	**22**
Stofnkostnaðarverkefni alls	**136.900**	**89.200**	**–47.700**	**–35**
Samtals	1.116.571	1.242.015	125.444	11

Eins og fram kemur í töflunni hér á undan hækkar launaliður um 16%. Önnur gjöld, að eignakaupum meðtöldum, hækka um 20%. Eftirfarandi tafla sýnir þann fjölda fastra stöðugilda hjá hverju embætti sem ráðninganefnd ríkisins hefur samþykkt.

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla
212 Akranes	8,75	11,00
213 Borgarnes	7,50	5,00
214 Stykkishólmur	8,50	9,00
215 Búðardalur	3,00	0,50
216 Patreksfjörður	6,00	4,00
217 Bolungarvík	3,00	2,00
218 Ísafjörður	11,00	12,00
219 Hólmavík	3,00	–
221 Blönduós	7,50	4,00
222 Sauðárkrókur	8,00	7,00
223 Siglufjörður	5,00	5,00
224 Ólafsfjörður	2,50	2,00
225 Akureyri	28,50	32,00
226 Húsavík	11,00	8,00
227 Seyðisfjörður	7,25	3,00
228 Neskaupstaður	4,00	2,00
229 Eskifjörður	8,50	6,00
230 Höfn í Hornafirði	4,50	3,00
231 Vík í Mýrdal	3,00	1,00
232 Hvolsvöllur	6,00	4,00
233 Vestmannaeyjar	9,00	10,00
234 Selfoss	16,00	20,00
235 Keflavík	23,00	31,00
236 Hafnarfjörður	32,50	37,00
237 Kópavogur	23,00	24,00
Samtals	250,00	244,50

Á Siglufirði hefur heimiluðum stöðum í löggæslu verið fækkað um eina. Auk föstu stöðugildanna eru fyrir hendi heimildir til lausráðningar hjá fáeinum embættum. Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjölgun á stöðum en ráðninganefnd ríkisins hefur ekki staðfest þessar stöður sem fastar:

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla
218 Ísafjörður	0,5	–
219 Hólmavík	–	0,5
225 Akureyri	–	1,0
227 Seyðisfjörður	0,5	0,25
229 Eskifjörður	0,5	–
233 Vestmannaeyjar	1,0	–
234 Selfoss	0,5	–
235 Keflavík	–	1,0
236 Hafnarfjörður	4,0	2,0
237 Kópavogur	1,0	–
Samtals	8,00	4,75

Eins og töflurnar bera með sér er gert ráð fyrir að fastar stöður verði alls 507,25 sem skiptast þannig að undir yfirstjórn embættanna verða 258,0 stöðugildi en hjá löggæslu verða þau 249,25.

Viðhaldsviðfangsefni. Áætlað er fyrir viðhaldi hjá embættunum sameiginlega undir fjárlagaliðnum *06–211–5.50 Fasteignir* og er fjárveiting 10.500 þús. kr. Fjárveitingu

þessa liðar ráðstafar dómsmálaráðuneytið eftir þörfum og þykir það fyrirkomulag hafa gefist vel.

Stofnkostnaðarviðfangsefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Fjárl.nr.	Viðfangsefni	þús. kr.
211–6.01	Tæki og búnaður	14.000
212–6.10	Akranes, lögreglustöð	7.500
215–6.50	Búðardalur, stjórnsýsluhús	600
216–6.10	Patreksfjörður, viðbygging	5.700
222–6.10	Sauðárkrókur, nýbygging	9.200
223–6.10	Siglufjörður, skrifstofuhúsnæði	19.100
226–6.01	Húsavík, skrifstofa og lögreglustöð	2.700
228–6.20	Neskaupstaður, lögreglustöð	1.300
229–6.21	Egilsstaðir, lögreglustöð	1.000
231–6.02	Vík, innréttingar í skrifstofu	1.000
234–6.20	Selfoss, lögreglustöð	11.000
235–6.01	Keflavík, skrifstofuhúsnæði	7.500
235–6.21	Grindavík, lögreglustöð	3.000
236–6.01	Hafnarfjörður, fasteign	3.600
237–6.10	Kópavogur, fasteign og búnaður	2.500
	Samtals	89.700

Fjárveitingu á liðnum 211–6.10 er ætlað að standa undir kaupum á tækjum og skrifstofubúnaði til embættanna og er ráðstöfun þess fjár stjórnað af dómsmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að stærstur hluti framlagsins fari til að bæta tölvukerfi nokkurra embætta. Á Akranesi hefur verið gerður kaupsamningur um húsnæði undir lögreglustöð. Greiðsla vegna þessa samnings á árinu 1989 er 3.000 þús. kr. og 4.500 þús. kr. eru ætlaðar til innréttingar á húsnæðinu. Í Búðardal hefur verið í byggingu stjórnsýsluhús sem nú er fullgert. Lokaframlag til þessa verks er 600 þús. kr. Á Patreksfirði er lokið við viðbyggingu og framlag er til að greiða eftirstöðvar verksamnings, 4.500 þús. kr. Auk þess eru veittar 1.200 þús. kr. til búnaðarkaupa. Lokaframlag til verksins er því 5.700 þús. kr. Á Sauðárkróki er verið að ljúka 1. áfanga skrifstofubyggingar fyrir sýslumannsembættið að Suðurgötu 1. Gert er ráð fyrir að framkvæmdinni verði lokið á þremur árum og fjárveiting næsta árs verður 9.200 þús. kr. Á Siglufirði er hafin bygging húsnæðis fyrir skrifstofur og lögreglustöð en fjárveiting til þessa er 11.100 þús. kr. á líðandi ári. Fjárveiting vegna byggingarkostnaðar á árinu 1989 verður 19.100 þús. kr. Á Húsavík er lokið við byggingu skrifstofuhúsnæðis og lögreglustöðvar og fjárveiting á liðnum *226–6.01 Nýbygging* er til að ljúka uppgjöri. Á Neskaupstað var á árinu keypt húsnæði til nota sem lögreglustöð. Til breytinga og endurbóta á því eru veittar 1.300 þús. kr. Á Egilsstöðum hefur löggæslan verið á hrakhólum með húsnæði um nokkurt skeið. Fyrirhugað er að hefja byggingu lögreglustöðvar á þessu ári. Fjárveiting til þess er 3.700 þús. kr. í fjárlögum 1988 og var 7.000 þús. kr. í fjárlögum 1987. Á árinu 1989 verður framlag til þessarar framkvæmdar 1.000 þús. kr. Í Vík er lokið við að innrétta skrifstofu sýslumanns. Fjárveiting á árinu 1989 er til uppgjörs á reikningum og lokafrágangs á bílageymslu. Á Selfossi er fyrirhugað að ljúka öllum frágangi og húsbúnaðarkaupum vegna nýrrar lögreglustöðvar. Fjárveiting til þessa er 11.000 þús. kr. auk þess sem til ráðstöfunar er geymd fjárveiting frá árinu 1987 að upphæð 2.225 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig að 8.655 þús. kr. fara í að ljúka verkinu, 2.200 þús. kr. til að setja lyftu í húsið og 2.400 þús. kr. til kaupa á húsbúnaði. Í Keflavík er búið að byggja hæð ofan á

skrifstofu sýslumanns, en nokkur frágangsvinna er eftir. Framlag til lokafrágangs er 6.300 þús. kr. og fjárveiting til kaupa á lausum búnaði er 1.200 þús. kr. Í Grindavík hefur verið keypt húsnæði til notkunar fyrir lögreglu, en nauðsynlegt er að breyta því og til að hefja það verk eru ætlaðar 1.000 þús. kr. Í Hafnarfirði þarf að breyta og innrétta viðbótarhúsnæði vegna tollskrifstofu og eru veittar til þess 3.600 þús. kr. Í Kópavogi er verið að ljúka framkvæmdum við bílageymslur og stæði. Lokaframlag til þess verks er 2.500 þús. kr.

239–247 og 283 Fangelsismál

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem gegna því hlutverki að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er bornar saman fjárveitingar til þessara stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum og frumvarpi fyrir árið 1989.

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur	**167.787**	**205.442**	**37.655**	**22**
Fangelsismálastofnun	–	17.709	17.709	.
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	–	73.941	73.941	.
Hegningarhúsið í Reykjavík	27.106	–	-27.106	.
Vinnuhælið Litla-Hrauni	78.852	90.516	11.664	15
Vinnuhælið Kvíabryggju	15.139	17.726	2.587	17
Fangelsið Síðumúla 28	20.557	–	-20.557	.
Fangelsið Kópavogsbraut 17	15.823	–	-15.823	.
Skilorðseftirlit ríkisins	4.101	–	-4.101	.
Fangamál, ýmis kostnaður	6.209	6.140	-69	-1
Stofnkostnaður og viðhald	**8.800**	**13.000**	**4.200**	**48**
Samtals	176.587	219.032	42.445	24

Eins og sjá má af þessari töflu hafa átt sér stað talsverðar skipulagsbreytingar í fangelsismálum. Samkvæmt lögum nr. 48/1988 skal frá 1. janúar 1989 starfrækja nýja stofnun, *Fangelsismálastofnun*. Til þessarar stofnunar flytjast sex stöður, fjórar frá Skilorðseftirliti ríkisins sem verður lagt niður, tvær frá aðalskrifstofu og ein frá viðfangsefninu *06-283-1.13 Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga* sem fellur niður. Auk þess er ráðið í tvær nýjar stöður þannig að samtals eru sex stöður á föstum launum og tvö stöðugildi fyrir verkefnaráðna. Launagjöld nema alls 13.439 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 3.920 þús. kr. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.000 þús. kr. sem eru ætlaðar til kaupa á bíl og skrifstofu- og tölvubúnaði. *Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu* er einnig nýr fjárlagaliður og á hann færist nú rekstur Hegningarhússins í Reykjavík, fangelsisins í Síðumúla og fangelsisins við Kópavogsbraut. Ráðninganefnd hefur heimilað stöðu fangelsisstjóra og var hún færð á viðfangsefnið *06-283-1.15 Fangelsisstjóri á Reykjavíkursvæði*. Það viðfangsefni fellur nú niður. Launagjöld nema alls 51.451 þús. kr. og er þar áætlað fyrir 29 stöðum á föstum launum. Auk þess er þjónusta lækna við fangelsin metin sem 0,75 stöðugildi á öðrum dagavinnulaunum. Rekstrargjöld *Vinnuhælisins Litla-Hrauni* nema alls 90.516 þús. kr. Í fjárlögum 1988 er gert ráð fyrir 29 stöðum á föstum launum og þremur stöðum til sérstakra verkefna. Laun tveggja fangavarða færast nú af öðrum dagvinnulaunum og yfir á föst laun. Auk þess hefur ráðninganefnd heimilað eitt stöðugildi skrifstofumanns á föstum launum.

Samtals eru því 32 stöður á föstum launum og ein staða til tímabundinna verkefna. Til *endurnýjunar innanhúss* á Litla-Hrauni eru veittar 2.000 þús. kr. og er þar um að ræða viðbætur á kennsluhúsnæði. Til *eignakaupa* eru veittar 1.500 þús. kr. sem er ætlað til kaupa á dráttarvél. Rekstrargjöld *Vinnuhælisins Kvíabryggju* nema alls 17.726 þús. kr. og sem áður er miðað við fimm stöður á föstum launum. Undir fjárlagaliðnum *06-283 Fangamál, ýmis kostnaður* hefur bæst við nýtt viðfangsefni, *viðhald og endurnýjun fangelsa*, og er framlag 7.000 þús. kr. sem dómsmálaráðuneytið ráðstafar til þeirra verkefna.

251 Landhelgisgæsla Íslands

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð milli frumvarps og fjárlaga 1988 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna hjá Landhelgisgæslunni:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	38.587	40.208	1.621	4
V/s Ægir	70.723	77.228	6.505	9
V/s Óðinn	58.958	51.820	-7.138	-12
V/s Týr	70.723	74.878	4.155	6
Fluggæsla	110.184	136.374	26.190	24
Þyrluvakt lækna	2.518	2.600	82	3
Sjómælingar og sjókortagerð	11.605	15.434	3.829	33
Viðhald	3.700	4.500	800	22
Tæki og búnaður	9.900	11.600	1.700	17
Samtals	376.898	414.642	37.744	10

Framlag hækkar úr 376.898 þús. kr. í 414.642 þús. kr. eða um 10%. Í athugun er að Landhelgisgæslan taki að sér þjónustu við vita fyrir Vitastofnunina með eigin skipum eða annist útgerð Árvakurs. Fjárveiting er miðuð við þrjár áhafnir en að varðskipið Óðinn verði ekki gert út. Á viðfangsefninu *V/s Óðinn* er því áætlað fyrir launagjöldum áhafnar og öðrum gjöldum er tengjast áhöfninni og rekstrarkostnaði samsvarandi útgerð Árvakurs. Til athugunar er einnig hvort hagkvæmara verði að fá Hafrannsóknastofnunina til að sinna þjónustu við vita með eigin skipum. Almennar forsendur um rekstur Ægis og Týs eru óbreyttar frá fjárlögum 1988, m.a. um tólf mánaða úthald þeirra. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 1.200 flugtímum en þeim fjölgar nú um 125 og verða því 750 tímar á Fokker-flugvél stofnunarinnar (TF-SYN) og 575 tímar á þyrlum (TF-SIF og TF-GRÓ). Vegna fyrrgreindrar fjölgunar flugtíma bætast tveir þyrluflugmenn við *fluggæslu* og eru þar samtals 21 stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna. Launagjöld *fluggæslu* hækka um 37%, úr 46.922 þús. kr. í 64.404 þús. kr. Hækkun umfram verðlagsbreytingar má rekja til fjölgunar á stöðum og aukinnar yfirvinnu. Í október 1987 var ákveðið að stofna til bakvakta fyrir útkallsþjónustu allan sólarhringinn og er ein áhöfn á björgunarþyrluna TF-SIF til taks hvern einasta dag ársins auk flugvirkja og aðstoðarmanns. Launagjöld *yfirstjórnar* nema alls 27.058 þús. kr. og er þar miðað við ellefu stöður á föstum launum og níu stöðugildi verkefnaráðinna. Viðfangsefnið *Sjómælingar og sjókortagerð* hækkar um 3.829 þús. kr. eða 33%. Hækkunin stafar aðallega af því að sértekjur lækka og launakostnaður vex. Stöðum á föstum launum fjölgar um eina en hún er flutt af *fluggæslu*. Við lækkun sértekna er tekið tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1987. Launagjöld stofnunarinnar í heild

hækka um 13% og verða 229.462 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 165.362 þús. kr. í 169.882 þús. kr. eða um 3%. Þá er tekið tillit til áætlaðrar þróunar verðlags á brennsluolíu og flugsteinolíu frá verðforsendum gildandi fjárlaga fram til janúar 1989. Framlag til ýmissa viðhaldsverkefna er 4.500 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 11.600 þús. kr. og er þar gert ráð fyrir endurnýjun á fjarskiptabúnaði í stjórnstöð og bifreið til notkunar hjá *sjómælingum og sjókortagerð*.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Stofnað hefur verið hlutafélag, Bifreiðaskoðun Íslands hf., þar sem ríkissjóður á helming hlutafjár. Hlutafélag þetta tekur við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins og því fellur þessi fjárlagaliður niður.

253 Almannavarnir ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 13.581 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 14.954 þús. kr. eða um 10%. Launagjöld hækka um 19% en önnur rekstrargjöld um 10%. Sem áður eru fastar stöður fjórar. Auk þess hefur verið heimilað að ráða starfsmann í sameiginlega afgreiðslu Almannavarna ríkisins, Geislavarna ríkisins og Jafnréttisráðs að Laugavegi 118D. Kostnaður Almannavarna er talin jafngilda 35% af árslaunum starfsmanns. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.500 þús. kr. sem ætlað er til fjarskiptakerfis, þjálfunarbúnaðar o.fl.

255 Umferðarráð

Framlag nemur alls 23.462 þús. kr. og hækkar um 69% frá fjárlögum 1988 eða um 9.538 þús. kr. Launagjöld nema alls 6.902 þús. kr. og hækka um 20% frá fjárlögum 1988. Hálf staða forskólafulltrúa færist nú á föst laun. Stöður á föstum launum eru því þrjár og hálf samanborið við þrjár í fjárlögum 1988. Staða til tímabundinna verkefna er nú ein samanborið við eina og hálfa í gildandi fjárlögum. Önnur rekstrargjöld nema alls 21.701 þús. kr. og hækka um 53%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar stafar af því að til kynningar- og fræðslustarfs eru veittar 5.000 þús. kr. Kemur sú fjárveiting í stað sérstaks viðfangsefnis, *Þjóðarátak í umferðaröryggi*, sem áður var undir fjárlagalið *281 Dómsmál, ýmis starfsemi*. Áhersla verður lögð á bætta umferðarhætti og slysavarnir. Til stofnkostnaðar eru veittar 1.100 þús. kr. sem ætlað er til kaupa á búnaði til beinna útvarpssendinga frá skrifstofu Umferðarráðs.

262 Löggildingarstofan

Rekstrargjöld nema alls 13.630 þús. kr. Til stofnkostnaðar eru veittar 1.100 þús. kr. sem er ætlað til kaupa á vogarlóðum. Ætlast er til að tekjur stofnunarinnar standi að fullu undir kostnaði en að auki er gert ráð fyrir að stofnunin skili í tekjuafgang sem nemur 20% af launagjöldum. Nánar er fjallað um þetta í inngangsorðum 4. kafla athugasemda. Engin breyting er áformuð á starfsemi Löggildingarstofunnar.

281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Framlag er samtals 80.390 þús. kr. og hækkar um 19.894 þús. kr. eða 34%. Hér fara á eftir helstu breytingar sem verða á þessum fjárlagalið en að öðru leyti vísast til töflu hér á eftir. *Málskostnaður* hækkar úr 17.130 þús. kr. í 41.676 þús. kr. en málskostnaður hefur aukist verulega undanfarin ár og ýmis stórmál eru til meðferðar í dómskerfinu. Viðfangsefnið *Meðdómsmenn* hækkar um 24% en færst hefur í vöxt að dómarar kveðji til aðra dómara sem meðdómsmenn í erfiðum málum. Viðfangsefnið *Setu- og varadómarar* hækkar um 28% enda tekið tillit til reikningstalna ársins 1987.

Gjafsóknar- og málsvarnarlaun hækka um 600 þús. kr. eða 34%. Í undirbúningi er frumvarp um lögfræðiaðstoð við almenning og enn fremur frumvarp um breytingu á lagaákvæðum um gjafsókn. Nokkur útgjaldaukning hlýst af verði þessi frumvörp að lögum. Framlag til *setusaksóknara* lækkar um 710 þús. kr. í samræmi við reikningstölur ársins 1987. Engin fjárveiting er til *Prófs skjalaþýðenda* því að nú eiga prófgjöld og námskeiðsgjöld að standa undir kostnaði. Sama er að segja um *próf fasteignasala.* Framlag til *útgáfu lagasafns* lækkar um 16% vegna aukinna tekna en áætlað er að eitt þúsund eintök af safninu seljist á síðari hluta árs 1989. Við bætist nýr liður, *Námsleyfi lögfræðinga*, og eru til hans veittar 2.232 þús. kr. Þessari fjárveitingu er ætlað að standa undir kostnaði af námsleyfum lögfræðinga en hingað til hafa embætti dóms- og kirkjumálaráðuneytis sjálf borið þennan kostnað. Viðfangsefnið *þjóðarátak í umferðaröryggi* er fært til og veitt framlag til sömu verkefna hjá Umferðarráði. *Dómsmál, ýmis kostnaður* er safnliður fyrir tölvu- og hugbúnaðarkostnað hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins. Fjárveiting til þessa liðar er nú 7.300 þús. kr. en var 8.600 þús. kr. í fjárlögum 1988. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á hreinum framlögum (sértekjur dregnar frá þar sem við á) í frumvarpi og samkvæmt fjárlögum:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Málskostnaður	17.130	41.676	24.546	143
Meðdómsmenn	3.982	4.928	946	24
Setu- og varadómarar	1.695	2.169	474	28
Siglingadómur	477	510	33	7
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	1.760	2.360	600	34
Setusaksóknari	4.453	3.743	-710	-16
Próf málflytjenda	265	276	11	4
Próf skjalaþýðenda	271	—	-271	.
Próf fasteignasala	—	—	—	.
Útgáfa lagasafns	10.298	8.657	-1.641	-16
Útgáfa norræns dómasafns	254	257	3	1
Tölvunefnd	1.751	1.895	144	8
Matsnefnd eignarnámsbóta	1.037	1.007	-30	-3
Námsleyfi lögfræðinga	—	2.232	2.232	.
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	170	190	20	12
Norræn samvinna á sviði sakfræði	256	300	44	17
Aðgerðir gegn fíkniefnum	2.520	2.890	370	15
Þjóðarátak í umferðaröryggi	5.040	—	-5.040	.
Dómsmál, ýmis kostnaður	8.600	7.300	-1.300	-15
Samtals	59.959	80.390	20.431	34

Um aðra liði en þá sem að ofan er getið sýnist ekki ástæða til að fjalla sérstaklega.

282 Ýmis löggæslukostnaður

Þessi fjárlagaliður skiptist eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Ýmis löggæslukostnaður	3.249	3.765	516	16
Kostnaður vegna lögregluskóla	21.039	—	-21.039	.
Lögreglubifreiðir	18.500	21.700	3.200	17
Samtals	42.788	25.465	-17.323	-40

Framlag til *ýmiss löggæslukostnaðar* er 3.765 þús. kr. og er þar m.a. færður kostnaður við tímabundna löggæslu, þjóðhöfðingjaheimsóknir, gjöld tengd Interpol, þáttöku í norrænu lögreglusamstarfi o.fl. Fjallað er um málefni lögregluskólans í athugasemdum við fjárlagalið *06—209 Lögregluskóli ríkisins*. Til *lögreglubifreiða* er áætlað að verja 21.700 þús. kr. Er það eðlileg endurnýjun á bifreiðum en í Reykjavík er fyrirhugað að fjölga bifhjólum. Náið samstarf hefur verið haft við bíla- og vélanefnd ríkisins og sameiginlegt útboð hefur leitt til umtalsverðrar lækkunar á kaupverði bifreiða.

301 Biskup Íslands

Fjárveiting til embættisins hækkar um 3.121 þús. kr. og verður 18.872 þús. kr. Er það hækkun um 20%. Launagjöld nema alls 12.632 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 6.800 þús. kr. Launagjöld *yfirstjórnar* hækka um 1.640 þús. kr. eða 25%. Heimilaðar stöður eru fimm í fjárlögum 1988 en verða nú sex með tilkomu fræðslufulltrúa. *Æskulýðsstarf* hækkar úr 5.879 þús. kr. í 6.910 þús. kr. eða um 18%. Sem áður er miðað við þrjár stöður á föstum launum auk þess sem gert er ráð fyrir einum starfsmanni er sinni tímabundnum verkefnum. Til *viðhalds biskupsbústaðar* er áætlað að verja 600 þús. kr.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Heildarfjárveiting til embættisins verður 10.762 þús. kr. en framlag vegna almenns rekstrar hækkar úr 7.771 þús. kr. í 9.962 þús. kr. eða um 28%. Launagjöld *yfirstjórnar* hækka um 59% enda áætlað fyrir launum staðgengils söngmálastjóra meðan hann er í námsleyfi. Launagjöld embættisins nema alls 7.142 þús. kr. og þar er sem áður miðað við þrjár stöður á föstum launum. Eins og í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir skólagjöldum í *tónskóla þjóðkirkjunnar* er standa eiga undir náms- og fræðslukostnaði. Til stofnkostnaðar eru veittar 800 þús. kr. og er sú upphæð m.a. ætluð til kaupa á flygli, hljómflutningstækjum, stólum í orgelsal og ljósritunarvél.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Framlag nemur alls 229.731 þús. kr. og hækkar um 20.647 þús. kr. eða 10%. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög 1988 í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Prestar og prófastar	169.704	199.731	30.027	18
Byggingar á prestssetrum	11.200	7.000	-4.200	-38
Kaup á eignum á kirkjujörðum	2.800	3.000	200	7
Viðhald embættisbústaða	25.000	20.000	-5.000	-20
Byggingareftirlit	380	—	-380	.
Samtals	209.084	229.731	20.647	10

Framlag til *byggingareftirlits* fellur niður á þessum fjárlagalið en kostnaður við ferðir byggingareftirlitsmanns er nú færður á aðalskrifstofu. Launagjöld *presta og prófasta* hækka um 25.837 þús. kr. eða 19%. Hækkun umfram verðlag er vegna kjarasamninga við presta sem m.a. fela í sér auknar greiðslur vegna afleysinga og yfirvinnu. Gert er ráð fyrir 124 stöðum á föstum launum og lausráðið er í 3,83 stöður. Til *bygginga á prestssetrum* eru veittar 7.000 þús. kr. og eru 6.000 þús. kr. ætlaðar til að ljúka byggingu prestsseturs á Útskálum. Keypt hefur verið húsnæði á Höfn í Hornafirði fyrir Bjarnarnesprestakall og er gert ráð fyrir 1.000 þús. kr. greiðslu vegna þessa. Aðrar breytingar á þessum fjárlagalið skýrast af töflunni hér að framan.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 22.111 þús. kr. og lækkar um 28% frá fjárlögum 1988. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög 1988 í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Húsmæðraskólinn Löngumýri	721	753	32	4
Kirkjugarðaeftirlit	1.263	1.372	109	9
Ýmislegt	8.211	5.986	-2.225	-27
Viðhald húseignar á Löngumýri	600	—	-600	.
Skálholtsstaður	1.000	1.000	—	.
Hallgrímskirkja	10.000	7.000	-3.000	-30
Hólar í Hjaltadal	9.000	6.000	-3.000	-33
Samtals	30.795	22.111	-8.684	-28

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	48.887	55.966	7.079	14
Húsnæðismál	1.650.000	1.800.000	150.000	9
Málefni fatlaðra	976.439	1.178.303	201.864	21
Önnur félagsmál	213.378	219.402	6.024	3
Samtals	2.888.704	3.253.671	364.967	13
Þar af markaðir tekjustofnar	85.000	120.000	35.000	41

Fjárlagatölum 1988 er breytt til samræmis við ákvæði laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, þar sem framlag til Byggingarsjóðs ríkisins var lækkað um 100.000 þús. kr. og liðurinn Vinnumál (07–981) hækkaður um 35.000 þús. kr. samanborið við áður samþykkt fjárlög. Markaður tekjustofn félagsmálaráðuneytis er nú aðeins erfðafjárskattur. Áætlaðar tekjur verða 120.000 þús. kr. árið 1989 en í fjárlögum 1988 er eru þær 85.000 þús. kr. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytis.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 48.997 þús. kr. á árinu 1988 í 55.966 þús. kr. eða um 14%. Laun hækka úr 26.337 þús. kr. í 29.516 þús. kr. eða um 3.179 þús. kr. sem er um 12% Á árinu 1988 heimilaði ráðninganefnd fasta stöðu starfsmanns til að sinna húsnæðismálum. Því verkefni var áður sinnt af lausráðnum starfsmanni. Fastar stöðuheimildir hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins eru nú 16 auk þess sem einn starfsmaður sinnir tímabundnum verkefnum. Yfirvinna við aðalskrifstofu ráðuneytis hefur verið meiri en áætlað var. Nú er tekið tillit til raunverulegs umfangs yfirvinnu. Hækkun annarra gjalda er 4.350 þús. kr. eða 22% og skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum vegna leiguhúsnæðis og kostnaði við rekstur tölvukerfis vinnumiðlunar. Liðurinn tilfærsla hækkar úr 580 þús. kr. í 1.220 þús. kr. Er það norrænt verkefni á

sviði jafnréttismála sem nefnist BRYT og er rekið í samvinnu við Akureyrarbæ. Ríkissjóður greiðir sem svarar hálfum árslaunum starfsmanns auk annars kostnaðar. Til kaupa á tækjabúnaði er áætlað að verja 1.650 þús. kr.

271–272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, um breyting á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, var gerð umtalsverð breyting á útlánareglum og fjármögnun byggingarsjóðanna. Í fjárlögum 1988 nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna 1.650.000 þús. kr. en framlagið var lækkað um 100.000 þús. kr. með lögum nr. 10/1988. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framlagið á árinu 1989 nemi 1.800.000 þús. kr. til sjóðanna beggja. Nánar er fjallað um sjóði þessa í kafla um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Fjárveiting til embættisskipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 48.729 þús. kr. á árinu 1988 í 58.748 þús. kr. eða um 21%. Gert er ráð fyrir nánast óbreyttri starfsemi og að stofnunin nýti allar tíu stöðuheimildir sínar. Fjárveitingar til launa og annarra gjalda eru í samræmi við þetta. Tilfærslur til sveitarfélaga, sem annast um eigið skipulag, hækka úr 10.350 þús. kr. í 17.090 þús. kr. eða um 65%. Er þetta þeirra hlutur af innheimtum skipulagsgjöldum. Sértekjum er ætlað að standa undir öllum útgjöldum stofnunarinnar. Þeirri stefnu er fylgt hér, eins og á við um fleiri þjónustu- og eftirlitsstofnanir, að saman er stillt útgjöldum og sértekjum.

302 Ríkissáttasemjari

Framlag til embættis ríkissáttasemjara hækkar um 29% og verður 18.618 þús. kr. en þar eru eignakaup 1.000 þús. kr. Að þeirri fjárhæð frátalinni hækka rekstrarútgjöld embættisins um 22% Launagjöld hækka úr 10.722 þús. kr. á árinu 1988 í 12.408 þús. kr. eða um 16%. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á starfsmannahaldi en þeim að gera verður ráð fyrir auknum verkefnum lausráðinna starfsmanna og aukinni yfirvinnu fastra starfsmanna. Ástæðan er ný ákvæði í lögum um samningsrétt starfsmanna ríkisins (innan vébanda BSRB og BHM) sem heimila hverju aðildarfélagi um sig að fara að fullu með eigin samningasmál. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 39% og verða 5.210 þús. kr.

399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga var felld niður við fjárlagagerð 1988 þar sem þetta er einn af þeim liðum sem ríkisstjórnin áformaði að færa til sveitarfélaga. Í þessu frumvarpi er að nýju tekin upp fjárveiting til þessa verkefnis, 20.000 þús. kr.

700–708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna þessara liða hækkar úr 764.553 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 938.019 þús. kr. eða um 23%. Sú breyting á framsetningu er gerð að ný starfsemi er sett undir eitt viðfangsefni *07–700–1.99, óskipt* og verður framlagið nýtt eftir því sem stofnað kann að verða til nýs rekstrar á árinu 1989. Sama gildir ef umsvif stofnana eða heimila, sem þegar hafa hafið rekstur, verða aukin. Mögulegt er að ráða í allt að 33,85 stöðugildi á árinu undir fjárlagaliðunum 701–708 og allt að 3 stöðugildum hjá Greiningarstöð ríkisins (fjárlagaliður 07–750). Fjárveiting þessi nægir þó ekki fyrir svo mörgum stöðugildum allt árið. Laun hækka um 92.961 þús. kr. og verða 626.079 þús.

kr. og er það hækkun um 17%. Af þessari hækkun launa eru 26.139 þús. kr. laun vegna nýrra verkefna. Í fjárlögum 1988 er gert ráð fyrir að nokkrar stofnanir fatlaðra verði ekki reknar nema hluta úr árinu, en hins vegar allt árið 1989 og veldur það launahækkun sem nemur 8.238 þús. kr. Þá hækka launagjöld sem nemur 2.200 þús. kr. er leiðir af sérsamningi við starfsmenn. Eftir stendur launahækkun sem nemur 56.384 þús. kr. eða 11% og er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Reiknuð stöðugildi í þessu frumvarpi eru 567,5 og fjölgar frá fjárlögum 1988 um 37,4, þar af eru 36,85 vegna nýs rekstrar eins og fyrr segir. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 23% og verða 206.550 þús. kr. Hækkunin er m.a. vegna nýrrar starfsemi og þess að nú koma í heils árs rekstur þær stofnanir sem reknar voru hluta úr ári 1988. Í krónum –talið nemur þessi viðbótarkostnaður alls 3.666 þús. kr. Nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir fjárveitingu til greiðslu fæðispeninga til starfsfólks sambýla og er sá kostnaður áætlaður um 4.000 þús. kr. Enn er að nefna, að gert er ráð fyrir 3.000 þús. kr. fjárveitingu meðal rekstrargjalda til að leysa sérstök vandamál eins vistheimilis. Að þessum fjárhæðum frádregnum er eftir hækkun á öðrum gjöldum sem nemur 34.464 þús.kr eða 21% sem er talsvert umfram almennar verðlagshækkanir. Til eignakaupa er áformað að verja 1.850 þús. kr. en er 2.550 þús. kr. í fjárlögum 1988. Þetta eru yfirleitt minni háttar eignakaup, t.d. hluti búnaðar vegna flutnings í nýtt húsnæði en allan meiri háttar stofnkostnað fjármagnar Framkvæmdasjóði fatlaðra. Tilfærslur hækka úr 115.135 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 154.070 þús. kr. eða um 34%. Af þessari 38.935 þús. kr. hækkun eru 26.930 þús. kr. hækkun á greiðslum samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1981, um málefni fatlaðra, en þar segir að „fatlað barn á aldrinum 0-18 ára, sem dvelur í heimahúsum eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið". Hækkun fjárveitingar samkvæmt þessari grein er byggð á reynslu undanfarinna ára. Auk þess eru veittar 16.000 þús. kr. til greiðslu á helmingi skuldar við Tryggingastofnun ríkisins vegna þegar útlagðs kostnaðar, en Tryggingarstofnun annast þessar greiðslur. Liðurinn verður alls 1.043.680 þús. kr. og hækkar um 35%. Sértekjur hækka úr 47.670 þús. kr. í 49.380 þús. kr. eða um 4%. Eru þær sala á framleiðslu verndaðra vinnustaða. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu á fjárveitingum og stöðugildum á viðfangsefni:

	Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.
700 Málefni fatlaðra	**36,85**		**153.364**		**153.364**
101 Stjórnarnefnd			1576		1.576
102 Samráðsnefnd			1032		1.032
103 Samráðsnefnd um ferlimál			1.407		1.407
104 Kostnaðar skv. 10. gr.			103.680		103.680
105 Kostnaður skv. 19. gr.			5.430		5.430
110 Vistanir			2.280		2.280
180 Starfsþjálfun			5.240		5.240
181 Tölvumiðstöð fatlaðra			1.600		1.600
199 Óskipt	36,85		31.119		31.119

	Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	**156,34**	**23,30**	**231.041**	**9.780**	**221.261**
101 Svæðisstjórn	3,5	3,5	7.211		7.211
120 Sambýli Drekavogi 16	4,0	4,0	5.492		5.492
121 Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			2.230		2.230
122 Sambýli í leiguhúsnæði Stuðlaseli	4,0		5.357		5.357
123 Sambýli Háteigsvegi 6	2,51		3.297		3.297
124 Sambýli Sigluvogi 5	3,19		3.794		3.794
125 Sambýli Auðarstræti 15	4,07		5.454		5.454
126 Sambýli Víðihlíð 11	4,92		6.373		6.373
127 Sambýli Víðihlíð 7	3,55		4.488		4.488
128 Sambýli Víðihlíð 5	3,71		4.619		4.619
129 Sambýli Sóleyjargötu	4,0	3,0	5.576		5.576
130 Vinnustofan Ás	4,0		16.172	8.230	7.942
131 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			3.710		3.710
132 Vernd, vinnustaður Sjálfsbjargar			2.220		2.220
160 Dagvistun Lækjarási	14,0		17.156		17.156
161 Dagvistun Bjarkarási	14,0		22.307		22.307
162 Dagvistun Lyngási	24,9		30.140		30.140
163 Skammtímavistun Víðihlíð 9	6,39		10.183	1.550	8.633
164 Skammtímavistun Dalbraut 12 (Rv.borg)			6.960		6.960
170 Meðferðarheimili f. einhverf börn, Sæbraut 2	12,8	12,8	20.128		20.128
172 Sambýli einhverfra barna Trönuhólum 1	10,8		11.333		11.333
173 Vistheimili við Holtaveg	8,5		12.217		12.217
174 Meðferðarheimili Njörvasundi 2	5,5		7.072		7.072
175 Hjúkrunar- og vistheimili	8,5		3.227		3.227
180 Atvinnuleit			1.960		1.960
190 Sambýli 1 við Blesugróf	4,0		5.464		5.464
191 Sambýli 2	4,0		4.964		4.964
192 Þrjú sambýli Styrktarfélags vangefinna	1,5		1.937		1.937
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	**136,35**	**22,25**	**199.182**	**7.820**	**191.362**
101 Svæðisstjórn	3,0	3,0	6.723		6.723
120 Sambýli Vallargerði 26 Kópavogi	6,55	3,65	7.808		7.808
121 Sambýli Klettahrauni 17 Hafnarfirði	4,8	3,0	6.241		6.241
122 Sambýli Markarflöt Garðabæ	4,0	3,0	5.169		5.169
124 Sambýli Bakkaflöt Garðabæ			350		350
126 Sambýli (teg. II)	6,5		8.153		8.153
130 Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	5,5	3,0	15.265	4.070	11.195
132 Verkstjórn fatlaðra	1,0		773		773
140 Leikfangasafn Keflavík	0,6	0,6	862	180	682
160 Skammtímavistun	7,4	3,0	10.709	1.560	9.149
161 Dagvistun Keflavík	5,0	3,0	6.896	320	6.576
162 Helgarskammtímavistun Hafnarfirði	2,0		2.347	410	1.937
164 Dagvist Hafnarfirði	4,0		5.952		5.952
170 Vistheimilið Skálatúni	57,0		80.405	1.280	79.125
171 Vistheimilið Tjaldanesi	21,7		28.245		28.245
172 Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,8		2.350		2.350
173 Vistheimili fyrir börn	6,5		8.974		8.974
180 Atvinnuleit			1.960		1.960

	Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	**14,5**	**8,5**	**23.565**	**1.240**	**22.325**
101 Svæðisstjórn	2,0	2,0	4.911		4.911
120 Sambýli Akranesi	7,5	4,0	9.043		9.043
130 Verndaður vinnustaður Akranesi	2,0		3.794	1.020	2.774
140 Leikfangasafn Borgarnesi	0,5	0,5	963	220	743
160 Dagvistun Akranesi	2,5	2,0	3.470		3.470
170 Sumarbúðir*			1.384		1.384
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	**20,25**	**9,0**	**28.965**	**170**	**28.795**
101 Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.801		3.801
150 Þjónustumiðstöð Bræðratungu	18,25	7,0	25.164	170	24.994
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	**15,5**	**6,0**	**22.697**	**710**	**21.987**
101 Svæðisstjórn	2,0	2,0	5.421		5.421
120 Sambýli Siglufirði	5,5	2,0	7.089		7.089
121 Sambýli Sauðárkróki	4,0		4.191		4.191
140 Leikfangasafn Siglufirði	1,0	1,0	1.542	230	1.312
141 Leikfangasafn Blönduósi	1,0	1,0	1.554	240	1.314
142 Leikfangasafn Sauðárkróki	1,0		1.618	240	1.378
170 Sumardvöl Egilsá	1,0		1.282		1.282
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	**95,21**	**35,1**	**171.267**	**17.320**	**153.947**
101 Svæðisstjórn	3,5	2,5	7.425		7.425
120 Sambýli Byggðavegi 91, Akureyri	5,0	2,3	6.178		6.178
121 Sambýli Borgarhlíð 3, Akureyri	4,0	1,1	4.895		4.895
122 Sambýli Vanabyggð 4c, Akureyri	4,0	1,6	4.845		4.845
123 Sambýli Húsavík	5,0		5.878		5.878
130 Iðjulundur, verndaður vinnustaður	7,0	3,0	23.018	13.140	9.878
131 Bjarg, verndaður vinnustaður			8.200		8.200
140 Leikfangasafn Akureyri	0,6	0,6	1.077	220	857
160 Skammtímavistun Akureyri	2,2		2.401	380	2.021
170 Vistheimilið Sólborg	63,91	24,0	102.831	3.580	99.251
171 Sumarbúðir í Botni			3.659		3.659
180 Atvinnuleit			860		860
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	**29,5**	**11,5**	**42.110**	**1.270**	**40.840**
101 Svæðisstjórn	2,0	2,0	4.298		4.298
120 Sambýli Egilsstöðum	5,0	3,0	5.999		5.999
130 Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,5	1,0	4.871	1.060	3.811
140 Leikfangasafn	0,5	0,5	942	210	732
150 Vonarland, þjónustumiðstöð	18,5	5,0	24.651		24.651
160 Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1,0		1.349		1.349
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	**63,0**	**15,5**	**115.208**	**11.070**	**104.138**
101 Svæðisstjórn	2,5	2,5	4.867		4.867
120 Sambýli Árvegi 8 Selfossi	4,0	4,0	5.903		5.903
121 Sambýli Vallholti 9 Selfossi	7,0		8.312		8.312
130 Verndaður vinnustaður Selfossi	3,0	2,0	4.856	680	4.176
131 Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,0		11.380	7.090	4.290
140 Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1,0	1,0	1.499	220	1.279
170 Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	7,0	6,0	9.028		9.028
171 Vistheimilið Sólheimum	32,5		58.348	1.940	56.408
172 Skaftholt, meðferðarheimili			5.870	1.140	4.730
173 Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	4,0		5.145		5.145
Samtals	567,5	131,15	987.399	49.380	938.019

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Á árinu 1987 var keypt húseignin Digranesvegur 5 í Kópavogi til afnota fyrir Greiningarstöð ríkisins og svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi. Nauðsynlegt reyndist að gera veigamiklar breytingar á innréttingu hússins áður en í það verður flutt og mun framkvæmdum ljúka í nóvember 1988. Greiningarstöðin flytur þá í rýmra og hentugra húsnæði, en það húsnæði sem stofnunin hefur haft til umráða reyndist óhentugt fyrir þessa starfsemi. Framkvæmdirnar eru kostaðar af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Heildarfjárveiting til Greiningarstöðvar ríkisins hækkar úr 31.886 þús. kr. í 40.284 þús. kr. eða um 26%. Laun hækka um 3.988 þús. kr. eða 15%. Í fjárlögum 1988 er gert ráð fyrir 20,3 föstum stöðugildum heimiluðum af ráðninganefnd og auk þess 6,5 stöðugildum verkefnaráðinna starfsmanna á öðrum dagvinnulaunum eða samtals 26,8 stöðugildum. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda en hins vegar valda nýir kjarasamningar og aukin yfirvinna nokkurri hækkun launa umfram almennar launahækkanir. Önnur gjöld án eignakaupa hækka úr 5.210 þús. kr. í 9.740 þús. kr. eða um 4.530 þús. kr. Þar vegur þyngst hækkun húsaleigu vegna rýmra húsnæðis eða u.þ.b. 3.000 þús. kr.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er áætluð 200.000 þús. kr. samanborið við 180.000 þús. kr. á árinu 1988. Hækkunin nemur 11%. Í Framkvæmdasjóð fatlaðra renna tekjur af erfðafjárskatti, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af skattinum á árinu 1989 eru 120.000 þús. kr. þannig að viðbótarframlag ríkissjóðs til sjóðsins verður 80.000 þús. kr.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár enda er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða. Í fjárlögum fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir 8,0 stöðugildum fastra starfsmanna við stofnunina. Auk þess er áætlað fyrir árslaunum starfsmanns er vinnur að samningu reglugerða um brunavarnir. Því verki verður lokið á árinu 1988 og því fellur fyrrgreind ráðningarheimild niður. Launagjöld hækka um 12% milli ára og verða 13.580 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 10.840 þús. kr. í 12.260 þús. kr. eða um 13%.

953 Jafnréttisráð

Framlag til Jafnréttisráðs hækkar um 23% frá fjárlögum 1988 og verður 8.578 þús. kr. Launagjöld hækka um 39% frá 1988 og verða 5.988 þús. kr. Meginskýringin á þessari launahækkun er sú að gert er ráð fyrir fjölgun verkefnaráðinna starfsmanna um 0,8 stöðugildi, þ.e. 0,3 stöðugildi félagsfræðings og 0,5 stöðugildi fræðslufulltrúa. Þetta veldur um 800 þús. kr. hækkun launaliðar. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 2.170 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 2.590 þús. kr. eða um 19%. Stafar þessi hækkun einkum af stækkun húsnæðis og fjölgun starfsliðs. Í fjárlögum líðandi árs eru veittar 500 þús. kr. til kaupa á ýmsum búnaði, aðallega vegna flutnings í nýtt húsnæði að Laugavegi 118d. Því verður ekki sambærileg fjárveiting til eignakaupa á næsta ári.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Útgjöld stofnunarinnar hækka um 40%. Fjárveiting til rekstrar hækkar um 12% milli ára og verður 72.649 þús. kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda en fastar heimilaðar stöður eru 30 talsins og miðað er við óbreyttan fjölda lausráðinna

starfsmanna frá því sem er í fjárlögum 1988. Framlag til eignakaupa nemur 5.300 þús. kr. og er það greiðsla á skuld við ríkissjóð vegna húsakaupa. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið gert ráð fyrir því að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði við hana. Að þessu sinni er gert ráð fyrir að hún afli nokkru meiri tekna og skili tekjuafgangi til ríkissjóðs. Með þessu móti endurgreiðir stofnunin þann kostnað sem ríkissjóður verður óhjákvæmilega fyrir vegna hennar, m.a. vegna greiðslu á verðtryggðum inneignum starfsmanna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Fram til þessa hafa þessar greiðslur ekki verið lagðar á Vinnueftirlit ríkisins heldur fallið á fjármálaráðuneytið undir fjárlagaliðnum uppbætur á lífeyri. Fjárhæðin, sem ætlunin er að renni í ríkissjóð, er miðuð við að verða sem næst 20% af launalið eftirlitsins.

981 Vinnumál

Framlag til þessa fjárlagaliðar var ákveðið 31.335 þús. kr. í fjárlögum 1988. Með lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, var bætt inn nýju viðfangsefni, *starfsmenntun verkafólks*, með útgjaldaheimild að upphæð 35.000 þús. kr. Í frumvarpinu fyrir árið 1989 er lagt til að 45.539 þús. kr. verði varið til *vinnumála* og lækkar því framlagið um 23.795 þús. kr. Lækkunin stafar af því að ekki er gert ráð fyrir fyrrnefndri fjárveitingu til *starfsmenntunar verkafólks*. Að henni frátalinni hækkar liðurinn um 11.204 þús. kr. eða 36% Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um önnur viðfangsefni en *ýmislegt*. Gert er ráð fyrir að fjárveiting undir þeim lið skiptist eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er sýnd skipting í fjárlögum 1988:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi	5.200	8.790	3.590	69
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMSS, BSRB og BHM	4.300	5.280	980	23
ASÍ, vegna Menningar- og fræðslusamb. alþýðu	3.700	5.000	1.300	35
Félagsmálaskóli alþýðu	5.000	7.500	2.500	50
ASÍ, vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	115	400	285	248
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1.400	1.900	500	36
Fræðslumál BSRB	1.225	1.400	175	14
Fræðslumál BHM	200	230	30	15
Fræðslumál annarra	200	230	30	15
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	380	430	50	13
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	1.159	1.320	161	14
Endurvinnsla staðla í iðnaði	2.500	2.850	350	14
Samtals	25.379	35.330	9.951	39

Eins og sést á yfirlitinu eru tveir liðirnir hækkaðir verulega og eru það fjárveitingar til samtaka vinnumarkaðarins. Fjárveitingar samkvæmt frumvarpi sundurliðast þannig:

	Hagræðingarstarfsemi þús. kr.	Hagdeildir þús. kr.
Alþýðusambamband Íslands	5.900	2.500
Vinnuveitendasamband Íslands	1.050	1.350
Samband ísl. samvinnufélaga	730	–
Vinnumálasamband. samvinnufél.	–	590
Kaupmannasamtökin	340	–
Farmanna- og fiskimannasamb.	770	–
Bandal. starfs. ríkis og bæja	–	570
Bandalag háskólamanna	–	270
Samtals	8.790	5.280

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Í fjárlögum fyrir árið 1988 eru veittar 23.000 þús. kr. á þessum fjárlagalið. Ljóst er að útgjöld á árinu munu verða þó nokkru hærri. Erfitt er að áætla endanlega fjárhæð þar sem óvíst er hversu mikið af útgjöldum ríkissjóðs fæst endurgreitt úr þrotabúum. Ákveðið hefur verið að hækka fjárveitinguna á árinu 1989 til mikilla muna og nemur hún 35.440 þús. kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna í fjárlögum fyrir árið 1988, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 og breytingin milli ára:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	5.620	6.210	590	11
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	49.900	56.050	6.150	12
Slysavarnafélag Íslands	6.210	7.080	870	14
Sjómannastofur	600	680	80	13
Félagasamtök, styrkir	8.150	8.720	570	7
Starfsmenntun í atvinnulífinu	9.000	12.250	3.250	36
Kvennaathvarf í Reykjavík	4.500	6.130	1.630	36
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3.000	3.420	420	14
Ýmis framlög	3.500	3.990	490	14
Samtals	90.480	104.530	14.050	16

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	56.957	70.430	13.473	24
Tryggingamál	15.029.530	17.498.958	2.469.428	16
Heilbrigðismál	10.076.666	11.962.505	1.885.839	19
Annað	55.709	72.981	17.272	31
Samtals	25.218.862	29.604.874	4.386.012	17
Þar af markaðir tekjustofnar	2.077.520	2.789.530	435.287	21

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis nema samanlagt 2.789,5 m.kr. og eru eftirfarandi: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda eru talið munu verða 2.190 m.kr. og hækkar um 590 m.kr. frá fjárlögum 1988. Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda eru áætluð 318 m.kr. og hækka um 45 m. kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 77 m.kr. og verður 277 m.kr. Hlutur Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1,5 m.kr. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta er áætlað 30 þús. kr. og tekjur af samúðarskeytum Landssímans 3 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting nemur 70.430 þús.kr. sem er 24% hækkun frá fjárlögum 1988. Fjöldi stöðugilda er óbreyttur frá fjárlögum 1988 eða 22,5 stöður. Hækkun launaútgjalda umfram verðlagsforsendur stafar af því að nú er reiknað með fullri starfsemi fjármálaskrifstofu allt árið en hún starfaði aðeins hluta ársins 1988. Þá hækka laun einnig vegna aukinna nefndarstarfa á vegum ráðuneytisins, m.a. í tengslum við endurskoðun á almannatryggingalögum. Önnur rekstrargjöld hækka nokkuð vegna aukins skrifstofurýmis og kostnaðar sem fylgir fjölgun starfsmanna á síðasta ári. Framlag til stofnkostnaðar er 1.200 þús.kr., til húsgagna- og tækjakaupa.

271 Tryggingastofnun ríksins

Fjárframlög til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga nema samtals 16.918 m.kr. Er þar miðað við áætlað meðalverðlag ársins 1989. Auk þess er framlag til almenns rekstrar og stjórnunar stofnunarinnar. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting útgjalda milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1988:

Almannatryggingar 1988 og 1989

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	164	215	51	31
Lífeyristryggingar	8.949	10.760	1.811	20
Sjúkratryggingar	5.078	5.840	762	15
Slysatryggingar	273	318	45	16
Viðhald húseignar	12	-	-12	.
Samtals	14.476	17.133	2.657	18

Sömu forsendur gilda um framlög til almannatrygginga og við eiga um laun og verðlag í frumvarpinu. Þá er og tekið tillit til hækkunar framlaga til fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja í samræmi við lög nr. 57 og 59/1987.

1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 215.000 þús.kr. en var 164.000 þús.kr. í fjárlögum 1988. Fastar stöður eru 124 og er það fjölgun um 11,3 stöðugildi frá fjárlögum 1988. Þessar stöður hafa verið heimilaðar af ráðninganefnd.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 10.760 m.kr. og hækkar um 20% frá fjárlögum 1988. Í áætlun fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir hækkun framlags vegna fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja en lenging fæðingarorlofs úr fjórum mánuðum í fimm tekur gildi 1. janúar 1989. Útgjaldaaukning á árinu 1988 af þessum sökum er talin munu nema um 200 m.kr. Að öðru leyti tekur áætlun fyrir árið 1989 mið af hækkun bóta fyrr á þessu ári ásamt almennum launahækkunum. Gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og að fenginni reynslu síðustu ára. Að meðaltali fjölgar ellilífeyrisþegum um 1,5% árlega, en fjölgun í öðrum bótaflokkum er óreglulegri. Í eftirfarandi yfirliti koma fram áætluð útgjöld lífeyristrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög 1988:

Lífeyristryggingar 1988 og 1989

		Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
	Gjöld	**9.649**	**11.573**	**1.924**	20
101–103	Lífeyrir og örorkubætur	7.605	8.827	1.222	16
	Elli- og örorkulífeyrir	2.650	3.034	384	14
	Tekjutrygging	3.325	4.084	759	23
	Uppbót, bílakaupastyrkir o.fl.	655	901	246	38
	Heimilisuppbót	700	583	–117	–17
	Örorkustyrkur	275	225	–50	–18
104	Barnalífeyrir	160	214	54	34
105,107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	150	180	30	20
106	Mæðra- og feðralaun	480	578	98	20
108	Fæðingarorlof	500	894	394	79
120	Meðlög	700	813	113	16
171	Vextir	54	67	13	24
	Tekjur	**9.649**	**11.573**	**1.924**	20
180	Framlög ríkissjóðs	8.949	10.760	1.811	20
181	Meðlög, sveitarfélög	700	813	113	16

Almennar bótahækkanir á árinu 1988 eru eftirfarandi: Frá 1. janúar hækkaði grunnlífeyrir um 5% og tekjutrygging og heimilisuppbót um 8%, frá 1. febrúar hækkuðu allar bætur um 2% og frá 1. júní hækkuðu bætur um 10%. Frá 1. október hækkaði tekjutrygging og heimilisuppbót um 3%. Á árinu 1989 er miðað við sömu forsendur og í hækkun launaliðar frumvarpsins.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 5.840 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1988 og 1989

		Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
	Gjöld	**6.420**	**7.255**	**835**	**13**
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.255	2.200	-55	-2
302	Heimaþjónusta við aldraða	105	114	9	9
303	Hjálpartæki	230	364	134	58
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga	140	150	10	7
310	Lækniskostnaður	800	1.011	211	26
311	Tannlæknakostnaður	410	460	50	12
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	790	867	77	10
315	Lyfjakostnaður	1.390	1.618	228	16
316	Sjúkradagpeningar	200	208	8	4
	Bifreiðakaupastyrkir	-	23	23	.
370	Rekstrarkostnaður	100	120	20	20
	Vextir	-	120	120	.
	Tekjur	**6.420**	**7.255**	**835**	13
380	Hlutur ríkissjóðs	5.060	5.840	780	15
	Hlutur sveitarfélaga	1.360	1.415	55	4

Hækkun einstakra liða er mismunandi mikil. Lækkun á vistgjöldum sjúkrastofnana skýrist af því að nú er gert ráð fyrir því að tíu stofnanir, sem áður fengu greiðslur af daggjöldum, verði fluttar af sjúkratryggingum og verði sérstök viðfangsefni í fjárlögum. Hefur þetta í för með sér að um 580 m.kr. flytjast af sjúkratryggingum. Er það nánar skýrt undir liðunum *350–357 og 359–368 og 372, Sjúkrahús*. Á móti kemur um 100 m.kr. framlag til að mæta halla þessara sjúkrastofnana á árinu 1988. Eftirfarandi hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrargjalda þeirra hjúkrunarheimila og sjúkrastofnana sem fá daggjöld: 1. janúar 1988 varð 5,0% hækkun, 1. mars 3,4% og 1. júlí 9,8%. Hafa daggjöld því hækkað um 19,2% frá upphafi ársins til 1. september 1988. Verðstöðvun til loka ársins gerir að verkum að þau eru ekki talin hækka frekar á árinu 1988. Aðrir útgjaldaþættir sjúkratrygginga hækka í samræmi við almennar launa-, verðlags- og gengisforsendur frumvarpsins auk þess sem tekið er tillit til útkomu ársins 1987 og fyrstu mánaða 1988. Hækkun á framlögum til annarra þátta en daggjalda er nokkur. Nú er gert ráð fyrir 120 m.kr. vaxtakostnaði vegna lántöku sjúkratrygginga hjá vörslusjóðum Tryggingastofnunar ríkisins og er það breyting frá gildandi fjárlögum. Þykir rétt að áætla sérstaklega fyrir þessum vaxtakostnaði þar sem hann hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá aukast nokkuð útgjöld til hjálpartækjakaupa og til greiðslu á lækniskostnaði. Stór hluti lyfjakostnaðar er vegna innfluttra lyfja. Því eru útgjöld til þeirra kaupa fyrst og fremst háð gengisþróun. Eins og fram kemur í almennri greinargerð gerir frumvarp þetta ráð fyrir að ráðstafanir verði gerðar á árinu 1989 til lækkunar á kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Tillögur þessar miðast við að lækka megi lyfjakostnað um 80 m.kr., 70 m.kr. megi spari með því að taka upp tilvísunarkerfi að nýju og hagræða sérfræðiþjónustu og 20 m.kr. með bættum rekstri rannsóknarstofa.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 318 m.kr. Innheimtar markaðar tekjur í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 142/1987 eru sömuleiðis áætlaðar 318 m.kr. sbr. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Samkvæmt 15. gr. l. nr. 64/1981 skal framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs vera tvöfalt hærra en iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins. Sveitarfélögum ber samkvæmt sömu lögum að greiða til sjóðsins jafnhátt framlag og atvinnurekendur greiða. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins eru iðgjöld áætluð 277 m.kr. Framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði átt að nema 554 m.kr. á árinu 1989. Í 5. gr. l. nr. 83/1988 er gert ráð fyrir að fé, sem ríkissjóður leggur Atvinnutryggingarsjóði til, sé tekið af framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessum fjárlagalið er því það fé sem kemur inn sem iðgjöld. Tekjur sjóðsins að frátöldum eigin tekjum eru því áætlaðar 544 millj.kr., þ.e. framlög sveitarfélaga til viðbótar iðgjöldum.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 88,6 m.kr. og hækkar um 7% frá gildandi fjárlögum. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985, um framlengingu á greiðslum bóta vegna eftirlaunasjóðs aldraðra til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Rekstrarfjárveiting til landlæknisembættisins nemur 22,7 m.kr. og hækkar um 25% frá gildandi fjárlögum. Framlag til yfirstjórnar er miðað við óbreytta starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1988 og byggist launatala á 6,25 föstum stöðum. Til viðbótar er gert ráð fyrir einu stöðugildi til tímabundinna verkefna. Til kaupa á tölvubúnaði á að verja 1 m.kr.

324 Heyrnar- og talmeinastöð

Framlag til rekstrar nemur 25,2 m.kr. og hækkar um 15% frá gildandi fjárlögum. Miðað er við að föst stöðugildi verði 18 að tölu, en auk eins verkefnisráðins sérfræðings sem bætt hefur verið við stöðina. Tilfærslur hækka umfram verðlagsforsendur og verða 25 m.kr. samanborið við 18.400 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Eru þær til heyrnartækjakaupa einstaklinga.

325 Hollustuvernd ríkisins

Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, breytist stjórnarform Hollustuverndar ríkisins. Deildir stofnunarinnar verða nú fjórar, auk yfirstjórnar, og tekur ný deild, eiturefnaeftirlit, til starfa 1. janúar 1989. Nýju lögin gera einnig ráð fyrir aukinni starfsemi stofnunarinnar og má nefna sérstaklega eftirlit með innfluttum matvælum sem 3 m.kr. eru ætlaðar til á árinu 1989. Leiða þessar breytingar til umtalsverðrar hækkunar á framlagi til stofnunarinnar í heild sem hækkar um 47% frá fjárlögum 1988. Stöðugildi fastráðinna starfsmanna eru nú 24,3. Eru það 5,3 stöðugildi hjá yfirstjórn, 4 hjá heilbrigðiseftirliti, 11 hjá rannsóknarstofu og 4 við mengunarvarnir. Til viðbótar eru tvær og hálf staða verkefnaráðinna starfsmanna, þar af hálf á aðalskrifstofu, ein við mengunarvarnir og ein staða við eiturefnaeftirlit sem er nýtt viðfangsefni.

326 Sjónstöð Íslands

Fjárveiting nemur 19.807 þús.kr. og hækkar um 80% frá fjárlögum 1988. Hækkun umfram verðlagsforsendur stafar af því að nú er tekið upp nýtt framlag, 5.700 þús.kr., til greiðslu á sjóntækjum gegnum Sjónstöðina sem áður voru greidd af sjúkratrygg-

ingum. Þessi breyting á fyrirkomulagi leiðir af sér að sértekjur, sem áætlaðar eru 1.310 þús.kr. á gildandi fjárlögum, falla brott. Lækka útgjöld sjúkratrygginga sem þessu nemur.

327 Geislavarnir ríkisins

Heildarfjárveiting til rekstrar nemur 7.946 þús.kr. og hækkar um 22% frá fjárlögum ársins 1988. Reiknað er með 4,5 föstum stöðum og einni til tímabundinna verkefna. Hækkun launa stafar af því að nú er reiknað með kostnaði í heilt ár af stöðu sem fjárveitinganefnd leyfði í síðustu fjárlögum hluta ársins 1988. Einnig hækka gjöld vegna geislamælinga og stærra húsnæðis. Fjárveiting til tækjakaupa er 1.200 þús.kr. Þá verður varið 8.900 þús. kr. til að ganga frá húsnæði fyrir geislamælitæki sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin gaf Geislavörnum og komin eru til landsins.

340 Málefni fatlaðra

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Heildarframlag nemur 31.430 þús. kr. og hækkar um 18% frá gildandi fjárlögum.

350–357 og 359–368 Sjúkrahús

Hér verður fjallað sameiginlega um öll sjúkrahús sveitarfélaga nema Borgarspítalann í Reykjavík og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Launaáætlanir fyrir árið 1989 byggjast á heimiluðum stöðum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli á föst laun fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.s.frv. Hámarksálag á föst laun grunnheimilda er 70% auk launatengdra gjalda, en er að hámarki 69% í gildandi fjárlögum. Alls hækka laun um 17% frá fjárlögum 1988 og er hækkun umfram verðlagsforsendur m.a. vegna hærra álagshlutfalls. Áætlunin byggist á svo til óbreyttri starfsemi sjúkrahúsanna. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stöðum við sjúkrahúsin en þær eru þessar: Á Héraðshæli Austur-Húvetninga að Blönduósi er gert ráð fyrir stöðu framkvæmdastjóra. Á Sauðárkróki er áætlað fyrir 5,6 stöðum sjúkraliðanema í samræmi við ákvörðum að hefja sjúkraliðanám við fjölbrautaskóla staðarins. Grunnstöðum við eftirtalin sjúkrahús hefur verið fjölgað og er þar um leiðréttingu að ræða: Neskaupstað um tvær stöður, á Sjúkrahúsi Suðurlands Selfossi er fjölgað um sex og hálfa stöðu, þar af hálf staða læknis, og loks á Húsavík um fjórar stöður. Að auki er þar ráðinn trésmiður til viðhalds og eru rekstrargjöld lækkuð á móti launakostnaði hans. Stöðugildi skiptast sem hér segir á sjúkrahús:

Sjúkrahúsið Akranesi	160
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32
Sjúkrahúsið Ísafirði	61
Héraðshæli A-Hún., Blönduósi	57
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	120,6
Sjúkrahúsið Siglufirði	53
Sjúkrahúsið Húsavík	96
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	29
Sjúkrahúsið Neskaupstað	62
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39
Sjúkrahúsið Selfossi	93,5
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,3
Sjúkrahúsið Keflavík	66
Sólvangur, Hafnarfirði	120

Við áætlun annarra gjalda hefur fyrst og fremst verið stuðst við ársreikning fyrir 1987 og framlag í fjárlögum 1988. Í þeirri áætlun felst almennt rekstrarviðhald og minniháttar tækjakaup. Í áætlun um önnur gjöld er tekið tillit til væntanlegs flutnings Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í nýtt húsnæði. Undir fjárlagalið 08–381 er óskipt framlag til meiri háttar viðhalds og tækjakaupa þessara sjúkrahúsa. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sjá um skiptingu þess fjár. Um framlög til stofnkostnaðar við þessi sjúkrahús vísast til umsagnar um fjárlagalið 08–381. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvert framlag er til rekstrar hvers sjúkrahúss og samanburður við framlög í fjárlögum 1988.

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sjúkrahúsið Akranesi	271.670	307.946	36.276	13
Sjúkrahúsið Patreksfirði	57.763	61.836	4.073	7
Sjúkrahúsið Ísafirði	100.272	124.855	24.583	25
Héraðshæli A-Hún. Blönduósi	76.314	87.669	11.355	15
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	172.375	197.730	25.355	15
Sjúkrahúsið Siglufirði	82.796	95.809	13.013	16
Sjúkrahúsið Húsavík	145.845	175.879	30.034	21
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	51.772	59.371	7.599	15
Sjúkrahúsið Neskaupstað	104.217	122.807	18.590	18
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	62.670	75.763	13.093	21
Sjúkrahúsið Selfossi	135.509	166.498	30.989	23
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	120.008	134.711	14.703	12
Sjúkrahúsið Keflavík	110.074	128.384	18.310	17
Sólvangur, Hafnarfirði	145.460	166.355	20.895	14
Samtals	1.636.745	1.905.613	268.868	16

Áformað er að flytja alls tíu sjúkrastofnanir af daggjaldagreiðslum yfir á sérstök viðfangsefni fjárlaga árið 1989. Um er að ræða þær níu stofnanir sem um getur í töflunni hér á eftir auk Fæðingarheimilis Reykjavíkur sem flyst undir Borgarspítalann. Er það einvörðungu breyting á greiðslufyrirkomulagi. Fjallað er um Fæðingarheimili Reykjavíkur undir viðfangsefninu *08–372 Borgarspítalinn*. Aðrar stofnanir eru undir fjárlaganúmerunum *08-400-408*. Heilbrigðisráðherra skipaði nefnd til að gera tillögur um fjárframlag til þessara stofnana. Í nefndinni voru fulltrúar heilbrigðisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Ríkisendurskoðunar, Landssambands sjúkrahúsa og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin hélt fundi með fulltrúum allra þeirra sjúkrastofnana sem um ræðir og kynnti sér einnig fjármál og rekstur þeirra af ársreikningum og fleiri upplýsingum, svo sem gögnum daggjaldanefndar. Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi sjúkrastofnananna og er byggð á niðurstöðum nefndarinnar. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjöldi stöðugilda og skipting rekstrargjalda (í þús. kr.):

	Laun	Önnur gjöld	Sértekjur	Samtals	Stöðugildi
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	142.421	67.400	12.360	197.461	105
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	51.513	26.040	2.500	75.053	43
Sjúkrahúsið Hvammstanga	49.901	18.640	1.270	67.271	40
Sjúkrahús Bolungavíkur	19.977	7.250	390	26.837	18
Sjúkrahúsið Hólmavík	13.005	5.350	100	18.255	12
Sjúkraskýlið Þingeyri	6.589	1.820	30	8.379	7
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5.355	1.920	–	7.275	5
Sundabúð II, Vopnafirði	12.836	6.040	730	18.146	12
Sunnuhlíð, Kópavogi	51.160	21.720	1.780	71.100	42
Samtals	352.757	156.180	19.160	489.777	284

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Heildarframlag til rekstrar sjúkrahússins er 785.462 þús.kr. sem er hækkun um 14% frá fjárlögum 1988. Laun eru 590.252 þús.kr. og hækka um 16%. Stöðuheimildir teljast 396 og fjölgar um sex frá fjárlögum 1988 sem stafar af því að verið er að taka í notkun nýtt húsnæði og auka starfsemi sjúkrahússins. Til annarra gjalda og minni eignakaupa er varið 261.240 þús.kr. og sértekjur eru áætlaðar 66.030 þús.kr. Framlag til meiri háttar viðhalds búnaðar og húseigna er 6.100 þús.kr. og til meiri háttar eignakaupa eru veittar 11.600 þús.kr. og er það ætlað til endurnýjunar og viðhalds á þeim tækjakosti sem fyrir er á spítalanum og til kaupa á allra nauðsynlegasta búnaði. Til nýbyggingar sjúkrahússins er varið 45.700 þús.kr. Framlagið er miðað við framkvæmdaáætlun við sjúkrahúsið á árunum 1988–1990 og er framhald á stefnu gildandi fjárlaga. Sú breyting hefur þó verið gerð á áætluninni að lánsheimild til kaupa á röntgentækjum var rýmkuð í 62 m.kr. þannig að einnig er gert ráð fyrir að keypt verði tölvusneiðmyndatæki. Gert er ráð fyrir að kaup á slíku tæki valdi ekki umtalsverðum kostnaði vegna uppsetningar og reksturs á tækinu og er fastlega reiknað með að ekki þurfi að fjölga stöðum vegna tilkomu tölvusneiðmyndatækisins. Hlutur ríkissjóðs í afborgun af láni vegna kaupanna er 85% og greiðist til baka í þrennu lagi án vaxta á árunum 1989–1991.

371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru níu talsins eins og í gildandi fjárlögum. Þar af eru þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni, eitt viðhaldsviðfangsefni og fimm rekstrarviðfangsefni. Að auki er eitt viðfangsefni, *190, Óbreytt starfsemi*, sem sýnir aukningu frá óbreyttri starfsemi spítalans sérstaklega. Þetta viðfangsefni verður fært á viðkomandi deildir og fellur út fyrir afgreiðslu fjárlaga. Heildarfjárveiting til rekstrar spítalanna nemur 4.187.019 þús.kr. og er það 12% hækkun frá fjárlögum 1988. Stöðuheimildir eru nú 2.118,18 talsins og eru sjúkraliðanemar og röntgentækninemar taldir með í þeirri tölu. Á föst heimiluð laun er bætt um 71% álagi til þess að mæta afleysingum, yfirvinnu og launatengdum gjöldum. Í fjárlögum 1988 eru heimildir 2.073,18 auk 34 nema eða samtals 2.107,18. Fjölgað er því um ellefu stöður, þ.e. tvær stöður aðstoðarlækna á bæklunardeild, eina stöðu sérfræðings á svæfinga- og gjörgæsludeild, hálfa stöðu sérfræðings í hjartaskurðlækningum, tvær og hálf stöðu vegna samstarfsverkefnis Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði og krabbameinslækningardeildar, eina stöðu sérfræðings við frumurannsókir, eina og hálfa stöðu vegna þriggja ára rannsóknarverkefnis um hversu fýsilegar séu forvarnaaðgerðir gegn ofnæmi og að lokum tvær og hálfa stöðu til bráðamóttöku. Stöðuheimildir skiptast á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Stöðuheimildir á ríkisspítölum

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	1.021,30
Geðdeild	439,70
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	182,25
Stoðdeildir, rannsóknastofur	190,25
Þjónustudeildir	284,68

Samtals nemur framlag vegna launa 2.952.369 þús.kr. og hækkar um 10% frá gildandi fjárlögum. Önnur gjöld vegna rekstrar nema 1.619.470 þús.kr. og hækka um 21%. Helstu breytingar eru aukin rekstrargjöld vegna bráðamóttökudeildar og hjartaskurðlækninga. Sértekjur nema 422.070 þús.kr. og hækka um 16%. Í eftirfarandi töflu sést skipting rekstrarframlags á hvert viðfangsefni og breyting frá fjárlögum 1988:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeildir	1.773	2.113	340	19
Geðdeild	625	698	73	12
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	264	283	19	7
Stoðdeildir, rannsóknastofur	284	223	-61	-21
Þjónustudeildir	745	877	132	18
Óbreytt starfsemi	-	11	11	
Samtals	3.691	4.205	514	14

Hækkun er mismikil enda um tilfærslur að ræða á milli viðfangsefna og því er ekki um fyllilega sambærilegar tölur að ræða milli ára. Þannig telst hjúkrunarfólk á röntgen- og krabbameinslækningadeild nú með almennu hjúkrunarsviði undir viðfangsefni 1.10 en var áður undir viðfangsefni 1.40. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 48.700 þús.kr. Til almennra eignakaupa og lækningatækja eru áætlaðar 58.500 þús.kr. Til framkvæmda á vegum stjórnarnefndar eru 26.500 þús.kr. og til framkvæmda á vegum yfirstjórnar mannvirkjagerðar á landspítalalóð eru ráðgerðar samtals 130.500 þús.kr. Þar af eru 70.000 þús.kr. vegna tækjakaupa, búnaðar og til að ljúka krabbameinslækningadeild og 1. áfanga. Til almenns kostnaðar og áætlunargerðar er varið 5.000 þús.kr. og allt að 55.500 þús.kr. eru til innréttingar á 1. og 2. hæð K-byggingar fyrir rannsóknastofur. Sú upphæð mun þó skerðast ef viðbótarfjárþörf verður vegna framkvæmda síðustu mánaða ársins 1988. Til framkvæmda að Ármúla 1 eru áætlaðar 79.100 þús.kr. og er sú fjárveiting til áframhaldandi framkvæmda við innréttingar hússins.

372 Borgarspítalinn í Reykjavík

Heildarfjárveiting til spítalans er 2.028.139 þús.kr. Þar af eru 1.536.999 þús.kr. vegna launakostnaðar, 722.410 þús.kr. til annarra rekstrargjalda utan stærri viðhaldsverkefna, en til þeirra er varið 32.200 þús.kr. Ætlað er að verja 42.800 þús.kr. til ýmissa eignakaupa, aðallega til endurnýjunar og viðhalds tækja. Loks ganga 10.900 þús.kr. til nýframkvæmda, aðallega við B-álmu. Sértekjur eru áætlaðar 317.170 þús.kr. Föst stöðugildi verða 1.125,5 að tölu að meðtöldum 20 stöðum sjúkraliðanema. Fjölgar stöðum um 85,5 og þar af eru 34 stöður vegna nýrrar starfsemi í B-álmu sem áætlað er fyrir frá og með 1. september 1989. Einnig eru 3,5 stöður vegna bókhalds sem nú er fært hjá spítalanum en var áður hjá Reykjavíkurborg, svo og tilflutningur á 48 stöðum

vegna Fæðingarheimilis Reykjavíkur sem nú er talið hluti sjúkrahússins en var áður á daggjöldum. Á föst laun fyrir heimilaðar stöður er 71% álag til að mæta afleysingum, yfirvinnu o.fl. og er auk þess áætlað fyrir launatengdum gjöldum. Framlag til launa nemur alls 1.536.999 þús.kr. sem áður greinir og er hækkunin 17% frá fjárlögum 1988. Flutningur Fæðingarheimilis af daggjöldum sjúkratrygginga yfir á föst fjárlög hækkar heildarkostnað við rekstur Borgarspítalans um 90.044 þús.kr. Þar af nema laun 60.512 þús.kr.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Heildarframlag til spítalans nemur 933.811 þús.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 909.911 þús.kr. Þar af eru laun 661.771 þús.kr. og hækka um 11%. Byggist áætlunin á föstum launum 445,7 grunnheimilda. Þar af eru þrjár nýjar stöður hjúkrunarfræðinga á móttökudeild og staða viðskiptafræðings. Tólf stöðugildi sjúkraliðanema eru þar meðtalin auk 36,7 stöðuheimilda í hjúkrunardeild í Hafnarbúðum. Álag ofan á föst laun nemur 70% vegna launatengdra gjalda, yfirvinnu, orlofs o.fl. Auk launagrunnheimilda er áætlað fyrir verk- og lífeyrisgreiðslum til 32ja sérfræðinga. Önnur gjöld vegna rekstrar og minni háttar tækjakaupa eru 351.500 þús.kr. Sértekjur eru áætlaðar 103.360 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds er varið 9.500 þús.kr. og til endurnýjunar og viðhalds tækja 14.400 þús.kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Styrkir til rekstrar heilsuverndarstöðva eru áætlaðir 21.670 þús.kr. og fara aðallega til uppgjörs við Reykjavíkurborg vegna rekstrar Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Á viðfangsefnið *viðhald sjúkrahúsa, óskipt* eru áætlaðar 23.200 þús.kr. Framlagið er til ýmissa stærri viðhaldsverkefna hjá þeim sjúkrahúsum sem upp eru talin og um er fjallað undir fjárlagaliðum 08–350–357, 359–368 og 400–407. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun skipta þessum lið og meta hvaða verkefni þurfa að njóta forgangs. Til hvers konar tækjakaupa eru áætlaðar 30.000 þús.kr. og er það aðallega til endurnýjunar á stærri tækjum svo sem röntgentækjum samkvæmt nánari áætlun heilbrigðisyfirvalda. Til *bygginga sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* er nú varið 200 m.kr. Fjárveitinganefnd mun að venju skipta þessum lið á einstök verkefni. Í sérstöku fylgiskjali er að finna yfirlit um allar framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir sem unnið er að á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra nemur 160 m.kr., hið sama og var í fjárlögum 1988. Sjóðurinn hefur ekki lengur markaðar tekjur og er hér því um beint framlag að ræða.

391 Heilsugæslustöðvar

Heildarfjárveiting er 425.436 þús.kr. og þar af eru 410.636 þús.kr. ætlaðar til rekstrar og 14.800 þús. kr. til viðhalds. Áætlað er fyrir 126 stöðum lækna en þær voru 120 í fjárlögum 1987. Þar af er ein staða læknis við heilsugæslustöð Hafnarfjarðar, ein staða á Austfjörðum og sú þriðja óstaðbundin. Auk þess koma til þrjár stöður lækna í heilsugæslustöð í Garðabæ og ein staða hjúkrunarfræðings þar. Ofangreindar stöður í Garðabæ eru allar fluttar af útgjöldum Tryggingastofnunar. Í fjárlögum 1988 var áætlað fyrir 131,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Því til viðbótar er ein staða í Garðabæ sem áður er getið, tvær stöður sem ráðninganefnd hefur heimilað

flutning á frá skólahjúkrun í Reykjavík og fjórar nýjar stöður sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun hvar verða. Samtals er því áætlað fyrir 264,4 stöðum á heilsugæslustöðvum, þar af eru 126 stöður lækna og 138,4 stöður hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Önnur gjöld eru fyrst og fremst kostnaður við námsferðir lækna svo og ferðakostnaður innan lands í tengslum við starfið. Til viðhalds eru áætlaðar 14.800 þ.kr. sem áður greinir og mun heilbrigðisráðuneytið skipta því fé í samvinnu við Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

395 Lyfjamál

Heildarútgjöld undir þessum lið nema 23.194 þús.kr. sem er 11% hækkun frá núgildandi fjárlögum. Á móti koma áætlaðar sértekjur að fjárhæð 23.530 þús. kr., 336 þús. kr. umfram gjöld. Sértekjur af lyfjaeftirlitsgjöldum og skráningargjöldum eru taldar hækka, en miðað er við áætlaða innheimtu ársins í ár. Litlar breytingar eru á starfsemi á milli ára en stöðum fjölgar um hálfa, í fjórar og hálfa. Er þar um að ræða hálfa stöðu skrifstofumanns sem heimiluð hefur verið fyrir Lyfjaeftirlit.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvernig fjárveitingar til þessa fjárlagaliðar skiptist og samanburður við fjárlög 1988. Undir þessum lið er sérstaklega varið 7.000 þús.kr. til bólusetningar gegn heilahimnubólgu og kemur sú fjárhæð undir kostnað skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Þá er 6.000 þús.kr. varið til sérstakrar neyslu- og manneldiskönnunar sem unnið verður að á næstu þremur árum í samvinnu við landbúnaðar-, viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið. Einnig er framlag til Norræna heilsugæsluskólans nú undir nýju viðfangsefni en var áður undir ýmsum framlögum og lækkar því sá liður á móti.

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Eiturefnanefnd	1.551	1.707	156	10
Daggjaldanefnd	2.107	2.608	501	24
Neyslu- og manneldismál	–	6.000	6.000	.
Krabbameinsfélag Íslands	53.400	60.950	7.550	14
Minningarsjóður Landspítalans	3.070	7.000	3.930	128
Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	2.500	2.850	350	14
Hjartavernd	5.640	6.270	630	11
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1.071	927	-144	-13
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	17.090	29.490	12.400	73
Tóbaksvarnir	4.600	5.130	530	12
Ljósmæðralaun	1.664	1.735	71	4
Norræni heilsugæsluskólinn	–	11.390	11.390	.
Sjúkraflug	2.000	–	-2.000	-100
Ýmis framlög	14.950	7.280	-7.670	-51
Kvartananefnd	40	150	110	275
Kynsjúkdómar, eyðni	10.080	5.890	-4.190	-42
Réttargeðlækningar	250	300	50	20
Samtals	120.013	149.677	29.664	25

471 Gæsluvistarsjóður, framlag

Tvö viðfangsefni eru undir þessum fjárlagalið og fækkar þeim um eitt frá gildandi fjárlögum þar eð fjárveiting til Verndar færist nú á einum stað undir fjárlagalið *06-283-1.10* hjá dómsmálaráðuneyti. Framlag til Gæsluvistarsjóðs nemur 6.000 þús. kr. en var 6.900 þús.kr. í fjárlögum 1988. Haldið er óbreyttri þeirri stefnu síðustu fjárlaga að veita árlega 15.000 þús.kr. til styrktar byggingu SÁÁ í Grafarvogi. Er þetta annað framlagið af fjórum.

481 Bindindisstarfsemi

Nýtt viðfangsefni er tekið upp undir þessum fjárlagalið, átak í áfengisvörnum. Framlag til þessa stendur í tengslum við l. nr. 38/1988 og er hér ætlað að verja 15 m.kr. til fræðslu og upplýsingastarfsemi um skaðsemi áfengis.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	134.582	193.926	59.344	44
Toll- og skattheimta	788.328	805.904	17.576	2
Lífeyrissjóðir	861.063	921.510	60.447	7
Annað	971.723	1.705.881	734.158	76
Samtals	2.755.696	3.627.221	871.525	32
Þar af markaður tekjustofn	155.000	160.000	5.000	3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytis er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum og starfsemi stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneyti.

101 Hið almenna ráðuneyti

Hjá aðalskrifstofu hafa umsvif aukist nokkuð, aðallega vegna skattkerfisbreytinga. Í fjárlögum líðandi árs er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna vegna þessa. Fjórir nýir starfsmenn sinna þessu verkefni af hálfu aðalskrifstofunnar. Fjárveiting var á fjárlagaliðnum *Skattstofur, sameiginleg útgjöld* en er nú áætlað fyrir kostnaði hér. Auk þessa hefur fjölgað um tæplega þrjú heilsdagsstörf, m.a. vegna verkefna við tekjuáætlanir o.fl. sem áður voru unnin af Þjóðhagsstofnun. Alls eru starfsmenn 32 talsins og þar af eru 22 á föstum launum en 10 eru ráðnir með skammtímasamningum og á ráðninganefnd ríkisins eftir að fjalla um stöðuheimildir. Framlag til aðalskrifstofu hækkar úr 41.486 þús. kr. í 67.810 þús. kr. eða um 63%. Þar af hækka laun um 15.974 þús. kr. en önnur rekstrargjöld um 9.350 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 1.000 þús. kr. og er ætlað til kaupa á tölvubúnaði og húsgögnum.

102 Launaskrifstofa ríkisins

Þetta er annað árið sem áætlað er sérstaklega fyrir rekstri þessarar stofnunar sem áður heyrði undir aðalskrifstofu og hét þá launadeild fjármálaráðuneytis. Áherslur í starfsemi launaskrifstofu hafa breyst nokkuð og verkefni aukist jafnt og þétt.

Launaskrifstofan er þjónustuaðili við ríkisstofnanir en hefur jafnframt með höndum eftirlit með starfsmannahaldi ríkisins. Ætlunin er að efla þann þátt starfseminnar. Bæst hefur við ein staða starfsmanns er sinnir samningamálum og eru þá stöðuheimildir stofnunarinnar alls 27. Þar af eru stöðugildi fastráðinna 12,17 en í 14,83 stöðugildi er lausráðið. Rekstrargjöld stofnunarinnar hækka úr 34.110 þús. kr. í 45.940 þús. kr. eða um 35%. Þar af hækka launagjöld um 5.420 þús. kr. en önnur rekstrargjöld um 6.560 þús. kr. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar að raungildi frá gildandi fjárlögum og eru helstu ástæður þess fyrrnefnd viðbótarstaða og hækkun kostnaðar vegna tölvutengingar við SKÝRR, auk hækkunar leigugjalda, en ráðgert er að stofnunin fái aukið húsrými að Sölvhólsgötu 7. Framlag til stofnkostnaðar er 3.600 þús. kr. vegna kaupa á tölvubúnaði.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til Ríkisbókhalds hækkar úr 31.670 þús. kr. í 44.445 þús. kr. Launagjöld hækka um 18% og verða 43.275 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 56% og verða 43.280 þús. kr. Stafar það aðallega af auknum kostnaði við tölvuvinnslu vegna þjónustu SKÝRR. Á móti er áætlað að þjónustutekjur af bókhaldskerfi ríkisins aukist nokkuð eða úr 32.750 þús. kr. í 43.410 þús. kr. Föst stöðugildi eru sem fyrr 26,5 en heimilt verður að lausráða í sex stöður eða tveimur fleiri en nú. Veitt er stofnkostnaðarframlag til kaupa á húsgögnum og öðrum búnaði.

104 Ríkisfjárhirsla

Rekstrarframlag til embættis ríkisféhirðis hækkar úr 17.209 þús. kr. í 19.521 þús. kr. eða um 13%. Launagjöld hækka um 16% og verða 13.601 þús. kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka hins vegar um 2% og verða 5.620 þús. kr. Verkefni ríkisféhirðis hafa aukist nokkuð undanfarið, svo sem vegna innheimtu stimpilgjalda, sölu ríkisvíxla, staðgreiðslu skatta o.fl. Af þessum sökum hefur verið bætt við hálfri stöðu skrifstofumanns og telst því stofnunin hafa alls tíu stöður, þar af eru föst stöðugildi 8,17. Gert er ráð fyrir að embætti ríkisféhirðis flytjist í nýtt húsnæði að Sölvhólsgötu 7 á árinu 1989.

105 Ríkislögmaður

Embætti ríkislögmanns var stofnað með lögum nr. 51/1985 og hefur hann nú starfað í fjögur ár. Framlag hækkar úr 9.107 þús. kr. í 12.610 þús. kr. eða um 38%. Launagjöld hækka nokkuð umfram verðlagsforsendur vegna vaxandi verkefna embættisins eða um 33%, úr 6.167 þús. kr. í 8.220 þús. kr. Starfsmönnum fjölgar ekki en áætlað er fyrir þriggja mánaða námsvinnu laganema og er það nýmæli. Önnur gjöld hækka úr 2.940 þús. kr. í 4.470 þús. kr. og er meginástæðan að málskostnaður og kostnaður vegna aðkeyptrar lögfræðiþjónustu hefur aukist.

201 Ríkisskattstjóri

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 101.175 þús. kr. í 120.317 þús. kr. eða um 19%. Í gildandi fjárlögum var stöðum fjölgað um tíu vegna upptöku staðgreiðslukerfis tekjuskatts einstaklinga. Nú er ætlað að bæta þurfi við fimm stöðum til viðbótar. Ráðninganefnd ríkisins á eftir að fjalla um þessar breytingar en fastar stöður hjá embættinu yrðu alls 66,5 með þessari viðbót. Vegna fjölgunar starfsmanna hækka launagjöld að raungildi og verða 97.257 þús. kr. en önnur rekstargjöld hækka úr 14.970 þús. kr. í 23.060 þús. kr.

202—211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 252.876 þús. kr. og hækkar um 32.035 þús. kr. eða 15% frá fjárlögum 1988. Í byrjun þessa árs var tekin upp staðgreiðsla á tekjuskatti einstaklinga og hefur það haft í för með sér breytingar og aukið álag hjá skattstofunum. Mannaflaþörf hefur aukist nokkuð vegna þessa og er því áætlað fyrir auknum launagjöldum hjá nokkrum skattstofum. Bætt er við fimm stöðugildum í samræmi við sérstaka úttekt á mannaflaþörf skattstofanna er gerð var á vegum fjármálaráðuneytis. Auk þess sem að framan er sagt verður að áætla fyrir auknum launakostnaði vegna undirbúnings fyrir virðisaukaskatt í ársbyrjun 1990. Þessi kostnaður er færður sem heildarupphæð á fjárlagaliðinn *Skattstofur, sameiginleg útgjöld* og kemur því ekki fram sem hækkun útgjalda hjá einstökum skattstofum. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting heildarframlagsins á einstakar skattstofur og fjöldi fastráðinna starfsmanna sem frumvarpið gerir ráð fyrir en ráðninganefnd ríkisins á eftir að staðfesta viðbótarstöðurnar:

	Fjöldi stöðugilda	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Skattstofan í Reykjavík	72	87.273	96.815	9.542	11
Skattstofa Vesturlands	11	13.760	18.764	5.004	36
Skattstofa Vestfjarða	5	10.173	12.122	1.949	19
Skattstofa Norðurlands vestra	7,17	11.912	12.493	581	5
Skattstofa Norðurlands eystra	18	25.268	29.929	4.661	18
Skattstofa Austurlands	9	14.766	16.512	1.746	12
Skattstofa Suðurlands	9	14.094	16.633	2.539	18
Skattstofa Vestmannaeyja	4	6.373	7.155	782	12
Skattstofa Reykjaness	32	37.222	42.453	5.231	14
Samtals	167,17	220.841	252.876	32.035	15

Breytingar á stöðuheimildum skattstofanna eru eftirfarandi: Fjölgað er um tvær stöður hjá *Skattstofu Vesturlands*, um eina stöðu hjá *Skattstofu Norðurlands eystra*, um eina stöðu hjá *Skattstofu Austurlands* og um 1,4 stöðugildi hjá *Skattstofu Reykjaness*. Þá er gert ráð fyrir að heimild *Skattstofu Norðurlands vestra* til að lausráða í 1,83 stöðugildi breytist í heimild til að fastráða í eina og hálfa stöðu til viðbótar. Launakostnaður hjá skattstofunum hækkar vegna þessarar mannaflaaukningar um liðlega 6.500 þús. kr. umfram almennar verðlagsforsendur. *Skattstofa Vestfjarða* er nú flutt í nýtt húsnæði í stjórnsýsluhúsi á Ísafirði og við það hækka rekstrargjöld hennar lítillega og sértekjur lækka vegna þess að leigutekjur af eldra húsnæði falla niður. Til *Skattstofunnar í Reykjavík* er veitt stofnkostnaðarframlag vegna tölvuvæðingar að upphæð 1.600 þús. kr. Fjárveiting að upphæð 1.000 þús. kr. er til stofnkostnaðar við *Skattstofu Vestfjarða* vegna frágangs og innréttingar á húsnæði. Á *Skattstofu Austurlands* fellur niður hálf staða skrifstofumanns sem áætlað var fyrir í gildandi fjárlögum vegna tímabundinna verkefna.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Framlag á þessum lið nemur alls 105.090 þús. kr. samanborið við 170.517 þús. kr. í fjárlögum 1988. Af þessum fjárlagalið hefur á undanförnum árum verið greiddur kostnaður við prentun á framtalsgögnum, tölvuvinnslu skattálagningar og fleira. Þessi útgjöld hafa farið um viðfangsefnið *1.01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld* og eru áætluð

65.990 þús. kr. með hliðsjón af reikningsniðurstöðu ársins 1987 og er það nokkur hækkun umfram verðlag. Í gildandi fjárlögum er áætlað í heild fyrir viðbótarkostnaði launa hjá skattstofunum vegna staðgreiðslu skatta undir viðfangsefninu *staðgreiðsla skatta*. Þetta viðfangsefni fellur nú niður þar sem þessi kostnaður er nú færður beint á skattstofurnar, sbr. athugasemdir að framan. Í ársbyrjun 1990 er fyrirhugað að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Fjölga þarf stöðum í skattakerfinu vegna þessa og til að undirbúa málið verður að áætla fyrir viðbótarkostnaði. Það er gert undir viðfangsefninu *virðisaukaskattur* og nemur sá kostnaður 39.100 þús. kr. Þar af eru launagjöld áætluð 16.800 þús. kr. og miðast upphæðin við greiðslu sjö ársverka. Auk virðisaukaskatts bíða nú fjölmörg verkefni í skattamálum úrlausnar og er óvarlegt að áætla ekki fé til nauðsynlegs undirbúnings.

261 Ríkistollstjóri

Hinn 1. september 1987 tóku gildi ný tollalög og höfðu þau í för með sér ýmsar breytingar á framkvæmd tollamála. Dregin hafa verið skörp skil milli embætta ríkistollstjóra og tollstjórans í Reykjavík. Við embætti ríkistollstjóra starfa Tollgæsla Íslands, endurskoðunardeild og tollstjórnardeild, en sú deild annast framkvæmd tollalöggjafarinnar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að fimm menn, sem starfa við tollendurskoðun, flyttust frá Ríkisendurskoðun til tollstjórans í Reykjavík. Í meðförum Alþingis varð sú breyting á að ákveðið var að þeir skyldu heyra undir ríkistollstjóra. Heimilaðar stöður hjá embættinu eru því alls 85 en þar af eru 82 starfsmenn með föst laun. Í athugun eru frekari skipulagsbreytingar í tengslum við framkvæmd tollgæslu, m.a. að flytja tollgæslumenn til embætta sýslumanna þar sem tollhafnir eru stórar. Rekstrarframlag ríkissjóðs til embættisins verður 151.323 þús. kr. en er 134.861 þús. kr. í fjárlögum líðandi árs. Launagjöld eru áætluð 128.373 þús. kr. og hækka um 13% frá fjárlögum 1988. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 30.010 þús. kr. eða 10% hærri en í gildandi fjárlögum. Stofnkostnaðarframlag til embættisins verður 4.700 þús. kr. og er ætlað til kaupa á tölvubúnaði, til hugbúnaðargerðar, til endurnýjunar á bifreið o.fl.

262 Tollstjórinn í Reykjavík

Undir tollstjórann heyra innheimta gjalda og skatta og öll meðferð tollskjala. Fastráðnir starfsmenn hjá tollstjóranum eru 65 og lausráðnir eru þrír. Við skipulagsbreytingar þær, sem nefndar eru í umfjöllun um embætti ríkistollstjóra, fluttust verkefni frá fjármálaráðuneyti og Hagstofu Íslands til embættis tollstjórans í Reykjavík. Fjárveiting til embættisins verður 114.688 þús. kr. eða 18% hærri en í fjárlögum 1988. Launagjöld hækka um 22% en önnur rekstrargjöld um 21%. Þess skal getið að u.þ.b. 43% af öðrum rekstrargjöldum eru til komin vegna rekstrar tölvukerfa embættisins hjá SKÝRR. Framlag til stofnkostnaðar er 4.000 þús. kr. og skiptist þannig að 500 þús. kr. eru til endurnýjunar á húsgögnum, 2.700 þús. kr. til endurnýjunar á tölvuskjám og 800 þús. kr. til að kaupa nýja stýrieiningu.

381 Uppbætur á lífeyri

Framlag nemur alls 921.510 þús. kr. en í fjárlögum 1988 er upphæðin 861.063 þús. kr. Útgjöldin eru áætluð 1.035.090 en frá dragast tekjur að upphæð 113.580 þús. kr. Framlagið hækkar því um 60.447 þús. kr. eða 7%.

402 Fasteignamat ríkisins

Fjárveiting til Fasteignamats ríkisins hækkar um 5.880 þús. kr. frá fjárlögum 1988 og verður 40.736 þús. kr. Launagjöld hækka um 13% og verða 42.716 þús. kr. en önnur rekstrargjöld hækka um 29% og verða 26.950 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 33.130 þús. kr. og byggist sú áætlun, eins og áætlun gjaldanna, á reikningsniðurstöðu ársins 1987. Stofnkostnaðarframlag að upphæð 4.200 þús. kr. er ætlað til kaupa á bifreiðum og ýmsum húsbúnaði og tækjum.

481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða skv. 6. gr. frumvarpsins svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Framlag er áætlað 150.000 þús. kr. eða jafnhá upphæð og í fjárlögum 1988.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og felast verkefni hennar í að annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbúa verkútboð og gerð verksamninga. Hjá stofnuninni starfa fjórtán fastráðnir menn og einn lausráðinn. Áætluð rekstrargjöld eru 34.430 þús. kr. Til bifreiðakaupa eru ætlaðar 2.100 þús. kr. og til tölvu- og búnaðarkaupa 1.000 þús. kr. Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður af sértekjum en henni er gert að skila til ríkissjóðs upphæð er nemur 20% launagjalda í samræmi við stefnumörkun um stofnanir sem standa undir rekstri með þjónustutekjum. Nánar má lesa um þetta í almennri athugasemd um sértekjur fremst í fjórða kafla. Nú er unnið að fjárhagsuppgjöri og skilagrein um fjölmargar opinberar byggingar undir eftirliti framkvæmdadeildar, sbr. fylgiskjal 1 með þessu frumvarpi.

971 Ríkisábyrgðasjóður

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1989 er áætlað 278.000 þús. kr. eða 78.000 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1988. Ástæða þessarar hækkunar er að auknar líkur eru á vanskilum lánþega við sjóðinn í kjölfar versnandi rekstrarafkomu þeirra. Áhættugjald ríkisábyrgða er markað sem tekjustofn sjóðsins og er það áætlað 160.000 þús. kr. sem er 10.000 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1988. Með lögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, var þetta gjald ákveðið þannig að greidd skyldu 1,5% af ábyrgðarupphæð í áhættugjald af einfaldri ábyrgð ríkissjóðs og 2% af sjálfskuldarábyrgð. Auk þess skulu aðilar, er njóta lögum samkvæmt ábyrgðar ríkissjóðs, greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Þessi fjárlagaliður skiptist nú í þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni. Að *Sölvhólsgötu 7* er fyrirhugað að ljúka öðrum áfanga viðbyggingar og byrja á þeim þriðja og er áætlað að það kosti 18.400 þús. kr. Lokafrágangi er frestað til 1990. Til að kosta flutning í Sambandshúsin svokölluðu að *Sölvhólsgötu 4 og Lindargötu 9a* og til kaupa á nauðsynlegum húsbúnaði eru ætlaðar 6.000 þús. kr. Frestað hefur verið fyrirhuguðum framkvæmdum vegna breytinga á þessum húsum sem áætlað var að myndu kosta nokkra milljónatugi. Þriðja framlagið, 4.000 þús. kr., er vegna lokafrágangs sameignar í kjallara að *Laugavegi 118d* en þar hafa ýmsar ríkisstofnanir aðsetur, m.a. Geislavarnir ríkisins. Kostnaður við innréttingu húsnæðis Geislavarna er greiddur af stofnkostnaðarfjárveitingu stofnunarinnar.

989 Launa- og verðlagsmál

Frumvarp þetta er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Stuðst er við mat Þjóðhagsstofnunar á verðlags- og veltuþróun eins og rakið er í inngangsköflum greinargerðar þessarar. Rekstrarframlag til einstakra stofnana í A-hluta eru á áætluðu verðlagi í janúar 1989. Fjárveitingu á þessum fjárlagalið mun varið til að verðbæta rekstrarfjárveitingar til stofnana á árinu 1989 eftir því sem verðlagsbreytingar gefa tilefni til. Við ákvörðun fjárhæðar til verðbóta launa var tekið tillit til væntanlegra samdráttaráhrifa fyrirhugaðs eftirlits- og hagræðingarátaks, sem nánar er gerð grein fyrir í almennum hluta greinargerðar. Lækkun útgjalda 1989 af þessum tilefni er áætluð 600 milljónir króna.

997 Niðurgreiðslur á fiski

Þessi fjárlagaliður var tekinn upp í gildandi fjárlögum vegna álagningar söluskatts á matvæli. Þar sem lækkun tolla og vörugjalds hafði ekki áhrif til lækkunar á fiskverði var ákveðið að greiða niður sem svaraði 15% af verðhækkunaráhrifum söluskattsins. Þessar niðurgreiðslur eru áætlaðar 160.000 þús. kr. í gildandi fjárlögum en 176.580 þús. kr. á árinu 1989.

999 Ýmislegt

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting framlags á einstök viðfangsefni þessa fjárlagaliðar:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
1.10 Símakostnaður og burðargjöld	28.871	35.268	6.397	22
1.11 Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	34.610	35.340	730	2
1.12 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	41.080	67.150	26.070	63
1.13 Kjarasamningar	1.840	5.222	3.382	184
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1.510	1.730	220	15
1.15 Kjararannsóknir	290	2.804	2.514	867
1.16 Bókhaldskerfi ríkisins	1.260	1.770	510	40
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	14.650	15.000	350	2
1.18 Til blaðanna, að fengnum tillögum				
1.18 Styrkur til dagblaðaútgáfu	29.484	50.000	20.516	70
1.30 Lífeyrissjóðir sjómanna	900	990	90	10
1.31 Lífeyrissjóður bænda	57.780	75.790	18.010	31
1.40 Milliþinganefndir	170	230	60	35
1.60 Dómkröfur og málskostnaður	8.190	5.890	-2.300	-28
1.61 Ýmis innheimtukostnaður	20.650	28.480	7.830	38
1.62 Þungaskattsálagning með ökumælum	2.006	3.771	1.765	88
1.70 Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	15.876	22.000	6.124	39
1.90 Óviss útgjöld	40.000	35.000	-5.000	-13
6.10 Símstöð	20.000	-	-20.000	.
Samtals	319.167	386.435	67.268	21

Helstu breytingar, sem vert er að nefna, eru þessar: Heimiluð hefur verið staða undir viðfangsefninu *09-999-1.15 Kjararannsóknir* en þar var áður tilfærsla sem í fjárlögum líðandi árs er 290 þús. kr. Starfsmaðurinn er ráðinn til að safna gögnum um launakjör ríkisstarfsmanna og vinna úr þeim. Þá hefur skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds aukist nokkuð í kjölfar staðgreiðslukerfis tekjuskatts einstaklinga en sams konar kostnaður vegna launagreiðslna hefur hins vegar lækkað miðað við fjárlög nú.

Skipulagsbreytingar á innheimtu ýmissa skatta og gjalda á landsbyggðinni hefur í för með sér tilfærslu á kostnaði þannig að áætluð er nokkur hækkun á viðfangsefninu *09-999-1.61 Ýmis innheimtukostnaður*. Ekki er áformað að á næsta ári verði stofnsettar nýjar gjaldheimtur en gert ráð fyrir að innheimta staðgreiðslufjár, þinggjalda og sveitarsjóðagjalda verði með óbreyttum hætti, þ.e. í höndum innheimtumanna ríkissjóðs og viðkomandi sveitarfélaga þar sem ekki eru starfandi gjaldheimtur. Rétt þykir að bíða með frekari ákvörðun um breytingar í þessu efni þar til fengin er reynsla af því fyrirkomulagi sem nú er með hliðsjón af staðgreiðslu og breyttum skattalögum.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	34.400	37.903	3.503	10
Póst- og símamál	127.000	138.000	11.000	9
Vegamál	2.775.015	3.104.991	329.976	12
Önnur samgöngumál	1.575.703	1.595.838	20.135	1
Samtals	4.512.118	4.876.732	364.614	8
Þar af markaðir tekjustofnar	2.861.215	3.179.991	318.776	11

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir: Tekjur af þungaskatti hækka úr 900.000 þús. kr. í 965.000 þús. kr. Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 2.600.000 þús. kr. samanborið við 2.000.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Samtals nema þessar tekjur 3.565.000 þús. kr. en 2.900.000 þús. kr. á árinu 1988. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 23.200 þús. kr. í 26.000 þús. kr. Skipaskoðunargjald er áætlað 39.000 þús. kr. samanborið við 35.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, voru sett ákvæði um mörkun tekna af flugvallagjaldi og eldsneytisnotkun. Tekjur af þessum stofni eru innheimtar beint til Flugmálastjórnar og fara til framkvæmda á flugvöllum.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til aðalskrifstofu samgönguráðuneytis hækkar úr 33.800 þús. kr. á árinu 1988 í 37.903 þús. kr. eða um 12%. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri skrifstofunnar á árinu 1989. Starfsmenn verða tólf eins og áður, þar af einn lausráðinn.

102 Póst- og símamálastofnunin

Í fjárlögum fyrir árið 1988 eru veittar 127.000 þús. kr. til Póst- og símamálastofnunar undir þessum fjárlagalið. Eru þetta skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Nú eru þessar tekjur áætlaðar 138.000 þús. kr. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

211 Vegagerð ríkisins

Framlag til Vegagerðar ríkisins verður nú 3.105 milljónir króna sem er 7% hækkun frá fjárlögum 1988 en 12% hækkun ef miðað er við þær breytingar sem gerðar voru á fjárlögum 1988 vegna efnahagsaðgerða með lögum nr. 10/1988. Tekjustofnar til vegamála eru bensíngjald og þungaskattur og er því ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum. Leitað er heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 til að skerða lögbundið framlag ríkissjóðs til Vegagerðarinnar.

321 Strandferðir, framlög

Framlög undir þessum lið eru nú áformuð 245.020 þús. kr. samanborið við 247.719 þús. kr. á árinu 1988. Fyrirkomulag á þeirri þjónustu, sem Skipaútgerð ríkisins hefur annast, er nú til endurskoðunar. Af þeim sökum er fjárveitingum breytt þannig að beint framlag ríkissjóðs til rekstrar *Skipaútgerðar ríkisins* verður 61.000 þús. kr. en til *endurskipulagningar strandflutninga* eru veittar 94.000 þús. kr. og verður ákvörðun um hvernig því framlagi verður varið tekin að lokinni áðurnefndri endurskoðun. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabátar og vöruflutningar* nemur 90.020 þús. kr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárins þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Framlag til rekstrar vita- og hafnamálaskrifstofunnar nemur 27.169 þús. kr. og hækkar um 12% frá gildandi fjárlögum. Launaliður hækkar um 16% sem m.a. má rekja til þess að lausráðnum starfsmönnum hefur fjölgað um einn. Heimilaðar fastar stöður verða eftir sem áður 25. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 20% frá árinu 1988 og verða 14.030 þús. kr. Sértekjum er ætlað að hækka úr 21.750 þús. kr. í 26.730 þús. kr. eða um 23%. Þá er gert ráð fyrir 1.500 þús. kr. framlagi til kaupa á tækjabúnaði á skrifstofu.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til rekstrarviðfangsefna stofnunarinnar lækkar úr 63.725 þús. kr. á árinu 1988 í 61.081 þús. kr. eða um 4%. Í athugun er að Landhelgisgæslan eða Hafrannsóknastofnun taki að sér þjónustu við vita fyrir Vitastofnunina með eigin skipum eða annist útgerð *Árvakurs*. Fjárveiting til *reksturs vitaskips* lækkar því úr 8.394 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 1.500 þús. kr. samkvæmt frumvarpi þessu. Til framkvæmda við vitana eru nú veittar 14.000 þús. kr. en 14.800 á árinu 1988.

333 Hafnamál

Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar lækkar um 6.910 þús. kr. frá fjárlögum 1988 og verður 459.310 þús. kr. Þar af er framlag til *hafnarannsókna og mælinga* 17.970 þús. kr. sem er 19% hækkun frá fjárlögum 1988. Framlag til viðfangsefnisins *landshafnir, endurgreiðsla lána,* 340 þús. kr., er til greiðslu afborgana og vaxta af láni vegna framkvæmda við höfnina í Þorlákshöfn. Ekki er gert ráð fyrir framlögum til framkvæmda í landshöfnum en framlag til viðfangsefnisins *landshöfn Rifi* var 4.000 þús. kr. í fjárlögum 1988. Framlag til *Hafnabótasjóðs* verður 25.000 þús. kr. en er 20.000 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Þetta er lægri fjárhæð en lög kveða á um og mun því verða leitað heimildar í lánsfjárlögum til þessa fráviks. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Hafnarannsóknir og mælingar	15.120	17.970	2.850	19
Ferjubryggjur	5.800	6.000	200	3
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	398.500	400.000	1.500	0
Sjóvarnargarðar	22.400	10.000	-12.400	-55
Landshafnir, endurgreiðsla lána	400	340	-60	-15
Landshöfn Rifi	4.000	-	-4.000	.
Hafnabótasjóður, framlag	20.000	25.000	5.000	25
Samtals	466.220	459.310	-6.910	-1

341 Siglingamálastofnun ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður 69.011 þús. kr. Þar af eru 65.511 þús. kr. ætlaðar til rekstrar eða um 9% hærri fjárhæð en í gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir nýju stöðugildi lausráðins starfsmanns er sjá skuli um skráningu slysa. Stöðugildi lausráðinna starfsmanna verða því tvö en stöðugildi fastráðinna starfsmanna verða eftir sem áður 42,5. Til kaupa á mengunarvarnabúnaði eru veittar 3.500 þús. kr. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir 1988 var tekin upp sú stefna að láta skipaeigendur standa undir tilteknum hluta starfseminnar með hækkuðum skoðunargjöldum. Tekjur tengdar stofnuninni innheimtast bæði beint til hennar og einnig af innheimtumönnum ríkissjóðs. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins nema slíkar innheimtur alls 39.000 þús. kr.

342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Rannsóknanefnd sjóslysa starfar samkvæmt lögum nr. 21/1986. Fjárveiting til nefndarinnar hækkar úr 2.555 þús. kr. á árinu 1988 í 4.433 þús. kr. eða um 74%. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur og má rekja til þess að starfsemin er ný til komin og í mótun.

471 Flugmálastjórn

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi, sem innheimt er af flugvélaeldsneyti, að renna óskertar til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 260.000 þús. kr., þar af 217.000 þús. kr. af flugvallagjaldi og 43 þús. kr. af gjaldi á eldsneyti. Tekjurnar eru færðar til bókar undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Í rekstri Flugmálastjórnar er gert ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem nú er, þ.e. 179 stöðugildum fastráðinna starfsmanna og 16,5 stöðugildum lausráðinna. Heildarlaun hjá stofnuninni nema alls 347.317 þús. kr. og hækka um 10% frá fjárlögum 1988. Rekstrargjöld allra rekstrarviðfangsefna nema 202.690 þús. kr. og hækka um 14%. Aðrar sértekjur en þær, sem tíundaðar voru að framan, nema 143.260 þús. kr. Hér er um að ræða tekjur vegna ýmissa þjónustugjalda svo og lendingargjalda. Útgjöld vegna *alþjóðaflugþjónustunnar*, 129.186 þús. kr., eru að fullu greidd af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og er sú greiðsla innheimt skv. 3. gr. fjárlaga. Framkvæmdfé nemur 248.000 þús. kr. Fjárveitinganefnd mun ákveða skiptingu þess fjár eins og verið hefur.

485 Ýmis framlög

Heildarframlag á þessum lið er 31.950 þús. kr. og hækkar um 3.148 þús. kr. frá fjárlögum 1988. Framlag til viðfangsefnisins *björgunarbúnaður Sigmunds* fellur niður. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Björgunarbúnaður Sigmunds	150	–	–150	.
Flugbjörgunarsveitir	1.040	1.190	150	14
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	7.030	7.780	750	11
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	580	660	80	14
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3.500	3.990	490	14
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	3.672	4.060	388	11
Ýmislegt	1.970	2.240		
Rannsóknanefnd flugslysa	860	980	120	14
Öryggismálaskóli sjómanna	10.000	11.050	1.050	11
Samtals	28.802	31.950	3.148	11

651 Ferðamálaráð

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 51.120 þús. kr. í 52.155 þús. kr. eða um 2%. Framlag til rekstrar skrifstofunnar í Reykjavík hækkar úr 7.920 þús. kr. í 9.155 þús. kr. eða um 16%. Fjórir fastráðnir starfsmenn starfa við ráðið. Rekstur skrifstofunnar kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé að öllu leyti greiddur úr ríkissjóði. Á viðfangsefnið *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma lögbundin skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnarinnar í Keflavík. Leitað verður heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 til að skerða lögbundin skil Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs. Því er hér gert ráð fyrir 28.000 þús. kr. framlagi. Til viðfangsefnisins *hótel, framlög* renna 15.000 þús. kr. en það er sama upphæð og í gildandi fjárlögum.

652 Veðurstofa Íslands

Rekstrarframlag til Veðurstofu Íslands verður nú 183.513 þús. kr. sem er 12% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ekki er um breytingu að ræða á rekstri Veðurstofunnar frá því sem er í fjárlögum yfirstandandi árs. Heimiluð stöðugildi eru eftir sem áður 61,17 talsins og stöðugildi lausráðinna starfsmanna eru 4,5. Til afborgunar af veðurratsjá eru veittar 10.600 þús. kr. Er það önnur greiðsla af þremur.

656 Landmælingar Íslands

Rekstrarframlag til Landmælinga Íslands hækkar úr 29.860 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 37.349 þús. kr. eða um 25%. Hækkun umfram þróun verðlags er til komin vegna hærri húsaleigugjalda. Auk rekstrarframlagsins eru veittar 4.000 þús. kr. til meiri háttar eignakaupa.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til einstakra málaflokka iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	30.734	42.506	11.772	38
Iðnaðarmál	432.676	460.706	28.030	6
Orkumál	654.770	717.259	62.489	10
Samtals	1.118.180	1.220.471	102.291	9
Þar af markaðir tekjustofnar	53.000	59.000	6.000	11

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytis voru fram til síðustu áramóta rafmagnseftirlitsgjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Síðarnefnda gjaldið var hins vegar fellt niður frá 1. janúar 1988 vegna breytinga á tollalögum. Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytis nú eru því einungis rafmagnseftirlitsgjald og er áætlað að það nemi 59.000 þús. kr. á árinu 1989.

101 Aðalskrifstofa

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á þessum fjárlagalið. Hluti af þeirri starfsemi, sem áður heyrði undir aðalskrifstofu, hefur nú verið aðskilinn og færist á sérstakan fjárlagalið, *Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofu*. Er hér um að ræða starfsemi tengda skráningu vörumerkja og einkaleyfa sem aðalskrifstofan hefur haft með höndum til þessa. Við þessa breytingu fækkar föstum stöðugildum aðalskrifstofu um tvö og færast þau á nýja fjárlagaliðinn. Föst stöðugildi á aðalskrifstofu verða þannig 13 í stað 15 áður. Einnig er gert ráð fyrir einu stöðugildi lausráðins starfsmanns í stað hálfs stöðugildis áður. Sú breyting hefur einnig verið gerð að stofnað hefur verið *nýtt* viðfangsefni, *Iðnþróun og markaðsmál*. Fjárveiting til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis hækkar úr 30.734 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 42.506 þús. kr. eða um 38%. Launagjöld aðalskrifstofu verða 21.476 þús. kr. og lækka þau um 4%. Önnur gjöld verða 21.030 þús. kr. sem er um 47% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ástæður hækkunarinnar eru eingöngu komnar til af hinu nýja viðfangsefni sem getið er hér að framan. Til þessa viðfangsefns er veitt fjárveiting að upphæð 7.000 þús. kr. sem ætluð er til að efla iðnþróun og nýbreytni í markaðsmálum. Ber að skoða þessa fjárveitingu í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs.

102 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa

Þetta er nýr fjárlagaliður, en til hans flyst hluti af þeirri starfsemi sem áður tilheyrði aðalskrifstofu ráðuneytisins, svo sem að framan greinir. Á skrifstofu þessari verður annast um skráningu vörumerkja og einkaleyfa. Launagjöld verða 3.396 þús. kr. Er þá miðað við tvö og hálft stöðugildi, þar af tvær fastar stöður. Önnur gjöld verða 3.690 þús. kr. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að 700 þús. kr. verði varið til greiðslu á húsaleigu en 800 þús. kr. til kaupa á húsgögnum og öðrum nauðsynlegum skrifstofubúnaði. Sértekjur af starfsemi stofnunarinnar eru áætlaðar 6.850 þús. kr.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Framlag til Iðntæknistofnunar Íslands er fært sem tilfærsla til atvinnuveganna eins og í gildandi fjárlögum. Stefnt er að því að gera stofnunina sjálfstæðari og auka hlutdeild atvinnuveganna í rekstri hennar. Er það mál nú hjá iðnaðarráðuneyti til útfærslu. Framlag til rekstrar verður 85.560 þús. kr. og er það hækkun um 41% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlagsforsendur stafar af því að fjárveiting til stofnunarinnar í fjárlögum 1988 var vanáætluð og því ákveðið að hækka framlag nú. Veittar eru 8.800 þús. kr. til tækjakaupa sem er um 11% hækkun frá fjárlögum 1988.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar er nú færð sem tilfærsla og er stefnt að því að efla sjálfstæði hennar. Fjárveiting til rekstrar hækkar um 14% og verður 37.450 þús. kr. Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í starfsemi stofnunarinnar og miðað er við sama fjölda stöðugilda og í fjárlögum 1988. Um er að ræða 7,6 stöðugildi starfsmanna sem ráðnir eru til sérstakra verkefna og 36 stöðugildi starfsmanna á föstum launum. Til tækjakaupa er áætlað að verja 6.800 þús. kr.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Skv. 9. gr. laga nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð skal framlag ríkissjóðs nema 4/7 hlutum af áætluðum tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi, en þær eru áætlaðar um 160.000 þús. kr. á árinu 1989. Framlag í fjárlögum 1988 nemur 25.000 þús. kr. Er það minna en lögbundið framlag, enda skert með heimildarákvæðum. Nú verður leitað heimildar í lánsfjárlögum til að fella framlagið niður árið 1989.

240 Iðnaðarrannsóknir

Í fjárlögum fyrir árið 1988 eru veittar 16.000 þús. kr. til þessara verkefna. Undir þennan lið falla athuganir á nýiðnaðarkostum. Í frumvarpi eru veittar 17.690 þús. kr. í þessu skyni.

289 Jöfnunargjald

Hér er færður til gjalda hluti af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi í iðnaði. Gert er ráð fyrir að gjaldið nemi 551.000 þús. kr. á árinu 1989, sbr. 3. gr. fjárlagafrumvarpsins. Fjárveiting á árinu 1989 nemur 250.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1988.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir framlög til einstakra viðfangsefna þessa málaflokks.

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Iðnþróun og tækninýjungar	9.300	7.960	-1.340	-14
Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	5.700	6.520	820	14
Iðnþróunarverkefni	1.730	1.910	180	10
Iðnráðgjafar	9.600	10.620	1.020	11
EVREKA	11.000	12.160	1.160	11
Framlag til ullariðnaðar		20.000	20.000	
Samtals	37.330	59.170	21.840	59

Framlag til verkefna undir þessum fjárlagalið hækka talsvert. Helstu breytingar frá fjárlögum eru þær að stofnað hefur verið nýtt viðfangsefni, *Framlag til ullariðnaðar*. Nemur fjárveiting til þess 20.000 þús. kr. Er hér að finna skýringu á hvers vegna framlag til fjárlagaliðarins í heild hækkar um 59%. Lækkun á framlagi til *iðnþróunar og tækninýjunga* stafar af því að framlag vegna norræns tækniárs lækkar og einnig vegna lækkunar framlags til framleiðniátaks iðnaðarráðuneytis. Ekki er þörf á að fjalla sérstaklega um aðra liði.

301 Orkustofnun

Framlag til Orkustofnunar miðast við óbreyttar forsendur frá fjárlögum 1988. Föst stöðugildi eru 89,75 sem er óbreytt frá fjárlögum ársins 1988. Heildarframlag til stofnunarinnar er 189.904 þús. kr. sem er um 10% hækkun frá gildandi fjárlögum. Framlag til sérverkefnis tengdu fiskeldi lækkar um 31% og verður 11.780 þús. kr. Til tækjakaupa eru áætlaðar 4.200 þús. kr. Sértekjur hækka um 9% og verða 93.200 þús. kr.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins hækkar úr 53.412 þús. kr. í 57.065 þús. kr. eða um 7%. Starfsmannahald er miðað við 21 mann í föstu starfi sem er óbreytt. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu í raffangaprófun og verða lausráðnir starfsmenn því fimm. Alls er því gert ráð fyrir 26 starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 13% frá fjárlögum og verða 36.815 þús. kr. Önnur gjöld hækka úr 21.950 þús. kr. í 25.080 þús. kr. eða um 14%. Til kaupa á ýmsum tækjabúnaði eru veittar 1.800 þús. kr. samanborið við 1.600 þús. kr. á árinu 1988. Sértekjur hækka úr 2.820 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 6.630 þús. kr. Er hér um verulega hækkun að ræða og er stofnuninni ætlað að skila rekstrarafgangi að upphæð 1.935 þús. kr. í ríkissjóð miðað við að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi verði 59.000 þús. kr. eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

371 Orkusjóður

Á undanförnum árum hefur hlutverk Orkusjóðs í uppbyggingu raforkukerfisins gjörbreyst. Verulega hefur dregið úr lánaumsvifum sjóðsins með yfirtöku ríkissjóðs á lánum vegna byggðalína, Kröflu og Rafmagnsveitna ríkisins. Áformað er að endurskoða starfsemi Orkusjóðs enda eru aðstæður nú allt aðrar en þegar til hans var stofnað. Ekki er ástæða til að fjölyrða um fjárveitingar til sjóðsins. Framlag ríkissjóðs nemur 235.470 þús. kr. samanborið við 224.350 þús. kr. í fjárlögum 1988. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar í fjárlögum 1988 og frumvarpi 1989 á einstök viðfangsefni. Nánar er fjallað um fjárreiður Orkusjóðs í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Rekstur Orkusjóðs	1.090	1.300	210	19
Notendur utan samveitna	1.960	2.170	210	11
Lánagreiðslur, framlög	129.800	160.800	31.000	24
Lán til jarðhitaleitar	11.500	11.200	-300	-3
Sveitarafvæðing	40.000	20.000	-20.000	-50
Styrking dreifikerfis í sveitum	40.000	40.000	0	0
Samtals	224.350	235.470	11.120	5

399 Ýmis orkumál

Fjárveiting hækkar úr 203.730 þús. kr. á árinu 1988 í 234.820 þús. kr. eða um 15%. Sú breyting er gerð að nú hefur verið bætt við nýju viðfangsefni, *Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar*. Til þessa viðfangsefnis eru veittar 2.700 þús. kr. Er framlagið miðað við að ríkissjóður greiði sinn hluta af kostnaði við rekstur skrifstofunnar til loka maímánaðar. Framlag til *setlagarannsókna* hækkar úr 1.730 þús. kr. í 4.950 þús. kr. Hækkun framlagsins er í samræmi við þær kostnaðaráætlanir sem lagðar voru til grundvallar þegar ákveðið var að veita fé til verkefnisins í fjárlögum 1988. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 224.890 þús. kr. samanborið við 200.000 þús. kr. á árinu 1988 og hækkar því um 12%. Framlagið er miðað við að greitt verði niður í sama mæli og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1988. Stafar hækkun framlags eingöngu af áætluðum verðlagsbreytingum. Á liðnum *önnur orkumál* eru veittar 2.280 þús. kr., en af þeim lið er m.a. ráðgert að greiða fyrir endurskoðun á ýmsum rekstrarmálum stofnana á sviði iðnaðarráðuneytis.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	37.316	47.978	10.662	29
Niðurgreiðslur	2.877.000	3.613.000	736.000	26
Annað	52.668	53.474	806	2
Samtals	2.966.984	3.714.452	747.468	25

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á framlagi til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 37.316 þús.kr. í 47.978 þús. kr. eða um 29%. Launagjöld hækka um 19%, úr 19.646 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 23.318 þús. kr. Sem áður er miðað við ellefu fastar stöður. Auk þess er áætlað fyrir sem nemur einni tímabundinni stöðu sem er nýmæli. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 36% og verða 21.690 þús. kr. Hækkun umfram verðlag er aðallega vegna auglýsingaátaks í tengslum við verðkannanir. Framlag til neytendasamtakanna er áætlað 2.420 þús. kr. samanborið við 1.150 þús. kr. í fjárlögum 1988 og er hækkun milli ára 110%.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting undir þessum fjárlagalið er 3.613.000 þús. kr. Af framlaginu renna 260.000 þús. kr. til Lífeyrissjóðs bænda og 3.353.000 þús. kr. til niðurgreiðslna sem skiptast milli söluskattsáhrifa og frumverðs. Áætlun um niðurgreiðslur er sýnd í eftirfarandi yfirliti:

	Tonn eða þús. lítrar	Niðurgr. á frumverði m.kr.	Niðurgr. á söluskatti m.kr.	Niðurgr. alls m.kr.
Dilkakjöt	9.000	542	653	1.195
Mjólk	47.000	387	514	901
Undanrenna	2.700	10	20	30
Skyr	1.370	14	27	41
Smjör	1.230	347	96	443
Rjómi	1.810	29	–	29
Ostur 45 gráðu	1.780	60	85	145
Ostur 30 gráðu	570	16	23	39
Ull	–	135	–	135
Nýmjólkurmjöl	–	25	–	25
Vaxta- og geymslukostnaður	–	250	–	250
Sérstök niðurgreiðsla á matvælum, óskipt	–	120	–	–
		1.935	1.418	3.353

902 Verðlagsstofnun
Rekstrarframlag til Verðlagsstofnunar er 52.274 þús. kr. en var 46.304 þús. kr. í fjárlögum 1988. Hækkun er 13%. Launagjöld nema alls 40.634 þús. kr. samanborið við 35.994 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sem áður er miðað við 33,5 stöður fastráðinna starfsmanna. Til *tölvu- og skrifstofubúnaðar* eru veittar 1.200 þús. kr. og er m.a. gert ráð fyrir kaupum á tölvuneti fyrir stofnunina.

903 Skráning hlutafélaga Rekstrargjöld nema 5.900 þús. kr. samanborið við 5.004 þús. kr. í fjárlögum 1988. Sem áður er miðað við þrjár stöður á föstum launum. Auk þess hefur er nú áætlað fyrir hálfri stöðu ritara vegna sívaxandi fjölda nýskráninga en það var ekki í fjárlögum 1988. Reksturinn verður algerlega kostaður af sértekjum.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 76.021 þús. kr. í fjárlögum 1988 í 90.313 þús. kr. eða um 19%.

101 Aðalskrifstofa
Fjárveiting til aðalskrifstofuhækkar úr 56.893 þús. kr. í 69.250 þús. kr. eða um 22%. Launagjöld hækka um 18% og verða 44.230 þús. kr. Stöðum fjölgar um eina þannig að föst stöðugildi aðalskrifstofu verða 23,08. Hækkunin skýrist einnig af leiðréttingum á yfirvinnugreiðslum miðað við ríkisreikning 1987. Önnur gjöld vegna rekstrar verða 25.590 þús. kr. og hækka um 23% frá fjárlögum 1988. Skýrist hækkun annarra gjalda einkum af aukakostnaði vegna tölvuvinnslu verslunarskýrslna, en kostnaður hefur aukist stórlega vegna tölvuvæðingar við tollskýrslugerð. Skýrsluvélakostnaður vegna fyrirtækjaskrár hefur einnig aukist verulega, einkum vegna þess að skattayfirvöld hagnýta sér hana æ meira. Framlag til stofnkostnaðar verður 4.000 þús. kr. en nauðsynlegt hefur reynst að auka reiknigetu og bæta gagnavinnslukerfi hagstofunnar. Setja á upp öfluga nettengingu fyrir einmenningstölvur og festa kaup á fleirum. Sértekjur eru áætlaðar 4.570 þús. kr. sem er um 74% hækkun frá fjárlögum.

102 Þjóðskráin

Framlag hækkar úr 19.128 þús. kr. í fjárlögum í 21.063 þús. kr. eða um 10%. Launagjöld hækka um 15% og verða 17.283 þús. kr. Er þá miðað við átta fastar stöður og 8,18 stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna. Er það óbreytt frá fjárlögum. Önnur gjöld hækka um 36% og verða 22.600 þús. kr. Umsvif hafa aukist talsvert á síðustu árum, einkum vegna aukinnar eftirspurnar eftir upplýsingum úr þjóðskránni. Kostnaður við fjölritun og bókband vegna íbúaskrár o.fl. hefur einnig aukist verulega. Hins vegar vega auknar sértekjur upp stóran hluta af auknum kostnaði við starfsemi þjóðskrárinnar. Þær verða 18.820 þús. kr. en eru 12.480 þús. kr. í fjárlögum. Hækka þær því um 51%. Útgjöld ríkissjóðs vegna þjóðskrárinnar aukast því óverulega. Framlag til stofnkostnaðar verður 1.100 þús. kr. og er það ætlað til endurnýjunar á tölvubúnaði og til þess að koma á hraðlínusambandi við SKÝRR.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	65.003	71.513	6.510	10
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	4.800.000	7.350.000	2.550.000	53
Samtals	4.865.003	7.421.513	2.556.510	53

101 Aðalskrifstofa

Framlag nemur samtals 45.104 þús. kr. og hækkar úr 40.457 þús. kr. í fjárlögum 1988 eða um 11%. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1988 og fjöldi starfsmanna verður óbreyttur, 14 menn. Auk þess er lausráðinn einn maður sem ætlað er að vinna að áætlunum og umbótum á sviði opinberra framkvæmda.

182 Tölvumál

Heildarfjárveiting vegna tölvumála nemur 23.909 þús. kr. og hækkar úr 22.346 þús. kr. í fjárlögum 1988. Til tölvuvæðingar Stjórnarráðsins eru áætlaðar 14.000 þús. kr. Launagjöld nema 2.819 samanborið við 2.516 þús. kr. í fjárlögum þessa árs. Hafa ráðuneyti og stofnanir í vaxandi mæli nýtt sér þá margháttuðu ráðgjöf sem í boði er. Áætlunin nú gerir ráð fyrir einum manni í föstu starfi eins og verið hefur og framlagi til að kaupa að ráðgjöf í sérstökum tilvikum.

991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1989 nemi 7.350.000 þús. kr. Í fjárlögum 1988 var þessi fjárhæð 4.800.000 þús. kr. en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að vaxtagreiðslur nemi alls 7.350.000 þús. kr. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1988 og 1989 (allar upphæðir í m.kr.):

	Fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Frumvarp 1989
Innlend lán	860	720	1.125
Spariskírteini vegna innlausnar	625	880	1.025
Seðlabanki Íslands:			
Langtímalán	315	320	330
Yfirdráttur á viðskiptareikningum	500	1.710	1.200
Erlend lán	2.500	2.870	3.670
Samtals	4.800	6.500	7.350

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í frumvarpi þessu eru fjárhæðir í B-hluta settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Í sumum tilvikum er sá grunnur ótraustur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggjast á og þarf að hafa það í huga. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að endurmeta fjárhagsstöðu nokkurra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Umsvif B-hluta aðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	23.384	2.792	1.055	598	27.829
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	28.170	2.211	852	602	31.835
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	441	4.428	506	40	5.414
Mismunur	5.227	3.847	303	44	9.421
Veitt lán	5	15.843	120	–	15.968
Fjárfesting	1.089	15	179	44	1.327
Afborganir lána	506	2.611	32	4	3.153
Skil í ríkissjóð	6.239	–	–	–	6.239
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	159	102	24	–	285
Innheimtar afborganir	16	1.884	52	–	1.952
Afskriftir	2.168	–	–	4	2.172
Tekin lán	442	12.840	–	–	13.282
Ráðstöfun eigin fjár	5.227	3.847	303	44	9.421
Annað	145	–	–	–	145

Tekjuafgangur í B-hluta nemur samtals 9.421 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 6.239 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 5.600 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 218 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 29 m.kr., Sala varnarliðseigna 50 m.kr., Happdrætti Háskóla Íslands 312 m.kr. og Lyfjaverslun ríkisins 30 m.kr. Til fjárfestingar renna alls 1.327 m.kr. Veigamestar fjárfestingar eru þessar: Póst- og símamálastofnunin 204 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 176 m.kr., Sementsverksmiðja ríkisins 73 m.kr., Áburðarverksmiðja ríkisins 60 m.kr. og Ríkisútvarpið 185 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 13.282 m.kr. Ráðgert er að afla byggingarsjóðunum 9.360 m.kr. lánsfjár á árinu 1989, þ.e. 9.295 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 65 m.kr. með skyldusparnaði ungmenna, nettó. Þá er miðað við að A-hluti ríkissjóðs taki 1.265 m.kr. að láni og endurláni til B-hluta aðila eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þær B-hluta stofnanir sem njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: Lánasjóður íslenskra námsmanna 915 m.kr. og Flugstöð Leifs Eiríkssonar 350 m.kr.

Verður nú vikið að einstökum fyrirtækjum og sjóðum.

21 Forsætisráðuneyti

272 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Sjóðurinn var stofnaður með bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir frá 28. september 1988. Sjóðnum er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Auk lánveitinga er *Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina* heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 m.kr. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja.

Á næsta ári fær sjóðurinn 500 m.kr. framlag úr ríkissjóði. Jafnframt er sjóðnum heimiluð lántaka að fjárhæð 2.400 m.kr., þar af bein lántaka að fjárhæð 1.000 m.kr. og vegna skuldbreytinga 1.400 m.kr. Sjóðurinn hefur því 2.900 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári, þar af til beinna lánveitinga 1.500 m.kr. og til skuldbreytingar 1.400 m.kr.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands

Heildarútgjöld 1989 eru áætluð 1.199.310 þús. kr. eða 56% hærri en í fjárlögum 1988. Tekjur happdrættisins eru áætlaðar 1.492.810 þús. kr. og er þá gengið út frá að verð happdrættismiða hækki úr 300 kr. í 400 kr. hver miði og að sala á svonefndri happaþrennu verði 10 milljónir miða í stað 5 milljóna sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1988. Áætlaður rekstrarhagnaður ársins 1989 er 311.500 þús. kr. og verður honum ráðstafað þannig að 62.300 þús. kr. renna í *byggingarsjóð rannsókna í þágu atvinnuveganna* og 249.200 þús. kr. til byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands og stofnanir hans.

202 Lyfjabúð Háskóla Íslands og
211 Háskólabíó

Hvorugt þessara fyrirtækja skilaði fjárlagatillögum fyrir árið 1989 og hafa áætlanir því verið miðaðar við ársreikninga ársins 1987 og áætlaða verðlagsþróun einstakra rekstrarþátta. Þess skal getið að Háskólabíó og Sáttmálasjóður, sem er eigandi fyrirtækisins, standa, ásamt Háskóla Íslands og Landsbanka Íslands, að byggingu viðbótarhúsnæðis við Háskólabíó. Hlutdeild hvers aðila er þriðjungur og áætluð fjárþörf Háskólabíós vegna framkvæmdarinnar eru 10.200 þús. kr. á árinu 1989.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi *Happdrættis Háskóla Íslands* en það er áætlað 62.300 þús. kr. Verður þessu fé varið til að halda áfram

framkvæmdum við uppbyggingu á aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Auk framkvæmda á Keldnaholti er gert ráð fyrir að sjóðurinn kosti aðrar framkvæmdir rannsóknastofnana atvinnuveganna, m.a. verði 21.000 þús. kr. varið til framkvæmda á vegum *rannsóknastofnana sjávarútvegsins, bygging* og einnig kosti sjóðurinn byggingu fyrir bútæknideild RALA á Hvanneyri.

871 Unglingaheimili ríkisins

Unglingaheimili ríkisins hefur tekjur af dagvistargjöldum fyrir vistmenn sem sveitarfélög þeirra greiða. Þessar tekjur eru áætlaðar 20.460 þús. kr. en framlag ríkissjóðs verður 24.400 þús. kr., sem er rífleg tvöföldun samanborið við gildandi fjárlög. Á undanförnum árum hefur heimilið safnað talsverðum skuldum og er aukið framlag ríkissjóðs m.a. ætlað að létta nokkuð á hvað það snertir. Rekstrargjöld eru áætluð 44.860 þús. kr. og miðast við óbreytt umsvif stofnunarinnar. Starfsemin hefur nú verið flutt í nýtt húsnæði að Efstasundi 86 í Reykjavík.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Gert er ráð fyrir svipuðu umfangi í útlánum sjóðsins og í fjárlögum líðandi árs. Ráðstöfunarfé sjóðsins nemur 2.532 m.kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum 1988, eða nokkuð umfram verðlagsbreytingar. Þar af er fjárveiting 1.617 m.kr. og lántaka 915 m.kr. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 var hlutdeild fjárveitingar í ráðstöfunarfé sjóðsins aukið verulega eða úr 54% í rúm 69%. Ástæða þessa var einkum sú staðreynd að sjóðurinn fær með engu móti staðið undir greiðslubyrði af háum skuldum. Greiðslur sjóðsins 1989 af áhvílandi skuldum nema 476,5 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðsins í hnotskurn í ár og á næsta ári:

	Fjárlög 1988 þús. kr.	Frumvarp 1989 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Innstreymi:	2.362.000	2.782.300	420.300	18
Framlag ríkissjóðs	1.478.000	1.617.000	139.000	9
Tekin lán	690.000	915.000	225.000	33
Afborganir, vextir o.fl.	194.000	250.300	56.300	29
Útstreymi:	2.362.000	2.782.300	420.300	18
Rekstrarkostnaður	52.000	59.500	7.500	14
Afborganir, vextir o.fl.	567.000	726.800	159.800	28
Ferðastyrkir	60.000	55.000	-5.000	-8
Veitt lán	1.683.000	1.941.000	258.000	15

Áætlanir um lánveitingar á árinu 1989 gera ráð fyrir um 1% fækkun lánþega frá fyrra ári.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður

Samkvæmt útvarpslögum skulu 10% af tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og afnotagjöldum renna til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins*. Frumvarp til fjárlaga gerir þó ráð fyrir lægri upphæð en sjóðnum ber miðað við áætlaðar tekjur Ríkisútvarpsins eða 120.000 þús. kr. Þar af koma 52.000 þús. kr. frá hljóðvarpi og 68.000 þús. kr. frá sjónvarpi. Samkvæmt útvarpslögunum eiga aðflutningsgjöld og söluskatt af innfluttum sjónvarpstækjum og útvarpstækjum að renna til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru, en Ríkisútvarpið hefur áætlað að þær verði um 160.000 þús. kr. á næsta ári. Í þessu frumvarpi er eins og í tveimur síðustu miðað við að lögum verði breytt þannig að tekjur vegna aðflutningsgjalda renni óskertar í ríkissjóð. Ekki er gert ráð fyrir lántöku til sjóðsins.

971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 713.150 þús. kr. sem er 15% hærra en í fjárlögum 1988. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 52.000 þús. kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 30.000 þús. kr. sem aðallega fara til kaupa á ýmiss konar tækjum og búnaði. Að óbreyttri gjaldskrá verða tekjur hljóðvarpsins 597.000 þús. kr. en eigi að ná endum saman miðað við gjaldaáætlun verður gjaldskrá að hækka um 5% og auglýsingatekjur einnig. Ákvörðun um gjaldskrárbreytingar þarf að taka áður en fjárlög eru samþykkt.

972 Ríkisútvarpið, sjónvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 927.130 þús. kr. eða 14% hærri en í fjárlögum 1988. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 68.000 þús. kr. Til fjárfestingar í ýmiss konar tækjum og búnaði eru ætlaðar 35.000 þús. kr. Afborgun lána mun verða nálægt 22.850 þús. kr. Áætlað er að tekjur þurfi að aukast um 11% á árinu 1989 eigi jöfnuður að nást milli tekna og gjalda.

973 Þjóðleikhúsið

Heildarútgjöld leikhússins eru áætluð 292.190 þús. kr., þar af eru 13.190 þús. kr. vegna viðgerða og viðhalds. Heildartekjur leikhússins eru áætlaðar 279.700 þús. kr. Framlag ríkissjóðs verður 171.000 þús. kr. eða um 61% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir 12.500 þús. kr. tapi af rekstrinum að óbreyttum inngangseyri á sýningar leikhússins. Til að endar nái saman þarf miðaverð að hækka um 13%.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi 132.520 þús. kr. sem er 19% hærri upphæð en í fjárlögum ársins 1988. Þar af eru 4.860 þús. kr. ætlaðar til lagfæringar á aðstöðu hljómsveitarinnar í Háskólabíói. Starfsemin verður með óbreyttu sniði frá því sem nú er. Stöðuheimildir eru alls 71,5, þar af eru 68,5 stöðugildi fastráðinna. Samkvæmt lögum hefur hljómsveitin tekjur af aðgöngumiðasölu og 10% af innheimtum skemmtanaskatti. Þeim kostnaði sem umfram er skipta eignaraðilar með sér í eftirtöldum hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs er nú áformað 60.600 þús. kr., að viðbættum 6.400 þús. kr. af skemmtanaskatti eða samtals 67.000 þús. kr.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 861.800 þús. kr. og er það 40% hækkun frá því sem er í gildandi fjárlögum. Auk rekstrarkostnaðar eru 28.000 þús. kr. ætlaðar til fjárfestingar. Fríhöfninni er ætlað að skila 218.400 þús. kr. í ríkissjóð á árinu 1989 að meðtöldum mörkuðum tekjum til Ferðamálaráðs.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld eru áætluð 124.860 þús. kr. og er það 30% hækkun frá fjárlögum 1988. Tekjur stofnunarinnar eru að mestu leyti lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar 1988 skal sú hækkun á lendingargjöldum sem þá var ákveðin renna til rekstrar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Tekjur vegna þessa nema 13.650 þús. kr. á árinu 1989. Áætlað er að framlag Flugmálastjórnar í ríkissjóð á árinu 1989 verði 28.900 þús. kr. samanborið við 20.000 þús. kr. í fjárlögum 1988.

114 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur

Flugstöðinni er ætlað að standa undir eigin rekstrar- og fjármagnskostnaði. Heildargjöld eru áætluð 263.430 þús. kr. Þar af eru vextir 183.430 þús. kr. Þessu til viðbótar eru afborganir lána áætlaðar um 7.770 þús. kr. Nú hefur megnið af framkvæmdalánum stöðvarinnar hjá ríkissjóði verið endurlánaður á samræmdum kjörum þar sem greiðslu afborgana er dreift sem jafnast á 25 ára tímabil. Fyrstu afborganir koma til greiðslu árið 1995. Vextir af þessum lánum eru breytilegir og taka mið hverju sinni af erlendum millibankavöxtum (svonefnd LIBOR-kjör). Heildartekjur flugstöðvarinnar eru áætlaðar 271.200 þús. kr. Veigamesti tekjustofn flugstöðvarinnar er útleiga húsnæðis. Gert er ráð fyrir að húsaleiga sé greidd af 95% hluta hússins og nemi alls 207.200 þús. kr. á næsta ári. Vaxtabyrði af teknum lánum mun enn aukast árið 1990 þar sem í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri lántöku á næsta ári til að fjármagna lokaframkvæmdir.

115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging

Gert er ráð fyrir 350.000 þús. kr. lántöku. Á það að duga til að greiða útistandandi skammtímaskuldir við verktaka og bankastofnanir og fjármagna framkvæmdir á árinu 1989. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum en þeim sem þegar eru ákveðnar.

118 Ratsjárstöðvar, rekstur

Ratsjárstofnun er ætlað að annast rekstur ratsjárstöðvanna fjögurra sem starfræktar verða hér á landi. Stofnunin tók við rekstri stöðvarinnar á Stokksnesi 1. október 1988 og mun taka við rekstri stöðvarinnar á Miðnesheiði 1. apríl 1989. Verið er að reisa aðrar tvær stöðvar, á Vestfjörðum og á Norð-Austurlandi. Bandaríkjamenn munu greiða allan kostnað við reksturinn. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1989 verði 325.880 þús. kr. Reiknað er með að í árslok 1989 verði búið að ráða um 48 menn sem ýmist verða komnir til starfa við stöðvarnar eða í þjálfun í Bandaríkjunum.

121 Sala varnarliðseigna

Rekstrargjöld eru áætluð 72.670 þús. kr. og er það 8% hækkun frá fjárlögum 1988. Til fjárfestingar eru ætlaðar 1.670 þús. kr. Tekjur eru taldar munu nema 121.910 þús. kr. og er fyrirtækinu ætlað að skila 50.000 þús. kr. í ríkissjóð á árinu 1989. Þessi áætluðu skil eru miklu hærri en verið hefur í fjárlögum síðustu ára og enn hærri en raunveruleg skil þar sem stofnunin hefur ekki getað staðið við fjárlagaáætlun og skil farið versnandi. Áætlunin nú er miðuð við lægstu viðunandi tölu. Er hún byggð á því hvaða hreinar tekjur fengjust af leigu húsnæðis stofnunarinnar og þeim hagnaði af sölu bifreiða sem gert er ráð fyrir að mætti ná með því að þær væru seldar af *Innkaupastofnun ríkisins*. Nái *Sala varnarliðseigna* ekki að skila þeim lágmarksarði sem að framan greinir er einsýnt að leggja verður starfsemina niður og færa verkefni hennar annað með hætti sem samrýmist þeim lögum og samningum sem um þetta efni gilda.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 947.300 þús. kr. eða 4% lægri en í fjárlögum 1988. Afborganir lána eru áætlaðar 75.290 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráform verksmiðjunnar á næsta ári dreifist á tvö ár. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verja til fjárfestingar 60.000 þús. kr. Helstu fjárfestingarverkefni eru endurnýjun rafgreina í vetnisverksmiðju og endurnýjun ammoníaksgeymis. Framleiðsla og sala á áburði er áætluð 49.500 tonn á árinu 1989 í stað 52.700 tonna 1988. Áburðarverð þarf að vera 18.000 kr. á tonnið 1989 í stað 14.276 kr. 1988. Hækkar áburðarverð því um 26% á næsta ári frá því sem var á þessu ári.

236-238 Grænfóðurverksmiðjur

Rekstri þessara verksmiðja hefur verið hætt af hálfu ríkissjóðs. Verksmiðjurnar þrjár eiga óseldar birgðir sem ætla má að standi undir greiðslum afborgana og vaxta. Óseldar birgðir voru 850 tonn í lok september 1988.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

211 Fiskimálasjóður

Með setningu laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var sjóðurinn sviptur aðaltekjustofni sínum sem var hluti af útflutningsgjaldi. Undanfarin tvö ár hafa einu tekjur Fiskimálasjóðs því verið fjármagnstekjur. Meðan svo er kemur rekstur sjóðsins niður á eiginfjárstöðu hans, og enn á eftir að taka ákvörðun um framtíðarskipan hans. Á árinu 1989 er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður nemi 4.290 þús. kr. en þar af er fjármagnskostnaður 3.420 þús. kr. Fjármagnstekjur eru hins vegar áætlaðar 4.390 þús. kr.

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Staðið hafa yfir miklar endurbætur á húsi rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4 í kjölfar þess að Ríkisútvarpið fluttist þaðan. Sjávarútvegsráðuneytið er nú flutt í húsnæðið en Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins voru þar fyrir. Áætlað er að leigutekjur nemi 15.230 þús. kr. á árinu 1989 en að húsvarsla, almenn rekstrargjöld og viðhald nemi 8.510 þús. kr. Framlag frá *Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna* verður 21.000 þús. kr. þannig að ráðstöfunarfé til framkvæmda verður 27.720 þús. kr. Þessu ráðstöfunarfé skal varið til innréttinga á 3., 4. og 5. hæð auk efnafræðistofu á 4. hæð.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 Kirkjubyggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins eru lögbundið framlag ríkissjóðs og þær gjafir er sjóðnum berast. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 600 þús. kr. árið 1981 og hækkar samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert. Nú er þessi fjárhæð 4.610 þús. kr.

372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 21/1963 er að veita kirkjugarðsstjórnum lán til að girða og fegra kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Tekjur sjóðsins eru 8% af kirkjugarðsgjöldum en þau eru annars vegar hluti aðstöðugjalds á hverjum stað og hins vegar ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling yfir 16 ára aldri.

373 Kristnisjóður

Meginmarkmið kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Í 20. gr. þessara laga er kveðið svo á að til sjóðsins skuli renna fjárhæð er svarar til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum. Einnig rennur í sjóðinn fjárhæð er svarar til prestslauna fyrir hvert prestakall þar sem prestlaust er. Framlagið verður samkvæmt ákvæðum þessum 14.310 þús. kr. á árinu 1989.

27 Félagsmálaráðuneyti

271-272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, sem tóku gildi 1. september 1986, var lögum um Húsnæðisstofnun breytt. Hámarkslán til einstaklinga urðu þá bundin skilyrði um skuldabréfakaup lífeyrissjóðs þess sem hlutaðeigandi einstaklingur ætti aðild að. Þannig getur lánþegi því aðeins fengið fullt lán úr byggingarsjóðunum að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 55% að lágmarki af svokölluðu ráðstöfunarfé sínu. Í þessu felst að aukist ráðstöfunarfé lífeyrissjóða eykst útlánageta íbúðarlánasjóðanna. Þessa gætti strax á árinu 1987. Þá var ákveðið að hluta þess fjár, eða 500 m.kr., sem kaup lífeyrissjóðanna fóru fram úr fyrri áætlun, skyldi haldið í sjóði í árslok 1988. Kaup umfram áætlun reyndust þó minni en áætlað var, þannig að einungis 105 m.kr. verður haldið í sjóði í árslok 1988. Horfur eru á að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1988 verði 12.700 m.kr. sem er 1.600 m.kr. umfram forsendur í lánsfjáráætlun 1988. Verði reyndin sú að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins verði umfram lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir að sjóðurinn veiti þau lán sem ákveðin voru í fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar til úrbóta fyrir húsbyggjendur í greiðsluerfiðleikum. Að öðru leyti ber byggingarsjóðunum skylda til að styrkja eigin sjóðsstöðu með því umframfé. Fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1989 nemur 1.120 m.kr. og er það 70 m.kr. meira en 1988. Lántökur sjóðsins nema alls 7.290 m.kr., þar af eru 7.225 m.kr. hjá lífeyrissjóðum og 65 m.kr. skyldusparnaður, nettó. Mismunur á greiðslubyrði af veittum og teknum lánum er áætlaður um 90 m.kr. Rekstrarkostnaður umfram tekjur nemur 120 m.kr. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins geta því numið allt að 8.215 m.kr. á árinu 1989 sem er um 45% hækkun frá í ár. Að öðru leyti vísast til töflu 20 í töfluviðauka um fjármál sjóðsins á árunum 1988 og 1989. Fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna nemur 680 m.kr. á árinu 1989 eða 80 m.kr. meira en 1988, en þá hafði framlag ríkisins tvöfaldast frá árinu áður. Framlög sveitarfélaga eru talin nema 150 m.kr. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af sjóðnum verða 2.070 m.kr. sem er 52 % hækkun frá fjárlögum 1988. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður um 530 m.kr.Sjóðurinn hefur því 2.775 m.kr. tillánveitinga á árinu 1988 samanborið við 2.050 m.kr. í ár. Í töflu 21 í töfluviðauka eru sýnd fjármál Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1988 og 1989.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Tekjur sjóðsins eiga að vera iðgjöld atvinnurekenda og framlag ríkissjóðs og framlag sveitarsjóða auk tekna af eigin fé. Iðgjöld atvinnurekenda eru áætluð 277.000 þús. kr. á árinu 1989. Skv. bráðabirgðalögum nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, fara 300.000 þús. kr. af áætluðu framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs nú til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til viðbótar iðgjöldum. Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar 754 m.kr.

311 Ríkisspítalar, þvottahús

Undir þennan fjárlagalið heyrir þvottahús ríkisspítalanna, saumastofa og dauðhreinsunardeild. Fjármagns til rekstrar afla áðurnefndar deildir með sölu þjónustu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu. Mismun á tekjum á gjöldum, 18.900 þús. kr., verður varið til fjárfestingar.

378 Læknishéraðasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 59/1983 að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum. Fjármagni sjóðsins hefur fyrst og fremst verið varið til tækjakaupa í heilsugæslustöðvar úti á landi.

29 Fjármálaráðuneyti

101 *Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins*

Niðurstaða rekstrar er áætluð 2.301.130 þús. kr. sem er 34% hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1988. Hinn 1. mars 1989 verður hafin sala á áfengu öli og er gert ráð fyrir að seldir verði 6,2 milljónir lítra af á árinu 1989. Áætlaðar heildartekjur af sölu áfengis, öls og tóbaks nema 7.903.060 þús. kr. Er það 32% hærri upphæð en í fjárlögum 1988. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 5.600.000 þús. kr. verði skilað í ríkissjóð, 3.520 þús. kr. verði varið til afborgana lána en 63.000 þús. kr. til fjárfestingar. Í áætlun um vörusölu hækkar verð á áfengi og tóbaki umfram verðlagsbreytingar. Skv. áætlunum verður sala á öðru en áfengu öli 3% minni en á árinu 1988.

102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 595.470 þús. kr. sem er 45% hærra en í fjárlögum 1988. Áformað er að fjárfesta fyrir 20.000 þús. kr. og er þar um að ræða vélar og tæki til lyfjaframleiðslu. Með þessum framkvæmdum eykst hagkvæmni og afköst sem gerir lyfjaversluninni kleift að sinna sjúkrahúsunum betur en áður. Eigin framleiðsla Lyfjaverslunar er um 35% af söluvörum fyrirtækisins. Skil Lyfjaverslunar í ríkissjóð eru ráðgerð 30.000 þús. kr.

103 Innkaupastofnun ríkisins

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum stofnunarinnar og verið hefur. Rekstrargjöld eru áætluð 1.160.120 þús. kr. sem er 21% hækkun miðað við fjárlög 1988. Umfangsmesti liður í rekstri stofnunarinnar er innkaup á vöru og hráefni til endursölu. Lætur nærri að meðalálagning stofnunarinnar sé um 4%, eins og tíðkast hefur.

931 Arnarhvoll

Rekstur þessarar stofnunar eykst verulega að umsvifum á árinu 1989 vegna þess að þá bætast við þrjár fasteignir, þ.e. nýbyggingin við Sölvhólsgötu 7, þar sem samtals verða teknir í notkun 1.360 m^2, Sölvhólsgata 4 og Lindargata 9a. Tvær síðast nefndu fasteignirnar verða leigðar fyrri eigendum til loka september 1989.

933 Borgartún 6, fundarsalir

Rekstur þessarar stofnunar hefur nú verið leigður út og fellur hún því út sem sérstakur fjárlagaliður. Húseignin heyrir hér eftir undir fjárlagalið 29-981 *Fasteignir ríkissjóðs.*

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun

Rekstrargjöld eru áætluð 5.320.270 þús. kr. fyrir afskriftir og hækka um 21% frá fjárlögum 1988. Rekstrartekjur eru áætlaðar 5.702.000 þús. kr. og hækka um 7% frá fjárlögum 1988. Er þá ekki gert ráð fyrir hækkun gjaldskrár. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði 204.000 þús. kr. og er þá miðað við að aðflutningsgjöld og söluskattur af ýmiss konar símabúnaði verði felld niður svo sem verið hefur. Fjárfestingar skv. fjárlögum 1988 eru 577.000 þús. kr. Þrátt fyrir svo mikinn samdrátt fjárfestingar mun stofnunin ekki ná að jafna þá launaskuld við ríkissjóð, sem áætluð er að muni nema um 150.000 þús. kr. um næstu áramót. Til þess að svo verði þyrfti gjaldskrá að hækka um nálægt 1,5%.

211 Skipaútgerð ríkisins

Fyrirkomulag á þeirri þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins hefur annast á undanförnum árum er nú til endurskoðunar. Stefnt er að því á næsta ári verði ákveðið hvernig þessari þjónustu hagað á næstu árum. Framlag ríkissjóðs til rekstrar Skipaútgerðarinnar árið 1989 verður einungis 61.000 þús. kr. en undir fjárlagalið 10-321 *Strandferðir, framlög*, eru ætlaðar 94.000 þús. kr. til endurskipulagningar strandflutninga. Að lokinni áðurnefndri endurskoðun verður tekin afstaða til þess hvernig því fé verður varið. Rekstrargjöld Skipaútgerðarinnar er áætluð 470.890 þús. kr. sem er 12% hækkun frá fjárlögum 1988. Ekki er gert ráð fyrir að Skipaútgerðin greiði niður skuldir sínar við Ríkisábyrgðasjóð á næsta ári.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 Sementsverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 689.850 þús. kr. og hækka um 30% frá fjárlögum 1988. Reiknað er með svipuðu umfangi í rekstri og á yfirstandandi ári. Sala á sementi er áætluð 125.400 tonn. Áætlun um tekjur byggist á því að meðalverð sements 1989 verði 5.550 kr. fyrir tonnið þegar frá hefur verið dregið flutningsjöfnunargjald. Meðalverð 1988 var 5.290 kr. tonnið. Tekjur eru áætlaðar 703.270 þús. kr. sem er 33% hækkun frá fjárlögum 1988. Til fjárfestingar eru ætlaðar 73.000 þús. kr. og er þar um að ræða að framleiðslukerfi verksmiðjunnar verði breytt. Lántökur verksmiðjunnar eru áætlaðar 30.000 þús kr. og eru þær vegna ofangreindra fjárfestinga.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstrargjöld eru áætluð 2.598.700 þús. kr. árið 1989 og hækka um 5% frá gildandi fjárlögum. Tekjuáætlun fyrir árið 1989 er byggð á gjaldskrá frá 1. júlí 1988. Til fjárfestingar eru ætlaðar 176.000 þús. kr. og er við það miðað að fyrirtækið fjármagni þær alfarið af eigin tekjum.

6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, þ.e. bæði veittum og teknum lánum, ásamt áætlun um greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um bókfærðar skuldir og veitt lán ríkissjóðs til aðila utan A-hluta. Mismunur tekinna og veittra lána sýnir eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs. Þá er sett fram stutt yfirlit um hvert stefnir í ríkisfjármálum 1990-1992 út frá gildandi skuldbindingum í lánareikningum að því tilskildu að tekjuafgangur verði 1.184 m.kr. á árinu 1989 og einn milljarður króna frá og með 1990. Enn fremur er gefið yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs í árslok 1987 í veittum ábyrgðum og fyrirhugaða stefnubreytingu stjórnvalda í þeim málum á árinu 1989. Að lokum er fjallað um skuldastýringu ríkissjóðs á erlendum lánsfjármarkaði og þau sjónarmið sem hafa þarf í huga þegar tekin eru erlend lán eða skuldum hagrætt.

6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var tekin upp breytt skilgreining á A-hluta ríkissjóðs. Sú framsetning samrýmist þjóðhagsreikningum mun betur og gefur gleggri mynd af umfangi lánastarfsemi ríkissjóðs en áður. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs fyrir árin 1982—1987 ásamt áætlun fyrir 1988 og 1989 (m.kr.):

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1982—1989
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Áætlun 1988	Áætlun 1989
1. Tekin lán	**10.190**	**18.941**	**26.913**	**37.570**	**44.237**	**52.026**	**67.750**	**67.630**
Seðlabanki Íslands	278	915	1.897	3.683	1.693	3.059	2.985	2.310
Spariskírteini	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541	11.775	16.935	19.765
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1.004	2.018	2.349	2.530	2.255
Ríkisvíxlar	–	–	–	–	–	931	930	930
Aðrir innlendir aðilar	1.070	1.780	1.606	2.088	2.731	3.957	4.320	3.845
Erlend lán	6.732	12.482	19.497	25.630	29.304	29.955	40.050	38.525
2. Lánveitingar	**9.909**	**15.149**	**21.414**	**9.839**	**29.713**	**35.632**	**44.450**	**47.130**
Veitt lán	8.703	13.048	18.182	24.737	22.985	24.182	30.000	29.680
Lán tengd innl. verðl	2.168	3.114	4.168	10.517	11.596	13.476	16.230	17.165
Gengisbundin lán	6.535	9.934	14.014	14.220	11.389	10.706	13.770	12.515
Viðsk.reikn. nettóinneign	1.206	2.101	3.232	5.102	6.728	11.450	14.450	17.450
3. Tekin lán umfram lánveit.	**281**	**3.792**	**5.499**	**7.731**	**14.574**	**16.394**	**23.300**	**20.500**
Lánv. í % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	65,6	69,7
4. Hlutfall af VFL: [1]								
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	24,7	24,4
þ.a. erlendar skuldir	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	14,0
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	10,9	10,8
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,1	4,5
Viðskiptareikn. nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	5,2	6,3
Tekin lán umfram lánveit	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	8,6	7,5

1) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að skuldir ríkissjóðs, í hlutfalli við verga landsframleiðslu, hafa minnkað frá árinu 1985. Í árslok 1987 var hlutfallið um 24% en var um 28% í árslok 1985. Erlendar skuldir ríkissjóðs hafa minnkað enn meira eða úr rúmlega 19% af vergri landsframleiðslu í rúm 14% frá árslokum 1985 til ársloka 1987.

Lánveitingar ríkissjóðs eru tvíþættar, þ.e. formlegar lánveitingar og viðskiptareikningar. Formleg lán ríkissjóðs hafa að stærstum hluta verið tekin erlendis og endurlánuð til framkvæmda hjá opinberum aðilum.

Í árslok 1986 verður mikil breyting á stöðutölum veittra lána ríkissjóðs í tengslum við yfirtöku á langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð um 4.500 m.kr. Á móti fékk ríkissjóður fimm verðtryggð skuldabréf að fjárhæð um 2.000 m.kr. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessa nam því um 2.500 m.kr.

Á grundvelli heimildar í lánsfjárlögum gerði ríkissjóður á árinu 1987 samkomulag við Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um ráðstafanir til að bæta rekstur veitnanna í framtíðinni. Hluti samkomulagsins var yfirtaka ríkissjóðs á hluta langtímaláns sem hann hafði tekið á árinu 1983 og endurlánað veitunum. Samtals nam yfirtaka ríkissjóðs 320 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1987, þar af 100 m.kr. vegna Hitaveitu Akureyrar og 220 m.kr. vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Á árinu 1988 gerði ríkissjóður hliðstætt samkomulag við Fjarhitun Vestmannaeyja sem m.a. fól í sér yfirtöku ríkissjóðs á skuldum veitunnar við ríkissjóðs að fjárhæð 89 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1987.

Hrein inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum hefur farið ört vaxandi á síðustu árum. Hér er um að ræða ýmsa reikninga til skamms tíma vegna óinnheimtra skatta, aðflutningsgjalda, yfirdráttar B-hluta fyrirtækja hjá ríkissjóði vegna launagreiðslna o.fl.

Síðustu tveir dálkar yfirlitsins sýna áætlaðar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1988 og 1989. Tekið er mið af áætlun um útkomu yfirstandandi árs og fjárlagafrumvarps 1989. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hækka skuldir ríkissjóðs árið 1988 vegna fjármögnunar á tekjuhalla en lækka aftur árið 1989 enda er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður taki erlend lán það ár.

Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur verið sala spariskírteina. Handhafar eða eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist verulega hin síðustu ár. Í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar fjórtan til sextán árum eftir útgáfu. Stærstur hluti spariskírteina á undanförnum árum hefur verið með binditíma á bilinu tvö til sex ár. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Útgefnir flokkar spariskítreina bera margir tiltölulega háa raunvexti en í árslok 1987 nam verðgildi útistandandi skírteina með vöxtum og verðbótum alls 13.954 m.kr. Á sama tíma nam verðmæti þeirra spariskírteina sem voru innleysanleg 2.092 m.kr.

Útgefnir flokkar síðustu tveggja ára hafa verið til ákveðins tíma og komið til lokainnlausnar að þeim tíma liðnum. Með þessu er verið að draga úr þeirri óvissu sem hefur ríkt um innlausn spariskírteina sem ræðst að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Áætluð innlausn tímabilið 1989—1992 tekur í fyrsta lagi mið af því hve mikið er til lokainnlausnar á hverju ári. Að auki er metin líkleg innlausn skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum sínum. Að lokum er í áætluninni miðað við að ríkissjóður nýti ekki heimild til uppgreiðslu á þeim flokkum spariskírteina þar sem slíkt ákvæði er fyrir hendi.

Í áætlun samkvæmt frumvarpinu er miðað við að afla ríkissjóði 4.700 m.kr. á árinu 1989 með sölu spariskírteina og brúa þar með alla lánsfjárþörf ríkissjóðs. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 4.100 m.kr., þar af eru 1.025 m.kr. vegna vaxtaþáttarins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1988—1992. Allar fjárhæðir á tímabilinu 1989—1992 eru miðaðar við áætlað meðalverðlag á árinu 1989.

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1988—1992

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1988	1989	1990	1991	1992
1. Tekin ný lán	**9.542**	**4.700**	**3,8**	**5,0**	**7,7**
Sala spariskírteina	4.860	4.700	3,8	5,0	4,8
Önnur innend lánsfjáröflun	60	–	–	–	–
Erlend lán	4.622	–	–	–	2,9[1])
2. Afborganir af teknum lánum	**5.120**	**6.590**	**5,4**	**6,5**	**9,6**
Innlausn spariskírteina	2.520	3.075	1,9	3,0	3,5
Seðlabanki	690	840	0,8	0,8	0,5
Önnur innlend lán	840	1.150	1,0	1,0	1,0
Erlend lán	1.070	1.525	1,7	1,7	1,7
3. Tekin lán, nettó (1—2)	**4.422**	**–1.890**	**–1,6**	**–1,5**	**–1,9**
Spariskírteini	2.340	1.625	1,9	2,0	1,3
Seðlabanki	–640	–840	0,8	0,8	0,5
Önnur innlend lán	780	–1.150	1,0	–1,0	–1,0
Erlend lán	3.552	–1.525	–1,7	–1,7	–1,7
4. Veitt ný lán	**2.917**	**1.265**	**1,0**	**1,0**	**1,0**
Lán tengd innlendu verðlagi	945	1.265	1,0	1,0	1,0
Gengisbundin lán	1.972	–	–	–	–
5. Innheimtar afborganir	**2.400**	**2.590**	**2,5**	**2,4**	**2,8**
Af lánum tengdum innlendu verðlagi	1.160	1.335	1,3	1,3	1,4
Af gengisbundnum lánum	1.240	1.255	1,2	1,1	1,4
6. Veitt lán, nettó (4—5)	**517**	**–1.325**	**–1,5**	**–1,4**	**–1,8**
7. Tekin lán, nettó, umfram veitt lán, nettó (3—6)	**3.905**	**–565**	**–0,1**	**–0,1**	**–0,1**
8. Hlutfall af VLF (%):					
Tekin lán, nettó	1,8	–0,7	–0,6	–0,5	–0,7
Veitt lán, nettó	1,2	–0,5	–0,5	–0,5	0,7
Tekin lán umfram veitt, nettó	1,5	–0,2	–0,1	0,0	0,0

1) Árið 1992 er kúfur í endurgreiðslu á erlendum lánum sem mætt verður að hluta með erlendri lántöku, þó þannig að hrein endurgreiðsla erlendra skulda lækki ekki.

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánum ríkissjóðs á tímabilinu 1989—1992 byggist í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Stöðu tekinna og veittra lána í september 1988 samkvæmt lánaskrá ríkissjóðs, 2) horfum um nýjar lántökur og lánveitingar til ársloka 1988 í samræmi við endurskoðaða áætlun í ríkisfjármálum, 3) teknum (veittum) lánum 1989 miðað við forsendur þessa frumvarps og 4) teknum (veittum) lánum 1990 og 1991 miðað við svipaðan tekjuafgang og fjárlagafrumvarp 1989 gerir ráð fyrir.

Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu missirum. Innlend lán ríkissjóðs eru flest bundin föstum vöxtum. Þar sem öll fyrirhuguð lánsfjáröflun ríkissjóðs á næstu fjórum árum verður í formi sölu á spariskírteinum koma vextir af þeim ekki til greiðslu fyrr en við innlausn þeirra. Um 35% af erlendum lánum ríkissjóðs eru með breytilegum vöxtum og eru þau að mestu í bandaríkjadölum. Meðalvextir erlendra lána á árinu 1988 eru taldir verða um 7,7%, en muni hækka í 8% á árinu 1989. Breytilegir vextir á dollaralánum sem koma til greiðslu í ár eru áætlaðir að meðaltali um 7,5 % og í áætlun næsta árs er miðað við að þessir vextir verði um 8,5%. Gróft

áætlað leiðir einnar prósentu lækkun breytilegra vaxta á erlendum lánsfjármarkaði til um 400 m.kr. lækkunar á vaxtagreiðslum þjóðarinnar út á við á heilu ári. Hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs með breytilegum vöxtum hefur verið nokkru lægra en í erlendum skuldum þjóðarbúsins í heild. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 140 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslur ríkissjóðs af skuldum og innheimtu af veittum lánum yfir tímabilið 1989—1992:

Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum ríkissjóðs 1989—1992

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.					
	1989		1990		1991		1992	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum	**6.590**	**7.350**	**5,4**	**6,6**	**6,5**	**6,7**	**9,6**	**6,4**
1. Áhvílandi í árslok 1988	6.590	6.150	5,4	5,4	6,5	5,5	8,2	4,7
Seðlabanki Íslands	840	330	0,8	0,3	0,8	0,2	0,5	0,1
Innlausn spariskírteina	3.075	1.025	1,9	0,6	3,0	1,0	2,1	0,7
Gengisbundin lán innanlands	135	50	0,1	–	0,1	–	0,1	–
Önnur innlend lán	1.015	1.075	0,9	1,0	0,9	1,0	0,9	0,8
Erlend lán	1.525	3.670	1,7	3,5	1,7	3,3	4,6	3,1
2. Tekin lán 1989—1992	–	–	–	–	–	–	1,4	0,5
Innlend lán	–	–	–	–	–	–	1,4	0,5
3. Yfirdráttur í Seðlabanka	–	1.200	–	1,2	–	1,2	–	1,2
B. Innheimta af veittum lánum	**2.590**	**2.850**	**2,5**	**2,8**	**2,4**	**2,6**	**2,8**	**2,6**
1. Veitt lán í árslok 1988	2.590	1.850	2,4	1,7	2,2	1,4	2,5	1,3
Tengd innlendu verðlagi	1.335	810	1,2	0,7	1,1	0,6	1,1	0,6
Gengisbundin lán	1.255	1.040	1,2	1,0	1,1	0,8	1,4	0,7
2. Veitt lán 1989—1992	–	–	0,1	0,1	0,2	0,2	0,3	0,3
Tengd innlendu verðlagi	–	–	0,1	0,1	0,2	0,2	0,3	0,3
3. Dráttarvextir af skammtímakröfum	–	1.000	–	1,0	–	1,0	–	1,0
C. Nettó-útstreymi afborgana og vaxta	**4.000**	**4.500**	**2,9**	**3,8**	**4,1**	**4,1**	**6,8**	**3,8**

Niðurstöður framangreindrar áætlunar benda til verulegs útstreymis umfram innstreymi af lánareikningi ríkissjóðs. Heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánum á árinu 1989 eru 13.940 m.kr. eða um 18% af heildartekjum, þar af eru vextir um 10%. Á móti nema innborganir af veittum lánum ríkissjóðs alls 5.440 m.kr. eða um 7% af heildartekjum. Hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta á lánareikningum nemur því 8.500 m.kr. eða um 11% af heildartekjum á árinu 1989. Þetta hlutfall er áætlað um 9% í ár.

Athygli er vakin á að mikil sveifla er í afborgunum á lánum ríkissjóðs á næstu fjórum árum. Á árinu 1990 eru þær einungis 5,4 milljarðar króna en verða 9,6 milljarðar króna á árinu 1992. Ástæðan er sveiflukennd innlausn spariskírteina sem tengist þeirri nýbreytni að binda innlausn nýrra spariskírteina tilteknum degi. Einnig er óvenjuhá afborgun af erlendum lánum á árinu 1992. Er þar um að ræða uppgreiðslu á 75.000 þús. marka láni sem ríkissjóður tók árið 1982 og endurlánaði samkvæmt lánsfjáráætlun 1982 m.a. til orkugeirans og til nokkurra fyrirtækja í eigu ríkisins.

Í ljósi skuldbindinga af lánamálum og stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum eru settar fram horfur um afkomu ríkissjóðs á tímabilinu 1988—1992 í eftirfarandi yfirliti:

Horfur í ríkisfjármálum 1988–1992

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1988	1989	1990	1991	1992
1. Tekjur umfram gjöld	**-2.981**	**1.184**	**1,0**	**1,0**	**1,0**
2. Veitt lán, nettó [1]	**517**	**-1.325**	**-1,5**	**-1,4**	**1,8**
Ný lán til B-hluta aðila	1.855	1.265	1,0	1,0	1,0
Ný lán til atvinnufyrirtækja	1.062	–	–	–	–
– Innheimtar afborganir	-2.400	-2.590	-2,5	-2,4	2,8
3. Hlutafjárframlög	**80**	**115**	**0,1**	**0,1**	**0,1**
4. Viðskiptareikningur, nettó-útstreymi	**–**	**500**	**0,5**	**0,5**	**0,5**
5. Lánsfjárþörf, nettó (2+3+4–1)	**3.578**	**-1.894**	**-1,9**	**-1,8**	**-2,2**
6. Tekin lán, nettó (6.1+6.2)	**4.422**	**-1.890**	**-1,9**	**-1,8**	**-2,2**
6.1 Innlend lán, nettó	870	-365	0,2	0,1	-0,5
Ný lán	4.920	4.700	3,5	4,7	4,5
– Afborganir	-4.050	-5.065	-3,7	-4,8	-5,0
6.2 Erlend lán, nettó	3.552	-1.525	-1,7	-1,7	-1,7
Ný lán	4.622	–	–	–	2,9
– Afborganir	-1.070	-1.525	-1,7	-1,7	-4,6
7. Greiðsluafkoma, sjóðsbreyting (6—5)	**844**	**4**	**–**	**–**	**–**

1) Neikvætt formerki felur í sér að innheimtar afborganir af útistandandi kröfum ríkissjóðs eru hærri en nemur veittum nýjum lánum.
2) Neikvætt formerki á lánsfjárþörf nettó felur í sér möguleika til að greiða niður skuldir.
3) Greiðsluafgangur að fjárhæð 844 m.kr. í árslok 1988 er nauðsynlegur til að gera upp skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári.

Áætlað útstreymi 1990—1992 vegna hlutafjárframlaga, lánveitinga til B-hluta aðila og á viðskiptareikningum tekur mið af frumvarpi 1989. Þó lækka lánveitingar til B-hluta á árinu 1989 vegna minni lánveitinga til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Niðurstaðan af framansögðu er því sú að takist stjórnvöldum að reka ríkissjóð með tekjuafgangi á næstu árum er mögulegt að lækka hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e.heildarskuldir að frádregnum lánveitingum.

6.2 Ríkisábyrgðir

Heildarskuldbindingum ríkisins má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru bókfærðar skuldir sem ríkissjóður hefur tekið innan lands og utan, eins og hefur verið skýrt frá í kaflanum hér að framan. Í öðru lagi skuldbindingar ríkissjóðs á lánum sem ýmsir hafa fengið heimild til að taka með ábyrgð ríkisins. Í þriðja lagi eru síðan sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins sem felast í eignarhaldi þess, t.d. á ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs sem stofnað er til með formlegum ríkisábyrgðum.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförnum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1980–1987

Ár	Verðlag í lok hvers árs: Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir samtals verðlag í árslok 1987 [1])
1987	416	6.305	17.703	24.424	24.424
1986	294	5.820	16.632	22.746	24.529
1985	275	4.979	12.873	18.127	21.407
1984	302	4.006	10.355	14.663	21.674
1983	241	3.598	6.599	10.438	19.335
1982[2])	–	–	3.346	5.618	17.407
1981[3])	–	–	–	2.044	10.195
1980[3])	–	–	–	1.365	8.672

1) Fært til árslokaverðlags 1987 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.
2) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggða lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.
3) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1987 jafngiltu skráðar ríkisábyrgðir, reiknaðar til meðalverðlags 1987, um 11,5% af VLF. Er það nokkru lægra hlutfall í samanburði við síðustu ár, en á árabilinu 1983–1986 voru skráðar ríkisábyrgðir, mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, á bilinu 13–15%. Af skráðum ríkisábyrgðum nema gengisbundin lán 72,5% og er það álíka hlutfall og var í árslok 1986.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Þegar áhætta er metin þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og krafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á skráðum ríkisábyrgðum kemur í ljós að þær eru að stórum hluta með sjálfskuldarábyrgð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun skráðra ábyrgðaí grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega einna þyngst.

Flokkun skráðra ríkisábyrgða 1980–1987 eftir skuldurum
Fast verðlag í árslok 1987

Ár	Framkvæmdasjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkjun	Aðrir	Ábyrgðir samtals
1987	12.724	5.843	118	5.739	24.424
1986	12.297	6.482	736	5.014	24.529
1985	9.527	6.376	926	4.578	21.407
1984	8.226	6.758	1.127	5.563	21.674
1983	5.796	7.325	1.259	4.955	19.335
1982	4.028	8.011	1.270	4.098	17.407
1981	2.473	4.130	1.064	2.528	10.195
1980	2.039	4.574	1.318	741	8.672

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Hlutdeild þessara aðila í veittum ríkisábyrgðum var hæst árið 1980 eða rúm 90% en hefur verið tiltölulega stöðug hin árin eða á bilinu 74–79%. Í dálkinum sem ber heitið „Aðrir"eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og atvinnufyrirtæki. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförnum árum. Útgjöld Ríkisábyrgðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1980–1987, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

Hreinar útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila lána með ríkisábyrgð 1980–1987

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Innleystar kröfur	43	61	89	193	248	238	636	229
– Endurgreiðslur skuldara	–37	–61	–67	–91	–121	–204	–356	–219
Hreinar útgreiðslur ríkissjóðs	6	0	22	102	127	34	280	10

Heildarfjárhæð krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1987, nam 229 m.kr. og er það lægsta fjárhæð að raungildi á tímabilinu. Skýringin felst m.a. í góðu árferði, en þess ber þó að gæta að á árinu 1987 yfirtók ríkissjóður 220 m.kr. af skuldum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og 100 m.kr. af skuldum Hitaveitu Akureyrar. Endurgreiðslur frá skuldurunum til Ríkisábyrgðarsjóðs námu 219 m.kr. þannig að hreinar greiðslur úr sjóðnum námu einungis 10 m.kr.

Í árslok 1987 námu kröfur ríkissjóðs alls 779 m.kr. vegna vanskila skuldunauta Ríkisábyrgðasjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum í árslok 1985–1987 (m.kr.):

Kröfur ríkissjóðs 1985–1987 vegna vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð

	1985	1986	1987
1. Hafnalán	15	12	11
2. Raforkulán	29	61	46
3. Fiskiðnaður	5	207	236
4. Togaralán	143	49	68
5. Samgöngur	162	238	269
6. Hitaveitulán	15	51	67
7. Landbúnaður	1	6	8
8. Aðrir	84	113	74
Samtals	454	737	779

Til viðbótar við framangreindar ábyrgðir er ríkissjóður skuldbundinn af sjálfvirkum ríkisábyrgðum sem eigandi ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1988 (bls. 330) var gerð tilraun til að meta viðbótarskuldbindingar ríkissjóðs vegna þessa. Niðurstaða þess mats nam alls tæpum 48 milljörðum króna í árslok 1986 eða tæpum 29% af vergri landsframleiðslu. Áhætta ríkisins af þessum skuldbindingum er þó óljós.

Að lokum skal vakin athygli á að einkafyrirtæki leita gjarnan til opinberra lánastofnana um milligöngu á erlendum lántökum út á heimildir viðskiptaráðuneytisins. Þannig hafa

Framkvæmdasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður tekið drjúgar upphæðir að láni erlendis fyrir einkaaðila. Það skal tekið fram að þótt hér sé oft um háar fjárhæðir að ræða eru í flestum tilvikum gerðar strangar kröfur um trygg veð að baki þessum lánveitingum. Engu að síður eru margar af þessum ábyrgðum óhjákvæmilega áhættusamar.

6.3 Erlendar lántökur ríkissjóðs

Á undanförnum árum hafa fjölmörg vestræn iðnríki búið við stöðugan viðskiptahalla og erlenda skuldasöfnun. Á sama tíma hafa erlendir lánamarkaðir einkennst af óstöðugleika, bæði vegna óvissu um innbyrðis afstöðu milli gjaldmiðla og breytilegra lánskjara. Það hefur aftur kallað á aukna þörf fyrir varfærni við nýjar lántökur og eins í allri stjórn á samsetningu áhvílandi skulda. Markmiðið með skuldastýringu er að nýta möguleika sem bjóðast á lánamarkaði hverju sinni til að lágmarka kostnað af skuldum. Í því sambandi er litið á samspil gengisáhættu og vaxta, val á milli fastra og breytilegra vaxta og lánstíma. Hvernig er hægt að lágmarka gengisáhættu og á sama tíma minnka lánskostnaðinn eins og kostur er? Til að ná settu markmiði um æskilega samsetningu skulda hefur lántaki ýmsa möguleika á markaðnum. Frá 1980 hefur átt sér stað mikil breyting á erlendum fjármagnsmarkaði sem einkennist fyrst og fremst af auknu frelsi og samkeppni milli alþjóðlegra fjármálastofnana. Þetta hefur haft í för með sér stóraukna möguleika til skuldastýringar vegna fjölda nýrra „lánsforma"og aukinnar notkunar á öðrum sem voru til staðar áður.

Hér á eftir verður annars vegar fjallað í stuttu máli um þau sjónarmið sem þarf að taka tillit til við lántökur eða skuldastýringu. Hins vegar er fjallað um „leiðir"sem hægt er að nýta til að hafa áhrif á skuldasamsetninguna.

Meginsjónarmið við skuldastýringu. Við erlenda lántöku eða skuldastjórn eru einkum þrjú atriði sem þarf að glíma við: gjaldmiðlasamsetningu skulda með tilliti til gengisáhættu og vaxta, vaxtakjör og lánstíma.

Gengisáhætta og vaxtastig. Erlendum lánum ríkissjóðs fylgir ávallt nokkur áhætta sem felst einkum í gengisbreytingum sem hann hefur engin áhrif á. Lántaki, sem skuldar í tilteknum gjaldmiðli, tapar ef gengi hans hækkar gagnvart öðrum, en hagnast ef það lækkar. Hins vegar má ætla að veikur gjaldmiðill beri almennt hærri vexti en sterkur til að vega upp gengisáhættuna. Hér er um flókið samband að ræða milli gengisáhættu og vaxta sem býður upp á margs konar möguleika fyrir skuldara á fjármagnsmarkaðnum. Til langs tíma litið er þó skynsamlegast að draga úr áhættu sem fylgir innbyrðis sveiflum á gengi gjaldmiðla. Hér á landi hefur verið fylgt þeirri stefnu að reyna að haga gjaldmiðlasamsetningu erlendra skulda ríkissjóðs með hliðsjón af erlendum viðskiptum þjóðarinnar. Slíkt er þó oft vandkvæðum bundið. Í sumum tilvikum er ekki framboð á lánum í viðkomandi gjaldmiðli eða þau eru einfaldlega of dýr.

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að halda vaxtakostnaði í lágmarki, þó þannig að ekki stangist á við önnur markmið. Ef eingöngu væri reynt að lágmarka vaxtakostnað væru öll erlend lán ríkissjóðs í svissneskum frönkum. Slíkt hefði hins vegar í för með sér mikla gengisáhættu og samræmdist ekki því sjónarmiði að dreifa skuldunum á marga gjaldmiðla. Benda má á að til margra ára litið hefur krónan lækkað minna gagnvart „veikum"gjaldmiðlum eins og dönsku krónunni og franska frankanum, en gagnvart „sterkum"gjaldmiðlum, eins og svissneska frankanum og þýska markinu. Ávinningurinn af lágum vöxtum af lánum í sterkum gjaldmiðlum samanborið við háa vexti af lánum í veikum gjaldmiðlum kann því að hverfa að teknu tilliti til gengisþróunar.

Fyrirkomulag á vaxtaákvörðunum. Erlend lán bera ýmist fasta vexti eða breytilega. Fastir vextir á láni draga úr óvissu um vaxtagreiðslur í framtíðinni en aftur á móti er tekin sú áhætta að markaðsvextir lækki síðar. Breytilegir vextir fylgja vaxtaþróun á skammtímamarkaði og geta sveiflast verulega og við óhagstæð skilyrði geta þeir leitt til

mikillar hækkunar á vaxtagreiðslum eins og við upphaf þessa áratugar. Almennt má ætla að vextir á skammtímamarkaði séu lægri en fastir vextir af langtímalánum og því er unnt að draga úr vaxtakostnaði með því að taka lán með breytilegum vöxtum. Það felur um leið í sér nokkra vaxtaáhættu. Um nokkurt skeið var um helmingur af erlendum skuldum ríkissjóðs með breytilegum vöxtum og voru þær eingöngu í bandaríkjadölum. Í árslok 1987 voru hins vegar um 35% af erlendum skuldum ríkissjóðs með breytilega vexti og voru í tveimur gjaldmiðlum, bandaríkjadölum og þýskum mörkum. Á þessu ári hafa bæst við lán í svissneskum frönkum. Lækkun hlutfallsins stafar einkum af því að vextir hafa almennt verið lágir síðustu missirin og því fremur hagstætt að taka lán með föstum vöxtum.

Lánstími. Um langt skeið hefur verið lögð rík áhersla á að ríkissjóður taki erlend lán til a.m.k. tíu ára svo að árleg endurgreiðslubyrði verði ekki of þung. Jafnframt hefur verið reynt að gæta þess að dreifa endurgreiðslum af erlendum lánum nokkuð jafnt á komandi ár svo að ekki verði um miklar sveiflur í árlegum endurgreiðslum að ræða.

Skuldastýring. Helstu leiðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru um samsetningu erlendra skulda ríkisins eftir gjaldmiðlum, vaxtakjörum og lánstíma eru þessar:

Nýjar lántökur. Þegar tekin eru ný lán eru gjaldmiðlar og vaxtakjör ákveðin með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru við skuldastýringuna.

Erlend lán greidd fyrir gjalddaga. Í mörgum tilvikum er ríkissjóði heimilt að endurgreiða lán að fullu fyrir lokagjalddaga. Stundum þarf að greiða lánveitanda sérstaka þóknun ef þetta er gert en þó ekki alltaf. Ef vextir eru almennt lægri en þegar lán var tekið getur verið hagstætt að endurgreiða það að fullu fyrir lokagjalddaga og lækka þannig vaxtakostnað. Í flestum tilfellum eru tekin ný erlend lán til að endurgreiða önnur óhagstæðari og þá er unnt að nota tækifærið og breyta samsetningu erlendra skulda eftir gjaldmiðlum og vaxtakjörum í samræmi við markmið ríkissjóðs ef þess er talin þörf.

Skuldaskipti. Í skuldaskiptum felst að ríkissjóður semur um greiðslu á ákveðinni fjárhæð í einum gjaldmiðli með tilteknum vöxtum gegn greiðslu ákveðinnar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli með tilteknum vöxtum frá sama aðila. Með þessu móti er unnt að hagræða gjaldmiðlasamsetningu erlendra skulda. Á árinu 1987 hagnýtti ríkissjóður sér þessa leið til að minnka hlut bandaríkjadala í erlendum skuldum. Jafnframt því sem skipt er um gjaldmiðil mælir ekkert gegn breyttu fyrirkomulagi á vaxtaákvörðunum þannig að í stað breytilegra vaxta (eða fastra) af skuld í öðrum gjaldmiðlinum séu greiddir fastir vextir (eða breytilegir) af skuld í hinum.

Vaxtaskipti. Vaxtaskipti miða að því að hafa áhrif á vaxtakjör skulda án þess að breyta gjaldmiðlasamsetningu þeirra. Í vaxtaskiptum felst til dæmis að ríkissjóður semji við annan aðila um að greiða ákveðna vexti af umsaminni viðmiðunarfjárhæð í tilteknum gjaldmiðli gegn því að hann greiði aðra ákveðna vexti af sömu viðmiðunarfjárhæð. Ríkissjóður hefur notfært sér þessa aðferð til að breyta úr föstum vöxtum í breytilega. Eftir því sem dregið hefur úr erlendum lántökum ríkissjóðshefur athyglin beinst í æ ríkari mæli að skuldastýringu, þ.e. hvernig unnt er að hagræða útistandandi skuldum ríkissjóðs erlendis þannig að gengisáhættu sé haldið í lágmarki og vaxtakostnaður ríkissjóðs af erlendum skuldum verði sem minnstur.

7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hefur Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdasjóður Íslands lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Fyrst er gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1989 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1989, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

7.1 Heildarfjárfesting

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1988, sem gerð var í júlí síðastliðnum, var gert ráð fyrir að fjárfesting drægist saman um 1%. Nú er reiknað með því að fjárfesting dragist saman um 2,7%. Lækkunin stafar af því að seldar hafa verið úr landi þrjár DC—8 flugvélar Flugleiða hf. fyrir um 1.400 m.kr. Aftur á móti er talið að fiskiskipainnflutningur aukist sem nemur 500 m.kr. Byggingarvísitala og erlendur kostnaður voru í júlí talin hækka um 19% frá meðaltali 1987 til 1988, en nú er hækkunin áætluð 18%. Á árinu 1988 er fjárfesting atvinnuveganna talin dragast saman um tæplega 9%. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við íbúðarhús aukist um 5% og framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera eru taldar aukast um 4,5%. Heildarfjárfesting 1988 er áætluð 44.700 m.kr. og talin nema 17,7% af landsframleiðslu. Árið 1987 nam þetta hlutfall 18,8% en 20,9% að meðaltali á árunum 1982—1986 og 24,6% að meðaltali á árunum 1977—1981.

Fjárfesting 1988—1989

	Verðlag hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Áætluð útkoma 1988 m.kr.	Áætlun 1989 m.kr.	Áætluð útkoma 1988 %	Áætlun 1989 %
1. Atvinnuvegir	22.900	23.970	-8,8	-4,0
2. Íbúðarhús	9.000	9.900	5,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	12.800	13.650	4,6	-3,1
4. Samtals	44.700	47.520	-2,7	-3,3
5. Fjármunamyndun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	17%		17,2%	

Áætlað er að fjárfesting á árinu 1989 dragist saman um 3,3%. Að undanskildum inn- og útflutningi skipa og flugvéla nemur samdrátturinn 7%. Á árinu 1989 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 4%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús verði svipaðar og í ár, en fjárfesting hins opinbera er talin dragast saman um rúmlega 3%. Hlutfall heildarfjárfestingar er áætlað 17,2% af landsframleiðslu og hefur það ekki verið lægra á síðustu fjörutíu árum.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast saman um 4% á næsta ári. Að undanskildum inn- og útflutningi skipa og flugvéla nemur samdrátturinn 12,5%. Gert er ráð fyrir samdrætti í öllum atvinnugreinum nema flutningatækjum, en þar er talin verða 122% aukning sem stafar af kaupum Flugleiða hf. á tveimur Boeing 737—400 flugvélum, en

kaupverð þeirra er um 2.900 m.kr. sem er um 6% af heildarfjárfestingunni. Mestur er samdrátturinn áætlaður í fiskiskipum eða 35%, en fjárfesting í þeim hefur verið með mesta móti á árunum 1986—1988. Fjárfesting í landbúnaði er talin dragast saman um 5%. Framkvæmdir verða áfram miklar í fiskeldi, en mikil uppbygging hefur átt sér stað í fiskeldisstöðvum frá og með árinu 1985.

Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús voru í hámarki 1987 og jukust um 36% frá árinu áður. Framkvæmdir í þessari grein eru taldar dragast saman um 20% 1988 og 10% 1989. Fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast saman um 9% í ár og um 4% á næsta ári. Fjárfesting atvinnuveganna jókst aftur á móti um nær 70% á árunum 1984—1987.

Íbúðabyggingar. Árið 1987 jukust íbúðabyggingar um 10% samkvæmt bráðabirgðatölum. Alls voru 1.642 íbúðir fullgerðar og byrjað var á 1.184 íbúðum. Á árunum 1982—1986 voru fullgerðar 1.660 íbúðir að meðaltali og byrjað var á 1.529 íbúðum að meðaltali. Íbúðabyggingar voru í lágmarki 1986 og höfðu þá dregist saman um 15% hvort ár 1985 og 1986. Hinn 1. september 1986 var lánakerfi Húsnæðisstofnunar ríkisins breytt talsvert. Lánveitingar voru stórauknar bæði til nýbygginga og til kaupa á notuðu íbúðarhúsnæði. Talið er að íbúðabyggingar hafi aukist um 10% á síðastliðnu ári og muni aukast um 5% í ár. Á árinu 1989 er gert ráð fyrir jafnmiklum framkvæmdum við íbúðarhús og á árinu 1988.

Opinberar framkvæmdir. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um rúmlega 3% á árinu 1989, en 4,5% aukning er talin verða í ár. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um 16%. Stafar það af auknum framkvæmdum Landsvirkjunar við Blönduvirkjun. Miklar framkvæmdir verða á vegum Hitaveitu Reykjavíkur við Nesjavallaveitu bæði árin 1988 og 1989, en þær framkvæmdir eru nauðsynlegar til vatnsöflunar fyrir veituna. Gert er ráð fyrir 8% samdrætti í samgöngumannvirkjum á næsta ári. Samdrátturinn stafar einkum af minni framkvæmdum Póst- og símamálastofnunar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í vegagerð aukist um 4%. Sú tala byggist þó á breyttri skiptingu vegafjár milli viðhalds og nýframkvæmda þar sem hér er reiknað með að nær öll tekjuhækkun á milli ára fari í nýframkvæmdir en viðhald dragist saman. Breyting heildarframkvæmda er því mun minni. Framkvæmdir við götur og holræsi verða svipaðar og á þessu ári. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera dragist saman um 6%, en fjórðungsaukning framkvæmda er talin verða á þessu ári. Á árinu 1989 verður haldið áfram byggingu ráðhúss í Reykjavík sem hófst á þessu ári.

Byggingarstarfsemi. Samkvæmt þeirri fjárfestingarspá fyrir árið 1989 sem hér hefur verið rakin verða umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 4—5% minni en á þessu ári. Gert er ráð fyrir 1—2% samdrætti í ár. Árið 1987 jókst byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 10%. Aftur á móti varð samdráttur í þessari grein á árunum 1985 og 1986 um 4,5% og 3%.

7.2 Opinberar framkvæmdir — opinber lánsfjárþörf

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 13.650 m.kr. á árinu 1989. Í því felst um 3% samdráttur samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs. Samdrátturinn tekur til allra sviða opinberra framkvæmda að undanskildum framkvæmdum við rafvirkjanir og rafveitur sem vaxa um 16% vegna aukinna framkvæmda Landsvirkjunar við Blönduvirkjun. Samdráttur í samgöngumannvirkjum tekur til flestra þátta, en þó einkum til framkvæmda hjá Póst- og símamálastofnuninni. Í töflu 11 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda er áætlað um 28,5% af heildarfjárfestingu í landinu og er það svipað hlutfall og á undanförnum 2—3 árum. Töflur 13—16 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1989.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1989 (m.kr.):

Fjármögnun opinberra framkvæmda 1989

	Áætluð fjárfesting 1989	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Úr rekstri eða sjóðum	Fjármögnun: Lántökur
1. Raforku- og rafveituframkvæmdir	2.430	85	1.165	1.180
2. Hita- og vatnsveitur	1.780	31	1.749	–
3. Samgöngumannvirki	5.030	2.385	2.365	280
4. Opinberar byggingar	4.410	2.070	2.340	–
Samtals	13.650	4.571	7.619	1.460
Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar	100,0	33,5	54,8	10,7

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema um þriðjungi heildarfjármögnunar þeirra eða 4.571 m.kr. á árinu 1989. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri eða sjóðum ríflega helmingi framkvæmdakostnaðarins eða 7.619 m.kr. Loks eru lántökur til opinberra framkvæmda ráðgerðar 1.460 m.kr. Eru þetta svipuð fjármögnunarhlutföll og voru í lánsfjáráætlun 1988.

Veigamestu raforkuframkvæmdir eru á vegum Landsvirkjunar, 1.420 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 176 m.kr. og sveitarfélaga 684 m.kr. Aðrar raforkuframkvæmdir eru áætlaðar 155 m.kr.

Hita- og vatnsveituframkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 1.320 m.kr. Aðrar framkvæmdir af þessu tagi eru áætlaðar 460 m.kr.

Í samgöngumannvirkjum eru framkvæmdir við vega- og gatnagerð þyngstar eða alls 3.360 m.kr. Framkvæmdir við hafnir og vita eru áætlaðar 750 m.kr. og flugvallaframkvæmdir 250 m.kr. Framkvæmdir hjá Póst- og símamálastofnuninni dragast saman frá núverandi fjárlögum og eru áætlaðar 205 m.kr. Framkvæmdir Ríkisútvarpsins eru áætlaðar 185 m.kr., þar af 45 m.kr. vegna fjármögnunarleigu af tækjabúnaði og 140 m.kr vegna uppbyggingar dreifikerfis og kaupa á nýjum búnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Loks eru framkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar áætlaðar 281 m.kr.

Fyrirhugað er að verja 4.500 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1989. Til bygginga skóla og íþróttamannvirkja renna 1.550 m.kr. og til sjúkrahúsa renna 1.250 m.kr. Til byggingar ráðhúss í Reykjavík og framkvæmda við hitaveitugeyma í Öskjuhlíð eru áætlaðar alls um 470 m.kr.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1988, endurskoðaða áætlun í október 1988 og samkvæmt frumvarpinu 1989 (m.kr.):

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988 og 1989 (m.kr.)

	Láns-fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Lánsfjár-áætlun 1989
1. Ríkissjóður, A-hluti	**5.165**	**9.542**	**4.700**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.855	1.855	1.265
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	690	915
RARIK, almennar framkvæmdir	185	185	–
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	160	160	–
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	820	820	350
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	–	12	–
Hitaveita Egilsstaða og Fella	–	7	–
Fjarhitun Vestmannaeyja	–	5	–
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	745	1.050	–
Raðsmíðaskip	565	730	–
Sæberg hf. Ólafsfirði, Mánaberg	180	220	–
Flóabáturinn Baldur hf.	–	100	–
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**550**	**888**	**1.300**
Landsvirkjun	525	743	1.200
Þróunarfélag Íslands hf.	25	145	100
3. Sveitarfélög	**394**	**246**	**435**
Hitaveita Akureyrar	120	140	144
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	–	14
Hitaveita Siglufjarðar	20	20	34
Hitaveita Eyra	10	10	15
Hitaveita Rangæinga	11	11	–
Hitaveita Suðurnesja	150	–	180[1])
Fjarhitun Vestmannaeyja	45	40	27
Annað	30	25	24
4. Ráðstöfun (1+2+3)=(5+6)	**6.109**	**10.676**	**6.435**
5. Innlend fjáröflun	**4.260**	**4.920**	**4.700**
Útgáfa spariskírteina	3.000	4.860	4.700
Verðbréfakaup bankakerfisins	1.260	–	–
Önnur innlend fjáröflun	–	60	200
6. Erlendar lántökur	**1.849**	**5.756**	**1.535**
Ríkissjóður, A-hluti	905	4.622	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis	550	888	1.100
Sveitarfélög	394	246	435

1) Lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 verður notuð á árinu 1989.

Vakin er athygli á að einungis er um að ræða lánsfjárráðstöfun sem hefur ríkisábyrgð að baki. Aukin lánsfjárráðstöfun 1988 miðað við áætlun ársins nemur alls 4.657 m.kr., þar af hækka innlendar lántökur um 660 m.kr. og erlendar um 3.907 m.kr. Hækkun erlendrar lántöku má einkum skýra með áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs og skammtímaskuldum við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári. Ráðgert er að fjármagna hvort tveggja með erlendri lántöku að fjárhæð 3.400 m.kr. fyrir áramót. Önnur skýring er breyting á gengi krónunnar

gagnvart erlendum myntum. Af þeim sökum hækka lántökur vegna skipasmíða um 200 m.kr. og lántökur Landsvirkjunar um 50 m.kr. Þá tók Landsvirkjun nýtt lán að fjárhæð 168 m.kr. og greiddi upp erlent lán hjá Endurlánum ríkissjóðs. Þróunarfélag Íslands hf. fékk heimild fjármálaráðuneytisins til 120 m.kr. lántöku til að fjármagna fóðurkaup fiskeldisstöðva. Loks tók ríkissjóður 100 m.kr. lán sem Flóabáturinn Baldur hf. hafði heimild til að taka og 12 m.kr. lán fyrir hitaveitur. Á hinn bóginn nýtir Hitaveita Suðurnesja lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 ekki fyrr en á næsta ári. Hækkun innlenda hlutans skýrist af samningi ríkissjóðs við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði frá í ágúst 1988 um að þeir ábyrgist sölu á spariskírteinum ríkissjóðs fyrir 2.970 m.kr. Fyrr á árinu höfðu spariskírteini ríkissjóðs selst fyrir um 1.890 m.kr.

Erlendar afborganir opinberra aðila eru áætlaðar 2.220 m.kr. á árinu 1988 og lækka því hreinar erlendar lántökur þeirra til langs tíma um 3.536 m.kr. Að teknu tilliti til 1.050 m.kr. erlendrar lánsfjárútvegunar ríkissjóðs fyrir einkaaðila er hrein erlend lántaka opinberra aðila um 2.486 m.kr. á árinu 1988.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á árinu 1989, sem frumvarp til lánsfjárlaga nær til, er áformuð 6.435 m.kr. Samanborið við endurskoðaða áætlun 1988 lækkar lánsfjárráðstöfunin um 4.241 m.kr. Það er einkum þrennt sem skýrir breytinguna. Í fyrsta lagi batnar afkoma ríkissjóðs úr 2.981 m.kr. tekjuhalla 1988 í 1.184 m.kr. tekjuafgang árið 1989. Í öðru lagi verður lántaka vegna framkvæmda við flugstöð í Keflavík verulega lægri á árinu 1989 en á yfirstandandi ári. Í þriðja lagi er ekki gert ráð fyrir milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir atvinnufyrirtæki á næsta ári.

Áformað er að afla opinberum aðilum alls 6.435 m.kr. lánsfjár á árinu 1989, þar af verði 4.900 m.kr. teknar innan lands og 1.535 m.kr. erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 3.130 m.kr. Afborganir umfram lántökur erlendis eru því áætlaðar 1.595 m.kr. á árinu 1989.

Í athugasemdum hér að framan hefur framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B - hluta ríkissjóðs þegar verið gerð skil. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu 1989 nemi um 1.420 m.kr. Er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að 1.100 m.kr. renna til Blönduvirkjunar og 320 m.kr. til annarra framkvæmda, svo sem til að ljúka byggingu stjórnstöðvar og uppsetningar á nýjum kerfiráði. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1989 eru um 250 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar með 1.000 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu, 200 m.kr. innlendri lánsfjáröflun og afganginn með fé úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1.235 m.kr., þar af eru 1.190 m.kr. afborganir af erlendum lánum en 45 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.885 m.kr. á árinu 1989, þar af fara 1.785 m.kr. til erlendra lánadrottna en 100 m.kr. til ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema 70 m.kr á árinu 1989 og munu þær að fullu fjármagnaðar úr rekstri. Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar alls um 50 m.kr. til ríkissjóðs, þar af eru vextir um 38 m.kr. og afborganir 12 m.kr.

Íslenska járnblendifélagið hf. Afkoma fyrirtækisins er mjög góð á yfirstandandi ári og er áætlaður hagnaður um 15—20% af rekstrartekjum. Flest bendir til góðrar afkomu einnig á næsta ári. Ekki liggja fyrir ákvarðanir um fjárfestingar á næsta ári, en miðað er við að þær verði fjármagnaðar að fullu með eigin tekjum fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir á næsta ári að

greiða niður langtímaskuldir fyrirtækisins um 270 m.kr. og annað eins af skammtímaskuldum þess. Er það um helmingur af skuldum fyrirtækisins.

Þróunarfélag Íslands hf. Félaginu er heimiluð 100 m.kr. erlend lántaka á árinu 1989. Áætlunin miðast við að félagið hafi til ráðstöfunar 170 m.kr. á árinu og að óráðstafaður sjóður í árslok 1989 nemi um 75 m.kr. Framkvæmdasjóður Íslands hefur milligöngu um lántökuna og endurlánar félaginu. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreinda lántökuheimild verður búið að nýta um 415 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1989.

Sveitarfélög

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en afskriftartími mannvirkjanna. Margar hitaveitur hafa af þeirri ástæðu lent í miklum erfiðleikum bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleikum í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt á erfiðleikum margra veitna með því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum til lengri tíma með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll veitnanna til frambúðar. Í framhaldi af þessum aðgerðum er sú stefna mörkuð í frumvarpi til fjárlaga og lánsfjárlaga að ekki skuli veita ríksábyrgðir fyrir nýjum fjárfestingarlánum. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um fjármál nokkurra hitaveitna á árinu 1989.

Hitaveita Reykjavíkur. Fyrirliggjandi áætlun veitunnar um framkvæmdir á næsta ári nemur 1.160 m.kr. og verður fjármögnunin að fullu með eigin tekjum. Veigamestar eru framkvæmdir við Nesjavallavirkjun um 990 m.kr. og vegna dreifikerfis um 140 m.kr.

Hitaveita Suðurnesja. Afkoma veitunnar er mjög góð og framkvæmdaáform næsta árs nema alls um 350 m.kr. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að 150 m.kr. verði eigið fé og 200 m.kr. lánsfé. Frumvarp til lánsfjárlaga 1989 hefur ekki að geyma heimild til lántöku fyrir hitaveituna. Hins vegar hefur fyrirtækið ekki enn nýtt sér heimild í lánsfjárlögum 1988 um lántöku að fjárhæð 180 m.kr. en hyggst gera það á næsta ári áður en heimildin rennur út um mitt árið. Þess í stað hafa framkvæmdir á árinu 1988 verið fjármagnaðar að hluta til með skammtímalánum.

Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar 500 m.kr. á árinu 1989, þar af eru afborganir 290 m.kr. og vextir 210 m.kr.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1989 að fjárhæð 3 milljónir bandaríkjadala eða um 144 m.kr. er vegna afborgana af eldra erlendu láni. Miðað er við að lánið endurgreiðist á 4–5 árum. Áætlaðar vaxtagreiðslur á næsta ári eru um 190 m.kr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Hitaveitan ráðgerir engar nýjar erlendar lántökur á næsta ári. Lánagreiðslur eru áætlaðar um 120 m.kr., þar af eru afborganir um 12 m.kr. og vextir um 108 m.kr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Áætlaðar lánagreiðslur veitunnar árið 1989 eru um 42 m.kr., þar af eru afborganir 30 m.kr. og vextir 12 m.kr. Veitunni er veitt heimild til 15 m.kr. lántöku á árinu 1989 til að létta á greiðslu afborgana.

Hitaveita Eyra. Veitunni er veitt heimild til 14 m.kr. lántöku á árinu 1989 til afborgana af lánum og vegna vanskila við Ríkisábyrgðasjóð.

Hitaveita Siglufjarðar. Veitunni er veitt heimild til 34 m.kr. lántöku á árinu 1989 til greiðslu vaxta og afborgana af eldri lánum.

Fjarhitun Vestmannaeyja. Fyrirtækið hefur átt í erfiðleikum á undanförnum árum vegna þungrar greiðslubyrði af skuldum. Nýlega var gerður samningur um yfirtöku ríkissjóðs á 89 m.kr. af skuldum fyrirtækisins á verðlagi í ársbyrjun 1987, til að treysta fjárhag þess. Fyrirtækinu er veitt heimild til 24 m.kr. lántöku til að standa skil á skuldum við Ríkisábyrgðasjóð.

Annað. Áætlaðar eru alls 24 m.kr. á safnlið fyrir ýmsum lántökum sveitarfélaga. Ljóst er að ekki eru komnar fram allar lántökubeiðnir sveitarfélaga og má ætla að einhverjar berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga 1989.

7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 17 að tölu, þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt lánsfjáráætlun. Nýr sjóður, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, sem stofnaður var með bráðabirgðalögum nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, hefur bæst við frá lánsfjáráætlun 1988.

Í lánsfjáráætlun 1988 voru ný útlán fjárfestingarlánasjóða áætluð 12,7 milljarðar króna á árinu 1988. Endurskoðuð áætlun sjóðanna bendir hins vegar til að útlán sjóðanna verði nálægt 16 milljörðum króna á árinu 1988. Í lánsfjáráætlun 1989 eru ný útlán sjóðanna áætluð alls um 20,4 milljarðar króna á árinu 1989 eða um 28% umfram áætlun yfirstandandi árs. Án atvinnutryggingarsjóðs hækka útlána sjóðanna á árinu 1989 um 1.600 m.kr frá yfirstandandi ári eða um 10%. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna eru talin hækka um 3.100 m.kr. á milli ára, þannig að áætlaður samdráttur í útlánum annarra fjárfestingarlánasjóða nemur því um 1.500 m.kr. á árinu 1989.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánum 1989, 20.369 m.kr., þurfa sjóðirnir að taka að láni 15.970 m.kr. Framlög og skatttekjur nema 3.789 m.kr. en eigið ráðstöfunarfé nemur aðeins 610 m.kr. eða 3% af heildarútlánum. Starfsemi sjóðanna byggist því í höfuðdráttum á lánsfé, enda nemur það um 78% af útlánum þeirra.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve áhættufjármagn í atvinnurekstri er hér óverulegt. Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil uppspretta lánsfjár. Á árinu 1989 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni 9.295 m.kr til íbúðalánasjóða og 100 m.kr til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem eru lögbundin skuldabréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af deildinni. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1989 er áætlað 16.900 m.kr. þannig að óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er áætlaður um 7.600 m.kr.

Gert er ráð fyrir að útlán Framkvæmdasjóðs Íslands nemi alls 1.035 m.kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð fara 535 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða, en sú fjárhæð er miðuð við að tryggð sé lágmarksútlánageta viðkomandi sjóða. Að auki mun Framkvæmdasjóður lána 500 m.kr. til fyrirtækja í fiskeldi vegna fjárfestinga. Er það í samræmi við heimild fyrrverandi ríkisstjórnar frá s.l. vori fyrir Framkvæmdasjóð um að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð allt að 300 m.kr. á árinu 1988 og allt að 500 m.kr. á árinu 1989 og endurláni fyrirtækjum í fiskeldi.

Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Auk lánveitinga er Atvinnutryggingarsjóði heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 m.kr. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Á næsta ári fær sjóðurinn 500 m.kr. framlag úr ríkissjóði. Jafnframt er sjóðnum heimiluð lántaka að fjárhæð 1.000 m.kr. Sjóðurinn hefur því til beinna lánveitinga 1.500 m.kr. á árinu 1989 en þar við bætast væntanlegar skuldbreytingar.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður áfram mikill. Á árinu 1989 er áætlað að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 850 m.kr. og er þá ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti eða að vanskil aukist á árinu. Til að fjármagna greiðsluhallann er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 750 m.kr. og fái 100 m.kr. að láni innan lands. Útlán Fiskveiðasjóðs 1989 eru áætluð 600 m.kr. sem er 75 m.kr. hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1988. Til endurbóta á fiskiskipum o.þ.h. er áætlað að veita um 200 m.kr. en til fiskvinnslunar í heild um 400 m.kr. Áætlað er að sjóðurinn fjármagni útlán sín með 400 m.kr. erlendri lántöku og 200 m.kr. lántöku innan lands. Í lok september 1988 námu loforð Fiskveiðasjóðs um yfirtöku á erlendum lánum vegna nýsmíði, kaupa á tækjum og breytinga á fiskiskipum um 4.585 m.kr. Í lánsfjáráætlun 1989 er gert ráð fyrir 1.900 m.kr. af þessum útlánum undir erlendum lánum atvinnufyrirtækja og er það um þriðjungi lægri fjárhæð en í lánsfjáráætlun 1988. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 71/1985.

Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að Iðnlánasjóður geti lánað um 1.407 m.kr. á árinu 1989. Til að fjármagna útlán sín á sjóðurinn að afla lánsfjár erlendis að fjárhæð 350 m.kr. og jafnhárrar fjárhæðar innan lands auk eigin ráðstöfunarfjár. Þá er gert ráð fyrir að Iðnþróunarsjóður geti lánað um 682 m.kr. sem sjóðurinn fjármagni, auk eigin fjár, með 150 m.kr. lántöku erlendis og afli jafnhárrar fjárhæðar innanlands. Að viðbættum fyrirhuguðum útlánum og styrkjum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, að fjárhæð 135 m.kr., geta lán þessara sjóða til iðnaðar numið allt að 2.224 m.kr. á árinu 1989. Þar til viðbótar koma síðan lán Byggðastofnunar og Þróunarfélags Íslands hf. til iðnaðar.

Samkvæmt lánsfjáráætlun 1989 hefur Byggðastofnun um 1.190 m.kr. til almennra lána. Stofnuninni er heimilt að afla 400 m.kr. erlendis og 275 m.kr. á innlendum lánsfjármarkaði.

Gert er ráð fyrir að útlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins geti numið allt að 533 m.kr. Áætlað er að Framkvæmdasjóður láni deildinni 360 m.kr. og að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni lán í samræmi við ákvæði laga að fjárhæð 100 m.kr. Eigið ráðstöfunarfé er þannig áætlað um 73 m.kr.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er einkum ætlað að greiða fyrir búháttabreytingum, m.a. með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnutækifærum. Sjóðurinn fær ráðstöfunarfé sitt nær eingöngu sem framlag úr ríkissjóði. Með lögum nr. 46/1985, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 29/1987, er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins svari til 4% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Sú fjárhæð er áætluð 490 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 1989.

Á árinu 1989 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Lánasjóði sveitarfélaga 30 m.kr. sem hafi þá um 310 m.kr. til útlána. Einnig er ráðgert að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 130 m.kr. Útlán þess sjóðs geta þar með numið um 105 m.kr. og munu fara til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið.

7.4 Innlend lánsfjáröflun og bankakerfi

Gengisfesta, jöfnuður í rekstri ríkissjóðs og aðhald að erlendum lántökum var kjarninn í efnahagsstefnunni sem lögð var til grundvallar lánsfjáráætlun ársins 1988. Gert var ráð fyrir mikilli innlendri fjáröflun ríkissjóðs og þótti sýnt að raunvextir yrðu tiltölulega háir um sinn. Þessi stefna fól í sér verulegt aðhald að peningaframboði.

Aðhald að erlendum lánum reyndist hins vegar mun minna en áformað var og hefur framvinda peningamála borið með sér þenslumerki af þeim ástæðum. Á seinni hluta yfirstandandi árs má þó greina að loks hafi dregið úr þeirri þenslu sem einkennt hefur efnahagslíf þjóðarinnar síðustu ár.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði frá 1985 svo og lög um Seðlabanka frá 1986 gera ráð fyrir að innlánsstofnanir hafi ákveðið lausafé í sjóði og öðrum kammtímaeignum. Seðlabankinn setur reglur um hvert hlutfall lausafjáreignar skuli vera af heildareignum hverrar innlánsstofnunar. Auk þess leggur hann ákveðnar kvaðir á innlánsstofnanir um að eigin skuldir erlendis fari ekki fram úr gjaldeyriseignum. Aðgerðir í peningamálum á fyrri hluta árs 1988 miðuðu að því að styrkja það aðhald sem reglur um lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð veita. Á miðju ári var gerð breyting á skilgreiningu lausafjárhlutfalls sem hafði í för með nokkra þyngingu á lausafjárreglunum. Í ágúst var hins vegar bindiskyldan lækkuð úr 13% í 12% og lausafjárhlutfall hækkað úr 8% í 9%. Var þetta gert til að greiða fyrir samkomulagi ríkissjóðs og banka og sparisjóða um sölu spariskírteina. Samkomulagið heimilaði bönkum og sparisjóðum að telja helming spariskírteinaeignar til lauss fjár.

Raunvextir á lánamarkaðnum hafa verið með allra hæsta móti á árinu 1988. Vextir verðtryggðra útlána bankanna voru 9,5% fram í ágúst en hafa farið lækkandi síðan eftir lækkun á vöxtum spariskírteina um 0,5% um miðjan ágúst. Þann 21. október s.l. höfðu verðtryggðir útlánsvextir innlánsstofnana lækkað í 8,75%. Raunvextir utan innlánsstofnana hafa einnig lækkað nokkuð. Enn frekari lækkun er nú fyrirhuguð á vöxtum spariskírteina ríkissjóðs í samræmi við stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Innlend lánsfjáröflun 1988. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1988 er útlit fyrir að innlendar lántökur verði um 13,7 milljaðrar króna eða 43% af heildarlántökum í stað 57% sem að var stefnt. Skýrist sú breyting einkum af mun meiri erlendum lántökum en stefnt var að upphaflega. Ríkissjóður áformaði að selja spariskírteini að fjárhæð 3.000 m.kr. og innlánsstofnunum verðbréf fyrir 1.260 m.kr. á árinu 1988. Um mitt ár var ljóst að erfiðlega mundi ganga að semja við innlánsstofnanir um kaup á verðbréfum. Í þess stað lögðu þær fram tillögur um að taka að sér sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Í ágústmánuði var gengið frá samningi við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um að ábyrgjast sölu spariskírteina fyrir 2.970 m.kr. Samningurinn markaði tímamót varðandi fyrirkomulag þeirra mála.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru veigamesti liður innlendrar fjáröflunar. Samkvæmt lánsfjárlögum var áætlað að lánveitingar til húsnæðiskerfisins yrðu um 6,1 milljarður króna eða 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Endurskoðuð áætlun um ráðstöfunarfé þeirra bendir til að það verði um 15% hærra. Kaupi lífeyrissjóðirnir verðbréf af byggingarsjóðunum umfram lánsfjárlög verður það fé notað til að bæta sjóðsstöðu þeirra.

Innlend lánsfjáröflun 1989. Heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja eru taldar verða um 29,8 milljarðar króna á árinu 1989. Sambærileg fjárhæð í lánsfjárlögum 1988 var um 21,5 milljarðar króna en útlit er fyrir að sú fjárhæð verði orðin um 31,7 milljarðar í árslok. Stefnt er að því að draga úr erlendum lántökum á árinu 1989 og eru þær áætlaðar um 14,2 milljarðar króna eða um 47,6% af heildarlántökum. Innlend fjármögnun er áætluð 15,6 milljarðar króna. Stærsti hluti þess fjár er frá lífeyrissjóðum eða 9,4 milljarðar króna og rennur það nær allt til húsbyggingarsjóðanna. Sá hluti fjármögnunarinnar er í raun þegar umsaminn. Sala spariskírteina er einnig mikilvægur þáttur í innlendri fjáröflun. Stefnt er að afla 4,7 milljarða með sölu spariskírteina á næsta ári. Þessir tveir liðir mynda megnið af innlendum lántökum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir innlenda lánsfjáröflun samkvæmt lánsfjárlögum í ár og frumvarpi fyrir árið 1989. Jafnframt eru þar sýndar horfur um útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

Innlend fjáröflun opinberra aðila og sjóða 1988 og 1989

	Lánsfjár-lög 1988	Áætluð útkoma 1988	Frumvarp 1989
Sala spariskírteina ríkissjóðs	**3.000**	**4.860**	**4.700**
Bein sala ríkissjóðs	–	1.890	–
Skv. samkomulagi við bankakerfi	–	2.970	4.700
Verðbréfakaup bankakerfis	**1.540**	**280**	**–**
Af ríkissjóði	1.260	–	–
Af Framkvæmdasjóði	280	280	–
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	**6.170**	...	**9.395**
Af húsbyggingarsjóðum	6.110	6.110	9.295
Af fjárfestingarlánasjóðum	60	...	100
Önnur innlend fjáröflun	**1.500**	...	**1.525**
Innlend lánsfjáröflun, alls	**12.210**	...	**15.620**
Umsamin fjáröflun	**6.110**	**9.080**	**9.295**
Óumsamin fjáröflun	**6.100**	...	**6.325**
Innlausn spariskírteina	**2.755**	**3.400**	**4.100**
	3.345	...	**2.225**

Af yfirlitinu verður m.a. ráðið að þó svo að áform um innlenda lánsfjáröflun vaxi nokkuð á milli ára þá eru mjög háar fjárhæðir þegar umsamdar. Þá verður ávallt að skoða spariskírteinasölu í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í nýjum bréfum. Hrein fjáröflun ríkissjóðs með spariskírteinum lækkar úr 1.460 m.kr á árinu 1988 í 600 m.kr. á næsta ári.

Af framansögðu sýnist ljóst að ekki verða lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Mikið veltur þó á framkvæmd þessara stefnumiða. Líklegt er að áframhaldandi samdráttur fjárfestinga, svo sem gert er ráð fyrir, dragi úr eftirspurn eftir lánsfé. Hins vegar bendir reynsla ársins 1988 til vaxandi þarfar atvinnuveganna fyrir rekstrarfé, m.a. vegna mikils fjármagnskostnaðar af fjárfestingum undanfarinna ára.

Spariskírteini. Eins og áður kom fram er stefnt er að sölu spariskírteina fyrir 4,7 milljarða króna á árinu 1989. Sem fyrr er reiknað með mikilli innlausn spariskírteina eða 4,1 milljarði króna. Áætluð innlausn spariskírteina á þessu ári nemur 3,4 milljörðum króna en sala þeirra um 4,9 milljarðar króna. Hrein fjáröflun með sölu spariskírteina er því áætluð um 600 m.kr. á árinu 1989 samanborið við 1.500 m.kr. á yfirstandandi ári.

Á árinu 1988 náðist samkomulag við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Leitað verður áframhaldandi samninga á þessu fyrirkomulagi á árinu 1989, en óháð því verður að telja áætlun um sölu spariskírteina raunsæa.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Áætlað ráðstöfunafé lífeyrissjóðanna árið 1989 er 16,9 milljarðar króna samanborið við 12,7 milljarða króna á árinu 1988. Skýrist sú aukning einkum af vaxandi hlutdeild verðtryggingar í eignum sjóðanna, hækkandi raunvöxtum og breiðari iðgjaldastofni. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu, 9,3 milljörðum króna, til kaupa á skuldabréfum húsbyggingarsjóðanna. Þá eru verðbréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð 100 m.kr.

Bankakerfi. Helstu einkenni þróunar peningamála á árinu 1988 er mikil aukning útlána bæði af innlendum og erlendum uppruna. Þannig er áætlað að innlendir liðir aukist um 39% á árinu og erlend lán til endurlána aukist um 53%. Hluti af þessum vexti er endurmat vegna verðlags- og gengisbreytinga en ætla má að verðlag og gengi hafi breyst um 20–22% innan ársins. Þessi mikla lánsfjáreftirspurn virðist eiga sér tvær rætur. Annars vegar í rekstrarhalla og fjármögnunarvanda atvinnuveganna og hins vegar í tekjuhalla ríkissjóðs.

Horfur fyrir 1989 mótast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er áfram gert ráð fyrir verulegum viðskiptahalla og í öðru lagi er stefnt að samdrætti í erlendum lántökum. Í þriðja lagi er áætlað að peningamagn og sparifé vaxi um 14% frá ársbyrjun til ársloka og er þá miðað við niðurstöður þjóðhagsáætlunar um landsframleiðslu (–1,6%) og verðlag (6%) og reiknað með að raunvextir innlána verði jákvæðir um 2%. Er það mun minni vöxtur en 1988 og þýðir að peningastærðir laga sig að samdrætti í innlendri eftirspurn og lægri verðbólgu. Við þessar aðstæður myndi gjaldeyrisstaðan rýrna og þrengja að ráðstöfunarfé innlánsstofnana.

Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman helstu niðurstöður úr peningamálaáætlun fyrir árin 1988 og 1989.

Peningamálaáætlun 1988 og 1989

	Staða 31.12.87	Hreyfingar á árinu: Áætlun 1988	Áætlun 1989	Hreyfing í % 1988	1989
1. Erlend skammtímastaða bankakerfisins, nettó	6.191	–550	–3.145	...	...
2. Innlendir liðir	83.395	32.387	20.276	39,1	17,5
3. Samtals (1+2)=(4+5+6)	**89.585**	**31.837**	**17.131**	...	...
4. Peningamagn og sparifé	71.854	19.637	12.631	27,4	13,8
5. Verðbréfaútgáfa	876	3.200	2.000	265,3	49,1
6. Endurlánað erlent fé að frádregnun erlendum afurðalánum	16.855	9.000	2.500	53,3	9,7

7.5 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Í endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1988, sbr. lög nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, var stefnt að aðhaldi í peningamálum. Áttu háir vextir og skortur á lánsfé að hefta fjárfestingar og neyslu og draga þannig úr hinum mikla viðskiptahalla sem að öðrum kosti var fyrirsjáanlegur. Niðurstaðan virðist hins vegar ætla að verða sú að fjármagnsjöfnuður lagi sig að viðskiptajöfnuði og innstreymi erlends lánsfjár verði mun meira en áformað var eða um 18.020 m.kr. í stað 9.274 m.kr. Afleiðing alls þessa er að fjármagnsjöfnuður virðist ætla að verða hagstæður um 13,6 milljarða króna og viðskiptajöfnuður óhagstæður um 11,6 milljarða króna eða um 4,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt því yrði greiðslujöfnuður við útlönd, sem endurspeglast í breytingu á gjaldeyrisstöðu Seðlabankans, hagstæður um 2 milljarða króna, gagnstætt upphaflegum áætlunum.

Að nokkru leyti má rekja hækkun erlendra lána til gengislækkunar krónunnar þar sem talið er að meðalgengi erlendra gjaldmiðla verði um 14% hærra á árinu 1988 en 1987. Að mestu leyti stafar hækkunin þó af erlendum lántökum til hagræðingar í útflutnings- og samkeppnisiðnaði sem stjórnvöld heimiluðu samfara öðrum efnahagsaðgerðum í maí s.l. og

fyrirhuguðum lántökum til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1988. Erlendar lántökur einkaaðila til fjárfestingar í skipum og tækjum hafa einnig farið fram úr áætlun á árinu 1988 þrátt fyrir að lántökugjaldið, sem lagt var á erlendar lántökur frá miðju ári 1987, hafi verið tvöfaldað í mars s.l.

Afborganir af löngum lánum á árinu 1988 eru taldar verða um 6.880 m.kr. og hreint innstreymi langra lána verður því ríflega ellefu milljarðar króna eða um 4,3% af vergri landsframleiðslu 1988.

Í þjóðhagsáætlun 1989 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 12.400 m.kr. eða um 4,5% af áætlaðri landframleiðslu 1989. Erlendar lántökur eru áætlaðar 14.215 m.kr. á árinu 1989 og afborganir 7.910 m.kr. Hreint innstreymi langra lána verður því 6.305 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 3.300 m.kr. Því vantar um 2.795 m.kr. uppá fjörmögnun viðskiptahallans á árinu 1989 og versnar gjaldeyrisstaða sem því nemur. Í töflu 25 í töfluviðauka er greiðslujöfnuður við útlönd á árinu 1987 sýndur til samanburðar við áætlun 1988 og 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1989 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1988 og nýja spá um innkomin lán á árinu 1988 í milljónum króna:

Erlendar lántökur 1988 og 1989

	Láns-fjárlög 1988[1]	Horfur 1988	Lánsfjár-áætlun 1989
1. Opinberir aðilar	**1.849**	**5.755**	**1.535**
Ríkissjóður A-hluti	905	4.622	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	888	1.100
Sveitarfélög	394	245	435
2. Opinberir lánasjóðir	**1.625**	**3.100**	**4.400**
3. Atvinnufyrirtæki	**5.800**	**9.165**	**8.280**
Atvinnufyrirtæki	5.000	8.330	7.780
Fjármögnunarleigur	800	835	500
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**9.274**	**18.020**	**14.215**

[1]) Með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1988. Á sama tíma dregst landsframleiðsla saman um eitt prósent. Þrátt fyrir þetta hækkar hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu aðeins um 1,6 prósentustig eða úr 40,6% 1987 í 42,1% á árinu 1988. Lítil hækkun hlutfallsins milli ára skýrist af hækkandi raungengi íslensku krónunnar á yfirstandandi ári. Forsendur lánsfjáráætlunar 1989 gera ráð fyrir 7% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og 5,3% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1989 er áætlað 44% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 1,6% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs, en á móti vegur nokkur hækkun raungengis íslensku krónunnnar.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins námu 41,3% af vergri landsframleiðslu á árinu 1987 og eru taldar verða um 43,1% í árslok 1988. Forsendur áætlunarinnar fyrir árið 1989 gera ráð fyrir að þetta hlutfall hækki verulega á árinu 1989 og nemi 47,7% af vergri landsframleiðslu. Er það mun óhagstæðari þróun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikin skýrast af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu.

Í töflu 26 í töfluviðauka er m.a. sýnd þróun langra erlendra lána og hreinna skulda við útlönd á árabilinu 1979-1989.

Algengt er að mæla greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum sem hlutfall af þeim tekjum sem þjóðin aflar af útflutningi. Þróun þessa hlutfalls er sýnd í töflu 27 í töfluviðauka fyrir tímabilið 1979-1989. Þar kemur fram að greiðslubyrðin þyngist sífellt fyrri hluta tímabilsins, nær hámarki um miðbik þess og léttist eftir það. Greiðslubyrði erlendra lána var þyngst árið 1984 og nam tæplega fjórðungi af útflutningstekjum þjóðarinnar. Frá þeim tíma hefur hlutfallið lækkað nokkuð bæði vegna aukinna útflutningstekna og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána lækkuðu úr 8,7% 1986 í 7,8% árið 1987, en á tímabilinu 1980-1984 voru þessir vextir talsvert hærri eða 10-12%. Áætlanir um meðalvexti á yfirstandandi ári og því næsta miða við svipað vaxtastig og á árinu 1987. Greiðslubyrði erlendra lána er áætluð 16,5% af útflutningstekjum 1988 og 18% á árinu 1989.

7.6 Erlendar skuldir þjóðarbúsins til langs tíma

Í þessum kafla verður fjallað um erlendar skuldir þjóðarinnar og þær skoðaðar í ljósi viðskiptajafnaðar, vergrar landsframleiðslu, gjaldmiðla, vaxtaákvarðana og endurgreiðslutíma. Loks verður litið á samband nafnvaxta, raunvaxta og hagvaxtar.

Erlend lán og viðskiptahalli. Í grófum dráttum má segja að tvær ástæður séu fyrir því að þjóð taki erlend lán. Í fyrsta lagi vegna þess að hún býr við viðskiptahalla, þ.e. þjóðarútgjöld eru hærri en þjóðarframleiðsla. Slíkt má rekja til ýmissa þátta, t.d. samdráttar í mikilvægri framleiðslugrein, sérstakra fjárfestinga eða aukningar í innlendri eftirspurn. Einnig eru erlend lán tekin til að greiða af erlendum lánum, þ.e. ef mismunur þjóðarframleiðslu og þjóðarútgjalda er ekki nógu mikill til að rísa undir þeim greiðslum. Að vísu má segja að unnt sé að nota gjaldeyrisvarasjóð til að fjármagna bæði viðskiptahalla og afborganir af erlendum lánum en venjulega aðeins í skamman tíma nema gjaldeyrisvarasjóðurinn sé þeim mun stærri. Á tíu ára tímabili frá 1978 til 1987 var viðskiptajöfnuður Íslendinga aðeins tvisvar sinnum hagstæður. Langvarandi viðskiptahalli hefur haft í för með sér sífelldan vöxt erlendra skulda sem aftur kallar á auknar greiðslur til útlanda í formi vaxta- og endurgreiðslna. Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fyrir tímabilið 1978-1987 ásamt áætlun fyrir 1988 og 1989 er sýndur í töflu hér á eftir. Jafnframt er sýnt hvernig hann skiptist í fjármagnsjöfnuð annars vegar, þ.e. erlendar lántökur opinberra aðila, lánastofnana og einkaaðila til langs tíma að frádregnum afborgunum af erlendum langtímalánum, ásamt erlendum skammtímalánum að frádregnum afborgunum, og greiðslujöfnuð hins vegar, þ.e. breytingu á gjaldeyrisvarasjóðnum.

Viðskiptajöfnuður, fjármagnsjöfnuður og greiðslujöfnuður sem hlutfall af VLF

		Fjármagnsjöfnuður				
		Erlend langtímalán, nettó [1]			Skammtíma-lán, nettó,	
	Viðskipta-jöfnuður	Opinberir aðilar	Lána-stofnanir	Einka aðilar	skekkjur o.fl.	Greiðslu-jöfnuður
1978	1,2	1,9	0,4	0,5	-1,8	2,2
1979	-0,7	2,2	0,2	0,7	-0,7	1,7
1980	-2,0	2,3	0,5	1,3	-0,5	1,6
1981	-4,2	2,3	1,4	0,7	1,6	1,8
1982	-8,1	4,5	1,7	-	-1,4	3,3
1983	-1,9	3,8	1,3	-0,7	-2,2	-0,3
1984	-4,7	3,0	1,5	-0,8	-	-1,0
1985	-4,0	3,3	1,4	-0,1	3,4	4,0
1986	0,3	2,0	1,2	0,6	-2,0	2,1
1987	-3,5	0,3	2,6	0,4	-0,1	-0,3
1988 áætlun	-4,6	...	...	...	1,0	0,8
1989 áætlun	-4,5	...	...	...	1,2	-1,0

1) Þegar taflan er skoðuð ber að hafa í huga að erlend langtímalán eru flokkuð eftir lántakendum en ekki endanlegum lánnotendum. Sem dæmi má nefna að erlend lán, sem viðskiptabankar og fjárfestingarlánasjóðir taka, eru talin með erlendum lánum lánastofnana þó að einkaaðilar hafi ráðstafað stærstum hluta fjárins.

Heimild: Seðlabanki Íslands

Erlendar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þegar hugað er að erlendum skuldum er ýmist litið til erlendra skulda til lengri tíma en eins árs eða hreinna skulda gagnvart útlöndum, þ.e. erlendar langtímaskuldir að viðbættum skammtímaskuldum en að frádregnum ógreiddum útflutningi og gjaldeyriseign þjóðarbúsins. Þróun þessara stærða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er sýnd í eftirfarandi töflu:

Staða þjóðarbúsins út á við sem hlutfall af VLF

	Lang-tíma-skuldir	Skamm-tíma skuldir	Ógreiddur útflutn-ingur	Gjald-eyris staða	Nettó staða við útlönd
1978	30,8	3,3	-2,5	-2,3	29,3
1979	31,0	4,2	-2,6	-3,8	28,8
1980	29,8	4,6	-2,6	-4,5	27,3
1981	30,8	4,5	-2,6	-5,9	26,8
1982	38,9	5,7	-2,5	-2,9	39,0
1983	48,6	6,6	-4,6	-3,5	47,1
1984	48,3	7,6	-4,6	-2,0	49,3
1985	50,8	11,2	-3,4	-6,1	52,5
1986	47,2	7,9	-2,9	-7,0	45,2
1987	40,6	8,5	-2,7	-5,0	41,4
Spá 1988	42,1	...	...	...	43,1
Spá 1989	44,0	...	...	...	47,7

Heimild: Seðlabanki Íslands

Af töflunni má sjá að hlutur erlendra skammtímalána hefur aukist smátt og smátt á þessum áratug og varð óvenjulega hár árið 1985 eða 11,2% af VLF. Einnig eru töluverðar sveiflur á gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins. Hún fór stigbatnandi á árunum 1978-1981 en árið 1982 var gengið verulega á gjaldeyrisforða landsmanna. Þetta var aftur gert árið 1984 en árið 1985 batnaði staðan á ný, náði hámarki árið 1986 en lækkaði svo aftur 1987. Staða erlendra langtímalána sem hlutfall af VLF var nokkuð stöðug á tímabilinu 1978-1981 eða um 30%. Á árinu 1982 hækkaði hlutfallið í tæp 39%, ári síðar í tæp 49% og náði hámarki árið 1985 er það varð 50,8%. Síðan hefur hlutfallið lækkað hratt og var komið í 40,6% árið 1987. Síðustu áætlanir benda til þess að það verði um 42% í árslok 1988. Þessar miklu sveiflur á skuldahlutfallinu má að nokkru rekja til mismikilla nýrra lána en einnig til breytinga á vergri landsframleiðslu, breytinga á raungengi krónunnar og þó einkum á gengi dollars. Dollarinn hefur jafnan vegið þyngra en aðrir gjaldmiðlar í erlendum skuldum þjóðarinnar. Á fyrri hluta þessa áratugar fór saman samdráttur í efnahagslífi hér á landi, lækkandi raungengi krónunnar og hækkun dollars, en síðan 1984 hefur hagvöxtur verið ör, raungengi krónunnar hækkað og gengi dollars byrjaði að lækka á árinu 1985.

Erlendar skuldir eftir gjaldmiðlum. Miklar breytingar hafa orðið á innbyrðis gengi milli einstakra gjaldmiðla á undanförnum árum og má í því sambandi nefna mikla hækkun bandaríkjadollars fram til 1985, stöðugt fall hans til ársloka 1987 og loks hækkun á ný á síðustu mánuðum. Slíkar gengissveiflur hafa mikil áhrif á skuldastöðu ríkja og valda óvissu. Því er mikilvægt að huga vel að skiptingu erlendra skulda eftir gjaldmiðlum. Það sjónarmið hefur verið ríkjandi að þeir sem stunda erlend viðskipti og taka erlend lán dragi mest úr gengisáhættu með því að taka lánin í þeim gjaldmiðlum sem teknanna er aflað í. Þessu sjónarmiði verður ekki alltaf komið við eins og þegar í hlut á fyrirtæki sem aflar eingöngu tekna innan lands. Ríkissjóður hefur löngum haft þetta sjónarmið að leiðarljósi og þannig stuðlað að því að samsetning erlendra skulda þjóðarbúsins sé í einhverju samræmi við utanríkisviðskipti þjóðarinnar. Hlutfallsleg samsetning erlendra skulda þjóðarbúsins til langs tíma og útflutnings eftir löndum er sýnd í eftirfarandi töflu:

Hlutfallsleg samsetning erlendra skulda til langs tíma eftir gjaldmiðlum og útflutnings eftir löndum

	Erlendar skuldir				Útflutningur			
	1981	1983	1985	1987	1981	1983	1985	1987
USD	62,7	57,0	52,3	42,0	37,5	40,3	36,0	24,4
GBPGBP	3,5	5,4	5,9	5,3	22,2	15,9	19,0	19,9
DEM	10,7	10,0	9,7	16,7	6,4	9,7	8,8	10,9
CHF	4,4	6,1	8,7	13,1	2,5	5,7	3,2	2,7
JPY	4,0	12,1	15,6	15,0	1,7	2,8	5,3	8,5
Norðurlönd	4,9	3,2	2,2	1,6	6,9	5,1	8,9	9,9
Annað	9,8	6,2	5,6	6,3	22,8	20,5	18,8	23,7
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og sjá má hefur hlutur bandaríkjadals í erlendum skuldum þjóðarinnar lækkað stöðugt á síðustu árum en á móti hefur hlutdeild þýska marksins, svissneska frankans og japanska yensins aukist. Sé litið á samsetningu skuldanna og útflutnings eftir löndum kemur í ljós að hlutur fjögurra gjaldmiðla (USD, DEM, CHF og JPY) í skuldunum er langstærstur, mun stærri en utanríkisviðskipti gefa tilefni til. Á hitt ber að líta að greiðastur aðgangur er að lánsfé í þessum gjaldmiðlum.

Fyrirkomulag vaxtaákvarðana. Erlend lán eru ýmist með föstum vöxtum eða breytilegum vöxtum sem eru oftast háðir skammtímavöxtum á millibankamarkaði í London. Lán með föstum vöxtum hafa þann augljósa kost að eyða óvissu um vaxtagreiðslur í framtíðinni en á móti kemur sú áhætta að markaðsvextir í framtíðinni kunni að lækka. Ef aðstæður þróast á þann veg verður vaxtakostnaður lántakandans hærri en ella. Vaxtagreiðslur af lánum með breytilega vexti ráðast af vöxtum á skammtímamarkaði jafnvel þótt lánin séu til langs tíma. Við „eðlilegar“aðstæður eru vextir á skammtímamarkaði lægri en vextir á langtímamarkaði og því eru vaxtagreiðslur lægri ef lán er með breytilega vexti í stað fastra vaxta. Vextir á skammtímamarkaði geta hins vegar sveiflast verulega og orðið mjög háir eins og á árunum 1980-1982 og leitt til hærri vaxtagreiðslna en ef lán hefði verið tekið með föstum vöxtum. Stærstur hluti af erlendum skuldum þjóðarinnar með breytilegum vöxtum er í bandaríkjadölum eins og fram kemur í næstu töflu. Hins vegar hefur fjölbreytnin verið aukin á árunum 1987 og 1988, m.a. með lántökum ríkissjóðs í þýskum mörkum og svissneskum frönkum með breytilegum vöxtum.

Hlutfallsleg skipting erlendra skulda eftir fyrirkomulagi vaxtaákvarðana

	1979	1981	1983	1985	1987
Fastir vextir	68,2	54,0	56,9	50,0	47,6
Breytilegir vextir	31,8	46,0	43,1	50,0	52,4
þ.a. í bandaríkjadollurum	29,2	45,5	39,5	40,0	36,0
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Greiðslubyrði og endurgreiðslutími. Árlega ver þjóðin hluta af útflutningstekjum sínum til að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum. Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig þessar greiðslur hafa þróast á árunum 1978–1987 sem hlutfall af útflutningstekjum.

Greiðslubyrði af erlendum lánum sem hlutfall af útflutningstekjum

	1979	1981	1983	1985	1987
Afborganir	6,4	7,1	9,8	8,8	7,8
Vextir	6,5	9,3	10,8	10,4	8,2
Alls	12,9	16,4	20,6	19,2	16,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og sjá má hækkaði hlutfallið fram á miðbik tímabilsins og náði reyndar hámarki árið 1984 er það varð 24%. Síðan hefur það lækkað jafnt og þétt og var 16% árið 1987. Lækkun hlutfallsins má einkum rekja til lækkandi vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum og vaxandi útflutnings. Nýjustu áætlanir fyrir árið 1988 benda til þess að hlutfallið verði 16,5%.

Almennt má ætla að opinberir aðilar eigi kost á lengri endurgreiðslutíma erlendra lána. Til marks um þetta má nefna að í árslok 1987 var áætlaður meðalendurgreiðslutími á erlendum skuldum opinberra aðila til langs tíma 14,3 ár, hjá lánastofnunum 10,4 ár og hjá einkaaðilum 6,8 ár. Eftifarandi tafla sýnir hvernig hlutfallsleg endurgreiðsla þessara aðila á áhvílandi erlendum langtímaskuldum í árslok 1987 verður á komandi árum.

Endurgreiðslur sem hlutfall af langtímaskuldum í árslok 1987

	Opinberir-aðilar	Lána-stofnanir	Einka-aðilar	Alls
1988–1990	15,2	29,3	42,4	21,7
1991–1995	49,5	49,6	54,7	50,0
1996–2000	31,4	20,4	2,8	25,7
2001–2016	3,9	0,7	0,1	2,6
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Nafnvextir, raunvextir og hagvöxtur. Í næstu töflu er sýnt hvernig meðalnafnvextir og raunvextir af erlendum skuldum þjóðarinnar hafa þróast á síðustu tíu árum. Til samanburðar er sýndur hagvöxtur á sama tímabili. Nafnvextirnir sem hér um ræðir eru þeir meðalvextir sem hafa verið greiddir árlega af erlendum skuldum þjóðarbúsins.

Nafnvextir, raunvextir og hagvöxtur

	1979	1981	1983	1985	1987	Meðaltal 1978–87
Nafnvextir	9,3	12,3	9,9	9,3	7,8	10,0
Fastir	8,1	8,6	9,3	9,4	8,9	9,0
Breytilegir	12,2	17,4	10,7	9,2	6,9	11,8
Erlend verðbólga [1])	8,3	8,9	5,2	3,9	3,0	6,1
Raunvextir	0,9	3,1	4,5	5,2	4,7	3,7
Hagvöxtur	5,5	4,3	–4,1	3,4	7,0	3,7

1) Breyting verðvísitölu vergrar landsframleiðslu í helstu iðnríkjum.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Ýmsum erfiðleikum er bundið að meta raunvexti, enda enginn einn mælikvarði til fyrir verðbólgu í einstökum löndum. Hér er valin sú leið að nota breytingu á verðvísitölu vergrar landsframleiðslu í helstu iðnríkjum heimsins. Niðurstaða á þeim grundvelli sýnir að raunvextir af erlendum lánum voru hærri en hagvöxtur hér á landi á fyrri hluta þessa áratugar. Sé hins vegar litið á meðaltal fyrir tímabilið 1978–1987 kemur í ljós að hagvöxtur og raunvextir hafa nokkurn veginn haldist í hendur. Ef raunvextir af erlendum skuldum eru hærri en hagvöxtur um nokkurt skeið er það vísbending um að notkun erlenda lánsfjárins skili ekki nægjanlegum afrakstri til að standa undir vöxtunum.

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti
1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegundum gjalda 1988—1989
2a. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
2b. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingar og lántökur í B-hluta
3. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit
4. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
5. Heildarútgjöld A-hluta eftir ráðuneytum 1988—1989
6. Markaðar ríkissjóðstekjur 1989
7. Skipting helstu neyslu- og rekstrartilfærslna í A-hluta ríkissjóðs
8. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1988—1989
9. Þróun helstu vísitalna 1986—1989

II Fjárfesting
10. Fjármunamyndun 1987—1989
11. Fjármunamyndun, sparnaður og viðskiptahalli 1986—1989
12. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1987—1989
13. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1989
14. Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1989
15. Samgönguframkvæmdir 1989
16. Opinberar byggingar 1989

III Fjármögnun
17. Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1989
18. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988—1989

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir
19. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1984—1989
20. Byggingarsjóður ríkisins 1988—1989
21. Byggingarsjóður verkamanna 1988—1989
22. Framkvæmdasjóður Íslands 1988—1989
23. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1989
24. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1989

V Erlend lán og greiðslujöfnuður
25. Greiðslujöfnuður við útlönd 1987—1989
26. Staða þjóðarbúsins út á við 1979—1989
27. Greiðslubyrði erlendra lána 1979—1989
28. Erlendar lántökur til langs tíma, verðmætaráðstöfun og landsframleiðsla 1984—89
29. Löng erlend lán 1980—1989, flokkuð eftir lánnotendum

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1988-1989

I Heildarútgjöld 1989

	51 Laun	52-57 Önnur gjöld	58 Eigna-kaup	59 Til-færslur	5 Gjöld samtals	4 Sér-tekjur	Mis-munur
Almennur rekstur	23.716	16.946	148	28.692	69.502	3.599	65.904
Viðhald	124	1.430	–	–	1.554	–	1.554
Fjárfesting	72	3.244	719	4.649	8.685	11	8.673
Samtals	23.912	21.620	867	33.341	79.741	3.610	76.131

II Heildarútgjöld 1988-1989

	Fjárlög 1988	Frumvarp 1989	Hækkun %
Almennur rekstur	**54.292**	**65.904**	**21,4**
51 Laun	20.418	23.716	16,2
52-57 Önnur gjöld án eignakaupa	12.436	16.946	36,3
58 Eignakaup	119	148	24,4
59 Tilfærslur	24.280	28.692	18,2
5 Gjöld alls	57.253	69.502	21,4
4 Sértekjur	-2.961	-3.598	21,5
Viðhald	**1.507**	**1.554**	**3,1**
Fjárfesting	**7.728**	**8.673**	**12,2**
51-58 Stofnkostnaður	3.859	4.023	4,2
59 Fjármagnstilfærslur	3.869	4.650	20,2
Samtals	63.527	76.131	19,8

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 2a Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta

		Fjárlög 1988[1])	Frumvarp 1989	Breyting í m.kr.	Breyting í %
51	Launagjöld	5.489	6.225	736	13
52-57	Önnur rekstrargjöld	4.893	6.263	1.370	28
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	6.631	8.207	1.576	24
571	Fjármagnskostnaður	1.950	3.042	1.092	56
51-57	Viðhald	508	768	260	51
593	Afskriftir	1.680	2.172	492	29
59	Yfirfærslur	1.205	1.152	-53	-4
5,8	Gjöld samtals	22.356	27.829	5.473	24
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23.037	28.237	5.200	23
48	Fjármunatekjur	1.790	2.198	408	23
4910	Framlög ríkissjóðs	4.808	5.414	606	13
49	Aðrar tekjur	1.705	1.401	-304	-18
4,7	Tekjur samtals	31.340	37.250	5.910	19
	Mismunur	8.984	9.421	437	5
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	9.978	15.968	5.990	60
18	Fjárfestingar	1.312	1.327	15	1
26	Afborgun lána	3.047	3.153	106	3
	Annað	5.386	6.524	1.138	21
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	1.065	1.952	887	83
19	Afskriftir	1.680	2.172	492	29
26	Tekin lán	7.855	13.282	5.427	69
39	Ráðstöfun eigin fjár	8.984	9.421	437	5
	Annað	139	145	6	4

1) Sbr. lög nr. 10/1988

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 2b Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1989

Upphæðir í þúsundum króna

		Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
		1988	1989	1988	1989	1988	1989
21-172	Atvinnutryggingarsjóður	500.000					2.400.000
22-211	Háskólabíó				10.200		
22-233	Rannsóknasjóður	70.000	80.000				
22-276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	43.000	62.300	36.930	46.500		
22-679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni			620	550		
22-871	Unglingaheimili ríkisins	10.800	24.400				
22-872	Lánasjóður ísl. námsmanna	1478.000	1617.000			690.000	915.000
22-970	Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður			130.000	120.000		
22-971	Ríkisútvarpið, hljóðvarp			30.000	30.000		
22-972	Ríkisútvarpið, sjónvarp			35.000	35.000		
22-973	Þjóðleikhúsið		148.700	171.000	10.000		
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	55.800	67.000				
22-975	Vísindasjóður	15.180	10.000				
22-976	Menningarsjóður	9.090	11.000				
23-101	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli		7.400	28.000			
23-111	Flugmálastjórn, Keflavík				2.400		
23-115	Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging				281.000	820.000	350.000
23-121	Sala varnarliðseigna			1.200	1.670		
24-171	Jarðeignir ríkisins	16.500	15.700	15.780	13.760		
24-172	Jarðasjóður	15.000	15.000	12.540	6.290		
24-221	Áburðarverksmiðja ríkisins	20.000		40.000	60.000		
24-246	Laxeldisstöðin Kollafirði	11.240	1.000				
24-272	Einangrunarstöð í Hrísey	2.150	3.180	1.000	800		
25-222	Síldarverksmiðjur ríkisins			24.700	36.480		
25-272	Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25.800		30.610	27.720		
26-371	Kirkjubyggingasjóður	4.430	4.610				
26-373	Kristnisjóður	14.280	14.310				
27-271	Byggingarsjóður ríkisins	1.050.000	1.120.000	15.000	15.000	4.800.000	7.290.000
27-272	Byggingarsjóður verkamanna	600.000	680.000			1.360.000	2.235.000
28-273	Atvinnuleysistryggingasjóður	500.000	277.000				
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús			11.800	18.900		
28-378	Læknishéraðasjóður	4.000	1.000				
28-471	Gæsluvistarsjóður	6.900	6.000	6.900	6.000		
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins			30.800	63.000		
29-102	Lyfjaverslun ríkisins		7.400	20.000			
29-931	Arnarhvoll			1.380	2.000		
29-971	Ríkisábyrgðasjóður	175.000	278.000				
30-101	Póst- og símamálastofnun	127.000	138.000	577.000	204.000		
30-211	Vegagerð ríkisins, áhaldahús			25.000	45.000		
30-321	Skipaútgerð ríkisins	155.000	61.000	8.900			59.000
30-332	Hafnabótasjóður	20.000	25.000				
30-333	Landshöfn Þorlákshöfn	400	340				
30-335	Landshöfn Rifi	4.000		4.000			
31-231	Sementsverksmiðja rík			25.000	73.000		30.000
31-233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg			9.200	3.250		3.000
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins			210.000	176.000	185.000	
31-371	Orkusjóður	222.390	233.300				
	Samtals	4.804.660	5.416.140	1.308.160	1.326.430	7.855.000	13.282.000

Tafla 3 **Ríkissjóður, A-hluti**
Greiðsluyfirlit 1989
(m. kr.)

Rekstrarreikningur:		
Jöfnuður: Tekjur umfram gjöld		**1.184**
Tekjur	77.315	
Gjöld	76.131	
Lánahreyfingar:		
Jöfnuður: Innstreymi umfram útstreymi		**-680**
Lántaka og afborganir af veittum lánum	7.290	
Lánveitingar og afborganir af teknum lánum	7.855	
Hlutafjárframlög	115	
Viðskiptareikningar:		
Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		**500**
Almennir viðskiptareikningar	500	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**4**
Sundurliðun		
Tekjur alls:		**77.315**
Beinir skattar	14.040	
Óbeinir skattar	59.785	
Aðrar tekjur	640	
Tekjur án fjármunatekna	74.465	
Fjármunatekjur, vextir	2.850	
Gjöld alls:		**67.446**
Samneysla	35.014	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	28.692	
Sértekjur	-3.610	
Gjöld án fjármagnskostnaðar	60.096	
Fjármagnskostnaður	7.350	
Jöfnuður:		**9.869**
Almenn rekstrarafkoma	14.369	
Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	-4.500	
Fjárfesting:		**8.685**
Stofnkostnaður	4.035	
Fjármagnstilfærslur	4.650	
Tekjur umfram gjöld		**1.184**
Lánahreyfingar:		
Afborganir:		**4.000**
Afborganir af teknum lánum	3.515	
Innlausn spariskírteina	3.075	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-2.590	
Veitt lán:		**1.265**
Til B-hluta ríkissjóðs	1.265	
Hlutafjárframlög		**115**
Viðskiptareikningar		**500**
Lánsfjárþörf		**4.696**
Lántökur:		
Innlend útgáfa verðbréfa	4.700	**4.700**
Erlendar lántökur	-	
Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing		**4**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 4 **Ríkissjóður, A-hluti**

Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu

(m. kr.)

1	**Tekjur alls:**		**77.263**
	Beinir skattar	14.040	
	Óbeinir skattar	59.785	
	Aðrar tekjur	588	
	Tekjur án fjármunatekna	74.413	
	Fjármunatekjur, vextir	2.850	
2	**Gjöld alls:**		**65.916**
	Samneysla	35.014	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	28.692	
	Sértekjur	-3.610	
	Gjöld án fjármagnskostnaðar	60.096	
	Fjármagnskostnaður til annarra en Seðlabanka	5.820	
3	**Jöfnuður (1-2):**		**11.347**
	Almenn rekstrarafkoma	14.317	
	Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	-2.970	
4	**Fjárfesting**		**8.685**
	Stofnkostnaður	4.035	
	Fjármagnstilfærslur	4.650	
5	**Tekjur umfram gjöld (3-4)**		**2.662**
	Lánahreyfingar		
6	**Afborganir:**		**3.160**
	Afborganir af teknum lánum öðrum en hjá Seðlabanka	2.675	
	Innlausn spariskírteina	3.075	
	Innheimtar afborganir af veittum lánum	-2.590	
7	**Veitt lán**		**1.265**
	Til B-hluta ríkissjóðs	1.265	
8	**Hlutafjárframlög**		**115**
9	**Viðskiptareikningar**		**500**
10	**Lánsfjárþörf (6+7+8+9-5)**		**2.378**
11	**Lántökur:**		**4.700**
	Innlend útgáfa verðbréfa	4.700	
	Erlendar lántökur	-	
12	**Greiðsluhreyfing við bankakerfið (11-10)**		**2.322**
	Hreyfing gangvart Seðlabanka:		
13	**Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi**		**2.318**
	Afborganir	840	
	Vaxtagreiðslur:		
	Af samningsbundnum lánum	330	
	Af yfirdráttarskuld	1.200	
	Arðgreiðsla í ríkissjóð	-52	
14	**Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (12-13)**		**4**

Tafla 5 **Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs**
eftir ráðuneytum 1988-1989

	Fjárlög 1988[1])		Frumvarp 1989		Breyting
	m.kr.	%	m.kr.	%	%
Æðsta stjórn ríkisins	549	0,9	602	0,8	9,6
Forsætisráðuneyti	216	0,3	718	0,9	232,4
Menntamálaráðuneyti	10.562	16,6	12.324	16,2	16,7
Utanríkisráðuneyti	682	1,1	850	1,1	24,6
Landbúnaðarráðuneyti	2.425	3,8	2.778	3,6	14,5
Sjávarútvegsráðuneyti	1.573	2,5	1.632	2,1	3,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3.120	4,9	3.417	4,5	9,5
Félagsmálaráðuneyti	2.908	4,6	3.254	4,3	11,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	25.219	39,7	29.605	38,9	17,4
Fjármálaráðuneyti	2.731	4,3	3.627	4,8	32,8
Samgönguráðuneyti	4.516	7,1	4.877	6,4	8,0
Iðnaðarráðuneyti	1.118	1,7	1.220	1,6	9,1
Viðskiptaráðuneyti	2.967	4,7	3.715	4,9	25,2
Hagstofa Íslands	76	0,1	90	0,1	18,4
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4.865	7,7	7.422	9,8	52,6
Samtals	63.527	100,0	76.131	100,0	19,8

1) Sbr. lög nr. 10/1988

Tafla 6 **Markaðar ríkissjóðstekjur 1989**

	Tekjur þús.kr.	Greiðslur þús.kr.
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	62.300	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		62.300
Skemmtanaskattur	64.000	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		6.400
Til áfengis- og fíkniefnavarna		20.000
Miðagjald í Menningarsjóð	11.000	
Menningarsjóður		11.000
Eignarskattsauki	240.000	
Þjóðarbókhlaða (lög nr. 49/1986)		90.000
Félagsmálaráðuneyti:		
Erfðafjárskattur	120.000	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		120.000

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1989

	Tekjur þús.kr.	Greiðslur þús.kr.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2.190.000	
Tryggingastofnun ríkisins		2.190.000
Slysatryggingagjald	318.000	
Tryggingastofnun ríkisins		318.000
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277.000	
Atvinnuleysistryggingasjóður		277.000
Samúðarskeyti Landssímans	7.000	
Landspítalinn, minningarsjóður		7.000
Gjald af einkasöluvörum	1.500	
Gæsluvistarsjóður		1.500
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	160.000	
Ríkisábyrgðasjóður		160.000
Samgönguráðuneyti:		
Innflutningsgjald af bensíni	2.600.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	750.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	215.000	
Vegagerð ríkisins		3.104.991
Vitagjald	26.000	
Vitastofnun Íslands		26.000
Skipaskoðunargjald	39.000	
Siglingamálastofnun ríkisins		39.000
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	109.110	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		28.000
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	59.000	
Rafmagnseftirlit ríkisins		57.065
Markaðir tekjustofnar	7.248.910	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		6.518.256
Skerðing tekjustofna		730.654

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Helstu neyslu- og rekstrartilfærslur í A-hluta ríkissjóðs

	Fjárlög[1]) 1988	Frumvarp 1989
I Einstaklingar, samtök og heimili	**17.483**	**20.335**
1. Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs	31	38
2. Sundkennsla í skólum	25	20
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.487	1.617
4. Jöfnun á námskostnaði	25	50
5. Þjóðleikhús	139	171
6. Sinfóníuhljómsveit Íslands	56	67
7. Kvikmyndasjóður	60	71
8. Listir, framlög	138	184
9. Ýmis íþróttamál	51	43
10. Alþjóðastofnanir	73	102
11. Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	77	104
12. Vinnumál	63	59
13. Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	50	56
14. Sjúkratryggingar	5.049	5.840
15. Lífeyristryggingar	8.950	10.760
16. Slysatryggingar	273	318
17. Atvinnuleysistryggingasjóður	500	277
18. Krabbameinsfélag Íslands	53	61
19. Sauðfjárveikivarnir	223	320
20. Niðurgreiðslur á fiski	160	177
II Fyrirtæki og atvinnuvegir	**6.084**	**6.978**
1. Áburðarverksmiðja ríkisins	20	–
2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og framlag í Framleiðnisjóð landbúnaðarins	956	1.100
3. Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	937	937
4. Póst- og símamálastofnunin	127	138
5. Skipaútgerð ríkisins	155	61
6. Flóabátar og vöruflutningar	93	90
7. Jöfnunargjald í iðnaði	250	250
8. Útflutningsráð Íslands	12	13
9. Veiðimálastofnunin	36	27
10. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	61	60
11. Iðntæknistofnun Íslands	65	81
12. Niðurgreiðslur á vöruverði og framlag í lífeyrissjóð bænda	2.877	3.613
13. Niðurgreiðsla á rafhitun	200	225
14. Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi	295	383
III Annað	**713**	**1.177**
1. Annað	713	1.177
Samtals	**24.280**	**28.490**

1) Sbr. lög nr. 10/1988.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 8 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1988-1989

	Fjárlög 1988[1] m.kr.	Frumvarp 1989 m.kr.
I Stofnkostnaður	**3.859**	**4.034**
1. Alþingi	6	16
2. Bifreiðaeftirlit ríkisins	17	–
3. Borgarspítalinn í Reykjavík	39	46
4. Bygging grunnskóla	335	300
5. Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	141	141
6. Fiskvinnsluskólinn	35	23
7. Fjölbrauta- og verkmenntaskólar	117	159
8. Fjórðungssjúkrahús á Akureyri	54	46
9. Flugvellir, framkvæmdir	257	248
10. Framkvæmdasjóður fatlaðra	180	200
11. Háskóli Íslands	172	188
12. Landgræðsluáætlun	67	68
13. Laugavegur 166	37	–
14. Listasafn Íslands	35	27
15. Menntaskólar	58	47
16. Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum	150	150
17. Ríkisspítalar	298	295
18. Símstöð Stjórnarráðsins	20	–
19. St. Jósefspítali, Landakoti	12	14
20. Stjórnsýsluhús á Ísafirði	43	–
21. Sölvhólsgata 7	25	18
22. Tækniskólar, vélskólar, stýrimannaskólar og iðnskólar	14	39
23. Vegagerð nema sýslu- og þéttbýlisvegafé	1.169	1.519
24. Vitabyggingar	15	14
25. Þjóðarbókhlaða	50	90
26. Annað	513	386
II Fjármagnstilfærslur	**3.869**	**4.650**
1. Byggðastofnun	125	125
2. Bygging íþróttamannvirkja	25	45
3. Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	26	–
4. Bygging sjúkrahúsa	215	208
5. Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	43	62
6. Byggingarsjóður ríkisins	1.050	1.120
7. Byggingarsjóður verkamanna	600	680
8. Dagvistarheimili	60	95
9. Félagsheimilasjóður	15	15
10. Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	28	28
11. Framkvæmdasjóður aldraðra	160	160
12. Hafnamál	455	441
13. Iðnlánasjóður	25	–
14. Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	31	31
15. Jarðræktarlög, framlög	141	100
16. Landgræðslu og landverndaráætlun	17	–
17. Orkusjóður	221	232
18. Rannsóknasjóður	70	80
19. Ríkisábyrgðasjóður	175	278
20. Sýslu- og þéttbýlisvegafé	236	236
21. Vatnsveitur	20	20
22. Vísindasjóður	10	10
23. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	–	500
24. Annað	121	184
Til fjárfestingar samtals	**7.728**	**8.684**

1) Sbr. lög nr. 10/1988.

Tafla 9 **Þróun helstu vísitalna 1986–1989 samkvæmt forsendum frumvarpsins**

	Meðaltal 1986	Meðaltal 1987	Ársbyrjun 1988	Meðaltal 1988	Meðaltal 1989
Framfærsluvísitala	67,2	79,7	90,5	100	112,0
Byggingarvísitala	72,1	84,7	90,9	100	110,0
Lánskjaravísitala	68,9	81,0	90,5	100	113,0
Verðvísitala samneyslu	63,4	81,0	–	100	108,5
Ráðstöfunartekjur heimila	56,4	80,6	–	100	105,0
Meðalgengi	84,7	87,7	99,9	100	107,0

Strik í stað tölu táknar að viðkomandi stærð hafi ekki verið reiknuð út eða sé ekki skilgreind.

Breyting helstu vísitalna í prósentum frá meðaltali ársins 1987 til meðaltals 1989 samkvæmt forsendum frumvarpsins

	Meðaltal 1987 til meðaltals 1988	Meðaltal 1988 til meðaltals 1989
Framfærsluvísitala	25,5	12,0
Byggingarvísitala	18,0	10,0
Lánskjaravísitala	23,5	13,0
Verðvísitala samneyslu	23,5	8,5
Ráðstöfunartekjur heimila	24,0	5,0
Meðalgengi	14,0	7,0

II Fjárfesting

Tafla 10 Fjárfesting 1987-1989
(m. kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar[1]) frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1987	Áætluð útkoma 1988	Áætlun 1989	Bráðab.-tölur 1987	Áætluð útkoma 1988	Áætlun 1989
Fjárfesting alls	**38 890**	**44 700**	**47 520**	**15,7**	**–2,7**	**–3,3**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	780	1050	1660	2,9	14,1	43,7
Innflutt skip og flugvélar	3 268	5 500	5 700	61,2	42,6	0,0
Útflutt skip og flugvélar	–570	–2000	–500			
Önnur fjárfesting	35 412	40 150	40 660	13,3	–4,0	–8,1
I Atvinnuvegirnir	**21 290**	**22 900**	**23 970**	**18,4**	**–8,8**	**–4,0**
1. Landbúnaður[2])	2 300	2 580	2 700	–5,2	–5,0	–5,0
2. Fiskveiðar	4 100	4 900	3 380	36,4	1,3	–35,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1 500	1 590	1 570	–2,4	–10,0	–10,0
4. Álverksmiðja	200	120	130	31,3	–49,0	0,0
5. Járnblendiverksmiðja	30	50	110	0,0	40,0	100,0
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	4 000	4 720	4 700	7,8	0,0	–10,0
7. Flutningatæki	1 800	1 800	4 240	19,8	–15,0	122,0
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	3 950	3 730	3 710	35,9	–20,0	–10,0
9. Ýmsar vélar og tæki	3 410	3 410	3 430	26,4	–15,0	–10,0
II Íbúðarhús	**7 230**	**9 000**	**9 900**	**10,0**	**5,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**10 370**	**12 800**	**13 650**	**14,0**	**4,6**	**–3,1**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 250	1 900	2 430	2,3	28,8	16,3
2. Hita- og vatnsveitur	1 020	1 650	1 780	2,9	37,1	–2,0
þar af hitaveitur	(780)	(1 320)	(1 400)	5,2	43,5	–4,0
3. Samgöngumannvirki	5 200	5 000	5 030	16,0	–18,5	–8,0
4. Byggingar hins opinbera	2 900	4 250	4 410	21,1	24,2	–6,0

Athugasemdir:
1) Magnbreytingar 1987 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1988 eru miðaðar við verðlag ársins 1987 en magnbreytingar 1989 eru miðaðar við verðlag ársins 1988.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Fjárfesting, sparnaður og viðskiptahalli 1986-1989

	1986	1987	Áætluð útkoma 1988	Spá 1989
Verg landsframleiðsla (millj. kr.)	**158 907**	**206 582**	**253 100**	**274 800**
Heildarfjárfesting (millj. kr.)	**29 030**	**38 890**	**44 700**	**47 520**
a. Atvinnuvegir	15 810	21 290	22 900	23 970
b. Íbúðarhús	5 585	7 230	9 000	9 900
c. Opinberar framkvæmdir	7 635	10 370	12 800	13 650
Heildarfjárfesting í % af VLF	**18,3**	**18,8**	**17,7**	**17,3**
a. Atvinnuvegir	10,0	10,3	9,0	8,7
b. Íbúðarhús	3,5	3,5	3,6	3,6
c. Opinberar framkvæmdir	4,8	5,0	5,1	5,0
Heildarfjárfesting, hlutfallsleg skipting	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
a. Atvinnuvegir	54,5	54,7	51,3	50,5
b. Íbúðarhús	19,2	18,6	20,1	20,8
c. Opinberar framkvæmdir	26,3	26,7	28,6	28,7
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára (%)	**6,3**	**6,6**	**-1,4**	**-1,6**
Heildarfjárfesting, magnbreyting milli ára (%)	**-2,2**	**15,7**	**-2,7**	**-3,3**
a. Atvinnuvegir	6,4	18,4	-8,8	-4,0
b. Íbúðarhús	-15,0	10,0	5,0	0,0
c. Opinberar framkvæmdir	-8,2	14,0	4,6	-3,9
Hlutfallstölur (% af VLF):				
Heildarfjárfesting	18,3	18,8	17,7	17,2
+ Birgðabreytingar	-1,3	-0,1	0,6	0,7
- Heildarsparnaður	17,3	15,2	13,7	13,4
Mismunur = Viðskiptahalli	-0,3	3,5	4,6	4,5

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 12 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1987-1989
(m. kr.)

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1987		
	Bráðab.-tölur 1987	Áætluð útkoma 1988	Áætlun 1989	Bráðab.-tölur 1987	Áætluð útkoma 1988	Áætlun 1989
Rafvirkjanir og rafveitur	1 250	1 900	2 430	1 250	1 610	1 870
Þar af: Landsvirkjun	(550)	(880)	(1 420)	(550)	(746)	(1 094)
Hitaveitur	780	1 320	1 400	780	1 119	1 079
Vatnsveitur	240	330	380	240	280	293
Vegir og brýr	1 030	1 300	1 490	1 030	1 102	1 148
Götur og holræsi	1 300	1 700	1 870	1 300	1 441	1 441
Hafnir og vitar	510	800	750	510	678	578
Flugvellir[1])	1 400	400	530	1 400	339	408
Póstur og sími, útvarp, sjónvarp	960	800	390	960	678	301
Skólar og íþróttamannvirki	1 200	1 550	1 550	1 200	1 314	1 194
Sjúkrahús	950	1 200	1 250	950	1 017	963
Félagsheimili og kirkjur	200	200	220	200	169	169
Aðrar byggingar hins opinbera	550	1 300	1 390	550	1 102	1 071
Samtals	10 370	12 800	13 650	10 370	10 849	10 515

1) Flugstöð Leifs Eiríkssonar meðtalin.
Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1989
m.kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1989	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántaka
1. Landsvirkjun	1.420	–	420	1.000
2. Almennar framkvæmdir RARIK	176	–	176	–
3. Dreifikerfi í sveitum	46	46	–	–
4. Sveitarafvæðing	39	39	–	–
5. Orkubú Vestfjarða	70	–	70	—
6. Framkvæmdir sveitarfélaga	679	–	499	180
Samtals	2.430	85	1.165	1.180

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 **Hitaveitu- og vatnsveitufram kvæmdir 1989**
(m. kr.)

	Fjármögnun		
	Framkvæmdir	Framlenging lána	Úr rekstri eða sjóðum
I Hitaveitur	**1 389**	**–**	**1 389**
Hitaveita Reykjavíkur	1 160	–	1 160
Aðrar hitaveitur	229	–	229
II Til annarra verkefna	**11**	**11**	**–**
Jarðhitaleit	11	11[1])	–
Samtals I-II	1 400	11	1 389
III Vatnsveitur	**380**	**20**	**360**
Vatnsveita Reykjavíkur	160	–	160
Aðrar vatnsveitur	220	20	200
Samtals I-III	1 780	31	1 749

1) Fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 11,0 m. kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 **Samgöngufram kvæmdir 1989**
(m. kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1989	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Erlend lántaka
1. Vegir og brýr	1 490	1 490	-	
2. Götur og holræsi	1 870	205	1 665	
3. Hafnir og vitar	750	440	310	
4. Flugvellir	250	250	-	
5. Póstur og sími, útvarp	390[1])	-	390	
5. Flugstöð Leifs Eiríkssonar	280	–	–	280
Samtals	5 030	2 385	2 365	280

1) Hljóðvarp og sjónvarp 185 m.kr., Póstur og sími 205 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 16 **Opinberar byggingar 1989**
(m. kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1989	Fjármögnun	
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum
1. Skólar og íþróttamannvirki	1 550	840	710
2. Sjúkrahús	1 250	900	350
3. Félagsheimili og kirkjur	220	40	180
4. Aðrar opinberar byggingar	1 390	290	1 100
Samtals	4 410	2 070	2 340

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1989 (m.kr.)

	Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I	**Opinberir aðilar**	**4.700**	**–**	**200**	**4.900**	**1.535**	**6.435**
	Ríkissjóður, A-hluti	4.700	–	–	4.700	–	4.700
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj.	–	–	200	200	1.100	1.300
	Sveitarfélög	–	–	–	–	435	435
II	**Opinberar lánastofnanir**	**–**	**9.395**	**1.075**	**10.470**	**4.400**	**14.870**
	Byggingarsjóður ríkisins	–	7.225	–	7.225	–	7.225
	Byggingarsjóður verkam.	–	2.070	–	2.070	–	2.070
	Framkvæmdasjóður	–	–	–	–	500	500
	Byggðastofnun	–	–	275	275	400	675
	Atvinnutryggingarsjóður	–	–	–	–	1.000	1.000
	Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	–	–	100	100	750	850
	Fiskveiðasjóður v/útlána	–	–	200	200	400	600
	Iðnlánasjóður	–	–	350	350	350	700
	Iðnþróunarsjóður	–	–	150	150	150	300
	Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	–	–	–	–	800	800
	Stofnlánadeild landbúnaðarins	–	100	–	100	–	100
	Útflutningslánasjóður	–	–	–	–	50	50
III	**Atvinnufyrirtæki**	**–**	**–**	**250**	**250**	**8.280**	**8.530**
	Atvinnufyrirtæki	–	–	–	–	7.780	7.780
	þ.a. Flóabáturinn Baldur h.f.	–	–	–	–	85	85
	Fjármögnunarleigur	–	–	250	250	500	750
	Heildarlántökur (I+II+III)	**4.700**	**9.395**	**1.275**	**15.620**	**14.215**	**29.835**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

III Fjármögnun

Tafla 18 Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988 og 1989

	Láns-fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Lánsfjár-áætlun 1989
1. Ríkissjóður, A-hluti	**5.165**	**9.542**	**4.700**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.855	1.855	1.265
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	690	915
RARIK, almennar framkvæmdir	185	185	–
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	160	160	–
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	820	820	350
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	–	12	–
Hitaveita Egilsstaða og Fella	–	7	–
Fjarhitun Vestmannaeyja	–	5	–
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	745	1.050	–
Raðsmíðaskip	565	730	–
Sæberg hf. Ólafsfirði, Mánaberg	180	220	–
Flóabáturinn Baldur hf.	–	100	–
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**550**	**888**	**1.300**
Landsvirkjun	525	743	1.200
Þróunarfélag Íslands h.f.	25	145	100
3. Sveitarfélög	**394**	**246**	**435**
Hitaveita Akureyrar	120	140	144
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	–	14
Hitaveita Siglufjarðar	20	20	34
Hitaveita Eyra	10	10	15
Hitaveita Rangæinga	11	11	–
Hitaveita Suðurnesja	150	–	180[1])
Fjarhitun Vestmannaeyja	45	40	24
Annað	30	25	24
4. Ráðstöfun (1+...+4)= Fjáröflun (6+7)	**6.109**	**10.676**	**6.435**
5. Innlend fjáröflun	**4.260**	**4.920**	**4.900**
Útgáfa spariskírteina	3.000	4.860	4.700
Verðbréfakaup bankakerfis	1.260	–	–
Önnur innlend fjáröflun	–	60	200
6. Erlendar lántökur	**1.849**	**5.756**	**1.535**
Ríkissjóður, A-hluti	905	4.622	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	888	1.100
Sveitarfélög	394	246	435

1) Lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 verður notuð árið 1989.

Tafla 19 **Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1984-1989**
Bráðabirgðatölur 1987, áætlun 1988-1989
(m. kr.)

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Uppruni fjár:						
1 Eigið framlag	1 730	2 673	3 827	5 800	6 600	8 800
11 Afborganir	734	1 114	1 886	2 880	7 100	9 400
12 Vextir	1 099	1 701	2 181	3 325		
13 Annað, nettó	-103	-142	-240	-405	-500	-600
2 Framlög, nettó	1 352	2 063	2 990	4 050	6 100	8 100
21 Innkomin iðgjöld	2 512	3 708	5 318	7 400	10 800	14 200
22 Lífeyrisgreiðslur	-1 155	-1 638	-2 324	-3 350	-4 700	-6 100
23 Endurgreidd iðgjöld	-5	-7	-4	-	-	-
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)	**3 082**	**4 736**	**6 817**	**9 850**	**12 700**	**16 900**
Ráðstöfun fjár:						
4 Útlán og skuldabréfakaup	3 217	4 072	6 325	9 380	...	...
41 Byggingarsjóðir[1])	490	1 024	2 310	4 195	6 985	9 295
42 Framkvæmdasjóður	91	113	8	...	...	...
43 Aðrir fjárfestingarlánasjóðir	263	481	565	1 074	...	100
44 Ríkissjóður, vegna lánsfjáráætlunar	270	-	...	...	...	...
45 Önnur útlán	2 103	2 454	...	...	...	...
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	-135	664	492	470	...	...

1) Útlán til byggingarsjóða 1988 og 1989 reiknuð sem 55% af áætluðu ráðstöfunarfé.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 20 Byggingarsjóður ríkisins 1988 – 1989
(m.kr.)

	Lög nr. 10[1] 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Frumvarp 1989
Innstreymi	**8.381**	**8.873**	**11.765**
Ríkissjóður	1.050	1.050	1.120
Lífeyrissjóðir	4.750	4.750	7.225
Skyldusparnaður, nettó	50	50	65
Afborganir, vextir og verðbætur	1.800	2.350	3.060
Endurgreiðsla lána frá Byggingarsjóði verkamanna	–	175	200
Uppgjör við veðdeild Landsbanka Íslands	–	146	–
Tekjur tæknideildar	16	16	45
Sjóðsminnkun	675	292	–
Annað	40	44	50
Útstreymi	**8.381**	**8.873**	**11.765**
Rekstrarkostnaður o.fl.	160	180	200
Afborganir, vextir og verðbætur	1.900	2.590	3.170
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna uppgjörs	–	165	165
Bundið í sjóði í árslok 1988[2]	500	105	–[2]
Veitt lán	5.753	5.753	8.215
Annað, húseign Suðurlandsbraut 24	68	80	15
Veitt lán	**5.753**	**5.753**	**8.215**
Almenn útlán	5.603	5.603	8.215
Greiðsluerfiðleikalán	150	150	–

1) Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.
2) Sá hluti af sjóðsaukningu 1987 vegna skuldabréfakaupa sem halda á eftir í árslok 1988.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 21 Byggingarsjóður verkamanna 1988 – 1989
(m.kr.)

	Láns-fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Frumvarp 1989
Innstreymi	**2.786**	**2.713**	**3.605**
Ríkissjóður	600	600	680
Framlag sveitarfélaga	175	145	150
Kaupendur eldri íbúða	68	68	80
Byggingarsjóður ríkisins v/endursöluíbúða	183	165	165
Lífeyrissjóðir	1.360	1.360	2.070
Afborganir, vextir og verðbætur	220	186	250
Verðbætur á framkvæmdalán v/uppgjörs	180	180	210
Sjóðsminnkun	–	9	–
Útstreymi	**2.786**	**2.713**	**3.605**
Rekstrarkostnaður og fleira	48	48	50
Afborganir, vextir og verðbætur	440	440	780
Endurgreitt lán til Byggingarsjóðs ríkisins	–	175	–
Veitt lán	2.338	2.050	2.775
Veitt lán	**2.338**	**2.050**	**2.775**
Þegar gerðir samningar	1.170	882	1.355
Nýjar framkvæmdir	445	495	520
Kaupleiguíbúðir	273	273	510
Endursöluíbúðir	450	400	390

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 22 Framkvæmdasjóður Íslands 1988 – 1989 (m.kr.)

	Láns-fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Frumvarp 1989
Fjáröflun	**680**	**1.854**	**1.035**
Eigin ráðstöfunarfé	400	437	535
Lán frá innlendum bönkum	280	280	–
Erlend lán	–	1.137	500
Lánveitingar	**680**	**1.854**	**1 035**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	350	350	360
Lánasjóður sveitarfélaga	20	20	35
Ferðamálasjóður	110	110	130
Byggðastofnun	–	648	–
Landflutningasjóður	10	10	10
Þróunarfélagið	–	25	–
Hitaveitur	–	89[1])	–
Dýpkunarfélagið hf., Siglufirði	–	46	–
Arnarflug hf.	–	129	–
Fiskeldi	190	390[2])	500
Ýmsar lánveitingar	–	33[3])	–

1) Samkvæmt 5. gr. lánsfjárlaga 1988.
2) Meðtalin 300 m.kr. erlent lán til fiskeldis samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar frá s.l. vori.
3) Þar af 25 m.kr. lánveiting til Hafnarbergs hf. í Þorlákshöfn.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Framkvæmdasjóður Íslands.

Tafla 23 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1989 (m.kr.)

	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkam.	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr. sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landbún	Stofnlánad. samv.fél.
Innstreymi	**11765**	**3605**	**4075**	**2020**	**2911**	**4490**	**2460**	**886**	**1584**	**260**
Sjóðslækkun	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Innheimtar afborganir	1380	140	2255	550	–	1960	1000	270	420	161
hjá fjárf.lánasjóðum	92	–	2030	–	–	–	–	–	–	–
hjá öðrum	1288	140	225	550	–	1960	1000	270	420	161
Innheimtir vextir	1880	110	1320	670	–	1080	565	306	260	80
hjá fjárf.lánasjóðum	108	–	1190	–	–	–	–	6	–	–
hjá öðrum	1772	110	130	670	–	1080	565	300	260	80
Tekin lán:	7290	2235	500	675	2400	1450	700	300	460	15
hjá Framkvæmdasjóði	–	–	–	–	–	–	–	–	360	–
hjá bankakerfi	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
hjá lífeyrissjóðum	7225	2070	–	275	–	–	–	–	100	15
hjá öðrum innl. aðilum	65	165	–	–	1400	300	350	150	–	–
erlend lán	–	–	500	400	1000	1150	350	150	–	–
Hlutafé	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Framlög og skatttekjur	1120	830	–	125	500	–	160	–	444	–
frá ríkissjóði	1120	680	–	125	500	–	–	–	34	–
frá sveitarfélögum	–	150	–	–	–	–	–	–	–	–
frá öðrum	–	–	–	–	–	–	160	–	410	–
Aðrar tekjur	95	290	–	–	11	–	35	10	–	4
Útstreymi:	**11765**	**3605**	**4075**	**2020**	**2911**	**4490**	**2460**	**886**	**1584**	**260**
Sjóðsaukning	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
Rekstrarkostnaður	200	50	35	100	11	80	100	28	135	8
Fjárfesting	15	–	–	–	–	–	–	–	30	–
Greiddar afborganir	320	600	1845	415	–	2215	495	45	350	155
til ríkissjóðs	438	95	31	–	–	–	–	–	–	–
til bankakerfis	–	–	220	38	–	1360	–	–	–	–
til lífeyrissjóða	740	140	280	–	–	–	73	–	125	110
til Framkvæmdasjóðs	–	–	–	377	–	840	410	–	225	45
til Byggingarsjóðs ríkisins	–	92	–	–	–	–	–	–	–	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
til Seðlabanka	80	41	–	–	–	15	12	–	–	–
til annarra innl. aðila	62	232	14	–	–	–	–	–	–	–
til erlendra aðila	–	–	1300	–	–	–	–	45	–	–
Greiddir vextir	1850	180	1160	315	–	1595	318	96	530	78
til ríkissjóðs	282	43	19	–	–	–	–	–	–	–
til bankakerfis	–	–	135	28	–	560	–	–	–	–
til lífeyrissjóða	1460	18	175	–	–	–	48	–	200	56
til Framkvæmdasjóðs	–	–	–	235	–	875	254	–	330	22
til Byggingarsjóðs ríkisins	–	106	–	–	–	–	–	–	–	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	6	–	–	–
til Seðlabanka	66	13	–	–	–	–	–	–	–	–
til annarra innl. aðila	42	–	11	–	–	160	–	–	–	–
til erlendra aðila	–	–	820	52	–	–	10	96	–	–
Hlutafjárkaup	–	–	–	–	–	–	5	–	6	–
Endurgreidd stofnframlög	–	–	–	–	–	–	1542	35	–	–
Veitt lán og styrkir	8380	2775	1035	1190	2900	600	1542	682	533	16
til fjárfestingarsjóða	165	–	535	–	–	–	–	–	–	
til fyrirt. og einstakl.	8215	2775	500	1190	2900	600	1542	682	533	16

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

	Verslunar-lánasjóður	Ferðamála-sjóður	Landfl-sjóður	Útflutnings-lánasjóður	Þróunar-félag	Lánasj.-sveitarf.	Framleiðnisj.-landbún.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**757**	**204**	**37**	**240**	**505**	**470**	**542**	**-4124**	**32687**
Sjóðslækkun	–	–	–	7	–	–	–	–	7
Innheimtar afborganir	290	24	17	153	350	245	5	-2122	7098
hjá fjárf.lánasjóðum	–	–	–	–	–	–	–	-2122	–
hjá öðrum	290	24	17	153	350	245	5	–	7098
Innheimtir vextir	140	50	10	30	55	110	7	-1302	5371
hjá fjárf.lánasjóðum	–	–	–	–	–	–	–	-1302	2
hjá öðrum	140	50	10	30	55	110	7	–	5369
Tekin lán:	320	130	10	50	100	35	–	-700	15970
hjá Framkvæmdasjóði	–	130	10	–	–	35	–	-535	–
hjá bankakerfi	–	–	–	–	–	–	–	–	–
hjá lífeyrissjóðum	–	–	–	–	–	–	–	–	9685
hjá öðrum innl. aðilum	320	–	–	–	–	–	–	-165	2585
erlend lán	–	–	–	50	100	–	–	–	3700
Hlutafé	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Framlög og skatttekjur	–	–	–	–	–	80	530	–	3789
frá ríkissjóði	–	–	–	–	–	–	490	–	2949
frá sveitarfélögum	–	–	–	–	–	80	–	–	230
frá öðrum	–	–	–	–	–	–	40	–	585
Aðrar tekjur	7	–	–	–	–	–	–	–	452
Útstreymi:	**757**	**204**	**37**	**240**	**505**	**470**	**542**	**-4124**	**32687**
Sjóðsaukning	–	5	–	–	30	2	–	–	40
Rekstrarkostnaður	7	4	–	4	15	8	12	–	797
Fjárfesting	–	–	–	–	–	–	–	–	45
Greiddar afborganir	270	40	16	47	275	90	166	-2122	6222
til ríkissjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	564
til bankakerfis	–	5	–	–	240	–	–	–	1863
til lífeyrissjóða	–	–	–	–	–	–	–	–	1468
til Framkvæmdasjóðs	–	35	16	2	35	90	–	-2030	45
til Byggingarsj. ríkisins	–	–	–	–	–	–	–	-92	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	–
til Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	166	–	314
til annarra innl. aðila	270	–	–	–	–	–	–	–	578
til erlendra aðila	–	–	–	45	–	–	–	–	1390
Greiddir vextir	130	50	8	9	15	55	41	-1302	5128
til ríkissjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	344
til bankakerfis	–	–	–	–	10	–	–	–	733
til lífeyrissjóða	–	–	–	–	–	–	–	–	1957
til Framkvæmdasjóðs	–	50	8	1	5	55	–	-1190	645
til Byggingarsj. ríkisins	–	–	–	–	–	–	–	-106	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	-6	–
til Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	41	–	120
til annarra innl. aðila	130	–	–	–	–	–	–	–	343
til erlendra aðila	–	–	–	8	–	–	–	–	986
Hlutafjárkaup	–	–	–	–	40	–	–	–	51
Endurgreidd stofnframlög	–	–	–	–	–	–	–	–	35
Veitt lán og styrkir	350	105	13	180	130	315	323	-700	20369
til fjárfestingarsjóða	–	–	–	–	–	–	–	-700	–
til fyrirt. og einstakl.	350	105	13	180	130	315	323	–	20369

Tafla 24 **Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1989**
(m. kr.)

	Eigin fjáröflun			Lántökur						
	Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Fram-kvæmda-sjóður	Líf-eyris-sjóðir	Banka-kerfið	Önnur lán	Erlend lán	Samtals	Útlán og styrkir
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	643	-33	3.789	535	9.685	-	2.585	3.700	15.970	20.369
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-	-	500	-	-	-	1.400	1.000	2.400	2.900
Byggingarsjóður ríkisins	-195	-	1.120	-	7.225	-	65[1]	-	7.290	8.215
Byggingarsjóður verkamanna	-125	-	830	-	2.070	-	-	-	2.070	2.775
Byggðastofnun	390	-	125	-	275	-	-	400	675	1.190
Framkvæmdasjóður, vegna fiskeldis	-	-	-	-	-	-	-	500	500	500
Framkvæmdasjóður, vegna lána til fjárfestingarlánasjóða	535	-	-	-	-	-	-	-	535	(535)[3]
Atvinnuvegasjóðir alls										
Ferðamálasjóður	-20	-5	-	130	-	-	-	-	130	105
Fiskveiðasjóður, vegna greiðsluhalla	-850	-	-	-	-	-	100	750	850	-
Fiskveiðasjóður, útlán	-	-	-	-	-	-	200	400	600	600[2]
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-207	-	530	-	-	-	-	-	-	323
Iðnlánasjóður	682	-	25	-	-	-	350	350	700	1.407
Iðnlánasjóður, vöruþróunar- og markaðsdeild	-	-	135	-	-	-	-	-	-	135
Iðnþróunarsjóður	382	-	-	-	-	-	150	150	300	682
Lánasjóður sveitarfélaga	202	-2	80	35	-	-	-	-	35	315
Landflutningasjóður	3	-	-	10	-	-	-	-	10	13
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-371	-	444	360	100	-	-	-	460	533
Stofnlánadeild samvinnufélaga	4	-3	-	-	15	-	-	-	15	16
Úflutningslánasjóður	123	7	-	-	-	-	-	50	50	180
Verslunarlánasjóður	30	-	-	-	-	-	320	-	320	350
Þróunarfélagið hf.	60	-30	-	-	-	-	-	100	100	130

1) Skyldusparnaður ungmenna, nettó.
2) Hér eru ekki meðtalin yfirtekin erlend lán vegna kaupa og breytinga á fiskiskipum að fjárhæð 1.900 m.kr. sem er áætlað fyrir á erlendum lánum atvinnufyrirtækja.
3) Lán til annarra fjárfetingarlánasjóða.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 25 **Greiðslujöfnuður við útlönd 1987-1989**
(Meðalgengi hvers árs, m. kr.)

	1987	Áætlun 1988	Áætlun 1989
Vöruskiptajöfnuður	**-1 967**	**-5 000**	**-5 500**
Útfluttar vörur alls,	53 053	61 700	66 100
Innfluttar vörur alls,	-55 020	-66 700	-71 600
Sérstakur vöruinnflutningur	-5 944	-8 700	-9 300
Skip og flugvélar	-3 268	-5 500	-5 700
Aðrar fjárfestingarvörur	-100	-100	...
Rekstrarvörur	-2 576	-3 100	...
Almennur innflutningur	-49 076	-58 000	-62 300
Olía	-3 724	-4 000	-4 300
Annað	-45 352	-54 000	-58 000
Þjónustujöfnuður	**-5 266**	**-6 600**	**-6 900**
Útflutt þjónusta (án vaxta)	20 598	24 400	27 900
Innflutt þjónusta (án vaxta)	-19 651	-23 000	-24 800
Vaxtajöfnuður o.fl.	-6 213	-8 000	-10 000
Viðskiptajöfnuður	**-7 233**	**-11 600**	**-12 400**
í % af VLF	-3,5	-4,6	-4,5
í % af VÞF	-3,6	-4,7	-4,7
Framlög án endurgjalds	**-24**	**...**	**...**
Fjármagnsjöfnuður[1])	**6 652**	**13 600**	**9 605**
Erlent einkafjármagn	69	...	...
Langar lántökur, nettó	6 740	11 140	6 305
Innkomin löng lán, alls	12 465	18 020	14 215
Afborganir	-5 725	-6 880	-7 910
Aðrar fjármagnshreyfingar[1])	-157	2 460	3 300
Heildargreiðslujöfnuður	**-605**	**2 000**	**-2 795**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

1) Skekkjur meðtaldar
Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 26 **Staða þjóðarbúsins út á við 1979-1989**
(m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Stutt vörukaupa-lán o.fl.	Greiddur útflutn-ingur	Gjald-eyris-staða	Nettó-staða við útlönd	Verg lands-framleiðsla	Staða í % af VLF (%)	
							Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1979	-2.930	-396	244	361	-2.721	9.439	31,0	28,8
1980	-4.623	-718	403	705	-4.233	15.493	29,8	27,3
1981	-7.521	-1.117	638	1.451	-6.549	24.402	30,8	26,8
1982	-14.904	-2.172	953	1.101	-15.022	38.281	38,9	39,2
1983	-32.127	-4.346	3.052	2.280	-31.141	66.093	48,6	47,1
1984	-42.559	-6.743	4.069	1.763	-43.470	88.125	48,3	49,3
1985	-60.857	-13.478	4.139	7.297	-62.899	119.910	50,8	52,5
1986	-75.082	-12.559	4.619	11.266	-71.756	158.907	47,2	45,2
1987	-83.794	-17.485	5.524	10.420	-85.335	206.582	40,6	41,3
1988)	-106.500	...	...	...	-109.000	253.100	42,1	43,1
1989)	-120.960	...	...	...	-131.000	274.800	44,0	47,7

1) Ný áætlun.
2) Lánsfjáráætlun 1989.
Heimild: Selabanki Íslands.

Tafla 27 **Greiðslubyrði erlendra lána 1979-1989**
(Meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán			Nettó-vaxta-greiðslur	Útflutn-ings-tekjur	Greiðslubyrði í % af útflutningstekjum				
	Afborgun	Vextir	Samtals			Afborganir (1:5)	Vextir (2:5)	Samtals (3:5)	Nettó (4:5)	Alls (1+4:5)
Í m.kr.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1979	246	252	498	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	440	819	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 674	2 974	5 648	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 278	4 177	8 455	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4 456	5 259	9 715	5 605	50 490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5 937	6 152	12 089	6 226	63 938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987	5 780	6 158	11 938	6 213	74 544	7,8	8,2	16,0	8,3	16,1
1988)	6 880	7 510	14 390	8 000	87 300	7,9	8,6	16,5	9,2	17,0
1989)	7 910	9 250	17 160	10 000	95 000	8,3	9,7	18,0	10,5	18,9

1) Ný áætlun.
2) Lánsfjáráætlun 1989.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 28 Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1985-1989

	Í milljónum króna					Hlutfallsleg skipting				
	1985	1986	1987	1988	1989	1985	1986	1987	1988	1989
1. Lántökur:										
Lántökur, alls	**9 927**	**12 042**	**12 809**	**18 020**	**14 215**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	5 727	5 816	3 213	5 755	1 535	58	48	25	32	11
Lánastofnanir	1 945	2 106	3 183	3 100	4 400	19	18	25	17	31
Einkaaðilar	2 255	4 120	6 413	9 165[1)]	8 280[1)]	22	34	50	51	58
2. Nettó hreyfing										
Lántökur, nettó	**5 476**	**6 105**	**7 029**	**11 140**	**6 305**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	3 936	3 136	679	3 535	-1 595	72	51	10	32	-25
Lánastofnanir	1 287	1 503	2 728	2 610	3 830	23	25	39	23	61
Einkaaðilar	253	1 466	3 622	4 955	4 070	5	24	51	45	64
3. Fjárfesting										
Heildarfjárfesting	**24 154**	**29 030**	**38 890**	**44 700**	**47 520**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberar framkvæmdir	6 869	7 635	10 370	12 800	13 650	28	26	27	29	29
Íbúðarhús	5 276	5 585	7 230	9 000	9 900	22	19	18	20	21
Atvinnuvegir	12 009	15 810	21 290	22 900	23 530	50	55	55	51	50
4. Lántökur alls í % af fjárfestingu	**41,0**	**41,4**	**32,9**	**40,3**	**29,9**					
5. Lántökur nettó í % af fjárfestingu	**22,6**	**21,0**	**18,1**	**24,9**	**13,3**					

1) Erlendar lántökur fjármögnunarleiga meðtaldar.
Heimild: Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

	Magnbreyting frá fyrra ári í %								
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Spá 1988	Spá 1989
Einkaneysla	7,7	5,6	-6,4	2,7	5,0	6,5	14,0	-1,0	-3,5
Samneysla	5,0	3,8	5,5	0,2	6,2	6,5	5,5	2,0	0,5
Heildarfjárfesting	2,1	-1,5	-12,3	8,9	1,0	-2,2	15,6	-2,7	-3,3
Þjóðarútgjöld	4,6	2,6	-10,1	5,7	3,0	3,9	14,0	-0,1	-2,6
Verg landsframleiðsla	4,3	2,3	-4,1	3,5	3,4	6,3	7,0	-1,2	-1,6
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-4,3	-8,4	-2,0	-5,1	-4,0	0,3	-3,5	-4,6	-4,5

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 29 Löng erlend lán 1980-1989, flokkuð eftir lánnotendum[1])

Í milljónum króna á meðalgengi hvers árs

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Spá 1988	Áætlun 1989
1. Lántökur:										
Opinberir aðilar	540	853	2.267	3.705	4.111	5.727	5.816	3.213	5.755	1.535
Lánastofnanir	62	176	585	908	1.982	1.945	2.106	3.183	3.100	4.400
Einkaaðilar	411	669	781	964	1.416	2.255	4.120	6.413	9.165	8.280
Samtals	**1.013**	**1.698**	**3.633**	**5.577**	**7.509**	**9.927**	**12.042**	**12.809**	**18.020**	**14.215**
2. Afborganir:										
Opinberir aðilar	160	261	494	1.084	1.546	1.791	2.680	2.534	2.220	3.130
Lánastofnanir	49	69	166	351	491	658	603	455	490	570
Einkaaðilar	169	303	570	1.239	2.241	2.002	2.654	2.791	4.170	4.210
Samtals	**378**	**633**	**1.230**	**2.674**	**4.278**	**4.451**	**5.937**	**5.780**	**6.880**	**7.910**
3. Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	380	592	1.773	2.621	2.565	3.936	3.136	679	3.535	-1.595
Lánastofnanir	13	107	419	557	1.491	1.287	1.503	2.728	2.610	3.830
Einkaaðilar	242	366	211	-275	-825	253	1.466	3.622	4.995	4.070
Samtals	**635**	**1.065**	**2.403**	**2.903**	**3.231**	**5.476**	**6.105**	**7.029**	**11.140**	**6.305**
4. Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	292	528	975	2.013	2.894	3.656	4.382	4.258	4.855	5.565
Lánastofnanir	35	68	132	298	449	692	806	880	1.275	1.710
Einkaaðilar	113	231	434	663	834	911	964	1.020	1.380	1.975
Samtals	**440**	**827**	**1.541**	**2.974**	**4.177**	**5.259**	**6.152**	**6.158**	**7.510**	**9.250**
5. Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	3.054	4.863	9.847	21.973	29.475	42.293	50.755	52.293	63.240	66.470
Lánastofnanir	369	611	1.439	3.400	5.693	8.735	11.778	14.939	20.255	25.650
Einkaaðilar	1.200	2.047	3.618	6.754	7.391	9.829	12.549	16.561	23.005	28.840
Samtals	**4.623**	**7.521**	**14.904**	**32.127**	**42.559**	**60.857**	**75.082**	**83.794**	**106.500**	**120.960**
Gengisforsendur:[2])										
SDR = krónur	6,23	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,70	62,13
6. Meðalvextir:										
Opinberir aðilar	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,0	8,2
Lánastofanir	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	7,6
Einkaaðilar	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,2	7,8
Meðaltal	**10,6**	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,7**	**8,0**

1) Erlend lán viðskiptabanka eru flokkuð eftir endurlánum þeirra.
2) Spá 1988 er á áætluðu meðalgengi ársins og áætlun 1989 er á gengi 30. september 1988.
Breytilegir vextir: LIBOR-USA eru áætlaðir 7,5% 1988 og 8,5% 1989.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 1.

Yfirlit yfir stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins 1. september 1988

Yfirlit þetta nær eingöngu til framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins enda annast Innkaupastofnun greiðslu reikninga og bókhald. Framreiknaður kostnaður er gerður með þeim hætti að notuð er meðalvísitala hvers árs sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Staða framkvæmda miðast við 1. september 1988 og byggingarvísitölu 124,3 stig. Þær framkvæmdir sem hér eru taldar eru ýmist nýframkvæmdir, endurbyggingar eða viðhaldsverkefni. Upplýsingarnar eru unnar í Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins (FIR). Stutt umsögn er gefin um verkstöðu nýframkvæmda og stærri verkefna þar sem FIR hefur með höndum eftirlit og verkstjórn.

Þar sem um er að ræða hreinar ríkisframkvæmdir gefa yfirlitin sem hér koma eftirfarandi upplýsingar:

1. dálkur: Bókfærður heildarkostnaður á verðlagi 1. september 1988
2. dálkur: Bókfærðar greiðslur
3. dálkur: Greiðslur á árinu 1988

Þar sem um er að ræða sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu gefur yfirlitið eftirfarandi upplýsingar:

1. dálkur: Bókfærður heildarkostnaður á verðlagi 1. september 1988
2. dálkur: Bókfærðar greiðslur
3. dálkur: Greiðslur á árinu 1988
4. dálkur: Bókfærðar greiðslur sveitarfélaga og hlutfall þeirra af heildargreiðslum
5. dálkur: Greiðsluhluti sveitarfélaga (þ.e.a.s. dálkur 4 sem hlutfall af dálki 3)

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

	Heildar-kostnaður þús. kr.	Bókfærðar greiðslur þús. kr.	Þar af á árinu 1988 þús. kr.
1. Þjóðarbókhlaða	414.985	161.544	30.828
2. Listasafn Íslands	297.015	154.172	13.175
3. Menntaskólinn Ísafirði	176.574	48.479	6.138
4. Menntaskólinn Egilsstöðum	257.617	58.489	23.551
5. Menntaskólinn Laugarvatni	10.934	8.802	3.497
6. Menntaskólinn Laugarvatni (viðhald)	714	650	558
7. Menntaskólinn Ísafirði (heimavist)	233.663	25.037	951
8. Menntaskólinn við Sund	9.701	7.109	2.822
9. Menntaskólinn á Akureyri	11.946	8.821	2.234
10. Héraðsskólinn Núpi	56.973	19.211	3.446
11. Héraðsskólinn Reykjanesi	23.147	5.854	743
12. Héraðsskólinn Reykjum	16.452	8.768	389
13. Alþýðuskólinn Eiðum	6.034	3.795	1.177
14. Héraðsskólinn Laugarvatni	14.454	2.376	70
15. Héraðsskólinn Skógum	8.222	3.232	566
16. Héraðsskólinn Reykholti	51.216	4.565	25
17. Héraðsskólinn Reykholti, mötuneyti	40.904	26.619	5.610
18. Héraðsskólinn Laugum, Reykjadal	2.233	1.721	818
19. Húsmæðraskólinn Laugarvatni	10.378	3.240	0
20. Húsmæðraskólinn Varmalandi	1.361	1.158	400
21. Sjómannaskólinn	52.576	17.622	2.020
22. Kennaraháskóli Íslands	138.011	45.603	3.770
23. Æfinga- og tilraunaskóli KHÍ	19.190	3.586	805
24. Tækniskóli Íslands	3.630	3.178	3.026
25. Fósturskóli Íslands	7.717	4.195	8
26. Íþróttakennaraskóli Íslands	140.512	79.227	1.873
27. Fiskvinnsluskólinn	112.845	85.297	23.669
28. Kennaraskólinn Laufásvegi, Reykjavík	1.555	972	0
29. Leiklistarskóli Íslands	31.138	22.594	2.061
30. Skóli við Lyngás	94.897	19.332	1.204
31. Öskjuhlíðarskóli	112.748	66.592	4.683
32. Fjölskylduheimili Reynilundi	1.082	608	0
33. Þjálfunarskóli ríkisins	1.602	1.574	1.574
34. Efstasund 86, unglingaheimili	946	942	942
35. Iðntæknistofnun Íslands	103.740	43.075	0
Samtals	2.466.712	948.039	142.633

Skýringar:

1. Þjóðarbókhlaða. Almenna verkfræðistofan hf. hefur umsjón með verkinu en reikningar eru greiddir hjá IR.

2. Listasafn Íslands. Framkvæmdum lýkur ekki að fullu á árinu 1988, og hefur kaupum á búnaði verið frestað ásamt minni háttar frágangi verka. Lóð er ófrágengin.

3. Menntaskólinn á Ísafirði (skólahús). Nýbygging sem er kennsluhúsnæði skólans hefur verið í byggingu frá 1978. Í ár, 1988, hefur verið unnið við lóð og lítils háttar frágang innanhúss sem nú er að mestu lokið. Lóðarfrágangi lýkur ekki á þessu ári.

4. Menntaskólinn á Egilsstöðum. Nú er lokið við 1. hæð þess áfanga (kennslustofubyggingu) sem byrjað var á árinu 1987. Þar eru fjórar kennslustofur auk aðstöðu fyrir kennara. Samningur við verktaka gerir ráð fyrir að þessum áfanga ljúki fyrri hluta ársins 1989.

8. Menntaskólinn við Sund. Viðhaldsverkefni. Öll þök þarfnast endurnýjunar og munu þær framkvæmdir kostnaðarsamar. Ýmsar viðgerðir vegna viðhalds, málning o.fl.

9. Menntaskólinn Akureyri. Viðhaldsverkefni. Unnið er við ýmsar viðgerðir og viðhald. Áætlun liggur fyrir um meiri háttar endurbætur allt til ársins 1994 og nemur kostnaður samkv. þessari áætlun um 55 m. kr.

10. Héraðsskólinn Núpi. Endurbygging. Endurbætur hafa verið gerðar á skólahúsi og heimavist og er þeim ekki lokið.

12. Héraðsskólinn að Reykjum. Viðhaldsverkefni og endurbygging á elsta hluta skólans, íþróttarými o.fl. Lokið er við að endurnýja hluta hitaveituæðar. Þörf er á viðhaldi á heimavist og mötuneyti, og enn fremur að gera við múrhúðun og glugga á íþróttahúsi.
16. Héraðsskólinn Reykholti. Framkvæmdir á lóð og gerð bílastæða við Reykholtsskóla hafa farið fram í sumar. Enn fremur hefur ýmislegt verið unnið við gamla skólahúsið í tengslum við heimsókn Ólafs Noregskonungs nú í sumar.

17. Héraðsskólinn Reykholti, mötuneyti. Gerður hefur verið samningur um innanhússfrágang 1. hæðar og hluta af öðru rými hússins og á því verki að vera lokið fyrri hluta ársins 1989. Samningur hefur verið gerður um þetta verk að upphæð um 23 m. kr.

18. Héraðsskólinn að Laugum í Reykjadal. Viðgerðir utanhúss á skólahúsi og heimavistarhúsum.

19. Húsmæðraskólinn að Laugarvatni. Gamla húsið hefur verið endurnýjað að utan með múrklæðningu.

20. Húsmæðraskólinn Varmalandi. Endurnýjun á miðstöðvarlögn og viðgerðir utanhúss.

24. Tækniskóli Íslands. Tekur hefur verið á leigu húsnæði við hliðina á núverandi skólarými. Ráðgert er að bjóða fljótlega út innanhússfrágang þess.

26. Íþróttakennaraskóli Íslands Laugarvatni. Þessu verki var lokið vorið 1986 en unnið er að uppgjöri við verktaka. Keypt hafa verið tæki á þessu ári.

27. Fiskvinnsluskólinn. Unnið hefur verið við síðari hluta 2. áfanga og er honum að verða lokið. Eftir er að byggja frystiklefa og kaupa tæki og búnað að hluta.

28. Kennaraháskólinn við Laufásveg. Eftir er að skipta um klæðningu í húsinu og endurnýja glugga. Ekkert hefur verið unnið við þetta verkefni á árinu 1988.

29. Leiklistarskóli Íslands. Innréttingar í umsjón sjálfstæðsverkefnisstjóra. Verkinu er lokið.

31. Öskjuhlíðarskóli. Nýbyggingin hefur verið tekin í notkun. Lóðarlögun er að mestu ólokið. Viðgerðar er þörf á þökum eldri hluta skólans. Kaupum á búnaði mun ekki lokið að fullu.

33. Þjálfunarskóli ríkisins við Blesugróf 27. Keypt var 15 ára gamalt einbýlishús. Þurfti miklar endurbætur til að það komi að tilætluðum notum. Frekari breytingar eru í bígerð.

34. Unglingaheimili ríkisins Efstasundi 86. Keypt var nýlegt einbýlishús sem verið er að breyta í unglingaheimili. Verkinu verður væntanlega lokið um mánaðamótin september október 1988.

04 Landbúnaðarráðuneyti

	Heildar-kostnaður þús. kr. (1)	Bókfærðar greiðslur þús. kr. (2)	Þar af á árinu 1988 þús. kr. (3)
1. Veiðimálastofnun Hólum	12.417	11.303	7.088
2. Bændaskólinn Hvanneyri, rannsóknahús	43.833	24.442	62
3. Gróðurhús Hvanneyri	509	446	446
4. Bútæknideild Hvanneyri	3.737	3.425	3.425
Samtals	60.496	39.616	11.021

Skýringar:

1. Hús Veiðimálastofnununar að Hólum. Byggingu hússins er lokið. Lokauppgjör hefur ekki farið fram.

2. Rannsóknahús að Hvanneyri. Þessu verki er lokið eða því sem næst, þó er eftir að leggja brunavarnakerfi í húsið.

3. Gróðurhús að Hvanneyri. Jarðvegsskipti hafa farið fram og uppsteypa á grunni er í undirbúningi. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framhald verksins.

4. Hús bútæknideildar á Hvanneyri. Jarðvegsskipti hafa farið fram. Útboðsgögn vegna uppsteypu húss liggja fyrir. Fjármögnun er ótryggð.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Heildar-kostnaður þús. kr.	Bókfærðar greiðslur þús. kr.	Þar af á árinu 1988 þús. kr.
1. Litla-Hraun	5.031	4.185	1.886
2. Bæjarfógetaskrifstofur Auðbrekku 10	48.192	8.168	285
3. Bæjarfógetinn Selfossi	28.419	23.852	12.133
4. Lögreglustöð Hvolsvelli	13.600	4.229	0
5. Sýslumannsbústaður Vík (bílskúr)	1.774	730	12
6. Bæjarfógetaskrifstofur Akureyri	23.493	13.590	210
7. Lögreglustöð Hafnarfirði	49.803	36.108	939
8. Sýsluskrifstofa og lögreglustöð Húsavík	62.226	49.949	23.841
9. Bæjarfógetinn Vestmannaeyjum	45.810	38.335	22.623
10. Bæjarfógetinn Keflavík	8.196	6.602	2.093
11. Lögreglustöð Dalvík	5.297	4.013	48
12. Bæjarfógetinn Siglufirði	4.401	4.049	3.887
13. Lögreglustöð Reykjavík	5.493	4.582	2.701
14. Sýsluskrifstofa Vík	3.623	3.220	3.220
15. Lögreglustöð Patreksfirði	45	45	45
16. Bæjarfógetabústaður Siglufirði	2.674	2.087	145
Samtals	308.077	203.744	74.068

Skýringar:

1. Litla Hraun. Verið er að innrétta verkstæði fyrir vistmenn er vinna að framleiðslu númeraspjalda í bifreiðir.

2. Bæjarfógetaskrifstofur Auðbrekku 10, Kópavogi. Eftir er að ljúka framkvæmdum við bílskúr o.fl. Ekki hefur verið hægt að ganga frá lóð að fullu vegna þess að enn hefur ekki verið samið við eigendur nágrannalóða. Óuppgert er við Svansprent hf. vegna skiptingar kostnaðar við innkeyrslu á bílastæði.

3. Bæjarfógetaskrifstofur Selfossi. Húsið er uppsteypt, gler í gluggum og frágengið að utan. Unnið er við múrhúðun og pípulagnir innanhúss.

4. Lögreglustöð Hvolsvelli. Á 1. hæð er lögreglustöð en skrifstofur Hvolshrepps á 2. hæð. Þessu verki er lokið en eftir er að ganga frá uppgjöri við sveitarfélag á hlutdeild þess í kostnaði. Húsið var gert tilbúið undir tréverk í umsjón hreppsins og dómsmálaráðuneytisins en FIR sá um innanhússfrágang.

5. Sýslumannsbústaður Vík í Mýrdal (bílskúr). Verkinu er ekki lokið.

8. Sýsluskrifstofur og lögreglustöð Húsavík. Þessu verki er lokið og var húsið tekið í notkun nú í sumar. Lóð er einnig fullfrágengin. Verk þetta tók um 4 ár.

9. Stjórnsýsluhús Vestmannaeyjum. Þessu verki er lokið og hefur húsið verið tekið í notkun.

10. Bæjarfógetinn Keflavík. Verið er að hanna endurnýjun skrifstofuhúsnæðis en nýtt þak var sett á húsið 1987—88. Væntanlega verður verkið boðið út á næstu vikum.

11. Lögreglustöð Dalvík. Verkinu er lokið en óvíst er hvort lóðarframkvæmdum lýkur á þessu ári.

12. Bæjarfógetinn Siglufirði. Nýlega hefur verið gerður verksamningur við Berg hf. á Siglufirði um byggingu hússins. Samningurinn er um að fullgera húsið og eru verklok áætluð í október 1989.

13. Lögreglustöðin í Reykjavík. Breytingar á húsnæði fyrirfíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Verkinu er lokið.

14. Sýsluskrifstofur Vík í Mýrdal. Verið er að innrétta leiguhúsnæði fyrir sýsluskrifstofur. Verkinu er að mestu lokið en lokauppgjör hefur ekki farið fram.

15. Sýsluskrifstofur og lögreglustöð Patreksfirði. Stækkun og breytingar. Samið hefur verið við Byggi hf. um verkið. Verklok er áætluð í ágúst 1989.

16. Bæjarfógetabústaður Siglufirði. Hús þetta er einingarhús á steyptum grunni. Kostnaður við verkið er lítill í ár (1988) og mun framkvæmd þessi að mestum hluta vera á vegum ráðuneytisins.

07 Félagsmálaráðuneyti

	Heildar-kostnaður þús. kr. (1)	Bókfærðar greiðslur þús. kr. (2)	Þar af á árinu 1988 þús. kr. (3)
1. Sambýlið Valholti 9 Selfossi	14.226	11.831	6.488
2. Vistheimili við Holtaveg	24.443	18.446	1.008
3. Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	9.517	8.267	8.182
4. Greiningarstöð Digranesvegi 5	19.405	18.432	18.379
5. Verndaður vinnustaður Akranesi	8.809	7.908	7.908
6. Vistheimili Vonarlandi 9 Egilsstöðum	51.857	6.263	46
Samtals	128.257	71.147	42.011

Skýringar:

1. Sambýlið Vallholti 9 Selfossi. Þessu verki er lokið.

2. Vistheimilið við Holtaveg. Byggingu hússins er lokið, en eftir er að ljúka að fullu framkvæmdum við lóð. Rekstur vistheimilisins hófst haustið 1987.

3. Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi. Um er að ræða innréttingu á leiguhúsnæði að Kársnesbraut 110. Þessu verki er að mestu lokið.

4. Greiningarstöð ríkisins Digranesvegi 5. Umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á þessu húsi. Skipt um allar innréttingar og milliveggir endurnýjaðir. Þessu verki mun ljúka í byrjun október 1988. Fyrirhugað er að kaupa húsgögn á þessu og næsta ári.

5. Verndaður vinnustaður Akranesi. Hús þetta er byggt samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið. Húsið verður fokhelt nú í september.

6. Vistheimilið Vonarland Egilsstöðum. Þessu verki er lokið en unnið var að lóðarframkvæmdum á síðasta ári.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Þær framkvæmdir á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem hér verða til umfjöllunar eru misjafnlega langt á veg komnar. Þessum framkvæmdum hefur verið skipt í tvo flokka: í A-flokki eru þær framkvæmdir sem er að mestu lokið og í B-flokki eru þær sem skemmra eru á veg komnar. Aðeins er getið þeirra framkvæmda sem einhver kostnaður hefur fallið á í ár eða á s.l. ári.

A-flokkur

Þeim framkvæmdum, sem hér eru taldar eru, eins og áður er sagt, lokið að mestu, aðeins eftir að ganga frá lóð að hluta. Leitað hefur verið eftir samkomulagi við sveitarfélög um verklok og greiðslu eftirstöðva af mótframlagi þar sem við á. Í mörgum tilvikum greiðir heilbrigðisráðuneytið undirbúning framkvæmda og hönnun beint til verktaka og/eða sveitarfélaga en Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins tekur síðan við þegar að framkvæmdum kemur og greiðir IR allan kostnað eftir það. Þessi skipan mála hefur oft valdið óvissu um hversu mikið er eftir af fjárveitingu ársins hverju sinni og hve háa upphæð FIR getur skuldbundið til þeirra verka sem henni hefur verið falið að sjá um. Nokkrar framkvæmdir, þar sem hjúkrunarheimili eru í tengslum við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, fá framlög frá Framkvæmdasjóði aldraða.

Erfitt er að átta sig á gildi hins bókfærða kostnaðar þar sem þessar framkvæmdir hafa allar tekið mjög langan tíma. Flestar þeirra hófust á árunum 1973—1975. Á þeim heilsugæslustöðvum sem eru flokkaðar undir A-flokk er meðalframkvæmdatími ríflega 10 ár.

Framreiknaður kostnaður A-flokks er fundinn með hliðsjón af áföllnum kostnaði hvers mánaðar á byggingartímanum og er stuðst við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. umburðarbréf nr. 3/1987, eru framlög verðbætt frá 1. jan. 1987 og fer fram uppgjör í lok hvers árs.

	Heildar-kostnaður þús. kr. (1)	Bókfærðar greiðslur þús. kr. (2)	Hluti sveitar-félags þús. kr. (3)	Greiðslur sveitar-félags þús. kr. (4)	Hlutfall af kostnaði % (5)
1. Heilsugæslustöð Dalvík	57.101	6.333	950	1.380	21,79%
2. Heilsugæslustöð Höfn Hornafirði	61.408	2.797	420	244	8,72%
3. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal	26.532	1.286	193	205	15,94%
4. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	27.553	1.667	250	174	10,44%
5. Heilsugæslustöð Bolungarvík	30.570	1.557	234	156	10,02%
6. Heilsugæslustöð Hvolsvelli	27.913	6.722	1.008	1.008	15,00%
7. Heilsugæslustöð Hvammstanga	53.670	19.069	2.860	2.541	13,33%
8. Heilsugæslustöð Fáskrúðsfirði	27.887	5.039	756	593	11,77%
9. Heilsugæslustöð Ólafsvík	61.500	22.670	3.401	2.697	11,90%
10. Heilsugæslustöð Keflavík	49.525	18.642	2.796	2.789	14,96%
11. Heilsugæslustöð Hólmavík	30.022	13.573	2.036	1.578	11,63%
12. Sundlaug Grensásdeild	102.413	35.165	5.275	5.059	14,39%
13. Heilsugæslustöð Patreksfirði	106.548	8.822	1.323	1.411	15,99%
14. Heilsugæslustöð Ólafsfirði	99.747	16.553	7.995	7.192	43,45%
15. Læknisbúst. og heilsugæslustöð Bolungarvík	12.815	6.556	983	356	5,43%
16. Læknisbústaður Siglufirði	20.390	12.303	1.845	1.939	15,76%
Samtals	795.594	178.754	32.325	29.322	

Skýringar:

1. Heilsugæslustöð Dalvík. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 6.333 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna af þeirri fjárhæð 950 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.380 þús. kr. eða tæp 22% og er það 430 þús. kr. umfram hlutdeild. Byggingaframkvæmdum er lokið. Keypt voru tæki á síðari hluta ársins 1987.

2. Heilsugæslustöð Höfn Hornafirði. Framkvæmdum lauk 1984, en eftir er að ganga lítillega
frá lóð. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 2.797 þús. kr. og 15% hlutur heimamanna er 420 þús. kr. Þeir hafa greitt 244 þús. kr. eða tæp 9% og er ógreitt framlag heimamanna því 176 þús. kr.

3. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal. Byggingarframvæmdum lauk í maí 1984 en eftir er að ganga frá lóð. Bókfærður byggingarkostnaður miðað við verðlag hvers árs er 1.286 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 193 þús. kr. Þeir hafa greitt 205 þús. kr. eða 16% og er það 12 þús. kr. umfram hlutdeild.

4. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri. Byggingarframkvæmdum lauk í desember 1983. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 1.667 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 250 þús. kr. Þeir hafa greitt 174 þús. kr. eða 10% og er ógreitt framlag heimamanna því 76 þús. kr. auk verðbóta.

5. Heilsugæslustöð Bolungarvík. Verkinu er lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 1.557 þús. kr. og er 15% hlutur heimanna þar af 234 þús. kr. Þeir hafa greitt 156 þús. eða 10% og er ógreitt framlag heimamanna því 78 þús. kr.

6. Heilsugæslustöð Hvolsvelli. Byggingu hússins er lokið, en eftir er að ganga lítillega frá lóð. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 6.722 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.008 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.008 þús. kr. eða 15%.

7. Heilsugæslustöð Hvammstanga. Verkinu er lokið. Keypt hafa verið tæki á þessu ári fyrir það fé sem veitt hefur verið á fjárlögum í því skyni. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 19.069 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.860 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.541 þús. kr. eða 13% og er ógreitt framlag heimamanna því 319 þús. kr. auk verðbóta.

8. Heilsugæslustöð Fáskrúðsfirði. Þessu verki er lokið að öðruleyti en því að eftir er að gera lokræsi á einum stað í lóð hússins. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 5.039 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 756 þús. kr. Þeir hafa greitt 593 þús. kr. eða 12% og er ógreitt framlag heimamanna 163 þús. kr.

9. Heilsugæslustöð Ólafsvík. Byggingu hússins er lokið en eftir er að ganga frá lóð að hluta. Leitað hefur verið eftir samkomulagi um verklok svo að gera megi skilamat fyrir n.k. áramót. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 22.670 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 3.401 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.697 þús. kr. eða 11.9% og er ógreitt framlag heimamanna því 704 þús. kr. auk verðbóta.

10. Heilsugæslustöð Keflavík. Þessu verki er ekki lokið og er áformað að byggja hjúkrunarheimili fyrir langlegusjúklinga í tengslum við þessa stöð. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 18.642 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.796 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.789 þús. kr. eða tæp 15% og er ógreitt framlag heimamanna því 7 þús. kr. auk verðbóta.

11. Heilsugæslustöð Hólmavík. Byggingarframkvæmdum er lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 13.573 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.036 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.578 þús. kr. eða um 12% og er ógreitt framlag heimamanna því 458 þús. kr. auk verðbóta.

12. Sundlaug Grensásdeildar Borgarsjúkrahúss. Verkinu er lokið nema eftir er að setja upp lyftu. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 35.165 þús. kr. og er 15% hlutur Reykjavíkurborgar þar af 5.275 þús. kr. Borgin hefur greitt 5.059 þús. kr. eða 14,39% og er ógreitt framlag Reykjavíkurborgar því 216 þús. kr.

13. Heilsugæslustöð Patreksfirði. Verkinu er lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 8.822 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.323 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.411 þús. eða 16% og er það 88 þús. kr. umfram hlutdeild þeirra.

14. Heilsugæslustöð Ólafsfirði. Verið er að vinna að lokauppgjöri. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 16.553 þús. kr. og er 48,3% hlutur heimamanna þar af 7.995 þús. kr. Þeir hafa greitt 7.192 þús. eða rúm 43% og er ógreitt framlag heimamanna 803 þús. kr.

15. Læknisbústaður Bolungarvík. Þessu verki er lokið, nema lóðarlögun að hluta. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 6.556 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 983 þús. kr. Þeir hafa greitt 356 þús. kr. eða 5% og er ógreitt framlag heimamanna því 627 þús. kr.

16. Læknisbústaðir Siglufirði. Verkinu er lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 12.303 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.845 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.939 þús. kr. eða 16% og hafa því greitt 94 þús. kr. umfram lögboðið framlag.

B-flokkur:	Heildar-kostnaður þús. kr. (1)	Bókfærðar greiðslur þús. kr. (2)	Hluti sveitar-félags þús. kr. (3)	Greiðslur sveita félags þús. kr. (4)	Hlutfall af kostnaði % (5)
1. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi ..	21.274	6.913	1.037	510	7,38%
2. Heilsugæslustöð Þórshöfn	22.906	18.702	2.805	2.554	13,66%
3. Heilsugæslustöð Akranesi	15.557	13.552	2.033	521	3,84%
4. Heilsugæslustöð Djúpavogi	9.452	8.211	1.232	226	2,75%
5. Heilsugæslustöð Húsavík	8.167	8.036	1.205	401	4,99%
6. Heilsugæslustöð Þórlákshöfn	7.778	7.613	1.142	400	5,25%
7. Sjúkrahús Keflavík	112.991	14.243	2.136	1.607	11,28%
8. Sjúkrahús Keflavík, D-álma	1.158	1.316	197	0	0,00%
9. Sjúkrahús Suðurlands, 2. áfangi ..	3.427	3.843	576	0	0,00%
10. Sjúkrahús Suðurlands Selfossi ...	247.772	27.730	4.160	3.122	11,26%
11. Sjúkrahúsið Neskaupsstað	168.835	17.540	2.631	2.373	13,53%
12. Sjúkrahúsið Ísafirði	495.275	187.023	23.162	19.086	10,21%
13. Sjúkrahúsið Akureyri	716.890	171.129	25.669	20.619	12,05%
14. Sjúkrahúsið Sauðárkróki	149.008	53.414	8.012	7.577	14,19%
15. Sjúkrahúsið Seyðisfirði	98.906	37.063	5.559	3.835	10,35%
16. Sjúkrahúsið Blönduósi	72.119	43.789	6.568	3.653	8,34%
17. Sjúkrahúsið Sólvangur	72.317	59.835	8.975	6.660	11,13%
18. Sjúrkahúsið Patreksfirði	38.505	22.715	3.407	2.663	11,72%
19. Sjúkrahúsið Siglufirði	6.230	6.574	986	0	0,00%
20. Læknisbústaður Hvolsvelli	4.891	4.831	725	500	10,35%
21. Læknisbústaður Ólafsvík	2.330	2.212	332	0	0,00%
22. Dvalarheimilið Lundur	26.982	26.421	3.963	1.576	5,96%
Samtals	2.302.770	742.705	106.512	77.883	

Skýringar:

1. **Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi.** Þessu verki er ekki lokið en framkvæmdir hafa legið niðri um hríð. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 6.913 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.037 þús. kr. Þeir hafa greitt 510 þús. kr. eða 7% og er ógreitt framlag heimamanna því 547 þús. kr. auk verðbóta.

2. **Heilsugæslustöð Þórshöfn.** Verið er að vinna að innanhússfrágangi og á því verki að vera lokið á þessu ári. Þá er eftir að afla tækja og búnaðar svo að starfsemi geti hafist í hinu nýja húsnæði. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 18.702 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.805 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.554 þús. kr. eða 14% og er ógreitt framlag heimamanna því 251 þús. kr. auk verðbóta.

3. **Heilsugæslustöð Akranesi.** Grunnur að þessari stöð var gerður á árunum 1983 – 1984. Nú er unnið að því að gera húsið fokhelt og að frágangi utanhúss og á því verki að ljúka fyrri hluta næsta árs. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 13.552 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.033 þús. kr. Þeir hafa greitt 521 þús. kr. eða tæp 4% og er ógreitt framlag heimamanna því 1.512 þús. kr. auk verðbóta.

4. **Heilsugæslustöð Djúpavogi.** Húsið er fokhelt. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 8.211 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.232 þús. kr. Þeir hafa greitt 226 þús. kr. eða tæp 3% og er ógreitt framlag heimamanna því 1.006 þús. kr. auk verðbóta.

5. **Heilsugæslustöð Húsavík.** Byggingu spennustöðvar er lokið. Nýlega hefur verið boðinn út 1. áfangi húss fyrir heilsugæslustöð og samningsgerð er í undirbúningi. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 8.036 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.205 þús. kr. Þeir hafa greitt 401 þús. kr. eða 5% og er ógreitt framlag heimamanna því 804 þús. kr. auk verðbóta.

6. **Heilsugæslustöð Þorlákshöfn.** Húsið er nú fokhelt og mun verktaki skila sínu verki fljótlega. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 7.613 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.142 þús. kr. Þeir hafa greitt 400 þús. kr. eða 5,25% og er ógreitt framlag heimamanna því 742 þús. kr. auk verðbóta.

7. **Sjúkrahús Keflavík.** Þessu verki er enn ekki lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 14.243 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.136 þús. kr. Þeir hafa greitt 1.607 þús. kr. eða rúm 11% og er ógreitt framlag heimamanna því 529 þús. kr.

8. **Sjúkrahús Keflavíkur, D-Álma.** Kostnaður þessi er eingöngu vegna hönnunar en ákvörðun um framkvæmdir hafa ekki verið teknar. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 1.316 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna 197 þús. kr.

9. **Sjúkrahús Suðurlands, 2. áfangi.** Unnið hefur verið að hönnun 2. áfanga, en endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir um hvort af framkvæmdum verður. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 3.843 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna 576 þús. kr. Ekki hafa enn borist greiðslur frá heimamönnum.

10. **Sjúkrahús Suðurlands Selfossi.** Þessum áfanga er lokið og skilamat verið gert fyrir verkið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 27.730 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 4.160 þús. kr. Þeir hafa greitt 3.122 þús kr. eða 11,26% og er ógreitt framlag heimamanna því 1.038 þús. kr.

11. Sjúkrahúsið Neskaupstað. Verkinu er lokið. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 17.540 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 2.631 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.373 þús. kr. eða tæp 14% og er ógreitt framlag heimamanna því 258 þús. kr.

12. Sjúkrahúsið Ísafirði. Unnið er að fjórða áfanga byggingarinnar. Um er að ræða lokafrágang á jarðhæð, skurðdeild og borðstofa á 1. hæð vesturálmu og kjarna 2. hæðar. Þá er 5. áfangi eftir og er kostnaðaráætlun hans er um 46 millj. kr. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 187.023 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna af greiðslum ríkissjóðs 28.053 þús. kr. Þeir hafa greitt 19.086 þús. kr. eða tæp 10% og er ógreitt framlag heimamanna því 5.505.000 þús. kr. auk verðbóta. Heimamenn hafa tekið lán vegna tækjakaupa og reiknast því ekki hlutur heimamanna af lánsupphæðinni.

13. Sjúkrahúsið Akureyri. Lokið er framkvæmdum við rannsóknardeild. Verið er að vinna að innanhússfrágangi á röntgendeild sem á að ljúka á næsta ári samkvæmt samningi við verktaka. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 171.129 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 23.162 þús. kr. Þeir hafa greitt 19.086 þús. kr. eða rúm 10% og er ógreitt framlag þeirra því 4.076 þús. kr.

14. Sjúkrahúsið Sauðárkróki. Eftir er að byggja svalir utan á húsið. Lyfta hefur verið sett í húsið. Einnig er eftir að endurbæta sjúkramóttöku og lagfæra lóð. Tæki á skurðstofu voru keypt á þessu ári. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 53.414 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 8.012 þús. kr. Þeir hafa greitt 7.577 þús. kr. eða 14% og er ógreitt framlag heimamanna því 435 þús. kr.

15. Sjúkrahúsið Seyðisfirði. Eftir er að innrétta 2. hæð sem er um 800 ferm. Eldhús og þvottahús verða bráðlega tekin í notkun. Lóðarlögun er eftir að mestu. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 37.063 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 5.559 þús. kr. Þeir hafa greitt 3.835 þús. kr. eða rúm 10% og er ógreitt framlag heimamanna því 1.724 þús. kr. auk verðbóta.

16. Sjúkrahúsið Blönduósi. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 43.789 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 6.568 þús. kr. Þeir hafa greitt 3.653 þús. kr. eða 8,34% og er ógreitt framlag þeirra því 2.915 þús. kr. Unnið er að lögnum, einangrun og múrhúðun og á því verki að ljúka á fyrri hluta næsta árs.

17. Sjúkrahús og heilsugæslustöð við Sólvang. A-hluta lokaáfanga lauk í ágúst og á B-hluta áfanga að ljúka á fyrri hluta næsta árs samkvæmt samningi við verktaka. Heilsugæslustöð er tekin til starfa í húsnæðinu. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 59.835 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 8.975 þús. kr. Þeir hafa greitt 6.660 þús. kr. eða 11%.

18. Sjúkrahúsið Patreksfirði. Unnið er að endurbótum á öllu húsinu. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 22.715 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 3.407 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.663 þús. kr. eða 12% og er ógreitt framlag heimamanna því 744 þús. kr.

19. Sjúkrahúsið á Siglufirði. Um er að ræða innréttingu á tengigangi og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun. Verkið hófst á þessu ári og á að ljúka fyrri hluta næsta árs. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 6.574 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna 986 þús. kr. Engar greiðslur hafa borist frá heimamönnum.

20. Læknisbústaður á Hvolsvelli. Húsið er nú fokhelt og útboð hefur farið fram á frágangi innanhúss. Á því verki að ljúka á fyrri hluta næsta árs. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 4.831 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 725 þús. kr. Þeir hafa greitt 500 þús. kr. sem er 10,35% og skulda því 225 þús. kr.

21. Læknisbústaður Ólafsvík. Keypt var nýlegt hús sem þarfnaðist mikilla endurbóta. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 2.212 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 332 þús. kr. Engar greiðslur hafa borist frá heimamönnum.

22. Dvalarheimilið Lundur Hellu. Húsið er uppsteypt og þak fullfrágengið ásamt gleri í gluggum. Lokaúttekt hefur farið fram. Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 20.071 þús. kr. Heimamenn hafa greitt 1.576 þús. kr. sem er 8% af kostnaði.

09 Fjármálaráðuneyti

	Heildar-kostnaður þús. kr. (1)	Bókfærðar greiðslur þús. kr. (2)	Þar af á árinu 1988 þús. kr. (3)
1. Laugavegur 166	112.128	74.901	16.093
2. Lyfjaeftirlit ríkisins	10.391	7.053	339
3. Laugavegur 118 D	37.959	28.167	11.650
Samtals	160.478	110.121	28.082

Skýringar:

1. Laugavegur 166 (Víðishús). Framkvæmdum utanhúss er lokið. Innréttingum og frágangi á hluta 3. hæðar, þ.e. húsnæði skipulagsstjóra ríkisins er lokið, og hluta 5. hæðar, þ.e. húsnæði ríkisskattstjóra. Verið er að ljúka teikningum á innréttingum á þeim hluta sem eftir er, og er áformað að bjóða það verk út á næstunni.

3. Laugavegur 118 D. Útboðsverki er að mestu lokið ásamt ýmsum aukaverkum sem í ljós komu og tengjast kaupum á húsinu. Undirbúningi útboðs á innréttingum í kjallara er lokið. Þetta rými er ætlað fyrir Geislavarnir ríkisins, auk þess sem þar verða bílastæði fyrir húsið.

Fylgiskjal 2.

Útgefnar fjárheimildir 1. janúar — 30. september 1988

Á tímabilinu 1. janúar til 30. september 1988 hafa verið gefnar út 93 fjárheimildir að fjárhæð 511.346 þús. kr.

Í yfirlitinu hér að neðan getur að líta flokkun þessara fjárheimilda þannig að í ljós komi helstu orsakir fyrir afgreiðslu þeirra, fjöldi heimilda í hverjum flokki og fjárhæðir.

Ástæður	Fjöldi	Þús. kr.
1. Lagafyrirmæli og ákvarðanir Alþingis	3	8.700
2. Ákvæði samninga	1	9.000
3. Heimildir í fjárlögum	5	36.700
4. Tjónagreiðslur	1	8.700
5. Uppgjör vegna sl. árs	26	233.280
6. Ríkisstjórnarákvarðanir	9	77.547
7. Ófyrirséð útgjöld ársins	29	94.937
8. Aðrar greiðsluheimildir	19	42.482
Samtals	93	511.346

Þá er áætlað að vegna breytinga á launa-, verðlags- og gengisforsendum frá gerð gildandi fjárlaga þurfi að gefa út fjárheimildir að upphæð samtals 5.339 m.kr. Þessi fjárhæð skiptist þannig eftir málaflokkum:

	M.kr.
— Vegna hækkunar launa	1.320
— Vegna hækkunar annarra rekstrargjalda	350
— Vegna hækkunar á sjúkratryggingum	668
— Vegna hækkunar á lífeyristryggingum	421
— Vegna hækkunar á niðurgreiðslum	560
— Vegna hækkunar á vaxtakostnaði ríkissjóðs	1.700
— Vegna hækkunar á öðrum útgjaldaliðum	320
Samtals	5.339

Alls nema því veittar og áformaðar fjárheimildir um 5.850 m.kr.

			Útgefnar fjárheimildir 1. janúar — 30. september 1988	Þús. kr.
00			**Æðsta stjórn ríkisins**	**3.447**
	101	501	Embætti forseta Íslands, viðhald fasteigna Umhverfisbætur að Bessastöðum	3.447
01			**Forsætisráðuneyti**	**11.700**
	101	101	Aðalskrifstofa Styrkur til Slysavarnafélags Íslands	1.000
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna vanmetins kostnaðar við samanburðarkönnun á kjörum karla og kvenna	1.500
	101	101	Aðalskrifstofa Greiðsla á samanburðarkönnun á kjörum kvenna og karla	2.500
	101	130	Öryggismálanefnd Vegna rekstrarerfiðleika ársins 1988	1.700
	101	160	Aðalskrifstofa, Rauðakrosshúsið, styrkur Styrkur til Rauðakrosshússins vegna starfsemi gegn ávana- og fíkniefnum	5.000
02			**Menntamálaráðuneyti**	**65.308**
	201	116	Háskóli Íslands, heimspekideild Vegna kennarastöðu í rússnesku	300
	201	118	Háskóli Íslands, félagsvísindadeild Breyting á stöðu vegna þjóðfræðikennslu	380
	302	102	Menntaskólinn á Akureyri, annað en kennsla Styrkur vegna Norðurlandamóts framhaldsskóla í skák	250
	354	610	Fjölbrautaskóli Vesturlands, húsakaup Kaup á húsnæði fyrir fatasaum	1.110
	359	601	Verkmenntaskóli á Akureyri Vegna nýbyggingar	16.000
	610	590	Héraðsskólar almennt Vegna lagfæringa á skólamannvirkjum að Reykholti	6.600
	730	690	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl. Greiðsla á 65% af eignarhluta Grýtubakkahrepps í Stórutjarnaskóla	2.500
	902	101	Þjóðminjasafn Íslands Húsaleigukostnaður vegna geymsluhúsnæðis	750
	903	101	Þjóðskjalasafn Íslands Laun séra Kolbeins Þorleifssonar	830
	971	101	Ríkisútvarpið, hljóðvarp Til greiðslu söluskatts sem lagður var á menningarsjóðsgjald	17.000
	982	121	Leikfélag Akureyrar Hækkun framlags samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og Akureyrarbæjar	1.720
	982	133	Íslensk tónverkamiðstöð Aukið framlag 1988	2.300
	982	137	Tónlistarstarfsemi, styrkir Styrkur til Íslensku hljómsveitarinnar	1.000
	982	175	Lista- og menningarmál, ýmis Listahátíð, trygging verka Chagalls	316
	986	620	Íþróttasjóður Byggingarstyrkur til íþróttafélagsins Gerplu	1.752
	989	111	Ólympíunefnd Íslands Styrkur til Ólympíunefndar Íslands	2.000
	989	115	Íþróttastarfsemi, almenn Vegna byggingar nýrrar skíðalyftu, Siglufirði	3.000
	989	115	Íþróttastarfsemi, almenn Styrkur til íþróttafélagsins Þórs í Vestmannaeyjum vegna þjóðhátíðar	2.500
	989	115	Íþróttastarfsemi, almenn Vegna framkvæmda íþróttafélagsins Fram	1.600
	989	123	Skákmót, styrkir Framlag til Jóhanns Hjartarsonar vegna áskorandaeinvígis við Kortsnoj	500

			Þús. kr.
999	198	Félög, styrkir	
		Styrkur vegna plötuútgáfu Pólýfónkórsins	200
999	198	Félög, styrkir	
		Styrkur til Pólýfónkórsins	700
999	631	Geysir í Haukadal, umhverfisbætur	
		Vegna lagfæringa innan girðingar á hverasvæðinu í Haukadal	2.000
03		**Utanríkisráðuneyti**	**41.990**
101	101	Aðalskrifstofa	
		Til greiðslu á kostnaði vegna nefndar um stefnumörkun gagnvart EB	1.000
101	101	Aðalskrifstofa	
		Vegna rekstrarhalla frá árinu 1987	10.000
101	150	Viðskiptaskrifstofa	
		Laun lausráðins sendiráðsritara á viðskiptaskrifstofu til áramóta	690
101	160	Rannsóknir á Hatton-Rockall svæðinu	
		Hluti Íslands í kostnaði við rannsóknir á Hatton-Rockall svæðinu	21.800
102	601	Varnarmálaskrifstofa	
		Framkvæmdir vegna gerðar vatnsbóls fyrir Njarðvík	5.000
310	101	Sendiráð í Brussel	
		Fjárveiting til kaupa á tölvubúnaði fyrir sendiráðið	500
390	101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	
		Viðbótarútgjöld vegna gengisfellinga	2.000
399	180	Matvæla- og neyðaraðstoð	
		Framlag vegna hjálparstarfs í Eþíópíu, ónotuð fjárveiting frá 1986	1.000
04		**Landbúnaðarráðuneyti**	**12.400**
235	660	Landgræðsla ríkisins, vélar og tæki	
		Vegna kaupa á flugvél til áburðardreifingar	5.400
247	690	Dýralæknisbústaðir, óskipt	
		Kaup á dýralæknisbústað á Húsavík	6.000
247	690	Dýralæknisbústaðir, óskipt	
		Vegna kaupa á dýralæknisbústað á Húsavík	1.000
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**2.740**
206	125	Lögregluskóli	
		Aukin rekstrargjöld	800
206	622	Lögreglustöð í Mosfellsbæ	
		Innrétting á aðstöðu fyrir lögreglu í Mosfellsbæ	640
239	101	Fangelsismálastofnun	
		Vegna undirbúnings að starfrækslu stofnunarinnar	300
253	101	Almannavarnir ríkisins	
		Kostnaður vegna flutnings skrifstofu almannavarna að Laugavegi 118d	1.000
07		**Félagsmálaráðuneyti**	**76.561**
101	101	Aðalskrifstofa	
		Kostnaður vegna nefndar um úttekt á almenna húsnæðislánakerfinu	756
101	101	Aðalskrifstofa	
		Námskeið fyrir konur sem hefja vilja störf á vinnumarkaðnum	250
700	104	Málefni fatlaðra, kostnaður skv. 10. gr.	
		Greiðslur á kostnaði vegna 10. gr. laga laga um málefni fatlaðra	10.000
701		Málefni fatlaðra, Reykjavík	
		Blindravinnustofan vegna rekstrarhalla	1.000
701	130	Vinnustofan Ás	
		Rekstrarerfiðleikar Styrktarfélags vangefinna, laun fatlaðra á vinnustofunni Ás	1.860
701	133	Körfugerð Blindrafélagsins	
		Greiðsla vegna rekstrarhalla	470
706	130	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	
		Rekstrarhalli síðustu ára, uppgjör	300
706	140	Leikfangasafn, Akureyri	
		Uppgjör vegna rekstrarhalla	70

			Þús. kr.
706	170	Vistheimilið Sólborg	
		Uppgjör rekstrarhalla	580
708	171	Sólheimar	
		Vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika stofnunarinnar	3.000
999	140	Kvennaathvarf í Reykjavík	
		Styrkur vegna rekstrarerfiðleika 1988	1.000
999	150	Vextir á orlofsfé	
		Greiðsla vaxta á orlofsfé í Póstgíróstofu	16.275
999	190	Ýmis framlög	
		Framlag í Jöfnunarsjóð samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	40.000
999	190	Ýmis framlög	
		Greiðsla kostnaðar vegna könnunar á burðarþoli bygginga	1.000
08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**238.800**
101	101	Aðalskrifstofa	
		Kostnaður vegna þáttagerða og fræðslustarfsemi um heilbrigðismál	500
101	101	Aðalskrifstofa	
		Vegna halla frá fyrra ári og nefndakostnaðar	6.000
101	101	Aðalskrifstofa	
		Kostnaður við verkefni sem snýr að samræmingu bókhalds sjúkrahúsa	2.000
271	120	Tryggingastofnun ríkisins	
		Lokauppgjör á rekstrarhalla fyrri ára	5.700
301	102	Lækningaferðir sérfræðinga	
		Vegna íslensk-kanadískra rannsókna á hjarta- og æðasjúkdómum	600
324	101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	
		Vegna aukinna útgjalda við kaup á hjálpartækjum	3.000
325	101	Hollustuvernd ríkisins	
		Greiðsla vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1987	4.000
356	101	Sjúkrahúsið, Sauðárkróki	
		Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	7.300
358	101	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	
		Tjónagreiðsla	8.700
358	101	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	
		Uppgjör á halla ársins 1988	30.000
359	101	Sjúkrahúsið, Húsavík	
		Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	7.000
360	101	Sjúkrahús Seyðisfjarðar	
		Vegna greiðsluhalla 1987	3.000
361	101	Fjórðungssjúkrahúsið, Neskaupstað	
		Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	7.500
365	101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	
		Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	9.500
371	110	Ríkisspítalar, legu-, svæfinga- og gjörgæsludeild	
		Laun lausráðins aðstoðarlæknis á lyfjadeild	1.000
371	680	Ármúli 1a	
		Kaup á tækjum og innréttingum til rannsóknastofu í veirufræði	10.000
372	101	Borgarspítalinn	
		Rekstrarhalli ársins 1987	17.000
373	101	St. Jósefsspítali, Landakoti	
		Framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarskuldum spítalans	75.000
373	101	St. Jósefsspítali, Landakoti	
		Vegna rekstrarerfiðleika	25.000
381	690	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða	
		Greiðsla vegna byggingarskulda við Sjúkrahús Keflavíkur	6.000
09		**Fjármálaráðuneyti**	**2.900**
101	101	Hið almenna ráðuneyti	
		Húsgagnakaup vegna flutnings tekjudeildar í Sambandshúsið	2.900

				Þús. kr.
10			**Samgönguráðuneyti**	**22.100**
	342	101	Rannsóknanefnd sjóslysa	
			Vegna rekstrarhalla nefndarinnar 1987	1.800
	485	120	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	
			Uppgjör vegna ársins 1987	2.000
	656	101	Landmælingar Íslands	
			Vegna kortagerðar af Íslandi í samvinnu við „Defence Mapping Agency"	9.000
	656	101	Landmælingar Íslands	
			Vegna rekstrarhalla 1987	9.300
11			**Iðnaðarráðuneyti**	**33.900**
	201	101	Iðntæknistofnun Íslands	
			Vegna endurâætlunar á útgjöldum	4.000
	201	101	Iðntæknistofnun Íslands	
			Vegna endurâætlunar útgjalda	6.000
	201	101	Iðntæknistofnun Íslands	
			Greiðsla vegna endurâætlunar gjalda 1988	1.500
	299	114	Iðja og iðnaður, framlög	
			Framlag ríkissjóðs vegna starfsmenntunar í matvælaiðnaði	15.000
	399	119	Önnur orkumál	
			Vegna úrbóta í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu	7.400
12			**Viðskiptaráðuneyti**	**4.900**
	101	101	Aðalskrifstofa	
			Tilfærsla til Neytendasamtakanna vegna herts verðlagseftirlits	900
	901	101	Verðlagsstofnun	
			Aukinn kostnaður stofnunarinnar við framkvæmd verðstöðvunarlaga	2.000
	902	101	Verðlagsstofnun	
			Greiðsla vegna sérstaks verðkönnunarátaks	2.000
13			**Hagstofa Íslands**	**4.600**
	101	101	Aðalskrifstofa	
			Vegna leiðréttinga á launa- og leigukostnaði	2.500
	101	101	Aðalskrifstofa	
			Vegna endurgerðra húsaleigusamninga	2.100
			Samtals öll ráðuneyti	511.346

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð
A- og B-hluti

A

	Bls.
Aðallögreglustöð, lögreglustjórinn í Reykjavík	294
Aðallögreglustöð, stofnkostnaðarfé, lögreglustjórinn í Reykjavík	295
Aðallögreglustöð, viðhald, lögreglustjórinn í Reykjavík	294
Aðalskipulag, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	220
Aðgerðir gegn fíkniefnum	311
Aðrir tónlistarskólar	244
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	274
Afgreiðsludeild, Námsgagnastofnun	238
Aflaskýrslur, Hafrannsóknastofnun	288
Almannavarnir ríkisins	309
Almenn landgræðsla, Landgræðsla ríkisins	279
Almenn löggæsla, lögreglustjórinn í Reykjavík	294
Almennur rekstur, Skógrækt ríkisins	279
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	274
Alþjóðaflugþjónusta, Flugmálastjórn	360
Alþjóðagerðardómurinn í Haag	275
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	275
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	274
Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	275
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	275
Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	275
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	275
Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	275
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	274
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	275
Alþjóðaráð Rauða krossins	274
Alþjóðaráðstefnur, utanríkisráðuneyti	268
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	275
Alþjóðasamband um byggingaskipulag	275
Alþjóðasamvinna, Veðurstofa Íslands	362
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	275
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	275
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	366
Alþjóðastofnanir	274
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	275
Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	275
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	275
Alþjóðaþingmannasamtökin	215

Bls.
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni 264
Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands 288
Alþýðuleikhúsið 263
Alþýðuskólinn Eiðum 247
Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu 267
Annar skiparekstur, Hafrannsóknastofnun 288
Arnarhvoll (B-hluti) 398
Atlantshafsbandalagið, NATO 275
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti) 395
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag 328
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina 219
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina (B-hluti) 375

Á

Áburðarverksmiðja ríkisins (B-hluti) 386
Áfanga- og fagstjórn, grunnskólar, almennt 252
Áfengis- og fíkniefnamál 312
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti) 397
Áfengisvarnir 344
Ármúli 1a, ríkisspítalar 337
Átak í áfengisvörnum 344

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 263
Bandalag íslenskra listamanna 263
Bandalag íslenskra skáta 265
Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns 265
Barnaverndarráð Íslands 254
Bernarsambandið 275
Bifreiðakaup o.fl., lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 269
Bifreiðakaup, Ríkismat sjávarafurða 289
Bifreiðar o.fl., lögreglustjórinn í Reykjavík 295
Bindindisstarfsemi 344
Biskup Íslands 313
Biskupsbústaður 313
Bjargráðasjóður Íslands (B-hluti) 394
Blindrabókasafn Íslands 260
Borgardómarinn í Reykjavík 293
Borgarfógetinn í Reykjavík 294
Borgarspítalinn 337
Borgartún 7 (B-hluti) 399

Bls.
Bóka- og skjalasafn, Veðurstofa Íslands 362
Bókakaup o.fl., Landsbókasafn Íslands 257
Bókaútgáfa, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 223
Bókhaldskerfi ríkisins 356
Bóknámshús og frágangur lóðar, Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 235
Bóknámshús, verklok, Menntaskólinn á Ísafirði 229
Breyting á húsnæði, Menntaskólinn við Hamrahlíð 228
Bréfaskólinn, fullorðinsfræðsla 257
Bridgesamband Íslands 266
Brunamálastofnun ríkisins 324
Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973 284
Búnaðarfélag Íslands 278
Búnaður deilda og útibúa, Hafrannsóknastofnun 288
Búnaður í r/s Árna Friðriksson, Hafrannsóknastofnun 288
Búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun 288
Búnaður í r/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun 288
Búnaður, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 237
Búnaður, Ríkisbókhald 347
Búnaður, Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 313
Búrekstur, Bændaskólinn á Hvanneyri 285
Búrekstur, Landgræðsla ríkisins 279
Byggða- og minjasöfn 266
Byggðastofnun, framlag 219
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl. 253
Bygging íþróttamannvirkja, Íþróttasjóður 265
Bygging ríkisfangelsa 312
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 338
Bygging snyrtiaðstöðu, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 220
Byggingaeftirlit, Húsameistari ríkisins 219
Byggingar á prestssetrum 314
Byggingarframkvæmdir og tækjakaup, Háskóli Íslands 222
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 226
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna (B-hluti) 377
Byggingarsjóður ríkisins 316
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 393
Byggingarsjóður verkamanna 317
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 393
Bæjarfógeti Akranesi 296
Bæjarfógeti Bolungarvík 298
Bæjarfógeti Kópavogi 306
Bæjarfógeti Neskaupstað 302
Bæjarfógeti Ólafsfirði 301
Bæjarfógeti Siglufirði 300
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum 305
Bændaskólinn á Hólum 285
Bændaskólinn á Hvanneyri 285

C

Bls.
CCC, Tollasamvinnuráðið ... 275
Cornellháskóli ... 267

D

Daggjaldanefnd ... 340
Dagvist forskólabarna, skólar fyrir þroskaheft börn ... 254
Dagvist, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Dagvistarheimili, stofnkostnaður ... 255
Dagvistun Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 320
Dagvistun Bjarkarási, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Dagvistun Keflavík, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Dagvistun Lyngási, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Dagvistun Lækjarási, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Dómkröfur og málskostnaður ... 356
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 292
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti (B-hluti) ... 391
Dómsmál, ýmis starfsemi ... 311
Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum ... 307
Dýralæknir fisksjúkdóma ... 281
Dýralæknir loðdýra ... 281
Dýralæknisbústaðir, viðhaldsfé ... 281

E

Eðlisfræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu ... 275
Efnafræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Efnahags- og framfarastofnunin, OECD ... 275
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 328
Eftirlit á vegum, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 294
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum ... 291
Eftirlit með vínveitingahúsum, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 294
Eftirlit og eftirlitsferðir, Yfirdýralæknir ... 281
Eftirlit við Mývatn og Laxá, Náttúruverndarráð ... 260
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO ... 275
Eignakaup, Fasteignamat ríkisins ... 353
Eignakaup, Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ... 354
Eignakaup, Háskóli á Akureyri ... 225
Eignakaup, Vinnuhælið Litla-Hrauni ... 308
Einangrunarstöð í Hrísey ... 282
Einangrunarstöð í Hrísey (B-hluti) ... 388
Eiturefnaeftirlit, Hollustuvernd ríkisins ... 329
Eiturefnanefnd ... 340

Bls.
Eldvarnir, Sjómannaskólahúsið ... 245
Embætti forseta Íslands ... 215
Embættisbústaðir, prestaköll og prófastsdæmi ... 314
Endurbætur og búnaður, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 327
Endurbætur og hönnun, Menntaskólinn við Sund ... 228
Endurbætur og tækjakaup, Kennaraháskóli Íslands ... 231
Endurbætur, Fjölbrautaskólinn á Akranesi ... 234
Endurbætur, Flensborgarskóli, fjölbraut ... 233
Endurbætur, Heyrnleysingjaskólinn ... 254
Endurbætur, Menntaskólinn á Akureyri ... 227
Endurbætur, Menntaskólinn á Laugarvatni ... 227
Endurbætur, Menntaskólinn í Reykjavík ... 226
Endurbætur, Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 228
Endurbætur, Þjóðminjasafn Íslands ... 258
Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði ... 283
Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds ... 283
Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt ... 283
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands ... 331
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra ... 331
Endurmenntun sálfræðinga, grunnskólar, almennt ... 252
Endurmenntun, Kennaraháskóli Íslands ... 231
Endurnýjun á þaki, Kvennaskólinn í Reykjavík ... 230
Endurnýjun innanhúss, Vinnuhælið Litla-Hrauni ... 308
Erlend samskipti, Rannsóknaráð ríkisins ... 225
Evreka ... 267
Evreka ... 366
Evrópska lyfjaskráin ... 340
Evrópuráðið ... 275

F

FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna ... 274
Fangahjálp ... 312
Fangaklefar, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 294
Fangamál, ýmis kostnaður ... 312
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu ... 308
Fangelsið Kópavogsbraut ... 308
Fangelsið Síðumúla ... 308
Fangelsismálastofnun ... 307
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf ... 273
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu ... 273
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York ... 272
Fasteign, búnaður, bæjarfógeti Kópavogi ... 306
Fasteign, Kennaraháskóli Íslands ... 231
Fasteign, Sjómannaskólahúsið ... 245
Fasteign, Skálholtsskóli ... 249
Fasteign, sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði ... 306

Bls.
Fasteignamat ríkisins ... 353
Fasteignir og lóðir, Bændaskólinn á Hvanneyri ... 285
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) ... 399
Fasteignir, Alþingi ... 216
Fasteignir, Bændaskólinn á Hólum ... 285
Fasteignir, Bændaskólinn á Hvanneyri ... 285
Fasteignir, gróðurhús, Garðyrkjuskóli ríkisins ... 286
Fasteignir, óskipt, Garðyrkjuskóli ríkisins ... 286
Fasteignir, Skógrækt ríkisins ... 279
Fasteignir, sýslumenn og bæjarfógetar ... 296
Fálkaorðan, embætti forseta Íslands ... 215
Ferðaleikhúsið ... 264
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 ... 361
Ferðamálaráð ... 361
Ferjubryggjur ... 359
Félagasamtök, styrkir, félagsmálaráðuneyti ... 326
Félagsdómur ... 325
Félagsheimilasjóður ... 265
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 326
Félagsmálaráðuneyti ... 316
Félagsmálaráðuneyti (B-hluti) ... 393
Félagsstofnun stúdenta ... 256
Félagsvísindadeild, Háskóli Íslands ... 221
Félög, styrkir, menntamálaráðuneyti ... 267
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt, Skógrækt ríkisins ... 279
Fiskifélag Íslands ... 287
Fiskimálasjóður (B-hluti) ... 389
Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu ... 290
Fiskvinnsluskólinn ... 242
Fíkniefnamál ... 312
Fjallvegir, Vegagerð ríkisins ... 357
Fjarkennsla, Háskóli Íslands ... 221
Fjarskiptabúnaður o.fl., lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli ... 269
Fjárlaga- og hagsýslustofnun ... 372
Fjármálaráðuneyti ... 346
Fjármálaráðuneyti (B-hluti) ... 397
Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti ... 346
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 333
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði ... 332
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað ... 334
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 234
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 233
Fjölbrautaskólinn á Akranesi ... 234
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki ... 235
Fjölbrautaskólinn á Selfossi ... 235
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 232
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 237
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4, skólar fyrir þroskaheft börn ... 253

Bls.
Flensborgarskóli, fjölbraut ... 233
Flóabátar og vöruflutningar ... 358
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR ... 274
Flugbjörgunarsveitir ... 361
Fluggæsla, Landhelgisgæsla Íslands ... 309
Flugleiðsöguþjónusta, Flugmálastjórn ... 360
Flugmálastjórn ... 360
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) ... 382
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging (B-hluti) ... 383
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur (B-hluti) ... 383
Flugumferðarþjónusta, Flugmálastjórn ... 360
Flugvalladeild, Flugmálastjórn ... 360
Flugvellir, framkvæmdir, Flugmálastjórn ... 360
Forskólakennsla í grunnskólum ... 252
Forsætisráðuneyti ... 218
Forsætisráðuneyti (B-hluti) ... 375
Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti (B-hluti) ... 387
Fóðuriðjan Ólafsdal (B-hluti) ... 387
Fósturskóli Íslands ... 243
Framhaldsdeildir í grunnskólum ... 252
Framhaldsskólar, almennt ... 230
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 233
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 237
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 235
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ... 354
Framkvæmdasjóður aldraða ... 339
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 324
Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs ... 328
Framlag til ullariðnaðar ... 366
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 284
Framleiðsludeild, Námsgagnastofnun ... 238
Friðlýsingarsjóður, Náttúruverndarráð ... 260
Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit, Náttúruverndarráð ... 260
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) ... 382
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA ... 275
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna ... 361
Fræðslumyndasafn, Námsgagnastofnun ... 238
Fræðslustarfsemi, Náttúruverndarráð ... 260
Fullorðinsfræðsla ... 257
Fulltrúi í Brussel, Varnarmálaskrifstofa ... 268

G

GATT ... 275
Garðyrkjuskóli ríkisins ... 286
Geðdeild, ríkisspítalar ... 336
Geislavarnir ríkisins ... 330

Bls.
Geysir í Haukadal ... 267
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands ... 331
Gistiheimili Kópavogi, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun ... 311
Gjaldheimtan í Reykjavík ... 352
Gjöf Jóns Sigurðssonar ... 218
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 323
Grunnskólar, Austurlandi ... 251
Grunnskólar, almennt ... 252
Grunnskólar, Norðurlandi eystra ... 251
Grunnskólar, Norðurlandi vestra ... 251
Grunnskólar, óskipt ... 252
Grunnskólar, Reykjanesi ... 250
Grunnskólar, Reykjavík ... 249
Grunnskólar, Suðurlandi ... 252
Grunnskólar, Vestfjörðum ... 250
Grunnskólar, Vesturlandi ... 250
Guðfræðideild, Háskóli Íslands ... 221
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP ... 275
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs ... 275
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa ... 275
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL ... 275
Gæsluvistarsjóður (B-hluti) ... 396
Gæsluvistarsjóður, framlag ... 344

H

Hafísrannsóknir, Veðurstofa Íslands ... 362
Hafnabótasjóður (B-hluti) ... 402
Hafnabótasjóður, framlag ... 359
Hafnamál ... 359
Hafnarannsóknir og mælingar ... 359
Hafnarmannvirki og lendingarbætur ... 359
Hafrannsóknastofnun ... 287
Hagræðingarverkefni, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa ... 372
Hagstofa Íslands ... 371
Hallgrímskirkja ... 314
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) ... 376
Hálendisathuganir, Veðurstofa Íslands ... 362
Háskólabíó (B-hluti) ... 377
Háskólabókasafn, Háskóli Íslands ... 221
Háskóli á Akureyri ... 225
Háskóli Íslands ... 221
Háskóli Sameinuðu þjóðanna ... 274
Hegningarhúsið í Reykjavík ... 308
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis ... 263
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 327

Bls.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (B-hluti) ... 395
Heilbrigðiseftirlit ... 329
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi ... 340
Heilsugæsla í Garðabæ ... 338
Heilsugæslustöðvar ... 339
Heilsuverndarstöðvar, styrkur ... 338
Heimavist, Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki ... 235
Heimavist, Verkmenntaskóli Austurlands ... 236
Heimilisiðnaðarskólinn ... 257
Heimspekideild, Háskóli Íslands ... 221
Helgarskammtímavist, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 329
Heyrnleysingjaskólinn ... 254
Héraðsdýralæknar ... 281
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi ... 332
Héraðsskólar almennt ... 249
Héraðsskólinn Laugarvatni ... 248
Héraðsskólinn Laugum ... 248
Héraðsskólinn Núpi ... 246
Héraðsskólinn Reykholti ... 246
Héraðsskólinn Reykjanesi ... 247
Héraðsskólinn Reykjum ... 247
Héraðsskólinn Skógum ... 248
Hið íslenska fornleifafélag ... 266
Hjartavernd ... 340
Hjartavernd, Mónica-rannsóknir ... 340
Hjúkrunarheimili / vistheimili, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur ... 267
Hollustuvernd ríkisins ... 329
Hóladómkirkja ... 314
Hótel, framlög ... 361
Hótel- og veitingaskóli Íslands ... 242
Hrafnseyri ... 218
Hrafnseyri, forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 218
Hreppstjórar, sýslumaður Blönduósi ... 299
Hreppstjórar, sýslumaður Borgarnesi ... 297
Hreppstjórar, sýslumaður Búðardal ... 297
Hreppstjórar, sýslumaður Hólmavík ... 299
Hreppstjórar, sýslumaður Hvolsvelli ... 304
Hreppstjórar, sýslumaður Höfn í Hornafirði ... 303
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri ... 301
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði ... 303
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði ... 306
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík ... 302
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði ... 299
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík ... 305
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki ... 300
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi ... 305

Bls.
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði ... 302
Hreppstjórar, sýslumaður Patreksfirði ... 298
Hreppstjórar, sýslumaður Stykkishólmi ... 297
Hreppstjórar, sýslumaður Vík í Mýrdal ... 304
Hundrað ára afmæli, framlag, Bændaskólinn á Hvanneyri ... 285
Hús Jóns Sigurðssonar ... 215
Hús Jóns Sigurðssonar, Alþingi ... 216
Húsameistari ríkisins ... 219
Húseign við Suðurgötu, Þjóðminjasafn Íslands ... 257
Húsfriðun ... 266
Húsfriðunarsjóður ... 266
Húsmæðraskólinn Löngumýri, ýmis kirkjuleg málefni ... 314
Hússtjórnarskólar ... 243
Hvalarannsóknir, Hafrannsóknastofnun ... 288
Hæstiréttur ... 217
Hæstiréttur ... 292
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi, grunnskólar, almennt ... 252
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga ... 263

I

IAEA, Alþjóðakjarnorkumálastofnunin ... 275
ICES, ICNAF, NEAFC, alþjóðahafrannsóknir ... 275
Iðja og iðnaður, framlög ... 366
Iðjulundur, verndaður vinnustaður ... 322
Iðnaðarrannsóknir ... 365
Iðnaðarráðuneyti ... 364
Iðnaðarráðuneyti (B-hluti) ... 404
Iðnfræðsluráð ... 239
Iðnnám, almennt ... 241
Iðnráðgjafar ... 366
Iðnsaga Íslands ... 267
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 241
Iðnskólinn í Reykjavík ... 240
Iðntæknistofnun Íslands ... 364
Iðnþróun og markaðsmál, Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 364
Iðnþróun og tækninýjungar ... 366
Iðnþróunarverkefni ... 366
IEFR, Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn ... 274
IGU, Alþjóðalandfræðisambandið ... 275
IHB, Alþjóðasjómælingastofnunin ... 275
ILO, Alþjóðavinnumálastofnunin ... 275
IMCO, Alþjóðasiglingamálastofnunin ... 275
INTERPOL, Alþjóðasamband sakamálalögreglu ... 275
Innkaupastofnun ríkisins (B-hluti) ... 398
Innrétting á húsnæði, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 237
Innrétting húsnæðis, Námsgagnastofnun ... 238

Bls.
Innrétting lögreglustöðvar, bæjarfógeti Akranesi ... 296
Innréttingar o.fl., sýslumaður Vík í Mýrdal ... 304
Innréttingar, Hótel- og veitingaskóli Íslands ... 242
Innréttingar, Náttúrufræðistofnun Íslands ... 225
Innréttingar, Þjóðskjalasafn Íslands ... 258
IUGS, Alþjóðajarðfræðisambandið ... 275
IWC, Alþjóðahvalveiðiráðið ... 275

Í

Íslensk málstöð ... 224
Íslensk tónverkamiðstöð ... 263
Íslenska hljómsveitin ... 263
Íslenska óperan ... 263
Íslenski dansflokkurinn ... 263
Íslenskir ungtemplarar ... 265
Íslenskukennsla erlendis, óskipt ... 256
Íþróttahús, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 232
Íþróttakennaraskóli Íslands ... 232
Íþróttakennsla, Háskóli Íslands ... 221
Íþróttamál fatlaðra ... 266
Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar ... 266
Íþróttasamband Íslands ... 266
Íþróttasjóður ... 265
Íþróttastarfsemi, almenn ... 266

J

Jafnréttisráð ... 324
Jarðasjóður ... 277
Jarðasjóður (B-hluti) ... 385
Jarðeðlisfræðideild, Veðurstofa Íslands ... 362
Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Jarðeðlisfræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Jarðeignir ríkisins (B-hluti) ... 385
Jarðeignir ríkisins, framlög ... 277
Jarðfræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Jarðræktarframlög o.fl. ... 283
Jarðræktarlög, framlög ... 283
Jöfnun á námskostnaði ... 256
Jöfnunargjald í iðnaði ... 365

Bls.

K

Kaup á eignum, prestaköll og prófastsdæmi 314
Keldnaholt, rekstur, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 291
Keldnaholt, viðhald, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 291
Kennaraháskóli Íslands 231
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala 252
Kennsluhúsnæði og frágangur lóðar, Verkmenntaskóli Austurlands 236
Kennsluhúsnæði, Fjölbrautaskólinn á Selfossi 236
Kennsluhúsnæði, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 235
Kennsluhúsnæði, Menntaskólinn á Egilsstöðum 229
Kennslumiðstöð, Námsgagnastofnun 238
Kennslutæki, Íþróttakennaraskóli Íslands 232
Kennslutæki, Stýrimannaskólinn í Reykjavík 240
Kennslutæki, Tækniskóli Íslands 239
Kirkjubyggingasjóður 315
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti) 391
Kirkjugarðaeftirlit 314
Kirkjugarðasjóður (B-hluti) 391
Kjararannsóknir 356
Kjarasamningar 356
Kjörræðismenn 268
Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra 318
Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra 318
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 340
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 340
Krabbameinsfélag Íslands 340
Kristnisjóður 315
Kristnisjóður (B-hluti) 392
Kvartananefnd, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 340
Kvenfélagasamband Íslands 267
Kvennaathvarf í Reykjavík 326
Kvennaskólinn í Reykjavík 230
Kvennasögusafn 264
Kvikmyndasafn Íslands 260
Kvikmyndasjóður 263
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning, utanríkisráðuneyti 268
Kynning á íslenskri list erlendis 263
Kynsjúkdómar, eyðni 340

L

Lagadeild, Háskóli Íslands 221
Lambhagi, málefni fatlaðra, Suðurlandi 323
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur 267
Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi 284
Landbúnaðarráðuneyti 277

Bls.
Landbúnaðarráðuneyti (B-hluti) 385
Landgræðsla ríkisins 279
Landgræðslu- og landverndaráætlun 282
Landgræðsluáætlanir, ýmis starfsemi 282
Landgræðsluáætlun RALA 282
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins 282
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins 282
Landgræðslusjóður 282
Landgræðslusjóður, Skógrækt ríkisins 279
Landhelgisgæsla Íslands 309
Landlæknir 328
Landmælingar Íslands 362
Landsbókasafn Íslands 257
Landshafnir, endurgreiðslur lána 359
Landshöfn Keflavík-Njarðvík (B-hluti) 403
Landshöfn Rifi (B-hluti) 403
Landshöfn Þorlákshöfn (B-hluti) 402
Landssamband hjálparsveita skáta 267
Laugavegur 118d 355
Launa- og verðlagsmál 355
Launasjóður rithöfunda 263
Launaskrifstofa ríkisins 346
Laxeldisstöðin í Kollafirði 281
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 388
Lán til jarðhitaleitar, Orkusjóður 367
Lánagreiðslur, framlög, Orkusjóður 367
Lánasjóður íslenskra námsmanna 255
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 378
Legudeildir, sværfinga- og gjörgæsludeild, ríkisspítalar 336
Leikbrúðuland 264
Leikfangasafn Akureyri 322
Leikfangasafn Blönduósi 321
Leikfangasafn Borgarnesi 320
Leikfangasafn Keflavík 320
Leikfangasafn Sauðárkróki 321
Leikfangasafn Siglufirði 321
Leikfangasafn Vestmannaeyjum 323
Leikfangasafn, málefni fatlaðra, Austurlandi 322
Leikfélag Akureyrar 263
Leikfélag Reykjavíkur 263
Leiklistarráð 263
Leiklistarskóli Íslands 244
Leiklistarstarfsemi 263
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla 256
Lektorsstaða við Lundúnaháskóla 256
Lista- og menningarmál, ýmis 263
Listahátíð 264
Listamannalaun 263

Bls.
Listasafn ASÍ ... 263
Listasafn Ásgríms Jónssonar ... 259
Listasafn Einars Jónssonar ... 259
Listasafn Íslands ... 259
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 263
Listasöfn, styrkir ... 263
Listaverkakaup, Listasafn Íslands ... 259
Listir, framlög ... 263
Listkynning, styrkir ... 263
Listskreytingasjóður ... 262
Lífeyrissjóðir sjómanna ... 356
Lífeyrissjóður bænda ... 356
Lífeyrissjóður bænda ... 369
Lífeyristryggingar, Tryggingastofnun ríkisins ... 327
Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni ... 220
Ljósmæðralaun ... 340
Ljósmæðraskóli Íslands ... 344
Ljósprentun Hæstaréttardóma ... 292
Loftferðaeftirlit, Flugmálastjórn ... 360
Lóð og tækjakaup, Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands ... 231
Lóðaframkvæmdir, Fósturskóli Íslands ... 243
Lúðueldi á Reykjanesi, Hafrannsóknastofnun ... 288
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) ... 376
Lyfjaeftirlit ríkisins ... 340
Lyfjafræði lyfsala, Háskóli Íslands ... 221
Lyfjamál ... 340
Lyfjanefnd ... 340
Lyfjatæknaskóli Íslands ... 344
Lyfjaverðlagsnefnd ... 340
Lyfjaverslun ríkisins (B-hluti) ... 397
Lyfsölusjóður ... 340
Læknadeild, Háskóli Íslands ... 221
Læknaráð ... 328
Lækningaferðir sérfræðinga ... 328
Læknishéraðasjóður ... 338
Læknishéraðasjóður (B-hluti) ... 396
Lögberg-Heimskringla ... 274
Lögbirtingablað (B-hluti) ... 391
Löggildingarstofan ... 310
Löggæsla Akureyri ... 301
Löggæsla Dalvík ... 301
Löggæsla Egilsstöðum ... 303
Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði ... 303
Löggæsla Fáskrúðsfirði ... 303
Löggæsla Grindavík ... 305
Löggæsla Grundarfirði ... 297
Löggæsla Hafnarfirði ... 306
Löggæsla Húsavík ... 302

Bls.
Löggæsla Keflavík og Njarðvík 305
Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi 297
Löggæsla Raufarhöfn 302
Löggæsla Seyðisfirði 302
Löggæsla Stykkishólmi 297
Löggæsla Suðurfjörðum 303
Löggæsla Vopnafirði 302
Löggæsla Þórshöfn 302
Löggæsla, bæjarfógeti Akranesi 296
Löggæsla, bæjarfógeti Bolungarvík 298
Löggæsla, bæjarfógeti Kópavogi 306
Löggæsla, bæjarfógeti Neskaupstað 302
Löggæsla, bæjarfógeti Ólafsfirði 301
Löggæsla, bæjarfógeti Siglufirði 300
Löggæsla, bæjarfógeti Vestmannaeyjum 305
Löggæsla, sýslumaður Blönduósi 299
Löggæsla, sýslumaður Borgarnesi 297
Löggæsla, sýslumaður Búðardal 297
Löggæsla, sýslumaður Hólmavík 299
Löggæsla, sýslumaður Hvolsvelli 304
Löggæsla, sýslumaður Höfn í Hornafirði 303
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 299
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 300
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 305
Löggæsla, sýslumaður Patreksfirði 298
Löggæsla, sýslumaður Vík í Mýrdal 304
Lögreglubifreiðir 311
Lögregluskóli ríkisins 295
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 269
Lögreglustjórinn í Reykjavík 294
Lögreglustöð Egilsstöðum 303
Lögreglustöð Grindavík 306
Lögreglustöð, bæjarfógeti Neskaupstað 303
Lögreglustöð, sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 305

M

Manitobaháskóli 267
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 275
Mannfræðistofnun, Háskóli Íslands 221
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 367
Mat á landbúnaðarafurðum 280
Matsnefnd eignarnámsbóta 311
Matsnefnd vínveitingahúsa 312
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 274
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 274
Málefni fatlaðra 318

Bls.
Málefni fatlaðra, Austurlandi ... 322
Málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 331
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 322
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 321
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 323
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 321
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 320
Málskostnaður, dómsmál, ýmis starfsemi ... 311
Meðdómsmenn, dómsmál, ýmis starfsemi ... 311
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 323
Meðferðarheimili fyrir þroskahefta, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Meðferðarheimili Torfastöðum ... 254
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga ... 326
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981 ... 326
Mengunarvarnartæki o.fl. ... 360
Mengunarvarnir, Hollustuvernd ríkisins ... 329
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ... 275
Menningarsamskipti við Færeyinga ... 264
Menningarsjóður (B-hluti) ... 381
Menningarsjóður Íslands og Finnlands ... 264
Menningarsjóður, framlag ... 262
Menntamálaráðuneyti ... 221
Menntamálaráðuneyti (B-hluti) ... 376
Menntaskólinn á Akureyri ... 227
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 229
Menntaskólinn á Ísafirði ... 229
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 227
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut ... 229
Menntaskólinn í Reykjavík ... 226
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 228
Menntaskólinn við Sund ... 228
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna ... 256
Milliþinganefndir ... 356
Minningarsjóður Landspítalans ... 340
MS-félag Íslands ... 331
Myndlista- og handíðaskóli Íslands ... 244
Myndlistarskólinn á Akureyri ... 263
Myndlistaskólinn í Reykjavík ... 263
Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum ... 252
Mötuneyti, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 294

N

NASCO, Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin ... 275
NATO, Atlantshafsbandalagið ... 275

Bls.
Náms- og fræðimenn, framlög ... 256
Námsbraut í hjúkrunarfræðum, Háskóli Íslands ... 221
Námsbraut í sjúkraþjálfun, Háskóli Íslands ... 221
Námsefnisgerð, Námsgagnastofnun ... 238
Námsflokkar, fullorðinsfræðsla ... 257
Námsgagnastofnun ... 238
Námskeið fangavarða ... 312
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk ... 291
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði ... 257
Námskostnaður, Lögregluskóli ríkisins ... 295
Námsleyfi lögfræðinga ... 311
Námsstjórn og þróunarverkefni ... 239
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 225
Náttúruverndarráð ... 260
Nesstofa ... 266
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO ... 274
Neyslu- og manneldismál ... 340
Niðurgreiðsla á rafhitun ... 367
Niðurgreiðslur á fiski ... 355
Niðurgreiðslur á vöruverði ... 369
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ... 275
Norðurlandaráð ... 215
Norræn samvinna ... 264
Norræn samvinna á sviði sakfræði ... 311
Norræn samvinna í lyfsölumálum ... 340
Norræna félagið ... 264
Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun ... 264
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi ... 361
Norræni heilsugæsluskólinn ... 340
Notendur utan samveitna, Orkusjóður ... 367
Nytjaskógar, Skógrækt ríkisins ... 279
Nýbygging, bæjarfógeti Siglufirði ... 300
Nýbygging, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 333
Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7, Listasafn Íslands ... 259
Nýbygging, sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík ... 302
Nýbygging, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki ... 300
Nýbygging, Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 236
Nýframkvæmdir, Borgarspítalinn ... 337
Nýframkvæmdir, Vegagerð ríkisins ... 357
Nýi hjúkrunarskólinn ... 242

O

OECD, Efnahags- og framfarastofnunin ... 275
Opinberar heimsóknir, embætti forseta Íslands ... 215
Orator, almenn lögfræðiaðstoð ... 311
Orðabók Háskólans ... 224

Bls.
Orkusjóður 367
Orkusjóður (B-hluti) 405
Orkustofnun 366
Orlof kennara 252
Orlofsheimili launþegasamtakanna 325

Ó

Óbreytt starfsemi, ríkisspítalar 336
Ólympíunefnd fatlaðra 266
Ólympíunefnd Íslands 266
Óslóarsamningur um varnir gegn mengun 275
Óviss útgjöld 356

P

Parísarsamningur um varnir gegn mengun 275
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar 275
Póst- og símamálastofnunin 357
Póst- og símamálastofnunin (B-hluti) 400
Prestaköll og prófastsdæmi 314
Prestar og prófastar 314
Próf fasteignasala 311
Próf málflytjenda 311
Próf skjalaþýðenda 311

R

R/s Árni Friðriksson, Hafrannsóknastofnun 288
R/s Bjarni Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun 288
R/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun 288
Rafmagnseftirlit ríkisins 366
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 405
Raftæknideild, Hafrannsóknastofnun 287
Rannsóknadeild fisksjúkdóma, Tilraunastöð Háskólans að Keldum 222
Rannsóknanefnd flugslysa 361
Rannsóknanefnd sjóslysa 360
Rannsóknaráð ríkisins 225
Rannsóknarleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum 264
Rannsóknarlögregla ríkisins 295
Rannsóknasjóður 226
Rannsóknasjóður (B-hluti) 377
Rannsóknastofa, Hollustuvernd ríkisins 329
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) 390
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 365

Bls.
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 288
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 278
Rannsóknastofnun uppeldismála ... 232
Rannsóknastörf við Mývatn, Náttúruverndarráð ... 260
Rannsóknasvið, Hafrannsóknastofnun ... 287
Rannsóknir í kvennafræðum, Háskóli Íslands ... 221
Rannsóknir og tilraunastarfsemi, Bændaskólinn á Hvanneyri ... 285
Rannsóknir og þróunarstarfsemi, Rannsóknaráð ríkisins ... 225
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) ... 383
Raunvísindadeild, Háskóli Íslands ... 221
Raunvísindastofnun Háskólans ... 222
Ráðherrabústaður Tjarnargötu ... 218
Ráðherrabústaður Þingvöllum ... 218
Ráðunautar, Jarðræktarlög, framlög ... 283
Reiknifræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Reiknistofnun, Háskóli Íslands ... 221
Rekstrarkostnaður fasteigna, Alþingi ... 215
Rekstur fasteigna, Háskóli Íslands ... 221
Rekstur fasteigna, Raunvísindastofnun Háskólans ... 222
Rekstur Orkusjóðs ... 367
Rekstur skóla, Bændaskólinn á Hvanneyri ... 285
Rekstur vita, Vitastofnun Íslands ... 359
Rekstur vitaskips, Vitastofnun Íslands ... 359
Reykholtsstaður ... 267
Reykjavíkurflugvöllur, Flugmálastjórn ... 360
Réttargeðlækningar ... 340
Réttindanám leiðbeinenda, grunnskólar, almennt ... 252
Réttindanám, Kennaraháskóli Íslands ... 231
Rithöfundasjóður Íslands ... 263
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota ... 326
Ríkisábyrgðasjóður ... 354
Ríkisábyrgðasjóður (B-hluti) ... 399
Ríkisbifreiðar, framlag ... 372
Ríkisbókhald ... 346
Ríkisendurskoðun ... 216
Ríkisfjárhirsla ... 347
Ríkislögmaður ... 347
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli ... 269
Ríkismat sjávarafurða ... 289
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg (B-hluti) ... 404
Ríkissaksóknari ... 293
Ríkissáttasemjari ... 317
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd ... 351
Ríkisskattstjóri ... 348
Ríkisspítalar ... 336
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) ... 395
Ríkisstjórn ... 216
Ríkistollstjóri ... 352

Bls.
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) 379
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) 379
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) 379

S

Safnahúsið við Hverfisgötu 258
Safnakennsla, grunnskólar, almennt 252
Safnastofnun Austurlands 267
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld 256
Sakadómur Reykjavíkur 294
Sala varnarliðseigna (B-hluti) 384
Samband íslenskra myndlistarmanna 263
Sambýli 1, nýtt, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Sambýli 1, nýtt, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli 2, nýtt, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi 320
Sambýli Akurgerði, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Auðarstræti 15, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Árvegi 8, Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi 323
Sambýli Borgarhlíð 3, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Sambýli Byggðavegi 91, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Sambýli Drekavogi 16, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi 322
Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1 319
Sambýli Garðabæ, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Sambýli Háteigsvegi 6, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Húsavík, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Sambýli Sauðárkróki, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 321
Sambýli Siglufirði, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 321
Sambýli Sigluvogi 5, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Sóleyjargötu, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Sambýli Vallholti 9, málefni fatlaðra, Suðurlandi 323
Sambýli Vanabyggð 4c, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Sambýli Víðihlíð 11, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Víðihlíð 5, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli Víðihlíð 7, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sambýli, leiguhúsnæði, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Sameiginleg útgjöld, Háskóli Íslands 221
Sameiginleg þjónusta, skólar fyrir þroskaheft börn 254
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) 378
Sameindalíffræðiþing Evrópu 275
Sameinuðu þjóðirnar, UN 274
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir 274
Samgönguráðuneyti 357

Bls.
Samgönguráðuneyti (B-hluti) 400
Samhjálp 344
Samningar við erlend ríki, utanríkisráðuneyti 268
Samnorræn menningarkynning 264
Samráðsnefnd, málefni fatlaðra 318
Samskipti við Vestur-Íslendinga 274
Samstarfsnefnd um upplýsingamál 264
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 344
Samvinnuskólinn 245
Sauðfjárveikivarnir 280
Sementsverksmiðja ríkisins (B-hluti) 404
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu 270
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu 272
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 270
Sendiráð Íslands í London 270
Sendiráð Íslands í Moskvu 270
Sendiráð Íslands í Ósló 271
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO 271
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 271
Sendiráð Íslands í Washington 272
Sendiráð, almennt 273
Setlagarannsóknir, Ýmis orkumál 367
Setu- og varadómarar, dómsmál, ýmis starfsemi 311
Setusaksóknari 311
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka 215
Sérfræðirannsóknir við Mývatn, Náttúruverndarráð 260
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt 252
Sérstök fræðsluverkefni, grunnskólar, almennt 252
Sérverkefni tengt fiskeldi 366
Siglingadómur 311
Siglingamálastofnun ríkisins 359
Sinfóníuhljómsveit Íslands 261
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) 380
Sinfóníuhljómsveit æskunnar 263
Síldarverksmiðjur ríkisins (B-hluti) 389
Síma- og útvarpskostnaður, Veðurstofa Íslands 362
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 355
Sími og fjarskipti, lögreglustjórinn í Reykjavík 294
Sími og fjarskipti, lögreglustjórinn í Reykjavík 295
Símstöð, Námsgagnastofnun 238
Sjálfsbjörg Akureyri 331
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 361
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi 291
Sjávarútvegsráðuneyti 287
Sjávarútvegsráðuneyti (B-hluti) 389
Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga 275
Sjómannadagsráð 325
Sjómannasamtök, lögskráning 325

Bls.
Sjómannaskólahúsið ... 245
Sjómannastofur ... 326
Sjómerki, Vitastofnun Íslands ... 359
Sjóminjasafn Íslands ... 266
Sjómælingar og sjókortagerð ... 309
Sjónstöð Íslands ... 330
Sjóvarnargarðar ... 359
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur ... 291
Sjúkraflutningaráð, Landlæknir ... 328
Sjúkrahús Bolungarvíkur ... 342
Sjúkrahús Hvammstanga ... 341
Sjúkrahús og læknisbústaðir ... 338
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi ... 335
Sjúkrahúsið Akranesi ... 331
Sjúkrahúsið Egilsstöðum ... 335
Sjúkrahúsið Húsavík ... 334
Sjúkrahúsið Keflavík ... 336
Sjúkrahúsið Patreksfirði ... 331
Sjúkrahúsið Sauðárkróki ... 332
Sjúkrahúsið Seyðisfirði ... 334
Sjúkrahúsið Siglufirði ... 333
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum ... 335
Sjúkraliðaskóli Íslands ... 344
Sjúkraskýlið Hólmavík ... 342
Sjúkraskýlið Þingeyri ... 342
Sjúkratryggingar, Tryggingastofnun ríkisins ... 327
Skaftholt, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 323
Skammtímavistun Dalbraut, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Skammtímavistun Víðihlíð 9, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 322
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Skattstofa Austurlands ... 350
Skattstofa Norðurlands vestra ... 349
Skattstofa Reykjaness ... 351
Skattstofa Suðurlands ... 350
Skattstofa Vestfjarða ... 349
Skattstofa Vestmannaeyja ... 350
Skattstofa Vesturlands ... 348
Skattstofan í Reykjavík ... 348
Skattstofur, sameiginleg útgjöld ... 351
Skákmót, styrkir ... 266
Skáksamband Íslands ... 266
Skákskólinn ... 266
Skálholtsskóli ... 249
Skálholtsstaður ... 314
Skipaútgerð ríkisins ... 358
Skipaútgerð ríkisins (B-hluti) ... 401
Skipulagsstjóri ríkisins ... 317

Bls.
Skíðakennsla í skólum ... 252
Skógrækt einstaklinga, styrkir ... 279
Skógrækt ríkisins ... 279
Skógræktarfélag Íslands ... 284
Skóladagheimilið Lindarflöt 41, skólar fyrir þroskaheft börn ... 253
Skólar fyrir þroskaheft börn ... 253
Skólar heilbrigðisstétta ... 344
Skólaskákmót ... 266
Skólavörubúð, Námsgagnastofnun ... 238
Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður ... 267
Skráning hlutafélaga ... 370
Skriðuklaustur ... 267
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 291
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs ... 269
Skrifstofu- og alþingiskostnaður ... 215
Skrifstofuhúsnæði, sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík ... 306
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna ... 355
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna, Ýmislegt ... 355
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds ... 355
Slysatryggingar, Tryggingastofnun ríkisins ... 327
Slysavarnafélag Íslands ... 326
Snjóflóða- og skriðufallavarnir ... 326
Snjóflóðavarnir, Veðurstofa Íslands ... 362
Sólheimar, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 323
Sólvangur, Hafnarfirði ... 336
St. Franciskuspítali, Stykkishólmi ... 341
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ... 341
St. Jósefsspítali, Landakoti ... 337
Starfsemi KFUM og KFUK ... 265
Starfskostnaður, Alþingi ... 215
Starfslaun listamanna ... 263
Starfslaunasjóður myndlistarmanna ... 263
Starfsmenntun í atvinnulífinu ... 326
Starfsþjálfun, málefni fatlaðra ... 318
Stjórn fiskveiða ... 291
Stjórnarnefnd, málefni fatlaðra ... 318
Stjórnarnefnd, stofnkostnaður, ríkisspítalar ... 337
Stjórnarnefnd, viðhald, ríkisspítalar ... 336
Stjórnarráð, tölvuvæðing ... 372
Stjórnarráðshús ... 218
Stjórnartíðindi ... 292
Stjórnskipaðir prófdómarar, grunnskólar, almennt ... 252
Stjórnsýsluhús, sýslumaður Búðardal ... 298
Stoðdeildir, rannsóknastofur, ríkisspítalar ... 336
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra, ríkisspítalar ... 336
Stofnkostnaður, Héraðsskólar almennt ... 249
Stofnkostnaður, óskipt, Hollustuvernd ríkisins ... 329
Stofnkostnaður, óskipt, sendiráð, almennt ... 273

Bls.
Stofnkostnaður, Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa 287
Stofnlánadeild landbúnaðarins 283
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 223
Stofnun Sigurðar Nordal, Háskóli Íslands 221
Stórmeistarar í skák 266
Stórólfsvallabúið (B-hluti) 387
Strandferðir, framlög 358
Stúdentagarðar 256
Styrking dreifikerfis í sveitum, Orkusjóður 367
Styrktarfélag vangefinna, sambýli, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Styrkur til dagblaðaútgáfu 356
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 256
Styrkur til útgáfustarfa, náms- og fræðimenn, framlög 256
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 240
Stærðfræðistofa, Raunvísindastofnun Háskólans 223
Sumarbúðir í Botni, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Sumarbúðir, málefni fatlaðra, Vesturlandi 320
Sumardvalarheimili í Reykjadal, málefni fatlaðra 331
Sumardvöl Egilsá, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 321
Sundabúð II, Vopnafirði 343
Sundskylda í skólum 252
Sunnuhlíð Kópavogi 343
Sveitarafvæðing, Orkusjóður 367
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Austurlandi 322
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 322
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 321
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjavík 319
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Suðurlandi 323
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 321
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vesturlandi 320
Sýslumaður Blönduósi 299
Sýslumaður Borgarnesi 297
Sýslumaður Búðardal 297
Sýslumaður Hólmavík 299
Sýslumaður Hvolsvelli 304
Sýslumaður Höfn í Hornafirði 303
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 301
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði 303
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði 306
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík 302
Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 299
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 305
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 300
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 305
Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 302
Sýslumaður Patreksfirði 298
Sýslumaður Stykkishólmi 297

Bls.
Sýslumaður Vík í Mýrdal ... 304
Sýslumenn og bæjarfógetar ... 296
Sýsluvegir, Vegagerð ríkisins ... 358
Söfn, styrkir ... 267
Sögusafn alþýðu ... 267
Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla ... 290
Sölvhólsgata 4 og Lindargata 9a ... 355
Sölvhólsgata 7 ... 355
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar ... 313

T

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands ... 221
Teiknistofa, Húsameistari ríkisins ... 219
Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka ... 356
Tilkynningarskylda íslenskra skipa ... 361
Tilraunabúið Hesti (B-hluti) ... 385
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 222
Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging ... 278
Tilraunastöðin Reykhólum (B-hluti) ... 386
Tilraunastöðin Sámsstöðum ... 278
Tilraunastöðin Sámsstöðum (B-hluti) ... 386
Tilraunastöðvar, óskipt, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 278
Tilraunir með rótarskóga, Skógrækt ríkisins ... 279
Tilraunir með ræktun iðnviðar, Skógrækt ríkisins ... 279
Tilraunir og rannsóknastörf, Garðyrkjuskóli ríkisins ... 286
Tilraunir, Vegagerð ríkisins ... 358
Tímabundin verkefni, Hafrannsóknastofnun ... 287
Tollasamvinnuráðið, CCC ... 275
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ... 269
Tollstjórinn í Reykjavík ... 352
Tollstöðvarhús (B-hluti) ... 399
Tóbaksvarnir ... 340
Tónlistarfræðsla ... 244
Tónlistarsaga Íslands ... 267
Tónlistarskólinn í Reykjavík ... 244
Tónlistarstarfsemi, styrkir ... 263
Tónskóli þjóðkirkjunnar ... 313
Tryggingabætur skv. kjarasamningum ... 356
Tryggingaeftirlitið ... 329
Tryggingastofnun ríkisins ... 327
Tæki og búnaður, Almannavarnir ríkisins ... 309
Tæki og búnaður, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 292
Tæki og búnaður, Fangelsismálastofnun ... 307
Tæki og búnaður, Fiskvinnsluskólinn ... 242
Tæki og búnaður, Fjölbrautaskólinn á Akranesi ... 234
Tæki og búnaður, Iðnskólinn í Reykjavík ... 241

Bls.
Tæki og búnaður, Landhelgisgæsla Íslands ... 309
Tæki og búnaður, Löggildingarstofan ... 310
Tæki og búnaður, Lögregluskóli ríkisins ... 295
Tæki og búnaður, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 295
Tæki og búnaður, Rannsóknarlögregla ríkisins ... 295
Tæki og búnaður, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 289
Tæki og búnaður, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 291
Tæki og búnaður, sýslumenn og bæjarfógetar ... 296
Tæki og búnaður, Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 222
Tæki og búnaður, Umferðarráð ... 310
Tæki og húsbúnaður, Borgardómarinn í Reykjavík ... 293
Tæki og húsbúnaður, umboðsmaður Alþingis ... 216
Tækjabúnaður og innréttingar, Geislavarnir ríkisins ... 330
Tækjabúnaður, félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 316
Tækjabúnaður, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 223
Tækjabúnaður, Tölvumál ... 372
Tækjakaup deilda, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Tækjakaup, Garðyrkjuskóli ríkisins ... 286
Tækjakaup, Iðntæknistofnun Íslands ... 364
Tækjakaup, Landmælingar Íslands ... 363
Tækjakaup, óskipt, sjúkrahús og læknisbústaðir ... 338
Tækjakaup, Rafmagnseftirlit ríkisins ... 367
Tækjakaup, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ... 365
Tækjakaup, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 278
Tækjakaup, Vélskóli Íslands ... 240
Tækjakaup, Vita- og hafnamálaskrifstofan ... 358
Tækjakaup, Þjóðminjasafn Íslands ... 258
Tækni- og veðurathuganadeild, Veðurstofa Íslands ... 362
Tæknigarður, Raunvísindastofnun Háskólans ... 223
Tækniskóli Íslands ... 239
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins ... 319
Tölvu- og húsbúnaður, ríkisendurskoðun ... 216
Tölvubúnaður o.fl., lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli ... 269
Tölvubúnaður, Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa ... 371
Tölvubúnaður, Launaskrifstofa ríkisins ... 346
Tölvubúnaður, utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 268
Tölvubúnaður, Þjóðskráin ... 371
Tölvudeild, Veðurstofa Íslands ... 362
Tölvumiðstöð fatlaðra ... 318
Tölvunefnd ... 311
Tölvur og búnaður, framhaldsskólar, almennt ... 230
Tölvuvæðing í grunnskólum ... 253
Tölvuvæðing, Landlæknir ... 328

U

Bls.

Umboðsmaður Alþingis 215
Umferðarfræðsla í skólum 252
Umferðarráð 310
Umsjón með bekkjardeildum o.fl., grunnskólar, almennt 252
UN, Sameinuðu þjóðirnar 274
UNDP, Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna 274
UNDRO, Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna 274
UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna 275
UNFICYP, Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur 275
UNFPA, Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna 275
UNHCR, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 274
UNICEF, Alþjóðabarnahjálparstofnunin 274
UNIFIL, gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon 275
UNRWA, aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn 274
Unglingaheimili ríkisins 255
Unglingaheimili ríkisins (B-hluti) 378
Unglingaheimili, skóli 252
Ungmennafélag Íslands 265
Uppbætur á lífeyri 353
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 284
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti 268
Upplýsingastofa námsmanna 256
Upplýsingaþjónusta, Háskóli Íslands 221
Utanríkisráðuneyti 268
Utanríkisráðuneyti (B-hluti) 382

Ú

Útflutningsráð Íslands 268
Útgáfa Hæstaréttardóma 292
Útgáfa lagasafns 311
Útgáfa lyfjaverðskrár 340
Útgáfa norræns dómasafns 311
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda 215
Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum 354
Útibú á Húsavík, Hafrannsóknastofnun 288
Útibú á Höfn í Hornafirði, Hafrannsóknastofnun 288
Útibú á Ísafirði, Hafrannsóknastofnun 288
Útibú í Ólafsvík, Hafrannsóknastofnun 288
Útibú í Vestmannaeyjum, Hafrannsóknastofnun 288
Útlendingaeftirlit 294
Útvarpsréttarnefnd 267

Bls.

V

V/s Óðinn, Landhelgisgæsla Íslands 309
V/s Týr, Landhelgisgæsla Íslands 309
V/s Ægir, Landhelgisgæsla Íslands 309
Varnargirðingar, Sauðfjárveikivarnir 280
Varnarmálaskrifstofa 268
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar 269
Vatnsveitur 318
Veðurfarsdeild, Veðurstofa Íslands 362
Veðurfræðirannsóknir, Veðurstofa Íslands 362
Veðurratsjá, Veðurstofa Íslands 362
Veðurspádeild, Veðurstofa Íslands 362
Veðurstofa Íslands 362
Veðurstöðvar, Veðurstofa Íslands 362
Veðurþjónusta vegna millilandaflugs, Veðurstofa Íslands 362
Vegagerð ríkisins 357
Vegagerð ríkisins, áhaldahús (B-hluti) 400
Veiðarfærakostnaður, Hafrannsóknastofnun 288
Veiðieftirlit 290
Veiðimálastofnunin 281
Veiðistjóri 278
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 281
Verðlagsráð sjávarútvegsins 289
Verðlagsstofnun 369
Verkfræðideild, Háskóli Íslands 221
Verkmenntaskóli Austurlands 236
Verkmenntaskólinn á Akureyri 236
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi 320
Vernd barna og ungmenna 254
Verndaður vinnustaður Akranesi 320
Verndaður vinnustaður Bjargi 322
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum 322
Verndaður vinnustaður Selfossi 323
Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar 319
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum 323
Verndaður vinnustaður, Örvi 320
Verndun gamalla húsa, Þjóðminjasafn Íslands 257
Verslunarskóli Íslands 246
Vestnorræna þingmannaráðið 215
Vélar og áhöld, Bændaskólinn á Hólum 285
Vélar og tæki, Skógrækt ríkisins 279
Vélskóli Íslands 240
Viðbygging, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 234
Viðbygging, sýslumaður Patreksfirði 298
Viðhald bústaðar, Biskup Íslands 313
Viðhald fasteigna, embætti forseta Íslands 215
Viðhald fasteigna, Háskóli Íslands 222

Bls.
Viðhald fasteigna, Hæstiréttur ... 293
Viðhald fasteignar, Safnahúsið við Hverfisgötu ... 258
Viðhald húseigna, Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 222
Viðhald húsnæðis o.fl., St. Jósefsspítali, Landakoti ... 337
Viðhald húsnæðis, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 333
Viðhald og endurnýjun fangelsa ... 312
Viðhald sendiráða ... 273
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt ... 338
Viðhald vega, Vegagerð ríkisins ... 357
Viðhald, Landhelgisgæsla Íslands ... 309
Viðhald, óskipt, Borgarspítalinn ... 337
Viðhald, óskipt, Hafrannsóknastofnun ... 288
Viðhald, óskipt, Hússtjórnarskólar ... 243
Viðhald, Ráðherrabústaður Tjarnargötu ... 218
Viðhald, Ráðherrabústaður Þingvöllum ... 218
Viðhald, r/s Árni Friðriksson, Hafrannsóknastofnun ... 288
Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun ... 288
Viðhald, r/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun ... 288
Viðhald, Stjórnarráðshús ... 218
Viðhaldsfé, óskipt, framhaldsskólar, almennt ... 230
Viðhaldsfé, óskipt, Héraðsskólar almennt ... 249
Viðhaldsfé, óskipt, heilsugæslustöðvar ... 339
Viðhaldsfé, óskipt, Landgræðsla ríkisins ... 279
Viðhaldsfé, óskipt, Náttúruverndarráð ... 260
Viðskipta- og hagfræðideild, Háskóli Íslands ... 221
Viðskiptaráðuneyti ... 369
Viðskiptaskrifstofa, utanríkisráðuneyti ... 268
Vinnueftirlit ríkisins ... 325
Vinnuhælið Kvíabryggju ... 308
Vinnuhælið Litla-Hrauni ... 308
Vinnumál ... 325
Vinnustofan Ás ... 319
Virðisaukaskattur, skattstofur, sameiginleg útgjöld ... 351
Vistanir, málefni fatlaðra ... 318
Vistheimili fyrir börn, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 320
Vistheimili við Holtaveg, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Vistheimilið Skálatúni ... 320
Vistheimilið Sólborg ... 322
Vistheimilið Tjaldanesi ... 320
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) ... 401
Vita- og hafnamálaskrifstofan ... 358
Vitabyggingar, Vitastofnun Íslands ... 359
Vitastofnun Íslands ... 359
Vísinda- og fræðistörf ... 264
Vísindaleg starfsemi, styrkir ... 264
Vísindaráð ... 261
Vísindasjóður ... 261
Vísindasjóður (B-hluti) ... 381

Bls.
Vísindasjóður, framlag 262
Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa 364

W

WFP, matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna 274
WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 274
WMO, Alþjóðaveðurfræðistofnunin 275

Y

Yfirdýralæknir 281
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings 215
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð, ríkisspítalar 337
Yfirstjórn, embætti forseta Íslands 215
Yfirstjórn, Háskóli Íslands 221
Yfirstjórn, sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 302

Ý

Ýmis eignakaup, Borgarspítalinn 337
Ýmis eignakaup, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 333
Ýmis eignakaup, St. Jósefsspítali, Landakoti 338
Ýmis íþróttamál 266
Ýmis kirkjuleg málefni 314
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 373
Ýmis löggæslukostnaður 311
Ýmis orkumál 367
Ýmis stofnkostnaður, Alþingi 216
Ýmis utanríkismál 274
Ýmis verkefni, landbúnaðarmál 284
Ýmislegt, framlög, menntamálaráðuneyti 267
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 355

Þ

Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO 264
Þéttbýlisvegir, Vegagerð ríkisins 358
Þingfararkaup alþingismanna 215
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu 215
Þingmannanefndir Evrópuráðsins 215
Þingmannasamtök NATO 215
Þingvallabær o.fl. 220
Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg) 253

Bls.
Þjálfunarskóli Dalbraut ... 253
Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala ... 253
Þjálfunarskóli Kópavogshælis ... 253
Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf ... 253
Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri ... 253
Þjálfunarskóli Tjaldanesi ... 253
Þjálfunarskólinn Sólheimum ... 253
Þjóðarbókhlaða ... 262
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 220
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum ... 260
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli ... 260
Þjóðhagsstofnun ... 218
Þjóðleikhús ... 261
Þjóðleikhúsið (B-hluti) ... 380
Þjóðminjasafn Íslands ... 257
Þjóðskjalasafn Íslands ... 258
Þjóðskráin ... 371
Þjónustudeildir, ríkisspítalar ... 336
Þjónustumiðstöð Bræðratungu, málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 321
Þjónustumiðstöð Vonarlandi, málefni fatlaðra, Austurlandi ... 322
Þroskaþjálfaskóli Íslands ... 345
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði ... 322
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP ... 274
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 274
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 274
Þróunarstörf í grunnskólum ... 252
Þungaskattsálagning með ökumælum ... 356
Þyrluvakt lækna, Landhelgisgæsla Íslands ... 309
Þýðingarsjóður ... 263

Æ

Æðsta stjórn ríkisins ... 215
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands ... 231
Æskulýðsmál ... 265
Æskulýðsráð ríkisins ... 265
Æskulýðssamband Íslands ... 265
Æskulýðsstarf, Biskup Íslands ... 313

Ö

Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri ... 343
Öleftirlit ... 312
Örnefnastofnun ... 224
Öryggismálanefnd ... 218
Öryggismálaskóli sjómanna ... 361
Öskjuhlíðarskóli ... 253

Efnisyfirlit

	Bls.
A-hluti: Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	207
Rekstrarreikningur	208
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	215
Æðsta stjórn ríkisins	215
Forsætisráðuneyti	218
Menntamálaráðuneyti	221
Utanríkisráðuneyti	268
Landbúnaðarráðuneyti	277
Sjávarútvegsráðuneyti	287
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	292
Félagsmálaráðuneyti	316
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	327
Fjármálaráðuneyti	346
Samgönguráðuneyti	357
Iðnaðarráðuneyti	364
Viðskiptaráðuneyti	369
Hagstofa Íslands	371
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	372
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í eigu í ríkiseign	375
Heimildir	407
Athugasemdir	411
1. Inngangur	411
2. Fjárlagafrumvarp 1989, yfirlit	417
3. Tekjuhlið	424
4. Gjaldahlið	429
5. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	512
6. Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs	521
7. Lánsfjáráætlun	531
Töfluviðauki	549
Fylgiskjal 1: Yfirlit um stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins 1. september 1988	579
Fylgiskjal 2: Útgefnar fjárheimildir 1. janúar – 30. september 1988	591
Skrá yfir stofnanir og viðfangsefni (A- og B-hluti) í stafrófsröð	597

Sþ. **76. Þjóðhagsáætlun** [74. mál]

fyrir árið 1989.

(Lögð fram af forsætisráðherra 1. nóv. 1988.)

I. INNGANGUR

Íslenskur þjóðarbúskapur hefur hreppt andbyr á þessu ári. Efnahagshorfur nú benda til þess að landsframleiðsla verði 1½% minni en á síðasta ári og þjóðartekjur 2% minni. Þetta er mikil breyting frá góðærinu sem ríkti síðastliðin þrjú ár þegar hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu jókst að meðaltali um 5½% á ári og þjóðartekjur um 6% á ári.

Þessi óhagstæða þróun stafar einkum af því að nauðsynlegt hefur reynst að draga úr fiskafla á þessu ári frá því sem hann var á síðasta ári, en sjávarútvegur hefur borið uppi hagvöxt hér á landi um árabil. Þannig eru nú horfur á því að verðmæti sjávarafla dragist saman um 2% á þessu ári. Þótt annar útflutningur en sjávarvöruútflutningur aukist nokkuð, leiðir þetta til þess að útflutningur vöru og þjónustu í heild dregst saman um 1% milli áranna 1987 og 1988. Við þetta hefur bæst töluverð lækkun verðs sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Verð þeirra hefur lækkað um 1% að meðaltali í erlendri mynt frá síðasta ári og um 7½% frá því í byrjun þessa árs. Á móti lækkun sjávarafurða vegur að hluta mikil hækkun á verði áls og kísiljárns þannig að viðskiptakjörin breytast lítið frá því í fyrra.

Erfið skilyrði í þjóðarbúskapnum hafa torveldað baráttuna við verðbólgu og viðskiptahalla. Verðbólga frá upphafi til loka árs stefnir nú í 19%, samanborið við 26% í fyrra. Horfur eru á að halli á viðskiptum við önnur lönd verði tæplega 12 milljarðar króna sem svarar til ríflega 4½% af landsframleiðslu. Til samanburðar nam viðskiptahallinn í fyrra 3½% af landsframleiðslu. Þá hafa rekstrarerfiðleikar í útflutnings- og samkeppnisgreinunum sett mark sitt á efnahagsþróunina á þessu ári. Þótt áætlað sé að eftir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar séu botnfiskveiðar og -vinnsla rekin með litlum halla, er ljóst að þessar greinar verða reknar með töluverðum halla þegar á allt þetta ár er litið. Vegna lækkunar verðs sjávarafurða á erlendum mörkuðum, aflasamdráttar og misgengis innlends og erlends verðlags verður rekstrarstaða flestra útflutnings- og samkeppnisgreina áfram þröng, þótt fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi bætt stöðu þeirra verulega. Frá síðasta ársfjórðungi 1987 til sama tíma 1988 er talið að raungengið lækki um 4% á mælikvarða verðlags og 13% á mælikvarða launa. Raungengið er hins vegar ennþá hátt í sögulegu samhengi. Þá hefur gætt vaxandi rekstrarerfiðleika í ýmsum öðrum atvinnugreinum, einkum verslun og þjónustu, sem meðal annars hafa komið fram í fjölgun gjaldþrota. Þrátt fyrir þessar þrengingar hefur atvinna verið mikil og raunar gætti skorts á vinnuafli framan af árinu. Hins vegar benda nýjar athuganir til þess að verulega hafi dregið úr eftirspurnarþenslu á vinnumarkaðinum að undanförnu. Því verður að hafa nánar gætur á þróun framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði á næstunni þannig að hægt verði að bregðast í tæka tíð við breytingum sem kunna að verða á atvinnuástandi.

Ríkisstjórnin, sem tók við starfi 28. september síðastliðinn, greip þegar í stað til ráðstafana á ýmsum sviðum efnahagsmála. Markmið þessara ráðstafana var að færa niður verðlag og vexti, treysta stöðu atvinnulífsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ráðstöfunum þessum er lýst í köflum tvö og þrjú hér á eftir, en í meginatriðum voru þær fólgnar í framlengingu verðstöðvunar til febrúarloka 1989, lögbindingu launa og almenns fiskverðs til

15. febrúar 1989, lækkun gengis, lækkun vaxta, verðjöfnun til fiskiðnaðarins og stofnun sérstaks Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Nú eru horfur á að landsframleiðsla og þjóðartekjur dragist saman á næsta ári. Miðað við forsendur þessarar áætlunar er reiknað með að landsframleiðsla dragist saman um 1½% og þjóðartekjur um 3%. Skýringin á þessum samdrætti er fyrst og fremst sú að framleiðsla sjávarafurða er talin minnka um 3%, þar sem nauðsynlegt er talið að draga enn frekar úr sjávarafla en gert var á síðasta ári. Þá er ekki reiknað með því að viðskiptakjör batni á næsta ári. Samkvæmt þessari spá minnkar landsframleiðsla því samanlagt um 3% á árunum 1988 og 1989 og þjóðartekjur um 5%. Þetta er meiri samdráttur þjóðartekna en verið hefur síðan árið 1968. Í þessu felst að afar brýnt verður að draga úr þjóðarútgjöldum á næsta ári til þess að koma í veg fyrir að verðbólga magnist á ný og viðskiptahalli aukist enn frekar en á þessu ári. Samtímis er nauðsynlegt að styrkja grundvöll atvinnulífsins og treysta þar með atvinnuöryggi í landinu. Þessum markmiðum hyggst ríkistjórnin ná með fyrstu aðgerðum sínum og þegar fram í sækir með samræmdri stjórn ríkisfjármála, peningamála og gengismála. Þessi stefnumörkun felur meðal annars í sér tekjuafgang á fjárlögum ríkissjóðs fyrir næsta ár, aðhald að útlánum banka og erlendum lántökum og stöðugleika í gengismálum.

Efnahagshorfur í heiminum á næsta ári eru almennt taldar fremur góðar og ástandið um þessar mundir er töluvert betra en búist var við í byrjun þessa árs. Alþjóðastofnanir spá meiri hagvexti í heiminum í ár en verið hefur frá því árið 1984. Þótt ekki sé spáð eins miklum hagvexti á næsta ári er áfram gert ráð fyrir hagstæðri efnahagsþróun. Í þessu felst að almennt efnahagsástand muni verða tiltölulega gott í helstu viðskiptalöndum Íslendinga á næstunni.

Í næsta kafla er greint frá fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar og lýst markmiðum hennar og stefnu. Í þriðja kafla er rakin framvinda efnahagsmála á þessu ári. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir efnahagshorfum fyrir árið 1989.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Fyrstu aðgerðir og stefna í ríkisfjármálum.
Eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar miðast fyrstu aðgerðir hennar við að treysta stöðu útflutningsfyrirtækja og leggja grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagslífinu. Þessum fyrstu aðgerðum er lýst í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin birti þegar hún var mynduð 28. september síðastliðinn. Með þessum aðgerðum og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur stjórnarstefnan í efnahagsmálum verið mótuð í meginatriðum. Litlar breytingar hafa orðið í þessu efni við frágang þjóðhagsáætlunar, fjárlagafrumvarps og lánsfjáráætlunar, þótt einstaka tölur hafi breyst lítillega. Grein er gerð fyrir þeim breytingum þar sem það á við í þessum áætlunum. Yfirlýsingin um fyrstu aðgerðir og þeir hlutar stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem varða efnahagsmálin eru hins vegar birt orðrétt hér á eftir.

„Yfir vofir stöðvun margra útflutningsfyrirtækja, sem myndi valda atvinnuleysi og tekjumissi hjá fjölda fólks um allt land. Viðskiptahalli við útlönd er mikill og færi vaxandi verði ekki tekið í taumana. Ágreiningur innan fráfarandi ríkisstjórnar olli óþolandi óvissu og úrræðaleysi og stefndi grundvelli atvinnulífsins í hættu. Flokkarnir, sem mynda hina nýju ríkisstjórn, hafa komið sér saman um aðgerðir, sem eiga að taka við af þeirri verðstöðvun og frestun á hækkun launa og búvöruverðs, sem gilt hefur frá því í byrjun september. Markmið þessara aðgerða er að færa niður verðbólgu og vexti, bæta afkomu útflutningsgreina, einkum frystingar, og treysta atvinnuöryggi í landinu. Aðgerðirnar stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar heimilanna og treysta þar með fjárhagsgrundvöll þeirra. Þar sem málið þolir enga bið, er óhjákvæmilegt að gefa út bráðabirgðalög um lögbundna þætti aðgerðanna. Jafnframt er nauðsynlegt að beita ákvæðum gildandi laga um vexti og verðlagsmál til hins ítrasta til að lækka verðbólgu og vexti. Með þessum aðgerðum er eytt þeirri óvissu sem ríkt hefur í landsmálum að undanförnu og lagður grunnur að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Aðgerðirnar eru þessar:

1. Aðgerðir til að bæta afkomu atvinnuvega.

1.1. Verðjöfnun til fiskiðnaðarins.
Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hefur verið heimilað að taka innlent eða erlent lán með ríkisábyrgð allt að fjárhæð 800 milljónir króna. Andvirði lánsins skal nota til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu á freðfiski og hörpudiski á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989. Greiðslur skulu fylgja almennum reglum sjóðsins en taka skal sérstakt tillit til afkomu frystingarinnar. Þetta gefur færi á allt að 5% verðuppbót á freðfisk og sambærilegum áhrifum á afkomu.

Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hefur einnig verið heimilað vegna rækjuvinnslu að ákveða að viðmiðunarverð við greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frá 1. júní sl. taki mið af meðalmarkaðsverði undangenginna tveggja ára.

1.2. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina.
Með bráðabirgðalögum hefur verið stofnaður sérstakur sjóður, Atvinnutryggingarsjóður, til þess að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Sjóðurinn mun fá tvö þúsund milljónir króna til ráðstöfunar á næstu tveimur árum. Af

árlegu framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingarsjóðs munu renna 300 milljónir króna á ári til Atvinnutryggingarsjóðsins næstu tvö ár. Einnig mun hann fá 200 milljónir króna árlegt framlag úr ríkissjóði með sérstakri tekjuöflun. Samtals nema framlög þessi helmingi af ráðstöfunarfé sjóðsins. Jafnframt verður sjóðnum heimilað að taka lán að fjárhæð eitt þúsund milljónir króna á næstu tveimur árum, annars vegar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að bakhjarli og hins vegar erlendis með ríkisábyrgð. Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 þúsund milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Honum er heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánadrottna þeirra. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu þeirra bréfa með eignum sínum.

Atvinnutryggingarsjóður verður undir stjórn sem tilnefnd verður af þeim ráðherrum sem fara með þau málefni er honum tengjast. Samstarfsnefnd lánastofnana útflutningsatvinnuveganna mun undirbúa tillögur til sjóðsstjórnarinnar. Í starfi sínu mun sjóðsstjórnin hafa samráð við atvinnumálanefndir í héraði og við forsvarsmenn samtaka í atvinnulífi og á vinnumarkaði. Ríkisendurskoðandi mun fylgjast náið með starfsemi sjóðsins og gefa Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

1.3. Stuðningur við ullariðnað.
Niðurgreiðslur á ull til ullariðnaðarins verða auknar um allt að 40 milljónum króna á næstu fimm mánuðum. Þetta gæti leitt til bata í afkomu fyrirtækja í ullariðnaði sem nemur um 5% af tekjum.

1.4. Lækkun raforkuverðs til frystiiðnaðarins.
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir fjórðungslækkun á raforkuverði til frystihúsanna.

1.5. Endurgreiðsla söluskatts.
Uppsafnaður söluskattur fiskeldis og loðdýraræktar verður endurgreiddur með hliðstæðum hætti og til annarra útflutningsgreina.

1.6. Endurskoðun afurðalánakerfis.
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun afurðalánakerfis sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar til þess að tryggja örugga fjármögnun útflutningsstarfseminnar. Við það verður miðað, að hlutfall afurðalána af söluandvirði verði ekki lægra en það var meðan Seðlabankinn sá um fjármögnun þessara lána.

2. Verðstöðvun.

2.1. Almennt verðlag.
Ríkisstjórnin hefur ákveðið með heimild í 7. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og að fengnu áliti verðlagsráðs að framlengja gildandi verðstöðvun til 28. febrúar 1989 með þeirri breytingu, að heimilt verður að hækka verð vöru og þjónustu sem nemur hækkun á erlendu innkaupsverði eða hækkun á verði á innlendum grænmetis- og fiskmörkuðum. Sérstakt átak verður gert til þess að virkja verðlagseftirlit almennings og verður meðal annars haft samstarf við samtök launafólks og neytenda í því skyni.

2.2. Búvöruverð.
Verð á búvörum breytist ekki á verðstöðvunartímabilinu og verða niðurgreiðslur auknar til að halda því óbreyttu.

2.3. Gjaldskrár.
Gjaldskrár fyrirtækja á vegum ríkis eða sveitarfélaga og gjaldskrár sjálfstætt starfandi sérfræðinga verða óbreyttar til 28. febrúar 1989 að öðru leyti en því að heimilt verður að taka tillit til hækkana á erlendu innkaupsverði aðfanga. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

2.4. Húsaleiga.
Óheimilt er að hækka húsaleigu á tímabilinu 28. september 1988 til 28. febrúar 1989.

3. Kjaramál.

3.1. Almenn lausn.
Laun haldast óbreytt til 15. febrúar 1989. Þann dag kemur til framkvæmda sú 1,25% kauphækkun sem verða átti 1. febrúar 1989 eða 1. mars 1989 samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrir 1. september 1988.

3.2. Samningsréttur.
Launahækkanir eftir 1. mars 1989 samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrir 1. september 1988 skulu koma til framkvæmda jafnframt því sem heimilt verður að segja samningum þessum lausum eftir 15. febrúar 1989. Lagaákvæði um takmörkun á samningsrétti launafólks falla þar með úr gildi.

3.3. Laun bænda.
Launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru verður óbreyttur fram til 15. febrúar 1989 en hækkar þá um 1,25%.

3.4. Fiskverð.
Almennt fiskverð, sem ákveðið var í júnímánuði síðastliðnum, verður óbreytt til 15. febrúar 1989 en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verðið er þó uppsegjanlegt eftir 15. febrúar 1989 með viku fyrirvara.

3.5. Hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar.
Tekjutrygging örorkulífeyris og heimilisuppbót hækkuðu um 3% frá 1. október sl.

3.6. Hækkun persónuafsláttar og barnabóta.
Persónuafsláttur og barnabætur verða hækkaðar sérstaklega í tengslum við aðgerðir í skattamálum.

3.7. Skuldbreytingar heimila.
Til þess að auðvelda skuldbreytingu hjá húsbyggjendum og til að liðsinna fjölskyldum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum verður aflað 150 milljóna króna. Þá er fjármálaráðherra heimilt að setja almennar reglur um uppgjör vangoldins tekjuskatts og eignarskatts, sem lagður var á áður en staðgreiðslukerfið kom til framkvæmda. Meginreglan er að álagðir skattar greiðist upp en uppsafnaðir dráttarvextir séu lækkaðir.

4. Lækkun vaxta og breytingar á fjármagnsmarkaði.

4.1. Lækkun vaxta.

Ríkisstjórnin felur Seðlabankanum í samráði við viðskiptaráðuneytið að halda áfram viðræðum við lánastofnanir um lækkun vaxta. Leiði þær viðræður ekki til samkomulags um vaxtaþróun, samþykkir ríkisstjórnin beina íhlutun Seðlabankans um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana til þess að viðunandi niðurstaða náist.

4.2. Lækkun nafnvaxta.

Á grundvelli áframhaldandi verð- og launastöðvunar munu nafnvextir lækka um 5–10% til viðbótar í næsta mánuði og enn frekar síðar, þegar við tekur tímabil stöðugleika í verðlagi. Nafnvextir af almennum skuldabréfum sem voru 40% í júlí og ágúst verða þannig komnir niður í um 15% í októbermánuði.

4.3. Lækkun raunvaxta.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir 3% lækkun meðalraunvaxta á spariskírteinum og öðrum skuldabréfum ríkissjóðs í samningum við innlánsstofnanir og lífeyrissjóði. Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að hlutast til um hliðstæðar breytingar á öðrum sviðum lánamarkaðarins. Þetta mun koma til framkvæmda á næstu vikum.

4.4. Breytt lánskjaravísitala.

Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að breyta grundvelli lánskjaravísitölu þannig að vísitala launa hafi helmingsvægi á móti framfærsluvísitölu og vísitölu byggingarkostnaðar, sem hafi fjórðungsvægi hvor. Jafnframt verður heimilað að velja viðmiðun við gengi sem lánskjaravísitölu. Með þessari breytingu er dregið úr misgengi launa og lánskjara samhliða því sem sparifé er varið fyrir verðlagsbreytingum. Ríkisstjórnin ætlar sér að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og lánskjara, þegar jafnvægi í efnahagsmálum er náð.

4.5. Breyttur útreikningur dráttarvaxta.

Með bráðabirgðalögum sem sett hafa verið er kveðið á um að dráttarvextir skuli framvegis reiknast sem dagvextir. Jafnframt mun Seðlabankinn reikna dráttarvexti eigi sjaldnar en mánaðarlega.

4.6. Vaxtamunur afurðalána.

Með bráðabirgðalögum hefur Seðlabankanum verið heimilað að ákveða sérstaklega vaxtamun innlánsstofnana við ákvörðun vaxta á afurðalánum til útflutningsatvinnuvega.

4.7. Fjármagnsmarkaður.

Sett verða lög um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan bankakerfis á grundvelli fyrirliggjandi frumvarpa. Þá verða einnig sett lög sem kveða á um að skylt verði að skrá á nafn hvers konar skuldabréf og eigendaskipti á þeim og að bankar og önnur fjármálafyrirtæki verði upplýsingaskyld gagnvart skattyfirvöldum.

5. Aðhald í ríkisfjármálum og lánsfjármálum.

5.1. Aðgerðir gegn verðbólgu.
Þær efnahagsaðgerðir, sem þessar tillögur gera ráð fyrir, leiða til mikillar hjöðnunar verðbólgu og vaxta á næstu mánuðum. Í ljósi þeirrar þenslu, sem enn ríkir í efnahagsmálum og kemur meðal annars fram í miklum viðskiptahalla gagnvart útlöndum, er mjög mikilvægt að fylgja aðgerðunum eftir með ströngu aðhaldi í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Að öðrum kosti er hætt við, að fljótlega sæki í sama farið, verðbólga færist í aukana og vextir hækki á nýjan leik.

5.2. Tekjuafgangur.
Til þess að draga úr þenslu verða fjárlög ríkissjóðs fyrir næsta ár afgreidd með tekjuafgangi. Með því móti dregur úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og samkeppnin um lánsfé verður minni. Það auðveldar lækkun vaxta. Þá er rétt að hafa í huga, að ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir láni Verðjöfnunarsjóðs að fjárhæð 800 milljónir króna. Jafnframt er nauðsynlegt að við gerð lánsfjárlaga fyrir næsta ár verði strangt aðhald að erlendum lántökum. Þá verður ríkisábyrgð á lántökum banka og fjárfestingarlánasjóða erlendis takmörkuð.

5.3. Útgjaldastefna.
Til þess að ná þessu markmiði í ríkisfjármálum mega útgjöld ríkisins ekki hækka að raungildi frá yfirstandandi ári. Þetta þýðir að draga verður úr ríkisútgjöldum um 1.500 milljónir króna frá því sem að óbreyttu stefnir í, meðal annars með skipulagsbreytingum og hagræðingu og með því að fresta framkvæmd laga sem hafa í för með sér aukin útgjöld. Athugað verði að bjóða almenningi til kaups ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur.

5.4. Tekjuöflun.
Að óbreyttu stefnir í 3.500 milljóna króna halla á ríkssjóði á næsta ári. Auk þess fela þær aðgerðir, sem hér eru ákveðnar, í sér útgjöld að fjárhæð um 800 milljónir króna. Á hinn bóginn minnkar tekjuþörf ríkissjóðs um 1.000 milljónir króna með frestun á upptöku virðisaukaskatts til 1. janúar 1990.

Til að ná markmiðinu um tekjuafgang á næsta ári verður dregið úr ríkisútgjöldum um 1.500 milljónir eins og áður sagði og aflað tekna að fjárhæð 2.500 milljónir króna."

Markmið og stefna.

Í stefnuyfirlýsingu sinni setti ríkisstjórnin fram markmið sín í efnahagsmálum á kjörtímabilinu og meginatriði efnahagsstefnunnar. Hér fara á eftir þau atriði stefnuyfirlýsingarinnar sem varða efnahagsmál sérstaklega:

„Efnahagsmál.
Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum miðast við það að treysta atvinnuöryggi í landinu samtímis því að verðbólga er hamin. Á kjörtímabilinu stefnir ríkisstjórnin að því:

- Að bæta lífskjör hinna tekjulægstu.
- Að viðskipti við útlönd verði hallalaus.
- Að bæta afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina.
- Að framfylgja árangursríkri byggðastefnu, sem komi á betra jafnvægi í byggðaþróun í landinu.

Samræmd stjórn ríkisfjármála, peningamála og gengismála verður grundvöllur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Stefnt verður að stöðugleika í gengismálum. Aðhaldi verður beitt í ríkisfjármálum og peningamálum til að koma á og viðhalda jafnvægi í þjóðarbúinu á næstu árum.

Ríkisfjármál og lánsfjármál fyrir næsta ár munu miðast við að draga úr þenslu sem verið hefur í þjóðarbúskapnum undanfarin missiri. Fjárlög fyrir árið 1989 verða samþykkt með tekjuafgangi. Til að ná þessu markmiði verða útgjöld ríkisins ekki hækkuð að raungildi frá því sem er á þessu ári. Auk þess verður tekna aflað í ríkissjóð meðal annars með skattlagningu fjármagnstekna. Þó skulu hóflegir vextir af venjulegum sparnaði almennings ekki skattlagðir. Lánsfjárlög munu mótast af ströngu aðhaldi að erlendum lántökum, meðal annars verður lántökuskattur í breyttri mynd framlengdur til ársloka 1989 og ríkisábyrgð á lántökum banka og fjárfestingarlánasjóða erlendis takmörkuð.

Atvinnumál.

Mörkuð verður ný atvinnustefna sem stuðlar að hagvexti og skynsamlegri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður fyllsta tillit til byggðasjónarmiða. Athafnafrelsi einstaklinga og félaga verður meginregla í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Ríkisstjórnin mun með framkvæmd efnahagsstefnu sinnar móta almenna umgjörð um atvinnustarfsemi, sem hvetji til ábyrgðar eigenda þannig að arðsemissjónarmið ráði ákvörðunum.

- Skipulag rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna verður endurskoðað og stuðningur hins opinbera við áhugaverð nýsköpunarverkefni í íslensku atvinnulífi aukin.
- Stefnan í landbúnaðar- og fiskveiðimálum verður endurskoðuð með byggðasjónamið og aukna hagkvæmni fyrir augum.
- Mörkuð verður sérstök fiskvinnslustefna.
- Ákveðið verður með löggjöf hvar skuli draga mörk milli almannaeignar og einkaeignar á náttúrugæðum.
- Skipulag orkuvinnslu og dreifingar verður endurskoðað með sameiningu orkufyrirtækja að markmiði. Orkulindir verða nýttar til atvinnuuppbyggingar.
- Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóta.
- Við fjárhagslega endurskipulagningu útflutningsfyrirtækja sem er eitt fyrsta verkefni þessarar stjórnar verður stefnt að aukinni hagkvæmni í rekstri þeirra.

Vinnumarkaður.

Ríkisstjórnin æskir vinsamlegra samskipta við aðila vinnumarkaðarins og mun hafa við þá samráð um stefnuna í kjaramálum. Hún mun hafa frumkvæði um:

- Að auka starfsmenntun í atvinnulífinu.
- Að leita leiða til að auka framleiðni og bæta kjör.
- Að taka upp viðræður um skipulag vinnumarkaðarins og starfsmannastefnu ríkissins í því skyni að auðvelda mörkun samræmdrar launastefnu, sem tryggi aukinn launajöfnuð.
- Að setja löggjöf um aukna hlutdeild starfsfólks í rekstri og stjórnun fyrirtækja.

Fjármagnsmarkaður.
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir markvissum endurbótum á skipulagi og starfsháttum á fjármagnsmarkaði þannig að hann gegni betur og á ódýrari hátt þýðingarmiklu hlutverki sínu í greiðslumiðlun og í miðlun fjármagns frá sparifjáreigendum til lántakenda.

- Stefnt verður að samruna og stækkun banka meðal annars með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu, draga úr vaxtamun og tryggja eðlilega samkeppni viðskiptabankanna og bæta þjónustu.
- Lög verða sett um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði.
- Lög verða sett um greiðslukorta- og afborgunarviðskipti.
- Sjóðakerfi atvinnuveganna verður endurskoðað og einfaldað.
- Fjármagn sjóða verður í auknum mæli varðveitt og ávaxtað í heimabyggð jafnframt því sem athugaðir verða möguleikar á því að efla atvinnuþróunarsjóði á landsbyggðinni.

Byggðamál.
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun meðal annars með eftirfarandi aðgerðum:

- Sveitarfélögin í landinu verða efld og aðstaða þeirra til að veita íbúum sínum félagslega þjónustu jöfnuð.
- Lög um tekjustofna sveitarfélaga verða endurskoðuð með það að markmiði að auka sjálfræði og jafna aðstöðu sveitarfélaga til álagningar fasteignaskatts og aðstöðugjalds. Stærri hluta af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður varið til tekjuöflunar milli sveitarfélaga. Samtímis verður verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt með hliðsjón af tillögum verkaskiptingarnefndar og komi til framkvæmda á næstu tveimur til þremur árum.
- Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu.
- Unnið verður skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun.
- Gerðar verða ráðstafanir til aukinnar valddreifingar meðal annars með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð.
- Byggðasjóður verður efldur.
- Unnið verður að samræmingu skipulags- og byggingarlaga.
- Unnið verður að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.
- Sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni."

III. FRAMVINDAN 1988

Afli og útflutningsframleiðsla.

Samkvæmt endurskoðaðri aflaspá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir tæplega 2% samdrætti heildaraflaverðmætis á föstu verði frá síðasta ári. Mestu munar um 30 þúsund tonna samdrátt í þorskafla. Einnig er reiknað með verulega minni rækjuafla. Á móti þessum samdrætti vegur hins vegar að hluta aukinn afli loðnu, síldar og ýsu. Í ljósi þessara aflahorfa er því gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á þessu ári dragist saman um 2% frá árinu 1987.

Hvað varðar aðrar útflutningsgreinar, er búist við um 3½% samdrætti í álframleiðslu og um 13% aukningu í framleiðslu kísiljárns á þessu ári. Áætlanir fyrir aðrar útflutningsgreinar iðnaðar sýna mismunandi breytingar í framleiðslu. Þannig er reiknað með aukningu í framleiðslu lagmetis og kísilgúrs, en samdrætti í skinna- og prjónavörum. Um aðrar greinar í útflutningi er helst að geta um verulega framleiðsluaukningu í fiskeldi. Hins vegar er gert ráð fyrir að útflutningur á hefðbundnum landbúnaðarafurðum dragist saman á þessu ári. Að öllu samanlögðu er því reiknað með að útflutningsframleiðsla landsmanna á þessu ári verði um 1½% minni en á síðasta ár.



Hagur atvinnuvega.

Sjávarútvegur.

Afkoma sjávarútvegs var þokkaleg á árinu 1987 þó hún hafi versnað nokkuð seinni hluta ársins vegna hækkunar á framleiðslukostnaði hér innan lands umfram hækkun útflutningstekna. Sameiginlegur reikningur fyrir botnfiskveiðar og -vinnslu sýnir að þessar greinar hafa verið reknar hallalausar í fyrra. Framvindan nú á þessu ári hefur hins vegar verið verri bæði í vinnslu og veiðum. Markaðsverðlag hefur fallið og þá fyrst og fremst verðlag á frystum afurðum. Þá hefur dregið nokkuð úr framleiðslu þannig að halli hefur verið á frystingu það sem af er árinu, þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda til að bæta þar um. Afkoma saltfiskvinnslu hefur hins vegar verið betri en frystingar, þó svo hafi verið komið í septemberbyrjun að söltun hafi einnig verið rekin með halla. Halli botnfiskveiða stafar fyrst og fremst af lélegri afkomu bátaflotans en reikna má með að afkoma togaraflotans hafi verið í járnum það sem af er árinu. Hvað aðrar greinar sjávarútvegs varðar, þá hefur afkoma rækjuvinnslu verið slæm bæði á árinu 1987 og það sem af er þessu ári. Hagur mjölvinnslu hefur hins vegar batnað mikið, og reikna má með að hagnaður verði í þeirri grein á þessu ári eftir hallarekstur á árinu 1987. Afkoma frystitogara hefur hins vegar verið góð bæði það sem af er þessu ári og í fyrra. Eftir aðgerðir stjórnvalda nú í septemberlok til að bæta hag útflutningsgreina benda áætlanir til að rekstur botnfiskvinnslu sé nú í járnum og hagur rækjuvinnslu hafi batnað mikið, en botnfiskveiðar eru enn reknar með nokkrum halla.

Aðrar atvinnugreinar.

Minni upplýsingar liggja fyrir um afkomu annarra atvinnugreina. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja má þó ætla, að verslun og iðnaður hafi verið rekin án halla á árinu 1987, þó afkoma hafi versnað nokkuð seinni hluta árs vegna kostnaðarhækkana. Sérstaklega á þetta við um samkeppnisiðnað sem á erfitt með að að mæta kostnaðarhækkunum með hækkunum afurðaverðs vegna lítilla hækkana á verði erlendrar samkeppnisvöru. Afkoma í verslun og iðnaði hefur verið mjög misjöfn innan greinanna, og má þar nefna verslunarrekstur á landsbyggðinni, sem átti í vaxandi erfiðleikum á síðasta ári og ullar- og fataiðnað, sem átti í miklum rekstrarerfiðleikum.

Margt bendir til að á þessu ári verði afkoma í verslun og iðnaði verri en í fyrra, og má einkum rekja það til þess að kostnaðarhækkanir sem urðu á seinni hluta síðasta árs koma að fullu fram á þessu ári. Jafnframt benda athuganir á innheimtum söluskatti til þess að veltuaukning þessara greina verði minni en sem svarar almennum verðlagsbreytingum. Þrátt fyrir að afkomuhorfur verði almennt lakari á árinu 1988 en í fyrra, gegnir öðru máli um stóriðjufyrirtækin. Gert er ráð fyrir að hagur þeirra verði góður vegna hækkana á markaðsverði. Þá er reiknað með svipuðum byggingarframkvæmdum á árinu 1988 og 1987 þannig að afkoma í byggingariðnaði ætti að verða viðunandi. Í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu er reiknað með nokkrum samdrætti í kindakjötsframleiðslu á þessu ári þó enn þá verði framleiðslan meiri en eftirspurnin innan lands. Hins vegar er reiknað með að mjólkurframleiðsla aukist lítillega, en framleiðsla mjólkurafurða virðist vera í jafnvægi miðað við eftirspurn. Þá er reiknað með aukningu nauta- og svínakjötsframleiðslu en samdrætti í framleiðslu á eggjum og kjúklingum. Afkoma í landbúnaði var almennt ekki góð á árinu 1987 og ekkert bendir til þess að á því hafi orðið miklar breytingar á þessu ári. Afkoman er þó nokkuð misjöfn eftir greinum innan landbúnaðarins.



Ríkisfjármál.

Framvinda ríkisfjármála það sem af er þessu ári hefur einkennst af miklum halla og fjármögnun hans með yfirdrætti í Seðlabanka. Fyrstu níu mánuði ársins var tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs tæplega 5,3 milljarðar króna. Á sama tíma var peningaleg eignaaukning ríkissjóðs rúmar 700 milljónir króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til september var því tæplega 6,0 milljarðar króna og var henni að öllu leyti mætt með yfirdrætti í Seðlabanka. Þessi niðurstaða gefur þó ekki rétta mynd af horfum fyrir árið í heild, því áætlað er að ríkissjóður skili 2,3 milljarða króna tekjuafgangi síðustu þrjá mánuði ársins.

Ef litið er til þróunar helstu tekna- og gjaldaliða (sjá eftirfarandi töflu) kemur í ljós að bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa aukist um allt að 2,4% af vergri landsframleiðslu frá árinu 1987. Beinir skattar skila ríkissjóði nú mun meiri tekjum en áður. Þá hefur breikkun söluskattsstofnsins einnig aukið tekjur ríkisins verulega, en á móti koma auknar niðurgreiðslur á vöruverði, sem skýra allt að þriðjung hækkunarinnar á gjaldahlið. Áætlaður tekjuhalli ríkissjóðs á þessu ári er svipaður og í fyrra, eða 1,2% af vergri landsframleiðslu.

Sundurliðun ríkistekna og gjalda 1987–1988.
Milljónir kr.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Áætlun 1988	Breyting milli ára	Niðurstaða 1987 í % af VLF	Áætlun 1988 í % af VLF
Tekjur	48 963	63 091	66 468	35,8	23,7	26,1
— beinir skattar	6 292	8 255	10 533	67,4	3,0	4,1
— óbeinir skattar	39 855	51 596	52 513	31,8	19,3	20,6
— vaxtatekjur o.fl.	2 816	3 240	3 440	22,2	1,4	1,4
Gjöld	51 688	63 065	69 467	34,4	25,0	27,3
— samneysla	23 346	26 718	28 677	22,8	11,3	11,3
— neyslu og rekstrartilfærslur	18 303	23 681	26 412	44,3	8,9	10,4
— vaxtagjöld	4 289	4 800	6 500	51,6	2,1	2,6
— fjárfesting	5 750	7 866	7 878	37,0	2,8	3,1
Tekjuafgangur/halli	-2 725	26	-2 981	..	-1,3	-1,2

Peningamál.

Mikil lánsfjáreftirspurn undanfarin missiri hefur sett svip á þróun peningamála. Þróun útlána hefur verið mun örari en innlána, en á það er að líta að innlánsstofnanir fjármagna útlán í vaxandi mæli með öðrum hætti en innlánum, svo sem með sölu verðbréfa og erlendu lánsfé.

Helstu uppsprettur lánsfjáreftirspurnar eru þrjár. Í fyrsta lagi hefur lánsfjárþörf hins opinbera verið mikil. Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur fyrst og fremst verið mætt með lántökum í Seðlabanka. Í septemberlok námu heildarútlán Seðlabanka tæplega 13 milljörðum króna, þar af voru lán A-hluta ríkissjóðs rúmlega 12 milljarðar króna og hafa þau aukist um 6,5 milljarða króna frá áramótum. Í öðru lagi hefur rekstrarstaða atvinnuveganna kallað á aukið lánsfé. Þetta á ekki síst við um útflutnings- og samkeppnisgreinar. Í þriðja lagi má nefna að fjárfesting jókst mikið á síðasta ári.

Versnandi staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka hefur að hluta aukið peningaframboð og þar með stuðlað að auknum útlánum bankakerfisins, en að hluta bættri lausafjárstöðu innlánsstofnana. Frá september 1987 til jafnlengdar 1988 jukust útlán innlánsstofnana um 40% samanborið við 27% hækkun lánskjaravísitölu. Á sama tíma jukust heildarinnlán með áætluðum vöxtum um 28%. Þessi þróun hefur ekki haft áhrif á lausafjárstöðu innlánsstofnana sem hefur batnað um 3,8 milljarða króna á sama tíma. Skýringin er sala verðbréfa og vaxandi erlend endurfjármögnun útlána, fyrst og fremst gengisbundinna afurðalána. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs hafa heildarútlán aukist um 28% en heildarinnlán með áföllnum vöxtum að viðbættri verðbréfaútgáfu hafa einnig aukist um 28%.

Lánsfjáreftirspurn á þessu ári hefur einnig mótast af mikilli ásókn í erlent fé. Við afgreiðslu lánsfjárlaga 1988 var á því byggt að erlendar lántökur til langs tíma yrðu rúmlega 9 milljarðar króna, en nú eru horfur á að þær verði nær tvöfalt meiri. Þessa aukningu má einkum rekja til lántöku til fjárhagslegrar endurskipulagningar í útflutnings- og samkeppnisgreinum og lántöku til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á þessu ári. Þá hafa lántökur einkaaðila farið fram úr áætlun og gengi krónunnar lækkað.

Vaxandi eftirspurn eftir lánsfé undanfarin missiri samhliða skipulagsbreytingum í peninga- og lánamálum hafa haft veruleg áhrif til hækkunar raunvaxta. Þannig hafa raunvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa banka og sparisjóða hækkað úr 4,3% árið 1986 í 8,8% að meðaltali fyrstu átta mánuði þessa árs og raunvextir verðtryggðra skuldabréfa

úr 5,2% í 9,5% á sama tíma. Raunvextir á hinum almenna fjármagnsmarkaði hafa verið enn þá hærri. Áhyggjuefni er hversu miklar sveiflur eru í þróun raunvaxta innan ársins. Þannig voru raunvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa 18,5% á fyrsta ársfjórðungi 1987, en neikvæðir um 0,9% á öðrum ársfjórðungi. Þessar sveiflur í raunvöxtum skýrast auðvitað að verulegum hluta af ójafnri verðlagsþróun. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um 3% lækkun meðalraunvaxta hefur verið unnið að lækkun þeirra að undanförnu. Þegar hafa fyrstu skrefin verið stigin í þessu efni með 0,7% lækkun vaxta á spariskírteinum ríkissjóðs með þriggja ára lánstíma og viðræðum við viðskiptabanka sem almennt hafa leitt til 0,25-0,75% lækkunar raunvaxta verðtryggðra útlána.



Tekjur, verðlag og kaupmáttur.

Kaupmáttur heimilanna á árinu 1987 var hærri en nokkru sinni fyrr. Atvinnutekjur á mann voru um fimmtungi hærri en þær voru árið 1978, en á því ári náði kaupmáttur fyrra hámarki. Kaupmáttur ráðstöfunartekna var enn hærri 1987 en hann hækkaði um rúm 20% frá árinu á undan og var um þriðjungi hærri en 1978.

Hlutdeild launa af vergum þáttatekjum er mikilsverð vísbending um skiptingu teknanna. Hlutur launþega hefur nú vaxið jafnt og þétt frá 1984 og er áætlaður 73½% á þessu ári, en var að meðaltali um 67% á síðustu tíu árum. Hlutdeild launa hefur farið lækkandi víðast hvar í nágrannalöndunum, og má sem dæmi nefna að á árinu 1977 var þetta hlutfall 74,5% í Svíþjóð en árið 1986 mældist hlutur launa 67,4%. Í Danmörku var þetta hlutfall 63,8% árið 1986 og 61,4% í Noregi. Launaþróun á þessu ári hefur mótast af þeim kjarasamningum, sem gerðir voru á fyrri hluta ársins, og af bráðabirgðalögum sem sett voru í maí, ágúst og loks í september. Upphafshækkanir samkvæmt kjarasamningum voru almennt á bilinu 10–14%, en opinberir starfsmenn og bankamenn höfðu fengið 2% hækkun í janúar, 3% hækkun í febrúar og sömdu síðan um ríflega 8% hækkun í maí. Með bráðabirgðalögunum frá því í maí voru

launaliðir þeirra kjarasamninga, sem enn voru lausir, framlengdir einhliða til 10. apríl 1989. Bráðabirgðalög sem fráfarandi ríkisstjórn setti í ágúst frestuðu umsaminni 2,5% hækkun launa 1. september um einn mánuð. Með nýjum bráðabirgðalögum, sem sett voru af núverandi ríkisstjórn 28. september síðastliðinn, var kveðið á um að í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til 1. mars 1989, skuli laun hækka um 1,25% 15. febrúar 1989.

Gengisfellingar í febrúar, maí og september, launabreytingar og skattkerfisbreytingar í upphafi árs hafa miklu ráðið um verðlagsþróunina á þessu ári. Verðbreytingar á öðrum ársfjórðungi voru nokkru minni en spáð var í marsspá Þjóðhagsstofnunar. Sú spá var byggð á þeirri forsendu að gengi krónunnar yrði óbreytt eftir gengisfellinguna í febrúar og að launahækkanir yrðu í samræmi við kjarasamning Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda frá 26. febrúar. Þannig var framfærsluvísitalan í júní nokkru undir þeirri viðmiðun sem lögð var til grundvallar í flestum kjarasamningum. Í kjölfar gengisfellingarinnar 16. maí jókst verðbólguhraðinn hins vegar og nam árshækkun verðbólgu á þriðja ársfjórðungi um 33%. Vísitala framfærslukostnaðar var 16% hærri í október en í ársbyrjun, en sú hækkun svarar til 22% árshækkunar. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í ágúst var komið á strangri verðstöðvun í einn mánuð, sem ný ríkisstjórn í september framlengdi til febrúarloka 1989. Verðlagshorfur nú benda til þess, að hækkun framfærsluvísitölunnar frá upphafi til loka ársins verði 19%, en meðalhækkunin milli ára verði rúmlega 25%. Hækkun byggingarvísitölunnar verður nokkuð minni vegna meira vægis launa í henni en framfærsluvísitölunni eða um 18% innan ársins og milli ára.

Kaupmáttur dagvinnulauna náði hámarki á fjórða ársfjórðungi síðasta árs og var þá um 5% yfir meðaltali ársins. Kaupmáttur á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var mun lægri en á fjórðungnum á undan, en engu að síður um 3,5% hærri en á fyrsta fjórðungi í fyrra og nokkru hærri en meðalkaupmáttur 1987. Bráðabirgðatölur um kaupmátt á fyrri hluta þessa árs, en þá



eru áhrif af upphafshækkun samkvæmt kjarasamningum komin að fullu fram, sýna að kaupmáttur dagvinnulauna var um 2,5% hærri en að meðaltali í fyrra. Horfur um kaupmátt á seinni hluta ársins benda til að hann muni lækka töluvert. Nú er því gert ráð fyrir að kaupmáttur dagvinnulauna verði að mestu hinn sami og í fyrra. Hér er reiknað með að kaupmáttur dagvinnulauna á síðasta ársfjórðungi þessa árs verði rúmlega 2% undir meðalkaupmætti ársins 1987.

Samkvæmt tölum kjararannsóknarnefndar hefur vinnutími verkafólks og iðnaðarmanna styst um 2–4 klukkustundir á viku á fyrri hluta þessa árs frá því á sama tíma í fyrra. Hér er um óvenjumikinn samdrátt vinnutíma að ræða og er hliðstæðna helst að leita allt aftur til áranna 1968–1970. Vísbendingar um þróun vinnutíma ríkisstarfsmanna benda einnig til þess að yfirvinna hafi dregist saman á þessu ári. Ástæður þessarar vinnutímastyttingar má að öllum líkindum leita til áhrifa af staðgreiðslu skatta annars vegar en hins vegar af minnkandi efnahagsumsvifum, þótt hér kunni einnig aðrir þættir að ráða s.s. hátt kaupmáttarstig. Að teknu tilliti til áhrifa vinnutíma á tekjumyndun er áætlað, að atvinnutekjur á mann muni að meðaltali vera um 24% hærri á þessu ári en í fyrra, sem felur í sér að kaupmáttur atvinnutekna verði rúmlega 1% lægri en í fyrra.



Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur hækkað verulega á síðustu tveimur árum. Þannig hefur kaupmáttur elli- og örorkulífeyris með tekjutryggingu og fullri heimilisuppbót hækkað um 37% frá 1986, þar af um 6% á þessu ári. Hækkun annarra bóta almannatrygginga er hins vegar mun minni. Tilfærslutekjur heimilanna eru taldar hækka um 30% á þessu ári og hækkun nafnvaxtatekna er talin enn meiri. Af þessum sökum er útlit fyrir að hækkun ráðstöfunartekna á mann verði svipuð og hækkun atvinnutekna, þótt skattbyrði hækki verulega á þessu ári.

Atvinnuástand á síðustu árum hefur einkennst af þenslu á vinnumarkaði. Atvinnuleysi hefur lækkað stöðugt allt frá árinu 1984, eða úr 1,3% af mannafla í 0,5% í fyrra, en

atvinnuleysi virðist heldur aukast á þessu ári. Þannig voru skráðir atvinnuleysisdagar í ágúst og september í fyrra að meðaltali um 5.900 en um 10.600 í sömu mánuðum á þessu ári. Þjóðhagsstofnun hefur árlega gert tvær kannanir á atvinnuástandi undanfarin 3 ár, og hafa þær allar leitt í ljós verulegan skort á vinnuafli. Kannanir í október 1987 og í maí 1988 sýndu að lausar stöður væru um 3,2–3,5% af heildarfjölda starfsmanna í þeim atvinnugreinum sem athuganirnar náðu til. Niðurstöður könnunar, sem gerð var í september–október á þessu ári, sýna veruleg umskipti frá fyrri könnunum, þar sem lausar stöður mælast eingöngu um ½% af mannafla. Þá hefur tilkynningum til félagsmálaráðuneytis um uppsagnir fjölgað verulega frá því í fyrra. Gjaldþrotum hefur og fjölgað umtalsvert og má sem dæmi nefna að á fyrstu níu mánuðum þessa árs hafði ríkissjóður greitt 70 milljónir vegna ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota en greiddi um 30 milljónir á öllu árinu í fyrra.



Þjóðarútgjöld.

Nú er talið að þjóðarútgjöld verði óbreytt að raungildi á þessu ári frá 1987.

Í júlí var því spáð að heildarútgjöld þjóðarbúsins ykjust um 1%, en þá var reiknað með óbreyttri einkaneyslu og 1% samdrætti fjárfestingar. Miðað við upplýsingar um heildarveltu í verslunar-, þjónustu- og iðngreinum má ætla að verulega hafi dregið úr eftirspurn í hagkerfinu að undanförnu og að velta í þessum greinum muni dragast nokkuð saman á árinu.

Horfur eru á að einkaneyslan minnki um 1% á þessu ári frá því í fyrra. Þetta stafar einkum af minni kaupmætti ráðstöfunartekna á síðari hluta ársins, en einkaneyslan ræðst fyrst og fremst af kaupmætti heimilanna. Á fyrri helmingi ársins var kaupmátturinn vaxandi þar sem tekjur hækkuðu meira en verðlag. Í kjölfar bráðabirgðalaga um afnám launahækkana í september og desember stefnir í minni kaupmátt heimilanna á seinni hluta ársins. Samkvæmt þessu munu einkaneysluútgjöld heimilanna dragast saman á síðustu mánuðum ársins.



Útgjöld til samneyslu aukast að líkindum um 2% frá fyrra ári, sem er óbreytt spá frá því í júlí.

Fjárfestingin í heild er nú talin dragast saman um tæplega 3% í stað 1% samdráttar samkvæmt júlíspá Þjóðhagsstofnunar. Þessa breytingu frá fyrri spá má fyrst og fremst rekja til sölu Flugleiða á gömlum flugvélum úr landi. Fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 9% samkvæmt spánni, en það eru mikil umskipti frá því í fyrra þegar fjárfesting í atvinnuvegunum jókst um tæplega fimmtung.

Samkvæmt þessu verða neyslu- og fjárfestingarútgjöld samtals á næsta ári tæplega 1% minni að raungildi en í fyrra. Að teknu tilliti til birgðabreytinga verða þjóðarútgjöldin í heild hins vegar nær óbreytt frá síðasta ári.

Utanríkisviðskipti.

Útlit er fyrir umtalsverðan halla á viðskiptum við útlönd á þessu ári, bæði á vöru- og þjónustuviðskiptum. Minni sjávarafli en reiknað var með í fyrri spám hefur í för með sér minni útflutningsframleiðslu á sjávarafurðum og því lægri útflutningstekjur. Verðþróun á mörkuðum erlendis hefur verið frekar óhagstæð það sem af er árinu. Verð á frystum afurðum á Bandaríkjamarkaði hefur lækkað verulega og sömu sögu er að segja um verð á saltfiskafurðum í Suður-Evrópu. Á móti vegur mikil verðhækkun á mjöli og lýsisafurðum. Þegar á heildina er litið má því reikna með að verðlag á útfluttum sjávarafurðum lækki um 1% í erlendri mynt milli áranna 1987 og 1988.

Hagur stóriðju er á hinn bóginn góður um þessar mundir. Verð á áli og kísiljárni hækkaði snögglega á seinni hluta síðasta árs og hefur haldist hagstætt á þessu ári. Stóriðjufyrirtækin stefna því bæði að fullri nýtingu framleiðslugetunnar, þótt lítillega dragi úr álframleiðslu miðað við fyrra ár vegna framleiðslutafa sem rekja má til vinnudeilna í vor. Framleiðsluhorfur í öðrum útflutningsgreinum eru misjafnar, en þegar á heildina er litið er reiknað með því sem næst óbreyttum útflutningi miðað við síðasta ár.

Vöruinnflutningur í ár er talinn aukast um 3%, en vöruútflutningur er hins vegar talinn dragast saman um rúmlega 1½%. Þetta felur í sér að hallinn á vöruskiptajöfnuði heldur áfram að aukast á þessu ári. Gert er ráð fyrir því að hallinn verði um 5 milljarðar króna, eða um 2% af landsframleiðslu, samanborið við tæplega 2 milljarða króna í fyrra. Þótt þannig hafi áfram sigið á ógæfuhliðina varðandi vöruskiptajöfnuð hefur mikið dregið úr aukningu vöruinnflutnings frá síðasta ári, en þá jókst hann um nálægt því 25% að raungildi, því nú er talið að almennur vöruinnflutningur verði því sem næst óbreyttur að raungildi frá fyrra ári. Reiknað er með að verðlag á innfluttum vörum, að olíu undanskilinni, fylgi almennum verðlagsbreytingum í viðskiptalöndum sem eru á bilinu 3–4%. Verð á olíu hefur farið lækkandi á árinu og má búast við að meðalverð á olíuinnflutningi verði 10% lægra á þessu ári en í fyrra, reiknað í dollurum.

Þjónustuviðskipti án vaxta skila afgangi sem gæti numið um ½ milljarði króna, ef þessi spá gengur eftir. Nokkur óvissa ríkir þó um þennan þátt, sérstaklega vegna lakari útkomu á fyrri helmingi ársins en reiknað var með, en þjónustujöfnuður án vaxta var þá neikvæður um rúmlega 300 milljónir króna.

Vaxtagjöld til útlanda eru áætluð um 9 milljarðar króna á árinu og vaxtatekjur um 1 milljarður króna. Halli á þjónustuviðskiptum í heild gæti þannig orðið um 6½ milljarður króna. Að öllu samanlögðu stefnir því í um 12 milljarða króna halla á viðskiptajöfnuði sem svarar til rúmlega 4½% af landsframleiðslu.

Viðskiptakjörin verða því sem næst óbreytt á árinu. Verð á sjávarafurðum lækkaði að meðaltali minna en útlit var fyrir, sérstaklega vegna hækkandi verðlags á mjöli og lýsisafurðum og mikilla verðhækkana á áli og kísiljárni. Lækkun á olíuverði hefur bætti einnig viðskiptakjörin.

Viðskiptajöfnuður við útlönd 1980–1988.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Spá 1988
Vöruskiptajöfnuður	153	-196	-1885	467	-332	-10	3980	-1967	-5000
Vöruútflutningur	4460	6536	8479	18623	23557	33750	44968	53053	61700
Vöruinnflutningur	4307	6732	10364	18156	23889	33760	40988	55020	66700
Þjónustujöfnuður	-56	-16	270	1336	756	778	2803	937	1400
Þjónustutekjur	1286	2188	4235	8455	10738	16069	18157	20413	24400
Þjónustugjöld	1342	2204	3965	7119	9982	15291	15354	19376	23000
Þáttatekjur nettó	-410	-811	-1495	-3066	-4554	-5584	-6229	-6203	-8000
Vaxtatekjur	63	158	340	355	455	600	727	893	1000
Vaxtagjöld	468	960	1815	3405	5010	6205	6953	7106	9000
Launatekjur nettó	-5	-9	-20	-16	1	21	-3	10	-
Viðskiptajöfnuður	-313	-1023	-3110	-1263	-4130	-4816	554	-7233	-11600
Hlutföll af VLF %									
Vöruskiptajöfnuður	1,0	-0,8	-4,9	0,7	-0,4	0,0	2,5	-1,0	-2,0
Þjónustujöfnuður	-0,4	-0,1	0,7	2,0	0,9	0,6	1,7	0,5	0,6
Þáttatekjur nettó	-2,6	-3,3	-3,9	-4,6	-5,2	-4,6	-3,9	-3,0	-3,2
Viðskiptajöfnuður	-2,0	-4,2	-8,1	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-4,6

Yfirlit þjóðhagsspár fyrir árið 1988.
Samkvæmt þeim forsendum sem lýst hefur verið hér að framan um framleiðslu- og útgjaldaþróun á þessu ári mun verg landsframleiðsla dragast saman um 1½%. Þessi samdráttur stafar fyrst og fremst af minnkun einkaneyslu- og fjárfestingarútgjalda. Verg þjóðarframleiðsla dregst saman um rúmlega 2% og vergar þjóðartekjur heldur minna vegna viðskiptakjarabata, eða um 2%.

Yfirlit þjóðhagsspár 1988.

	1988	
	Breyting frá f. ári	Hlutdeild í hagvexti
Einkaneysla	-1,0	-0,6
Samneysla	2,0	0,4
Fjárfesting	-2,7	-0,5
Birgðabreytingar	0,8	0,7
Þjóðarútgjöld	-0,1	-0,1
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,0	-0,3
Innflutningur vöru og þjónustu	2,2	-1,0
Landsframleiðsla	-1,4	-1,4

IV. HORFUR 1989

Afli og útflutningsframleiðsla.
Á grundvelli þeirrar fiskveiðistefnu, sem nú er framfylgt, og með hliðsjón af framvindunni á þessu ári má ætla, að heildarafli á föstu verðlagi dragist saman um 4½% á næsta ári. Hér er gert ráð fyrir áframhaldandi minnkun þorskafla, en óbreyttu magni í öðrum botnfiski. Jafnframt er reiknað með samdrætti í rækju- og loðnuveiði. Miðað við þessar forsendur er því spáð, að útflutningsframleiðsla sjávarafurða verði um 3% minni en 1988. Mismunandi breyting á afla og framleiðslu stafar af því að reiknað er með hagkvæmari ráðstöfun aflans 1989 en á þessu ári.

Horfur í öðrum greinum benda meðal annars til einhverrar aukningar í álframleiðslu og í almennri iðnaðarframleiðslu til útflutnings. Einnig er reiknað með umtalsverðri framleiðsluaukningu í fiskeldi á árinu. Þessar horfur fela í sér, að heildarframleiðsla útflutningsgreina aukist um tæplega 1% á árinu 1989 miðað við 1988. Aftur á móti er búist við um 2% samdrætti í vöruútflutningi á næsta ári. Þessi mismunur í magnbreytingu milli framleiðslu útflutningsgreina annars vegar og vöruútflutnings hins vegar er rakinn til minni útflutnings skipa og flugvéla og verulegrar birgðasöfnunar í fiskeldi á næsta ári.

Þjóðarútgjöld.
Sem fyrr segir er eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar að stöðva vöxt viðskiptahalla og í framhaldi að skapa forsendur fyrir lækkun hans. Til þess að ná þessu markmiði er óhjákvæmilegt að draga úr þjóðarútgjöldum á næsta ári. Áætlun ríkisstjórnarinnar um að viðskiptahalli aukist ekki á árinu 1989 byggist á því að þjóðarútgjöld í heild dragist saman um 2½%.

Einkaneysluútgjöld, sem vega langþyngst í þjóðarútgjöldum, eða nálægt tveimur þriðju, ráðast að verulegu leyti af ráðstöfunartekjum heimilanna. Mikil óvissa ríkir um þróun ráðstöfunartekna á næsta ári. Þetta má meðal annars rekja til þess að kjarasamningar eru uppsegjanlegir frá 15. febrúar 1989 og verðstöðvun fellur úr gildi í febrúarlok 1989. Þá hefur dregið úr eftirspurn á almennum vinnumarkaði sem leitt hefur til styttri vinnutíma og minni yfirborgana og launaskriðs. Ætla má að þessi þróun haldi áfram á næsta ári. Áhrif þessara breytinga á vinnumarkaðinn er erfitt að meta fyrir fram. Í þessari áætlun er reiknað með að ráðstöfunartekjur í heild verði 5–6% minni að meðaltali 1989 en á árinu 1988. Ráðstöfunartekjurnar munu því samkvæmt þessu dragast álíka mikið saman og þjóðartekjurnar samanlagt í ár og á næsta ári. Á þessum forsendum verður reiknað með því að einkaneysla verði 3½% minni árið 1989 en spáð er á þessu ári.

Að því er samneyslu varðar er einkum byggt á útgjaldaáformum ríkisins eins og þau koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1989. Talið er að þau feli í sér um ½% aukningu samneysluútgjalda að raungildi á næsta ári. Minna er vitað um áform sveitarfélaga um samneysluútgjöld en hér verður reiknað með svipaðri aukningu og hjá ríkinu.

Áætlað er að heildarfjárfesting dragist saman um rúmlega 3% á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að opinberar framkvæmdir minnki að raungildi um tæplega 4% frá 1988. Munar þar mestu um verulegan samdrátt í samgönguframkvæmdum, eða um 10%, sem stafar fyrst og fremst af minni framkvæmdum Póst- og símamálastofnunarinnar. Á hinn bóginn aukast raforkuframkvæmdir um 11%. Talið er að fjárfesting í íbúðabyggingum verði svipuð 1989 og á þessu ári. Að venju ríkir mikil óvissa um fjárfestingu í atvinnuvegum. Hér er reiknað með því að fjárfesting atvinnuveganna í heild dragist saman um 4%. Án inn- og útflutnings skipa og

flugvéla minnkar fjárfestingin enn meira, eða um 11–12%. Gert er ráð fyrir samdrætti í öllum atvinnugreinum nema flutningastarfsemi. Mikil aukning fjárfestingar í flutningatækjum stafar hins vegar af kaupum Flugleiða á flugvélum. Samkvæmt þessum áætlunum verður fjárfesting í heild á næsta ári rúmlega 17% af landsframleiðslu sem er lægra hlutfall en verið hefur í fjörutíu ár.

Eins og áður sagði fela þessar áætlanir í sér að þjóðarútgjöld í heild dragist saman um 2½% á næsta ári.

Utanríkisviðskipti.

Eins og jafnan áður ríkir mikil óvissa um viðskiptakjörin. Hér er reiknað með 3–4% hækkun á verði sjávarafurða að meðaltali á næsta ári. Varðandi aðrar útflutningsafurðir má búast við verðlækkun, sérstaklega á það við um álverð sem hækkaði verulega á þessu ári. Samkvæmt þessu gæti því verð á útflutningsvöru hækkað um rúmlega 2%. Væntanlega mun verðlag á almennum vöruinnflutningi að olíu undanskilinni, fylgja almennu verðlagi í viðskiptalöndum okkar. Blikur eru á lofti sem benda til að vænta megi heldur meiri verðbólgu í þessum löndum á árinu 1989 heldur en í ár. Því er miðað við að almennt verðlag í viðskiptalöndunum hækki um 4½%. Verð á olíu hefur farið heldur lækkandi að undanförnu en mjög erfitt er að segja til um hvort olíuverð muni hækka eða lækka á næsta ári. Af þeim sökum er gert ráð fyrir óbreyttu heimsmarkaðsverði á olíu. Í heild má því reikna með að verð á innfluttum vörum hækki um tæplega 4%. Miðað við þessar forsendur er hér um að ræða rýrnun á viðskiptakjörum um 1½% á næsta ári þegar litið er til vöruviðskipta.

Miðað við óbreytt raungengi krónunnar og nokkurn samdrátt í kaupmætti ráðstöfunartekna dregst almenn eftirspurn eftir innfluttum vörum saman þannig að almennur innflutningur án olíu gæti lækkað um 4%. Hvað varðar innflutning á olíu má gera ráð fyrir að hann verði óbreyttur að raungildi á næsta ári. Sérstakur innflutningur dregst aftur á móti saman um tæp 5%, enda hefur innflutningur á fjárfestingarvörum, aðallega skipum og flugvélum, verið mjög mikill á tveimur síðustu árum. Vöruútflutningur dregst saman um rúmlega 2% aðallega vegna minni sjávarafla eins og rakið er hér að framan. Samkvæmt þessu verður um að ræða halla á vöruviðskiptum við útlönd sem nemur 2% af vergri landsframleiðslu. Þjónustuviðskipti án vaxta verða aftur á móti hagstæð á næsta ári ef forsendur þjóðhagsáætlunar standast. Vaxtajöfnuðurinn verður hins vegar neikvæður um sem nemur 3,6% af landsframleiðslu. Alls er því útlit fyrir halla á viðskiptum við útlönd sem gæti svarað til 4½% af vergri landsframleiðslu.

Verðlag og tekjur.

Eins og fram hefur komið benda síðustu spár til þess að framfærsluvísitalan muni hækka um 19% frá upphafi til loka þessa árs. Árshraði verðbreytinga í lok ársins er hins vegar talinn verða um 10%. Í þessum spám felst því að verðbreytingar á næstu þremur mánuðum verði aðeins 2½%. Þetta eru því mikil umskipti frá þeirri verðlagsþróun sem var á fyrri hluta ársins og fram á haustmánuði.

Mikil óvissa er um þróun verðlags á næsta ári. Verðbólgan er auðvitað ekki eingöngu undir aðgerðum stjórnvalda komin, heldur einnig ytri skilyrðum og ákvörðunum annarra aðila í hagkerfinu. Sú verðstöðvun sem ríkisstjórnin hefur ákveðið nær til febrúarloka 1989. Þá eru kjarasamningar almennt uppsegjanlegir frá 15. febrúar 1989. Að svo stöddu er því fremur litlar upplýsingar að fá til að byggja á verðlagsspá eftir febrúarmánuð á næsta ári. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að gengi krónunnar á næsta ári verði óbreytt frá því sem það er nú. Jafnframt er gengið út frá því að innflutningsverðlag hækki í samræmi við spár alþjóðastofnana um 4½% verðbólgu í helstu viðskiptalöndum Íslendinga á næsta ári. Þá er

reiknað með því að laun hækki þannig að kaupmáttur launa haldist miðað við fyrsta ársfjórðung 1989. Í þessu sambandi er þess þó að gæta, að launa- og tekjuþróun á næsta ári er enn mjög óráðin, bæði vegna væntanlegra kjarasamninga og eins vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa að undanförnu á vinnumarkaðinum, og leitt hafa til styttri vinnutíma og minni yfirborgana og launaskriðs. Í ljósi þess samdráttar í framleiðslu sem hér er gert ráð fyrir má ætla að þessi þróun haldi áfram á næsta ári.

Samkvæmt þessu er því örðugt að setja fram nákvæmar spár um verðbreytingar á árinu 1989. Í þessari áætlun er reiknað með að verðlag á mælikvarða framfærsluvísitölu hækki um 12% milli áranna 1988 og 1989.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1989.

Á þeim forsendum sem hér hefur verið lýst er niðurstaða þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1989 sú, að landsframleiðsla muni verða um 1½% minni en á þessu ári og þjóðartekjur um 3% minni. Sem fyrr segir má einkum rekja þessar óhagstæðu horfur til þess að gert er ráð fyrir því að útflutningur dragist saman og einnig þjóðarútgjöld, sérstaklega útgjöld til einkaneyslu og fjárfestingar. Mikilsvert er hins vegar að samkvæmt þessari áætlun er reiknað með að þjóðarútgjöld dragist ívið meira saman en landsframleiðsla, sem felur í sér að vöxtur viðskiptahalla verður stöðvaður. Það yrði reyndar að teljast umtalsverður árangur, þar sem viðskiptajöfnuður hefur yfirleitt versnað þau ár sem útflutningstekjur hafa dregist saman. Þetta getur skapað forsendur fyrir meiri stöðugleika í verðlagsmálum en verið hefur á síðustu tveimur árum.

Á hinn bóginn fela þessar horfur í sér að áfram dragi úr eftirspurn og umsvifum í landinu. Þetta hefur meðal annars í för með sér að eftirspurn á vinnumarkaði minnkar, eins og reyndar hefur þegar gætt á seinni hluta þessa árs. Engu að síður ætti atvinnuástand að geta haldist þolanlegt, ef vel tekst til við að treysta rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina og leysa úr aðsteðjandi fjárhagsvanda fyrirtækja í þessum greinum. Athygli er þó vakin á því að erfitt er að meta fyrir fram áhrif á vinnumarkaðinn af svo miklum breytingum sem orðið hafa að undanförnu í þjóðarbúskapnum. Ætla má hins vegar að sú þensla sem ríkt hefur á vinnumarkaðinum sé að minnka og nú stefni í átt til jafnvægis.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að treysta stöðu atvinnulífsins og leggja þar með grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagsmálum. Þess vegna verður vandlega fylgst með afkomu atvinnulífsins og atvinnuástandi á næstu mánuðum þannig að hægt verði að bregðast í tæka tíð við breytingum, sem kunna að verða í atvinnumálum.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar 1989.

	1989	
	Breyting frá f. ári	Hlutdeild í hagvexti
Einkaneysla	-3,5	-2,3
Samneysla	0,5	0,1
Fjárfesting	-3,2	-0,6
Birgðabreytingar	-2,8	0,2
Þjóðarútgjöld	-2,6	-2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,1	-0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-3,8	1,4
Landsframleiðsla	-1,6	-1,6

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1986–1989.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989
1. Einkaneysla	97.970	132.350	164.400	177.600	6,5	14,0	–1,0	–3,5
2. Samneysla	27.291	36.670	46.200	50.400	6,8	5,5	2,0	0,5
3. Fjárfesting	29.030	38.890	44.700	47.400	–2,2	15,7	–2,7	–3,2
4. Neysla og fjárfesting alls	154.218	207.910	255.300	275.400	4,6	12,7	–0,8	–2,8
5. Birgðabreytingar [2]	–2.094	–298	1.400	1.800	–0,7	0,9	0,8	0,1
6. Þjóðarútgjöld, alls	152.197	207.612	256.700	277.200	4,0	13,8	–0,1	–2,6
7. Útflutningur vöru og þjónustu	63.125	73.466	86.100	94.000	6,2	4,0	–1,0	–1,1
8. Innflutningur vöru og þjónustu	56.342	74.496	89.700	96.400	0,3	22,9	2,2	–3,8
9. **Verg landsframleiðsla**	**158.980**	**206.582**	**253.100**	**274.800**	**6,3**	**6,6**	**–1,4**	**–1,6**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	–6.229	–6.203	–8.000	–10.000	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.)	554	–7.233	–11.600	–12.400	.	.	.	.
12. **Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)**	**152.751**	**200.379**	**245.100**	**264.800**	**6,3**	**6,5**	**–2,2**	**–2,2**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.	.	1,9	1,9	0,1	–0,7
14. **Vergar þjóðartekjur (12.+13.)**	.	.	.	.	**8,1**	**8,2**	**–2,0**	**–3,1**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	.	0,3	–3,5	–4,6	–4,5

1) Magnbreytingar 1986, 1987 og 1988 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá fyrir árið 1989 á verðlagi fyrra árs.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1986–1989.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	32.605	40.220	44.900	48.300	10,1	6,1	-2,0	-3,0
Ál	4.032	4.780	6.500	6.500	1,2	10,0	-3,5	3,0
Kísiljárn	1.421	1.273	2.200	2.700	11,3	-8,6	13,0	0,0
Annað	4.476	5.912	7.500	9.900	-6,8	20,4	1,4	22,4
Samtals	42.534	52.185	61.100	67.400	7,5	7,5	-1,4	0,9
Útflutt skip og flugvélar	340	570	2.000	500	.	.	.	.
Birgðabreytingar	-2.094	-298	1.400	1.800	.	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	**44.968**	**53.053**	**61.700**	**66.100**	**10,3**	**3,2**	**-1,7**	**-2,3**
Vöruinnflutningur, alls	**40.988**	**55.020**	**66.700**	**71.600**	**5,6**	**24,9**	**3,0**	**-3,9**
Almennur vöruinnflutningur	36.650	49.076	58.000	62.300	5,5	24,5	0,5	-3,7
þ.a. olía	3.693	3.724	4.000	4.300	2,8	8,2	5,0	0,0
þ.a. annað	32.957	45.352	54.000	58.000	6,1	26,4	0,2	-4,0
Sérstakur vöruinnflutningur	4.338	5.944	8.700	9.300	6,8	27,9	23,0	-4,9
Vöruskiptajöfnuður	**3.980**	**-1.967**	**-5.000**	**-5.500**	.	.	.	.
Útflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	18.157	20.413	24.400	27.900	-3,4	6,3	0,9	2,1
Innflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	15.354	19.476	23.000	24.800	-13,8	16,5	-0,2	-3,6
Þjónustujöfnuður (án vaxta ofl.)	**2.803**	**937**	**1.400**	**3.100**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-6.229**	**-6.203**	**-8.000**	**-10.000**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**554**	**-7.233**	**-11.600**	**-12.400**	.	.	.	.

1) Magnbreytingar 1986, 1987 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá fyrir 1988 og 1989 á verðlagi fyrra árs.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1986–1989.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989	1986	Bráðab. 1987	Spá 1988	Þjóðhags-áætlun 1989
Fjármunamyndun alls	**29.030**	**38.890**	**44.700**	**47.400**	**-2,2**	**15,6**	**-2,7**	**-3,2**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álverksmiðja	643	780	1.050	1.540	-33,4	2,9	14,1	33,3
Innfl. skip og flugvélar	1.862	3.268	5.500	5.700	61,6	61,2	42,6	0,0
Útfl. skip og flugvélar	-340	-570	-2.000	-500	.	.	.	.
Önnur fjármunamyndun	26.865	35.412	40.150	40.660	-2,9	13,3	-4,0	-8,1
I Atvinnuvegirnir	**15.810**	**21.290**	**22.900**	**23.970**	**6,4**	**18,4**	**-8,8**	**-4,0**
1. Landbúnaður [2]	2.100	2.300	2.580	2.700	13,9	-5,2	-5,0	-5,0
2. Fiskveiðar	2.648	4.100	4.900	3.380	124,5	36,4	1,3	-35,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.360	1.500	1.590	1.570	-5,1	-2,4	-10,0	-10,0
4. Álverksmiðja	125	200	120	130	33,3	31,3	-49,0	0,0
5. Járnblendiverksmiðja	25	30	50	110	-57,1	0,0	40,0	100,0
6. Annar iðnaður	3.310	4.000	4.720	4.700	-9,5	7,8	0,0	-10,0
7. Flutningatæki	1.400	1.800	1.800	4.240	-28,0	19,8	-15,0	122,0
8. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	2.470	3.950	3.730	3.710	9,7	35,9	-20,0	-10,0
9. Ýmsar vélar og tæki	2.372	3.410	3.410	3.430	-0,3	26,4	-15,0	-10,0
II Íbúðarhús	**5.585**	**7.230**	**9.000**	**9.900**	**-15,0**	**10,0**	**5,0**	**0,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**7.635**	**10.370**	**12.800**	**13.530**	**-8,2**	**14,0**	**4,6**	**-3,9**
1. Rafvirkjanir	1.040	1.250	1.900	2.310	-26,9	2,3	28,8	11,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	840	1.020	1.650	1.780	-21,8	2,9	37,1	-2,0
3. Samgöngumannvirki	3.715	5.200	5.000	5.030	2,5	16,0	-18,5	-8,0
4. Byggingar hins opinbera	2.040	2.900	4.250	4.410	-8,7	21,1	24,2	-6,0

Athugasemdir:

1) Magnbreytingar 1986 og 1987 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en áætlun 1988 og spá 1989 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Afli og aflaverðmæti 1981–1989.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Spá 1988	Spá 1989
Í þúsundum lesta									
Þorskur	461	382	294	281	323	366	390	360	340
Annar botnfiskur	254	308	311	284	263	266	294	304	309
Síld	40	56	59	50	49	66	75	90	100
Loðna	642	13	133	867	993	898	804	1.000	800
Humar	3	3	3	2	2	3	3	2	2
Rækja	8	9	13	24	25	36	39	31	27
Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	12	13	16
Annað	23	5	11	12	8	5	2	5	5
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	1.619	1.805	1.599
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði, %:									
Samtals	2,4	–13,2	–7,8	13,9	6,6	8,7	4,7	–1,9	–4,5
Samtals án loðnu	5,7	–2,7	–10,3	–2,0	5,3	12,1	6,5	–4,2	–2,7

Athugasemd:
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði hafa verið endurmetnar frá fyrri tölum. Verðlagning aflans miðast nú eingöngu við innanlandsverð.

Tafla 5. Breytingar verðlags, launa og gengis 1986–1988.

	1986	1987	Spá 1988	Spá 1989
	%	%	%	%
1. Framfærsluvísitala				
Meðalhækkun frá fyrra ári	21½	18½	25½	12
Frá upphafi til loka árs	13	26	19	6
2. Byggingarvísitala				
Meðalhækkun frá fyrra ári	24½	17½	18	10
Frá upphafi til loka árs	16	16	18	5
3. Lánskjaravísitala				
Meðalhækkun frá fyrra ári	24½	17½	23½	13
Frá upphafi til loka árs	14½	22	21	6
4. Atvinnutekjur á mann				
Meðalhækkun frá fyrra ári	33	42	24	6
5. Ráðstöfunartekjur á mann				
Meðalhækkun frá fyrra ári	34	43	24	5
6. Meðalverð erlends gjaldeyris á mælikvarða miðgengis.				
Meðalhækkun frá fyrra ári	15½	3½	14	7
Frá upphafi til loka árs	6½	2	21	0
7. Verð á erlendum gjaldeyri m.v. samsetningu innflutnings				
Meðalhækkun frá fyrra ári	18	5	15	.
Frá upphafi til loka árs	7½	3½	22	.
8. Raungengi krónunnar				
Meðalbreyting frá fyrra ári	1,3	9,2	5,2	.

Tafla 6. Yfirlit ríkisfjármála 1988.

	Fjárlög 1988	Staða jan.-sept. 1988	Ný áætlun 1988
Tekjuafgangur/halli, millj.kr.	26	-5.252	-2.981
– % af VLF	0,0	-2,1	-1,2
– % af tekjum	0,0	-11,5	-4,5
Peningaleg eignaaukning, millj.kr.	540	721	517
– % af VLF	0,2	0,3	0,2
Hrein lánsfjárþörf, millj.kr.	514	5.973	3.498
– % af VLF	0,2	2,4	1,4
– innlend lántaka, nettó	1.115	-464	1.560
– erlend lántaka, nettó	55	-479	3.472
– Seðlabanki og sjóður, nettó	-656	6.916	-1.534
Eftirspurnaráhrif	-3.916	2.696	-2.962
– % af VLF	-1,6	1,1	-1,2
– erlendar vaxtagreiðslur	2.500	2.308	2.870
– vaxtagreiðslur til Seðlabanka	815	1.433	2.030

Eftirspurnaráhrif = erlend lántaka (nettó) + lántaka í Seðlabanka (nettó) - erlendar vaxtagreiðslur - vaxtagreiðslur til Seðlabanka. Þessi jöfnuður er að því leyti frábrugðinn tekjuafgangi/halla ríkissjóðs sem vísbending um eftirspurnaráhrif að hann tekur annars vegar tillit til þeirra útgjalda ríkissjóðs sem fara út úr landinu, s.s. erlendar vaxtagreiðslur; og hins vegar tillit til þess hvort fjármögnunin sé innlend eða erlend sem hrein lánsfjárþörf gerir ekki.

Tafla 7. Yfirlit um peningamál 1987–1988 [1]).

Fjárhæðir í milljónum króna, í byrjun mánaðar.

	1987				1988			
	jan.	apríl	júlí	okt.	jan.	apríl	júlí	okt.
Útlán bankakerfisins	64.629	71.122	78.428	86.340	93.295	101.830	112.745	125.648
1. Útlán Seðlabanka	3.795	3.690	4.840	7.021	7.002	9.384	10.675	12.918
2. Útlán innlánsstofnana	60.834	67.432	73.588	79.319	86.293	92.446	102.070	112.730
— vísitala útlána bankakerfisins	100	110	121	134	144	158	174	194
— vístala útlána Seðlabanka	100	97	128	185	185	247	281	340
— vísitala útlána innlánsstofnana	100	111	121	130	142	152	168	185
— lánskjaravísitala	100	105	110	115	122	127	138	145
Til opinberra aðila (%)	13,1	13,6	13,7	15,3	14,7	15,8	15,6	17,2
Til fyrirtækja (%)	69,2	68,6	68,1	66,3	66,7	65,6	66,2	64,9
Til einstaklinga (%)	17,6	17,8	18,1	18,4	18,6	18,6	18,2	17,9
Fjármögnun útlána:	64.629	71.122	78.428	86.340	93.295	101.830	112.745	125.648
1. Peningamagn og innlent fé	60.316	65.110	72.327	78.123	82.631	90.134	95.009	104.491
2. Erlend fé [2])	4.313	6.012	6.101	8.217	10.664	11.696	17.736	21.157
— vísitala innl. fjármögnunar	100	108	120	130	137	149	158	173
— vísitala erl. fjármögnunar	100	139	141	191	247	271	411	491

1) Reikningsstaða.
2) Erlend lán að frádreginni gjaldeyrisstöðu bankakerfisins.

Tafla 8. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1988.
Á mann.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	Áætlun 1987	Spá 1988
1. Vísitölur 1980=100									
Landsframleiðsla	100	103	104	99	101	104	109	115	112
Þjóðarframleiðsla	100	102	103	97	99	101	107	112	109
Viðskiptakjör	100	101	100	104	105	105	110	116	116
Þjóðartekjur	100	103	104	99	101	103	110	118	115
Þjóðarútgjöld	100	105	109	98	103	105	108	122	121
Einkaneysla	100	106	111	102	104	109	115	129	127
Samneysla	100	106	111	115	114	120	127	133	134
Fjárfesting	100	100	98	85	91	92	89	102	98
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	106	107	94	93	103	113	136	135
2. Breyting frá fyrra ári, %									
Landsframleiðsla	4,5	3,1	0,9	–5,3	2,4	2,6	5,5	5,4	–2,4
Þjóðarframleiðsla	4,4	2,5	0,6	–5,9	1,8	2,3	5,5	5,3	–3,1
Viðskiptakjör	–3,4	1,0	–1,5	4,2	1,1	0,0	4,9	5,5	0,0
Þjóðartekjur	3,2	3,1	0,4	–4,6	2,0	2,1	7,3	6,9	–2,9
Þjóðarútgjöld	4,6	5,3	3,9	–10,2	4,6	2,2	3,2	12,5	–1,1
Einkaneysla	2,2	6,5	4,2	–7,6	1,7	4,2	5,7	12,7	–2,0
Samneysla	1,0	6,1	4,7	3,4	–0,8	5,4	6,0	4,3	1,0
Fjárfesting	12,9	–0,2	–1,9	–13,4	7,8	0,2	–3,0	14,4	–3,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	6,0	0,9	–12,1	–1,1	10,8	9,7	20,4	–0,7

Tafla 9. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1945–1989.*)

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Vísitala 1960=100	Hlutfallslegar breytingar milli ára	Vísitala 1960=100	Hlutfallslegar breytingar milli ára
1945	56,1	4,7%	60,8	7,1%
1946	58,4	4,0%	65,1	7,1%
1947	65,2	11,7%	71,0	9,0%
1948	66,3	1,7%	71,0	0,0%
1949	65,4	-1,3%	67,9	-4,3%
1950	63,5	-3,0%	63,9	-5,9%
1951	62,9	-0,9%	61,7	-3,4%
1952	62,0	-1,4%	60,8	-1,5%
1953	70,5	13,7%	71,0	16,8%
1954	77,1	9,2%	78,4	10,4%
1955	84,4	9,6%	86,4	10,2%
1956	86,1	2,0%	87,0	0,7%
1957	86,1	0,0%	85,8	-1,4%
1958	94,1	9,2%	95,7	11,5%
1959	95,8	1,8%	97,5	1,9%
1960	100,0	4,4%	100,0	2,5%
1961	100,6	0,6%	104,3	4,3%
1962	108,2	7,6%	112,7	8,0%
1963	118,4	9,4%	123,5	9,6%
1964	128,6	8,6%	137,0	11,0%
1965	137,1	6,6%	150,9	10,1%
1966	148,7	8,5%	163,6	8,4%
1967	146,5	-1,5%	155,9	-4,7%
1968	138,0	-5,8%	145,1	-6,9%
1969	142,5	3,3%	151,2	4,3%
1970	153,5	7,8%	170,1	12,4%
1971	173,1	12,7%	196,9	15,8%
1972	184,4	6,5%	207,4	5,3%
1973	192,9	4,6%	227,5	9,7%
1974	204,0	5,7%	234,0	2,8%
1975	207,4	1,7%	225,9	-3,4%
1976	218,4	5,3%	243,5	7,8%
1977	238,2	9,1%	272,5	11,9%
1978	254,1	6,7%	289,5	6,2%
1979	268,3	5,6%	295,7	2,1%
1980	283,3	5,6%	308,6	4,4%
1981	295,5	4,3%	321,6	4,2%
1982	302,3	2,3%	327,4	1,8%
1983	290,1	-4,0%	316,3	-3,4%
1984	300,0	3,4%	325,8	3,0%
1985	310,2	3,4%	335,2	2,9%
1986	329,7	6,3%	362,3	8,1%
1987	351,5	6,6%	392,1	8,2%
1988	346,6	-1,4%	384,2	-2,0%
1989	341,0	-1,6%	372,3	-3,1%

*) Áætlanir fyrir árið 1987 en spár fyrir árin 1988 og 1989.

MYND 8. BREYTING VERGRAR LANDSFRAMLEIÐSLU FRÁ FYRRA ÁRI, 1945 - 1989



MYND 9. VÍSITALA VERGRAR LANDSFRAMLEIÐSLU 1945 - 1989, 1960 = 100



Nd. 77. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á lögum um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Óli Þ. Guðbjartsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útflutningur hvers konar er frjáls og óháður útflutningsleyfum.

Útflytjendur eru þó skyldir að veita utanríkisráðuneytinu þær upplýsingar, sem óskað er, um magn og tegund vara eða vinnu sem seld er til útlanda.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að viðurkenna og hafa samvinnu við félög í einstökum atvinnugreinum sem hafa með gæðaflokkun á einstökum vöruflokkum að gera og getur löggilt slík félög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að draga úr miðstýringu ríkisins. Frjáls útflutningur er forsenda efnahagsframfara og þegar til lengdar lætur skilar hann meiri og betri tekjum í þjóðarbúið en nú er. Það að binda útflutning á vörum leyfisveitingum frá utanríkisráðuneytinu er tímaskekkja og leifar gömlu selstöðuverslunarinnar. Þótt verðfall geti orðið á erlendum mörkuðum vegna offramboðs á stundum er ekki rétt að taka þá ábyrgð og áhættu frá útflytjendum sem ávallt fylgir frjálsum markaðslögmálum. Þegar útflytjendur hafa áttað sig á hvaða lögmál gilda á mörkuðum erlendis munu þeir halda vel á þeim málum. Útflytjendur geta hins vegar sjálfir haft samráð eða félagsskap á milli sín óháð stjórnvöldum. Nú eru allt aðrar forsendur fyrir verslun en fyrst eftir að við fengum hana í okkar hendur. Fjöldi vel menntaðra manna á sviði viðskipta og markaðssetningar er nú í landinu og reynslumiklir kaupsýslumenn sem aðallega eru í innflutningi en gætu vel tekið mun virkari þátt í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar en hingað til.

Nauðsynlegt er samt sem áður að halda uppi gæðaeftirliti og má í því sambandi t.d. efla starfsemi eins og Ríkismat sjávarafurða. Gæðaflokkun og gæðamerking á útfluttum vörum mun skila góðum árangri og má í því tilliti taka Japana sér til fyrirmyndar og gæðamerkingu ýmissa frjálsra neytendasamtaka.

Sþ. 78. Beiðni um skýrslu [76. mál]

frá menntamálaráðherra um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilis-

fræða og íþróttakennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins og menntun kennara í þessum greinum. Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir þessar greinar í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?
2. Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá, hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?
3. Hvernig er staða ofangreindra námsgreina miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?
4. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í fyrrgreindum greinum, eru réttindalausir?
5. Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í fyrrgreindum greinum?
6. Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum eru ómönnuð?

Svör við þessum spurningum óskast sundurliðuð eftir:

a. fræðsluumdæmum,
b. greinum,
c. aldri (bekk),
d. grunnskólum,
e. framhaldsskólum.

Einnig komi fram í skýrslunni hvernig menntun kennara í fyrrgreindum greinum er háttað:

a. hvaða skólar annast þá menntun,
b. hverjar breytingar hafa orðið sl. 10 ár (þ.e. hvort menntunarkröfur hafa breyst milli skóla, breytingar orðið á námsskrá, undirbúningsmenntun breyst eða aðrar breytingar orðið á námstilhögun),
c. hve margir kennarar hafa útskrifast á sl. 10 árum, sundurliðað eftir greinum og árum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 2. nóv. 1988.

Þórhildur Þorleifsdóttir.	Kristín Einarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 79. Beiðni um skýrslu [77. mál]

frá forsætisráðherra um starfsemi Þróunarfélags Íslands hf.

Frá Pálma Jónssyni, Óla Þ. Guðbjartssyni, Málmfríði Sigurðardóttur, Matthíasi Bjarnasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Halldóri Blöndal, Agli Jónssyni, Inga Birni Albertssyni, Eggert Haukdal, Hrafnkeli A. Jónssyni og Júlíusi Sólnes.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um starfsemi Þróunarfélags Íslands hf.

Í skýrslunni verði m.a. gerð grein fyrir:
1. Síðustu ársreikningum félagsins.
2. Hversu miklu fé félagið hefur varið til að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi frá því það var stofnað og til 1. okt. sl.?
3. Hvaða fyrirtæki hafa hlotið fyrirgreiðslu frá félaginu á þessu tímaskeiði með
   a. lánsfé,
   b. hlutafjárframlögum?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 2. nóv. 1988.

Pálmi Jónsson.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.
Matthías Bjarnason.	Kristín Halldórsdóttir.	Halldór Blöndal.
Ingi Björn Albertsson.	Egill Jónsson.	Eggert Haukdal.
Hrafnkell A. Jónsson.		Júlíus Sólnes.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 80. Fyrirspurn [78. mál]

til fjármálaráðherra um söluskatt af námsbókum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hverju námu söluskattstekjur af námsbókum árið 1987?
2. Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur af námsbókum árið 1988?

Sþ. 81. Fyrirspurn [79. mál]

til samgönguráðherra um hækkun póstburðargjalda.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvaða forsendur eru fyrir hækkun póstburðargjalda þrátt fyrir verðstöðvun samkvæmt lögum?

Sþ. 82. Fyrirspurn [80. mál]

til félagsmálaráðherra um orlofsdeild póstgíróstofunnar.

Frá Karvel Pálmasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Guðmundi Ágústssyni.

Hvenær er þess að vænta að starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar ljúki, sbr. bráðabirgðaákvæði orlofslaga, nr. 30/1987, sem tóku gildi 1. maí 1988?

Sþ. 83. Fyrirspurn [81. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tryggingarsjóð sjúklinga.

Frá Karvel Pálmasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Guðmundi Ágústssyni.

Er á döfinni hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eða ríkisstjórn að koma á fót tryggingarsjóði til aðstoðar þeim sjúklingum sem orðið hafa fyrir áföllum vegna mistaka við læknismeðferð?

Sþ. 84. Beiðni um skýrslu [82. mál]

frá menntamálaráðherra um undirbúning og efni aðalnámsskrár fyrir grunnskóla.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Ragnhildi Helgadóttur, Friðriki Sophussyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Pálma Jónssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Halldóri Blöndal, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið að aðalnámsskrá grunnskóla. Fyrir liggur prentuð tillaga að námsskrá (júlí 1988) sem send var til umsagnar og athugunar ýmissa aðila. Núverandi menntamálaráðherra hefur opinberlega gefið yfirlýsingu þess efnis að hann sé ósammála mikilvægum efnisatriðum tillögunnar. Nauðsynlegt er að fram fari opin umræða um slíkan ágreining áður en gengið er endanlega frá námsskránni. Með tilvísun til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis er því óskað eftir því við menntamálaráðherra að hann gefi Alþingi ítarlega skýrslu um hvernig að undirbúningi námsskrár hefur verið staðið og hver séu þau meginatriði, sem hann gerir að ágreiningsefni í þeirri tillögu að námsskrá sem nú liggur fyrir og hverjar séu tillögur hans í þeim efnum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi í sameinuðu Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 2. nóv. 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Friðrik Sophusson.
Ey. Kon. Jónsson.	Pálmi Jónsson.	Friðjón Þórðarson.
Halldór Blöndal.	Ólafur G. Einarsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 85. Frumvarp til laga [83. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, sbr. lög nr. 40/1987.

Flm.: Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

3. málsl. a-liðar 2. gr. laganna orðast svo: Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur

þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna og eigna í lok ársins 1987.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Það hefur yfirleitt verið svo að skattaleg réttindi öryrkja og ellilífeyrisþega hafa verið hin sömu. Fyrir því liggja augljósar ástæður. Þó var það svo þegar sett voru lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986 að ellilífeyrisþegar voru undanþegnir eignarskattsauka en öryrkjar ekki og var ákvæði laganna síðan tekið orðrétt upp í lögin um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Hinn 16. mars 1987 féll úrskurður ríkisskattanefndar varðandi þetta atriði á þá lund að kærandanum, sem var 75% öryrki og naut örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, var gert að greiða eignarskattsauka, en úrskurður ríkisskattanefndar er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að engin efnisrök standi til þess að gera með þessum hætti upp á milli öryrkja og þeirra sem orðnir eru 67 ára og er frumvarpið flutt til þess að eyða þeirri mismunun.

Fylgiskjal.

Ríkisskattanefnd.

Kæra 17. des. 1986.

Úrskurður nr. 212.
(16. mars 1987.)

Kærð er álagning eignarskattsauka gjaldárið 1986.

Við frumálagningu opinberra gjalda gjaldárið 1986 var lagður eignarskattsauki á kæranda að fjárhæð 7708 kr. Þessari álagningu var mótmælt af hálfu umboðsmanns kæranda í kæru til skattstjóra, dags. 26. ágúst 1986, með þeim rökum að kærandi væri 75% öryrki og nyti því örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, en þeim væri ekki gert að greiða eignarskattsauka. Skattstjóri tók kæruna til úrlausnar með kæruúrskurði, dags. 18. nóvember 1986. Hafnaði hann kröfu kæranda með því að ekki væri fyrir hendi lagaheimild til niðurfellingar eignarskattsauka í tilviki kæranda þar sem hann væri yngri en 67 ára og því ekki undanþeginn álagningu skatts þessa.

Kæruúrskurði skattstjóra hefur af hálfu umboðsmanns kæranda verið skotið til ríkisskattanefndar með kæru, dags. 17. desember 1986. Er þess krafist að fyrrnefndur eignarskattsauki, 7708 kr., verði felldur niður með sömu rökum og fram koma í kærunni til skattstjóra. Sé vandséð hvaða ástæður löggjafinn hafi haft til þess að gera mun á öryrkjum og ellilífeyrisþegum í lögum um eignarskattsauka þar sem þessir aðilar hafi hingað til haft sömu skattalegu réttindin.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1987, gerir ríkisskattstjóri svofelldar kröfur í málinu f.h. gjaldkrefjenda:

„Að úrskurður skattstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans."

Hinn umdeildi skattur var álagður skv. 2. gr. laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Í niðurlagsákvæði a-liðar 1. mgr. nefndrar lagagreinar, en í staflið þessum er fjallað um álagningu eignarskattsauka á eignarskattsstofn manna samkvæmt nánar tilgreindum reglum, er sú undantekning ein gerð frá álagningu skatts þessa að hann skal ekki lagður á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri. Undanþága þessi tekur samkvæmt berum orðum sínum eigi til tilviks kæranda og eigi verður talið að aðrar lögskýringar geti leitt til þess að kærandi leysist undan skattskyldu í þessum efnum. Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð skattstjóra.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður skattstjóra er staðfestur.

Úrskurð þennan kváðu upp Ólafur H. Ólafsson, Skúli Pálsson og Gylfi Knudsen.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi umfram þá langtímaáætlun sem nú er í gildi.

Áætlunin skal unnin á árinu 1989 og miðist við uppbyggingu vega með bundnu slitlagi á næstu sex árum í Borgarfirði, á Mýrum, Snæfellsnesi og Dölum þar sem umferð er komin yfir 100 bíla meðaltalsdagsumferð á ári.

Greinargerð.

Tillaga um langtímaáætlun í vegagerð var lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83. Tillagan var ekki samþykkt á Alþingi, en hefur samt verið stefnumarkandi og að mestu verið farið eftir henni við undirbúning og samþykkt vegáætlunar á Alþingi síðan og síðast var það gert við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1987–1990 sem samþykkt var á Alþingi 9. maí 1988.

Langtímaáætlunin er tillaga um skiptingu í verkefnaflokka, um fjárþörf og fjáröflun. Áætlunin er byggð á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi vorið 1981 og er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2,4% innan þriggja ára og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m.a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í þrjú tímabil, fjögur ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni hverjar framkvæmdir eru eftir til að

koma vegakerfinu í viðunandi horf eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 tonn) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum þó að umferð sé minni og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því að bundið slitlag verði lagt á a.m.k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982.

Undanfari langtímaáætlunar var úttekt á þjóðvegakerfinu til þess að fá upplýsingar um ástand vegakerfisins og kostnað um það sem gera þyrfti til að ná markmiðum þeim sem tilgreind eru í ályktun Alþingis. Úttekt stofnbrauta og úrvinnslu þeirrar úttektar var lokið veturinn 1983 en þá var ekki lokið við úttekt á þjóðbrautum.

Meginhluti framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun voru við stofnbrautir og þar var höfuðáherslan lögð á hringveginn. Sú stefna að leggja höfuðáherslu á hringveginn var rétt í upphafi langtímaáætlunar en strax að fyrstu árum liðnum komu í ljós vissir annmarkar þeirrar stefnu. Hringvegurinn kemur landshlutunum að mjög misjafnlega miklu gagni og kostnaðarhlutur við uppbyggingu hans er breytilegur eftir landshlutum. Vestfirðir eru utan hringvegarins. Vesturland nýtur hringvegarins að takmörkuðu leyti en hefur þurft að leggja stóran hluta þess fjár, sem veitt hefur verið til nýbygginga vega á Vesturlandi, til framkvæmda við hringveginn. Á hinn bóginn eru nokkur svæði á landinu, sem tengjast hringveginum, komin með veg með bundnu slitlagi um aðalbyggðir og milli þéttbýlisstaða. Þar hefur fjármagn nýst jöfnum höndum til uppbyggingar á hringveginum og til að bæta vegakerfi héraðsins.

Flutningsmenn vefengja ekki þá úttekt sem gerð var á vegakerfinu og kostnaðartölur vegaframkvæmda eru byggðar á. Þó er í því sambandi rétt að benda á það að stórframkvæmdir í vegagerð á ýmsum stöðum á landinu höfðu verið fjármagnaðar stundum sérstaklega í tengslum við landshlutaáætlanir. Þar má nefna Vestfjarðaáætlun á árunum 1965–69, Norðurlandsáætlun 1972–76, Austfjarðaáætlun 1971–76, hafísvegur á Norð-Austurlandi 1979 o.fl.

Fyrir Vesturland var aldrei gerð eða samþykkt byggðaáætlun né sérstakt átak gert varðandi vegagerð.

Greinilegt er að nú í upphafi annars tímabils langtímaáætlunar í vegagerð er nokkurs mismunar farið að gæta milli landshluta og innan héraða. Tillaga þessi er flutt til að benda á að á næstu árum er nauðsynlegt að jafna þann mismun með því að útvega sérstakt fjármagn til slíkra framkvæmda. Flutningsmenn telja ekki rétt að breyta þeirri skiptingu fjármagns milli kjördæma sem langtímaáætlun byggist á né skerða þau 2,14% (2,4% samkvæmt gömlum grunni) af vergri þjóðarframleiðslu sem ætlað er til vegamála samkvæmt þeirri áætlun.

Það er ljóst að um allt land er beðið eftir bættum vegum. Um það er því ekki að ræða að skerða fjárveitingar samkvæmt veg- eða langtímaáætlun til að jafna stöðu milli landshluta. Fjármagn til þeirrar leiðréttingar verður að koma frá ríkissjóði af skatttekjum eða af lánsfé.

Mismunun, sem hér hefur verið bent á, er til staðar á nokkrum stöðum á landinu. Líklegt er þó að Vesturland sé að þessu leyti í sérflokki. Til þess liggja ýmsar ástæður:

1. Á Vesturlandi eru langir og fjölfarnir vegir utan hringvegarins. Þar eru sum hver af þéttbýlustu svæðum landsins svo sem Snæfellsnes norðanvert og Borgarfjörður beggja vegna Hvítár.
2. Á Vesturlandi nýtist hringvegurinn tiltölulega lítið. Mikil umferð er um Borgarfjarðarbraut og Dali, Mýrar og Snæfellsnes. Langir vegarkaflar á þessum svæðum eru gamlir moldar- og malarvegir með lélegum ræsum og brúm.
3. Drjúgur hluti vegafjár til Vesturlands hefur farið til lagningar vegar á Holtavörðuheiði og um ofanverðan Norðurárdal. Sú vegagerð hefur af augljósum ástæðum nýst Vesturlandi að mjög takmörkuðu leyti.
4. Á Vesturlandi eru margir fjallvegir og gerir það vegagerð þar dýrari en sums staðar annars staðar auk þess sem sú vegagerð tekur fjármagn frá byggðavegum.

Enn er eftir að endurbyggja nokkra mjög kostnaðarsama vegarkafla á hringveginum á Vesturlandi við innanverðan Hvalfjörð, um Svignaskarð og í Norðurárdal. Auk þess hafa nokkrir kaflar á veginum verið lagðir bundnu slitlagi til bráðabirgða, en ætlunin er að endurbyggja þá síðar.

Það er því ljóst að á næstu árum fer drjúgur hluti af því fjármagni, sem ætlað er til nýframkvæmda á Vesturlandi samkvæmt langtímaáætlun, í það að byggja upp hringveginn.

Á Vesturlandi er umferð á flestum vegum komin yfir það mark sem sett var í langtímaáætlun, að miða skyldi bundið slitlag við umferð a.m.k. 100 bíla á dag. Samkvæmt umferðartalningu 1986 var ársumferð um Borgarfjarðarbraut frá Seleyri að Haugum frá 120 upp í 200 bílar á dag og sumarumferðin 220 upp í 280 bílar. Á allri Borgarfjarðarbraut eru aðeins tveir smábútar með bundnu slitlagi, um Kleppsjárnsreyki og við Norðurá.

Við Vegamót í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi var ársumferð 1986 210 bílar á dag og sumarumferð 340 bílar. Án efa er umferðin um Mýrar mun meiri. Meginhluti vegarins frá Borgarnesi um Mýrarnar að Hítará er gamall moldarvegur, krókóttur og sums staðar niðursokkinn. Endurbygging þessa vegar verður mjög kostnaðarsöm. Fullbyggður kafli er frá sunnanverðri Langá að Urriðaá.

Umferð á vegunum milli byggðanna á norðanverðu Snæfellsnesi og á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Vegamótum um Staðarsveit yfir Fróðárheiði svo og vegurinn yfir Svínadal eru allir með yfir 100 bíla ársumferð á dag og hlutfallslega meiri sumarumferð.

Meginhluti þeirra vega, sem hér hafa verið taldir, eru nokkuð gamlir vegir og þola engan veginn svo mikla umferð og eru því oft á tíðum óakfærir. Við svo búið getur ekki staðið til langframa og því nauðsynlegt að til komi fé til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í vegáætlun.

Aðalfjallvegir á Vesturlandi eru: Fróðárheiði, Kerlingarskarð, Brattabrekka og Holtavörðuheiði auk þess eru Heydalur, Svínadalur, Laxárdalsheiði og Geldingadragi.

Ef vegagerð um þessa fjallvegi er sett inn í dæmið um sæmilega upp byggt vegakerfi á Vesturlandi — sem verður að gera — er augljóst að svipað fjármagn til Vesturlands og á undanförnum árum dugir skammt til þess að byggja upp nauðsynlegustu vegina og þá sem nú þegar eru komnir með umferð sem ofbýður þeim og gerir þá hættulega og óökuhæfa.

Þrátt fyrir alla þessa upptalningu eru enn ótalmargir vegir og miklar vegalengdir ónefnd. Þar eru vegir um Borgarfjarðardali, í kringum Akrafjall, ýmsir hliðarvegir á Mýrum, ýmsir hliðarvegir á Snæfellsnesi, Útnesvegur frá Öxl að Gufuskálum, vegur um Eyrarsveit, Helgafellssveit, Skógarströnd um Suðurdali og Laxárdal um Fellsströnd fyrir Klofning í Saurbæ.

Nú stendur yfir könnun á brúar- og vegarstæði yfir Gilsfjörð. Þess er að vænta að ákvörðun verði tekin í ár. Vegagerð ríkisins telur þessa framkvæmd arðbæra. Verkefni þetta

er það sérstakt að það fellur ekki að þeirri áætlun sem hér er lagt til að gerð verði. Vegagerð yfir Gilsfjörð þarf að fá sérstakar fjárveitingar án tengsla við önnur samgönguverkefni á Vesturlandi eða Vestfjörðum.

Hér er um mikilvægt byggðamál að ræða þar sem næstu byggðir bæði sunnan og norðan Gilsfjarðar njóta sérstaklega góðs af. Ný leið yfir Gilsfjörð mun stytta akstursleið frá Vestfjörðum til Vesturlands um u.þ.b. 20 km. Ef staðið hefði verið við ályktun Alþingis frá 1981 um langtímaáætlun í vegagerð væri margt á annan veg í vegamálum nú. Strax árið 1983 voru fjárframlög samkvæmt vegáætlun skert. Markmiði langtímaáætlunar 2,2%–2,4% af vergri þjóðarframleiðslu hefur aldrei verið náð. Samkvæmt skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1986 kemur í ljós að frá 1964 hefur aldrei lægra hlutfalli af þjóðarframleiðslu verið varið til vegamála en 1986, þ.e. 1,4%, áður var það lægst 1966 1,5%. Það sem hefur aðallega bjargað því að hægt hefur verið að standa við vegáætlun að mestu leyti er að töluvert fé, 20% af nýbyggingafé, var óskipt í langtímaáætlun og hefur það farið allt til að mæta fjárvöntun. Þessi 20% af nýbyggingafé áttu að vera til ráðstöfunar til að mæta óvæntum verkefnum og til leiðréttingar á verkefnavali út frá reynslu af framkvæmd langtímaáætlunarinnar. Þessi skerðing á því fjármagni, sem áætlað var til vegagerðar í landinu, hefur valdið því að sú mismunum milli landshluta, sem alltaf mátti búast við að kæmi fram á einhvern hátt, hefur ekki verið leiðrétt, til þess hefur skort fé.

Úr því sem komið er er ekki líklegt að úr þessu verði bætt nema með sérstökum aðgerðum utan langtímaáætlunar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja því til að skerðing á fjárveitingum til vegagerðar á undanförnum árum verði bætt með því að veita aukið fé til vegagerðar á næstu árum umfram markmið langtímaáætlunar. Því fjármagni verði ráðstafað til að jafna mismun milli landshluta samkvæmt sérstökum áætlunum. Hér er lagt til að gerð verði slík áætlun fyrir Vesturland.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en var ekki rædd. Hún er því endurflutt, óbreytt að kalla.

Fylgiskjal I.

Úr athugasemdum með tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð.
(Lögð fyrir 109. löggjafarþing 1986–87, 426. mál, þskj. 938.)

0.2. FJÁRMAGN OG FRAMKVÆMDIR Á FYRSTA TÍMABILI.

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar, 1983—86, var áætlað heildarfjármagn 10,9 milljarðar kr., en varð samkvæmt vegáætlun 9,3 milljarðar kr.

Nánari samanburður á heildarfjármagni (vt. 2100) sést á meðfylgjandi töflu. Hlutföll reiknast af gömlum grunni þjóðarframleiðslu.

	Upphafleg tillaga að langtímaáætlun		Rauntölur	
	Hlutfall	m.kr.	Hlutfall	m.kr.
1983	2,2	2 536	2,0	2 153
1984	2,3	2 668	2,0	2 494
1985	2,4	2 838	1,8	2 320
1986	2,4	2 893	1,6	2 332
		10 935		9 299

Samanburður á fjármagni til nýrra framkvæmda og sumarviðhalds sem kom á vegáætlun og þess sem áætlað var í langtímaáætlun sést á eftirfarandi töflu (vt. 2100).

	1983	1984	1985	1986	Samt.	Hlutf.
Nýjar framkvæmdir:						
Langtímaáætlun	1 165	1 258	1 380	1 387	5 190	100%
Vegáætlun	962	1 065	1 054	1 010	4 053	78%
Sumarviðhald:						
Langtímaáætlun	749	781	822	865	3 217	100%
Hlutfall af þörf	80%	82%	85%	88%		
Vegáætlun	587	723	745	712	2 767	86%
Hlutfall af þörf	63%	76%	77%	72%		

Svo sem fram kemur af töflum þessum vantar mikið á að áætlað fjármagn hafi skilað sér. Sé litið til nýrra framkvæmda, kemur í ljós að þær hafa þó ekki minnkað í sama mæli. Ástæður eru margar, en mestu veldur, að töluvert fé var óskipt í langtímaáætlun og fór það allt til að mæta fjárvöntun. Enn fremur má nefna hagstæða þróun útboða og verðlags, ódýrari útfærslur o.fl.

Fylgiskjal II.

Úr skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1987.
(Lögð fyrir 110. löggjafarþing 1987–88, 519. mál, þskj. 1062.)

4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1964–1987.
(Nýr grunnur)



4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964—1987.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1987



Fylgiskjal III.

Fréttatilkynning frá héraðs- og rekstrarstjórum Vegagerðar ríkisins.

Aðalfundur Félags héraðs- og rekstrarstjóra hjá Vegagerð ríkisins, haldinn á Hornafirði, lýsir verulegum áhyggjum sínum yfir síminnkandi fjármagni til vegagerðar.

Þrátt fyrir viljayfirlýsingar Alþingis um að 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu færi til vegagerðar er svo komið að á árinu 1987 ná framlög til Vegagerðar ríkisins aðeins milli 1,4–1,5% af vergum þjóðartekjum.

Þessi samdráttur bitnar ekki síst á viðhaldi malarvega sem víða er orðið að verulegu vandamáli og fer vaxandi. Til viðbótar versnandi viðhaldi koma auknar kröfur vegfarenda um betri vegi, enda viðmiðun öll við bundin slitlög.

Framlög til vegagerðar samkvæmt langtímaáætlun og rauntölur 1983–1987.
Verðlag 1987, vt. 2226.

	Skv. langtímaáætlun		Rauntölur		Mismunur
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.
1983	2690	2.2	2280	2.0	410
1984	2830	2.3	2640	2.0	190
1985	3010	2.4	2460	1.8	550
1986	3070	2.4	2490	1.6	580
1987	3410	2.4	2150	1.4	1260

Vanefndir frá markmiðum langtímaáætlunar nema um 3 milljörðum króna á árunum 1983–1987. Til þess að skýra framkvæmdamagn þessa niðurskurðar má benda á:

1. Kílómetri í bundnu slitlagi kostar um 1,5 milljónir króna, þannig að fyrir þennan niðurskurð hefði verið hægt að leggja um 2000 km af bundnu slitlagi.
2. Talið er að kostnaður við jarðgangagerð hér á landi sé um það bil 150 milljónir króna á km þannig að fyrir niðurskurðinn frá því sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir, umreiknað í jarðgöng, hefði mátt leggja 20 km af jarðgöngum.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nú þegar nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili fullmótuðum tillögum eigi síðar en 15. október 1989.

Greinargerð.

Hinn 14. jan. 1988 svöruðu þáverandi fjármála- og viðskiptaráðherrar fyrirspurn á þskj. 489 frá flutningsmanni þessarar tillögu um innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Í svörum ráðherranna kom fram að nokkurs úrræðaleysis gætir gagnvart slíkum innflutningi. Þess vegna var tillagan lögð fram, en hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi og er því endurflutt.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um beinar sjónvarpssendingar um gervihnetti.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að fella brott síðasta málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, þannig að kynning og endursögn þular þurfi ekki að fylgja efni sem dreift er viðstöðulaust um gervihnött og sýnir atburði sem gerast í sömu andrá.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Í 6. gr. reglugerðar nr. 70 11. febrúar 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, segir svo:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við, þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni, er sýnir atburði, sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli.“

Í tillögu þessari er lagt til að niður falli síðasti málsliður 2. mgr.: „Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.“

Hér er aðeins farið fram á að það sé ekki skilyrði að endursögn þular eða kynning fari fram þegar um beinar útsendingar erlendis frá er að ræða. Engu síður verði það enn í höndum útsendingar- eða móttökuaðila hvort hann kýs að vera með kynningu eða endursögn á meðan á útsendingu stendur og þá í hve miklum mæli.

Það kannast flestir við hversu mikils útsending getur misst þegar þulir — misgóðir — eru að tala ofan í beina útsendingu. Nægir að minnast á Evrópusöngvakeppni sjónvarpsstöðva og ensku knattspyrnuna í þessu sambandi.

Einnig má minna á að fjöldi Íslendinga tekur við sjónvarpsefni með eigin móttökudiski beint í gegnum gervihnött þar sem allt efni er að sjálfsögðu ótextað og án endursagnar þular. Er eitthvert samræmi í þessu?

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um rannsókn á tíðni og umfangi kynferðislegrar misnotkunar á börnum.

Flm.: Ingi B. Albertsson, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar starfshóp er kanni tíðni og umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum hér á landi og geri tillögur um samræmdar aðgerðir opinberra aðila til að sporna við slíku atferli. Jafnframt skal starfshópurinn gera tillögur um lagabreytingar á þessu sviði telji hann þörf á.

Starfshópurinn skal skipaður sérfræðingum á þeim sviðum sem mál þessi varða og skal hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum hjá opinberum aðilum sem honum eru nauðsynleg við könnunina.

Greinargerð.

Eins og öllum er vafalaust í fersku minni var nú nýverið sýnd hér á landi norsk heimildarmynd um kynferðislega misnotkun á börnum. Er ekki ofmælt að öllum almenningi hafi verið stórlega brugðið við þær upplýsingar sem fram komu í heimildarmyndinni og viðbrögð almennt einkennst af hryllingi.

Af umræddri heimildarmynd og umræðum, sem fylgt hafa í kjölfarið, hefur komið skýrt fram að ríkrar tilhneigingar gætir til að neita tilvist þessara brota hér á landi eins og raunar víða annars staðar. Má ef til vill segja að þessi sjónarmið séu eðlileg þar sem hér er um dulin afbrot að ræða sem eru af fjölskyldu- og tilfinningaástæðum sjálfsagt sjaldnast kærð. Því miður er hins vegar engin ástæða til að ætla að ástand þessara mála sé á annan veg hér á landi en annars staðar. Er því full ástæða til að fram fari heildstæð úttekt á þessum málum svo að móta megi heildarstefnu af hálfu opinberra aðila sem beinist ekki síst að fyrirbyggjandi aðgerðum, jafnframt því sem hugað verði að úrræðum til aðstoðar fórnarlömbum sem oftast geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þá er ekki síður ástæða til að leita leiða til að aðstoða brotamennina sjálfa sem oft á tíðum má ætla að séu haldnir annarlegum hvötum sem þeir ráða ekki við sjálfir án læknisaðstoðar í einhverju formi.

Framangreindum markmiðum verður ekki náð án þess að opinberir aðilar og almenningur viðurkenni vandann í reynd og nái að skilgreina hann. Markviss rannsókn af því tagi sem hér er lögð til færir okkur nær því marki og gerir okkur betur kleift að veita börnum okkar þá vernd sem þau þarfnast og eiga rétt á af hálfu samfélagsins.

Nd. 90. Frumvarp til laga [88. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a. Í 1. bekk (6 ára) 1200 mínútur.
b. Í 2. bekk (7 ára) 1200 mínútur.
c. Í 3. bekk (8 ára) 1200 mínútur.
d. Í 4. bekk (9 ára) 1200 mínútur.
e. Í 5. bekk (10 ára) 1280 mínútur.
f. Í 6. bekk (11 ára) 1360 mínútur.
g. Í 7. bekk (12 ára) 1400 mínútur.
h. Í 8. bekk (13 ára) 1440-1480 mínútur.
i. Í 9. bekk (14 ára) 1440-1480 mínútur.
j. Í 10. bekk (15 ára) 1440-1480 mínútur.

Í 1.–6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geti dvalið utan kennslustunda. Heimilt er að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra.

3. gr.

Fyrsti málsliður 74. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 5 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans.

Skal við það miðað að forskólabörn geti dvalist í skólanum allt að sex klukkustundum á dag.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna koma til framkvæmda skólaárið 1990–1991. Þangað til skulu gilda ákvæði núverandi 74. gr. laganna.

Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skulu að fullu koma til framkvæmda skólaárið 1993–1994. Skal þetta ákvæði koma til framkvæmda í áföngum og skal við áfangaskiptingu taka mið af tillögum samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál frá ágúst 1988.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Þar segir m.a. að unnið verði að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í ágúst 1987 skipaði Þorsteinn Pálsson, þáverandi forsætisráðherra, samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Í nefndinni áttu sæti: Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra, Bessí Jóhannsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðherra, Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, og Þrúður Helgadóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, starfaði með nefndinni.

Í ágúst 1988 skilaði nefndin áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál. Í þessu frumvarpi er tekið mið af tillögum nefndarinnar um skólamál, en helstu tillögur nefndarinnar í þeim málaflokki eru:

- „Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skólavistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 30–36 (37) stundir á viku. (Sjá kafla 1.3.)
- Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda. (Sjá kafla 1.3.)
- Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990. (Sjá kafla 1.2.)
- Forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna. (Sjá kafla 1.4.)
- Skólaráð, sem í eigi sæti fulltrúi foreldra, starfi við hvern grunnskóla. (Sjá kafla 1.5.)
- Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga. (Sjá kafla 1.5.)
- Staða umsjónarkennara við 7.–9. bekk verði styrkt. (Sjá kafla 1.6.)
- Kannað verði rækilega hvað valdi því að skólaár er enn víða styttra en 9 mánuðir. (Sjá kafla 1.1.2.)“

Álit nefndarinnar um skólamál er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í þessu frumvarpi er tekið mið af tillögum nefndarinnar um lengingu skóladags, en það er einn mikilvægasti þátturinn í því að koma á samfelldum skóladegi. Þá er einnig í þessu frumvarpi fjallað um kennslu forskólabarna og sú stefna mörkuð að 6 ára börnum sé skylt að sækja skóla, en í reynd njóta nú 98,7% allra 6 ára barna skólavistar í forskóladeild, en í mismunandi mæli. Jafnframt er gert ráð fyrir að dagleg dvöl 6 ára barna í skóla verði lengd.

Salome Þorkelsdóttir o.fl. hafa flutt frumvarp, þskj. 31, um þann þátt í nefndarálitinu sem snertir samskipti foreldra og skóla. Þá munu þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja þingsályktunartillögu um aðra þætti úr þessu nefndaráliti sem snerta framkvæmd grunnskólalaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er ráðgert að skylt verði að halda uppi fræðslu fyrir 6 ára börn og að þau séu jafnframt skyld að sækja skóla. Samkvæmt núgildandi lögum hefst fræðsluskylda og skólaskylda við 7 ára aldur, en heimild er veitt til reksturs forskóla fyrir 5 og 6 ára börn.

Sömu undanþágureglur munu gilda varðandi 6 ára börnin eins og um aðra aldursflokka.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráð fyrir því gert að allir grunnskólanemendur njóti skólavistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Ljóst er að nokkurn aðlögunartíma þarf til að ná þessu markmiði. Því er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að þessu marki verði náð í áföngum og eru tillögur um áfangaskiptingu í nefndarálitinu sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Meðan þessu markmiði hefur ekki verið náð er nauðsynlegt að koma upp skólaathvörfum þar sem börn geti dvalist í öryggi undir umsjón kennara eða annarra sem hafa uppeldisfræðilega menntun. Þótt náð hafi verið því markmiði sem þessi grein gerir ráð fyrir varðandi lengingu skóladags kann engu að síður að vera þörf fyrir skólaathvörf þannig að börn geti dvalist í skóla í allt að 8 klst. Þess vegna er í þessari grein gert ráð fyrir því að slík skólaathvörf verði við hvern grunnskóla þar sem þörf er á. Gert er ráð fyrir því að unnt sé að taka gjald fyrir dvöl nemenda þar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heimild til að setja á stofn forskóla fyrir 5 ára börn haldist. Slíkir forskólar eru nú þegar til og þótt dagvistarþjónusta verði aukin er rétt að foreldrar geti valið um þessar tvær tegundir stofnana.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál.

Ágúst 1988.

Áfangaskýrsla um skóla- og dagvistunarmál.

Efnisyfirlit:

1.0 Inngangur og samantekt um tillögur og niðurstöður.

1.1. Fjöldi skólabarna, skólatími og húsnæði.

1.2. Samfelldur skóladagur.

1.3. Lenging skóladags.

1.4. Forskóli.

1.5. Stjórn skóla.

1.6. Umsjónarkennarar.

VIÐAUKI:

a) Samfelldur skóladagur

b) Lenging skóladags - kostnaðarútreikningar.

1.0 Inngangur og samantekt um tillögur.

Þjóðfélagsbreytingar síðustu tveggja til þriggja áratuga hafa haft sín áhrif á skólastarf og samstarf heimila og skóla. Í kjölfar þess að algengara er að báðir foreldrar vinni langan vinnudag utan heimilis hefur hlutverk skólanna orðið æ þýðingarmeira. Ýmis uppeldisleg atriði eru nú í ríkari mæli í höndum skólanna en áður var. Skólastarfið hefur breyst mikið og gert það að verkum að foreldrum finnst oft á tíðum erfitt að taka þátt í því. Margt hefur því valdið því að samstarf foreldra og skóla hefur ekki verið eins og æskilegt væri bæði út frá hagsmunum heimila og ekki síður hagsmunum skóla.

Á síðustu árum hefur þó ýmislegt verið gert til að bæta hér úr. Til dæmis eru nú starfandi foreldra- og kennarafélög við allflesta grunnskóla landsins og hafa þau átt mikinn þátt í að efla tengsl heimila við skóla.

Skólinn hefur þó ekki reynst þess megnugur að öllu leyti að mæta þeim þörfum sem tvímælalaust skapast þegar foreldrar vinna úti eins lengi á degi hverjum og raun ber vitni. Til skamms tíma tíðkaðist það víða að börn þyrftu að fara margar ferðir til og frá skóla daglega. Gjörbreyting hefur orðið hér á einkum á allra síðustu árum.

Stærstur hluti grunnskólabarna býr við samfelldan skóladag og vantar nú víðast einungis herslumuninn til að ná markinu. En hins vegar er skóladagur enn tiltölulega skammur, einkum þó hjá yngstu börnunum.

Tillögur nefndarinnar sem hér fara á eftir miða við að samræma enn betur skólastarfið og þarfir fjölskyldunnar.

Nefndin vill auk þess leggja áherslu á að nauðsynlegur þáttur í fjölskyldustefnu er að skólar taki í starfi sínu mið af jöfnum rétti og jafnri ábyrgð kynjanna. Börnum sé kennt allt frá fyrstu tíð um ábyrgð og skyldur fjölskyldulífs og að foreldrar bera jafna ábyrgð á börnum sínum. Brýnt er að nemendur fái sams konar kennslu hvort sem um er að ræða drengi eða stúlkur. Benda má á að efling heimilisfræðslu er þýðingarmikill þáttur í þessu sambandi

Margt hefur verið til umfjöllunar hjá nefndinni sem ekki verða gerðar tillögur um að sinni. Má í því sambandi nefna umferðarmál, sem er veigamikill þáttur í nútímaþjóðfélagi. Um þau verður sérstaklega fjallað síðar. Ennfremur vill nefndin vekja athygli á nauðsyn þess að margvíslegar fræðsluherferðir í skólum landsins s.s. vegna ávana-og fíkniefna, heilbrigðis- og tannvernda, verði fremur ofnar saman við almennt kennsluefni.

Helstu tillögur nefndarinnar í þessum málaflokki eru eftirfarandi:

- Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skóladvalar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum, þannig að skóladagur verði lengdur úr 22-35 stundir á viku í 30-36 (37) stundir á viku. (Sjá kafla 1.3.)

- Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda. (Sjá kafla 1.3.)

- Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989-1990. (Sjá kafla 1.2.)

- Forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna. (Sjá kafla 1.4.)

- Skólaráð, sem í eigi sæti fulltrúi foreldra, starfi við hvern grunnskóla. (Sjá kafla 1.5.)

- Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga. (Sjá kafla 1.5.)

- Staða umsjónakennara við 7.-9. bekk verði styrkt. (Sjá kafla 1.6.)

- Kannað verði rækilega hvað valdi því að skólaár er enn víða styttra en 9 mánaðir. (Sjá kafla 1.1.2.)

1.1. Fjöldi skólabarna, skólatími og húsnæði.

1.1.1. Grunnskólanemendur.

Samkvæmt 1. grein laga um grunnskóla nr. 63/1974 er "ríki og sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára..." Skólaárið 1987-1988 stunda um 38.000 börn og unglingar nám í grunnskólum. Til viðbótar eru um 4.400 börn í forskóla, sem heimiladur er skv. 74. grein grunnskólalaganna. Tæplega 99% allra sex ára barna stunda nám í forskóla þetta skólaár.

Á síðustu tveimur til þremur áratugum hafa orðið nokkrar sveiflur í fjölda grunnskólabarna:

Ár	Fjöldi 7-15 ára
1960	33.400
1965	37.600
1970	40.500
1975	40.600
1980	38.200
1985	37.200

Samkvæmt mannfjöldaspá sem unnin var á vegum framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun og kom út 1987 er gert ráð fyrir að fjöldi grunnskólabarna haldist óbreyttur næstu tíu árin, en lækki síðan niður í 30.000 um aldamót. Spáin byggir á því að börnum sem hver kona eignast á ævinni fækki á árunum 1984 til 1991 úr 2,08 í 1,7. Þetta er sams konar þróun og orðið hefur í löndum Vestur-Evrópu.

Hins vegar er rétt að benda á að mannfjöldaspár geta úrelst mjög fljótt. Líta verður því á þær sem leiðbeiningu um það sem verður miðað við þróun undanfarinna ára og óbreyttar aðstæður. Slíkar spár verður því að taka með varúð þótt þær séu þýðingarmiklar við alla áætlanagerð. Langt verður þess að bíða að fjöldi nemenda í grunnskólum verði aftur sá sami og var árið 1975.

Gert er ráð fyrir að nemendafjöldi næstu áratuga verði sem hér segir:

1990	38.200
1995	37.500
2000	33.200
2005	30.800
2010	30.400
2015	30.000
2020	29.000

Heimild: *"Gróandi þjóðlíf"* Mannfjöldaspá framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytis útg. 1987.

1.1.2. Skólatími.

Í 41. grein grunnskólalaganna er kveðið á um starfstíma grunnskóla. Þar segir að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera 7-9 mánuðir. Nánar er kveðið á um skipan þessara mála í reglugerð nr. 79/1976. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins er starfstími grunnskóla í fræðsluumdæmum landsins eftirfarandi (skólaárið 1987-1988):

	Fj.skóla	Fj.mán.	Fj.nem.	Hlutfall.
Reykjavík	29	9	13.816	100%
Reykjanes	23	9	10.269	93,8%
"	3	8 1/2	654	6,0%
"	1	8	26	0,2%
Vesturland	8	9	2.105	72,4%
"	6	8 1/2	664	22,8%
"	2	8	138	4,8%
Vestfirðir	2	9	710	39,0%
"	2	8 1/2	435	23,9%
"	18	8	655	36,0%
"	2	7	21	1,1%

	Fj.skóla	Fj.mán.	Fj.nem.	Hlutfall.
Norðurl.v.	3	9	779	38,0%
"	3	8 1/2	337	16,5%
"	12	8	912	44,5%
"	2	7	21	1,0%
Norðurl.ey.	9	9	2.986	63,0%
"	4	8 1/2	563	11,9%
"	23	8	1.187	25,1%
Austurland	3	9	485	21,0%
"	6	8 1/2	996	43,3%
"	15	8	773	33,6%
"	2	7 1/2	27	1,2%
"	3	7	21	0,9%
Suðurland	4	9	904	23,8%
"	11	8 1/2	1.972	52,1%
"	20	8	913	24,1%

Samtals eru	9 mánaða	skólar	81	með	32.135	nem. 75,7%
"	8 1/2 m.	skólar	35	með	5.621	nem. 13,2%
"	8 mánaða	skólar	91	með	4.603	nem. 10,8%
"	7 1/2 m.	skólar	2	með	27	nem. 0,1%
"	7 mánaða	skólar	7	með	63	nem. 0,2%

Ákvarðanir um starfstíma grunnskóla eru í höndum skólanefnda á hverjum stað. Margvísleg rök hníga eflaust að því að skólaárið sé mismunandi langt eftir stöðum. Til dæmis má nefna fámenna skóla og staðbundnar aðstæður. Hins vegar hljóta spurningar að vakna um hvort ástæða sé til að þrengja heimildir til styttri skólatíma. Má í þessu

sambandi minna á umræður um að nemendur landsbyggðarinnar standi höllum fæti gagnvart nemendum á höfuðborgarsvæðinu. Verið getur að styttri skólatími hafi hér einhver áhrif á án þess að dómur sé á það lagður.

Hins vegar er erfitt að sjá réttmæt rök fyrir því að grunnskólanemendur t.d. á Selfossi og Egilsstöðum fái ekki jafn langan skólatíma og jafnaldrar þeirra á Sauðárkróki og Ísafirði. Rétt er að vekja athygli á því að fastur kennslukostnaður er sá sami hvort sem um er að ræða 8 mánaða eða 9 mánaða skóla. Það er einungis við 7 og 7 1/2 mánaða skóla sem fastur kennslukostnaður lækkar. Nefndin telur ástæðu til að kannað séu hvað réttlætir styttra skólaár en 9 mánuði.

Nefndin hefur rætt um lengingu skólaársins sem hlýtur að verða umfjöllunarefni skólamanna á allra næstu árum með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og þeirri almennu kröfu að nemendur hér á landi fái menntun til jafns við jafnaldra þeirra í nágrannalöndunum. Vísað er í þessu sambandi til skýrslu OECD um menntastefnu á Íslandi (útg. 1987).

1.1.3. Skólahúsnæði.

Þó að upplýsingar þær sem fyrr voru nefndar um væntanlega þróun mannfjölda geti gefið tilefni til vangaveltna um minni þörf fyrir skólahúsnæði í framtíðinni er rétt að benda á nokkur atriði varðandi aðbúnað skólanna í dag. Í árslok 1987 var ógreitt af skuldbindingum ríkissjóðs vegna grunnskólabygginga tæplega 1,385 milljarðar króna (byggingarvísitala 5384). Fjárveitingar ársins 1988 eru rúmlega 335 milljónir króna. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til grunnskólabygginga samkvæmt fjárlögum verið sem hér segir, og ekki tekið tillit til aukafjárveitinga:

	Verðlag hvers árs		Verðlag í janúar 1988	
Árið 1983	97.026	þús.kr.	244.042	þús.kr.
" 1984	115.450	"	239.972	"
" 1985	116.368	"	183.066	"
" 1986	120.345	"	152.006	"
" 1987	205.700	"	220.789	"

" 1988 335.215 "

Það sem helst hamlar því að húsnæði geti í dag þjónað þeim þörfum sem skólarnir hafa er einkum skortur á sérkennsluhúsnæði og aðstöðu til hádegisverðar. Auk þess verður að benda á það hér að víða eru skólar tvísettir, þ.e. kennt er bæði fyrir og eftir hádegi.

Nú liggur fyrir greinargott yfirlit yfir skólahúsnæði í Reykjavík, sem unnið hefur verið af Skólaskrifstofu Reykjavíkur. Verður nánar að því vikið í köflunum hér á eftir um samfelldan skóladag og lengingu skóladags. Hins vegar hefur ekki enn reynst unnt að ljúka sambærilegri úttekt varðandi skólahúsnæði í öðrum fræðsluumdæmum, en Loftur Magnússon, yfirkennari, er að vinna það verk á vegum nefndarinnar ásamt yfirliti um samfelldan skóladag og verður það hluti af lokaskýrslu.

1.2. Samfelldur skóladagur.

Í umræðum um skólamál á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um nauðsyn þess að skóladagur barna verði samfelldur og þar með tryggt að þau þurfi ekki að fara til og frá skóla nema einu sinni á degi hverjum. Ýmsar ástæður liggja að baki þessum óskum. Skulu hér nefndar nokkrar: 1. Sundurslitinn skóladagur hefur í för með sér verri nýtingu tímans. 2. Fleiri ferðir til og frá skóla leiða til meiri hættu fyrir börnin í umferðinni. 3. Fjölmargir foreldrar eru óöruggir um börnin meðan þau eru ekki í skólanum, en á mörgum heimilum er enginn til staðar í þessum tímahléum vegna útivinnu foreldra.

Á undanförnum árum hefur töluvert áunnist í þessum efnum. Á árinu 1983 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, vinnuhóp til að athuga "tengsl heimila og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl". Vinnuhópurinn sem starfaði undir forystu Salóme Þorkelsdóttur, alþingismanns, skilaði tveimur skýrslum. Fyrri skýrsla hópsins kom út í október 1984 og var þar einkum gerð grein fyrir samfelldum skóladegi og tengslum heimila og skóla í þéttbýli. Í síðari skýrslunni, sem kom út í janúar 1986 var athyglinni einkum beint að dreifbýlinu. Í framhaldi af þessu skipaði Sverrir Hermannsson, menntamálaráðherra, nefnd undir forystu Bessí Jóhannsdóttur til að gera nánari tillögur um hvernig koma mætti á samfelldum skóladegi í Reykjavík. Það starf féll síðan inn í starf fjölskyldunefndarinnar.

Óhætt mun að fullyrða að starf þetta leiddi þegar til þess að umræða fór af stað innan skólanna og athuganir á því með hvaða ráðum hægt væri að bæta ástandið. Nú er

svo komið í Reykjavík að tæp 75% nemenda á grunnskólaaldri njóta samfellds skóladags og 21% til viðbótar þurfa ekki að fara nema eina aukaferð á viku í skólann. Á Reykjanesi er ástandið ekki eins gott. 60% nemenda þar njóta samfellds skóladags, rúmlega 12% þurfa að fara eina aukaferð á viku í skólann og tæp 28% þurfa að fara tvær ferðir eða fleiri á viku í skólann.

Enn liggja ekki fyrir jafn nákvæmar upplýsingar um ástandið í skólum á landsbyggðinni. Á vegum nefndarinnar er nú unnið að því að gera nákvæmt yfirlit sem byggist á sömu forsendum og yfirlit Reykjavíkur og Reykjaness (sbr. kafli 1.1.3.). Frekari grein verður gerð fyrir því starfi í lokaskýrslu nefndarinnar. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess m.a. að sjá ástandið hjá hverjum árgangi fyrir sig og til að hafa raunhæfan samanburð. Hins er rétt að geta þess að í mörgum tilvikum gilda önnur sjónarmið á landsbyggðinni. Þar þykir til dæmis ekki tiltökumál og flokkast ekki undir rofinn skóladag þótt að nemendur þurfi að fara heim í hádegismat og koma aftur í skólann að honum loknum. Í samræmi við þessa skilgreiningu liggja fyrir upplýsingar um stöðu mála í flestum fræðsluumdæmum þar sem ástandið er flokkað í þrjá flokka þ.e. samfellda viðveru, samfelldan vinnutíma og óreglulegan vinnutíma. Með samfelldri viðveru er átt við að nemendur fari einungis eina ferð á dag til og frá skóla en með samfelldum vinnutíma er átt við að vinna nemenda myndi ákveðna heild þótt eyður séu í töflu t.d. vegna hádegishlés.

Þannig njóta tæp 56% nemenda á Vestfjörðum samfelldrar viðveru, rúm 39% samfellds vinnutíma og tæp 5% búa við óreglulegan vinnutíma. Á Norðurlandi Vestra njóta hins vegar tæp 50% samfelldrar viðveru, tæp 14% samfellds vinnutíma en rúm 36% búa við óreglulegan vinnutíma. Þær tölur sem nefndar hafa verið fyrir þessi tvö fræðsluumdæmi eru frá skólaárinu 1987-1988. Nánari upplýsingar er að finna í viðauka I.

Í Reykjavík er vart hægt að koma á meiri samfelldni miðað við núverandi húsakost skólanna. Það sem fyrst og fremst hindrar algjöra samfelldni er skortur á sérgreinahúsnæði s.s. fyrir leikfimikennslu. Þannig má til dæmis nefna að ef leikfimikennsla er ekki talin með í Reykjavík, eru 85,4% grunnskólanema þar með samfelldan skóladag. Ástæða er hins vegar til að ætla að hægt sé að ná meiri samfelldni í öðrum fræðsluumdæmum með aðgerðum innan skólanna sjálfra fyrst og fremst með betri stundatöflum. Aðgerðir til að ná fram algjörlega samfelldum skóladegi verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi við önnur markmið sem sett eru fram í þessum tillögum s.s lengingu skóladags.

Nefndin gerir tillögu um að við hverja fræðsluskrifstofu verði settur starfshópur sem hafi það verkefni að vinna að því að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins. Forgangshópar innan skólanna skulu vera nemendur 1.- 4. bekkjar. Það skal jafnframt vera forgangsverkefni að vinna að samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna og skal því lokið fyrir skólaárið 1989-1990. Næstu áfangar verði síðan unnir í samræmi við framkvæmdaáætlun um lengingu skóladags og viðbótarhúsnæði. (Sjá kafla 1.3.) Starfshóparnir skili fræðslustjóra og menntamálaráðuneyti reglulega skýrslu um framgang málsins.

1.3. Lenging skóladags.

Í 44. grein laga um grunnskóla nr. 63/1974 er ákvæði um vikulegan kennslutíma nemenda í grunnskólum. Sérstök auglýsing frá menntamálaráðuneytinu (nr. 212/1984) kveður nánar á um skiptingu kennslustunda. Litið er á ákvæði laganna sem hámark. Núverandi kennslustundafjöldi er sem hér segir (hámark innan sviga):

1.	bekkur 22	stundir (22 st.)
2.	bekkur 22	stundir (24 st.)
3.	bekkur 26	stundir (27 st.)
4.	bekkur 29	stundir (32 st.)
5.	bekkur 32	stundir (34 st.)
6.	bekkur 34	stundir (35 st.)
7.	bekkur 35	stundir (36-37st.)
8.	bekkur 35	stundir (36-37st.)
9.	bekkur 35	stundir (36-37st.)

Til viðbótar við þetta kemur kennsla í sex ára deildum (sjá nánar kafla 1.4.) en hún er heimil allt að einni vikustund á hvern nemenda. Víðast hvar er raunin sú að nemendur fá 10-15 kennslustundir á viku.

Stuttur skóladagur leiðir óhjákvæmilega til þess að minni kröfur er hægt að gera til menntunar en við lengri skóladag. Má í þessu sambandi minna á, að í skýrslu OECD um menntastefnu sem fyrr er minnst á er lenging skóladagsins talið eitt brýnasta verkefnið á grunnskólastigi.

Stuttur skóladagur yngstu bekkja grunnskólans (þ.e. 7 og 8 ára börn) og forskólans hefur auk þess víða leitt til erfiðleika fyrir útivinnandi foreldra. Erfitt getur reynst að

fá gæslu fyrir börn eftir að skólatíma lýkur. Þetta hefur í för með sér mikið öryggisleysi og vandamál bæði fyrir börn og fullorðna. Fyrr í skýrslunni var getið um vaxandi þátttöku beggja foreldra á vinnumarkaðnum og ennfremur er rétt að vekja athygli á því að stór hópur barna býr hjá öðru foreldrinu. En samkvæmt þjóðskrá voru fjölskyldur einstæðra foreldra um 7.500 talsins 1. desember 1987.

Sumir skólar hafa reynt að leysa þessi vandamál og komið til móts við þarfir foreldra með sérstökum viðverutíma innan skólans eftir að kennslu lýkur.Auk þess eru rekin skóladagheimili fyrir börn 6-10 ára. Í Reykjavík hafa 5,6% barna á þeim aldri aðgang að skóladagheimili og er það hæsta hlutfall á landinu, en um skóladagheimili er fjallað í kaflanum um dagvistarmál sem fer hér á eftir.

Nefndin telur það mjög brýnt að skóladagur verði lengdur, einkum hjá yngri börnum. Þó að viðvera í skólum (skólaathvarf) sé nauðsynlegur og gagnlegur þáttur, þá hlýtur það að vera keppikefli jafnt foreldra sem skólayfirvalda að tími sá sem börnin dveljast í skólanum sé nýttur eins og kostur er í sambandi við nám þeirra.

Nefndin telur það æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skóladvalar a.m.k. 6 klukkustundir á dag, þar með er talið kennslustundir, stundahlé og matarhlé.

Nefndin gerir að tillögu sinni að þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum:

1. áfangi: Með breytingu á 44. gr. grunnskólalaganna, sem samþykkt verði fyrir næstu áramót verði skóladagur 1. og 2. bekkjar lengdur sem nemur 4 kennslustundum á viku fyrir hvorn árgang frá því sem nú er í gildi. og verði því 26 stundir á viku. Breytingin taki gildi fyrir skólaárið 1989-1990. Samkvæmt upplýsingum fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins mun kostnaður ríkissjóðs aukast um tæpar 48 milljónir kr. á ári vegna kennslumagnsins. Kostnaðarauki sveitarfélaganna er óverulegur af þessari breytingu.

2. áfangi: Í honum er gert ráð fyrir að forskólanum verði breytt í bekkjarfyrirkomulag þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna í árgangi. (Sjá nánar kafla. 1.4.). Gerð er tillaga um að breytingin taki gildi skólaárið 1990-1991. Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð er áætlaður um 55 milljónir kr. á ári. Þegar liggja fyrir tillögur starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins um þetta mál.

3. áfangi. Hann komi til framkvæmda skólaárið 1991-1992. Þá verði skóladagur lengdur þannig að:

1. bekkur fái 28 kennslust. á viku
2. bekkur fái 28 kennslust. á viku
3. bekkur fái 28 kennslust. á viku
4. bekkur fái 30 kennslust. á viku
5. bekkur fái 33 kennslust. á viku
6. bekkur fái 35 kennslust. á viku
7. bekkur fái 36 kennslust. á viku
8. bekkur fái 36 kennslust. á viku
9. bekkur fái 36 kennslust. á viku

Kostnaður vegna aukins kennslumagns í þessum áfanga verður rúmlega 72 milljónir kr. Auk þessa er ljóst að þessi áfangi kallar á aukið húsnæði þar sem þörf verður á einsetningu. Í Reykjavík verður þörf á almennum kennslustofum fyrir rúmlega 200 bekkjadeildir sem eru nú síðdegisdeildir. Áætlað er að stofnkostnaður vegna einsetningar í Reykjavík muni nema um 860 milljónum króna, ef miðað er við norm menntamálaráðuneytisins sem gerir ráð fyrir um 55 þús. kr. kostnaði á hvern m^2. Hins vegar má benda á að samkvæmt útreikningum sveitarfélaga er byggingarkostnaður á m^2. mun hærri en norm menntamálaráðuneytisins gera ráð fyrir og skv. upplýsingum Skólaskrifstofu Reykjavíkur er reiknað með að kostnaður þessi nemi 80 þúsund krónum á m^2. og séu þær tölur lagðar til grundvallar yrði kostnaður 1.250 milljónir króna. Hlutdeild ríkisins í þessu yrði 430 - 625 milljónir króna. Upplýsingar um stofnkostnað vegna skóla í öðrum fræðsluumdæmum munu af ástæðum sem fyrr eru raktar koma fram í lokaskýrslu nefndarinnar. Þörf er á breytingu á 44. gr. grunnskólalaganna vegna kennslustundafjölda.

4. áfangi. Gert er ráð fyrir að skólaárið 1992-1993 verði skóladagur lengdur þannig að:

1. bekkur fái 30 kennslust. á viku
2. bekkur fái 30 kennslust. á viku
3. bekkur fái 30 kennslust. á viku
4. bekkur fái 32 kennslust. á viku
5. bekkur fái 34 kennslust. á viku

6. bekkur fái 35 kennslust. á viku
7. bekkur fái 36-37 kennst. á viku
8. bekkur fái 36-37 kennst. á viku
9. bekkur fái 36-37 kennst. á viku

Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa áfanga mun nema tæplega 72 milljónum kr. á ári. Áfangi þessi kallar á breytingu á 44. gr. grunnskólalaganna.

Samtals munu þessar tillögur hafa í för með sér tæplega 250 milljóna króna aukinn rekstrarkostnað fyrir ríkissjóð á ári þegar þær hafa að fullu komið til framkvæmda. Miðað er við verðlag í janúar 1988. En til samanburðar má nefna að samkvæmt fjárlögum 1988 var rekstrarkostnaður grunnskóla um 3,2 milljarðar króna. Nánari tillaga um skiptingu þessa stofnkostnaðar á milli ára verður gerð í lokaskýrslu nefndarinnar.

Eins og tillaga þessi er byggð upp er reiknað með að til þurfi að koma 300 ný stöðugildi kennara á þessu fjögurra ára tímabili. Sérstök vinna þarf að fara í gang til að tryggja nægilegt framboð af kennurum til að tillögur þessar nái fram að ganga.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum fyrir þá sem þurfa á þeim að halda þar til tillögur þessar eru komnar til framkvæmda. Eins og fyrr var sagt frá hefur á nokkrum stöðum verið gerð tilraun með þetta fyrirkomulag. Það hefur gefist vel og því rík ástæða til reyna enn frekar þessa leið. Í ljós hefur komið að foreldrar eru tilbúnir að greiða fyrir þjónustu sem skólarnir láta af hendi í þessu skyni. (Sbr. *Könnun á viðhorfum foreldra í Granda- og Árbæjarhverfi* , Þórólfur Þórlindsson, janúar 1986).

1.4. Forskóli.

74. grein grunnskólalaga fjallar um forskóla. Þar segir: "Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans." frá því að lög um grunnskóla tóku gildi 1974 hafa sveitarfélögin unnið að því að koma á forskóladeildum. Nú er svo komið að þrátt fyrir að ekki sé um skyldunám að ræða njóta 98,7% allra sex ára barna skólavistar í forskóladeild. Skipting eftir fræðsluumdæmum fyrir skólaárið 1987 - 1988 er eftirfarandi:

	Börn fædd 1981	Börn í forskóla	Hlutfall
Reykjavík	1.454	1.440 *	99,0%
Reykjanes	1.142	1.129	98,9%
Vesturland	289	290	100,0%
Vestfirðir	200	191	95,5%
Norðurland Vestra	216	210	97,2%
Norðurland Eystra	431	427	99,1%
Austurland	239	236	98,7%
Suðurland	340	333	97,9%
Samtals	4.311	4.256	98,7%

* Til viðbótar eru 154 börn fimm ára börn í forskóla í Reykjavík.

Heimild: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Í auglýsingu menntamálaráðuneytis nr. 212/1984 um skiptingu kennslustunda er kveðið á um að ráðstöfunarstundir til kennslu barna í forskóla skuli miðast við að vera allt að einni vikustund á nemanda. Þetta þýðir að ef nemendur eru 4 talsins verða kennslustundir í forskóladeild 4 á viku, ef þeir eru 18 talsins verða kennslustundir 18 á viku. Þar af leiðandi getur svo farið í ýmsum smærri skólum úti á landi að kennsla í forskóladeild fari fram aðeins einn dag í viku.

Nefndin leggur til að horfið verði frá þessari stefnu og í stað þess verði kennslumagn forskólabarna ákvarðað með sama hætti og í grunnskólanum þ.e. ákveðinn fjöldi kennslustunda á viku óháð nemendafjölda, sbr. tillögur starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis þar að lútandi. Kostnaður vegna kennslu mun við það aukast um 55 milljónir kr. á ári. (Sbr. 2. áfangi í kafla 1.3.)

Nefndin leggur til að börnum í forskóla gefist tækifæri til að dveljast í skólanum allt að sex klukkustundum á dag. Í því skyni verði skipulagður sérstakur viðverutími fyrir þau. Lenging skóladags forskólabarna kemur síðan væntanlega til framkvæmda í kjölfar áfanga þeirra sem skilgreindir voru í kafla 1.3.

1.5. Stjórn skóla.

Á undanförnum árum hefur starfsemi foreldrafélaga við grunnskóla landsins farið vaxandi. Við grunnskóla í flestum þéttbýlisstöðum eru starfandi foreldrafélög, yfirleitt í náinni samvinnu við kennara. Í skýrslu starfshóps um tengsl heimila og skóla, sem út kom í janúar 1986 eru talin þau foreldrafélög sem þá voru starfandi og voru þau samtals 94. Landssamband foreldrafélaga er ekki til, en hins vegar starfa samtök foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík - SAMFOK.

21. grein grunnskólalaga fjallar um starfsemi foreldrafélaga: "Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir. Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti."

Eins og fram kemur í lagagreininni á fulltrúi foreldrafélags rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti. Mjög er misjafnt hvernig foreldrafélög hafa nýtt sér þennan rétt. Í sumum skólum Reykjavíkur sitja fulltrúar foreldra kennarafundi reglulega. Annars staðar er lítið sem ekkert formlegt samband. SAMFOK í Reykjavík á áheyrnarfulltrúa í umferðarnefnd borgarinnar, svo og í skólamálaráði og fræðsluráði.

Foreldrafélög eru ekki gamalt fyrirbæri og hafa ekki skapað sér nægilega sterka starfsaðstöðu. Fyrst um sinn var ríkjandi nokkur tortryggni milli skólayfirvalda, kennara og foreldra. Telja verður að mikið hafi áunnist í þessum efnum og hafa kennarar mjög víða haft frumkvæði að því að stofna til foreldrafélaga.

Um gildi slíkra félaga þarf ekki að hafa mörg orð. Mjög er brýnt fyrir foreldra að geta haft aðstöðu til að taka þátt í námi barna sinna og fylgjast með framgangi þess. Margir foreldrar hafa fundið sig vanmegnuga í þessum efnum. Bent hefur verið á að breytingar í námsefni og starfsháttum skóla eigi sinn þátt í því. Á móti hefur sú skoðun komið fram hjá mörgum að áhugaleysi eða afskiptaleysi foreldra sé áberandi í skólastarfi. Það stafi af einhverju leyti af því að skólarnir hafi í auknum mæli tekið að sér uppeldishlutverk og heimilin því varpi sífellt meiri ábyrgð yfir á þeirra herðar.

Starfsemi foreldrafélaga hefur verið mjög misjöfn eftir skólum. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram um ástæður þess og þær helstar að foreldrar hafi engin raunveruleg völd og þar af leiðandi séu áhrif þeirra takmörkuð. Foreldrar komi lítið inni í undirbúning skólastarfsins, kennslu- og starfsáætlanir og afleiðing lítilla áhrifa hljóti því að endurspeglast í áhugaleysi.

Starfshópur um tengsl heimila og skóla sem fyrr hefur verið nefndur fjallaði um aukin áhrif foreldra í stjórn skóla og segir svo í seinni skýrslu hópsins frá því í janúar 1986 (bls. 38): "Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð. Þar eigi sæti fulltrúar foreldra, nemenda, starfsfólks skóla, skólanefndar og skólastjóri eða yfirkennari. Skólaráð sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál skólans. Þar sem foreldrafélög starfa velji þau fulltrúa foreldra í skólaráði."

Í framhaldi af skýrslu hópsins flutti formaður hans, Salóme Þorkelsdóttir, alþingismaður frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögunum, þar sem gerð er tillaga um stofnun skólaráða. Það frumvarp hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Tillögur nefndarinnar byggja að hluta til á þessu frumvarpi.

Nefndin gerir tillögu um að fræðsluskrifstofum verði falið að hafa yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og að stuðla að samstarfi þeirra innan hvers fræðsluumdæmis.

Nefndin gerir tillögu um að eftirfarandi breytingar, sem lúta að starfsemi skólaráða, verði gerðar á lögum um grunnskóla nr. 63/1974:

1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða skv. þeim. Skylt er

öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.1. Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og stuðli að samstarfi þeirra innan hvers fræðsluumdæmis.

21. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn skóla skulu leitast við að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólastarfið til foreldra í skólahverfinu.

Nú óska foreldrar, sem eiga börn í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og sé starfsfólki skólans til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

22. gr. laganna orðist svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Skólaráð skal skipað þremur mönnum. Einn tilnefndur af kennurum og öðrum starfmönnum skólans, einn tilnefndur af foreldrafélaginu og einn tilnefndur af nemendaráði.

Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

Skylt er fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja um með rökstuddri greinargerð undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu t.d. smæð skóla.

1.6. Umsjónarkennarar.

Starf umsjónarkennara við grunnskóla er mikilvægt. Um það er sérstaklega fjallað um 38. grein grunnskólalaganna: "Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra."

Starf umsjónarkennara með yngri bekkjum grunnskólans er í föstum skorðum. Um 7.- 9.bekk gegnir öðru máli. Þá virðist samband foreldra og skóla rofna töluvert og foreldrum veitist örðugra að fylgjast með námi barna sinna en áður.

Nefndin telur nauðsynlegt að staða umsjónarkennara við 7.-9. bekk verði styrkt. Þeim tilmælum er því beint til menntamálaráðherra að mál þetta verði tekið til sérstakrar umfjöllunar í samstarfi foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda.

Viðauki I - Samfelldur skóladagur.

Í framhaldi af skýrslum þeim sem unnar voru á árunum 1983 - 1986 um samfelldan skóladag hefur verið tekið saman yfirlit um stöðu þessara mála fyrir skólaárið 1987-1988. Upplýsingar eru fengnar frá menntamálaráðuneyti, skólaskrifstofu Reykjavíkur og fræðslustjóra Reykjaness.

Með samfelldum skóladegi er átt við að nemandi þurfi ekki að fara nema eina ferð á dag í skólann eða fimm ferðir á viku. Ferðir í skóla umfram þetta eru nefndar aukaferðir.

REYKJAVÍK

Í Reykjavík eru 13.816 nemendur í grunnskólum borgarinnar þar af eru 1594 í forskóla (5 og 6 ára). Skipting eftir bekkjum varðandi samfelldni er eftirfarandi:

Forskóli (5 og 6 ára):	1594 nemendur. (Þar af 154 5 ára)	
Samfelldur skóladagur hjá öllum eða		100%
1. bekkur:	1477 nemendur	
Þar af	1374 með samfelldan skóladag eða	93%
"	103 með eina aukaferð á viku eða	7%
2. bekkur:	1499 nemendur	
Þar af	1289 með samfelldan skóladag eða	86%
"	210 með eina aukaferð á viku eða	14%
3. bekkur:	1332 nemendur.	
Þar af	873 með samfelldan skóladag eða	65.5%
"	413 með eina aukaferð á viku eða	31 0%
"	22 með tvær aukaferðir á viku eða	1.7%
"	24 með þrjár aukaferðir á viku eða	1.8%
4. bekkur:	1319 nemendur.	
Þar af	1024 með samfelldan skóladag eða	77.6%
"	249 með eina aukaferð á viku eða	18.9%
"	46 með tvær aukaferðir á viku eða	3.5%
5. bekkur:	1332 nemendur.	
Þar af	943 með samfelldan skóladag eða	70.8%
"	349 með eina auakaferð á viku eða	26.2%
"	40 með tvær aukaferðir á viku eða	3.0%
6. bekkur:	1322 nemendur.	

Þar af	648	með samfelldan skóladag eða	49.0%
"	562	með eina aukaferð á viku eða	42.5%
"	112	með tvær aukaferðir á viku eða	8.5%

7. bekkur: 1294 nemendur.

Þar af	887	með samfelldan skóladag eða	68.5%
"	305	með eina aukaferð á viku eða	23.6%
"	102	með tvær aukaferðir á viku eða	7.9%

8. bekkur: 1337 nemendur.

Þar af	819	með samfelldan skóladag eða	61.3%
"	352	með eina aukaferð á viku eða	26.3%
"	143	með tvær aukaferðir á viku eða	10.7%
"	23	með þrjár aukaferðir á viku eða	7.9%

9. bekkur: 1310 nemendur.

Þar af	836	með samfelldan skóladag eða	63.8%
"	352	með eina aukaferð á viku eða	29.9%
"	122	með tvær aukaferðir á viku eða	9.3%

Reykjavík samtals 13.816 nemendur..

Þar af	10.287	með samfelldan skóladag eða	74.5%
"	2.895	með eina aukaferð á viku eða	20.9%
"	587	með tvær aukaferðir á viku eða	4.4%
"	47	með þrjár aukaferðir á viku eða	0.2%

Í tölum um Reykjavík eru teknir með þeir skólar sem reknir eru af einkaaðilum, þ.e. Landakotsskóli, Tjarnarskóli og Skóli Ísaks Jónssonar.

REYKJANES.

Í fræðsluumdæminu eru 10863 nemendur. Þar af eru 1129 nemendur í forskóla. Skipting eftir bekkjum varðandi samfelldan skóladag er eftirfarandi:

Forskóli: 1129 nemendur.

Þar af	1071	með samfelldan skóladag eða	94.8%
"	16	með eina aukaferð á viku eða	1.4%
"	16	með tvær aukaferðir á viku eða	1.4%
"	13	með þrjár aukaferðir á viku eða	1.2%
"	13	með fjórar aukaferðir á viku eða	1.2%

1.bekkur: 1114 nemendur.

Þar af	938	með samfelldan skóladag eða	84.2%

"	53	með eina aukaferð á viku eða	4.8%
"	123	með tvær aukaferðir á viku eða	11.0%
2. bekkur:	1121	nemendur.	
Þar af	952	með samfelldan skóladag eða	84.9%
"	40	með eina aukaferð á viku eða	3.6%
"	69	með tvær aukaferðir á viku eða	6.2%
"	60	með þrjár aukaferðir á viku eða	5.3%
3. bekkur:	1049	nemendur.	
Þar af	597	með samfelldan skóladag eða	56.9%
"	192	með eina aukaferð á viku eða	18.3%
"	61	með tvær aukaferðir á viku eða	5.8%
"	150	með þrjár aukaferðir á viku eða	14.3%
"	49	með fjórar e.fl. ferðir á viku eða	4.7%
4. bekkur:	1042	nemendur.	
Þar af	627	með samfelldan skóladag eða	60.2%
"	232	með eina aukaferð á viku eða	22.3%
"	73	með tvær aukaferðir á viku eða	7.0%
"	21	með þrjár aukaferðir á viku eða	2.0%
"	89	með fjórar e.fl. " á viku eða	8.5%
5. bekkur:	1038	nemendur.	
Þar af	300	með samfelldan skóladag eða	28.9%
"	235	með eina aukaferð á viku eða	22.6%
"	308	með tvær aukaferðir á viku eða	29.7%
"	79	með þrjár aukaferðir á viku eða	7.6%
"	116	með fjórar e.fl. " á viku eða	11.2%
6. bekkur:	1097	nemendur.	
Þar af	444	með samfelldan skóladag eða	40.5%
"	111	með eina aukaferð á viku eða	10.1%
"	249	með tvær aukaferðir á viku eða	22.7%
"	130	með þrjár aukaferðir á viku eða	11.8%
"	163	með fjórar e.fl. " á viku eða	14.9%
7. bekkur:	1025	nemendur.	
Þar af	575	með samfelldan skóladag eða	56.1%
"	150	með eina aukaferð á viku eða	14.6%
"	192	með tvær aukaferðir á viku eða	18.7%
"	76	með þrjár aukaferðir á viku eða	7.4%
"	32	með fjórar e.fl. " á viku eða	3.1%
8. bekkur:	1142	nemendur.	
Þar af	593	með samfelldan skóladag eða	51.9%
"	178	með eina aukaferð á viku eða	15.6%
"	218	með tvær aukaferðir á viku eða	19.1%

"	113	með þrjár aukaferðir á viku eða	9.9%
"	40	með fjórar e.fl. " á viku eða	3.5%
9. bekkur:	1106	nemendur.	
Þar af	407	með samfelldan skóladag eða	36.8%
"	140	með eina aukaferð á viku eða	12.7%
"	329	með tvær aukaferðir á viku eða	29.7%
"	128	með þrjár aukaferðir á viku eða	11.6%
"	102	með fjórar e.fl. " á viku eða	9.2%

Á Reykjanesi	samtals 10863	nemendur.	
Þar af	6504	með samfelldan skóladag eða	59.9%
"	1347	með eina aukaferð á viku eða	12.4%
"	1638	með tvær aukaferðir á viku eða	15.1%
"	770	með þrjár aukaferðir á viku eða	7.1%
"	604	með fjórar e.fl. " á viku eða	5.5.%

Skólarnir sem taldir eru með í þessu yfirliti eru 27 talsins.

Viðauki II. Kostnaður vegna lengingar skóladags.

1. áfangi: Skóladagur yngstu barnanna (1. og 2. bekkur) verði lengdur sem nemur 4 kennslustundum á viku fyrir hvorn árgang.

Áætlaður kostnaðarauki:

Reykjavík	15,0	m.kr.
Reykjanes	11,6	-
Vesturland	3,8	-
Vestfirðir	2,6	-
Norðurland Vestra	2,6	-
Norðurland Eystra	5,3	-
Austurland	3,0	-
Suðurland	3,8	-
Samtals	47,7	m.kr.

2. áfangi: Kostar um 55 m.kr. ef farið verður eftir tillögum starfshóps um kennslukvóta forskólabarna sem menntamálaráðuneytinu.

3. áfangi: Tekin upp ný viðmiðunarstundaskrá frá 28 st./viku til 36 st./viku.

Áætlaður kostnaðarauki (meðtalinn 1.áfangi):

Reykjavík	36,2	m.kr.
Reykjanes	28,8	-
Vesturland	9,5	-
Vestfirðir	6,6	-
Norðurland v.	6,8	-
Norðurland ey.	13,6	-
Austurland	7,7	-
Suðurland	10,6	
Samtals	119,8	m.kr.

4. áfangi: Tekin upp ný viðmiðunarstundaskrá frá 30 st./viku til 37 st./viku.

Áætlaður kostnaðarauki. (Meðtalinn 1. og 3. áfangi):

Reykjavík	57,5 m.kr.
Reykjanes	45,9 -
Vesturland	15,2 -
Vestfirðir	10,5 -
Norðurland v.	10,9 -
Norðurland ey.	21,8 -
Austurland	12,5 -
Suðurland	17,1 -
Samtals	191,4 m.kr.

Kostnaðarauki frá þeirri viðmiðun sem gildir í dag er um 47,7 m.kr. ef viðvera skólabarna er lengd í samræmi við 1. áfanga, en 191,4 m.kr. ef áfangi 4 yrði tekinn upp. Auk þessa kostnaðar má búast við að forföll gætu aukist, orlofum kennara yrði fjölgað, yfirkennurum gæti fjölgað, heimavinna kennara ykist, kvótastörf gætu aukist og jafnvel eitthvað fleira.

Allar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í janúar 1988. Ofangreindar upplýsingar eru fengnar frá fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um lengd skólaárs og samfelldan skóladag.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þorsteinn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma til framkvæmda eftirfarandi atriðum varðandi skólastarf í landinu.

1. Að gera sérstaka athugun á því hvers vegna skólaár sé styttra en 9 mánuðir á sumum stöðum á landinu og gera ráðstafanir til úrbóta þar sem ekki eru full rök fyrir styttra skólaári.
2. Að setja á fót starfshóp við hverja fræðsluskrifstofu landsins sem hafi það verkefni að vinna að því að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Þar segir m.a. að unnið verði að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í ágúst 1987 skipaði Þorsteinn Pálsson, þáverandi forsætisráðherra, samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Í nefndinni áttu sæti: Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra, Bessí Jóhannsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðherra, Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, og Þuríður Helgadóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, starfaði með nefndinni.

Í ágúst 1988 skilaði nefndin áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál. Helstu tillögur nefndarinnar um skólamál eru eftirfarandi:

- „Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skólavistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 30–36 (37) stundir á viku. (Sjá kafla 1.3.)
- Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda. (Sjá kafla 1.3.)
- Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990. (Sjá kafla 1.2.)
- Forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna. (Sjá kafla 1.4.)
- Skólaráð, sem í eigi sæti fulltrúi foreldra, starfi við hvern grunnskóla. (Sjá kafla 1.5.)
- Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga. (Sjá kafla 1.5.)
- Staða umsjónarkennara við 7.–9. bekk verði styrkt. (Sjá kafla 1.6.)
- Kannað verði rækilega hvað valdi því að skólaár er enn víða styttra en 9 mánuðir. (Sjá kafla 1.1.2.)“

Álit nefndarinnar um skólamál er birt í heild sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögum, þskj. 90.

Salome Þorkelsdóttir o.fl. hafa flutt frumvarp, þskj. 31, um þann þátt í nefndarálitinu sem snertir samskipti foreldra og skóla, sbr. álit nefndar sem Ragnhildur Helgadóttir skipaði árið 1983 um það efni. Þá hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins í neðri deild flutt frumvarp sem snertir skóla- og fræðsluskyldu 6 ára barna og lengingu skóladags. Í þessari tillögu er hins vegar fjallað um atriði sem eru fyrst og fremst framkvæmdaatriði, en krefjast ekki lagabreytinga. Fjallar annað atriðið um lengd skólaárs en hitt atriðið um skipulegar aðgerðir til að koma á samfelldum skóladegi.

Fyrsti töluliður í þessari tillögu fjallar um lengd skólaársins. Um það atriði segir svo í ofangreindu nefndaráliti:

„Í 41. gr. grunnskólalaganna er kveðið á um starfstíma grunnskóla. Þar segir að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera 7–9 mánuðir. Nánar er kveðið á um skipan þessara mála í reglugerð nr. 79/1976. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins er starfstími grunnskóla í fræðsluumdæmum landsins eftirfarandi (skólaárið 1987–1988):

	Skólar	*Mánuðir*	*Nemendur*	*Hlutfall*
Reykjavík	29	9	13.816	100,0%
Reykjanes	23	9	10.269	93,8%
—	3	8½	654	6,0%
—	1	8	26	0,2%
Vesturland	8	9	2.105	72,4%
—	6	8½	664	22,8%
—	2	8	138	4,8%
Vestfirðir	2	9	710	39,0%
—	2	8½	435	23,9%
—	18	8	655	36,0%
—	2	7	21	1,1%
Norðurland v.	3	9	779	38,0%
—	3	8½	337	16,5%
—	12	8	912	44,5%
—	2	7	21	1,0%
Norðurland e.	9	9	2.986	63,0%
—	4	8½	563	11,9%
—	23	8	1.187	25,1%
Austurland	3	9	485	21,0%
—	6	8½	996	43,3%
—	15	8	773	33,6%
—	2	7½	27	1,2%
—	3	7	21	0,9%
Suðurland	4	9	904	23,8%
—	11	8½	1.972	52,1%
—	20	8	913	24,1%

Samtals eru 9 mánaða skólar 81 með 32.135 nem.	75,7%
Samtals eru 8½ m. skólar 35 með 5.621 nem.	13,2%
Samtals eru 8 mánaða skólar 91 með 4.603 nem.	10,8%
Samtals eru 7½ m. skólar 2 með 27 nem.	0,1%
Samtals eru 7 mánaða skólar 7 með 63 nem.	0,2%

Ákvarðanir um starfstíma grunnskóla eru í höndum skólanefnda á hverjum stað. Margvísleg rök hníga eflaust að því að skólaárið sé mismunandi langt eftir stöðum. Til dæmis má nefna fámenna skóla og staðbundnar aðstæður. Hins vegar hljóta spurningar að vakna um það hvort ástæða sé til að þrengja heimildir til styttri skólatíma. Má í þessu sambandi minna á umræður um að nemendur landsbyggðarinnar standi höllum fæti gagnvart nemendum á höfuðborgarsvæðinu. Verið getur að styttri skólatími hafi hér einhver áhrif án þess að dómur sé á það lagður.

Hins vegar er erfitt að sjá réttmæt rök fyrir því að grunnskólanemendur, t.d. á Selfossi og Egilsstöðum, fái ekki jafnlangan skólatíma og jafnaldrar þeirra á Sauðárkróki og Ísafirði. Rétt er að vekja athygli á því að fastur kennslukostnaður er sá sami hvort sem um er að ræða 8 mánaða eða 9 mánaða skóla. Það er einungis við 7 og 7½ mánaða skóla sem fastur kennslukostnaður lækkar. *Nefndin telur ástæðu til að kannað sé hvað réttlætir styttra skólaár en 9 mánuði.*

Nefndin hefur rætt um lengingu skólaársins sem hlýtur að verða umfjöllunarefni skólamanna á allra næstu árum með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og þeirri

almennu kröfu að nemendur hér á landi fái menntun til jafns við jafnaldra þeirra í nágrannalöndunum. Vísað er í þessu sambandi til skýrslu OECD um menntastefnu á Íslandi (útg. 1987).“

Annar töluliður í tillögunni fjallar um samfelldan skóladag. Um það atriði segir svo í nefndarálitinu:

„*1.2. Samfelldur skóladagur.*

Í umræðum um skólamál á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um nauðsyn þess að skóladagur barna verði samfelldur og þar með tryggt að þau þurfi ekki að fara til og frá skóla nema einu sinni á degi hverjum. Ýmsar ástæður liggja að baki þessum óskum. Skulu hér nokkrar nefndar:
1. Sundurslitinn skóladagur hefur í för með sér verri nýtingu tímans. 2. Fleiri ferðir til og frá skóla leiða til meiri hættu fyrir börnin í umferðinni. 3. Fjölmargir foreldrar eru óöruggir um börnin meðan þau eru ekki í skólanum, en á mörgum heimilum er enginn til staðar í þessum tímahléum vegna útivinnu foreldra.

Á undanförnum árum hefur töluvert áunnist í þessum efnum. Á árinu 1983 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, vinnuhóp til að athuga „tengsl heimila og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl“. Vinnuhópurinn, sem starfaði undir forustu Salome Þorkelsdóttur alþingismanns, skilaði tveimur skýrslum. Fyrri skýrsla hópsins kom út í október 1984 og var þar einkum gerð grein fyrir samfelldum skóladegi og tengslum heimila og skóla í þéttbýli. Í síðari skýrslunni, sem kom út í janúar 1986, beindist athyglin einkum að dreifbýlinu. Í framhaldi af þessu skipaði Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra nefnd undir forustu Bessíar Jóhannsdóttur til að gera nánari tillögur um hvernig koma mætti á samfelldum skóladegi í Reykjavík. Það starf féll síðan inn í starf fjölskyldunefndarinnar.

Óhætt mun að fullyrða að starf þetta leiddi þegar til þess að umræða fór af stað innan skólanna og athuganir á því með hvaða ráðum hægt væri að bæta ástandið. *Nú er svo komið í Reykjavík að tæp 75% nemenda á grunnskólaaldri njóta samfellds skóladags og 21% til viðbótar þurfa ekki að fara nema eina aukaferð á viku í skólann. Á Reykjanesi er ástandið ekki eins gott. 60% nemenda þar njóta samfellds skóladags, rúmlega 12% þurfa að fara eina aukaferð á viku í skólann og tæp 28% þurfa að fara tvær aukaferðir eða fleiri á viku í skólann.*

Enn liggja ekki fyrir jafnnákvæmar upplýsingar um ástandið í skólum á landsbyggðinni. Á vegum nefndarinnar er nú unnið að því að gera nákvæmt yfirlit sem byggist á sömu forsendum og yfirlit Reykjavíkur og Reykjaness (sbr. kafli 1.1.3). Frekari grein verður gerð fyrir því starfi í lokaskýrslu nefndarinnar. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess m.a. að sjá ástandið hjá hverjum árgangi fyrir sig og til að hafa raunhæfan samanburð. Hins vegar er rétt að geta þess að í mörgum tilvikum gilda önnur sjónarmið á landsbyggðinni. Þar þykir til dæmis ekki tiltökumál og flokkast ekki undir rofinn skóladag þótt nemendur þurfi að fara heim í hádegismat og koma aftur í skólann að honum loknum. Í samræmi við þessa skilgreiningu liggja fyrir upplýsingar um stöðu mála í flestum fræðsluumdæmum þar sem ástandið er flokkað í þrjá flokka, þ.e. samfellda viðveru, samfelldan vinnutíma og óreglulegan vinnutíma. Með samfelldri viðveru er átt við að nemendur fari einungis eina ferð á dag til og frá skóla en með samfelldum vinnutíma er átt við að vinna nemenda myndi ákveðna heild þótt eyður séu í töflu, t.d. vegna hádegishlés.

Þannig njóta tæp 56% nemenda á Vestfjörðum samfelldrar viðveru, rúm 39% samfellds vinnutíma og tæp 5% búa við óreglulegan vinnutíma. Á Norðurlandi vestra njóta hins vegar tæp 50% samfelldrar viðveru, tæp 14% samfellds vinnutíma en rúm 36% búa við

óreglulegan vinnutíma. Þær tölur, sem nefndar hafa verið fyrir þessi tvö fræðsluumdæmi, eru frá skólaárinu 1987–1988. Nánari upplýsingar er að finna í viðauka I.

Í Reykjavík er vart hægt að koma á meiri samfelldni miðað við núverandi húsakost skólanna. Það sem fyrst og fremst hindrar algjöra samfelldni er skortur á sérgreinahúsnæði, svo sem fyrir leikfimikennslu. Þannig má t.d. nefna að 85,4% grunnskólanema í Reykjavík eru með samfelldan skóladag ef leikfimikennsla er ekki talin með. Ástæða er hins vegar til að ætla að hægt sé að ná meiri samfelldni í öðrum fræðsluumdæmum með aðgerðum innan skólanna sjálfra fyrst og fremst með betri stundatöflum. Aðgerðir til að ná fram algjörlega samfelldum skóladegi verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi við önnur markmið sem sett eru fram í þessum tillögum, svo sem lenging skóladags.

Nefndin gerir tillögu um að við hverja fræðsluskrifstofu verði settur starfshópur sem hafi það verkefni að vinna að því að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins. Forgangshópar innan skólanna skulu vera nemendur 1.–4. bekkjar. Það skal jafnframt vera forgangsverkefni að vinna að samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost í skólanna og skal því lokið fyrir skólaárið 1989–1990. Næstu áfangar verði síðan unnir í samræmi við framkvæmdaáætlun um lengingu skóladags og viðbótarhúsnæði. (Sjá kafla 1.3.) Starfshóparnir skili fræðslustjóra og menntamálaráðuneyti reglulega skýrslu um framgang málsins."

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um bann við innflutningi og dreifingu á fóstureyðingarpillum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að skora á heilbrigðisráðherra að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir innflutning eða framleiðslu, sölu og aðra dreifingu hér á landi á pillum eða öðru efni og búnaði til að eyða fóstri í móðurkviði, nema um sé að ræða viðurkenndan búnað fyrir sjúkrahús þar sem aðgerðir fara fram undir læknishendi.

Greinargerð.

Æðsta skylda Alþingis er að vernda mannslífin og hvar sem líf og dauði takast á ber Alþingi að veðja á mannslífið.

Pillur til að eyða fóstri í móðurkviði eru að koma á markað erlendis og rætt er opinberlega um að bjóða þær á íslenskum markaði.

Fóstureyðingar eru viðkvæmasta einkamál fólks og skiptar skoðanir eru um hve víðtækar heimildir eiga að vera til að eyða fóstri. Þess vegna er eðlilegt að allar fóstureyðingar fari fram undir læknishendi á sjúkrahúsum og á engan hátt verði stuðlað að fjölgun þeirra umfram það sem nú er eða að unnt verði að eyða fóstri utan sjúkrahúsa. Slíkt mundi aðeins leiða til þess að fóstureyðingar yrðu misnotaðar í auknum mæli sem getnaðarvarnir.

Íslensku þjóðinni hefur ekki fjölgað eðlilega síðustu árin. „Fólkspíramítinn" í landinu er að snúast við. Bráðum verða ekki nógu margir ungir Íslendingar til að sjá sómasamlega fyrir fólki í ellinni. Alþingi ber að sporna við þeirri þróun og færa til betri vegar, auðvelda ekki fólki að láta eyða fóstri.

Nd. 93. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallað til viðræðu Jón Ármann Héðinsson, stjórnarformann Getrauna hf., Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóra Getrauna hf., Svein Björnsson, formann Íþróttasambands Íslands, og Sigurð Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1988.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Hrafnkell A. Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Sþ. 94. Fyrirspurn [91. mál]

til félagsmálaráðherra um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Hvernig hefur kaupum einstakra lífeyrissjóða á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verið háttað:

1. Árið 1986?
2. Árið 1987?
3. Það sem af er þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 95. Fyrirspurn [92. mál]

til utanríkisráðherra um sölu á landbúnaðarafurðum.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu mikið af landbúnaðarafurðum seldu Íslendingar varnarliðinu í Keflavík, sundurgreint eftir tegundum, á árunum 1985, 1986 og 1987?
2. Hversu mikið af kjötvörum fékk varnarliðið að flytja til Íslands á árunum 1985, 1986 og 1987, sundurgreint eftir tegundum? Hversu mikið var flutt inn af öðrum landbúnaðarafurðum, sundurgreint eftir tegundum, á sama árabili?

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um að efla atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að efla atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði hér á landi. Þar er ekki aðeins um að ræða gjörbreytingu á atvinnuháttum heldur einnig á félagslegri stöðu sveitafólks. Stórfelldust er þó e.t.v. sú breyting, sem orðið hefur á stöðu sveitakonunnar, sem áður stýrði stóru búi, oft með fjölda manns í vinnu, en situr nú í mörgum tilvikum uppi með takmörkuð verkefni á eigin búi.

Auk almennrar þjóðfélagsþróunar og breytinga á atvinnuháttum eru ástæður þessa m.a. eftirfarandi.

Í fyrsta lagi varð vélvæðingin í landbúnaði þess valdandi að karlar tóku að sinna mörgum þeim störfum sem áður voru hefðbundin kvennastörf, svo sem mjöltum og ýmsu sem við kemur heyskap. Enda þótt vélvæðingin geri konum jafnframt kleift að sinna hinum erfiðustu störfum ekki síður en körlum hefur orðið mikil breyting á starfsvettvangi konunnar.

Þá hefur fólksfækkun í sveitum haft miklar breytingar í för með sér ekki hvað síst fyrir konurnar. Þar eins og í bæjum hefur fjölskyldan minnkað og börn og unglingar eru að heiman mikinn hluta dagsins og í sumum tilvikum mikinn hluta vikunnar vegna skólagöngu. Vinnukonan, vinnumaðurinn og kaupakonan eru horfin og mjög hefur færst í vöxt að aldraðir dveljist á vistheimilum eða sjúkrastofnunum.

Í öðru lagi hefur orðið gífurlegur samdráttur í búvöruframleiðslu á undanförnum 8–10 árum (15% í mjólkurframleiðslu og 28% í kindakjötsframleiðslu) og hefur það dregið mjög úr tekjumöguleikum þeirra sem vinna við þessa framleiðslu.

Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins er umhirða 225 ærgilda sauðfjárbús talin vera eitt ársverk. Í mjólkurframleiðslu er hliðstæð tala 246 ærgildi. Árið 1987 höfðu um 64% þeirra sem höfðu fullvirðisrétt í sauðfjárrækt (hrein sauðfjárbú) minni fullvirðisrétt en sem nam einu ársverki. Um 18% hreinna kúabúa voru undir þeirri stærð. Ef öll bú í landinu, bæði kúa- og sauðfjárbú, eru talin hafa 41% þeirra minni fullvirðisrétt en sem nemur einu ársverki. Þessar staðreyndir sýna greinilega að á um 40% allra búa í landinu er ekki vinna fyrir nema einn aðila. Aðrir verða annaðhvort að leita vinnu utan bús, sé slíka vinnu að fá, eða sætta sig við skerta atvinnumöguleika. Engar horfur eru á að svigrúm til framleiðslu mjólkur og kindakjöts aukist við núverandi aðstæður nema hluti framleiðenda hverfi að öðrum störfum. Ljóst er af þessu að mikið skortir á að næg atvinna sé fyrir allt það fólk sem nú stundar hefðbundna búvöruframleiðslu.

Það sem gerir þessa stöðu mun alvarlegri en ella og undirstrikar aðstöðumun sveitafólks og þeirra sem í þéttbýli búa er sú staðreynd að afkoma flestra heimila í landinu byggist á vinnu tveggja einstaklinga.

Með samþykkt búvörulaganna svonefndu, laga nr. 46/1985, var ákveðið að um helmingi þess fjár, sem áður rann til útflutningsbóta á kjöt og mjólk, skyldi varið til „eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum“.

Reyndin hefur orðið sú að meiri hluta af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins hefur fram að þessu verið varið til útflutningsbóta eða til þess að kaupa upp eða leigja framleiðslurétt. Á

síðustu þremur árum (1986–1988) hefur verið varið um 380–400 millj. kr. af fé sjóðsins til uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum og skyldra verkefna. Útlit er fyrir að sjóðurinn eigi um 1000 millj. kr. óráðstafað til slíkra verkefna fram til ársins 1992. Ýmislegt hefur áunnist í eflingu atvinnulífs í sveitum svo sem tilkoma loðdýraræktar, ferðaþjónustu og kanínuræktar og enda þótt uppbygging atvinnu fyrir konur hafi ekki verið sérstaklega á verkefnaskrá Framleiðnisjóðs munu það ekki hvað síst vera konur sem að þessum störfum vinna. En þótt nokkuð hafi hér áunnist er hvergi nærri fyllt það mikla skarð sem höggvið hefur verið í atvinnulíf sveitanna með samdrætti í framleiðslu mjólkur og kindakjöts. Þar að auki virðist prjónaiðnaðurinn, sem víða var kominn vel á veg í sveitum og skapaði mörgum konum atvinnu, vera að lognast út af.

Atvinnumál kvenna í dreifbýli hafa fengið ótrúlega litla umfjöllun og bendir það til þess að mörgum sé alls ekki ljóst það erfiða ástand sem þar ríkir.

Vegna hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna er það í flestum tilfellum konan sem verður að sætta sig við skerta atvinnumöguleika á búinu eða leita sér vinnu utan heimilis. Við uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum þarf því öðru fremur að leggja áherslu á störf sem henta konum.

Árið 1979 var samþykkt þingsályktun á Alþingi um eflingu úrvinnslu og þjónustuiðnaðar í sveitum. Framkvæmdastofnun ríkisins var falið að gera úttekt á stöðu mála og leggja fram tillögur til úrbóta á árinu 1980. Ekkert hefur enn orðið úr framkvæmdum. Þó hafa ýmsir aðilar áttað sig á stöðu mála varðandi atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Að tilhlutan Kvenfélagasambands Íslands hefur starfað hópur sem fjallar um möguleika á uppbyggingu heimilisiðnaðar í sveitum. Í hópnum vinna konur frá Kvenfélagasambandinu, Heimilisiðnaðarfélaginu, Þjóðminjasafninu, Ferðamálaráði, Byggðastofnun, ferðaþjónustu bænda og Heimilisiðnaðarskólanum.

Á sl. sumri skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem ætlað er að gera tillögur um atvinnuuppbyggingu fyrir konur í sveitum og til athugunar er að setja upp við Bændaskólann á Hvanneyri sérstaka heimilisiðnaðarbraut og braut um nýsköpun og endurnýjun starfsgreina í sveitum.

Á nokkrum stöðum á landinu hafa konur bundist samtökum um að stofna til atvinnurekstrar. Má þar m.a. nefna að konur á Seyðisfirði hafa stofnað hlutafélag og fengið aðstöðu til heimilisiðnaðar. Svipað átak mun í undirbúningi á Egilsstöðum og á Vopnafirði hafa konur fengið afnot af Torfastaðaskóla fyrir heimilisiðnað og skyldan atvinnurekstur.

Iðntæknistofnun Íslands hefur um skeið starfrækt námskeið fyrir konur í atvinnurekstri. Þessi námskeið hafa fram til þessa einvörðungu verið haldin í Reykjavík, en nú í haust var loks farið með þau út á land og var byrjað á Suðurlandi. Á námskeiðunum er fjallað um stjórnandann, stofnun fyrirtækja, markaðssetningu, fjármál, skipulagningu og framtíðarsýn fyrirtækja. Markmið þessara námskeiða er m.a. að efla sjálfstraust kvenna og aðstoða þær við að komast í tengsl við konur með svipuð framtíðaráform.

Í fréttatilkynningu frá Iðntæknistofnun segir að það sé reynsla stofnunarinnar og annarra námskeiðshaldara á Norðurlöndum að konur komi miklu frekar á námskeið sem eru sérstaklega ætluð þeim. Helstu ástæðurnar fyrir þessari afstöðu kvenna eru þær að mati Iðntæknistofnunar að konur eiga erfitt með að tjá sig í blönduðum hópi, einkum þó ef karlmenn eru í meiri hluta. Umræður eru nokkuð á annan veg á kvennanámskeiðum, m.a. er lögð meiri áhersla á fjölskyldutengsl og börn. Konur eru vandvirkari og ræða á opinskárri hátt um viðskiptahugmyndir en meiri leynd ríkir í umræðum karla.

Það vandamál, sem hér er lýst, er engan veginn séríslenskt heldur er við svipað vandamál að fást í flestum löndum Evrópu. Samfara aukinni vélvæðingu landbúnaðarins og samdrætti í framleiðslu skortir atvinnu fyrir konur sem þær geta stundað með bústörfum. Víða er það einnig vandamál hve margar ungar konur yfirgefa sveitirnar. Vegna hinna

hefðbundnu viðhorfa í flestum fjölskyldum, að sonurinn skuli taka við búinu, eru stúlkurnar ekki jafn bundnar heimaslóðum og leita sér því fremur menntunar og atvinnu í þéttbýli. Skortur á kvenfólki er orðið áberandi vandamál í dreifbýli í mörgum löndum, t.d. í Svíþjóð, en um 20% sænskra bænda eru ókvæntir. Afleiðingin er margs konar félagsleg vandamál, uppgjöf og vonleysi.

Í samvinnu við sænsku bændasamtökin hafa stjórnvöld þar í landi hrundið af stað sérstöku átaki til þess að auka atvinnu fyrir konur í sveitum. Ætlunin er að verja 5 milljónum sænskra króna til þessa verkefnis. Svipað átak er í gangi í Noregi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á stöðu þessara mála hér á landi, en samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun eru konur á landsbyggðinni 1770 færri en karlar. Þessi tala gæti gefið vísbendingu um hvert stefnir í þessum efnum.

Það mál, sem hér er flutt, er því mjög brýnt.

Hér er ekki verið að tala um að konur eigi eða ætli að hlaupa frá skyldum sínum. Hér er einfaldlega um að ræða þann grundvallarrétt hvers einstaklings að fá vinnu við sitt hæfi, hafa tækifæri til að þroska hæfileika sína og afla sér tekna.

Enginn efi er á því að konur vilja áfram sinna hlutverki sínu í íslenskum landbúnaði, en þegar þeim störfum sleppir eiga þær að hafa hliðstæð tækifæri og kynsystur þeirra í þéttbýli til þess að leita sér viðbótarstarfa. Ef sveitir landsins eiga áfram að vera lifandi samfélög verður því að skapa þar fjölbreytta atvinnu fyrir konur á öllum aldri.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar segir að „sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni".

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að hvetja til umræðu um þetta mikilsverða mál. Gera þarf áætlun um samræmt átak á þessu sviði þar sem sameinaðir verði kraftar þeirra stofnana, félaga og einstaklinga sem þessum málum eiga og vilja sinna.

Sþ. 97. Fyrirspurn [94. mál]

til forsætisráðherra um stjórnsýslulöggjöf.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Hvenær má búast við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til laga um almennar reglur á sviði stjórnsýslulöggjafar í samræmi við þingsályktun frá 20. júní 1985?

Sþ. 98. Fyrirspurn [95. mál]

til landbúnaðarráðherra um sláturhúsið á Óspakseyri við Bitrufjörð.

Frá Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

Hvers vegna á að leggja niður sláturhúsið á Óspakseyri við Bitrufjörð?

Nd. 99. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Árni Gunnarsson.

1. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boðað til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal í henni koma fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef í ráði er að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram.

Í sveitarfélagi með færri en 1000 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um einstök mál ef tíundi hluti kjósenda óskar þess eða þriðjungur sveitarstjórnar. Í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa skal þó miða við fjórðung kosningabærra manna. Slík atkvæðagreiðsla telst bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef tveir þriðju hlutar kjósenda taka þátt í henni og skal þá meiri hluti ráða. Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennum kosningum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er skylt að fresta framkvæmdum varðandi þau mál er íbúar óska atkvæðagreiðslu um þar til úrslit atkvæðagreiðslu liggja fyrir. Sveitarstjórn getur flýtt atkvæðagreiðslunni, en þó skal hún ekki fara fram fyrr en sex vikur eru liðnar frá því að ósk um hana kemur fram. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skal fara skv. III. kafla laga þessara eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveimur síðustu þingum en var ekki afgreitt og er nú endurflutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Það stjórnarform, er við Íslendingar búum nú við, er lýðræði. Hugmyndin að baki því er að æðsta valdið sé hjá þjóðinni og að allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem uppi eru um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Fyrrum þekktist það form lýðræðis að borgarar réðu ráðum sínum á opnum fundum, svo sem var í borgríkjunum grísku og hér á landi á þjóðveldisöld, og raunar eimir eftir af þessu fyrirkomulagi í sumum kantónum í Sviss þar sem málum er ráðið til lykta á almennum samkomum. Þetta lýðræðisform reyndist, er stundir liðu fram, þungt í vöfum og óhentugt.

Í sveitarfélögum gildir nú reglan um fulltrúalýðræði. Allir íbúar í sveitarfélagi, sem kosningarrétt hafa, þ.e. eru orðnir 18 ára, eiga rétt á að kjósa menn í sveitarstjórn til fjögurra ára til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Hér er um eins konar valdaframsal að ræða frá íbúum sveitarfélags, kjósendum, til sveitarstjórnar. Í stað þess að allir kjósendur taki ákvarðanir og ráði öllum málum fela þeir nokkrum mönnum fullt vald á tilteknu tímabili.

Sveitarstjórnarmenn eru þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu sinni til einstakra mála, heldur einungis af lögum og sannfæringu sinni, sbr. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Lengi hefur það þekkst hér á landi í fámennari sveitarfélögum að haldnir væru svonefndir borgarafundir eða sveitarfundir til að kynna íbúum málefni sveitarfélagsins

almennt, svo sem í tengslum við afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar, eða til að leita álits þeirra í einstökum málum. Hafa íbúar smærri sveitarfélaga haft lagalegan rétt til að óska eftir slíkum fundum, bæði samkvæmt eldri og núgildandi lögum. Ekkert ákvæði er hins vegar í lögum er tryggir rétt íbúa hinna stærri sveitarfélaga til að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórnar í einstökum málum nema að því er varðar áfengisútsölur og sameiningu sveitarfélaga.

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er í 54. gr. það nýmæli að sveitarstjórn skuli heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um einstök mál. Þótt ekki hafi verið um þetta ákvæði í lögum fyrr en nú hefur jafnan verið talið að sveitarstjórn væri heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar meðal íbúa (kjósenda) sveitarfélags til að kanna hug og afstöðu þeirra til einstakra mála. Slíkar skoðanakannanir hafa farið fram, m.a. um hundahald, fasteignakaup og nafnbreytingar á sveitarfélagi. Í 54. gr. er því engin nýjung á ferðinni heldur er þar kveðið nánar á um heimild sveitarstjórnar sem hún hefur haft í raun.

Með þessu frumvarpi er leitast við að efla áhrif fólks á umhverfi sitt og daglegt líf. Í sveitarstjórnarkosningum er kosið um fjölmörg mál og því óhægt um vik fyrir almennan kjósanda að hafa áhrif á einstök málefni. Í stórum sveitarfélögum er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans og því vafasamt að fulltrúinn taki alltaf afstöðu í samræmi við óskir og vilja umbjóðenda sinna. Hér er einnig verið að jafna rétt íbúa stærri og smærri sveitarfélaga til að láta skoðanir sínar í ljósi á málefnum sveitarfélagsins.

Í þessu frumvarpi er það nýmæli frá eldri löggjöf að íbúar sveitarfélaga með yfir 500 íbúa geti farið fram á atkvæðagreiðslu í einstaka málum sem ekki er skylda að bera undir kjósendur samkvæmt lögum. Er miðað við að tíundi hluti kjósenda geti farið fram á slíka atkvæðagreiðslu í stærri sveitarfélögum en fjórðungur þar sem íbúar eru færri en eitt þúsund. Telst þá niðurstaða atkvæðagreiðslu bindandi fyrir sveitarstjórn ef tveir þriðju hlutar kosningabærra manna taka þátt í henni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslan fari fram við næstu almennar kosningar og er það ákvæði sett til að kostnaður, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja slíkri atkvæðagreiðslu, sé í lágmarki. Sveitarstjórn er skylt að bíða með framkvæmdir í þeim málum er kjósendur óska atkvæðagreiðslu um og er henni því heimilt að flýta atkvæðagreiðslunni ef hún telur ástæðu til. Þó skulu líða a.m.k. sex vikur frá ákvörðuninni þar til atkvæðagreiðslan fer fram. Er þetta ákvæði sett til þess að eðlileg kynning geti farið fram á því málefni sem kjósa á um.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu af þessu tagi skal fara eftir gildandi lagaákvæðum um kosningar til sveitarstjórna eða með þeim hætti sem áður hefur tíðkast í almennri atkvæðagreiðslu.

Í stjórnlagafrumvarpi því, er Gunnar Thoroddsen flutti vorið 1983, og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma er kveðið á um rétt íbúa sveitarfélags til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins og er það nýmæli skýrt með því að þar sé verið að tryggja lýðræðisleg réttindi íbúanna og auka þau. Þar segir enn fremur að svipaðar heimildir hafi gefið góða raun, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss. Þær hugmyndir, sem hér koma fram, eru því ekki nýjar af nálinni. Forfeður okkar lögðu grunninn að lýðræðishefð þjóðarinnar með stofnun þjóðþings á 10. öld. Því er eðlilegt að íbúum hér séu tryggð sem mest lýðræðisleg réttindi. Að því stefnir þetta frumvarp.

Sþ. 100. Fyrirspurn [97. mál]

til menntamálaráðherra um þátttöku Íslands í dagskrárgerðarsjóði Evrópuráðsins.

Frá Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni.

Mun ráðherrann beita sér fyrir því að Íslendingar gerist aðilar að dagskrárgerðarsjóði Evrópuráðsins í Strasborg, „Euroimages“, sem er ætlað að styrkja samstarf um evrópska dagskrárgerð og dreifingu og vinnslu sjónvarpsefnis í tilefni af evrópska kvikmynda- og sjónvarpsárinu 1988?

Nd. 101. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Þjóðvegur með vegnúmeri 1 skal vera aðalbraut og hvarvetna hafa forgang gagnvart annarri umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1989.

Greinargerð.

Flestir álíta að hringvegurinn, þjóðvegur númer 1, sé alls staðar aðalbraut. Svo er hins vegar ekki. Þessi misskilningur veldur verulegri slysahættu og ljóst er að til hans má rekja orsakir allmargra slysa sem orðið hafa í umferðinni. Sem viðleitni til frekara umferðaröryggis er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um stofnun búminjasafns á Hvanneyri.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Skúli Alexandersson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja nú þegar, í samráði við menntamálaráðherra, undirbúning að stofnun búminjasafns í tengslum við bændaskólann á Hvanneyri.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur öðru hvoru skotið upp þeirri hugmynd að koma á fót búminjasafni á Hvanneyri, en einhverra hluta vegna hefur aldrei komist verulegur skriður á það mál þótt engum dyljist hve þarft og nauðsynlegt það er.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé löngu orðið tímabært að taka ákvörðun um þetta mál og ákveða að stofna slíkt safn á Hvanneyri því að hvergi væri það betur niður komið en einmitt þar.

Á Hvanneyri er, eins og allir vita, rekinn bændaskóli og svo hefur verið í 99 ár. Því væri það vel við hæfi að Alþingi samþykkti nú á þessu þingi ályktun um búminjasafn í tilefni af þeim tímamótum sem verða á Hvanneyri á næsta ári.

Á Hvanneyri er m.a. kennd saga búskapar á Íslandi og því væri eðlilegt að búminjasafnið risi þar, enda er þegar kominn vísir að slíku safni við skólann. Í því sambandi ber að geta þess að forustumenn skólans eiga heiður skilið fyrir það starf sem þeir hafa innt af hendi við að koma því safni upp við þröngan kost og erfið skilyrði. Með þessu framtaki sínu hafa þeir vafalaust bjargað allnokkrum munum og tækjum frá glötun.

Fyrstu þúsund ár Íslandsbyggðar héldust búskaparhættir landsmanna lítt breyttir. Allir landsmenn stunduðu bústörf, hver kynslóð lærði af annarri og breytingar voru litlar í tímans rás. Menning þjóðarinnar er samofin atvinnu hennar og segja má að íslensk menning sé sprottin upp úr menningu bænda. Nægir að benda á hve þekking á hefðbundnum búskaparháttum hlýtur að glæða skilning á mörgum helstu bókmenntaverkum þjóðarinnar.

Á síðustu hundrað árum hafa tengsl við fortíðina rofnað mjög. Sá lærdómur, t.d. í vinnubrögðum, sem kynslóðir höfðu tileinkað sér mann fram af manni, er nú samtíðarfólki framandi. Hluti, sem allir höfðu á milli handanna á degi hverjum öld fram af öld, þekkir nútímafólk ekki. Á þessari öld hafa breytingar orðið það miklar og hraðar að áhöld og tæki, sem notuð voru á fyrri hluta þessarar aldar, sjást ekki lengur, nema e.t.v. sem ryðhrúgur víða um land.

Á sama tíma og tæknin hefur aukist hafa gífurlegir búferlaflutningar átt sér stað og með þéttbýlismyndun hafa tengsl við landið og sveitastörf rofnað enn frekar. Tengsl við land sitt eru þjóðinni nauðsynleg og hefðbundin sveitastörf eru mjög til þess fallin að styrkja slík tengsl auk þess sem mörgum, ekki síst börnum, þykja þau mjög skemmtileg. Stöðugt fækkar þeim sem hafa bein fjölskyldutengsl við sveitir landsins og gefst fólki því lítill kostur á að kynnast og sýna börnum sínum inn í heim hinnar hefðbundnu bændamenningar.

Víða um land liggja tæki með verulegt sögulegt gildi undir skemmdum og því miður hefur margur góður gripur orðið ryði og brotajárnskaupmönnum að bráð. Það er sorglegt að við skulum á þann hátt hafa glatað jafnvel heilum köflum úr menningar- og atvinnusögu landsins. Því er það skylda okkar að bregðast skjótt við og gera okkar besta til þess að stöðva þá raunalegu þróun sem orðið hefur, snúa vörn í sókn og gera myndarlegt átak til verndar þjóðminjum okkar.

Flutningsmenn tillögunnar hafa rætt við þjóðminjavörð um efni hennar. Hann hefur lýst áhuga og stuðningi við málið og telur að sérstaklega vel fari á því að búminjasafn rísi á Hvanneyri þar sem það gæti jafnframt komið að notum við kennslu.

Nú stendur yfir endurskoðun þjóðminjalaga. Eðlilegt væri að tillaga þessi yrði rædd í tengslum við hana.

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um útsendingar veðurfregna.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að veðurfregnir verði í framtíðinni sendar út samtímis á öllum útvarpsstöðvum og rásum þeirra.

Greinargerð.

Með samþykkt tillögu þeirrar, sem hér er lögð fram, væri stigið stórt skref í þá átt að tryggja enn frekar öryggi sjómanna og þeirra er ferðast mikið um fjöll og firnindi.

Allmargir, sem stunda sjóinn, eru með útvarp stillt á dægurrásirnar og missa því mjög oft af veðurfregnum á Rás 1 þar sem þeim er nú útvarpað. Á þetta ekki síst við um sjómenn á smærri bátum.

Þessi tillaga er flutt til þess að veðurfregnir fari ekki fram hjá nokkrum manni sem á annað borð er með opið fyrir útvarp. Það þarf ekki að eyða orðum að því hvað getur gerst — og hefur gerst — ef menn missa af veðurfregnum.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um launakostnað við mötuneyti framhaldsskólanna.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að launakostnaður starfsfólks í mötuneytum framhaldsskólanna verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með stofnun nýrra framhaldsskóla um allt land á undanförnum árum hafa aðstæður til náms batnað til muna. Enn vantar þó nokkuð á að möguleikar fólks til náms eftir búsetu og efnahag séu jafnir og er almennur aðbúnaður nemenda í skólum afar mismunandi.

Hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Ein af frumþörfum hvers og eins er að nærast reglulega. Það er ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað sínum og þeir sem sækja skóla langt að eiga ekki annarra kosta völ hvernig svo sem aðstæður kunna að vera í viðkomandi skólum.

Fram til þessa hefur sá háttur verið hafður á þar sem mötuneyti eru fyrir hendi að nemendur sjálfir hafa borið launakostnað vegna þeirra. Á þessu skólaári er áætlað að launakostnaðurinn einn verði 30–40%. Miðað við verðlag og laun nú má ætla að greiða þurfi a.m.k. 110 þús. kr. með hverjum nemanda í fullu fæði þetta skólaárið.

Allir hljóta að sjá hversu þungur baggi þetta er á þeim heimilum sem senda þurfa börn sín í heimavist. Víst er að fyrir marga er hann svo þungur að margir unglingar eiga þess vart kost að afla sér framhaldsmenntunar. Hér er því um mikið hagsmunamál nemenda og foreldra að ræða, ekki síst þeirra sem búa í dreifbýli. Síbreytilegar og æ flóknari aðstæður í þjóðfélagi okkar krefjast þess að fólk verður í sífellt ríkara mæli að auka við menntun sína að grunnskólaprófi loknu. Það er því ein af skyldum samfélagsins að gera fólki slíkt kleift án tillits til búsetu og efnahags. Þessi launakostnaður er stór hluti af tekjum hvers heimilis en fyrir heildina hlýtur hann að teljast léttvægur.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi fordæmir síendurtekin mannréttindabrot Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum að undanförnu og leggur áherslu á að ísraelsk stjórnvöld virði Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila og telur að Ísland eigi að bjóðast til að vera gestgjafi slíkrar ráðstefnu.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna eigin ríki í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 um leið og viðurkenndur er tilveruréttur Ísraelsríkis innan öruggra landamæra. Jafnframt ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi felur ríkisstjórninni að framfylgja ofangreindri stefnu og viðurkenna Frelsissamtök Palestínu, PLO, sem málsvara palestínsku þjóðarinnar.

Greinargerð.

Ástandið á svæðunum, sem Ísraelsmenn hafa haldið herteknum í Palestínu allt frá árinu 1967, hefur farið hríðversnandi síðustu missiri. Það er óþolandi bæði fyrir Palestínumenn og Ísraelsmenn og brýtur gegn alþjóðlegum samþykktum um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og almenn mannréttindi. Á tímabilinu frá 8. desember 1987 til 27. september 1988 drápu ísrelska hernámsliðið og ísraelskir landnemar 374 óbreytta Palestínumenn, þar af fjölda barna, unglinga og gamalmenna (sjá fylgiskjal IX).

Ástandið í þessum heimshluta og áframhaldandi hernám Ísraelsmanna er storkun við almenningsálit og ógnun við heimfriðinn. Um leið og framferði Ísraelsstjórnar er fordæmt ber að leggja áherslu á að hið fyrsta verði kvödd saman alþjóðleg friðarráðstefna um Austurlönd nær á vegum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila, þar á meðal Frelsissamtaka Palestínu, PLO, og Ísraels á jafnréttisgrundvelli.

Palestínuþjóðin er til og verður að geta ráðið sjálf málum sínum samkvæmt viðteknum alþjóðalögum. Liður í friðsamlegri lausn mála þarf að felast í því að Palestínumenn viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis og á sama hátt viðurkenni Ísraelsmenn rétt Palestínumanna til að stofna eigin ríki á hernumdum svæðum í Palestínu. Slík gagnkvæm viðurkenning væri í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 (fylgiskjal I), en með henni var tilveruréttur Ísraelsríkis staðfestur, svo og í samræmi við allar ályktanir Sameinuðu þjóðanna upp frá því.

Þá ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og árlegar ályktanir allsherjarþingsins.

Eðlilegur samningsaðili fyrir hönd palestínsku þjóðarinnar eru Frelsissamtök Palestínu, PLO. Engin önnur samtök hafa gert tilkall til að tala fyrir hennar hönd og þau njóta fylgis

þorra Palestínumanna bæði á herteknu svæðunum og þeirra sem eru í útlegð. Ljóst má vera að án þátttöku PLO í friðarsamningum verður ekki tryggður varanlegur friður milli Ísraelsmanna og araba. Þótt PLO hafi fyrr á árum staðið fyrir stefnu sem margir hafa gagnrýnt er ekki hægt að hafna þeim nú sem fulltrúum palestínsku þjóðarinnar. Nægir í því sambandi að benda á að Frelsissamtök Palestínu eru í reynd viðurkennd sem einu samtökin til að koma fram fyrir hönd Palestínumanna innan Sameinuðu þjóðanna, af samtökum óháðra ríkja og af ríkjum Arababandalagsins. Því eiga íslensk stjórnvöld nú að taka upp stjórnmálaleg samskipti við Frelsissamtök Palstínu, PLO.

Ísland var haustið 1986 gestgjafi fyrir fund leiðtoga Sovétríkjanna og Bandaríkjanna þar sem grunnur var lagður að þeim árangri í afvopnunarmálum sem síðan hefur náðst. Skipulagning þess fundar af hálfu Íslendinga fór vel úr hendi og hlaut almenna viðurkenningu. Þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, setti eftir fundinn fram hugmynd um friðarstofnun á Íslandi og sem utanríkisráðherra tók hann í fyrra málstað Palestínumanna svo að eftir var tekið. Það væri í góðu samræmi við þetta að íslensk stjórnvöld byðust nú til að taka við friðarráðstefnu um Palestínumálið.

Íslendingar hafa áratugum saman veitt Ísraelsmönnum stuðning á alþjóðvettvangi. Sá stuðningur hefur m.a. byggst á samúð með málstað gyðinga í trausti þess að þeir gengju fram af sanngirni, minnugir eigin sögu og þjáninga. Við höfum því í senn skyldur og stöðu til þess að krefjast nú réttlætis fyrir palestínsku þjóðina sem orðið hefur þolandi ákvarðana sem Ísland ber ábyrgð á ásamt mörgum öðrum.

Margar þjóðir og alþjóðasamtök hafa að undanförnu ályktað um Palestínumálið og fordæmt framferði Ísraelsstjórnar. Má í því sambandi minna á ályktun öryggisráðsins frá 5. janúar 1988 (fylgiskjal II) og ályktun Evrópuþingsins 10. mars 1988 (fylgiskjal III). Alþjóðasamband jafnaðarmanna gerði ályktun um Palestínumálið í janúar 1988 (fylgiskjal IV) og enn er í gildi ályktun Efnahagsbandalags Evrópu frá 13. júní 1980 (fylgiskjal V).

Rétt er að minna á lokayfirlýsingu leiðtogafundar arabaríkjanna í Alsír 7.–8. júní 1988, en þar kom fram eindreginn stuðningur við PLO og Jassir Arafat (fylgiskjal VI).

Í fylgiskjali VII kemur fram jákvæð afstaða Jassirs Arafats til ályktana Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 og einnig er birt frásögn af ræðu sem hann flutti á fundi Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna 19. febrúar 1988 (fylgiskjal VIII).

Þá er að lokum birt með tillögu þessari bréf stjórnar Félagsins Ísland-Palestína til alþingismanna, dags. 28. september 1988. Þar er þess m.a. óskað að þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi taki höndum saman um að styðja baráttu palestínsku þjóðarinnar fyrir réttlæti, frelsi og friði. „Slíkt er frumforsenda fyrir farsælli þróun í Austurlöndum nær, ekki síst fyrir Ísraelsmenn sjálfa," segir í niðurlagi bréfsins.

Með tillögu þessari er leitað eftir afstöðu Alþingis í mikilvægu máli sem æ fleiri hafa áhyggjur af, einnig hér á landi. Vegna aðildar Íslands á sínum tíma að ákvörðunum um stofnun Ísraelsríkis berum við hluta af ábyrgðinni á því sem þar hefur síðan gerst. Þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs hefur leitt til mikilla erfiðleika, styrjaldarátaka og hörmunga fyrir það fólk sem áður byggði Palestínu. Nú er það skylda Íslendinga að eiga þátt í að rétta hlut palestínsku þjóðarinnar um leið og tryggð er framtíð Ísraelsríkis.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr skjölum annars fundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.
Ályktanir frá 16. september – 29. nóvember 1947.

Ályktun um skýrslu sérnefndar um málefni Palestínu.
Áætlun um skiptingu og efnahagslegt samband.

I. hluti.
Framtíðarstjórnskipan og stjórn Palestínu.

A. Endalok umboðsstjórnar, skipting og sjálfstæði.

1. Umboðsstjórn Palestínu skal ljúka hið fyrsta og í öllu falli eigi síðar en 1. ágúst 1948.
2. Hersveitir umboðsstjórnarinnar skulu fluttar á brott í áföngum frá Palestínu og skal brottflutningi hersveitanna lokið svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 1. ágúst 1948.

   Umboðsstjórnin skal tilkynna nefndinni með eins miklum fyrirvara og unnt er um þá ákvörðun sína að binda enda á stjórnarumboðið og yfirgefa hvert svæði fyrir sig.

   Umboðsstjórnin skal eftir fremsta megni leitast við að tryggja að fólk verði flutt brott af svæði innan ríkis gyðinga, þar sem m.a. er að finna höfn og upplendi með aðstöðu sem nægir til að taka á móti verulegum fjölda innflytjenda svo fljótt sem unnt er og í öllu falli eigi síðar en 1. febrúar 1948.
3. Sjálfstæðu ríki gyðinga og araba ásamt sérstakri alþjóðlegri stjórn Jerúsalemborgar eins og gert er ráð fyrir í III. lið þessarar áætlunar verði komið á fót innan tveggja mánaða eftir brottflutning hersveita umboðsstjórnarinnar og í öllu falli eigi síðar en 1. október 1948.Landamörk arabaríkisins, gyðingaríkisins og Jerúsalemborgar skulu vera eins og lýst er í II. og III. hluta hér á eftir.
4. Tímabilið frá því að allsherjarþingið samþykkir tillögur sínar um málefni Palestínu og þar til komið hefur verið á sjálfstæði araba- og gyðingaríkjanna skal vera aðlögunartími.

F. Heimild til aðildar að Sameinuðu þjóðunum.

Þegar sjálfstæði annaðhvort gyðingaríkisins eða arabaríkisins hefur tekið gildi eins og gert er ráð fyrir í þessari áætlun og yfirlýsing og skuldbindingar hafa verið undirritaðar af öðrum hvorum aðila skal tekin til vinsamlegrar umfjöllunar umsókn þess aðila um inntöku og aðild að Sameinuðu þjóðunum í samræmi við 4. gr. stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Fylgiskjal II.

Ályktun öryggisráðsins 5. janúar 1988.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 607, dags. 5. jan. 1988, skilgreinir aðgerðir Ísraelsríkis, einkum brottrekstur Palestínumanna frá herteknu svæðunum, sem brot á Genfarsáttmálanum um meðferð óbreyttra borgara á herteknum svæðum.

Ályktunin er athyglisverð af tveimur ástæðum:

- Bandaríki Norður-Ameríku greiddu í fyrsta skipti í sex ár atkvæði með ályktun sem beinist gegn Ísraelsríki.
- Í ályktuninni er vikið að herteknu svæðunum sem **palestínskum** landssvæðum og fjallað um réttindi **palentínskra** borgara. Þar með urðu þáttaskil í baráttu Palestínumanna fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á því að þeir væru sérstök þjóð og einnig því að hið hertekna land héti Palestína.

Ályktunin fylgir hér með.

Öryggisráðið:

- með hliðsjón af ályktun nr. 605 frá 22. desember 1987,
- með miklum áhyggjum af ástandi mála á hernumdum svæðum Palestínu,
- eftir að hafa verið tilkynnt sú ákvörðun Ísraels, hernámsveldisins, að „halda áfram brottflutningi" á palestínskum borgurum á hernámssvæðinu,
- með hliðsjón af ákvæðum Genfarsáttmálans um vernd almennra borgara á stríðstímum frá 12. ágúst 1949 og sérstaklega gr. 47 og 49 sama sáttmála,

1. staðfestir enn að ákvæði Genfarsáttmálans frá 12. ágúst 1949 um vernd almennra borgara taka til svæða í Palestínu sem og annarra arabískra svæða, sem Ísrael hefur hernumið frá 1967, þar með talin Jerúsalem;
2. skorar á Ísrael að forðast brottflutning nokkurra Palestínuaraba frá hermnumdu svæðunum;
3. fer þess sterklega á leit við Ísrael, hernámsveldið, að gegna þeim skyldum sem sáttmálinn kveður á um;
4. ákvarðar að hafa ástandið á þeim svæðum Palestínu og annarra arabaríkja, sem hernumin hafa verið af Ísrael frá 1967, þar með talin Jerúsalem, til athugunar.

Fylgiskjal III.

Evrópuþingið fordæmir Ísraelsher.
(Úr Mbl. 11. mars 1988.)

Evrópuþingið í Strasborg fordæmdi 10. mars „pyntingar, tilviljanakenndar handtökur, kúganir og ofbeldisverk ísraelska hersins“ á hernumdu svæðunum.

Daginn áður felldu þingmenn á Evrópuþinginu samninga sem framkvæmdastjórn og ríkisstjórnir Evrópubandalagsins höfðu gert við ísraelsku stjórnina. Í máli þingmanna kom fram að andstaða þeirra beindist fyrst og fremst gegn framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu. Settar hafa verið fram hugmyndir um að beita Ísrael viðskiptaþvingunum.

Atkvæðagreiðslur af þessu tagi fara fram samkvæmt ákvæðum Rómarsáttmálans, sem tóku gildi 1. júlí á síðasta ári, en þá voru völd þingsins í Strasborg aukin að nokkru leyti. Samningarnir, sem felldir voru, fjölluðu m.a. um tollfrjálsan innflutning frá Ísrael á ávaxtasafa og afskornum blómum, hagstæð lán til Ísraela og breytingar á viðskiptasamningi Ísraels við EB. Ljóst er að stjórnmálalegar afleiðingar þessa atburðar eru mun alvarlegri en efnahagslegar afleiðingar hans, þótt rétt sé að gera ekki lítið úr þeim.

Fylgiskjal IV.

Alþjóðasamband jafnaðarmanna
fordæmir ofbeldi Ísraelsmanna.
(Úr *Arab and International News,* Jerúsalem, 37. tbl. maí 1988.)

Dagblaðið *Le Monde* skýrði frá því 14. maí að Alþjóðasamband jafnaðarmanna, sem hélt fund dagana 9.–12. maí til að ræða samskipti austurs og vesturs, hefði endað með því að verja mestum tíma í umræður um ástandið í Mið-Austurlöndum, einkum á hernumdu svæðunum.

Meðal fulltrúa á fundinum voru þrír forsætisráðherrar Evrópulanda (frá Noregi Gro Harlem Brundtland, frá Spáni Felipe Gonzalez, frá Svíþjóð Ingvar Carlsson og framámenn í Alþjóðasambandinu svo sem Óskar Lafontaine (frá Þýskalandi), Neil Kinnock (frá Stóra-Bretlandi), Bettino Craxi (frá Ítalíu), Símon Peres (frá Ísrael) og Walid Jonblatt (frá Líbanon).

Símon Peres var kominn frá Ísrael til að reyna að bægja frá harðri gagnrýni á stjórn sína, en það tókst honum ekki. Hann bar fram yfirlýsingu sem hafði á sér yfirbragð hógværðar en hvikaði þó hvergi frá grundvallaratriðum. Hann studdi hugmyndina um alþjóðlega friðarráðstefnu, en sagði að Palestínumenn yrðu að vera hluti af jórdönsku sendinefndinni. Hann viðurkenndi að Palestínumenn yrðu að velja eigin fulltrúa, en sagði að hann gæti ekki fallist á beina þátttöku PLO.

Næst talaði Craxi, fyrrum forsætisráðherra Ítalíu. Hann sagði: „Ég tel að við ættum að segja afdráttarlaust að stefna núverandi stjórnar Ísraels eyðileggi allar horfur á friði, brjóti réttindi þjóða og sé í andstöðu við alþjóðalög. Stuðningur Verkamannaflokksins við ranga og skammsýna stefnu er veikleiki og vanræksla á skyldum.“

Ræðunni var fagnað með lófataki en Símon Peres gekk úr salnum.

Ráðstefna Alþjóðasambands jafnaðarmanna í Madrid 12. nóvember 1988.

Ályktun um Mið-Austurlönd.

Alþjóðasamband jafnaðarmanna lýsir þungum áhyggjum af versnandi ástandi í Mið-Austurlöndum.

Mannleg þjáning hefur aukist á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu, einkum meðan núverandi uppreisn Palestínumanna stendur yfir. Sú staðreynd að misheppnast hefur að finna pólitíska lausn á átökunum í Mið-Austurlöndum og koma af stað raunhæfum friðarumleitunum hefur valdið djúpstæðri gremju meðal Palestínumanna. Uppreisn þeirra stafar einnig að miklu leyti af óbærilegum aðstæðum á hernámssvæðum Ísraelsmanna.

Alþjóðasambandið heitir á alla aðila og á allt fólkið á svæðinu, gyðinga og araba, að forðast allt ofbeldi og allar aðgerðir sem stríða gegn alþjóðalögum og mannréttindum. Meðan á hernáminu stendur hvílir sérstök ábyrgð á herstjórn Ísraelsmanna. Við fordæmum harðlega ofbeldisverk ísraelskra hersveita á herteknu svæðunum. Jafnframt fordæmum við harðlega hryðjuverkaárásir palestínskra eða annarra samtaka gegn borgaralegum skotmörkum sem auka á hættuástandið.

Alþjóðasamband jafnaðarmanna er enn fylgjandi friðsamlegri lausn deilunnar og trúir því fastlega að raunveruleg friðaráætlun sé möguleg. Við ítrekum stuðning okkar við alþjóðlega friðarráðstefnu sem haldin verði á vegum Sameinuðu þjóðanna og kölluð verði saman á grundvelli stofnsamþykktar Sameinuðu þjóðanna og 242. og 338. ályktana öryggisráðsins. Á þessari ráðstefnu skulu allir viðkomandi aðilar, þar á meðal Palestínumenn, sem eigi rétt á að velja eigin fulltrúa, stefna að því að tryggja öryggi núverandi ríkja, þar á meðal Ísraels, og staðfesta rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunar.

Alþjóðasambandið virðir framtak George Shulz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fyrsta skref fram á við og vonast til þess að það muni stuðla að pólitískri lausn. Sambandið fagnar einnig vilja Sovétmanna til að gegna jákvæðu hlutverki við að leita að lausn. Við hvetjum Mikhail Gorbatsjoff aðalritara og Ronald Reagan forseta til að koma á gagnkvæmum skilningi milli þjóðanna tveggja og vinna að skjótum framförum.

Alþjóðasambandið styður eindregið tilraunir aðildarflokka sinna í Ísrael, Verkamannaflokksins og Verkalýðsflokksins (MAPAM) til að koma á friðsamlegum samningum og finna pólitíska lausn á grundvelli sósíaliskrar hugmyndafræði.

Við styðjum einnig tilraunir Palestínumanna til að koma á friði með samningum. PLO gæti lagt verulega af mörkum til friðarumleitana með því að breyta þjóðarstofnskrá sinni og viðurkenna Ísraelsríki.

Það er nauðsynlegt að afneita ofbeldi sem aðferð til að leysa deilur og að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á Ísraelsríki og rétti Palestínumanna til sjálfsákvörðunar.

Gera verður allt sem hægt er til að bæta aðstæður Palestínumanna á hernumdu svæðunum. Við skorum á allar þjóðir heims að veita þeim efnahags- og líknaraðstoð. Við skorum á ísraelsk stjórnvöld að opna nú þegar aftur skólana á Vesturbakkanum.

Atburðir undanfarinna mánaða sýna að þetta kunni að vera eitt síðasta tækifærið sem gefst til friðsamlegs samkomulags og því skorar Alþjóðasamband jafnaðarmanna á alla viðkomandi aðila að fallast á grundvallarhugmyndina um alþjóðlega ráðstefnu um frið í Mið-Austurlöndum.

Fylgiskjal V.

YFIRLÝSING EB UM MIÐ-AUSTURLÖND
(Gefin út í Feneyjum, 13. júní 1980.)

1. Þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar, ásamt utanríkisráðherrum, skiptust á skoðunum um alla þætti núverandi ástands í Mið-Austurlöndum, m.a. um stöðu samningamála í kjölfar samkomulags sem undirritað var af Egyptalandi og Ísrael í mars 1979. Þeir voru sammála um að vaxandi spenna á þessu svæði fæli í sér alvarlega hættu og að því væri heildarlausn á ágreiningi Ísraelsmanna og araba nauðsynlegri og brýnni en nokkru sinni fyrr.
2. Hin níu aðildarríki Evrópubandalagsins telja að hefðbundin tengsl og sameiginleg hagsmunamál, sem tengja Evrópu Mið-Austurlöndum, leggi Evrópu þá skyldu á herðar að gegna sérstöku hlutverki og krefjist þess nú að þau vinni með áþreifanlegri hætti að friði.
3. Í þessu sambandi byggja hin níu aðildarríki bandalagsins á ályktunum 242 og 338 í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, svo og á skoðunum sem þau hafa lýst yfir við ýmis tækifæri, einkum í yfirlýsingu frá 29. júní 1977, 19. september 1978, 26. mars og 18. júní 1979, svo og í ræðu sem haldin var fyrir þeirra hönd 25. september 1979 af utanríkisráðherra Írlands á 34. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.
4. Á þeim grundvelli sem þannig hefur verið lagður er tími til kominn að stuðla að viðurkenningu og framkvæmd þeirra tveggja grundvallaratriða sem viðtekin eru á alþjóðavettvangi: réttur allra þjóða á svæðinu, þar á meðal Ísraelsmanna, til tilveru og öryggis og réttur allra manna til réttlætis, en það felur í sér viðurkenningu á lögmætum réttindum Palestínumanna.
5. Öll löndin á svæðinu eiga rétt á því að búa í friði innan öruggra, viðurkenndra og tryggra landamæra. Þær tryggingar, sem nauðsynlegar eru til friðarsamkomulags, skulu lagðar til af Sameinuðu þjóðunum með ákvörðun öryggisráðsins og ef nauðsyn krefur eftir öðrum leiðum sem gagnkvæmt samkomulag næst um. Bandalagsríkin níu lýstu því yfir að þau væru reiðubúin til þátttöku innan ramma heildarsamkomulags og með raunverulegum og bindandi alþjóðatryggingum, þar á meðal (með tryggingum) á svæðinu.
6. Sanngjarna lausn verður að finna á Palestínuvandanum sem snýst ekki einvörðungu um flóttamenn. Skapa þarf hinni palestínsku þjóð, sem meðvituð er um tilvist sína sem slík, aðstöðu til að nýta til fulls rétt sinn til sjálfsákvörðunar með viðhlítandi aðgerðum sem skilgreindar yrðu innan heildarfriðarsamkomulagsins.
7. Til þess að þessum markmiðum verði náð þarf að koma til þátttaka og stuðningur allra aðila sem hlut eiga að því friðarsamkomulagi sem bandalagsríkin níu vinna nú að í samræmi við þau grundvallaratriði sem sett eru fram í yfirlýsingunni sem getið er hér að framan. Þessi grundvallaratriði eiga við um alla aðila og þar með þjóð Palestínumanna og PLO sem verða að eiga hlut að samningaviðræðunum.
8. Bandalagsríkjunum níu er ljóst hve mikilvæg staða Jerúsalemborgar er fyrir alla aðila. Þau leggja áherslu á að þau muni ekki viðurkenna neinar einhliða aðgerðir sem miða að því að breyta stöðu Jerúsalem og að hvert það samkomulag sem gert er um stöðu borgarinnar skuli tryggja frjálsan aðgang allra að helgistöðum þar.

9. Bandalagsríkin níu leggja áherslu á nauðsyn þess að Ísraelsmenn bindi enda á hernám þess lands sem þeir hafa hersetið síðan í átökunum 1967 eins og þeir hafa gert með hluta Sínaískaga. Ríkin eru sannfærð um að landnám Ísraelsmanna sé alvarleg hindrun í friðarumleitunum í Mið-Austurlöndum. Bandalagsríkin níu telja landnám þetta, svo og breytingar á íbúatölu og eignarrétti á hinum hernumdu svæðum brjóti í bága við alþjóðalög.
10. Svo mikið sem bandalagsríkjunum níu er í mun að binda enda á ofbeldi telja þau að aðeins afneitun ofbeldis og hótana um að beita ofbeldi af hálfu allra aðila geti skapað andrúmsloft trausts á svæðinu og orðið grundvöllur að heildarlausn á átökunum í Mið-Austurlöndum.
11. Bandalagsríkin níu hafa ákveðið að koma á nauðsynlegu sambandi við alla viðkomandi aðila. Tilgangurinn með því er að kynnast afstöðu aðila til þeirra grundvallaratriða sem sett eru fram í þessari yfirlýsingu og í ljósi niðurstaðna þessara könnunarviðræðna að ákveða hvaða mynd slík áætlun af þeirra hálfu gæti hugsanlega tekið.

Síðari ályktanir Sameinuðu þjóðanna (ályktanir öryggisráðsins ES-7/2 29. júlí 1980, ályktun öryggisráðsins nr. 478 20. ágúst 1980, ályktanir allsherjarþingsins nr. 35–169 og 35–207 frá 15. og 16. desember 1980 o.s.frv.) hafa ítrekað fyrri ályktanir og fordæmt „Jerúsalemfrumvarpið“ frá 1980 þar sem því er lýst yfir berum orðum að Jerúsalem skuli um alla framtíð vera óskipt höfuðborg Ísraels og aðsetur stjórnar, þings og dómsvalds. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 6. febrúar 1982 var innlimun Ísraelsmanna á Gólanhæðum fordæmd. Í ályktun Sameinuðu þjóðanna í júní 1982 var innrás Ísraelsmanna í Líbanon fordæmd og þess krafist að Ísraelsmenn drægju heri sína til baka.

Fylgiskjal VI.

Arafat og PLO með pálmann í höndunum eftir Alsírfundinn.
(Mbl. 11. júní 1988.)

Jassir Arafat, formaður Frelsissamtaka Palestínumanna, stendur með pálmann í höndunum að loknum leiðtogafundi araba í Algeirsborg. Einróma lýstu fulltrúarnir samstöðu með Palestínumönnum á hernámssvæðum Ísraels. Sömuleiðis að PLO væri hinn eini rétti málsvari Palestínuþjóðarinnar og Arafat óumdeilanlega foringi. Stefna Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum var fordæmd og staðfest einum rómi að Frelsissamtök Palestínu væru hinn eini og sanni aðili er gæti farið með málefni Palestínumanna. Tekið var fram að það væri skylda allra bandalagsþjóðanna að styðja og efla PLO svo að Palestínumönnum mætti takast að ná fram rétti sínum.

Öll ríki Ararabandalagsins, 21 að tölu, sendu fulltrúa og aðeins þrjá þjóðhöfðingja vantaði, frá Írak, Óman og Sómalíu, en næstæðstu menn þessara ríkja voru á fundinum. Sýndi þátttakan strax þegar til fundarins var boðað að mjög víðtæk samstaða hafði náðst. Fréttaskýrendur sem fylgdust með fundinum segja að sjaldgæft sé að verða vitni að jafnmikilli og, að því er virtist, einlægri samstöðu meðal araba og þar kom fram.

Áreiðanlegir heimildarmenn hafa fyrir satt að náðst hafi samkomulag, bak við tjöldin, um að öll aðildarríkin stæðu að því að koma á laggirnar sjóði sem ætlað sé að fjármagna áframhaldandi aðgerðir Palestínumanna á Vesturbakkanum og í Gaza.

Viðhorfið til Arafats.

Eins og alkunna er hafa verið miklar deildur milli hinna ýmsu hópa sem berjast fyrir sjálfstæðu ríki Palestínumanna. Sumir þeirra hafa árum saman átt í útistöðum við Arafat og m.a. notið stuðnings Líbíumanna og Sýrlendinga. Oft hefur verið grunnt á því góða milli Husseins Jórdaníukonungs og Arafats og svo mætti lengi telja.

Eftir að fundinum lauk kepptust ýmsir fulltrúar við að lofa forustu Arafats og sögðu að nýtt skeið væri runnið upp í samskiptum hinna arabísku bræðralagsþjóða. Menn skyldu auðvitað gæta þess að taka slíkum skrúðyrðum með nokkurri varúð, en fram hjá því verður ekki lengur horft að Arafat hefur risið upp margefldur eina ferðina enn. Á fundinum gekk hver leiðtoginn af öðrum á hans fund og var við hvern talað lengi og hljótt. Margir spyrja hver verði staða andstæðinga Arafats í arabaríkjunum þar sem þeir hafa notið stuðnings hæstráðenda. Um það er of snemmt að spá, en ekki er ólíklegt að það takist að fá einhverja þeirra til samstarfs við Arafat á ný.

Það vakti óneitanlega mikla athygli að Gaddafí, leiðtogi Líbíu, skyldi koma til fundarins. Hann hafði kunngert að hann hefði engin áform um það. Leiðtogar Alsír munu hafa lagt hart að Gaddafí og þar sem honum er mjög í mun að vingast á ný við nágrannaþjóðirnar í Norður-Afríku hefur það ugglaust ráðið úrslitum.

Mikill einhugur.

Ástæðan fyrir því hversu mikil eindrægni var á fundinum og samstaða með PLO afdráttarlaus á sér ýmsar skýringar og er ekki úr vegi að víkja að þeim hér til glöggvunar.

Þegar leiðtogafundur arabaríkja var haldinn í Amman í nóvember sl. voru málefni Palestínumanna nánast hunsuð. Aðalmál fundarins var stríðið við Flóann, milli Írans og Íraks, og sáralítill gaumur gefinn að málflutningi PLO- manna sem vildu fá stuðningsyfirlýsingu við Arafat. Því var Amman-fundurinn mikil vonbrigði fyrir forystu PLO og Palestínumenn almennt.

Skömmu síðar brutust út óeirðirnar á hernámssvæðum Ísraela sem smátt og smátt urðu að uppreisn. Stjórnmálaskýrendur segja einsætt að upphafið megi rekja til gremjunnar yfir áhugaleysi arabaþjóðanna á Amman-fundinum. Ekki hefur neinum verið stætt á því að fullyrða að PLO hafi staðið að baki óeirðanna í byrjun. Margt bendir einmitt til þess að uppreisnin hafi komið forsvarsmönnum PLO jafnmikið á óvart og ísraelskum stjórnvöldum. Að henni stóðu án efa ungir og reiðir Palestínumenn sem hvorki gátu þraukað lengur né sætt sig við auma stöðu, sáu ekki fram á stuðing neins staðar og vildu ekki sæta því hlutskipti sem næsta kynslóð á undan hafði látið sig hafa. Þeim fannst óhugsandi annað en grípa til einhverra ráða sem vektu athygli á málstað þeirra. PLO-forustan brá hins vegar við skjótt og hefur tekið síaukinn þátt í að skipuleggja uppreisnina. Einnig hefur PLO skipulagt starf ákveðinna óeirðanefnda á hernámssvæðunum og veitt fjölskyldum látinna fjárhagsaðstoð. Allir vita að Ísraelar hafa ekki megnað að kveða niður uppreisnina og þótt kyrrara sé nú er langt frá því að allt sé með sama hætti og var og verður sennilega aldrei aftur.

Þó að allt sé á huldu um hvernig niðurstöður Alsírfundarins muni beinlínis snerta íbúa Vesturbakkans og Gaza er þó á hreinu að meiri hluti Palestínumanna þar fylkir sér um Arafat. Og hann hefur, að sinni að minnsta kosti, fengið blessun allra þjóða Arababandalagsins. Sá árangur skyldi ekki vanmetinn, en hversu raunverulegur hann verður þegar á herðir á vitanlega eftir að koma í ljós.

Fylgiskjal VII.

Ályktun öryggisráðsins nr. 338 frá 22. október 1973.

Öryggisráðið:

1. **heitir á** alla aðila að yfirstandandi vopnaskiptum að hætta allri skothríð og binda enda á allar hernaðaraðgerðir þegar í stað, eigi síðar en 12 klukkustundum eftir samþykkt þessarar ályktunar, á þeim vígstöðvum sem þeir nú ráða yfir;
2. **heitir á** alla deiluaðila að hefja strax eftir gildistöku vopnahlésins framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 242 (frá árinu 1967) í öllum atriðum;
3. **ákveður** að strax, og meðan á vopnahlénu stendur, skuli hefjast samningaviðræður milli deiluaðila með viðeigandi hætti með það að markmiði að koma á réttlátum og varanlegum friði í Mið-Austurlöndum.
   Samþykkt á 1747. fundi með 14 atkvæðum gegn engu.

Ályktun 242 (frá árinu 1967), borin fram af Stóra-Bretlandi, S/8247, samþykkt einróma í ráðinu 22. nóvember 1967 á 1382. fundi þess.

Öryggisráðið:
lýsir yfir áframhaldandi áhyggjum sínum af alvarlegri stöðu mála í Mið-Austurlöndum;
leggur áherslu á ólögmæti landvinninga með stríði og þörfina á því að vinna að réttlátum og varanlegum friði þar sem öll ríki á svæðinu geti búið við öryggi;
leggur enn fremur áherslu á að öll aðildarríki hafi með samþykki sínu á stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna skuldbundið sig til að hlíta 2. gr. samningsins.

1. Lýsir því yfir að efndir á grundvallaratriðum stofnsamnings krefjist þess að komið verði á réttlátum og varanlegum friði í Mið-Austurlöndum þar sem framfylgt verði báðum eftirfarandi grundvallaratriðum:
   a. að ísraelskar hersveitir verði fluttar brott af þeim svæðum sem hertekin voru í undangengnum átökum,
   b. að öllum ófriði verði hætt og að virt verði og viðurkennd sjálfstjórnarréttur, landamæri og pólitískt sjálfstæði allra ríkja á svæðinu og réttur þeirra til að búa í friði innan öruggra og viðurkenndra landamæra, óhultir fyrir hótunum um ofbeldi og ofbeldisverkum.
2. Lýsir enn fremur yfir nauðsyn þess:
   a. að tryggðar verði frjálsar siglingar um alþjóðasiglingarleiðir á svæðinu,
   b. að réttmæt lausn verði fundin á flóttamannavandanum,
   c. að tryggð verði landfræðileg friðhelgi og pólitískt sjálfstæði sérhvers ríkis á svæðinu með aðgerðum sem m.a. fælu í sér myndun hlutlausra belta.
3. Felur framkvæmdarstjóra að tilnefna sérstakan fulltrúa er fari til Mið-Austurlanda til að koma á sambandi við þau ríki sem hlut eiga að máli til að stuðla að því að komið verði á sáttum og til að aðstoða við tilraunir til að ná fram friðsamlegri og viðurkenndri lausn í samræmi við ákvæði og grundvallaratriði þessarar ályktunar.
4. Felur framkvæmdarstjóra að skila skýrslu til öryggisráðsins um árangur tilrauna hins sérstaka fulltrúa eins fljótt og unnt er.

Arafat ítrekar samþykki PLO á ályktunum nr. 242 og 338.
(Úr *Palestinian News*, Jerúsalem, 37. tbl. maí 1988.)

Formaður PLO, Jassir Arafat, hélt ræðu á leiðtogafundi Einingarsamtaka Afríku (OAU) í Addis Ababa í Eþíópíu þar sem hann lýsti hugmyndum PLO um að binda enda á átök araba og Ísraelsmanna og koma á friði í Mið-Austurlöndum.

Hann minntist á að hann hefði við nokkur fyrri tækifæri sett fram hugmyndir PLO um það að hvernig hægt væri að koma á friði í Palestínu. „Við teljum að besta leiðin til að ná hinum langþráða friði sé að Sameinuðu þjóðirnar kalli saman ráðstefnu fastafulltrúa öryggisráðsins ásamt þeim þjóðum sem hlut eiga að átökunum í Mið-Austurlöndum, þar á meðal PLO, sem er eini lögmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar, á jafnræðisgrundvelli."

„Á þessum stað," sagði hann enn fremur „þar sem framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna heyrir til mín, ítreka ég fylgi okkar við alþjóðalög og viðurkenningu okkar á öllum ályktunum Sameinuðu þjóðanna (sem varða málefni Palestínu) þar á meðal ályktanir nr. 242 og 338 sem grundvöll fyrir slíkri ráðstefnu."

Hann kallaði síðan á „vernd til handa palestínsku þjóðinni sem veitt yrði af alþjóðlegum hersveitum eða eftirlitssveitum sem undanfari að endalokum hernámsins eða að sett yrði upp tímabundin alþjóðleg umboðsstjórn þar til komið yrði á fót ríki Palestínu."

Arafat lagði áherslu á þá stefnu PLO í málefnum Afríku að styðja „þjóðir sem berjast fyrir frelsi, sjálfstæði og sjálfstjórn".

Fylgiskjal VIII.

Arafat ávarpar Mannréttindanefndina.
(Úr *Palestinian News*, Jerúsalem, 35. tbl. febrúar 1988.)

Mannréttindanefndin hélt 44. fund sinn í Genf til að ræða meðal annarra mála „spurninguna um brot gegn mannréttindum á landsvæðum araba, þar á meðal í Palestínu".

Í ræðu sem Arafat hélt á fundinum 19. febrúar lýsti hann virðingu sinni og þakklæti fyrir störf nefndarinnar og lagði síðan áherslu á það hversu þýðingarmikið málefni Palestínu væri fyrir frið og öryggi í Mið-Austurlöndum. Hann minntist enn fremur á þvermóðskulega neitun Bandaríkjanna að viðurkenna grundvallarstaðreyndir vandans og þá hvatningu sem það væri Ísraelsstjórn að viðhalda og efla „stálhnefastefnu" ísraelsku stjórnarinnar.

Til þess að sporna við hinni hrottalegu kúgun sem nú viðgengst og gegn þeim stuðningi, sem hún nýtur frá Bandaríkjamönnum, beindi hann til allra „réttlætis-, frelsis- og friðarunnandi" fólks og aðila í heiminum að tryggja alþjóðlega vernd fyrir óvopnaða Palestínumenn sem væru fórnarlömb hryðjuverka og kúgunar sem bryti gegn öllum alþjóðalögum og sáttmálum. Ábyrgð á slíkri vernd ætti að vera í höndum alþjóðlegra sveita af einhverju tagi og mundi þetta hjálpa Palestínumönnum að ná fram rétti sínum til sjálfsákvörðunar og eigin ríkis þar sem Jerúsalem væri höfuðborg.

Hann ítrekaði þá ósk landa sinna að friði yrði komið á á svæðinu og nauðsyn þess að haldin yrði alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku hinna fimm föstu aðildarríkja öryggisráðsins og allra aðila sem hlut eiga að máli á jafnræðisgrundvelli, þeirra á meðal PLO. Þessi ráðstefna skyldi gera kröfu um lögmætan rétt Palestínumanna og byggja á ályktunum Sameinuðu þjóðanna um málið, þar á meðal ályktunum nr. 242 og 338.

Hann ræddi síðan um hin miklu áhrif sem uppreisn fólksins og hinar fasisku hernaðarráðstafanir, sem gerðar hefðu verið til að bæla hana niður, hefðu haft um heim allan með þeim afleiðingum að yfir stjórn Ísraels hefði rignt fordæmingum og afneitunum. Í nafni þjóðar sinnar og framkvæmdanefndar PLO þakkaði hann öllum sem sýnt hefðu stuðning við andspyrnu Palestínumanna og nefndi sérstaklega gyðinga í Ísrael og úr samfélögum gyðinga um heim allan sem hefðu mælt gegn hinum hrottafengnu aðferðum Ísraelsmanna sem fælust í „járnhæls- og beinbrotastefnu“ þeirra.

Fylgiskjal IX.

Palestínumenn drepnir af hernámssveitum Ísraelsmanna, landnemum og óbreyttum borgurum í uppreisninni.
(8. desember 1987 til 27. september 1988.)

Gagnaverkefni um mannréttindi Palestínumanna.
Alþjóðaskrifstofan Chicago.
Heimildarmaður: Louise Cainkar.

Heildarfjöldi fallinna til þessa er 374. Af völdum skotsára hafa fallið 248 manns. Af öðrum völdum hafa fallið 126 manns (33 vegna barsmíða, raflosts og grjótkasts, 63 af völdum táragass og 30 hafa fallið við grunsamlegar aðstæður eða vegna óbeinnar ábyrgðar yfirvalda).

Dauðsföll af völdum skotsára.

	Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
1.	Hatem Sissi, 15	Jabalya RC/GAZA	M	Demo/shot in heart	Dec 9
2.	Wahid Abu Salem, 13	Khan Yunis/GAZA	M	Demo/shot in head	Dec 10
3.	Ibrahim Ekeik, 18	NABLUS	M	Demo/shot in head	Dec 10
4.	Sahar Jirmi, 19	Balata RC/NABLUS	M	Demo/shot in chest	Dec 11
5.	Ali Isma'il Abdallah, 13	Balata RC/NABLUS	M	Demo/shot in head	Dec 11
6.	Suhaila Ka'bi, 53	Balata RC/NABLUS	M	Watching Demo/shot in chest	Dec 11
7.	Hassan Moh'd Jarghun, 22	Khan Yunis/GAZA	M	Demo/shot in chest	Dec 14
8.	Abdul Malek Abu Hussein, 23	Khan Yunis RC/GAZA	M	Demo 12 Dec/shot in neck	Dec 15
9.	Khaled Abu Taqiyeh, 22	Jabalya RC/GAZA	M	Demo/shot in head	Dec 15
10.	Ibrahim Mahmud Sakhleh, 25	Jabalya RC/GAZA	M	Donating blood at Shifa Hosp.	Dec 15
11.	Talal Hweiwi, 17	Beit Hanoun/GAZA	S	Shot in neck on street	Dec 15
12.	Nafez AbuQteifan, 16	Deir Balah RC/GAZA	M	Demo/shot in kidney	Dec 15
13.	Atwa Abu Samhadaneh, 20	Rafah/GAZA	M	Shot in leg; died in hospital	Dec 16
14.	Abdul Salam Fteiha, 29	Breij RC/GAZA	M	Demo/shot in head/heart	Dec 18
15.	Maisara Hamdan Batniji, 26	Shuja'iyeh/GAZA	M	Demo/shot:head/neck/genitals	Dec 18
16.	Raed Shihadeh, 16	Shati RC/GAZA	M	Demo 9 Dec/shot in mouth	Dec 21
17.	Nazek Ahmad Sawafta, 17	Tubas/JENIN	M	Demo/shot in chest	Dec 21
18.	Bassem Faisal Sawafta, 19	Tubas/JENIN	M	Demo/shot in chest & arm	Dec 21
19.	Yusef Moh'd Ararawi, 24	Jenin RC/JENIN	M	Demo/shot in abdomen + beaten	Dec 21
20.	Mahmoud Qeisi, 19	Jenin RC/JENIN	M	Demo/shot in neck	Dec 21
21.	Khaled Taleb Hameed, 20	Jabalya RC/GAZA	M	Demo/shot in eye & neck by CA Head who had threatened him	Dec 22
22.	Mustafa alBeik, 19	Jabalya RC/GAZA	M	Demo 22 Dec	Dec 29
23.	Haniyeh Ghazawneh, 25	Ram/JERUSALEM	M	On veranda of house	Jan 3
24.	Ali Moh'd Dahlan, 19	Khan Yunis RC/GAZA	M	Demo/shot in heart	Jan 5
25.	Mazen Ismail Musallam, 17	Maghazi RC/GAZA	M	Demo/shot in heart	Jan 7
26.	Khaled Awawdeh, 22	Brief RC/GAZA	M	Demo/shot in head	Jan 8
27.	Bassam Khader Abu Musalem, 27	Khan Yunis RC/GAZA	M	Food distrib/shot 3X in liver	Jan 9
28.	Khalil Isma'il Abu Luli, 54	Rafah/GAZA	M	Demo 16 Dec	Jan 9
29.	Touqan Misbeh, 32	Shuja'iyeh/GAZA	M	By his house/ in abdomen!!	Jan 10
30.	Naji Hassan Ali (Kamil), 43	Qabatya/JENIN	M	Left home 31 Dec, found beaten & shot several times	Jan 10

	Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
31.	Bassel Yazuri, 23	Rafah RC/GAZA	M	Protest 9 Jan/shot in head	Jan 11
32.	Mohammad Fayad, 20	Khan Yunis/GAZA	M	Demo 16 Dec	Jan 11
33.	Atta Mustafa Khdeir, 26	Khan Yunis/GAZA	M	Demo/Shot in head & heart	Jan 11
34.	Rabeh Ghannam Hamed, 17	Bittin/RAMALLAH	S	Settler attack from road	Jan 11
35.	Mohammad Yusef Yazuri, 30	Rafah/GAZA	M	Stabbed soldier	Jan 12
36.	Hussein Mustafa Ma'ali, 19	Kufr Ni'meh/RAMALLAH	M	Demo/shot in heart & chest	Jan 13
37.	Ramadan Sobeih, 14	Beit Lahiya/GAZA	M	Shot in food convey in Beit Hanoun, on way to Jabalya RC	Jan 13
38.	Ahmad Ali Ibayyat Ta'amreh, 43	Qissan/BETHLEHEM	M	Civil Admin. shot him while confiscating his sheep	Jan 14
39.	Ibrahim Abu Nahel, 31	Sheikh Radwan/GAZA	M	On house; shot many times	Jan 15
40.	Moh'd Ramadan Tubaza, 18	Nuseirat RC/GAZA	M	Demo/	Jan 15
41.	Murad Bassem Hamdallah, 17	Anabta/TULKARM	M	Demo/shot in chest	Feb 1
42.	Muaiyad Moh'd Sha'ar, 21	Anabta/TULKARM	M	Demo/shot in chest	Feb 1
43.	Asmaa Ibrahim Sabbubeh, 25	Anabta/TULKARM	M	Demo 1 Feb/shot in head	Feb 2
44.	Ibrahim Mansour, 26	Balaa/TULKARM	M	Demo/shot in chest; bled to death in military custody	Feb 3
45.	Thamer Jalal Disuqi, 10	Burqa/NABLUS	M	Shot in house 3 Feb/in head	Feb 6
46.	Asmaa Moh'd Sharif, 18	Aroub RC/KHALIL	?	Shot in home/stomach & heart	Feb 6
47.	Imad Khader Sabarneh, 26	Beit Ommar/KHALIL	M	Demo/shot in heart	Feb 7
48.	Moh'd Ibrahim Shweiha Adi, 18	Beit Ommar/KHALIL	M	Demo/shot in chest	Feb 7
49.	Tayseer Abdallah Awad, 18	Beit Ommar/KHALIL	M	Demo/2 bullets in heart	Feb 7
50.	Abdul Basset Juma', 27	Kufr Qaddum/NABLUS	S	Settler picking up workers shot him in head & neck	Feb 8
51.	Nabil Abu Khalil, 14	Attil/TULKARM	M	Shot by 3 bullets in heart	Feb 9
52.	Imad Hamalawi, 20	Mghazi RC/GAZA	M	Shot in neck 5 Jan; died in Soroka Hosp.	Feb 10
53.	Ahmad Abu Sabil, 37	Tulkarm RC/TULKARM	M	Shot in street	Feb 11
54.	Bashar Ahmad alMa'di, 20	NABLUS	M	March from mosque; (heart)	Feb 12
55.	Basem Taysir alJitan, 14	NABLUS	M	" " ; 12X in head	Feb 12
56.	Isma'il Halaiqa Mashni, 22	Shyukh/KHALIL	M	Protesting siege of village; shot in heart	Feb 17
57.	Abdallah Atta Ataya, 19	Kufr Ni'meh/RAMALLAH	M	Shot in head in Ramallah	Feb 20
58.	Nasrallah AbdalQader Nasrallah, 12	Tulkarm RC/TULKARM	M	Shot in street during curfew	Feb 20
59.	Kamal Moh'd Darwish, 23	Deir Amaar/RAMALLAH	S	Shot standing on hill, in artery & vertebrae	Feb 21
60.	Ragheb Sleiman Abu Ammara, 19	NABLUS	M	Demonstration; shot in heart	Feb 21
61.	Rawda Lutfi Najib Hassan, 13	Baka Sharqiyeh/TULK	S	Shot in heart by her house	Feb 22
62.	Mahmud Numan Hushiyeh, 13	alYamun/JENIN	M	Demonstration	Feb 23
63.	Mohammad Qassem Abu Zeid, 4	Qabatya/JENIN	C	Shot by collaborator	Feb 24
64.	Issam Abu Khalifeh, 18	Jenin RC/JENIN	M	Demo/under left eye	Feb 25
65.	Sami Ghaleb Dayeh, 19	NABLUS	M	Demo/shot in heart	Feb 25
66.	Rashiqa Musleh Daraghmeh, 63	Tubas/JENIN	M	Shot several times;lost blood	Feb 26
67.	Hassan Mohammad AbuKheiran, 22	Aroub RC/KHALIL	M	Demo/shot raising flag	Feb 26
68.	Eyad alAshqar, 12	Jabalya RC/GAZA	M	Demonstration	Feb 26
69.	Nihad AbdulGhaffar Khmour, 20	Aroub RC/KHALIL	M	Demo/shot in heart	Feb 27
70.	Baker Abdallah Bo, 17	Halhoul/KHALIL	M	Demo/shot in heart & chest	Feb 27
71.	Majed Moh'd Atrash, 22	Halhoul/KHALIL	M	Demo/shot in heart & stomache	Feb 27
72.	Raed Mahmud Awad Barghuthi, 17	Aboud/RAMALLAH	S	Settler nightraid on village;	Feb 27
73.	Ahmad Ibrahim Barghuthi, 21	Aboud/RAMALLAH	S	evacuation prevented by Mil.	Feb 27
74.	Ahmad Dhiab Bitawi, 30	Jenin RC/JENIN	M	Shot in head 25 Feb	Feb 27
75.	Yasser Daoud AbdulJabbar Abd,17	Borin/NABLUS	M	Demo/shot in neck	Feb 29
76.	Moh'd Ahmad Hussein Salah, 18	Khader/BETHLEHEM	M	Demo; shot in head	Mar 4
77.	Bakr Latif Shiboni, 17	Arabe/JENIN	M	Demo; shot in stomache	Mar 4
78.	Rasem Mudhahi Khadirat Atlul,28	Dhahariyeh/KHALIL	M	Demo; shot in chest	Mar 5
79.	Mahel Musbah Waridat, 30	Dhahariyeh/KHALIL	M	Demo; shot in heart	Mar 5
80.	Mohammad Sa'afin, 22	Breij RC/GAZA	M	Shot in buttocks 3 Mar	Mar 5
81.	Ayman Salim Ajaq, 17	Mazraa Sharqiya/RAM	M	Flag day/Shot in heart	Mar 6
82.	Khader Mohammad Hamideh, 41	Mazraa Sharqiya/RAM	S	Shot; died in Ramallah Hosp.	Mar 9
83.	Najeh Hassan Hijaz, 18	Turmus Aya/RAMALLAH	S	Shot in heart by settlers	Mar 9
84.	Moh'd Othman Hamed, 17	Silwad/RAMALLAH	M	Shot in mouth & beaten	Mar 9
85.	Bassam Ibrahim Badarin, 18	Samou'/KHALIL	M	Shot in heart	Mar 9
86.	Yusef Ibrahim Ali Abu Eid, 22	Biddu/RAMALLAH	M	Shot in eye on 9 Mar after beaten/thrown on burning tire	Mar 12
87.	Alam Said Nasrallah Sadaqa, 16	Anza/JENIN	M	Shot in chest	Mar 15
88.	Arafat Abdul Aziz Hweih, 22	Ein Yabroud/RAMALLAH	M	Shot in demo in the head in Deir Jarir	Mar 15
89.	Omar Yassin Hamarsheh, 27	Yaabad/JENIN	M	Shot head helping brother	Mar 16
90.	Ashraf Mahmud Ibrahim, 22	Nur Shams RC/TULKARM	M		Mar 16
91.	Hisham Daud aLushi, 31	Nazlit Issa/TULKARM	S	Shot in roof of home	Mar 16
92.	Sabri Abu Sharar, 25	Khan Yunis/GAZA	M	Shot in heart; died in Asqalan hospital	Mar 17

Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
93. Hani Ibrahim Abu Hammam, 23	Shati RC/GAZA	M	Demo/Shot in liver	Mar 18
94. Nameq Hussein Milhem, 26	Kufr Dan/JENIN	M	Shot chest& head(2b);d.hosp.	Mar 20
95. Khaled Moh'd Taher Hussein, 23	Nazlit Issa/TULKARM	M	Shot 3/15 helping child;dhosp.	Mar 20
96. Adel Ahmed Jaber, 18	Rafah/GAZA	M	Shot in heart	Mar 21
97. Hikmat Daraghmeh, 26	Tubas/JENIN	M	Found shot in head	Mar 24
98. Majed Sawalmeh, 22	Balata RC/NABLUS	M	Shot 3x chest	Mar 24
99. Muhamed Ali Abu Zaru, 22	Balata RC/NABLUS	M	Shot in neck	Mar 24
100. Walid Abdul Fatah Fatafta, 18	Tarkumia/KHALIL	M	Shot in chest	Mar 25
101. Khaled Hassan Muraqtan, 18	Tarkumia/KHALIL	M	Shot in kidney/abdomen	Mar 25
102. Ayad Turki Salah(Khalil), 21	Zawateh/NABLUS	M	Shot in stom.3/25 d. hosp.	Mar 26
103. Majed Hussein Deeb, 19	Kufr Thaleth/TULKARM	M	Shot in heart in demo for 104	Mar 26
104. Awad Qassem Ibrahim, 30	Kufr Thaleth/TULKARM	M	Shot in chest;died at ckpt	Mar 26
105. Ghassan Qassem Awad Mir'i,17	Maythaloun/JENIN	M	Shot in chin; prevented from reaching hospital	Mar 27
106. Omar Mahmoud Hamad Rabai'ah,22	Maythaloun/JENIN	M	Shot in heart; prevented from reaching hospital	Mar 27
107. Fahim Mah. Moh'd Nuseirat,27	Maythaloun/JENIN	M	Shot in waist; prevented from reaching hospital	Mar 27
108. Yasser As'ad Ibrahim As'ad,15	Salfit/NABLUS	M	Shot in right eye	Mar 27
109. Hussein Kamel Odeh, 19	Salfit/NABLUS	M	Shot 27 Mar(IN AMBULANCE)	Mar 27
110. Wajina Yusef Rabi', 55	Deir AbuMash'al/RAM	M	Shot in leg;then in neck	Mar 30
111. Shaker Ali Moh'd Shaker, 26	Deir Ibzia'/RAMALLAH	M	Shot by sniper in chest	Mar 30
112. Khaled Moh'd Qassem Salah,23	Burqa/NABLUS	M	Shot in back;d.on way to hosp	Mar 30
113. AbdulKarim Moh'd Halaika, 24	Shyukh/KHALIL	M	Shot in chest;fell on head	Mar 30
114. Hussein Mahmud Hussein, 25	Yamoun/JENIN	M	Shot in head	Mar 30
115. Sleiman Ahmad Awwad Jneidi, 18	Yatta/KHALIL	M	Shot in abdomen	Mar 31
116. Moh'd Fares Hamed Ziben, 29	Yamun/JENIN	M	Shot on 30 Mar	Mar 31
117. Jamal Khalil Tumeizi, 22	Idna/KHALIL	M	Shot in head	Apr 1
118. Ishaq Nimer Silmiyeh, 24	Idna/KHALIL	M	Shot in head from heliocopter	Apr 1
119. Salim Khalef Sha'er, 23	BETHLEHEM	M	Demo/Shot in head	Apr 2
120. Jihad Mustafa 'Assi, 18	Beit Liqya/RAMALLAH	M	Army raid/shot in mouth/chest; left to bleed to death	Apr 2
121. Khamis Hassan Ahmad, 38	Deir Sudan/RAMALLAH	M	Clash/shot in chest/throat	Apr 2
122. Jamil Rashed Kurdi, 55	Sabra/GAZA	M	Assault from van; Shin Bet &/or army; in keffiyehs	Apr 2
123. Ahmad Khamis Kurdi, 42-father	Sabra/GAZA	M	" "	Apr 2
124. Ala' Ahmad Kurdi, 21-son	Sabra/GAZA	M	" "	Apr 2
125. Ali Diab Abu Ali, 46	Yatta/KHALIL	M	Shot in neck 22 Mar	Apr 3
126. Hamed Abdul Muhidi Ze'dat, 18	Bani N'eim/KHALIL	M	Shot chest,neck,head, d.hosp.	Apr 4
127. Hamzeh Ibrahim AbuShab,20	Bani Sulheila/GAZA	M	Shot in stomach 30 Mar	Apr 4
128. Musa Saleh Daud Bani Shamsa,22	Beita/NABLUS	S	Shot in head by settler tour bus armed guard;in village	Apr 6
129. Hatem Fayez Ahmad alJabber, 22	Beita/NABLUS	S	" " "	Apr 6
130. Issam Abdul Halim Said, 16	Beita/NABLUS	M	Shot down in a field	Apr 7
131. Yusef Rabi', 75	Deir Abu Mash'al/RAM	M	Shot in abdomen & thigh 30 Mar; husband of #113	Apr 8
132. Jalal Yusef Milhem, 21	Kufr Rai/JENIN	M	Shot in chest	Apr 11
133. Moh'd Kamel AbdulQadr Yahia,20	Kufr Rai/JENIN	M	Shot in waist&head;died hosp	Apr 11
134. Fuad Aziz Saleh Asheqar, 21	Kufr Rai/JENIN	M	Shot several times in body	Apr 11
135. Wael Hassan Taha, 25	NABLUS	M	Demo/shot in heart	Apr 14
136. Nasser Hamed alLidawi, 22	NABLUS	M	Demo at Wael's funeral	Apr 14
137. Jamal Hussein Shehadeh, 17	Breij RC/GAZA	M	Abu Jihad's assassination	
138. Taysin alBouji, 16	Rafah/GAZA	M	Shot in heart	Apr 16
139. Atwa Abu Arada Sha'er, 14	Rafah/GAZA	M	Shot in head	Apr 16
140. Ayman Abu Amer, 22	Rafah/GAZA	M	Shot in heart	Apr 16
141. Abdul Muhsen Hanun, 19	Khan Yunis/GAZA	M	" "	Apr 16
142. Fikri Ibrahim alDaghmi, 22	Abasan/GAZA	M	" "	Apr 16
143. Bassam alHariri, 23	Jenin RC/JENIN	M	" "	Apr 16
144. Saadah Malek Sabah, 40	Jenin RC/JENIN	M	Shot in forehead	Apr 16
145. Hilmi Abdallah Turukman, 22	JENIN	M	Shot mouth Harari's funeral	Apr 16
146. Mihyi Addin Mawalha, 20	Qabatya/JENIN	M	Shot in nose and head	Apr 16
147. Hala Awad Amiri, 20	Habla/TULKARM	M	Shot in head	Apr 16
148. Munir Ismail alTatari, 32	Jabalya/GAZA	M	" "	Apr 16
149. Iman Omar Abu Kamar	Khan Yunis/GAZA	M	Shot on 16 Apr	Apr 17
150. Farid Ahmad Abu Darras, 25	Khan Yunis/GAZA	M		Apr 17
151. Ayda Othman Totah, 30	Zeitun/GAZA	M		Apr 17
152. Ahmed Musa Zurub Abu Eiyeh, 20	Rafah/GAZA	M	Shot in the chest	Apr 18
153. Nizar Ahmad Jaloudi, 26	Faqua/JENIN	M	Shot in the back	Apr 18
154. Moh'd Hassan Nassar, 22	Nuseirat RC/GAZA	M	Shot after 2 houses demol.	Apr 18
155. Moh'd Fayez Abu Ali, 25	Bani Suheila/GAZA	M	Shot/heart at mock funeral	Apr 20
156. Faraj Ismail Farrajallah, 23	Idna/KHALIL	M	Shot in head	Apr 22
157. Moh'd Ibrahim Abu Zeid, 16	Qabatya/JENIN	M	Clashes/Shot in chest	Apr 22
			Shot 3x in back; d.in hosp.	Apr 23

	Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
158.	Ahmad Hassan Salem, 27	Beit Arroush/KHALIL	M	Shot in clashes	Apr 24
159.	Arij Sleiman Daud aDik, 13	Kfur aDik/NABLUS	M	Shot in head while carrying water for TG, on Apr 26	Apr 27
160.	Sari Hillal Rustum, 35	Kfur Malek/RAMALLAH	M	Shot in head during attack	Apr 26
161.	Naim Yusef AbuFarha, 22	Faqua/JENIN	M	Commander suspended pending investigation for unnecessary shooting/Shot 3X.	May 1
162.	Omar Moh'd Manasra, 18	Bani Naim/KHALIL	M	Several shots in head/chest	May 3
163.	Nidal Salem Balo, 19	Bani Naim/KHALIL	M	Shot in head	May 3
164.	Khaled Rafiq Umayrah, 25	Balata RC/NALBUS	M	Shot thru torso near heart	May 3
165.	Jamal Mahmud Madhun, 20	Jabalya RC/GAZA	M	Shot in neck; died in Ahli	May 4
166.	Rizek Hussein Sabah, 17	Jabalya RC/GAZA	M	Died in Ahli	May 4
167.	Judah Abdallah Taiyem, 28	Turmus Aya/RAMALLAH	S	Shot in head by Shilo settler, in his field	May 5
168.	Ibrahim Ahmad Hussein Odeh, 35	Dheishe RC/BETHLEHEM	S	Shot in head in his house	May 9
169.	Abdul Karim Raja Mu'ti, 21	Asakreh/BETHLEHEM	M	Shot in chest 30 Mar	May 11
170.	Mahmud Abu Zeid, 33	Qabatya/JENIN	M	Shot in house several times when Mil. came to arrest	May 12
171.	Jihad Bassan alAbsi, 17	Jabalya RC/GAZA	M	Shot in head	May 16
172.	Ala'addin Moh'd Saleh, 15	Azmut/NABLUS	M	Shot in neck	May 16
173.	Majdi Mahmud Hillal,16	Ibwein/RAMALLAH	M	Shot in heart	May 18
174.	Kawthar Khaled Mohammad, 23	Tulkarm RC/TULKARM	M	Shot in chest	May 21
175.	Moh'd Saadi Abu Lulu, 57	Breij RC/GAZA	M	Shot in heart	May 24
176.	Iyad Abdallah Shanaa', 16	Qalqilya/TULKARM	M	Injured on Feb. 7	May 27
177.	Amin Rajab Abu Radaha, 14	Jalazon RC/RAMALLAH	M	Shot in head 25 May	May 27
178.	In'am Rafiq Hamdan, 25	Jaba'/NABLUS	M	Shot in heart	May 29
179.	Mustafa Ahmad Odeh Halaika, 19	Shuyukh/KHALIL	S	Car of settler youth entered village; shot him in heart	Jun 3
180.	Moh'd Issa Ghanem, 26	Deir Ibzia'/RAMALLAH	M	Shot in Safa village	Jun 3
181.	Imad Hussan Hawari, 16	Sebastia/NABLUS	M	Shot in head + chest	Jun 9
182.	Saed Moh'd Hayek, 19	EinSultan RC/JERICHO	M	Shot in heart/midsection	Jun 12
183.	Bassem Issa Sabbagh, 21	Jenin RC/JENIN	M	Shot/hit by jeep/rel'd from hosp./arrested/found dead	Jun 12
184.	Deib Mahmud Hamad, 45	Ibwein/RAMALLAH	M	Deaf-mute/shot in head	Jun 13
185.	Nidal Ibrahim Abu Hassan, 20	Battir/BETHLEHEM	M	Soldier said he threw molotov	Jun 15
186.	Taysir Hussein Blitat, 27	Beit Furiq/NABLUS	M	Army raid to demolish house	Jun 16
187.	Raed Khaled Haj Yusef, 17	Khan Yunis RC/ GAZA	M	Shot in heart/beaten	Jun 18
188.	Taalat Khalil Zaqqout, 17	Rafah/GAZA	M	Demo/Shot in head !!!	Jun 22
189.	Ibrahim Ghassan Aranqi, 15	Taibe/RAMALLAH	M	Demo/shot in stomach	Jun 29
190.	Arafat Ahmad Hanani, 16	Beit Furiq/NABLUS	M	Died in hospital from leg wound 16 Jun	Jun 30
191.	Fatmeh Yusef Sahwil, 26	Ibwein/RAMALLAH	M	Shot in head 18 May	Jul 1
192.	Na'el Khameisi, 17	Zbuba/JENIN	M	Shot in head in Jenin demo	Jul 2
193.	Abdul Qader Qasem Dababat, 17	Tubas/JENIN	M	Demo/Shot in stomach	Jul 8
194.	Fayek Sleiman Radwan Hussein,25	Jabalya RC/GAZA	M	2 shots in abdomen	Jul 9
195.	Zuhdi Mansour Zreiki, 17	Old Askar RC/NABLUS	M	Shot twice in thighs	Jul 10
196.	Hassan Ahmad Jabber 'Adis, 16	Anabta/NABLUS	M	Shot;skull fractured	Jul 11
197.	Faris Rashid Anabtawi, 17	NABLUS	M	Shot in heart	Jul 11
198.	Amjad Hawaja, 17	NABLUS	M	Shot in chest 10 Jul	Jul 13
199.	Samir Sayeh, 16	NABLUS	M	Shot in stomach	Jul 13
200.	Jamal Jawdat AbdulKarim Qaddcumi, 29	Ein Beit Ma'/NABLUS	M	Shot in head driving past Fara'a RC on July 8	Jul 18
201.	Nidal Rabbadi, 16	Old City/QUDS	M/S	Shot in chest on bicycle in Beit Hanina	Jul 19
202.	Fuad Bassam Urrabi, 16	JENIN	M	Shot in heart	Jul 20
203.	Hisham Khaled Zeid, 26	Qiferet/JENIN	M	Shot in stomach	Jul 20
204.	Zaki Ali Halaika, 23	Shuyukh/KHALIL	M	Shot in neck	Jul 20
205.	Hussam Abdul Aziz, 23	Old City/NABLUS	M	Shot in chest/back	Jul 21
206.	Maher Abu Ghazaleh, 24	Old City/NABLUS	M	Shot in chest	Jul 21
207.	Muhanid Ahmad Taher Saif, 17	Arara/TRIANGLE	M	Shot in chest in Dhanabe/TUL	Jul 21
208.	Yasser Hanun Sabaana, 25	Qabatya/JENIN	M	Shot in chest	Jul 24
209.	Jiryis Yusef Qunqar, 40	Beit Jala/BETHLEHEM	M	Shot in stomach	Jul 24
210.	Suheir Fouad Afani, 13	Shatti RC/GAZA	M	Shot in pelvis	Jul 26
211.	Abdel Fattah Yusef Alayan, 17	Deir Abu Daif/JENIN	M	Shot in head 7/20	Jul 27
212.	Hani Adel a-Turk, 37	Gaza City/GAZA	M	Shot 7/23	Jul 28
213.	Ala'addin al-Aghbar, 18	NABLUS	M	Shot in stomach	Aug 2
214.	Nidal Jalil Bouzieh, 16	Kufl Hareth/KALKILYA	M	Shot in head, d. hosp.	Aug 6
215.	Hussein Hassan Asway, 14	KALKILYA	M	Shot in head, d. hosp.	Aug 9
216.	Ahmad Faleh Ali Abu Salah, 17	Toubas/JENIN	M	2 shots in chest	Aug 10
217.	Riad Abu Mandil, 23	Mghazi/GAZA	M	Shot writing graffiti	Aug 12
218.	Moh'd Abu Kizak, 60	Shaboura/GAZA	M	Shot head and chest,d. hosp.	Aug 13
219.	Yusef Damaj, 12	Jenin RC/JENIN	M	Shot	Aug 13

	Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
220.	Mahmud Abu Rizak, 20	Shaboura/GAZA	M	Shot in head 8/13, d. hosp.	Aug 14
221.	Jamal Odeh, 19	TULKARM	M	Shot in head	Aug 15
222.	Asad Jabri Shawwa, 25	Sheja'iya/GAZA	M	Shot in chest Ansar 3	Aug 16
223.	Ibrahim Samoudi, 27	Yamoun/JENIN	M	Shot in Ansar 3	Aug 16
224.	Rasha Mazin al-Arkawi, 9	JENIN	M	Shot on her balcony	Aug 17
225.	Rajah Moh'd Suwafneh, 17	Toubas/JENIN	M	Shot in eye and neck	Aug 21
226.	Na'el Hamad Musleh Hamad, 18	Breij/GAZA	M	Shot in heart	Aug 21
227.	Ahmad Hussein Shaghnufi, 23,	Askar/NABLUS	M	Shot in stomach	Aug 22
228.	Khaled Hashhash, 22	Balata/NABLUS	M	Bullet in chest	Aug 23
229.	Moh'd Ghaleb Shqeir, 31	Zawiya/TULKARM	M	Shot; 8 bullets in field	Aug 24
230.	Ayman Abdel Aziz Ramadan, 14	Tel/NABLUS	M	Bullet in head 8/16	Aug 26
231.	Louai Fakri Barghouthi, 22	Deir Ghassaneh/RAM	M	Bullet in stomach	Aug 31
232.	Minawi Ali al-Araysha, 17	GAZA	M	Bullet in heart	Aug 31
233.	Abdel Karim Baruug, 17	Rafah/GAZA	M	Shot in head 9/4	Sep 7
234.	Moh'd Abdullah Salah, 36	Silat al-Harthieh/J	M	Shot in head	Sep 8
235.	Ahmad Ali Dababseh, 26	Nuba/KHALIL	M	Shot;body found in field	Sep 10
236.	Rami Khalil Abu Samra, 11	Gaza City/GAZA	M	Shot in head in mosque	Sep 14
237.	Imad Arkawi, 18	JENIN	M	Shot in neck and chest	Sep 17
238.	Munjid Ismail Sarhan, 26	Luban Sharqiya/NAB	M	Shot in heart	Sep 17
239.	Imad Isma'il Abu Thria, 18	GAZA	M	Shot 9/15	Sep 19
240.	Hanni Odeh Abu Medin, 18	Breij RC/GAZA	M	Shot in heart	Sep 21
241.	Nahil a-Tukhi, 12	Amari RC/RAMALLAH	M	Shot twice in head 9/17	Sep 24
242.	Jihad Moh'd Zaino, 27	Daraj/GAZA	M	Shot in chest	Sep 26
243.	Jamal Ibrahim Mattar Shqirat,19	Jebal Maqaber/QUDS	M	Shot in head/chest	Sep 26
244.	Naser Ahmad Jundi, 22	Nur Shams RC/TULK	M	Shot 25 May in spinal cord/ chest; treated in Amman	Sep 26
245.	Nabil Moh'd Yusef, 21	Beit Surik/RAMALLAH	M	Shot	Sep 26
246.	Usama Mahmud Ahmad Breika, 17	Khan Yunis/GAZA	M	Shot in heart	Sep 27
247.	Hussam Mukhtar Gharbawi, 22	Daraj/GAZA	M	Shot in chest 26 Sep; heliocopter to TelHashomer	Sep 27
248.	Ayman Abu Sharar, 17	Nuseirat RC/GAZA	M	Shot in heart	Sep 27

Dauðsföll vegna barsmíða, raflosts og grjótkasts.

	Nafn, aldur	Heimili	Aðstæður	Dags.
1.	Subhiyeh Darwish Hashash, 55	Balata RC/NABLUS	Beaten 20 Dec; died from resulting complications	Jan 18
2.	Mohammad Mahmoud Ibeid, 28	Ram/JERUSALEM	Ordered out of car & beaten with clubs & gunbutts; died in Maqassad Hospital; official cause of death: heart attack	Jan 30
3.	Mohammad Mahmud Badran, 34	Jabalya/GAZA	Beaten on head 9 Dec and again in Feb	Feb 4
4.	Rami Aklouk, 15	Deir Balah/GAZA	Beaten on head 6 Feb; died in Maqassad hospital	Feb 7
5.	Ayad Mohammad Aqel, 17	Breij RC/GAZA	Taken from home by soldiers & beaten on head, part buried	Feb 7
6.	Khader Elias Tarazi, 19	Gaza City/GAZA	Beaten in a home; strapped to jeep; reported dead at Soroka Hospital of head wound	Feb 9
7.	Anwar Amireh, 27	Bireh/RAMALLAH	Arrested, seen being beaten on 23 Feb; body found by police & returned to family 27 Feb	Feb 23
8.	Yusef Tawfiq Kilani, 21	Ya'abad/JENIN	Beaten; run over by military jeep	Feb 25
9.	Khaled Moh'd Ardha, 21	Old Askar/NABLUS	Beaten by soldier and shot in head; taken to hospital; Dr. says beating caused death	Mar 6
10.	Kamleh Mahmud Sharaf, 60	Breij RC/GAZA	Beaten on head in her house; army threatened family to report death by "natural causes"	Mar 11
11.	Mohammad Skafi, 4 yrs.	Shuja'iyeh/GAZA	Soldier lobbed teargas into house which ignited stove; boy died from burns 4 hrs later	Mar 12
12.	Moh'd Mahmud Khaled, 19	EinBeitalMa RC/NABLUS	Beaten on head; shot in leg*	Mar 18
13.	Moh'd Rahman Hamed, 24	Silwad/RAMALLAH	Beaten on 4 Feb; died from apparent internal injuries; in hosp.	Mar 19
14.	Omar Hassan AbuMarahil, 27	Beit Lehiya/GAZA	Body found, with evidence of beating on head, near Beit Hanoun	Mar 21
15.	Khalil Khamzawi, 18	Askar RC/NABLUS	Electrocuted while removing boots from power line, under army orders	Apr 3

	Nafn, aldur	Heimili	Aðstæður	Dags.
16.	Suad Ahmed Yusef, 90.	Zeitun/GAZA	Beaten in home; died in Ahli Hosp.	Apr 12
17.	Atiyeh Abu Risq, 19	Rafah/GAZA	In detention in Rishon Police station; bruises over all body	Apr 21
18.	Ibrahim Abu Aishe, 71	KHALIL	Apparently beaten by settlers 5/12	May 15
19.	Husni Moh'd Mahsiri, 41	Beit Jala/BETHLEHEM (Duha)	Beaten body found in Moshav Beit Meir; suspected by settlers	May 16
20.	Ayad Abu Nadi, 25	Shati RC/GAZA	Beaten by soldiers	Jun 5
21.	Hussein Juma' AbuJalaleh, 20	Jabalya RC/GAZA	Died in hospital, 1 d. after beaten on head; beaten 2 mos previous	Jun 7
22.	Saber Faris Nimnim, 23	Shati RC/GAZA	Kidney failure following beating & release to desert 4 mos. earlier	Jul 16
23.	Simone (Edmon) Elias Issa Ghannam (Hillal), 17	Beit Sahour/BETHLEHEM	Soldier dropped rock on his head from 5 storey building	Jul 18
24.	Said Saleh 'Abed, 22	Tel Sultan/GAZA	Arson in Tel Aviv apartment 8/10	Aug 11
25.	Khaled Mustafa 'Abadli, 40	Khan Yunis/GAZA	Arson in Tel Aviv apartment 8/10	Aug 11
26.	Maher Darwish Maqqab, 28	Shati RC/GAZA	Beaten in head, date uncertain	Aug 14
27.	Atta Ahmad Ayyad, 21	Qalandya RC/QUDS	Died Dhahriya during interrogatn Signs of torture/beating	Aug 14
28.	Hisham Jamil Muqdad, 23	Shati RC/GAZA	Beaten 1 week ago; d. home	Aug 14
29.	Naseem Isma'el 'Abed, 24	Breij RC/GAZA	Arson in Tel Aviv apartment	Aug 15
30.	Nabil Mustafa Bedah, 20	Beit Hanina/QUDS	Died Moscobiya in interrogation	Aug 16
31.	Maysara Ahmad Mattar, 25	Sheikh Radwan/GAZA	Family told in prison; referred Abu Kbir for body	Aug 21
32.	Hanni Shammi, 41	Jabalya/GAZA	Arrested 8/22; brutally beaten in front of children;**	Aug 23
33.	Ayman Ahmad Najar, 28	Shaboura/GAZA	Beaten and rubber bullet in head	Aug 31

Dauðsföll af völdum táragass.

	Nafn, aldur	Heimili	Aðstæður	Dags.
1.	Najwa Masri, 18	Beit Hanoun/GAZA	Hit by teargas cannisters in demonstration as she tried to help dying youth	Dec 15
2.	Khalil Mahsiri, 76	Bireh/RAMALLAH	Teargassed after Friday prayers at alAqsa Mosque	Dec 18
3.	Amal Abdul Wahad Qseisa, 5d.	Jabalya RC/GAZA	Teargassed in home when camp curfewed; turned blue & probably died on 23 Dec, but death not reported until 25 Dec	Dec 23
4.	Raed Obeid, 3 mos.	Jabalya RC/GAZA	Teargassed in home 15 Dec	Jan 1
5.	Mariam Abu Zahir, 81	Jabalya RC/GAZA	2 teargas cannisters landed in her house 1 Jan; she lost consciousness & died the next day	Jan 2
6.	Widad Faress, 38 + 9 month fetus	Khan Yunis/GAZA	Teargassed in home; died in hospital	Jan 10
7.	Amira Askar, 35 +40 day fetus	Jabalya RC/GAZA		Jan 11
8.	Fayrouz Ahmad Shobaki, 11	Deir Amaar RC/RAMALLAH	Helicopters dropped teargas; overcome by gas, she was taken to hospital, but died on way.	Jan 13
9.	Samer Ali Juma'a Badaha, 5m.	Deir Amaar RC/RAMALLAH	Same as above; died next day	Jan 14
10.	Imad Hamdi Abu Asi, 15 d.	Zeitun Qtr/GAZA		Jan 14
11.	Moh'd Khaled Shahin, 75 d.	Zeitun Qtr/GAZA	In home; died in 5 hrs.	Jan 14
12.	Moh'd Ramadan Tubbaza, 17	Nuseirat RC/GAZA	Heavily TGed at mosque 9 Jan, then beaten; foam in one lung	Jan 14
13.	Amna Darwish, 72	GAZA		Jan 16
14.	Haitham Shqeiro, 4 m.	Qalqilya/TULKARM	Carried by mother on street when demo teargassed; died in hosp.	Jan 16
15.	Abdul Fattah Miskawi, 2 mo.	Qalqilya/TULKARM	TG on 15 Jan, with immediate distress, but taken to hosp. next day; twin bro. in hosp. 12 days	Jan 16
16.	Fatima Salman, 57	Beit Safafa/BETHLEHEM	Teargassed on street	Jan 23
17.	Fatmeh alQidri, 1 day	Khan Yunis/GAZA	Pre-mature birth from teargas	Dec 9
18.	Khaled alQidri, 14 days	Khan Yunis/GAZA	Fatmeh's twin	Dec 23
19.	Omar Juma' alRa'i, 62	Shujaiyeh/GAZA	Teargassed 13 Feb	Feb 14
20.	Rana Mahmud Adwan, 3 mos.	Rafah RC/GAZA		Feb 17
21.	Arafat Moh'd Abu Rous, 6 mo.	Rafah RC/GAZA	TGed in home in am; died at night	Feb 17
22.	Ranin Yusef Sfair, 3 mos.	Rafah/GAZA		Feb 21
23.	Ahmad Sadek Abu Sahiyeh, 65	NABLUS	Hit by TG + RB by his shop	Feb 21
24.	Fuad Aiyub Sha'rawi, 48	KHALIL	Teargas dropped into mosque by heliocopter; hit in head	Feb 26

Nafn, aldur	Heimili	Aðstæður	Dags.
25. Salman Daher, 63	Baka Sharqiyeh/TULKARM	Teargassed 26 Feb	Mar 2
26. Khitam Sabri 'Aram, 8	Rafah/GAZA	In schoolyard demonstration	Mar 3
27. Salahaddin Naqib, 33	Askar RC/NABLUS	TG affection in home	Mar 7
28. Salim Moh'd Musa Amer, 10 m.	Khan Yunis/GAZA	TG in home; died next day; Nasr hosp. afraid to give death cert.	May 7
29. Khaled Mustafa Hawajreh, 2.5 m.	Breij RC/GAZA	TG Mar 7 under curfew; died in hospital Mar 8	Mar 8
30. Shirin AbdulMunem Elayan, 4 m	Deir Balah RC/GAZA		Mar 8
31. Yusef Hassuna, 3 mos.	Deir Balah RC/GAZA		Mar 8
32. Sanaar Samir Ebeid, 40 days	Khan Yunis RC/GAZA		Mar 9
33. Yahia alMaghrabi, 2 mos.	Zeitun/GAZA	Teargassed Feb 13	Mar 13
34. Salim al Yahia, 60	TULKARM	Teargas in house	Mar 16
35. Juma' Ibrahim alTukhi, 66	alAmari RC/RAMALLAH	Teargassed in mosque	Mar 16
36. Ali Moh'd Abu Hajjar, 70	Jabalya RC/GAZA		Mar 18
37. Mustafa Froukh, 68	Shati RC/GAZA	TG at home/army refused transfer	Mar 18
38. Ola Omar Abu Sharifa, 4 m.	Shati RC/GAZA	TG in home 17th & 18th	Mar 21
39. Hussein Fares Iqmeil, 70	Qabatya/JENIN	Teargassed same day	Mar 21
40. Nabila Ali Yajizi, 30	Sheikh Radwan/GAZA	Teargassed 24 Mar	Mar 26
41. Shirin Ali Maniarawi, 1 mo.	Rafah RC/GAZA	Teargassed 28 Mar	Mar 29
42. Hamid Abdallah Asmadi, 20 d.	Qabatya/JENIN	Died in Jenin hosp. 2 weeks after teargassed (21 Mar)	Apr 2
43. Rajab Ahmad Slaibi, 75	Shati RC/GAZA	Teargassed in home	Apr 4
44. Subhiyeh Rashid Mankush, 60	Shati RC/GAZA	Teargassed in demo; suffered from a heart disease	Apr 9
45. Hassan Mahmud Qaud, 22	Shati RC/GAZA	TG/heliocopter, by house died in hosp. 5 hrs later	Apr 12
46. Wadfa Faraj Allah, 70	Jabalya RC/GAZA	Teargassed in her house	Apr 13
47. Jamal Hussein Alqam, 3 days	Shu'fat RC/JERUSALEM	Teargassed in home	Apr 17
48. Farid Tawfiq Amarneh, 11	Yaabad/JENIN	Teargas caused nerve paralysis	Apr 17
49. Ismail Abu Sheikh, 50	Qalqilya/TULKARM	TG at home; had cancer	Apr 20
50. Naima Moh'd 'Adi, 55	Beit Ummar/KHALIL	Teargassed in home 23 Apr	Apr 24
51. Moh'd Atyan Hamad, 28	Silwad/RAMALLAH	Died in Kfur Yuna Prison from TG	Apr 23
52. Moh'd Samhan AbdulQader Samhan, 52	RasKarkar/RAMALLAH		Apr 24
53. Khaled Hasan Najar, 55	Shati RC/GAZA	TG in house; died in Shifa Hosp. Official autopsy showed no sign of "poison;" official cause of death = heart attack, but reeked of teargas at hospital	May 4
54. Dina Munir aSawafri, 3	Zaitoun/GAZA	Taken to Ahli Hosp.	May 27
55. Abdallah Khaled Mubarak Khalaf, 28	Ezzariyeh/BETHLEHEM	Died in Maqassad hosp. one month after heart attack when hit by TG cannister & inhaled large amt	Jun 8
56. Maisa Jaffal, 40 day	Dhahiriyeh/KHALIL	TG fell in room as her family visited in Dheishe RC	Jun 8
57. Khaled Sha'abelu, 35	Rafidiyeh/NABLUS	TGed in town; heart condition	Jun 30
58. Tawfiq Jaafer Malamha, 55	Qabatya/JENIN	TGed 27 Jun	Jun 30
59. Thaer Adnan Badr, 25 days	Jabalya RC/GAZA	TGed in home; died in Shifa	Jul 24
60. Ansar Moh'd Heju, 65	Shatti/GAZA	TGed early am; taken to Abu Kbir	Aug 16
61. Khalil Yusef Ba'alushi, 42	Jabalya/GAZA	Heart attack after TG	Aug 23
62. Ala' Abu Ful, 12	Shatti/GAZA	TGed 8/21	Aug 23
63. Moh'd Sharif al-Aza, 2 years	Qadoura/RAMALLAH	TGed	Sep 7

Dauðsföll við grunsamlegar aðstæður eða vegna óbeinnar ábyrgðar yfirvalda.

Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
1. Issam Hamoudi, 29	Jabalya RC/GAZA	S	Crushed by army semi-truck	Dec 8
2. Taleb Abu Zeid, 46	Mghazi RC/GAZA	S	" " "	Dec 8
3. Kamaal Hamoudi, 23	Jabalya RC/GAZA	S	" " "	Dec 8
4. Shaaban Nabhan, 26	Jabalya RC/GAZA	S	" " "	Dec 8
5. Abdallah Abdul Nabi, 70	Old Askar RC/NABLUS	M	Argued with soldiers on his roof, fell down stairs & suffered heart attack	Dec 25
6. Nabil Abu Orti, 25	Shati RC/GAZA	?	Body found on beach; may have drowned, but not season for swimming	Feb 20
7. Atef Fayad, 30	Khan Yunis/GAZA	?	Said to have died from explosion while preparing bomb	Feb 23
6. Salah alAtaar, 22	Rafah RC/GAZA	?	" " on 14 Mar	Mar 15

Nafn, aldur	Heimili		Aðstæður	Dags.
7. Abdul Nasser Abu Shamaleh, 22	Deir Balah/GAZA	S	Hit by private truck	Mar 27
8. Nawaf Abu Shamaleh, 24	Deir Balah/GAZA	S	" "	Mar 27
9. Abdul Wahab Abu Shamaleh, 25	Deir Balah/GAZA	S	" "	Mar 27
10. Nu'am Ibrahim Abed, 26	Deir Balah/GAZA	S	" "	Mar 27
11. Salah Khader Damuni, 60	Qabatya/JENIN	M	Forced by army to move large stones; taken to Jenin Hosp.; died 2 days later (in siege)	Mar ?
12. Ma'mun Jarad, 16	TULKARM	?	Apparently fell while hanging flag on wire; may have been shot at; no village witness	Apr 3
13. Ibrahim Mahmud Rai Zeid, 28	Qalqilya/TULKARM	M	Died in Ramleh Prison after 8 Mos. in solitary; signs of beating on body;under invest.	Apr 11
14. Badriyeh Sader Shahin, 55 (wife of Khadon Abdul Haq)	NABLUS	M	Stopped in car to clear stones from road; intervened to prevent son's arrest; brain hemorrage	Apr 15
15. Hassan Abdu Buhi, 80	EinBeitalMa/NABLUS	?	Shot in legs, sitting in front of his house !!!!	May 2
16. Nidal Abu Shomar, 17	Beit Wazzan/NABLUS		Electrocuted hanging flag	May 2
17. Moh'd Saleh Qaadan, 35(son)	Deir Ghusoun/TULKARM	S	Burned in car; reported also shot	May 21
18. Shamseh Qaadan, 65(mother)	Deir Ghusoun/TULKARM	S	" " "	May 21
19. Majdi Abu Safaka, 12	TULKARM		Roadblock barrel fell on him	Jun 1
20. Rahi Moh'd alLahaliyeh, 41	Sa'ir/KHALIL		Car stoned at army roadblock near Dheishe RC; army may have forced him to use his car for their shield; heart attack	Jun 9
21. Ahmed Tawfiq Sh'alan, 12	Dheishe RC/BETHLEHEM		Bruised body found in well; he is deaf-mute	Jun 12
22. Khadera Abdallah Awwad, 21	Turmos Aya/RAMALLAH		Heart attack when heard Judah was killed; died after open heart surgery	Jun 26
23. Musa Omar, 45	Bouroqin/TULKARM		Settler car hit taxi, passengers say deliberately	Jul 16
24. Ma'azuz AbdulRahman Yamin,25	Jeet/TULKARM		Army says he took soldier's gun; family says they argued over i.d. check	Jul 17
25. Moh'd Said Khaled Kitaneh, 25	Nazlit Issa/TULKARM		Body found in well; family believes soldiers killed him	Jul 23
26. Ribhi Barakat Kaid, 61	Columbus, OHIO, USA		Had heart attack when forced soldiers forced his grandson to erase graffiti	Jul 30
27. Jalal Abu Khadijeh, 24	RAMALLAH		Burned in explosion home 8/3	Aug 4
28. Miryam Yacoub Khouri, 65	Abboud/RAMALLAH		Run over by mil jeep	Aug 26
29. Salah Mustafa Kasab, 22	Sheja'iya/GAZA		Hit by Israeli car 9/9	Sep 11
30. Inad Ahmad Mustafa Shalabi,43	Mazra'Sharqiyeh/RAMALLAH		Shot in house at night U.S. passport holder	Sep 23

M = occupation forces (military, police, border guards, security services, civil admin. officials)
S = settler acting in civilian capacity; C = collaborator; ? = unknown
! = Originally reported as a shooting death; confirmed that cause of death was blow by TG canniste.
!! = Soldier en route to duty convicted of manslaughter in this case, May 1988
!!! His mother served administrative detention order.
!!!! = On June 14, a charge sheet against some camp residents was submitted in Nablus military court, charging that the residents had accidently shot him in the head, then shot him in the legs to make it look soldiers shot him. Buhi was also known as a collaborator.
* = originally reported as shooting death, but medical report and field information indicates that the cause of death was the beating on the head; he was also shot in the leg.
** = 4 soldiers, including a doctor, imprisoned and to be charged in connection with his death.

Fylgiskjal X.

Bréf Félagsins Ísland-Palestína til alþingismanna.
(28. sept. 1988.)

Þótt efnahagsvandi þjóðarinnar sé mikill og alþingismenn séu að sjálfsögðu önnum kafnir við að finna lausn á þeim vandamálum, sem hrjá okkar litlu þjóð, megum við ekki gleyma skyldu okkar gagnvart bræðrum og systrum okkar sem búa við mun erfiðari aðstæður en við.

Íslendingar hafa nú sýnt Palestínuþjóðinni tómlæti í 41 ár eða frá því Síonistasamtök gyðinga fengu að stofna ríki í Palestínu og Palestínumenn urðu að landlausum flóttamönnum. Atkvæðagreiðslur íslenskra stjórnvalda um mál Palestínuþjóðarinnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eru talandi vitni um þetta tómlæti. Hve lengi eigum við Íslendingar að loka augunum fyrir tilveru þessarar þjóðar og fyrir því himinhrópandi misrétti sem hún hefur verið og er enn beitt á þessari stundu?

Palestínumenn leggja áherslu á að þeir vilja eiga góð samskipti við allar þjóðir og bíða þess, einmitt nú á örlagatímum, að Íslendingar svo og aðrar lýðræðisþjóðir veiti þeim marktækan stuðning svo þeir geti loks náð því sem Sameinuðu þjóðirnar ætluðu þeim árið 1947, m.a. réttinum til að lifa sem frjáls þjóð í sínu eigin landi.

Félagið Ísland-Palestína fer þess á leit við hvern og einn alþingismann að hann beiti sér persónulega fyrir því

- að ríkisstjórn Íslands styðji viðleitni Palestínuþjóðarinnar til að efna sjálfsákvörðunarrétt sinn í reynd, m.a. tilraunir Palestínumanna til að byggja upp eigin stjórnsýslu á herteknu svæðunum, efla eigin iðnað og landbúnað, byggja upp menntakerfi sitt og þróa frjáls viðskipti við útlönd,
- að Alþingi Íslendinga heiti því að Ísland muni viðurkenna sjálfstæðisyfirlýsingu Palestínuríkis á herteknu svæðunum við hlið Ísraelsríkis, ef slíkt kæmi fram, svo og viðurkenni bráðabirgðaríkisstjórn Palestínuþjóðarinnar sem er í burðarliðnum,
- að Ísland beiti sér með virkum hætti fyrir því að alþjóðleg friðarráðstefna um málefni Mið-Austurlanda með þátttöku allra deiluaðila, þar með talinna Ísraels og Frelsissamtaka Palestínumanna á jafnréttisgrundvelli, og með þátttöku fastafulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, verði haldin sem fyrst og að Ísland bjóðist til að hýsa þessa ráðstefnu.

Félagið okkar er hlynnt pólitískri og friðsamlegri lausn Palestínumálsins sem felur í sér sambúð beggja þjóðanna, sem búa í Landinu helga, annaðhvort í tveim aðskildum ríkjum eða í einu ríki eftir því sem deiluaðilunum semur um. Við styðjum heilshugar viðleitni aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Pérez de Cuellar, um að finna viðunandi og réttlátar lausnir á deilu Ísraela og Palestínumanna. Við væntum þess að varanlegur friður og gagnkvæm viðurkenning Ísraela og Palestínumanna verði helsti árangur alþjóðlegrar friðarráðstefnu um Austurlönd nær sem stefnt er að. Það er þó brýnt að lýðræðisþjóðirnar leggi hart að stjórn Ísraelsríkis að hún virði alþjóðalög, mannréttindi og velji leið skynseminnar meðan Palestínumenn rétta fram sáttahönd.

Við vonum að geta treyst á að þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi Íslendinga geti tekið höndum saman um að styðja baráttu Palestínuþjóðarinnar fyrir réttlæti, frelsi og friði. Slíkt er frumforsenda fyrir farsælli þróun í Austurlöndum nær, ekki síst fyrir Ísraelsmenn sjálfa.

Virðingarfyllst,
Elías Davíðsson
f.h. stjórnar Félagsins Ísland-Palestína.

Ed. 106. Frumvarp til lánsfjárlaga [103. mál]

fyrir árið 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4.700.000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1989.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1989 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 144.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 14.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 34.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 24.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 24.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 550.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 85.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

9. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna nýrrar ferju.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilit fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–9. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 38.830 þús. kr. á árinu 1989 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1989.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 25.000 þús. kr. á árinu 1989.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1989.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1989.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28.000 þús. kr. á árinu 1989.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1989.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 11.000 þús. kr. á árinu 1989.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1989 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 277.000 þús. kr. á árinu 1989.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skal einungis 120.000 þús. kr. af brúttótekjum Ríkisútvarpsins á árinu 1989 renna til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 8.000 þús. kr. á árinu 1989.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 600.000 þús. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi vera hærra en 15.000 þús. kr. á árinu 1989.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1989 eigi nema hærri fjárhæð en 1.275.000 þús. kr.

III. KAFLI

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

32. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

33. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

34. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

35. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 3.400.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1988 og greiða upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1987.

36. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 600.000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988 umfram það sem kveðið er á um í 1. gr. lánsfjárlaga 1988.

37. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300.000 þús. kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. allt að 129.000 þús. kr.

38. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 280.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána atvinnufyrirtækjum til fjárhagslegrar endurskipulagningar allt að 200.000 þús. kr. og refafóðurstöðvum allt að 80.000 þús. kr.

39. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1989. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1990 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 eru heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja áætlaðar um 30.085 m.kr. samanborið við 21.484 m.kr. í lánsfjárlögum 1988, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988. Ráðgert er að afla 15.620 m.kr. innan lands á árinu 1989 og 14.465 m.kr. með erlendum lánum. Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar 17.160 m.kr. á árinu 1989, þar af eru afborganir 7.910 m.kr. og vextir 9.250 m.kr. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því 6.555 m.kr.

Innlend lánsfjáröflun. Af innlendum lántökum eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða veigamest eða um 9,4 milljarðar króna. Fjáröflun með sölu spariskírteina er áætluð 5,1 milljarður króna og önnur innlend lántaka er áætluð 1,5 milljarðar króna. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun er um 52% samanborið við 56% í lánsfjárlögum 1988. Það hlutfall verður í reynd verulega lægra eða um 42% þar sem erlendar lántökur árið 1988 fara allnokkuð fram úr forsendum lánsfjárlaga 1988. Eftirfarandi yfirlit sýnir innlendu lánsfjáröflunina samkvæmt lánsfjárlögum 1988 og frumvarpi 1989. Jafnframt eru sýndar horfur um útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

Innlend fjáröflun opinberra aðila og sjóða 1988 og 1989.

	Lánsfjár-lög 1988	Áætluð útkoma 1988	Frumvarp 1989
Sala spariskírteina ríkissjóðs	3.000	4.860	4.700
Bein sala ríkissjóðs	–	1.890	–
Skv. samkomulagi við bankakerfi	–	2.970	4.700
Verðbréfakaup bankakerfis	**1.540**	**280**	**–**
Af ríkissjóði	1.260	–	–
Af Framkvæmdasjóði	280	280	–
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	**6.170**	**...**	**9.395**
Af húsbyggingarsjóðum	6.110	6.110	9.295
Af fjárfestingarlánasjóðum	60	...	100
Önnur innlend fjáröflun	**1.500**	**...**	**1.525**
Innlend lánsfjáröflun, alls	**12.210**	**...**	**15.620**
Umsamin fjáröflun	**6.110**	**9.080**	**9.295**
Óumsamin fjáröflun	**6.100**	**...**	**6.325**
Innlausn spariskírteina	**2.755**	**3.400**	**4.100**
	3.345	**...**	**2.225**

Áform um innlenda lánsfjáröflun á árinu 1989 eru 3.410 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988 eða um 28%. Að teknu tilliti til verðbreytinga er aukningin á milli ára um 14%. Mest er hækkunin í umsömdum kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum eða 52%. Óumsamin innlend lánsfjáröflun á árinu 1989 nemur því 6.325 m.kr. Er það aðeins hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1988. Af þeirri fjárhæð er stærstur hlutinn áformuð sala á spariskírteinum ríkissjóðs eða 4.700 m.kr. Önnur óumsamin lánsfjáröflun á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 1989 nemur 1.525 m.kr. sem er 1.515 m.kr. lægri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1988.

Sala spariskírteina. Gert er ráð fyrir sölu spariskírteina á árinu 1988 að fjárhæð 4.860 m.kr. og er það 1.860 m.kr. hærri fjárhæð en áformað var í lánsfjárlögum. Skýring á sölu umfram áform er samningur sem gerður var við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði í ágústmánuði sl. um að þessir aðilar ábyrgðust sölu spariskírteina fyrir 2.970 m.kr. Samningurinn markar tímamót varðandi fyrirkomulag þeirra mála.

Eins og áður var getið er áformað að selja spariskírteini fyrir 4.700 m.kr. á árinu 1989. Sölu spariskírteina verður ávallt að skoða í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í nýjum bréfum. Innlausn eldri skírteina er áætluð 4.100 m.kr. á árinu 1989 og nemur hrein fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina því einungis 600 m.kr., saman borið við 1.460 m.kr. á árinu 1988. Þessi mikla lækkun á hreinni fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina endurspeglar mikla lækkun á heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs og á að stuðla að lækkun vaxta. Leitað verður áframhaldandi samninga við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um fyrirkomulag á sölu spariskírteina á árinu 1989.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1989 er 16,9 milljarðar króna samanborið við 12,7 milljarða króna á árinu 1988. Aukningin á milli ára, sem er um 33%, skýrist einkum af vaxandi hlutdeild verðtryggingar í eignum sjóðanna, hækkandi raunvöxtum og breiðari iðgjaldastofni. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu, 9,3 milljörðum króna, til kaupa á skuldabréfum húsbyggingarsjóðanna. Þá eru verðbréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð 100 m.kr.

Önnur innlend fjáröflun. Ráðgert er að afla alls 1.525 m.kr. með öðrum hætti á innlendum lánsfjármarkaði á árinu 1989. Er það 1.515 m.kr. lægri fjárhæð en lánsfjáráætlun 1988 gerir ráð fyrir. Ekki er sett fram nákvæm áætlun um hvaðan eigi að afla þess fjármagns en benda má meðal annars á verulega aukið óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Erlend lán. Í lánsfjáráætlun 1988, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 10/1988, um aðgerðir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, voru erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs áætlaðar 9.274 m.kr. á árinu 1988. Niðurstaðan virðist hins vegar ætla að verða sú að innstreymi erlends lánsfjár verði mun meira en áformað var eða um 18.020 m.kr. Hafa ber í huga að meðalgengi gjaldmiðla hefur breyst um 22% innan ársins en í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir óbreyttu gengi. Auk þess má skýra þetta aukna innstreymi með þrennum hætti. Í fyrsta lagi má ætla að lántökur atvinnufyrirtækja með milligöngu viðskiptabanka verði um 3.400 m.kr. umfram það sem ráðgert var í lánsfjáráætlun. Að stærstum hluta eru það lán út á heimildir viðskiptaráðuneytisins til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja. Í öðru lagi stefna erlendar lántökur opinberra fjárfestingarlánasjóða í að verða um 1.500 m.kr. umfram lánsfjáráætlun. Stærstur hluti þessa var endurlánaður atvinnufyrirtækjum og um helmingur þess eru heimildir sem fyrrverandi ríkisstjórn veitti Framkvæmdasjóði Íslands og Byggðastofnun á fyrri hluta ársins fyrir erlendum lántökum sem nota átti til að endurlána fyrirtækjum. Í þriðja lagi er það væntanleg lántaka ríkissjóðs að fjárhæð 3.400 m.kr. til að fjármagna greiðsluhalla á árinu 1988 og skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 6.880 m.kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því um 11.120 m.kr. Er það um 4,4% af áætlaðri landsframleiðslu 1988.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd verði 12.400 m.kr. sem er um 4,5% af áætlaðri landsframleiðslu 1989. Í ár er reiknað með að viðskiptahallinn verði 11.600 m.kr. eða um 4,6% af landsframleiðslu ársins. Erlendar lántökur á árinu 1989 eru áætlaðar 14.465 m.kr. og afborganir 7.910 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 3.300 m.kr., þannig að innstreymi erlends fjár er áætlað 9.855 m.kr. Því vantar um 2.545 m.kr. upp á fjármögnun viðskiptahallans á árinu 1989 og versnar gjaldeyrisstaðan sem því nemur. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að útlit er fyrir að gjaldeyrisstaðan batni um tvo milljarða króna á árinu 1988 vegna mikilla erlendra lántaka, og því er borð fyrir báru hvað hana varðar. Þetta kemur meðal annars fram í fylgiskjali III sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1987 til samanburðar við áætlun 1988 og 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1989 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1988 og nýrri spá um ráðstöfun innkominna lána á árinu 1988 í milljónum króna:

Erlendar lántökur 1988 og 1989.

	Láns-fjárlög 1988[1])	Horfur 1988	Lánsfjár-áætlun 1989
1. Opinberir aðilar	**1.849**	**5.755**	**1.535**
Ríkissjóður A-hluti	905	4.622	
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	888	1.100
Sveitarfélög	394	245	435
2. Opinberir lánasjóðir	**1.625**	**3.100**	**4.550**
3. Atvinnufyrirtæki	**5.580**	**9.165**	**8.380**
Atvinnufyrirtæki	5.000	8.330	7.880
Fjármögnunarleigur	800	835	500
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**9.274**	**18.020**	**14.465**

[1]) Með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1988. Á sama tíma dregst landsframleiðsla saman um eitt prósent. Þrátt fyrir þetta hækkar hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu aðeins um 1,5 prósentustig eða úr 40,6% 1987 í 42,1% á árinu 1988. Lítil hækkun hlutfallsins milli ára skýrist af hækkandi raungengi íslensku krónunnar á yfirstandandi ári. Forsendur lánsfjáráætlunar 1989 gera ráð fyrir 7% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og 5,3% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1989 er áætlað 44% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 1,6% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs, en á móti vegur nokkur hækkun raungengis íslensku krónunnar.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins námu 41,3% af vergri landsframleiðslu á árinu 1987 og eru taldar verða um 43,1% í árslok 1988. Forsendur áætlunarinnar fyrir árið 1989 gera ráð fyrir að þetta hlutfall hækki verulega á árinu 1989 og nemi 47,7% af vergri landsframleiðslu. Er það mun óhagstæðari þróun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikin skýrast af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Í fylgiskjali IV er yfirlit um stöðu þjóðarbúsins út á við á árunum 1979–1989.

Þá er í fylgiskjali V sýnd greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu á árunum 1979–1989. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16,5% útflutningstekna á árinu 1988 og aukist í 18% á árinu 1989. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980 til 1984, lækkuðu síðan og eru nú áætlaðir um 7,7% á árinu 1988 og 8% á árinu 1989. Vaxtabyrði erlendra lána er áætluð um 8,6% af útflutningstekjum á árinu 1988 og um 9,7% á árinu 1989.

Stjórn peningamála. Gengisfesta, jöfnuður í rekstri ríkissjóðs og aðhald að erlendum lántökum var kjarninn í efnahagsstefnunni sem lögð var til grundvallar lánsfjáráætlun ársins 1988. Gert var ráð fyrir mikilli innlendri fjáröflun ríkissjóðs og þótti sýnt að raunvextir yrðu tiltölulega háir um sinn. Þessi stefna fól í sér verulegt aðhald að peningaframboði.

Aðhald að erlendum lánum reyndist hins vegar mun minna en áformað var og hefur framvinda peningamála borið með sér þenslumerki af þeim ástæðum. Á seinni hluta yfirstandandi árs má þó greina að loks hafi dregið úr þeirri þenslu sem einkennt hefur efnahagslíf þjóðarinnar síðustu ár.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði frá 1985 svo og lög um Seðlabanka frá 1986 gera ráð fyrir að innlánsstofnanir hafi ákveðið lausafé í sjóði og öðrum skammtímaeignum. Seðlabankinn setur reglur um hvert hlutfall lausafjáreignar skuli vera af heildareignum hverrar innlánsstofnunar. Auk þess leggur hann ákveðnar kvaðir á innlánsstofnanir um að eigin skuldir erlendis fari ekki fram úr gjaldeyriseignum. Aðgerðir í peningamálum á fyrri hluta árs 1988 miðuðu að því að styrkja það aðhald sem reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana og gjaldeyrisjöfnuð veita. Á miðju ári var gerð breyting á skilgreiningu lausafjárhlutfalls sem hafði í för með nokkra þyngingu á lausafjárreglunum. Í ágúst var hins vegar bindiskyldan lækkuð úr 13% í 12% og lausafjárhlutfall hækkað úr 8% í 9%. Var þetta gert til að greiða fyrir samkomulagi ríkissjóðs og banka og sparisjóða um sölu spariskírteina. Samkomulagið heimilaði bönkum og sparisjóðum að telja helming spariskírteinaeignar til lauss fjár.

Helstu einkenni þróunar peningamála á árinu 1988 er mikil aukning útlána bæði af innlendum og erlendum uppruna. Þannig er áætlað að innlendir liðir aukist um 39% á árinu og erlend lán til endurlána aukist um 53%. Hluti af þessum vexti er endurmat vegna verðlags- og gengisbreytinga en ætla má að verðlag og gengi hafi breyst um 20–22% innan ársins. Þessi mikla lánsfjáreftirspurn virðist eiga sér tvær rætur. Annars vegar í rekstrarhalla og fjármögnunarvanda atvinnuveganna og hins vegar í tekjuhalla ríkissjóðs.

Horfur fyrir 1989 mótast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er áfram gert ráð fyrir verulegum viðskiptahalla og í öðru lagi er stefnt að samdrætti í erlendum lántökum. Í þriðja lagi er áætlað að peningamagn og sparifé vaxi um 14% frá ársbyrjun til ársloka og er þá miðað við niðurstöður þjóðhagsáætlunar um landsframleiðslu (-1,6%) og verðlag (6%) og reiknað með að raunvextir innlána verði jákvæðir um 2%. Er það mun minni vöxtur en 1988 og þýðir að peningastærðir laga sig að samdrætti í innlendri eftirspurn og lægri verðbólgu. Við þessar aðstæður mun gjaldeyrisstaða Seðlabankans rýrna og þrengja að ráðstöfunarfé innlánsstofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 4.700 m.kr. á árinu 1988 og er stefnt að því að afla þess fjármagns innan lands með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Leitað verður eftir samningi við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um að þessir aðilar ábyrgist og annist sölu á spariskírteinum ríkissjóðs líkt og samið var um við þá í ágústmánuði sl. Ekki er gert ráð fyrir neinni erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu 1989 en afborganir erlendra lána eru áætlaðar 1.525 m.kr.

Ráðgert er að af lánsfé ríkissjóðs verði veitt lán til B-hluta fyrirtækja og sjóða að fjárhæð 1.265 m.kr. Lán þessi eru 915 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 350 m.kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að ljúka framkvæmdum þar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaáform Landsvirkjunar fyrir næsta ár dreifist á 20 mánaða tímabil. Í stað áforma um fjárhæð að upphæð 1.950 m.kr. verða framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu 1989 samtals fyrir um 1.420 m.kr. Fjárfestingin skiptist þannig að um 900 m.kr. renna til Blönduvirkjunar og um 520 m.kr. til annarra framkvæmda, svo sem til að ljúka við byggingu stjórnstöðvar og uppsetningar á kerfisráði. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1989 eru um 250 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma. Miðað við að Blönduvirkjun verði gangsett á árinu 1991 áætlar Landsvirkjun framkvæmdakostnað vegna Blöndu um 2.500 m.kr. á árinu 1990 og um 1.800 m.kr. á árinu 1991 á núverandi verðlagi.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar með 1.000 m.kr. erlendri lántöku, en það sem upp á vantar með fé úr rekstri, skuldbreytingu og innlendri lánsfjáröflun. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð 1.235 m.kr., þar af eru 1.190 m.kr. af erlendum lánum og um 45 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.885 m.kr. á árinu 1989, þar af eru 1.785 m.kr. til útlanda og 100 m.kr. til ríkissjóðs.

Hér er ekki áætlað fyrir neinni fjármögnun vegna hugsanlegrar stóriðju enda liggur engin niðurstaða fyrir í því efni.

Um 4. gr.

Þróunarfélagi Íslands er heimiluð 100 m.kr. erlend lántaka. Áætlunin miðast við að félagið hafi til ráðstöfunar 170 m.kr. á árinu og að óráðstafaður sjóður nemi um 75 m.kr. í árslok 1989.

Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreinda heimild verður búið að nýta 415 m.kr. af þeirri heimild í árslok 1989.

Um 5. gr.

Sú stefna er mörkuð í frumvarpi til fjárlaga og lánsfjárlaga 1989 að ekki skuli veita ríkisábyrgðir fyrir nýjum fjárfestingarlánum til hitaveitna. Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en sem nemur afskriftartíma mannvirkjanna. Af þeirri ástæðu hafa margar þeirra lent í miklum erfiðleikum bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleikum í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt á erfiðleikum margra af þessum veitum með því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum til lengri tíma með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll þeirra til frambúðar.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1989 að fjárhæð 3 milljónir bandaríska dala eða um 144 m.kr. er vegna afborgana af eldra erlendu láni.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er heimiluð 15 m.kr. lántaka á árinu 1989 vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi lánum. Heildarlánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 42 m.kr. á árinu 1989, þar af eru afborganir um 30 m.kr. og vextir um 12 m.kr.

Hitaveita Eyrar. Veitunni er heimiluð 14 m.kr. lántaka á árinu 1989 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum.

Hitaveita Siglufjarðar. Veitunni er heimiluð 34 m.kr. lántaka á árinu 1989 til að standa straum af áhvílandi skuldum.

Fjarhitun Vestmannaeyja. Veitunni er heimiluð 24 m.kr. lántaka á árinu 1989 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum.

Annað. Þá eru áætlaðar á safnlið alls 24 m.kr. vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ætla má að einhverjar lántökubeiðnir sveitarfélaga komi á síðari stigum fram við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Um 6. gr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga 1989 er gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar á árinu 1989 samtals 1.530 m.kr. eða sem svarar til um 0,6% af áætlaðri þjóðarframleiðslu þess árs. Sú viðmiðun er hin sama og var í frumvarpi til lánsfjárlaga 1988 og er í samræmi við 16. gr. laga nr. 64/1985 um ráðstöfunarfé Byggðastofnunar. Eigið ráðstöfunarfé stofnunar er áætlað 580 m.kr. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1989 er 125 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 550 m.kr. og 275 m.kr. innan lands.

Í lánsfjárlögum 1988 og lánsfjáráætlun 1988 er heimild til Byggðastofnunar fyrir erlendri lántöku að fjárhæð 750 m.kr., þar af 200 m.kr. vegna innlendrar skipasmíði. Að auki hafði stofnunin heimild til 200 m.kr. innlendrar lántöku.

Um 7. gr.

Í framhaldi af setningu bráðabirgðalaga hinn 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, heimilaði þáverandi ríkisstjórn Framkvæmdasjóði Íslands að taka erlent lán að fjárhæð allt að 300 m.kr. á árinu 1988 og allt að 500 m.kr. á árinu 1989 og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi.

Um 8. gr.

Áætlað er að ljúka smíði ferju fyrir Flóabátinn Baldur hf. á næsta ári. Til að standa skil á greiðslum til verktakans þarf fyrirtækið að afla lánsfjár að fjárhæð 85 m.kr. á næsta ári.

Um 9. gr.

Í lánsfjárlögum 1988 er heimild fyrir Herjólf hf. í Vestmannaeyjum til að taka erlent lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 m.kr. Sú heimild hefur enn ekki verið nýtt þar sem ákvarðanir um nýja ferju hafa enn ekki verið teknar. Heimildin er því tekin upp að nýju í frumvarpi að lánsfjárlögum 1989 með sömu skilyrðum og á síðasta ári, þ.e. að heimildin sé háð samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11.–29. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989, um skerðingu lögboðinna framlaga, er með þessu frumvarpi mælt fyrir breytingum ákvæða viðkomandi laga. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem eru bundin í sérlögum.

Um 15. gr.

Í áætlun vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins af álögðu iðnlánasjóðsgjaldi verði um 160 m.kr. á árinu 1989. Jafnframt gerir deildin ráð fyrir að veitt lán og styrkir nemi alls um 135 m.kr.

Um 26. gr.

Vegna stöðu ríkissjóðs hefur verið ákveðið að á næsta ári renni af sérstakri hækkun bensíngjalds og þungaskatts allt að 600 m.kr. í ríkissjóð. Batni afkoma ríkissjóðs á árinu umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 1989 verður tekið tillit til þess þannig að minna af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renni í ríkissjóð og meira fari til vegamála.

Um 29. gr.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber samkvæmt lögum hluti af tekjum af söluskatti og aðflutningsgjöldum. Um nokkurra ára skeið hefur framlag þetta verið ákveðið sem föst fjárhæð í fjárlögum ár hvert í stað þess að láta það fylgja þessum tekjustofnum. Vegna breytinga á þessum stofni söluskatts og aðflutningsgjalda er fyrri viðmiðun í þessu efni ekki nothæf.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við það miðað að frumvarp um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga yrði samþykkt. Hins vegar var í byrjun árs 1988 ákveðið að fresta málinu og með lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, var framlag í Jöfnunarsjóð lækkað í 1.142 m.kr. Í þessu frumvarpi er að svo komnu máli miðað við að fjárhæð þessi verði 1.275 m.kr. á árinu 1989. Sú ákvörðun kemur til endurskoðunar við afgreiðslu frumvarps um tekjustofna sveitarfélaga og breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 30. gr.

Þessi grein miðar að því að heimila ríkissjóði að nýta hagstæð kjör á erlendum lánamörkuðum, þegar þau bjóðast, til að greiða upp eftirstöðvar erlendra lána fyrir lok lánstíma þeirra.

Jafnframt kemur fram í þessari grein ákvæði sem varðar heimild til að nýta þann sveigjanleika sem veltilána- og skammtímalánasamningar (Euro Commercial Paper) bjóða upp á, þ.e. að haga notkuninni í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og þarfir tengdar lánsfjáráætlun og framkvæmd annarra lánssamninga.

Árið 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina ríkissjóðs að í þeim var ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrsti flokkur þessara skírteina varð innleysanlegur frá og með árinu 1987.

Um 31. gr.

Þessi grein felur í sér heimild fyrir ríkissjóð til að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skulda- og vaxtaskipti. Viðskipti af þessu tagi hafa mjög færst í vöxt á allra síðustu árum enda getur það í mörgum tilfellum reynst heppilegt fyrir skuldara að breyta samsetningu skulda sinna, bæði hvað snertir gjaldmiðla og vaxtakjör.

Um 32. gr.

Þessi grein heimilar Landsvirkjun að skuldbreyta erlendum lánum sínum í því augnamiði að tengja betur endurgreiðslur af lánum líftíma raforkumannvirkja fyrirtækisins og að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skulda- og vaxtaskipti. Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægjanlega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á tiltölulega fáum árum. Sérstaklega hefur þetta komið hart niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma.

Um 33. og 34. gr.

Um er að ræða sams konar heimildir fyrir Framkvæmdasjóð Íslands og Byggðastofnun og kveður á um í 30. gr. fyrir Landsvirkjun.

Um 35. gr.

Fjárlög 1988 gerðu ráð fyrir tekjujöfnuði. Síðari breytingar, sem fólust í lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, gerðu einnig ráð fyrir að jöfnuður næðist í ríkisfjármálum. Af ýmsum ástæðum, sem tíundaðar eru í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1989, hafa útgjöld A-hluta ríkissjóðs vaxið allnokkuð umfram það sem áðurnefnd lög gerðu ráð fyrir án þess að tekjur hafi hækkað að sama skapi. Stefnir nú í tekjuhalla á árinu 1988 sem nemur um a.m.k. 3.000 m.kr. Þessi munur hefur verið fjármagnaður innan ársins með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands og er áætlað að greiðsluhalli ríkissjóðs í árslok verði um 2.600 m.kr. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, skal yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann greidd upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs. Ríkissjóður á einnig óuppgerða skammtímaskuld við Seðlabankann frá fyrra ári að fjárhæð um 800 m.kr. sem ráðgert var að greiða á þessu ári þegar ýmis B-hluta fyrirtæki endurgreiddu yfirdrátt sinn hjá ríkissjóði. Lítið sem ekkert af þeim yfirdrætti kemur í ríkissjóð á þessu ári.

Með þessari grein er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra að taka erlent lán að fjárhæð 3.400 m.kr. til að greiða áðurnefndar skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1988.

Um 36. gr.

Í lánsfjárlögum 1988 er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka allt að 4.260 m.kr. lán innan lands. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að afla 3.000 m.kr. með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og 1.200 m.kr. með sölu verðbréfa til bankakerfisins. Um mitt ár var ljóst að erfiðlega mundi ganga að semja við innlánsstofnanir um kaup á verðbréfum. Í þess stað lögðu þær fram tillögur um að taka alfarið að sér sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Í ágústmánuði var gengið frá samningi við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um að ábyrgjast sölu spariskírteina fyrir 2.970 m.kr. Fyrr á árinu var búið að selja spariskírteini fyrir 1.890 m.kr. Fjáröflun ríkissjóðs með sölu spariskírteina verður því 4.860 m.kr. á árinu 1988 eða 600 m.kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988.

Um 37. og 38. gr.

Í framhaldi af setningu bráðabirgðalaga 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, heimilaði ríkisstjórnin framkvæmdasjóði Íslands að taka erlent lán að fjárhæð allt að 300 m.kr. og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi og Byggðastofnun að taka erlent lán að fjárhæð allt að 280 m.kr. og endurlána refafóðurstöðvum allt að 80 m.kr. og atvinnufyrirtækjum til fjárhagslegrar endurskipulagningar allt að 200 m.kr.

Enn fremur veitti ríkisstjórnin 21. mars 1988 Framkvæmdasjóði heimild til að annast milligöngu um 129 m.kr. lán til hluthafa Arnarflugs hf. til að standa skil á hlutafjárloforðum.

Um 39. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1989. (m.kr.)

	Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I	**Opinberir aðilar**	**4.700**	**–**	**200**	**4.900**	**1.535**	**6.435**
	Ríkissjóður, A-hluti	4.700	–	–	4.700	–	4.700
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj.	–	–	200	200	1.100	1.300
	Sveitarfélög	–	–	–	–	435	435
II	**Opinberar lánastofnanir**	**–**	**9.395**	**1.075**	**10.470**	**4.400**	**14.870**
	Byggingarsjóður ríkisins	–	7.225	–	7.225	–	7.225
	Byggingarsjóður verkamanna	–	2.070	–	2.070	–	2.070
	Framkvæmdasjóður	–	–	–	–	500	500
	Byggðastofnun	–	–	275	275	550	825
	Atvinnutryggingarsjóður	–	–	–	–	1.000	1.000
	Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	–	–	100	100	750	850
	Fiskveiðasjóður v/útlána	–	–	200	200	400	600
	Iðnlánasjóður	–	–	350	350	350	700
	Iðnþróunarsjóður	–	–	150	150	150	300
	Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	–	–	–	–	800	800
	Stofnlánadeild landbúnaðarins	–	100	–	100	–	100
	Útflutningslánasjóður	–	–	–	–	50	50
III	**Atvinnufyrirtæki**	**–**	**–**	**250**	**250**	**8.380**	**8.630**
	Atvinnufyrirtæki	–	–	–	–	7.880	7.880
	þ.a. Flóabáturinn Baldur hf.	–	–	–	–	85	85
	þ.a. Herjólfur hf.	–	–	–	–	100	100
	Fjármögnunarleigur	–	–	250	250	500	750
	Heildarlántökur (I+II+III)	**4.700**	**9.395**	**1.275**	**15.620**	**14.465**	**30.085**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988 og 1989.

	Láns-fjárlög 1988	Endurskoðuð áætlun 1988	Lánsfjár-áætlun 1989
1. Ríkissjóður, A-hluti	**5.165**	**9.542**	**4.700**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.855	1.855	1.265
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	690	915
RARIK, almennar framkvæmdir	185	185	–
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	160	160	–
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	820	820	350
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	–	12	–
Hitaveita Egilsstaða og Fella	–	7	–
Fjarhitun Vestmannaeyja	–	5	–
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	745	1.050	–
Raðsmíðaskip	565	730	–
Sæberg hf. Ólafsfirði, Mánaberg	180	220	–
Flóabáturinn Baldur hf.	–	100	–
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**550**	**888**	**1.300**
Landsvirkjun	525	743	1.200
Þróunarfélag Íslands hf.	25	145	100
3. Sveitarfélög	**394**	**246**	**435**
Hitaveita Akureyrar	120	140	144
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	–	14
Hitaveita Siglufjarðar	20	20	34
Hitaveita Eyrar	10	10	15
Hitaveita Rangæinga	11	11	–
Hitaveita Suðurnesja	150	–	180[1])
Fjarhitun Vestmannaeyja	45	40	24
Annað	30	25	24
4. Ráðstöfun (1+ +4) = Fjáröflun (6+7)	**6.109**	**10.676**	**6.435**
5. Innlend fjáröflun	**4.260**	**4.920**	**4.900**
Útgáfa spariskírteina	3.000	4.860	4.700
Verðbréfakaup bankakerfis	1.260	–	–
Önnur innlend fjáröflun	–	60	200
6. Erlendar lántökur	**1.849**	**5.756**	**1.535**
Ríkissjóður, A-hluti	905	4.622	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	888	1.100
Sveitarfélög	394	246	435

1) Lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 verður notuð árið 1989.

Fylgiskjal III.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1987–1989.
(Meðalgengi hvers árs í m.kr.)

	1987	Áætlun 1988	Áætlun 1989
Vöruskiptajöfnuður	**–1 967**	**–5 000**	**–5 500**
Útfluttar vörur, alls	53 053	61 700	66 100
Innfluttar vörur, alls	–55 020	–66 700	–71 600
Sérstakur vöruinnflutningur	–5 944	–8 700	–9 300
Skip og flugvélar	–3 268	–5 500	–5 700
Aðrar fjárfestingarvörur	–100	–100	...
Rekstrarvörur	–2 576	–3 100	...
Almennur innflutningur	–49 076	–58 000	–62 300
Olía	–3 724	–4 000	–4 300
Annað	–45 352	–54 000	–58 000
Þjónustujöfnuður	**–5 266**	**–6 600**	**–6 900**
Útflutt þjónusta (án vaxta)	20 598	24 400	27 900
Innflutt þjónusta (án vaxta)	–19 651	–23 000	–24 800
Vaxtajöfnuður o.fl.	–6 213	–8 000	–10 000
Viðskiptajöfnuður	**–7 233**	**–11 600**	**–12 400**
í % af VLF	–3,5	–4,6	–4,5
í % af VÞF	–3,6	–4,7	–4,7
Framlög án endurgjalds	**–24**	...	...
Fjármagnsjöfnuður[1]	**9 471**	**13 600**	**9 855**
Erlent einkafjármagn	69	...	...
Langar lántökur, nettó	6 740	11 140	6 555
Innkomin löng lán, alls	12 465	18 020	14 465
Afborganir	–5 725	–6 880	–7 910
Aðrar fjármagnshreyfingar[1]	–157	2 460	3 300
Heildargreiðslujöfnuður	**–605**	**2 000**	**–2 545**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

1) Skekkjur meðtaldar
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal IV.

Staða þjóðarbúsins út á við 1979–1989.
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs.)

	Löng erlend lán	Stutt vörukaupa-lán o.fl.	Greiddur útflutn-ingur	Gjald-eyris-staða	Nettó-staða við útlönd	Verg lands-framleiðsla	Staða í % af VLF (%)	
							Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1979	-2.930	-396	244	361	-2.721	9.439	31,0	28,8
1980	-4.623	-718	403	705	-4.233	15.493	29,8	27,3
1981	-7.521	-1.117	638	1.451	-6.549	24.402	30,8	26,8
1982	-14.904	-2.172	953	1.101	-15.022	38.281	38,9	39,2
1983	-32.127	-4.346	3.052	2.280	-31.141	66.093	48,6	47,1
1984	-42.559	-6.743	4.069	1.763	-43.470	88.125	48,3	49,3
1985	-60.857	-13.478	4.139	7.297	-62.899	119.910	50,8	52,5
1986	-75.082	-12.559	4.619	11.266	-71.756	158.907	47,2	45,2
1987	-83.794	-17.485	5.524	10.420	-85.335	206.582	40,6	41,3
1988[1]	-106.500	...	...	...	-109.000	253.100	42,1	43,1
1989[2]	-121.210	...	...	...	-131.000	274.800	44,1	47,7

1) Ný áætlun.
2) Lánsfjáráætlun 1989.
Heimild: Selabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Greiðslubyrði erlendra lána 1979–1989.
(Meðalgengi hvers árs.)

Í m.kr.	Löng erlend lán			Nettó-vaxta-greiðslur	Útflutn-ings-tekjur	Greiðslubyrði í % af útflutningstekjum				
	Afborgun	Vextir	Samtals			Afborganir (1:5)	Vextir (2:5)	Samtals (3:5)	Nettó (4:5)	Alls (1+4:5)
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1979	246	252	498	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	440	819	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 674	2 974	5 648	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 278	4 177	8 455	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4 456	5 259	9 715	5 605	50 490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5 937	6 152	12 089	6 226	63 938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987	5 780	6 158	11 938	6 213	74 544	7,8	8,2	16,0	8,3	16,1
1988[1])	6 880	7 510	14 390	8 000	87 300	7,9	8,6	16,5	9,2	17,0
1989[2])	7 910	9 250	17 160	10 000	95 000	8,3	9,7	18,0	10,5	18,9

1) Ný áætlun.
2) Lánsfjáráætlun 1989.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VI.

Löng erlend lán 1980–1989, flokkuð eftir lánnotendum.[1])

Í milljónum króna á meðalgengi hvers árs

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Spá 1988	Áætlun 1989
1. Lántökur:										
Opinberir aðilar	540	853	2.267	3.705	4.111	5.727	5.816	3.213	5.755	1.535
Lánastofnanir	62	176	585	908	1.982	1.945	2.106	3.183	3.100	4.550
Einkaaðilar	411	669	781	964	1.416	2.255	4.120	6.413	9.165	8.380
Samtals	**1.013**	**1.698**	**3.633**	**5.577**	**7.509**	**9.927**	**12.042**	**12.809**	**18.020**	**14.465**
2. Afborganir:										
Opinberir aðilar	160	261	494	1.084	1.546	1.791	2.680	2.534	2.220	3.130
Lánastofnanir	49	69	166	351	491	658	603	455	490	570
Einkaaðilar	169	303	570	1.239	2.241	2.002	2.654	2.791	4.170	4.210
Samtals	**378**	**633**	**1.230**	**2.674**	**4.278**	**4.451**	**5.937**	**5.780**	**6.880**	**7.910**
3. Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	380	592	1.773	2.621	2.565	3.936	3.136	679	3.535	–1.595
Lánastofnanir	13	107	419	557	1.491	1.287	1.503	2.728	2.610	3.980
Einkaaðilar	242	366	211	–275	–825	253	1.466	3.622	4.995	4.170
Samtals	**635**	**1.065**	**2.403**	**2.903**	**3.231**	**5.476**	**6.105**	**7.029**	**11.140**	**6.555**
4. Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	292	528	975	2.013	2.894	3.656	4.382	4.258	4.855	5.565
Lánastofnanir	35	68	132	298	449	692	806	880	1.275	1.710
Einkaaðilar	113	231	434	663	834	911	964	1.020	1.380	1.975
Samtals	**440**	**827**	**1.541**	**2.974**	**4.177**	**5.259**	**6.152**	**6.158**	**7.510**	**9.250**
5. Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	3.054	4.863	9.847	21.973	29.475	42.293	50.755	52.293	63.240	66.470
Lánastofnanir	369	611	1.439	3.400	5.693	8.735	11.778	14.939	20.255	25.700
Einkaaðilar	1.200	2.047	3.618	6.754	7.391	9.829	12.549	16.561	23.005	28.940
Samtals	**4.623**	**7.521**	**14.904**	**32.127**	**42.559**	**60.857**	**75.082**	**83.794**	**106.500**	**121.210**
Gengisforsendur:[2])										
SDR = krónur	6,23	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,70	62,13
6. Meðalvextir:										
Opinberir aðilar	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,0	8,2
Lánastofanir	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	7,6
Einkaaðilar	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,2	7,8
Meðaltal	**10,6**	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,7**	**8,0**

1) Erlend lán viðskiptabanka eru flokkuð eftir endurlánum þeirra.
2) Spá 1988 er á áætluðu meðalgengi ársins og áætlun 1989 er á gengi 30. september 1988.
Breytilegir vextir: LIBOR-USA eru áætlaðir 7,5% 1988 og 8,5% 1989.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VII.

Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1989.
(m.kr.)

	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkam.	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr. sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landbún	Stofnlánad. samv.fél.
Innstreymi	**11765**	**3605**	**4075**	**2170**	**2911**	**4490**	**2460**	**886**	**1584**	**260**
Sjóðslækkun	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Innheimtar afborganir	1380	140	2255	550	–	1960	1000	270	420	161
hjá fjárf.lánasjóðum	92	–	2030	–	–	–	–	–	–	–
hjá öðrum	1288	140	225	550	–	1960	1000	270	420	161
Innheimtir vextir	1880	110	1320	670	–	1080	565	306	260	80
hjá fjárf.lánasjóðum	108	–	1190	–	–	–	–	6	–	–
hjá öðrum	1772	110	130	670	–	1080	565	300	260	80
Tekin lán:	7290	2235	500	825	2400	1450	700	300	460	15
hjá Framkvæmdasjóði	–	–	–	–	–	–	–	–	360	–
hjá bankakerfi	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
hjá lífeyrissjóðum	7225	2070	–	275	–	–	–	–	100	15
hjá öðrum innl. aðilum	65	165	–	–	1400	300	350	150	–	–
erlend lán	–	–	500	550	1000	1150	350	150	–	–
Hlutafé	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Framlög og skatttekjur	1120	830	–	125	500	–	160	–	444	–
frá ríkissjóði	1120	680	–	125	500	–	–	–	34	–
frá sveitarfélögum	–	150	–	–	–	–	–	–	–	–
frá öðrum	–	–	–	–	–	–	160	–	410	–
Aðrar tekjur	95	290	–	–	11	–	35	10	–	4
Útstreymi	**11765**	**3605**	**4075**	**2170**	**2911**	**4490**	**2460**	**886**	**1584**	**260**
Sjóðsaukning	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
Rekstrarkostnaður	200	50	35	100	11	80	100	28	135	8
Fjárfesting	15	–	–	–	–	–	–	–	30	–
Greiddar afborganir	320	600	1845	415	–	2215	495	45	350	155
til ríkissjóðs	438	95	31	–	–	–	–	–	–	–
til bankakerfis	–	–	220	38	–	1360	–	–	–	–
til lífeyrissjóða	740	140	280	–	–	–	73	–	125	110
til Framkvæmdasjóðs	–	–	–	377	–	840	410	–	225	45
til Byggingarsjóðs ríkisins	–	92	–	–	–	–	–	–	–	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
til Seðlabanka	80	41	–	–	–	15	12	–	–	–
til annarra innl. aðila	62	232	14	–	–	–	–	–	–	–
til erlendra aðila	–	–	1300	–	–	–	–	45	–	–
Greiddir vextir	1850	180	1160	315	–	1595	318	96	530	78
til ríkissjóðs	282	43	19	–	–	–	–	–	–	–
til bankakerfis	–	–	135	28	–	560	–	–	–	–
til lífeyrissjóða	1460	18	175	–	–	–	48	–	200	56
til Framkvæmdasjóðs	–	–	–	235	–	875	254	–	330	22
til Byggingarsjóðs ríkisins	–	106	–	–	–	–	–	–	–	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	6	–	–	–
til Seðlabanka	66	13	–	–	–	–	–	–	–	–
til annarra innl. aðila	42	–	11	–	–	160	–	–	–	–
til erlendra aðila	–	–	820	52	–	–	10	96	–	–
Hlutafjárkaup	–	–	–	–	–	–	5	–	6	–
Endurgreidd stofnframlög	–	–	–	–	–	–	1542	35	–	–
Veitt lán og styrkir	8380	2775	1035	1340	2900	600	1542	682	533	16
til fjárfestingarsjóða	165	–	535	–	–	–	–	–	–	
til fyrirt. og einstakl.	8215	2775	500	1340	2900	600	1542	682	533	16

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

	Verslunar-lánasjóður	Ferðamála-sjóður	Landfl.-sjóður	Útflutnings-lánasjóður	Þróunar-félag	Lánasj. sveitarf.	Framleiðnisj. landbún.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**757**	**204**	**37**	**240**	**505**	**470**	**542**	**–4124**	**32837**
Sjóðslækkun	–	–	–	7	–	–	–	–	7
Innheimtar afborganir	290	24	17	153	350	245	5	–2122	7098
hjá fjárf.lánasjóðum	–	–	–	–	–	–	–	–2122	–
hjá öðrum	290	24	17	153	350	245	5	–	7098
Innheimtir vextir	140	50	10	30	55	110	7	–1302	5371
hjá fjárf.lánasjóðum	–	–	–	–	–	–	–	–1302	2
hjá öðrum	140	50	10	30	55	110	7	–	5369
Tekin lán:	320	130	10	50	100	35	–	–700	16120
hjá Framkvæmdasjóði	–	130	10	–	–	35	–	–535	–
hjá bankakerfi	–	–	–	–	–	–	–	–	–
hjá lífeyrissjóðum	–	–	–	–	–	–	–	–	9685
hjá öðrum innl. aðilum	320	–	–	–	–	–	–	–165	2585
erlend lán	–	–	–	50	100	–	–	–	3850
Hlutafé	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Framlög og skatttekjur	–	–	–	–	–	80	530	–	3789
frá ríkissjóði	–	–	–	–	–	–	490	–	2949
frá sveitarfélögum	–	–	–	–	–	80	–	–	230
frá öðrum	–	–	–	–	–	–	40	–	585
Aðrar tekjur	7	–	–	–	–	–	–	–	452
Útstreymi	**757**	**204**	**37**	**240**	**505**	**470**	**542**	**–4124**	**32837**
Sjóðsaukning	–	5	–	–	30	2	–	–	40
Rekstrarkostnaður	7	4	–	4	15	8	12	–	797
Fjárfesting	–	–	–	–	–	–	–	–	45
Greiddar afborganir	270	40	16	47	275	90	166	–2122	6222
til ríkissjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	564
til bankakerfis	–	5	–	–	240	–	–	–	1863
til lífeyrissjóða	–	–	–	–	–	–	–	–	1468
til Framkvæmdasjóðs	–	35	16	2	35	90	–	–2030	45
til Byggingarsj. ríkisins	–	–	–	–	–	–	–	–92	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	–
til Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	166	–	314
til annarra innl. aðila	270	–	–	–	–	–	–	–	578
til erlendra aðila	–	–	–	45	–	–	–	–	1390
Greiddir vextir	130	50	8	9	15	55	41	–1302	5128
til ríkissjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	344
til bankakerfis	–	–	–	–	10	–	–	–	733
til lífeyrissjóða	–	–	–	–	–	–	–	–	1957
til Framkvæmdasjóðs	–	50	8	1	5	55	–	–1190	645
til Byggingarsj. ríkisins	–	–	–	–	–	–	–	–106	–
til Iðnþróunarsjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–6	–
til Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	41	–	120
til annarra innl. aðila	130	–	–	–	–	–	–	–	343
til erlendra aðila	–	–	–	8	–	–	–	–	986
Hlutafjárkaup	–	–	–	–	40	–	–	–	51
Endurgreidd stofnframlög	–	–	–	–	–	–	–	–	35
Veitt lán og styrkir	350	105	13	180	130	315	323	–700	20519
til fjárfestingarsjóða	–	–	–	–	–	–	–	–700	–
til fyrirt. og einstakl.	350	105	13	180	130	315	323	–	20519

Sþ. 107. Fyrirspurn [104. mál]

til forsætisráðherra um átak vegna atvinnu kvenna á landsbyggðinni.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma það ákvæði stjórnarsáttmálans að „sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni“?

Sþ. 108. Fyrirspurn [105. mál]

til utanríkisráðherra um fiskútflutning í gámum.

Frá Páli Péturssyni.

Hver var útflutningur í gámum á þorski, ýsu, ufsa, grálúðu og karfa árið 1987 og til októberloka 1988 sundurliðað eftir kjördæmum?

Hversu mikill ísfiskur var fluttur út á sama tímabili sundurliðað eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 109. Fyrirspurn [106. mál]

til menntamálaráðherra um dreifbýlisátak Evrópuráðsins.

Frá Unni Stefánsdóttur.

Hvað hefur verið gert af hálfu íslenskra stjórnvalda til að taka þátt í dreifbýlisátaki Evrópuráðsins árið 1988?

Sþ. 110. Fyrirspurn [107. mál]

til viðskiptaráðherra um skiptingu gjaldeyristekna þjóðarinnar eftir kjördæmum.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni.

Hvernig skiptust gjaldeyristekjur þjóðarinnar eftir kjördæmum árin 1984, 1985, 1986 og 1987?

Óskað er eftir að svör verði birt í íslenskum krónum miðað við gengi í nóvember 1988.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar haustið 1990.

Greinargerð.

Á fimmta náttúruverndarþingi 1984 var ályktað að við undirbúning orkumannvirkja þurfi strax í upphafi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif þeirra og flýta þurfi vinnu við endurskoðun á forgangsröð með hliðsjón af umhverfis- og náttúruvernd.

Á vegum Náttúruverndarráðs hefur þegar farið fram mikil vinna og gagnaöflun til að flokka vatnsföll og fossa, jarðhitasvæði og einstaka hveri út frá verndargildi, svo og votlendissvæði og aðrar gróðurvinjar á hálendinu sem gætu orðið í hættu vegna vatnsmiðlana (sjá fylgiskjöl).

Sérstök samráðsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis hefur allt frá árinu 1972 fjallað um virkjanaáform og umhverfisáhrif sem þeim mundu fylgja ef til framkvæmda kæmi. Þar hefur hins vegar ekki verið um heildstætt mat að ræða með tilliti til nýtingar og verndunar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð hafi forgöngu um gerð verndaráætlunar að höfðu samráði við yfirvöld orkumála. Er eðlilegt að það gerist á vettvangi samráðsnefndarinnar. Alþingi fjallaði síðan um og staðfesti áætlunina og þannig fengjust marktækar leiðbeiningar um rannsóknir og framkvæmdaáform til langs tíma. Með slíkri vinnuaðferð væri tryggt að ekki sé verið að verja fjármagni til rannsókna í þágu orkuvinnslu á svæðum sem vilji er til að varðveita sem lengst í náttúrulegu horfi og jafnframt væru síður líkur á hagsmunaárekstrum og hatrömmum deilum sem dæmi eru um hérlendis.

Í þessu sambandi má vísa til reynslu Norðmanna þar sem norska Stórþingið hefur friðlýst fjölmörg vatnsföll, sumpart um takmarkaðan tíma.

Sem dæmi um vatnsföll, þar sem árekstrar eru auðsæir á milli sjónarmiða hagnýtingar og verndunar, má nefna Hvítá í Árnessýslu með Gullfossi og gróðurlendi við Hvítárvatn. Svipuðu máli gegnir um Jökulsá á Fjöllum með Dettifossi og fleiri fossum neðar í ánni. Þegar hefur verið varið umtalsverðum fjármunum vegna hugsanlegra virkjana sem nýta mundu vatnið í þessum ám.

Af jarðhitasvæðum má nefna Hengils- og Torfajökulssvæðið. Varðandi bæði háhita- og lághitasvæði þarf að koma til forgangsröð um nýtingu og skýrt mörkuð verndunarstefna áður en lengra er haldið.

Eðlilegt er að stefnt sé að því að áætlun þessi verði fullmótuð af hálfu Náttúruverndarráðs fyrir næsta náttúruverndarþing sem lögum samkvæmt á að halda á árinu 1990. Þar yrði leitað viðbragða, en málið síðan lagt fyrir Alþingi haustið 1990.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.


VATNAVERND: B-FLOKKUR
Skráð svæði
Svæði < 10km²
0 10 20 30 40 50 100 km
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Fylgiskjal V.

Vatnasvæði í hættu.

Listi yfir vatnasvæði sem eru í hættu vegna athafna mannsins. Listinn er unninn upp úr fjölriti Náttúruverndarráðs nr. 4, Vatnavernd, og vísast í það varðandi frekari upplýsingar.

Verndarflokkur A.

A 3	Arnarvatnsheiði — náttúruminjaskrá Vegagerð
A 7	Lýsuhóll — náttúruminjaskrá Heitavatnsöflun
A 10	Vatnsfjörður — Friðlýst svæði Ofbeit
A 17	Svarfaðardalur — Friðlýst svæði Árfarvegi breytt vegna vegagerðar
A 19	Hólmarnir — náttúruminjaskrá Vegagerð og flugvöllur
A 21	Mývatn — Friðlýst svæði Kísilgúrvinnsla, ferðamenn og fólksfjölgun
A 28	Litlaá — náttúruminjaskrá Fiskeldi og mengun
A 30	Skógarkíll — náttúruminjaskrá Fiskeldi, heitavatnsöflun
A 32	Jökuldalsheiði — náttúruminjaskrá Fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir
A 34	Hjaltastaðablá — náttúruminjaskrá Fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir
A 41	Landmannalaugar — Friðlýst svæði Ferðamenn
A 42	Veiðivötn — náttúruminjaskrá Ferðamenn
A 43	Þjórsárver — Friðlýst svæði Virkjanaframkvæmdir, breytingar á vatnsrennsli, myndun uppistöðulóna
A 53	Varmá í Ölfusi — náttúruminjaskrá Fiskeldi og mannfjölgun

Af 56 svæðum í verndarflokki A eru 14 í hættu og þar af eru fimm friðlýst og níu sem eru á náttúruminjaskrá.

Verndarflokkur B.

B 1	Úlfarsá — náttúruminjaskrá Vatnsöflun fyrir Áburðarverksmiðjuna
B 2	Leirvogsá — náttúruminjaskrá Fólksfjölgun

B 22	Orrastaðarústir — náttúruminjaskrá Virkjanaframkvæmdir (uppistöðulón og breytt jarðvatnsstaða)
B 24	Flókadalsá — Ekki á náttúruminjaskrá Hafbeit
B 25	Miklavatn í Fljótum — Ekki á náttúruminjaskrá Fiskeldi
B 31	Íshólsvatn — Ekki á náttúruminjaskrá Fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir
B 32	Lón í Kelduhverfi — náttúruminjaskrá Fiskeldi, hafbeit
B 39	Eyjabakkar — náttúruminjaskrá Virkjanaframkvæmdir, stíflugerð
B 53	Höfðaflatir — náttúruminjaskrá Framræsla
B 55	Hvítárvatn — Friðlýst svæði Hugsanlegar virkjanaframkvæmdir
B 58	Þingvallavatn — Friðlýst svæði að hluta til Sumarbústaðir og ferðamenn
B 59	Varmá og vatnsvið hennar — náttúruminjaskrá Fiskeldi og mannfjölgun
B 63	Straumur — náttúruminjaskrá Fiskeldi

Af 63 svæðum í verndarflokki B eru 13 í hættu og þar af er eitt friðlýst og tíu sem eru á náttúruminjaskrá.

Nd. 112. Frumvarp til laga [109. mál]

um helgidagafrið.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Tilgangur laganna.

1. gr.

Um helgidagafrið er mælt í lögum þessum í því skyni að vernda guðsþjónustu og almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar svo sem nánar er greint í lögunum.

II. KAFLI

Um helgidaga þjóðkirkjunnar og helgidagafrið.

2. gr.

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru þeir sem nú skal greina og er helgidagafriður samkvæmt lögunum markaður með eftirfarandi tímasetningum:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu frá kl. 10–15.
2. Jóladagur, föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur frá upphafi dags til loka hans.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18.

III. KAFLI
Athafnir sem andstæðar eru helgidagafriði.

3. gr.

Óheimilt er að trufla guðsþjónustu eða aðra kirkjuathöfn með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi hennar.

4. gr.

Meðan helgidagafriður ríkir samkvæmt framansögðu er eftirfarandi starfsemi óheimil:

1. Opinbert skemmtanahald eða sýningar. Til skemmtana í þessu sambandi teljast einkum:
   a. Dansskemmtanir, fjölleikahús, revíusýningar og aðrar skemmtisýningar.
   b. Leiksýningar, ballettsýningar, kvikmyndasýningar, söngskemmtanir og hljómleikar, dans- og leikfimisýningar.
2. Markaðir, vörusýningar, verslunarstarfsemi og viðskipti.
3. Skemmtanir þar sem happdrætti eða bingó eða svipuð spil eru höfð um hönd.
4. Skemmtanir á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

5. gr.

Eftirfarandi starfsemi er undanþegin banni því er greinir í 4. gr.:

1. Lyfjabúðir og bensínsölur. Enn fremur brauð- og mjólkurbúðir, blómasölur og söluskálar á öðrum dögum en þeim sem frá er greint í 2. tölul. 2. gr.
2. Listsýningar og sýningar, sem varða vísindi eða er ætlað að gegna almennu upplýsingahlutverki, má halda eða veita aðgang að á þeim tímum þegar helgidagafriður á að ríkja skv. 1. og 2. tölul. 2. gr., en þó ekki fyrr en kl. 15 á þeim dögum er greindir eru í 2. tölul. Listasöfn og bókasöfn má hafa opin á þeim tímum og dögum sem hér var greint.
3. Samkomur sem hafa listrænt gildi og samrýmast í eðli sínu helgidagafriði eru heimilar eftir kl. 15, einnig á þeim helgidögum sem greinir í 2. tölul. 2. gr.
4. Söngmót, hljómlistarmót og hljómleikar eru heimil eftir kl. 15 á hvítasunnudegi.

6. gr.

Íþróttakeppni og íþróttamót eru heimil á dögum þeim er greinir í 1. tölul. 2. gr. ef slíkt er nauðsynlegt vegna tilhögunar móta. Hinu sama gegnir um páskadag og hvítasunnudag eftir kl. 15.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um keppni vélknúinna farartækja, þar á meðal loftfara, veðreiðakeppni og íþróttakeppni eða íþróttamót atvinnumanna.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

7. gr.

Lögreglustjóri getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, leyft að halda skemmtanir, samkomur og sýningar eða stofna til svipaðrar starfsemi, sem greinir í 4. gr., á þeim tíma sem helgidagafriður á að ríkja. Skjóta má ákvörðun lögreglustjóra til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

8. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur kveðið nánar á um hver starfsemi sé óheimil samkvæmt lögunum, svo og sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið skal gera sérstakar ráðstafanir til að kynna almenningi efni þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum.

10. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, sbr. 5. gr. laga nr. 75 13. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjulaganefnd undirbjó á árinu 1984 frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, en í nefndinni áttu sæti séra Pétur Sigurgeirsson biskup, formaður, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Ármann Snævarr samdi greinargerð með frumvarpinu. Var frumvarpið ásamt greinargerð lagt fyrir kirkjuráð og síðan fyrir kirkjuþing 1985 og 1986. Í fyrra skiptið samþykkti kirkjuþing frumvarpið með nokkrum breytingum. Í síðara skiptið afgreiddi kirkjuþing frumvarpið svo að felldar voru úr því 4.–7. gr. er samsvara 4.–7. gr. þessa frumvarps þar sem nánari ákvæði eru sett um þá starfsemi sem óheimil er á helgidögum almennt eða á nokkrum þeirra sérstaklega og einnig ákvæði um heimild lögreglustjóra til að veita undanþágur frá lögunum. Samkvæmt því skyldi frumvarpið aðeins fjalla um það hverjir vera skyldu helgidagar þjóðkirkjunnar og um friðunartíma einstakra helgidaga og svo skyldi vera þar almennt ákvæði er legði bann við því að trufla guðsþjónustu eða kirkjuathöfn, sbr. 3. gr. þessa frumvarps. Gert var ráð fyrir að málum þeim, sem ákvæði þau í frumvarpinu viku að er niður voru felld, yrði skipað með reglugerð.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur frumvarpið, eins og það kom frá kirkjuþingi, sætt rækilegri athugun. Þau ákvæði í frumvarpi kirkjulaganefndar, sem kirkjuþing felldi niður, varða ekki síst löggæslu og lagaframkvæmd. Þótt kirkjuþing 1986 hafi talið heppilegra að fjalla um þessa þætti í reglugerð en í lögunum sjálfum lýsir afgreiðslan út af fyrir sig ekki andstöðu við efnisákvæði þau í frumvarpinu sem hér er um að ræða, sbr. og afgreiðslu kirkjuþings 1985.

Grundvallarspurningin er hér sú hvort ráðlegra sé að skipa ákvæðum um nánari afmörkun á þeirri starfsemi, sem ætlunin er að sporna við á helgidögum, með reglugerð eða með lögum. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið telur síðari leiðina heppilegri af eftirfarandi ástæðum:

a. Helgidagalöggjöf varðar mjög almenning á landi hér. Ákvæði laga eru að jafnaði betur kunn en ákvæði reglugerða. Ólíkt er greiðara fyrir almenning og raunar einnig þá sem fylgjast eiga með framkvæmd þessara réttarreglna að kynna sér lög í lagasafni en að leita uppi reglugerð. Öll meginatriði slíkra reglna ættu að vera í lögunum sjálfum.
b. Þá er eðlilegt að löggjafinn kveði á um þau atriði sem greinir í þeim ákvæðum er hér um ræðir, þ.e. 4.–7. gr. þessa frumvarps. Þar reynir á atriði sem varða mjög almenning og þá sem standa fyrir margs konar félags- og atvinnustarfsemi. Grundvöllur reglugerðarákvæða, sem væntanlega er þörf á, sbr. 8. gr. frumvarps þessa, verður enn fremur traustari ef löggjafinn hefur fjallað um þessi efni og markað meginstefnu í þeim.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er að efni til í samræmi við þau grundvallarsjónarmið sem hér var lýst. Nánar skal þess getið að 1.–3. gr. frumvarpsins eru í megindráttum í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings 1986 á frumvarpi því er kirkjulaganefnd samdi. Ákvæði 4.–10. gr. frumvarpsins eru að sínu leyti í megindráttum byggð á frumvarpi kirkjulaganefndar, en þó nokkru styttri um einstaka atriði og er hliðsjón höfð af afgreiðslu kirkjuþings 1985 sem taldi að ákvæði þessi ættu að vera í frumvarpinu sjálfu. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um

helgidaga og afmörkun á helgi þeirra er í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings, þó svo að gert er ráð fyrir að helgi skírdags verði hin sama og sunnudaga, sbr. 1. tölul. 2. gr., og sleppt er ákvæðinu um að bann liggi við skemmtanahaldi laugardaga fyrir páska og hvítasunnu frá kl. 21.

Greinargerð sú, sem hér fer á eftir, er að mestu byggð á athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi kirkjulaganefndar til kirkjuþings, en þó löguð að þeim breytingum sem felast í frumvarpi þessu.

I.

Löggjöf um helgidaga og helgidagahald á langa sögu að baki á landi hér. Að efni til hefur sú löggjöf verið næsta mismunandi og grundvallarsjónarmiðin að baki hennar hafa verið sundurleit. Sú löggjöf hefur lengstum verið af trúarlegum toga spunnin. Viðhorf í kaþólskum sið voru önnur en eftir siðskipti að því er varðar messudag og vernd helgidaga. Píetisminn svonefndi hafði að sínu leyti mikil áhrif á þá löggjöf á 18. öldinni og á hinn veginn ýmsar frjálslyndar trúarstefnur síðar meir. Á síðustu áratugum tengjast ýmis vinnuverndarsjónarmið þessu máli, þ.e. viðleitni til að tryggja vinnandi fólki frídaga. Við könnun á efni helgidagalöggjafar grípa einnig löggæslusjónarmið inn í matið og leiða til þess að haga verði löggjöfinni svo að unnt sé að framfylgja henni. Í þessu efni leitar vitaskuld á afstaða almennings til helgidaga og helgidagahalds og sú almenna afstaða að ekki eigi að hefta frjálsræði manna til athafna og starfsemi, nema í berhögg gangi við brýna þjóðfélagshagsmuni. Benda má sérstaklega á að hér á landi hefur verið fjallað allmikið um sölustarfsemi í helgidagalöggjöf. Víða annars staðar fellur það svið utan helgidagalöggjafar og um það er fjallað til hlítar í löggjöf um lokunartíma sölubúða. Ekki er kunnugt um neina félagsfræðilega rannsókn, sem marktæk sé, um afstöðu almennings til helgidaga og helgidagalöggjafar hér á landi og væri þó full þörf á slíkri rannsókn.

II.

Ákvæðin um helgidaga og helgidagahald voru upprunalega í kristinna laga þætti, sbr. síðar Kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar, 31.–37. kap. Sú löggjöf var víðtækari en helgidagalöggjöf síðari alda. Voru m.a. ákvæði um að meir segðist á brotum sem unnin væru á helgum dögum en endranær. Við siðskipti urðu aldahvörf og er talið að 26 messudagar hafi verið afnumdir með kirkjuskipan Kristjáns III. frá 1537, er var lögfest hér 1541 og 1551, en raunar bætti það lagaboð við helgidögum, þótt í litlum mæli væri, og breytti auk þess ákvæðum um helgidagahald öðrum þræði. Í Alþingissamþykkt 1552 var fjallað um helgibrot, kirkjugrið og helgidagahald og er m.a. getið þar tveggja helgidaga sem kirkjuskipanin vék ekki að sérstaklega, þ.e. skírdegi og föstudeginum langa. Síðari lagaboð, m.a. kirkjuskipan Kristjáns IV. frá 1607, lögfest hér 1629, áréttuðu ákvæði fyrri kirkjuskipanar (frá 1537). Helgisiðabókin frá 1685 var ekki lögleidd hér á landi þótt eftir henni væri farið í ýmsum greinum. Ákvæði dönsku og norsku laga frá 1683 og 1687 um helgidaga og helgidagahald, og að svo miklu leyti sem því var til að dreifa, voru ekki lögleidd hér á landi. Tilskipunin um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga frá 29. maí 1744 á rót að rekja til píetismans og voru þar ströng ákvæði um helgihald og m.a. um kirkjusókn. Tilskipun 26. október 1770 stafar frá tímum Struensee og ber vott um frjálslyndi þeirra tíma. Þá voru nokkrir helgidagar afnumdir, en eftir sem áður gilti tilskipun 29. maí 1744 að verulegu leyti. Helgidagalöggjöf Dana var breytt mjög í frjálsræðisátt með nýjum lögum frá 1845. Alþingi bárust, er það var endurreist, bænaskrár um breytingar á helgidagalöggjöf. Með tilskipun frá 1855 var komið á nýskipan að því er varðaði helgihaldið og var sú löggjöf mjög reist á dönsku helgidagalögunum frá 1845. Var þessi skipan ólíkt frjálslegri en hin fyrri skipan og þótti sumum of langt gengið sérstaklega með að draga úr friðun sunnudaga. Þessu atriði var breytt með opnu bréfi 28. september 1860.

Þegar leið á 19. öldina voru flutt frumvörp á Alþingi er vörðuðu þetta mál, m.a. 1893, um afnám helgidaga, skírdags, uppstigningardags, annars dags í páskum og hvítasunnu og kóngsbænadags. Frumvarp þetta náði aðeins fram að ganga að því er varðar afnám kóngsbænadags, sbr. lög nr. 37/1893. Þá voru sett sérstök lög um fermingu og affermingu skipa, nr. 19/1897, en heildarlög um helgidaga, sem sett voru í Danmörku 1876, voru hvorki lögfest hér á landi né lög sniðin eftir þeim. Hins vegar voru lögtekin ný lög um helgidaga og helgidagahald árið 1901, sbr. lög nr. 47 sama ár. Var þar kveðið rækilega á um helgidagahald, en helgidagar látnir haldast. Í meðferð málsins á Alþingi kom glögglega fram að greina bæri í milli helgidagalöggjafar og vinnuverndarlöggjafar. Fáum árum seinna (árið 1919) var flutt frumvarp á Alþingi sem var gagngert af vinnuverndarrótum runnið og mælti fyrir um það að helgidagar yrðu raunverulega að hvíldardögum fyrir verkamenn.

Núgildandi lög um þetta efni eru nr. 45/1926. Þau fólu m.a. í sér þá breytingu að takmarka skyldi vinnu við fermingu og affermingu skipa á helgidögum og í öðru lagi var leyft að hafa fleiri verslanir opnar á helgidögum en áður og einnig þjónustustofnanir. Skírdegi var ekki gert hærra undir höfði en sunnudögum og almennar skemmtanir voru bannaðar eftir kl. 18 kvöldið fyrir stórhátíðar. Þessi lög hafa gilt í rösklega sex áratugi, óbreytt að kalla, en eina breytingin varðar refsiviðurlög í 8. gr. sem breytt var með lögum nr. 75/1982 er fjalla m.a. um sektarmörk nokkurra laga.

III.

Við samningu frumvarps kirkjulaganefndar viðaði hún að sér löggjöf um þetta efni frá allmörgum löndum í Evrópu. Helsta fyrirmynd frumvarpsins eru norsku helgidagalögin, en einnig hefur verið höfð hliðsjón af öðrum erlendum lögum, m.a. dönsku lögunum, sem ganga skemur í friðun helgidaga en frumvarp þetta.

Skal nú fyrst geta nokkurra almennra sjónarmiða sem leita á við samningu frumvarps um þetta efni, en síðar verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. Nokkur almenn sjónarmið, stefnumörkun.

Oft er því haldið fram að helgidagalöggjöf sé „slælega framfylgt“ eins og tekið er til orða. Könnun málsins veitir vísbendingu um að lögreglustjórum sé hér ærinn vandi á höndum. Bent er m.a. á það af hálfu þeirra sem framkvæmdin hvílir á að friðaðir séu dagar sem lítil helgi virðist hvíla á í hugum almennings, sbr. t.d. uppstigningardagur og skírdagur og laugardagur fyrir páska og hvítasunnu (eftir kl. 18). Þá er vísað til þess að athafnir séu óheimilar sem lítil ástæða sé til að amast við, svo sem blómasala á skírdegi eða uppstigningardegi, svo að dæmi séu nefnd. Þeir sem kunnugir eru framkvæmd laganna benda einnig á að framkvæmdin sé talsvert mismunandi eftir lögsagnarumdæmum, jafnvel þeim sem liggja hlið við hlið, þar á meðal um undanþágur sem lögreglustjórar veita. Bent er á sérstök álitamál út af íþróttamótum, listahátíðum og kvikmyndasýningum í tengslum við þær. Í sumum umdæmum hefur það vandamál leitað á hvernig líta eigi á mannfundi sem til er stofnað á messutíma. Þurfa þeir út af fyrir sig ekki að trufla guðsþjónustu sem slíka, en slík tilhögun getur þó verið til ama fyrir þá sem að kirkjuathöfn standa, án þess þó að því sé haldið fram að það sé tilgangur helgidagalöggjafar að vernda kirkjuna gegn samkeppni annarra samtaka eða félaga.

Eitt af vandamálum við samningu frumvarps um helgidaga og helgidagahald er sú spurning hvort sú löggjöf eigi að taka til atvinnustarfsemi eins og verslunar. Mætti hugsa sér að svar við slíkri spurningu yrði neikvætt og það ylti þá alveg á löggjöf um opnunartíma sölubúða og annarra þjónustustofnana hvernig þessu máli væri skipað. Svo virðist gert t.d. í norskri löggjöf. Hér á landi hefur hin leiðin verið farin, enda getur verslunarstarfsemi raskað mjög þeirri helgi sem eðlilegt má telja að hvíli á helgidögum.

Vert er að taka fram að inn í helgidagalöggjöf og hvernig hún verði úr garð gerð grípa ýmis sjónarmið sem ekki varða kirkjupólitík. Ef fækka ætti t.d. helgidögum mætti búast við að launþegasamtökin risu öndverð gegn því bæði frá vinnuverndarsjónarmiði og af kjaraástæðum. Að sínu leyti mætti vænta viðbragða frá samtökum verslunar- og skrifstofumanna ef breyta ætti reglum um lokunartíma sölubúða o.fl. stofnana með ákvæðum helgidagalöggjafar. Hér kemur einnig til, svo sem fyrr greinir, tillit til löggæslu. Ugglaust er örðugt að fylgja eftir helgidagalöggjöf sem ekki er í samræmi við viðhorf almennings til þessara mála og er það þó engan veginn auðkannað. Þá skiptir það miklu fyrir löggæslu að sem gleggst viðmiðun sé gefin í lögunum sjálfum um hverjar athafnir það séu sem lögin óheimila. Vart verður hjá því komist að heimila lögreglustjórum að veita undanþágur frá banni laga sem þessara, en þá er mikilvægt að reyna að samræma eftir föngum framkvæmd slíkra mála í mismunandi lögsagnarumdæmum.

2. Ætti að fækka helgidögum?

Umræður síðustu ára hafa einkum hnigið að afnámi skírdags og uppstigningardags og svo friðunar laugardags fyrir páska og hvítasunnu (eftir kl. 18).

Í frumvarpi þessu er hvorki lagt til að skírdagur né uppstigningardagur séu numdir úr tölu helgidaga. Er ekki sýnilegt að allur almenningur óski slíkrar breytingar og sú breyting mundi örugglega sæta mikilli andspyrnu af hálfu kirkjunnar manna.

Spurning um afnám friðunar laugardaga fyrir páska og hvítasunnu horfir öðruvísi við. Danir hafa afnumið þá friðun og Norðmenn einskorða hana við tímabilið eftir kl. 21. Í frumvarpi þessu er fylgt danska fordæminu og lagt til að dregið verði úr friðuninni sem nú gildir. Reynslan hefur leitt í ljós að framkvæmd þessara ákvæða er mjög örðug og ákvæðin alloft ekki virt. Samkvæmt frumvarpinu yrðu t.d. kvikmyndasýningar heimilar laugardag fyrir páska og hvítasunnu allt til kl. 12 á miðnætti.

3. Við hverjum athöfnum eða starfsemi er réttmætt að sporna á friðuðum dögum?

Frá lagatæknilegu sjónarmiði koma hér einkum tveir kostir til greina. Annars vegar að greina sem rækilegast í lögunum sjálfum við hverri starfsemi sé spornað. Hinn kosturinn er að greina þetta aðeins með almennu orðalagi og láta annað velta ýmist á reglugerðarákvæðum eða mótast af lagaframkvæmd. Dönsku lögin fylgja síðari stefnunni, en hin norsku (og gildandi lög hér á landi) hinni fyrri. Í frumvarpinu er miðað við þá stefnu sem síðast var greind og norsku lögin lögð mjög til grundvallar. Stefnt er að því að sem auðveldast verði fyrir almenning og svo löggæsluaðila að átta sig á bannákvæðunum, einkum með því að sérgreina þær athafnir og þá starfsemi sem bann er lagt við, sbr. 4. gr., og svo að sínu leyti frávik frá því, sbr. 5. og 6. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er almennt ákvæði um athafnir og starfsemi sem raskar *helgi guðsþjónustunnar og kirkjuathafna* sem slíkra. Í 4. gr. er hins vegar sérgreint ákvæði sem kveður allnáið á um athafnir og starfsemi sem andstæðar eru *helgidagafriði*. Ætti slíkt ákvæði að hafa verulegt leiðsögugildi fyrir þá sem við lögin eiga að búa. Frávik frá banni 4. gr. er svo lögmælt bæði í 5. gr. og 6. gr. þar sem m.a. er tekið tillit til viðskiptaþarfa og virt þörfin á að hafa menningarlega og listræna viðburði á helgum dögum, svo sem listsýningar, samkomur um listræn efni o.fl., sbr. 5. gr., og svo er komið til móts við óskir og þarfir íþróttamanna með ákvæði 6. gr. Um verslunarstarfsemi er dregið úr banni að vissu marki og reynt að sníða ákvæði að breyttum þörfum, viðhorfum og viðskiptaháttum.

Ekki er vikið sérstaklega að skólastarfsemi í frumvarpinu, enda er það mál allt í tiltölulega föstum skorðum. Þá eru hér ekki sérákvæði um útvarps- og sjónvarpsstarfsemi á helgum dögum og eru engar skorður reistar við henni í frumvarpinu. Vænta má þess að stjórnvöld og aðrir forráðamenn þeirra mála taki tillit til helgidaga í efnisvali sínu þá daga.

4. Yfirlit yfir friðunartíma helgidaga samkvæmt frumvarpinu.

a. Helgidagar alfriðaðir allan sólarhringinn:
Jóladagur, föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur, sbr. 2. tölul. 2. gr.
b. Friðun frá kl. 10 til 15:
Sunnudagar, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, annar dagur hvítasunnu og annar dagur jóla, sbr. 1. tölul. 2. gr.
c. Friðun frá kl. 18:
Aðfangadagur jóla, sbr. 3. tölul. 2. gr.
d. Frávik frá friðunartímum eru í 5. og 6. gr.
e. Aukin friðun getur leitt af ákvæði 3. gr.

5. Efni frumvarpsins miðað við gildandi lög nr. 45/1926.

a. Helgidagar eru hinir sömu samkvæmt frumvarpinu og samkvæmt lögum nr. 45/1926, en þeir eru greindir í frumvarpinu andstætt því sem nú er.
b. Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði niður friðun laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eftir kl. 18.
c. Friðun sunnudaga og annarra helgidaga, er greinir í 1. tölul. 2. gr., er kl. 10–15 samkvæmt frumvarpinu, en kl. 11–15 nú.
d. Ákvæðin um starfsemi þá, sem bönnuð er á helgidögum, eru sérgreindari í frumvarpinu en samkvæmt lögum nr. 45/1926 og lagt er til að ýmis frávik verði lögfest í samræmi við reynslu manna af þeim lögum.
e. Vakin er athygli á að ekki eru tekin upp í frumvarpinu ákvæði er svari til sérákvæða 1. gr. laga nr. 45/1926, eigi heldur ákvæði 5. gr. þeirra laga um sveitarstjórnarfundi o.fl. og 6. gr. um almenna fundi. Að því er varðar síðastgreinda fundi má þó benda á ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sérstakt ákvæði verði um tilgang laganna og er það nýmæli. Getur það haft almennt gildi um viðhorf löggjafans til þessara mála auk þess sem það ákvæði getur komið að gagni almennt við lögskýringu á einstökum ákvæðum.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum er ekki ákvæði um það hverjir dagar séu helgidagar þjóðkirkjunnar og er það ágalli. Úr þessu er bætt með þessu ákvæði frumvarpsins.

Svo sem fyrr er greint er ekki lagt til að breyting verði gerð á því hverjir dagar séu helgidagar, en hins vegar felast vissar breytingar á friðunartíma í frumvarpsgreininni.

1. Friðunartími sunnudaga, nýársdags, skírdags, annars dags páska, hvítasunnu og jóla, svo og uppstigningardags er samkvæmt frumvarpinu kl. 10 til 15, en er samkvæmt gildandi lögum kl. 11 til 15. Stafar þetta af því að messutími hefur nokkuð breyst og eru messur kl. 10 nú tíðkaðar að vissu marki.
2. Ákvæði 2. og 3. tölul. eru í samræmi við lög og venjur.
3. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1926 um bann við skemmtunum laugardaga fyrir páska og hvítasunnu er ekki í frumvarpinu af ástæðum sem áður eru greindar.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta, er leggur bann við að trufla guðsþjónustu eða aðrar kirkjuathafnir, er svipaðs efnis og 3. mgr. 122. gr. almennra hegningarlaga, en virðist þó eiga hér einnig heima. Það er til viðbótar 2. gr. að því leyti að guðsþjónusta eða önnur kirkjuathöfn nýtur

verndar þótt hún fari fram utan hins markaða friðunartíma skv. 2. gr. Þá er ákvæðið að sínu leyti viðbót við t.d. 4. gr. þar eð ekki skiptir máli hvers konar starfsemi eða háttsemi um er að ræða ef hún truflar guðsþjónustuhald o.fl. Oftast mundi háttsemin fara fram í grennd við kirkju, en ekki þarf það þó að vera.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru settar fram hinar almennu reglur um starfsemi sem óheimiluð er meðan helgidagafriður ríkir skv. 2. gr. Frá banni 4. gr. eru undantekningar, sbr. 5. gr., er varða listsýningar o.fl., samkomur og mót sem hafa listrænt gildi og 6. gr., er varðar íþróttamót. Þá er lögreglustjóra heimilað í 7. gr. að veita undanþágur frá banni þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Í 1. tölul. er vikið að opinberum skemmtunum og sýningum þar sem fram fer dans, fjölleikasýningar, revíusýningar og aðrar svipaðar sýningar, sbr. a-lið 1. tölul., eða leiksýningar, ballettsýningar, kvikmyndasýningar, söngskemmtanir og hljómleikar, dans- og leikfimisýningar, sbr. b-lið 1. tölul. Til viðbótar því eru svo ákvæði 3. og 4. tölul. um skemmtanabann, en skemmtun þarf ekki að vera opinber að því er varðar 3. tölul.

Vafi getur leikið á því hvernig skýra eigi hugtakið opinber skemmtun eða sýning skv. 4. gr. Í 4. gr. er ekki skýr greining á þessu. Hér er miðað við að skemmtun, sýning o.fl. sé opinber ef aðgangur að henni er frjáls fyrir almenning eða óákveðinn hóp manna eða fyrir félagsmenn og boðsgesti þeirra þegar félag, samtök manna eða stofnun gengst fyrir samkomu, sýningu eða fundi eða öðru því er hænir að mannsöfnuð. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort aðgangseyrir er krafinn eða ekki og gegnir einu hver fundar-, sýningar- eða samkomustaður er eða hvort hann er utan húss eða innan. Þetta hugtak hlýtur að mótast af lagaframkvæmd, en rétt væri að afmarka það nánar í stjórnvaldsreglum, sbr. 8. gr.

Í 2. tölul. eru ákvæði um markaði, vörusýningar, verslunarstarfsemi og viðskipti. Auk verslana falla undir þetta ákvæði bankar og sparisjóðir, verðbréfaviðskipti, fasteignasölur o.fl. Sérákvæði er víkur frá þessu banni er svo í 1. tölul 5. gr. Lög er varða opnunartíma sölubúða gætu mælt fyrir um aðra hætti í þessu sambandi.

Í 3. tölul. er vikið að skemmtunum þar sem happdrætti eða bingó eða svipuð spil eru höfð um hönd. Þykir rétt að hafa sérákvæði um það efni. Hér getur verið um einkasamkvæmi að ræða, þ.e. ekki þarf skemmtun að vera opinber.

Í 4. tölul. eru skemmtanir á opinberum veitingastöðum o.fl. bannaðar. Hér er þó ekki talað um opnun slíkra veitingastaða og ekki um áfengisveitingar, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 335/1983. Hótelstarfsemi, sem slík, fellur heldur ekki undir þennan tölulið.

Um 5. gr.

Greinin felur í sér nánari afmörkun á þeirri starfsemi, sem 4. gr. spornar almennt við. Með ákvæði 1. tölul. er viss sölustarfsemi þegin undan banni 4. gr. á öðrum helgidögum en þeim er greinir í 2. tölul. 2. gr., sbr. hér til athugunar 2. gr. laga nr. 45/1926. Með ákvæðum 2.–4. tölul. er lagt til að listsýningar, sýningar er varða vísindi o.fl., svo og samkomur um listræn efni og hljómleikar verði leyfilegir einnig á þeim dögum er greinir í 2. tölul. 2. gr., en þó ekki fyrr en eftir kl. 15. Um listasöfn og bókasöfn gegnir hinu sama. Gert er ráð fyrir að í stjórnvaldsreglum, sbr. 8. gr., verði nánari ákvæði um þessi efni.

Um 1. tölul.

Þótt verslun hafi á boðstólum aðrar vörur en brauð og mjólk fellur hún undir töluliðinn ef brauð og mjólk (mjólkurafurðir) eru aðalsöluvara. Ísbúðir falla undir þetta ákvæði með sama fyrirvara. Framangreind athugasemd á einnig við um blómaverslanir. Með söluskála („sjoppu“) er hér átt við smáverslanir er hafa á boðstólnum fyrst og fremst sælgæti,

gosdrykki, tóbaksvörur, hreinlætisvörur og sumpart brauð og mjólkurafurðir auk blaða og tímarita. Almennar matvöruverslanir falla utan marka þessa töluliðar. Blaðasala fellur undir ákvæðið þótt ekki sé sérstaklega að því vikið í frumvarpinu. Ekki eru sérstakar tímatakmarkanir greindar í frumvarpinu á þeim helgidögum þegar verslun er leyfileg, en þær leiða af réttarreglum um opnunartíma sölubúða. Gæta verður hér ákvæða 3. gr. frumvarpsins við beitingu þessa töluliðar.

Um 2. tölul.

Sýningar með listrænu efni er hafa sérstöðu, enda er æskilegt að almenningur eigi kost á ýmiss konar listrænum sýningum o.fl. á helgidögum. Sýningar um vísindaleg efni og varðandi almennar upplýsingar hafa einnig nokkra sérstöðu og þetta er ljóst um listasöfn og bókasöfn.

Með *listsýningum* er hér átt við sýningar á myndlist, teikningum, grafík, höggmyndum, listvefnaði, mynstrum, textíl, keramík, ljósmyndum og listræna gjörninga o.fl.

Með sýningu, er varðar *vísindi*, er átt við sýningar á vísindatækjum, vísindalegum vinnubrögðum og nýjungum og vísindaárangri almennt, handritasýningu og sýningu vísindarita. Þá gæti einnig fallið hér undir sýning á húsnæði sem ætlað væri til vísindastarfsemi.

Sýningar sem ætlað er að gegna *upplýsingahlutverki* geta t.d. varðað nýjungar í mannvirkjum eða mannvirkjagerð (byggingartækni) eða upplýsingar um félagslega þjónustu, skólastarfsemi, bókasafnsþjónustu, byggingarþjónustu eða kynningu á skipulagshugmyndum og fyrirætlunum sveitarfélags er því tengjast.

Ekki má almennt fara fram sölustarfsemi eða skemmtanahald í tengslum við sýningar þær er greinir í 2. tölul. Við listsýningar o.fl. mætti þó selja upplýsingarit, sýningaskrár, ljósmyndir (kort) af listaverkum sem þar eru, svo mætti og hafa með höndum t.d. veitingasölu á listasafni eða í húsnæði þar sem listsýning er haldin. Bóksala fellur ekki undir ákvæði þessa töluliðar. Listasöfn, sem vikið er að í 2. tölul., geta verið hvort heldur opinber söfn eða söfn sem rekin eru af einstaklingum eða félögum.

Um 3. tölul.

Með samkomum þeim, sem töluliðurinn víkur að, er átt við samkomur um listræn efni, þar á meðal á vegum listahátíða, sbr. og bókmennta- og listkynningar ella.

Um 4. tölul.

Í ákvæðinu felst engin takmörkun á því hvers konar hljómlist verði leikin á tónleikum er ákvæðið tekur til.

Um 6. gr.

Alltítt er að íþróttamót séu haldin á helgidögum, þar á meðal á stórhátíðum eða óskað sé að þau verði þá haldin. Þykir eðlilegt að koma til móts við óskir og þarfir íþróttamanna og íþróttafélaga með sérákvæði 6. gr. Samkvæmt því er lagt til að heimilt verði að halda slík mót á helgidögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. ef slíkt er nauðsynlegt vegna tilhögunar móts, þó að aðgættri 3. gr. (um truflun guðsþjónustu eða annarrar kirkjuathafnar). Hinu sama gegnir um páskadag og hvítasunnudag eftir kl. 15 (hins vegar ekki jóladag og ekki föstudaginn langa). Þarf því ekki á að halda leyfi lögreglustjóra til þeirrar starfsemi, sem 6. gr. tekur til, innan þeirra takmarka sem lýst var.

Mót hestamanna falla ekki undir bannákvæði 4. gr., en keppni í hestamennsku, veðreiðar og annað þvíumlíkt á undir 6. gr.

Samkvæmt 2. mgr. á ákvæðið ekki við um keppni vélknúinna farartækja o.fl. og ekki heimilar það keppni atvinnuíþróttamanna á þeim tímum sem hér er um að ræða.

Um 7. gr.

Ákvæðið varðar leyfi er lögreglustjóri getur veitt til að halda skemmtanir, sýningar o.fl. sem óheimilar eru samkvæmt frumvarpinu. Verða slík leyfi nú sjaldgæfari en áður var, sbr. athugasemdir hér að framan, og er mikilvægt að reyna að samræma framkvæmd laganna að þessu leyti, þar á meðal með stjórnvaldsreglum, sbr. 8. gr. Lögreglustjóra ber ávallt að aðgæta ákvæði 3. gr. við leyfisveitingu. Skjóta má ákvörðun lögreglustjóra til dóms- og kirkjumálaráðuneytis hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð (til samþykktar eða synjunar).

Um 8. gr.

Hér eru fyrirmæli um setningu stjórnvaldsreglna. Má einkum vænta þess að fyllri ákvæði verði sett um þá starfsemi sem lögin kunna að sporna við og svo um undanþágur skv. 7. gr. Eðlilegt væri að leita umsagnar biskups áður en reglugerð yrði sett og einnig er æskilegt að leita umsagnar stjórnar sýslumannafélagsins og annarra aðila eftir atvikum.

Í 2. mgr. er dóms- og kirkjumálaráðuneyti boðið að gera sérstakar ráðstafanir til að kynna almenningi efni laganna. Er það mikilvægt því að reynslan hefur leitt í ljós að oft haga menn sér andstætt ákvæðum slíkrar löggjafar meir vegna vanþekkingar á henni en vilja til að virða að vettugi.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um refsiviðurlög í samræmi við markaða stefnu um slík viðurlög í sérrefsilöggjöf, sbr. lög nr. 75/1982 og nr. 10/1983. Ekki eru hér lögmælt önnur viðurlög við brotum á lögunum, svo sem svipting atvinnuréttinda.

Um 10. gr.

Hér eru gildistökuákvæði og ákvæði um brottfallin lög og þarfnast ákvæðið ekki sérstakrar umsagnar.

Ed. 113. Frumvarp til laga [110. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
3. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnessýslu.
4. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
5. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
6. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
7. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
8. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
9. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.
10. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, nemandi í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
11. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
12. Luchoro, Christina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
13. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Grand Cayman í Bresku Vestur-Indíum.

14. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
15. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
16. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
17. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
18. Sörensson, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi í Reykjavík, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
19. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
20. Vadeboncoeur, Michelle, nemandi í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
21. Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Á síðasta þingi var við lok þings fyrir miðsvetrarhlé afgreitt frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar og síðan var í lok þingsins um vorið einnig afgreitt frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi háttur á afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt sem þá var viðhafður reyndist til mikilla þæginda, bæði stytti það biðtíma umsækjenda og dreifði afgreiðsluálagi hjá ráðuneytinu.

Er því eindregið mælt með því að sami háttur verði hafður á við meðferð þessa frumvarps.

Ed. 114. Frumvarp til laga [111. mál]

um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. ÞÁTTUR

Almenn skilyrði fyrir aðför.

1. KAFLI

Aðfararheimildir o.fl.

1. gr.

Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. dómum og úrskurðum, uppkveðnum af íslenskum dómstólum.
2. áskorunarstefnum, sem gerðar hafa verið aðfararhæfar með áritun dómara hér á landi.
3. sáttum og nauðasamningum, sem komist hafa á fyrir íslenskum dómstólum.
4. sáttum, sem gerðar hafa verið fyrir yfirvöldum og eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga.

5. úrskurðum yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga.
6. ákvörðunum yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti, sem eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga.
7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar.
8. víxlum og tékkum, að því leyti sem krafist er fullnægju greiðsluskyldu á grundvelli gildandi réttar samkvæmt slíkum skjölum.
9. kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga.
10. kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga.
11. úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim, ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðrétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

Aðför til fullnustu kröfu skv. 1. mgr. verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir verðbótum, vöxtum og lögbundnum vanskilaálögum, kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustuaðgerðum.

Um heimild til útburðargerða og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar fer eftir fyrirmælum 12. kafla.

2. gr.

Sá getur krafist aðfarargerðar, sem aðfararheimild ber með sér að sé rétthafi hennar, svo og sá, sem nýtur handveðréttar í aðfararhæfri kröfu.

3. gr.

Aðfarar má krefjast hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Nær þetta einnig til þeirra, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efndum skuldbindingar skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., og þeirra, sem eiga verðmæti, sem standa að veði til tryggingar kröfu skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr., ef áskilnaði þessara ákvæða gagnvart aðalskuldara er einnig fullnægt gagnvart þeim.

Aðfarar má einnig krefjast hjá öðrum en þeim, sem skylda hvílir á skv. 1. mgr., ef hann hefur tekið á sig ábyrgð á efndum aðfararhæfrar skuldbindingar samkvæmt fyrirmælum laga eða slík ábyrgð hvílir sjálfkrafa á honum lögum samkvæmt.

4. gr.

Með aðfarargerðir fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu, sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með aðfarargerð, skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið í hans stað. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

Að því leyti, sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla, skal þeim beint að héraðsdómstólnum, sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns, sem fer með viðkomandi aðfarargerð, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2. KAFLI

Aðfararfrestur.

5. gr.

Aðför má gera eftir dómi eða úrskurði, þegar liðnir eru fimmtán dagar frá uppkvaðningu hans, ef annar aðfararfrestur er ekki tiltekinn. Aðför má gera eftir áskorunarstefnu, þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Ekki er þörf sérstakrar birtingar dóms, úrskurðar eða áritaðrar áskorunarstefnu, áður en aðför verður gerð, nema þess sé sérstaklega krafist að lögum.

Ef áfrýjunarstefna hefur verið gefin út vegna aðfararheimildar innan almenns áfrýjunarfrests, verður ekki af fyrirtöku aðfararbeiðni meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, nema mælt sé svo fyrir í lögum eða viðkomandi dómi eða úrskurði að áfrýjun fresti ekki aðför. Með sama hætti fer um úrskurði, sem sæta kæru til æðra dóms, ef kært er innan kærufrests.

Ef aðfararheimild hefur verið áfrýjað að liðnum almennum áfrýjunarfresti, getur gerðarþoli gert þá kröfu við aðfarargerð, að henni verði frestað meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, ef ekki er kveðið á annan hátt á um áhrif málskots í lögum, dómnum eða úrskurðinum. Með slíka kröfu skal farið að hætti 26. gr.

6. gr.

Aðför má gera eftir réttarsátt eða sátt, gerðri fyrir yfirvaldi, þegar krafa samkvæmt henni er komin í gjalddaga. Ef enginn gjalddagi er tiltekinn í sátt, má gera aðför samkvæmt henni að liðnum fimmtán dögum frá gerð hennar. Aðför má gera með sama hætti eftir nauðasamningi, sem komist hefur á fyrir dómstól.

Ekki tálmar það aðför eftir sátt, þótt krafist sé ógildingar hennar í dómsmáli.

7. gr.

Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu, sem talin er í 5., 6., 7., 8. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr., og eftir að slík krafa er komin í gjalddaga, skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara, þar sem tekið er fram, að aðfarar verði krafist fyrir skuldinni, ef áskoruninni verði ekki sinnt. Eins skal að farið, þegar krafist er aðfarar í skjóli ábyrgðar skv. 2. mgr. 3. gr., þótt aðfararheimild eigi undir önnur fyrirmæli 1. mgr. 1. gr.

Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi, sem gerðarþoli eða sá, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, fær eintak hennar í hendur, eða þegar birting greiðsluáskorunar á sér stað.

8. gr.

Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og eftir að hún er komin í gjalddaga, skal sá, sem innheimtu hennar hefur með höndum, birta með minnst fimmtán daga fyrirvara almenna greiðsluáskorun í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti, þar sem fram kemur að aðfarar verði krafist án frekari fyrirvara fyrir vangoldnum gjöldum, sem hafa verið í gjalddaga á tilteknum tíma. Skal tiltekið í auglýsingunni um hvers konar gjöld er að ræða hverju sinni.

9. gr.

Aðfarar má krefjast að liðnum aðfararfresti skv. 5.–8. gr. svo lengi, sem hlutaðeigandi krafa er ekki niður fallin fyrir fyrningu, og einnig að liðnum fyrningartíma, ef gerðarþoli mætir við gerð og lýsir yfir að hann beri ekki fyrir sig fyrningu kröfunnar.

II. ÞÁTTUR

Almennar reglur um undirbúning og framkvæmd aðfarar.

3. KAFLI

Aðfararbeiðni o.fl.

10. gr.

Aðfararbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru og við hverja heimild hún styðst. Þá skal einnig tiltekið nákvæmlega hvers krafist er með aðfaragerð. Ef krafist er aðfarar til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur.

Með aðfararbeiðni skulu fylgja skilríki fyrir aðfararheimildinni og gögn um að greiðsluáskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 7. eða 8. gr., ef við á. Ef aðfarar er krafist til fullnustu kröfu skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., skal frumrit viðskiptabréfs fylgja aðfararbeiðni.

11. gr.

Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara, ef eitthvað eftirtalinna atriða varðar aðfararheimildina:

1. ef krafa styðst við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.
2. ef krafa styðst við skuldabréf, víxil eða tékka, sbr. 7. og 8. tölul. 1. mgr. 1. gr.
3. ef um kröfu er að ræða, sem lögtaksréttur er fyrir og 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til.
4. ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.
5. ef krafist er aðfarar á grundvelli ábyrgðar, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til.
6. ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamál um viðkomandi kröfu, nema fyrirmæli laga áskilji annað. Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara í tvíriti.

Heimilt er gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómara, ef hann svo kýs, þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hana.

12. gr.

Héraðsdómari skal taka aðfararbeiðni, sem honum berst, til athugunar svo fljótt sem við verður komið.

Telji héraðsdómari skilyrðum til aðfarar fullnægt samkvæmt framkomnum gögnum gerðarbeiðanda, áritar hann beiðnina um að aðför megi gera samkvæmt henni.

13. gr.

Telji héraðsdómari aðfararbeiðni ófullnægjandi, aðfararheimild ekki fyrir hendi eða ónæg gögn fram komin til stuðnings beiðni, ritar hann á hana að aðför nái ekki fram að ganga samkvæmt henni.

Ef héraðsdómari telur aðför mega fara fram að hluta samkvæmt aðfararbeiðni, er honum rétt að rita þá ákvörðun sína á hana, þar sem nákvæmlega er tekið fram, að hverju leyti aðför megi gera.

Héraðsdómari má gefa gerðarbeiðanda kost á að bæta úr annmörkum, áður en aðfararbeiðni er hafnað að öllu leyti eða einhverju skv. 1. eða 2. mgr.

14. gr.

Við meðferð héraðsdómara skv. 12. og 13. gr. er ekki þörf tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans, sbr. þó 78. gr., nema gerðarbeiðandi hafi sérstaklega óskað eftir því og

héraðsdómara þyki rétt að verða við því, eða gerðarþoli hafi áður tilkynnt héraðsdómara að hann hafi andmæli fram að færa gegn kröfum gerðarbeiðanda.

Þegar nærveru gerðarþola er þörf skv. 1. mgr., fer um málsmeðferð eftir fyrirmælum 13. kafla.

15. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist aðfararbeiðni, skal hennar getið í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra. Í skránni skulu greind nöfn aðila, um hverja aðfararheimild er að ræða og hverja afgreiðslu beiðni hefur fengið. Frekari bókana er ekki þörf, þegar farið er með beiðni eftir 12. eða 13. gr.

Þegar héraðsdómari hefur áritað beiðni um að aðför megi gera samkvæmt henni að öllu leyti eða einhverju, varðveitir hann annað eintak hennar með áritun, ásamt samriti fylgigagna.

Beiðni, sem árituð hefur verið, skal afhenda eða senda gerðarbeiðanda ásamt frumritum þeirra gagna, sem henni fylgdu.

Þótt héraðsdómari hafi áritað beiðni um að gerð megi fara fram að einhverju leyti eða öllu, er hann óbundinn af þeirri afstöðu, ef ágreiningur rís síðar um beiðnina.

16. gr.

Beiðni um aðför, sem sætir ekki í upphafi meðferð héraðsdómstóls samkvæmt ákvæðum 11. gr., og aðfararbeiðni, sem árituð hefur verið af héraðsdómara um að gerð megi fara fram, skal að jafnaði beint til sýslumanns í því umdæmi, þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing, en heimilt er einnig að beina aðfararbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi, sem hér greinir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir.
2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi, ef krafan á rætur að rekja til hennar. Ef atvinnustarfsemi fer fram í fleiri en einu umdæmi, skal beiðst aðfarar í því umdæmi, þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema aðfararheimild varði sérstaklega starfsemina á öðrum stað og gerðarbeiðandi kýs það fremur.
3. þar sem þau verðmæti er að finna, sem standa að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfu.
4. þar sem andlag gerðarinnar er að finna, ef um aðför er að ræða til fullnustu annarrar kröfu en um peningagreiðslu.
5. þar sem eignir gerðarþola er að finna, þegar um aðför er að ræða til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, ef gerðarþoli á ekki skráð heimili eða aðsetur hér á landi.

Getið skal ástæðu þess í aðfararbeiðni, ef henni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing.

17. gr.

Þegar beiðni um aðför hefur borist sýslumanni, kannar hann hvort beiðni og aðfararheimild eru í lögmætu formi, hvort telja megi beiðni komna fram í réttu umdæmi og hvort fullnægt er skilyrðum 8. gr. í þeim tilvikum, sem við á. Ef svo reynist, synjar sýslumaður ekki af sjálfsdáðum um aðför, nema aðfararheimild verði ekki fullnægt samkvæmt efni sínu.

Telji sýslumaður ágalla vera á málstað gerðarbeiðanda, sem veldur því að aðfarar verði synjað vegna fyrirmæla 1. mgr., skal hann endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

Nú hefur aðfararbeiðni verið beint til sýslumanns í umdæmi, sem heimild er fyrir í 1. mgr. 16. gr., en hann telur nærtækara að aðför verði fremur reynd í öðru umdæmi. Má hann þá framsenda beiðnina hlutaðeigandi sýslumanni að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

18. gr.

Þegar staðreynt hefur verið að aðfararbeiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 17. gr., getur sýslumaður hennar í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra. Aðfararbeiðnir skulu þar skráðar í áframhaldandi númeraröð, eftir því sem þær berast. Aðfararbeiðnir skulu áritaðar um móttökudag og auðkenndar númeri samkvæmt framansögðu. Beiðni, sem berst áður en aðfararfrestur skv. 5.–8. gr. er liðinn, telst þó ekki fram komin fyrr en á fyrsta starfsdegi eftir lok frestsins og skal auðkennd samkvæmt því.

4. KAFLI

Upphafsaðgerðir við aðför.

19. gr.

Ef fyrir liggja tvær eða fleiri beiðnir um aðför hjá gerðarþola og þær varða samkynja skyldu hans, skal sinna beiðni þess, sem sýslumanni barst fyrst, áður en öðrum verður sinnt, enda haldi sá fram rétti sínum án ástæðulausrar tafar. Aðfararbeiðnir, sem berast sýslumanni samtímis, standa jafnar að þessu leyti.

Aðfararbeiðni, sem framsend hefur verið milli umdæma skv. 3. mgr. 17. gr., nýtur stöðu í samræmi við móttökudag hennar, þar sem hún barst fyrst. Þó raskar hún ekki stöðu beiðni, sem áður hefur verið tilkynnt um að hætti 1. mgr. 21. gr.

20. gr.

Sýslumaður ákveður svo fljótt, sem við verður komið eftir að aðfararbeiðni hefur borist, hvar og hvenær aðför fari fram, svo sem verða má eftir óskum gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðanda skal tilkynnt sú ákvörðun á þann hátt, sem sýslumanni þykir til hlýða.

21. gr.

Gerðarþola skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekins dags. Sýslumaður getur lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast þessa tilkynningu.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skal senda gerðarþola með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta honum af einum stefnuvotti.

Víkja má frá skyldu til tilkynningar skv. 1. mgr., ef einhver eftirtalin atvik eiga við:

1. ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu, sem 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til.
2. ef hætt þykir að gerðarþoli muni spilla fyrir aðför, fái hann vitneskju um að hennar sé að vænta.
3. ef hætt þykir að gerðarbeiðandi verði fyrir sérstökum réttarspjöllum af drætti, sem verður á aðför vegna tilkynningar.
4. ef gerðarþola hefur áður verið send tilkynning um aðför vegna sömu kröfu, en ekki sinnt henni.
5. ef krafist er aðfarar að undangengnum úrskurði héraðsdómara skv. 77. gr. eða 13. kafla.
6. ef ekki er vitað hvar gerðarþoli hefst við.

5. KAFLI

Framkvæmd aðfarar.

22. gr.

Ef gerðarþola er send tilkynning skv. 21. gr., skal aðför að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns, nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna.

Hafi gerðarþola ekki verið send tilkynning að hætti 21. gr., er rétt að aðför byrji á heimili hans, en ella á vinnustað hans eða þeim stað öðrum, þar sem sennilegast þykir að hann eða málsvari hans muni hittast fyrir. Ef gerðarþoli á hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þó byrja aðför á starfstofu sýslumanns.

23. gr.

Ekki verður af aðför, nema gerðarbeiðandi sé viðstaddur eða annar maður, sem að lögum er heimilt að koma fram fyrir hans hönd.

Víkja má frá fyrirmælum 1. mgr. eftir ákvörðun sýslumanns, ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Ef svo er gert, skal sýslumaður gæta réttinda gerðarbeiðanda af sjálfsdáðum, annarra en þeirra, sem fyrirmæli 29.–31. gr. og 14. kafla taka til.

24. gr.

Hafi gerðarþoli eða maður, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr., tálmar það ekki aðför, þótt gerðarþoli sé ekki staddur við gerðina eða einhver, sem málstað hans getur tekið, ef unnt reynist annarra hluta vegna að ljúka henni án nærveru hans. Sýslumaður skal þá gæta þess af sjálfsdáðum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með lögum þessum.

Ef gerðarþoli, fyrirsvarsmaður hans eða umboðsmaður er ekki viðstaddur, þegar gerðin er tekin fyrir, og honum eða löghæfum manni í hans stað hefur ekki sannanlega borist tilkynning um stað og stund til aðfarar eða ófært reynist af öðrum sökum að ljúka gerðinni vegna fjarveru hans, getur sýslumaður, ef gerðin beinist að einstökum manni, falið maka gerðarþola eða öðrum heimilismanni hans, 18 ára eða eldri, að taka málstað hans. Ef gerðin beinist að öðrum en einstaklingi, getur sýslumaður með sama hætti falið stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að taka málstað hans.

Ef svo er ástatt, sem í 2. mgr. segir, en enginn þargreindur er tiltækur, sem tekið getur málstað gerðarþola, eða sá getur ekki veitt nauðsynlegar upplýsingar eða atbeina til að ljúka megi gerð, er sýslumanni rétt að fresta gerðinni, ef óreynt er hvort takast muni að ná til gerðarþola innan þess tíma, að hagsmunum gerðarbeiðanda verði ekki spillt. Meðal annars er lögreglumönnum í þessu skyni skylt að boði sýslumanns að leita gerðarþola eða fyrirsvarsmanns hans og boða hann til að mæta til gerðarinnar eða færa hann til hennar. Nú tekst ekki að hafa uppi á gerðarþola eða fyrirsvarsmanni hans með þeim hætti, sem að framan segir, eða hagsmunir gerðarbeiðanda leyfa ekki að gerð verði frestað frekar, og er þá sýslumanni rétt að fara þangað, sem gerðarþoli hefur heimili eða skráð aðsetur, og ljúka þar gerðinni í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda, enda standi önnur fyrirmæli laga þessara ekki í vegi þeirra málaloka. Eigi gerðarþoli hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þegar svo stendur á ljúka gerðinni á starfstofu sýslumanns.

25. gr.

Aðfarargerð byrjar með því að sýslumaður kynnir gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirliggjandi gögn, og skorar á hann að fullnægja þeirri skyldu, sem aðfarar er krafist fyrir. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun, skal aðför fram haldið eftir því, sem hér á eftir segir.

Ef aðfarargerð byrjar án nærveru gerðarbeiðanda samkvæmt þeirri heimild, sem greinir í 2. mgr. 23. gr., getur sýslumaður ekki skorast undan að taka við greiðslu kröfunnar, ef hún er boðin fram að einhverju leyti eða öllu.

Gerðarþoli getur varnað aðför til fullnustu kröfu, sem ágreiningur stendur um, ef hann setur gerðarbeiðanda tryggingu fyrir efndum hennar, sem sýslumaður metur nægjanlega.

Sýslumanni ber, eftir því sem við á, að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila.

Skylt er gerðarþola eða málsvara hans að segja satt og rétt frá öllu, sem sýslumaður krefur hann svara um og máli skiptir um framgang gerðarinnar.

26. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á gerðinni stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verður frestað til tiltekins tíma.

Ef sýslumaður ákveður að fresta gerðinni gegn vilja gerðarbeiðanda, getur gerðarbeiðandi krafist úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun skv. 14. kafla.

Hafni sýslumaður kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar, skal henni þegar fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi því yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

27. gr.

Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

Að jafnaði skulu mótmæli gerðarþola ekki stöðva gerðina, nema þau varði atriði, sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum, eða sýslumaður telur mótmælin af öðrum sökum valda því, að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi þau réttindi, sem hann krefst fullnægt, eða að hann eigi rétt á að gerðin fari fram með þeim hætti, sem hann krefst.

Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. mgr., getur hann krafist úrlausnar héraðsdómara um hana samkvæmt fyrirmælum 14. kafla. Frestast þá gerðin að því leyti, sem sýslumaður hefur hafnað kröfum gerðarbeiðanda, þar til leyst hefur verið úr ágreiningsefninu.

Hafni sýslumaður mótmælum gerðarþola, skal gerðinni fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

28. gr.

Ef aðfarargerð gæti ranglega skert rétt þriðja manns, er honum heimilt að mæta og krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti, sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 26. eða 27. gr.

29. gr.

Færist gerðarþoli undan því að veita þær upplýsingar við aðfarargerð, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs hennar, er sýslumanni heimilt að skerða frelsi gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar, þó ekki lengur en í 24 klukkustundir. Lögreglumönnum er skylt að veita sýslumanni atbeina í þessu skyni samkvæmt boði hans. Ef grunur leikur á að gerðarþoli sé með refsiverðum hætti að fyrirbyggja fullnustu kröfu gerðarbeiðanda með synjun sinni um að veita upplýsingar, skal farið eftir fyrirmælum laga um meðferð opinberra mála.

Ef gerðarþoli færist undan að veita upplýsingar með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir, er sýslumanni heimilt að ákveða honum dagsektir samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Skulu þær renna til gerðarbeiðanda og falla á, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða unnt reynist af öðrum sökum að ljúka gerð án þeirra. Gera má aðför fyrir dagsektum þessum, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. Dagsektum verður ekki beitt, meðan gerðarþoli sætir frelsisskerðingu skv. 1. mgr.

Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

30. gr.

Samkvæmt boði sýslumanns er gerðarþola eða þeim, sem málstað hans getur tekið skv. 2. mgr. 24. gr., skylt að veita aðgang að húsakynnum hans og lokuðum hirslum hans, ef gerðarbeiðandi krefst og sýslumaður telur það nauðsynlegt vegna framgangs gerðarinnar. Skorist viðkomandi undan því eða honum er það ófært, er sýslumanni rétt að beita valdi í þessu skyni.

Nú hefur ekki náðst til gerðarþola til að vera við aðför eða neins, sem málstað hans getur tekið, en honum hefur áður verið tilkynnt skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. að aðför muni fara fram á þeim stað, þar sem húsakynni hans eru eða lokaðar hirslur er að finna. Er sýslumanni þá rétt að kröfu gerðarbeiðanda að beita valdi með sömu skilyrðum og segir í 1. mgr.

Nú hefur ekki náðst til gerðarþola eða neins, sem málstað hans getur tekið, en gerðarþola hefur ekki verið tilkynnt um aðför með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. Telji sýslumaður allt að einu að aðför megi gera skv. 3. mgr. 24. gr., getur hann að kröfu gerðarbeiðanda krafist úrskurðar héraðsdómara um heimild til að brjóta upp húsakynni gerðarþola og læstar hirslur. Meðan slíkur úrskurður er ófenginn og ekki næst til gerðarþola, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að varna því, að nokkuð verði gert, sem raskað gæti rétti gerðarbeiðanda. Ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess og sérstök hætta þykir á, að hann verði ella fyrir verulegum réttarspjöllum, er sýslumanni þó heimilt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að brjóta upp húsakynni gerðarþola eða læstar hirslur án undangengins úrskurðar héraðsdómara. Að öðru leyti skal beita reglum laga um húsleit við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Ef rökstudd ástæða þykir til að ætla að gerðarþoli kunni að hafa geymda fjármuni á sér eða muni eða gögn, sem máli geta skipt um framgang gerðarinnar, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda skorað á gerðarþola að heimila leit á honum sjálfum.

Ef gerðarþoli verður ekki við áskorun skv. 1. mgr., er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að skerða frelsi gerðarþola. Ber sýslumanni án tafar að greina héraðsdómara frá ákvörðun sinni og krefjast úrskurðar hans um heimild til að leit fari fram á gerðarþola. Beita skal að öðru leyti reglum laga um leit á manni við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

32. gr.

Aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild skulu lögð fram við gerðina og merkt með áframhaldandi númeraröð. Einnig skulu lögð fram þau gögn, sem máli geta skipt um réttindi aðilanna og um framgang gerðarinnar að öðru leyti.

Um varðveislu sýslumanns á framlögðum gögnum og heimildir til aðgangs að þeim eða til afhendingar þeirra skal farið eftir reglum um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Sýslumaður færir gerðabók um aðfarargerðir. Fer um form hennar eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Í gerðabók skal greint hvar og hvenær aðfarargerð fer fram, nöfn aðila og umboðsmanna eða málsvara þeirra, hver gögn hafa verið lögð fram við gerðina og hvernig hún hefur að öðru leyti farið fram.

Sýslumaður les upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem við hana eru staddir, eða kynnir þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Þeim skal gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

34. gr.

Fari aðfarargerð fram á starfstofu sýslumanns og gerðarþoli eða umboðsmaður hans er við hana staddur, er ekki þörf votta við gerðina, ef þeir, sem mættir eru, undirrita bókun um hana.

Þegar aðför fer fram með öðrum hætti en segir í 1. mgr., ber sýslumanni að hlutast til um að staddur sé við gerðina vottur, sem fullnægir hæfiskröfum laga til að vera vottur á dómþingi í einkamáli milli sömu aðila. Votturinn skal undirrita bókun sýslumanns um gerðina.

35. gr.

Ef ekki reynist unnt að ljúka aðför í því umdæmi, þar sem hún hefur réttilega byrjað, er sýslumanni heimilt, ef hann svo kýs og gerðarbeiðandi óskar þess, að halda gerðinni áfram utan umdæmis síns, ef sú ráðstöfun hefur ekki teljandi kostnaðarauka í för með sér fyrir gerðarþola eða hana verður að telja nauðsynlega í ljósi atvika. Hafa athafnir sýslumanns sama gildi, þegar svo stendur á, og ef þær hefðu gerst innan marka umdæmis hans. Þó skulu réttindi gerðarbeiðanda þoka fyrir rétti þess, sem síðar gerir aðför vegna samkynja skyldu gerðarþola, ef beiðni þess hefur áður borist sýslumanni í því umdæmi, þar sem fyrri gerðinni var fram haldið.

Ef nauðsyn ber til að aðför verði fram haldið utan þess umdæmis, þar sem hún hefur byrjað, og ekki er neytt heimildar skv. 1. mgr., skal gerðarbeiðandi afla frumskjala vegna gerðarinnar og eftirrits úr gerðabók hjá sýslumanni, sem farið hefur með hana, og senda þau þeim sýslumanni, er við tekur. Sýslumaður, sem heldur gerðinni áfram, þarf ekki að endurtaka þær undirbúningsathafnir, sem farið hafa fram.

III. ÞÁTTUR

Aðför til fullnustu peningakröfu.

6. KAFLI

Andlag fjárnáms.

36. gr.

Gera má fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægja til greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 1. gr., og tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður þær fram til fjárnáms.

Sýslumaður skal ákveða til hvers kostnaðar gerðarbeiðandi á tilkall úr hendi gerðarþola vegna undirbúnings gerðarinnar og hennar sjálfrar, að því leyti sem hann fellur til eftir öflun aðfararheimildar.

37. gr.

Gera má fjárnám í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum, sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Fjárnám verður aðeins gert í réttindum, sem fengin eru, þegar gerðin fer fram.

Gera má fjárnám í eign, þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi áður fengið veðréttindi í henni.

38. gr.

Ekki skal taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur munu nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda.

Ef málsaðili telur óvíst um verðmæti eignar, sem taka má fjárnámi, skal sýslumaður virða hana. Skal miðað við það verð, sem ætla má að fáist fyrir hana við nauðungarsölu, að frádregnum kostnaði og að teknu tilliti til réttinda þeirra, sem forgangs kunna að njóta gagnvart kröfu gerðarbeiðanda.

Sýslumaður getur kvatt til einn eða tvo menn, er sérþekkingu hafa, til að virða innan tiltekins og stutts frests eign, sem fjárnámi má taka, ef þess er krafist við gerðina. Áður en virðing fer fram, skulu virðingarmenn heita að rækja starf sitt eftir bestu vitund. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra og úr hendi hvors málsaðila hún greiðist, en að jafnaði skal sá bera kostnað um sinn af virðingu, sem hefur krafist hennar. Heimilt er sýslumanni að áskilja tryggingu fyrir þóknun virðingarmanna úr hendi þess, sem krefst kvaðningar þeirra, áður en hún á sér stað.

39. gr.

Gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, á rétt til að vísa á þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Gerðarbeiðanda er ekki rétt að hafna fjárnámi í eign, sem bent er á af hálfu gerðarþola, ef hún er metin nægileg trygging fyrir kröfu hans, nema svo standi á, sem í 2.–4. mgr. segir.

Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að peningar verði teknir fjárnámi, nema þeir verði undanþegnir fjárnámi skv. 41. gr.

Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að fjárnám verði gert í eign, sem gerðarbeiðandi á tryggingarréttindi í fyrir kröfu sinni.

Gerðarbeiðandi þarf ekki að hlíta að fjárnám verði gert í fasteign, í eign, sem aðrir eiga réttindi yfir, í eign, sem hefur óvisst verðgildi, eða í eign, sem örðugt er að varðveita eða selja, ef til er önnur eign, sem fjárnám má gera í.

Vísi gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, ekki á eignir til fjárnáms, eða enginn er staddur við gerðina af hans hálfu, má gerðarbeiðandi tiltaka þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Sýslumaður skal þá gæta þess að fjárnám sé að öðru jöfnu fyrst gert í þeim eignum, sem ætla má að gerðarþoli eða heimilismenn hans geti helst verið án.

40. gr.

Heimilt er gerðarþola að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfu gerðarbeiðanda með kröfu, sem orðin er aðfararhæf, eða kröfu, sem gerðarbeiðandi viðurkennir rétta, ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt.

41. gr.

Peningaeign má taka fjárnámi, nema eftirfarandi eigi sannanlega við:

1. að um sé að ræða fyrirframgreiðslu framfærslueyris með gerðarþola, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem greiðslan er fyrir.
2. að um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framfæranda, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir.
3. að hún sé nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við.

Fasteignir, lausafé og aðrar sambærilegar eignir, sem aflað hefur verið með fé skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr., verða ekki undanþegnar fjárnámi í skjóli þeirra fyrirmæla.

Fjárnám má gera að ábendingu gerðarþola í peningaeign, sem reglur 1. mgr. taka til.

42. gr.

Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifjár slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi, og þess, sem síðar verður til.

Fjárnám má aðeins gera í slíku fylgifé einu út af fyrir sig að ábendingu gerðarþola og með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifé hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

43. gr.

Fjárnám verður ekki gert í lausafjármunum, sem nauðsynlegir eru gerðarþola og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist.

Heimilt er gerðarþola að auki að undanþiggja eftirfarandi lausafjármuni fjárnámi:

1. muni, sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða fjölskyldu hans, ef verðmæti þeirra er ekki slíkt, að undanþágan verði talin ósanngjörn gagnvart gerðarbeiðanda.
2. muni, sem eru nauðsynlegir honum eða heimilismanni hans vegna örorku eða heilsubrests.
3. námsgögn, sem eru nauðsynleg honum eða heimilismanni hans vegna skólagöngu.
4. muni, sem hann eða heimilismaður hans nýtir til atvinnu sinnar, að samanlögðu verðmæti allt að 50.000 kr. Fjárhæð þessa skal ákvarða hverju sinni í ljósi almennra verðlagsbreytinga frá gildistöku laga þessara.

Heimildir 1. og 2. mgr. taka ekki til muna, sem standa að veði fyrir kröfu gerðarbeiðanda, eða sem gerðarbeiðandi hefur með gildum hætti áskilið sér eignarrétt að.

44. gr.

Fjárnám má gera í kröfum gerðarþola á hendur öðrum, þótt skilyrtar séu eða ógjaldfallnar, með þeim takmörkunum, sem leiðir af 45.–48. gr. og fyrirmælum annarra laga.

Gera má fjárnám í gjaldfallinni kröfu, sem undanskilja má fjárnámi skv. 45.–48. gr., að ábendingu gerðarþola eða ef krafan stendur til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Ef fjárnám er gert í verðbréfi eða kröfu, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til arðs eða vaxta af bréfinu eða kröfunni, jafnt þeirra, sem þegar hafa fallið til, og þeirra, sem réttur stofnast til síðar.

45. gr.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað ógreitt endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið var til launanna eða endurgjaldsins.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um eftirlaun fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um laun í uppsagnarfresti eða í bótakröfu vegna slita ráðningarsamnings fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

46. gr.

Fjárnám verður ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfæranda, eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem slíkum kröfum tengist, ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum.

47. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eftirfarandi kröfum, nema einn mánuður sé liðinn frá því þær urðu gjaldkræfar:

1. kröfu um framfærslueyri eða meðlag.
2. kröfu um bætur, dagpeninga, lífeyri eða styrki úr almannatryggingum eða frá annarri sambærilegri opinberri stofnun.
3. kröfu um bætur, dagpeninga eða styrki úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags.
4. kröfu um greiðslu úr viðurkenndum lífeyrissjóði, að því leyti sem hún á rætur að rekja til iðgjaldagreiðslna, sem lögboðnar eru, mælt er fyrir um í kjarasamningi eða teljast af öðrum sökum eðlilegar í ljósi aðstæðna.
5. kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu, ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá aðför eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi.

48. gr.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu samkvæmt gagnkvæmum samningi, ef gerðarþoli hefur ekki efnt hann af sinni hálfu, og það, sem ógert er, er eigin vinna eða verk hans eða eitthvað annað, sem viðsemjandi gerðarþola þarf ekki að una að annar en gerðarþoli láti í té.

49. gr.

Fjárnám verður ekki gert í persónubundnum réttindum, sem gerðarþola er óheimilt að framselja á sitt eindæmi, nema þau standi til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

50. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eign, sem gefin hefur verið gerðarþola með fyrirmælum um að hún verði undanþegin aðför, ef honum er jafnframt óheimilt að ráðstafa henni, enda hafi gjafagerningi með slíkum skilmála verið þinglýst, ef réttarvernd er því háð í viðkomandi tilviki. Hið sama á við um arð af slíkri eign, ef skemmri tími en einn mánuður er liðinn frá því hann varð gjaldkræfur.

Ef eign hefur að nokkru verið gefin gerðarþola með þeim áskilnaði, sem áður segir, en að öðru leyti verið látin af hendi gegn endurgjaldi, tekur 1. mgr. til þess hluta eignarinnar, sem gefinn var.

51. gr.

Sýslumaður skal bóka af nákvæmni í hverjum eignum fjárnám er gert og fyrir hverjum kröfum. Hafi virðing hins fjárnumda farið fram skv. 38. gr., skal verðmæti þess einnig tiltekið í bókun.

Heimilt er sýslumanni að gera fjárnám í eign, þótt hún sé á öðrum stað eða í öðru umdæmi en þar sem gerðin fer fram, nema þörf sé á virðingu eignarinnar skv. 38. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem málstað hans tekur, um réttaráhrif fjárnáms. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola, skal sýslumaður tilkynna honum um fjárnámið, ef vitað er hvar hann er niður kominn.

7. KAFLI

Réttaráhrif fjárnáms og vörslur hins fjárnumda.

52. gr.

Fyrningu aðfararhæfrar kröfu er slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.

53. gr.

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda.

Gerðarþola er heimilt að nýta fylgifé, sem fjárnám í eign tekur einnig til eftir 1. mgr. 42. gr., að því leyti, sem nauðsynlegt er til eðlilegra nota eignarinnar.

54. gr.

Nauðungarsala hins fjárnumda eða önnur lögmæt ráðstöfun þess á grundvelli fjárnáms má ekki fara fram án samþykkis eiganda þess fyrr en fjórar vikur eru liðnar frá því fjárnám var gert.

Hafi gerðarþoli eða þriðji maður borið ágreining um gerðina undir héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fjárnám var gert, getur gerðarbeiðandi ekki neytt þeirra réttinda, sem 1. mgr. tekur til, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, fyrr en hann hefur verið leiddur til lykta fyrir héraðsdómi.

Nú ber gerðarþoli eða þriðji maður ágreining um fjárnámsgerð undir héraðsdómara að loknum þeim fresti, sem á undan getur, og stöðvast þá nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, þar til hann er til lykta leiddur fyrir héraðsdómi. Ekki haggast fyrir þær sakir gildi ráðstafana, sem þegar hafa átt sér stað á hinu fjárnumda.

Héraðsdómari getur kveðið á um það með sérstökum úrskurði samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, að rekstur ágreiningsmáls um fjárnámsgerð komi ekki í veg fyrir ráðstöfun hins fjárnumda skv. 2. eða 3. mgr.

55. gr.

Ef peningar eru teknir fjárnámi og mótmæli koma ekki fram gegn gerðinni, afhendir sýslumaður þá gerðarbeiðanda þegar í stað sem greiðslu upp í kröfuna. Að öðrum kosti tekur sýslumaður þá í vörslur sínar, ef gerðarbeiðandi krefst, og varðveitir á bankareikningi, þar til sá tími er kominn, að gerðarbeiðandi megi ráðstafa hinu fjárnumda skv. 54. gr.

56. gr.

Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi, loftfari eða lausafé, á gerðarþoli rétt á að hafa umráð hins fjárnumda þar til nauðsyn ber til annars vegna nauðungarsölu þess, nema annað leiði af reglum 2. eða 3. mgr.

Hafi fjárnám verið gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, getur sýslumaður svipt gerðarþola umráðum hins fjárnumda að kröfu gerðarbeiðanda og falið þau öðrum manni, ef sýnt þykir að brýn hætta sé á að það spillist eða rýrni í umráðum gerðarþola eða að umráð hans muni á annan hátt torvelda nauðungarsölu verulega. Gerðarþoli verður þó ekki af þessum sökum sviptur umráðum fasteignar eða þess hluta hennar, þar sem hann á heimili.

Hafi fjárnám verið gert í lausafé, skal sýslumaður veita gerðarbeiðanda vörslur þess, ef hann krefst og ástæða þykir til að óttast að það muni spillast eða rýrna í vörslum gerðarþola eða að vörslur hans muni á annan hátt torvelda nauðungarsölu.

57. gr.

Ef fjárnám er gert í verðbréfum eða kröfum, sem skilríki eru fyrir, tekur sýslumaður vörslur þeirra af gerðarþola, ef gerðarbeiðandi krefst.

Hafi fjárnám verið gert í kröfu, hvort sem skilríki eru fyrir henni eða ekki, er gerðarbeiðanda rétt að tilkynna það skuldaranum.

Skuldari kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, losnar ekki undan skyldum sínum með greiðslu til gerðarþola, nema hann hafi hvorki vitað né mátt vita um fjárnámið, þegar greiðslan átti sér stað, eða viðskiptabréf, sem krafan styðst við, hafi verið komið í gjalddaga

og verið í vörslum gerðarþola á þeim tíma og ekki borið með sér að fjárnám hafi verið gert í því.

Nú liggur fyrir að unnt sé að fá greiðslu af kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, en gerðarbeiðandi hefur ekki nýtt sér þau réttindi, sem gerðin veitir honum til ráðstöfunar á kröfunni. Skal sýslumaður þá endurupptaka gerðina samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og taka greiðsluna fjárnámi samkvæmt þeim reglum, sem kveðið er á um í 55. gr. Um endurupptökuna gilda reglur 9. kafla að öðru leyti en því, að ekki er þörf undanfarandi tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans eða málsvara hans við gerðina.

58. gr.

Ef gerðarþoli, málsvari hans eða þriðji maður lýsir því yfir meðan á gerðinni stendur, að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana, getur gerðarbeiðandi ekki krafist umráðasviptingar skv. 56. gr. fyrr en að fjórum vikum liðnum frá því fjárnám var gert, nema hann setji nægilega tryggingu að mati sýslumanns fyrir tjóni, sem hlotist getur af henni.

Ef gerðarþoli eða þriðji maður krefst úrlausnar héraðsdómara um fjárnámsgerð og meðan það ágreiningsmál hefur ekki verið leitt til lykta fyrir héraðsdómi, gilda fyrirmæli 1. mgr. um heimild gerðarbeiðanda til að krefjast umráðasviptingar skv. 56. gr. Ekki haggast af þeim sökum gildi umráðasviptingar, sem farið hefur fram áður en krafist var úrlausnar héraðsdómara.

59. gr.

Ef ákvæði 55.–57. gr. leiða til að sýslumanni væri rétt að varðveita hið fjárnumda eða að afhenda það gerðarbeiðanda eða öðrum manni, en lögmæt umráð þriðja manns standa því í vegi, skal gerðarbeiðandi tilkynna umráðamanninum um fjárnámið og að óheimilt sé að viðlagðri ábyrgð að afhenda gerðarþola hið fjárnumda. Tilkynningu skal að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gerðarinnar úr gerðabók.

60. gr.

Fjárnám í lausafé eða kröfu fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því það var gert, ef krafa frá gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda hefur ekki borist héraðsdómara innan þess tíma.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, ef nauðungarsölu eða annarrar lögmætrar ráðstöfunar hins fjárnumda hefur ekki verið krafist innan árs frá því fjárnámið var gert vegna réttarágreinings um það eða vegna réttinda þriðja manns, og gerðarbeiðandi krefst hennar innan þriggja mánaða frá því slík hindrun er úr vegi.

61. gr.

Að því leyti, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um annað, fer um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og um stöðu þess réttar gagnvart öðrum réttindum eftir almennum reglum laga.

8. KAFLI

Árangurslaust fjárnám.

62. gr.

Fjárnámi skal ekki lokið án árangurs, nema gerðarþoli hafi sjálfur verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn, sem málstað hans getur tekið.

63. gr.

Ekki er rétt að fjárnámi sé lokið án árangurs, ef bent er á eign gerðarþola, sem að nokkru gæti nægt til tryggingar kröfunni, nema staðreynt hafi verið með virðingu skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. að hún nægi ekki til fullrar tryggingar.

64. gr.

Ef gerðarbeiðandi rökstyður að ástæða geti verið til að ætla, að gerðarþoli eigi tiltekna eign, sem taka má fjárnámi, en það fæst ekki staðfest af hálfu gerðarþola og skilyrði eru að öðru leyti til að ljúka gerðinni án árangurs að nokkru eða öllu, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kanna frekar hag gerðarþola með eftirfarandi hætti:

1. með því að taka við skýrslum annarra en gerðarþola, sem veitt geta vitneskju um eignina og reiðubúnir eru til að gefa slíka skýrslu að ósk gerðarbeiðanda.
2. með því að leita upplýsinga um eignina hjá opinberum stofnunum, öðrum stjórnvöldum, viðskiptabönkum eða sparisjóðum.

Skylt er þeim, sem 2. tölul. 1. mgr. tekur til, að veita þær upplýsingar, sem sýslumaður krefst og varða hag gerðarþola.

9. KAFLI

Endurupptaka fjárnámsgerðar.

65. gr.

Endurupptaka skal fjárnámsgerð, ef allir málsaðilar eru á það sáttir.

Fjárnámsgerð skal enn fremur endurupptekin að kröfu málsaðila, ef úrskurður héraðsdómara eða dómur æðra dóms hefur gengið um breytingu hennar, sbr. 95. gr.

66. gr.

Fjárnámsgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi atvika:

1. ef nauðsyn ber til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda eða til að taka við því úr umráðum þriðja manns eða til að taka að öðru leyti upp fyrri ákvörðun um umráð þess, áður en sá tími er kominn, að nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda má fara fram.
2. ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi.
3. ef gerðarbeiðandi krefst að hið fjárnumda verði skrásett með nánara hætti en í upphafi var gert.
4. ef þau atvik verða, sem 4. mgr. 57. gr. tekur til.
5. ef söluandvirði hins fjárnumda við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hefur ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda.
6. ef gerð hefur verið lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og gerðarbeiðandi telur unnt að vísa á frekari eignir til fjárnáms.

67. gr.

Fjárnámsgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarþola vegna eftirfarandi atvika:

1. ef gerðarþoli hefur ekki verið við gerðina og fjárnám hefur verið gert í eign, sem óheimilt var að taka fjárnámi eða mátti undanþiggja.
2. ef fjárnám hefur að einhverju leyti eða öllu fallið niður vegna atvika, sem komið hafa til eftir að gerðin fór fram, eða vegna dómsúrlausnar, sem hnekkt hefur gildi aðfararheimildar að nokkru eða öllu, og gerðarþoli þykir hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.

Þriðja manni, sem telur fjárnámsgerð fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku fjárnámsgerðar, hafi hann ekki átt þess kost að koma mótmælum fram gegn gerðinni, meðan á henni stóð.

68. gr.

Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns, sem lauk fjárnámsgerð.

Við endurupptöku skal farið eftir þeim reglum, sem gilda um framkvæmd fjárnámsgerðar, eftir því sem við getur átt.

Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum, að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

10. KAFLI

Fjárnám til fullnustu kröfu um dagsektir.

69. gr.

Þau fyrirmæli þessa kafla, sem fela í sér frávik frá almennum reglum laga þessara, taka til krafna um dagsektir og önnur áfallandi viðurlög, sem lögð hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu, enda hafi fjárhæð þeirra ekki verið ákvörðuð með þeim hætti, að í þeim felist skaðabætur eða endurgjald til þess, sem gerðarþoli ber skyldu við.

70. gr.

Ef dagsektarkrafa styðst við aðfararheimild, sem beina á til héraðsdómara skv. 11. gr., nægir að það sé gert í fyrsta sinn, sem fjárnáms er krafist. Ef fjárnáms er krafist á ný til heimtu dagsekta, sem síðan hafa fallið til, má beina aðfararbeiðni til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdómara.

Fjárnám verður ekki gert til fullnustu kröfu um áfallnar dagsektir fyrr en mánuður er liðinn frá því síðast var gert fjárnám vegna áður tilfallinna dagsekta.

71. gr.

Ekki verður af fjárnámi til fullnustu dagsekta, ef gerðarþoli hefur efnt skyldur sínar eða býður fram efndir þeirra við gerðina eða atvik eru annars með þeim hætti, að hann hafi losnað undan þeirri skyldu, sem dagsektirnar varða. Fjárnám, sem áður hefur verið gert til fullnustu áfallinna dagsekta, fellur þá niður hvað þær varðar, nema annað leiði af öðrum lagareglum eða ákvæðum aðfararheimildarinnar.

IV. ÞÁTTUR

Fullnusta kröfu um annað en peningagreiðslu.

11. KAFLI

Aðför til fullnustu kröfu um annað en peningagreiðslu.

72. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að víkja af fasteign eða til að láta gerðarbeiðanda af hendi umráð hennar að einhverju leyti eða öllu, eða til að fjarlægja hluti af henni, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með útburði gerðarþola eða þeirra hluta, sem fjarlægðir verða, og eftir atvikum með innsetningu gerðarbeiðanda.

73. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að veita gerðarbeiðanda umráð annars en þess, sem 72. gr. tekur til, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því að taka það með valdi úr umráðum gerðarþola og afhenda gerðarbeiðanda.

74. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að gefa út eða rita undir skjal eða til að standa á annan hátt að löggerningi, skal sýslumaður, ef því verður við komið, fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því sjálfur að framkvæma viðkomandi athöfn með sömu réttaráhrifum og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

75. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að láta eitthvað ógert, getur sýslumaður samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda falið lögreglumönnum að varna því að gerðarþoli brjóti gegn því banni.

76. gr.

Nú er kveðið á í aðfararheimild um aðra skyldu gerðarþola en fyrirmæli 72.–75. gr. taka til, og gerðarþoli verður ekki við áskorun sýslumanns um að efna hana. Kveði aðfararheimild á um sérstakt peningagjald í stað þess, sem upphaflega skyldi innt af hendi, getur sýslumaður gert fjárnám fyrir því þegar í stað, ef gerðarbeiðandi krefst. Að öðrum kosti skal farið að með þeim hætti, sem í 77. gr. segir.

77. gr.

Ef leitt er í ljós við aðfarargerð að kröfu gerðarbeiðanda verður ekki fullnægt samkvæmt því, sem hér á undan segir, en ómöguleiki eða önnur samsvarandi atvik leysa gerðarþola ekki endanlega undan henni, getur gerðarbeiðandi krafist að héraðsdómari ákveði honum peningagreiðslu úr hendi gerðarþola þess í stað.

Ef aðfararheimild mælir fyrir um skyldu gerðarþola til að leysa af hendi verk, sem hann fæst ekki til að vinna, getur sýslumaður heimilað gerðarbeiðanda að fá aðra til að vinna það eftir reikningi. Skal héraðsdómari þá að jafnaði ákveða gerðarbeiðanda endurgreiðslu þess reiknings úr hendi gerðarþola.

Verði sú leið ekki farin, sem í 2. mgr. segir, dómkveður héraðsdómari einn eða tvo menn að kröfu gerðarbeiðanda til að meta hagsmuni hans til fjár. Í því mati skal einkum, eftir því sem við getur átt, farið eftir þeim reglum, sem gilda um ákvörðun eignarnámsbóta.

Við meðferð héraðsdómara samkvæmt framansögðu skal að öðru leyti farið eftir reglum 14. kafla, eftir því sem við getur átt.

Héraðsdómari ákveður gerðarbeiðanda endurgjald skv. 2. eða 3. mgr. með úrskurði, sem fullnægja má með fjárnámi samkvæmt almennum reglum.

12. KAFLI

Útburðar- og innsetningargerðir án undangengins dóms eða réttarsáttar.

78. gr.

Ef manni er með ólögmætum hætti aftrað að neyta réttinda, sem hann tjáir sig eiga og telur svo ljós, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem aflað verður skv. 83. gr., er honum heimilt að beina til héraðsdómara beiðni um að skyldu þess efnis, sem getur í 72. eða 73. gr., verði fullnægt með aðfarargerð, þótt aðfararheimild skv. 1. gr. liggi ekki fyrir.

Er héraðsdómara hefur borist beiðni skv. 1. mgr. og hann telur að lög leiði ekki til að henni verði þegar vísað á bug, skal hann fara með hana eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 13. kafla.

79. gr.

Ekki stendur það í vegi aðfarargerðar skv. 78. gr., þótt dómsmál sé jafnframt rekið milli sömu aðila um önnur atriði, sem varða réttarsamband þeirra.

V. ÞÁTTUR

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

13. KAFLI

Meðferð máls um aðfararbeiðni.

80. gr.

Þegar kveðja þarf gerðarþola fyrir héraðsdóm vegna aðfararbeiðni samkvæmt fyrirmælum 14. eða 78. gr., ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það gerðarþola með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal að auki getið um eftirfarandi í meginatriðum:

1. hver krefjist gerðarinnar og við hverja heimild sú krafa styðjist.
2. hvers gerðarbeiðandi krefjist í beiðni sinni.
3. hverju það varði, ef gerðarþoli sækir ekki þing.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast gerðarþola eða þeim, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í almennu einkamáli. Þó má héraðsdómari ákveða skemmri fyrirvara, ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess.

Héraðsdómari tilkynnir gerðarbeiðanda um stað og stund til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

81. gr.

Ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing, þegar beiðni hans er tekin fyrir, eða ekki verður af þingsókn hans síðar, skal beiðnin teljast fallin niður. Héraðsdómari getur úrskurðað gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda, ef sótt hefur verið þing af hálfu gerðarþola og þóknunar verið krafist.

82. gr.

Ef gerðarþoli sækir ekki þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir, eða þingsókn hans fellur síðar niður, kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort og að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt framkomnum gögnum.

Héraðsdómari ritar ályktunarorð úrskurðar skv. 1. mgr. á aðfararbeiðni og afhendir eða sendir hana gerðarbeiðanda ásamt samriti fylgigagna.

83. gr.

Ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verður þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skal málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Ef sátt tekst ekki, skal málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara.

Varnir verða ekki hafðar uppi gegn aðfararbeiðni um atriði, sem dómstóll hefur áður tekið afstöðu til.

Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort eða að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt skýrslum og málflutningi aðila og framkomnum skjölum. Að jafnaði skal aðfararbeiðni hafnað, ef varhugavert verður talið að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla samkvæmt áðursögðu.

84. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

14. KAFLI

Úrlausn ágreinings, sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um endurupptöku hennar.

85. gr.

Heimilt er gerðarbeiðanda, meðan aðfarargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

Gerðarþola er því aðeins heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir sýslumanns um aðfarargerð, meðan henni er ólokið, að gerðarbeiðandi samþykki eða gerðinni hafi verið frestað í kjölfar ákvörðunarinnar, enda hafi gerðarþoli þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Ef gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, er gerðarþola þó frjálst að hafa kröfur uppi um sömu ákvörðun.

Heimilt er þriðja manni að krefjast úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um aðfarargerð með sömu skilyrðum og gerðarþola, ef sú ákvörðun varðar atriði, sem hann hefur hagsmuni af.

Heimilt er málsaðila að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns um endurupptöku aðfarargerðar, ef krafan kemur fram án ástæðulauss dráttar og áður en krafist er frekari ráðstafana á grundvelli gerðarinnar.

Ákvarðanir sýslumanns um einstök atriði gerðar, sem málsaðili hefur ekki krafist úrlausnar héraðsdómara um skv. 1.–4. mgr., verða ekki lagðar undir úrlausn héraðsdómara síðar nema með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 92. gr.

86. gr.

Ef málsaðili krefst úrlausnar héraðsdómara með þeim hætti, sem í 1.–3. mgr. 85. gr. segir, frestast gerðin að því leyti, sem hún er háð viðkomandi ákvörðun. Skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er, sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um, og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir, sem þeir færa fyrir kröfum sínum.

Ef gerðarþoli er ekki viðstaddur eða neinn, sem málstað hans getur tekið, þegar gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal sýslumaður tilkynna gerðarþola um málavexti.

Sýslumaður skal afhenda þeim, sem krefst úrlausnar héraðsdómara, staðfest ljósrit gagna og eftirrit úr gerðabók varðandi aðfarargerðina svo fljótt, sem við verður komið.

Sá, sem krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal án tafar senda héraðsdómara málsgögn skv. 3. mgr.

Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

87. gr.

Er héraðsdómara hafa borist gögn varðandi aðfarargerðina, ákveður hann stað og stund til þinghalds og tilkynnir málsaðilum það með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Sá, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, telst sóknaraðili máls um ágreiningsefnið fyrir héraðsdómi, en gagnaðili að gerðinni varnaraðili máls. Komi sjálfstæðar kröfur fram af hálfu varnaraðila um ákvörðun sýslumanns, skal farið með þær eins og gagnsök í sama máli.

88. gr.

Ef þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. er sótt af hálfu beggja eða allra málsaðila og sættir takast ekki um ágreininginn, veitir héraðsdómari þeim skamman frest til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna, ef þörf krefur. Skal málið síðan sótt og varið munnlega.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt kafla þessum í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið.

89. gr.

Ef sóknaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal fella málið niður, ef varnaraðili hefur ekki sjálfstæðar kröfur uppi, en ella aðalsök þess. Heimilt er héraðsdómara að úrskurða varnaraðila ómaksþóknun úr hendi sóknaraðila, ef mál er fellt niður og varnaraðili hefur sótt þing og krefst hennar. Ef varnaraðili hefur gert sjálfstæðar kröfur í málinu, skal farið með sök hans samkvæmt reglum 2. mgr., eftir því sem við getur átt að breyttu breytanda.

Ef varnaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal héraðsdómari fella gagnsök niður, ef varnaraðili hefur haft sjálfstæðar kröfur uppi, og gefa sóknaraðila kost á að leggja fram greinargerð í aðalsök, hafi hún ekki áður komið fram. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð, áður en þingsókn hans féll niður, skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila, áður en málið verður tekið til úrskurðar.

90. gr.

Vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fara fram í málum samkvæmt kafla þessum.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns eða lagt fyrir sýslumann að framkvæma gerð með öðrum hætti en hann hafði áður ákveðið.

Héraðsdómari leggur ekki mat í úrskurði sínum á önnur atriði gerðar en þau, sem krafist hefur verið úrlausnar um, nema um atriði sé að tefla, sem sýslumanni bar að gæta af sjálfsdáðum.

91. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

15. KAFLI

Úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.

92. gr.

Heimilt er málsaðilum, þar á meðal þriðja manni, sem hagsmuni hefur af gerðinni, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því gerðinni var lokið.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn, verður ágreiningur um aðfarargerð eða ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar ekki lagður fyrir héraðsdómara, nema allir málsaðilar séu á það sáttir eða héraðsdómari telji afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð eða til ágreinings komi um gerðina vegna kröfu gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á eign, sem tekin hefur verið fjárnámi.

93. gr.

Þegar málsaðili krefst úrlausnar um aðfarargerð skv. 92. gr., tilkynnir hann héraðsdómara það skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja aðfarargerð er að ræða, hvenær hún fór fram og hverjir aðilar hennar voru.
2. hvers krafist er fyrir héraðsdómara.
3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur eru reistar.

Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu að jafnaði fylgja staðfest eftirrit framlagðra gagna við aðfarargerðina og bókana í gerðabók sýslumanns um hana, en ella skulu þau afhent héraðsdómara svo fljótt, sem við verður komið.

Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

94. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda fyrirmæli 87.–89. gr. og 1. mgr. 90. gr., en að öðru leyti almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

95. gr.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

VI. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði.

16. KAFLI

Ábyrgð á aðfarargerð.

96. gr.

Hafi gerðarbeiðandi krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til, ber honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum.

Hafi aðfarargerð farið fram með ólögmætum hætti og verið felld úr gildi af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn, á sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum.

Ef svo stendur á, sem í 1. eða 2. mgr. segir, og gerðarþoli hefur sætt frelsisskerðingu, húsleit verið gerð hjá honum eða leit verið gerð á honum, sbr. 29.–31. gr., á hann rétt til miskabóta úr hendi gerðarbeiðanda.

97. gr.

Heimilt er þeim, sem tilkall á til bóta skv. 96. gr., að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkissjóði óskipt með gerðarbeiðanda, ef sýslumaður eða fulltrúi hans hefur sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar, sem leitt hefur til tjóns.

Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

98. gr.

Mál til heimtu bóta skv. 96. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi.

17. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög og ákvæði til bráðabirgða.

99. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um aðför, nr. 19, 4. nóvember 1887.
2. 8. og 9. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 1. gr. og 2.–16. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. desember 1885.
3. Í norskum lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók, 22. kap.; 19., 22., 23., 24., 28., 39., 40. og 56. gr.
4. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
5. Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum, 13. janúar 1792.
6. Tilskipun um aðför eftir dómum, er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið, 14. september 1792.
7. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
8. Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs, 21. maí 1829.
9. Opið bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu, 11. desember 1869.
10. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32, 11. júlí 1911.

100. gr.

Aðfarargerðir skulu ekki fara fram og ekki skal tekið við nýjum aðfararbeiðnum frá og með 15. júní 1990 til og með 30. júní 1990, nema brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjist þess að mati fógeta. Heimilt er þó á framangreindu tímabili að ljúka gerð, sem byrjað hefur fyrir 15. júní 1990.

101. gr.

Beiðnir um aðfarargerðir, sem ekki hefur verið sinnt þann 15. júní 1990 og liggja fyrir við borgarfógetaembættið í Reykjavík, embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og embætti bæjarfógeta og sýslumanna, skulu endursendar hlutaðeigandi gerðarbeiðendum, nema þeir hafi áður óskað bréflega eftir framsendingu tiltekinna beiðna til héraðsdóms eða embættis sýslumanns, eftir því sem leiðir af fyrirmælum 11. og 16. gr.

Beiðnir, sem framsendar eru samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., skulu skráðar skv. 1. mgr. 15. eða 18. gr., og njóta stöðu skv. 1. mgr. 19. gr. í samræmi við þann dag, sem þær bárust borgarfógeta, lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumanni, ef þær bera móttökudaginn með sér. Teljast þær ella mótteknar 1. júlí 1990.

Beiðnir, sem endursendar eru gerðarbeiðendum samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., glata þeirri réttarvernd, sem þær kunna að njóta samkvæmt gildandi lögum 15. júní 1990.

102. gr.

Aðför má gera samkvæmt fyrirmælum laga þessara til fullnustu kröfu, þótt hún hafi ekki verið aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum eldri laga og þótt gjalddagi hennar eða

efndatími hafi verið fyrir 1. júlí 1990. Þetta tekur þó ekki til krafna, sem nutu lögtaksréttar, ef sá réttur er fyrndur samkvæmt eldri lögum við gildistöku þessara laga.

Ekki er þörf birtingar áskorunar áður en aðför fer fram samkvæmt lögum þessum, þótt svo hafi staðið á um kröfu fyrir gildistöku laganna, sem segir í 9. gr. laga nr. 19/1887.

103. gr.

Ef aðfarargerð hefur byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

104. gr.

Um heimildir til umráðasviptingar eigna, sem fjárnám eða lögtak hefur verið gert í fyrir 1. júlí 1990, fer eftir 7. kafla frá þeim degi.

Fyrirmæli 54., 58. og 60. gr. taka ekki til aðfarargerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1990.

105. gr.

Um heimildir til endurupptöku fjárnáms- eða lögtaksgerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1990, skal farið eftir reglum eldri laga, þótt komið sé fram yfir þann dag. Um framkvæmd við endurupptöku skal farið eftir fyrirmælum 68. gr., eftir því sem við getur átt.

106. gr.

Fyrirmæli 10. kafla taka ekki til dagsekta, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 1. júlí 1990.

107. gr.

Ef rekstur sérstaks ágreiningsmáls hefur byrjað fyrir fógetarétti eða ákvörðun verið tekin um hann fyrir 1. júlí 1990, en málinu hefur ekki verið lokið fyrir þann dag, skal það sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi, sem þá tekur við lögsögu í viðkomandi umdæmi. Meðferð slíks máls skal lokið samkvæmt þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Aðfarargerð, sem lokið hefur verið fyrir 1. júlí 1990, verður ekki borin undir héraðsdóm skv. 15. kafla.

108. gr.

Fyrirmæli 16. kafla taka ekki til athafna, sem eiga sér stað fyrir 1. júlí 1990, þótt aðfarargerð sé lokið eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Unnið hefur verið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd og laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Frumvarpinu er aðallega ætlað að leysa af hólmi tvenn lög um aðfarargerðir, annars vegar lög um aðför nr. 19, 4. nóvember 1887 (hér á eftir nefnd aðfararlög), og hins vegar lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar nr. 29, 16. desember 1885 (hér á eftir nefnd lögtakslög). Að auki tekur frumvarpið til efnis, sem dreifð fyrirmæli í enn eldri réttarheimildum hafa gilt um, eins og sjá má nánar af talningu brottnuminna laga í 99. gr. frumvarpsins. Viðfangsefni frumvarpsins, eins og nefndra núgildandi laga, er að kveða á um almenn úrræði til að fá fullnægt skyldum einstakra manna, félaga, samtaka eða stofnana, sem þeir geta ekki eða vilja ekki efna sjálfviljugir. Það úrræði, sem lög heimila í þessu skyni og ríkisvaldið veitir atbeina sinn til, felst í aðför eða aðfarargerð. Aðför verður almennt beitt til að knýja á um fullnustu skyldu, hvort sem hún er til greiðslu peningaskuldar, til

ákveðinnar athafnar eða til að láta eitthvað ógert. Um nánari skilyrði fyrir að krefjast megi aðfarar til fullnustu skyldu er mælt fyrir í lögum. Að meginreglu verður aðför aðeins beitt til að fullnægja dómi eða lögbundnu ígildi hans, eins og sést af fyrirmælum aðfararlaga um fjárnám samkvæmt dómi um skyldu til peningagreiðslu og um aðför til fullnustu annarra skuldbindinga samkvæmt dómi. Um langan aldur hefur þó verið viðurkennt í löggjöf að aðför geti farið fram án slíks aðdraganda, eins og sést af heimild Norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687 til útburðar án undangengins dóms, og fyrirmælum lögtakslaga um aðför til fullnustu tiltekinna tegunda peningakrafna án undanfarandi dóms eða réttarsáttar. Í löggjöf um aðför þarf þó ekki aðeins að taka afstöðu til þess, hverjum skilyrðum þurfi að fullnægja til að ríkisvaldið veiti atbeina með valdbeitingu til að knýja á um efndir skyldu með aðfarargerð, heldur einnig hvernig staðið verði nánar að framkvæmd aðfararinnar og hverjum handhafa ríkisvalds, stjórnvaldi eða dómstól, sé falið að annast það viðfangsefni.

Frumvarpið er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar á héraðsdómstigi og tengist þannig frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem dómsmálaráðherra lagði fram á 110. löggjafarþingi 1987–88, en varð ekki útrætt þar. Það frumvarp gerir ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á skipan dómstóla í héraði, sem einar sér krefja að löggjöf um aðfarargerðir verði endurskoðuð því til samræmis. Í almennum athugasemdum með því frumvarpi og í 15. lið athugasemda við 10. gr. þess er fjallað um þá meginstefnu, sem fylgt hefur verið við samningu þessa frumvarps, hvað varðar aðgreiningu einstakra viðfangsefna við aðfarargerðir í dómsathafnir og stjórnvaldsathafnir. Þetta frumvarp er gagngert byggt á umræddri stefnu og þeirri forsendu, að frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nái fram að ganga, og kemur það því ekki að haldi í núverandi mynd að óbreyttri skipan héraðsdómstóla eða ef henni verður breytt teljandi á annan veg en ráðgert er í umræddu frumvarpi um aðskilnað.

Frumvörp þau, sem urðu að aðfararlögum og lögtakslögum hér á landi, voru nánast þýðingar samsvarandi lagafrumvarpa, sem gerð voru í Danmörku á 7. og 8. áratug 19. aldar, og voru lögfest þar í landi um líkt leyti og hér. Dönsk löggjöf um þessi efni hefur margoft sætt endurskoðun og var umfangsmesta breytingin gerð á henni með setningu laga nr. 258/1976 þar í landi. Hér hafa aðfararlög og lögtakslög hins vegar tekið fáum og mjög óverulegum breytingum frá upphaflegri mynd. Fyrirmælum aðfararlaga um muni, sem undanþegnir eru fjárnámi, og um svonefndan frátökurétt þess, sem fjárnám er gert hjá, var að nokkru breytt með lögum nr. 11/1966. Þá voru gerðar breytingar á fyrirmælum aðfararlaga um upphafsstað aðfarar með lögum nr. 15/1988. Nokkrum reglum lögtakslaga um framkvæmd lögtaksgerða var breytt með lögum nr. 108/1950, en aðrar breytingar á þeim lögum og aðfararlögum en þær, sem nú hafa verið nefndar og gerðar hafa verið, hafa takmarkaða almenna þýðingu. Af þessu er ljóst að hér hefur verið búið við nánast óbreytta löggjöf á þessu sviði í meira en eina öld, og því, þótt annað kæmi ekki til, ástæða til endurskoðunar hennar í ljósi verulega breyttra aðstæðna. Þess má einnig geta, að á undanförnum árum hefur ályktunum ýmissa samtaka, m.a. Dómarafélags Íslands, verið beint til dómsmálaráðherra, þar sem kvatt hefur verið til að löggjöf á þessu sviði verði tekin til endurskoðunar.

Áður en vikið verður nánar að einstökum ákvæðum frumvarpsins, verður gerð nokkur grein fyrir meginefni þess og helstu breytingunum, sem það ráðgerir frá núgildandi lögum, en síðan verður efnisskipan þess skýrð sérstaklega.

1. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Ein veigamesta breytingin frá núgildandi lögum, sem lögð er til í frumvarpinu, snýr að eðli aðfarargerða, en sú breyting tengist nánar tiltekið því, hverjir fari með þær. Er miðað

við að sýslumenn, sem frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ráðgerir að hafi með höndum hlutverk umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héraði, fari með framkvæmd aðfarargerða sem stjórnvaldsathafnir. Eins og vikið er þó nánar að hér síðar, er héraðsdómstólum ætlað veigamikið hlutverk við aðfarargerðir samkvæmt frumvarpi þessu, bæði við undirbúning þeirra og við úrlausn réttarágreinings, sem rís við þær, en reglur frumvarpsins fela ekki í sér að sýslumenn fari á neinn hátt með dómsvald í þessum efnum.

Í aðfararlögum og lögtakslögum hafa gerðir þessar í flestum atriðum verið taldar til dómsathafna. Þessi skipan á sér þá forsögu, að fyrir konungseinveldi hér á landi og í Danmörku önnuðust valdsmenn eða umboðsmenn konungs fullnustugerðir, þar á meðal aðfarargerðir. Þessir valdsmenn (í Danmörku „kongens foged", hér á landi sýslumenn) fóru ekki í upphafi með dómsvald, en var hins vegar veitt það á tíma einveldis Danakonungs. Upp frá því var dómsvald og framkvæmdarvald í héraði almennt á sömu hendi og lengi nánast engum tilgangi þjónandi að leiða getum að því, hvort fullnustugerðir teldust dómsathafnir eða stjórnvaldsathafnir.

Eftir afnám konungseinveldis í Vestur-Evrópu þurfti hins vegar að taka afstöðu til þess, hvort aðfarargerðir og ýmsar aðrar fullnustugerðir ættu heima í höndum dómenda eða stjórnvalda við þá skipan ríkisvalds, sem þá komst víða á og studdist almennt við lögmál um þrígreiningu þess. Afstaða var tekin til þessara atriða smám saman í einstökum ríkjum með setningu nýrra réttarfarslaga, sem leystu af hólmi einveldislöggjöf um þau efni, og í nokkrum tilvikum samhliða setningu sérstakrar löggjafar um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi var sá kostur valinn, að fela stjórnvöldum að fara með aðfarargerðir, þegar löggjöf aðgreindi störf þeirra og dómenda. Í Danmörku var sú leið hins vegar farin við setningu aðfararlaga og lögtakslaga að telja aðfarargerðir til dómsathafna og fela þar með dómstólum meðferð þeirra. Við aðskilnað dómstarfa og stjórnvaldsstarfa, sem síðar komst þar á, var þessi skipan látin haldast, þótt umdeilt hafi verið.

Utan Norðurlanda hafa aðfarargerðir almennt ekki verið í höndum þeirra, sem fara með dómsvald. Er ýmist að gerðir þessar eru í höndum stjórnvalda eða sérstakra löggiltra manna, sem að öðru leyti fara ekki með opinber störf.

Við setningu aðfararlaga og lögtakslaga hér á landi var næsta sjálfgefið að sú skipan yrði tekin upp, sem komst á í Danmörku eftir afnám einveldis. Með því að sömu embættismenn hafa frá setningu þessara laga og allt til þessa dags farið að mestu með bæði framkvæmdarvald og dómsvald í héraði hér á landi, hefur spurningin um hvort aðfarargerðir eigi að vera stjórnvaldsathafnir eða dómsathafnir heldur ekki haft teljandi þýðingu varðandi það, hverjir fari með framkvæmd þeirra. Vegna ráðagerða um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds, sem byggjast á að sömu menn geti ekki farið með báða þessa valdþætti í senn, reynir hins vegar í þessu tilliti nú fyrst, svo máli skiptir, á það hvort þetta viðfangsefni verði framvegis í höndum stjórnvalda (sýslumanna) eða dómenda (héraðsdómstóla).

Af því, sem áður er komið fram, er ljóst að löggjöf á umræddu sviði hér á landi og í Danmörku nýtur verulegrar sérstöðu í samanburði við önnur nágrannalönd, með því að aðfarargerðir teljast að meginreglu til dómsathafna. Ef fyrirmæli aðfararlaganna eru skoðuð nánar, sést þó að þar hefur tveimur meginatriðum í reynd verið steypt saman í eina heild. Annars vegar er ráðgert í lögunum að fyrir byrjun aðfarargerðar þurfi að taka afstöðu til þess, hvort heimild sé fyrir henni, en þó svo verði talið, getur einnig risið réttarágreiningur á síðari stigum um einstök atriði gerðarinnar, sem leysa þarf úr. Vart verður um það deilt, að valdið til að leysa úr þessum atriðum aðfarargerða verði með fáum undantekningum að vera hjá dómstólum. Hins vegar felst annað og meira í aðfarargerðinni, sem er sjálf framkvæmd hennar. Meginhluti aðfararlaganna fjallar um framkvæmd aðfarar, enda er þar um að ræða

þann þátt þessara gerða, sem mest reynir á. Ekki verður séð að eðli þeirrar athafnar, að framkvæma aðförina sjálfa, krefji að dómstólar fari einnig með hana. Af löggjöf ýmissa nágrannalanda, sem leggja aðfarargerðir að meira eða minna leyti í hendur annarra en dómstóla, sést einmitt að framkvæmdaþáttur þeirra hefur verið falinn stjórnvöldum eða valdsmönnum, meðan valdið til að leysa úr réttarágreiningi um þær er eftir sem áður hjá dómstólum. Munurinn milli íslenskrar og danskrar löggjafar á þessu sviði annars vegar, og til dæmis þeirrar norsku og sænsku hins vegar, felst þannig einkum í því að hér og í Danmörku hefur dómstólum ekki aðeins verið falið að leysa úr réttarágreiningi um aðför, heldur einnig að framkvæma hana að öllu leyti, meðan þessi viðfangsefni hafa verið aðgreind í Noregi og Svíþjóð og falin hvort sínum valdþætti ríkisins, dómstólum og stjórnvöldum.

Ástæða er til að gefa því nánari gaum, hvers vegna aðfarargerðum var eftir afnám einveldis skipað með þeim hætti hér á landi og í Danmörku, sem að framan er lýst, fremur en að leggja framkvæmd þeirra í hendur stjórnvalda, eins og aðrar nágrannaþjóðir kusu. Þegar fjallað var um þessa valkosti í Danmörku nokkru fyrir síðustu aldamót, þóttu þau rök fyrir að dómstólar færu alfarið með aðfarargerðir einkum vega þungt, að réttarágreiningur gæti hæglega komið upp við framkvæmd gerðar, sem verulegt hagræði væri af að dómari, sem annaðist gerðina, gæti leyst úr þegar í stað. Ef hins vegar annar en dómari, t.d. stjórnvald, hefði þetta hlutverk með höndum, yrði að stöðva framkvæmd gerðar, ef ágreiningur risi um hana, meðan málefnið væri borið undir dómara, eða ljúka henni án tillits til ágreiningsins. Þessi meginröksemd að baki því, að dómstólum var falið að fara með aðfarargerðir í Danmörku og þar með einnig hér á landi, á enn við að vissu marki, en við mat á þýðingu hennar nú verður ekki horft hjá eftirfarandi atriðum:

1. Frá setningu lögtakslaga hér á landi hefur hreppstjórum verið heimilt í umboði sýslumanna að framkvæma lögtök fyrir kröfum upp að tiltekinni lögbundinni hámarksfjárhæð. Samsvarandi heimild var veitt með lögum um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32/1911, til að hreppstjórar mættu gera fjárnám fyrir skuldakröfum upp að tiltekinni upphæð í umboði sýslumanns. Heimilda þessara mun hafa verið talsvert neytt fyrr á árum, en þær hafa nú að miklu leyti tapað gildi sínu, þar sem þess hefur ekki verið gætt að hækka heimildarfjárhæðir í samræmi við verðlagsbreytingar undanfarinna áratuga. Aðfarargerðir hreppstjóra eru hins vegar valdsmannsathafnir og er þeim ekki falið dómsvald um ágreining, sem kann að koma upp við framkvæmd gerðarinnar, heldur verður að vísa ágreiningsefninu til sýslumanns til úrlausnar. Þessar heimildir íslenskra laga eru í augljósri andstöðu við framangreinda röksemd.
2. Í danskri löggjöf hefur á undanförnum áratugum verið vikið mjög frá því viðhorfi, að nauðsynlegt sé að dómari framkvæmi aðför. Er stjórnvöldum þannig nú heimilað að framkvæma lögtök vegna tekna ríkis og sveitarfélaga („pantefoged“ og „toldfoged“), en fjöldi þeirra gerða mun nema um 65% allra aðfarargerða þar í landi, sem er nokkru hærra hlutfall en hér. Í annan stað hefur í Danmörku verið lögleidd heimild til að ólöglærðir fulltrúar héraðsdómara framkvæmi fjárnám og önnur lögtök en að framan greinir, en þeir fulltrúar fara ekki með dómsvald um réttarágreining. Heimild þessi mun hafa verið verulega notuð og má ætla að meiri hluti aðfarargerða, sem stjórnvöld annast ekki samkvæmt áðursögðu, sé nú framkvæmdur af mönnum án dómsvalds. Er því staðan í reynd orðin sú í Danmörku, að aðrir en dómarar fara með mikinn meiri hluta aðfarargerða, en ef ágreiningur rís við framkvæmd aðfarar við þessar aðstæður, verður að leita úrlausnar dómara um hann. Samkvæmt þessu hefur löggjöf og réttarframkvæmd í Danmörku, heimalandi þeirrar röksemdar, sem hér er til umfjöllunar, í reynd snúið baki við henni. Hér á landi hefur á síðustu áratugum gætt tilhneigingar, sem svipar nokkuð til danskrar réttarframkvæmdar að þessu leyti, hvað varðar framkvæmd

lögtaksgerða fyrir sveitarfélög og einstakar ríkisstofnanir. Lögmenn, sem starfað hafa fyrir sveitarfélög, hafa víða fengið löggildingu sem fulltrúar sýslumanna eða bæjarfógeta til að framkvæma lögtök fyrir gjöldum til viðkomandi sveitarfélaga. Löglærðir starfsmenn ríkisstofnana hafa einnig víða fengið löggildingu til að gera lögtök fyrir gjöldum, sem hlutaðeigandi stofnanir innheimta. Umræddir menn hafa formlega séð komið fram í störfum þessum sem handhafar dómsvalds, þótt ekki sé vitað um tilvik, þar sem reynt hefur á það vald þeirra til að leysa úr réttarágreiningi. Þessi þróun hér á landi ber talsverðan keim af viðhorfum að baki dönskum reglum, sem heimila stjórnvöldum að framkvæma lögtaksgerðir, þótt dönsk löggjöf miði sem áður segir við að þær athafnir séu stjórnvaldsathafnir, gagnstætt því, sem formlega gildir í þessum efnum hér.

3. Í skýrslu dómsmálaráðherra um viðfangsefni sýslumanna hér á landi á árabilinu 1980 til 1987, sem gerð var í tengslum við frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, kemur fram að árlegur meðalfjöldi aðfarargerða utan Reykjavíkur hefur á því tímabili verið liðlega 11.000. Á sama tímabili hafa að jafnaði verið rekin 15 mál árlega utan Reykjavíkur um réttarágreining, sem risið hefur við framkvæmd aðfarargerða. Sýnir þetta glöggt að mjög lítið reynir á vald þess, sem framkvæmir aðför, til að leysa úr ágreiningsefnum. Að auki verður að taka tillit til, að ef ágreiningur rís á annað borð, er ekki gefið að hægt sé að taka afstöðu til hans þegar í stað, heldur verður að jafnaði að fresta framkvæmd viðkomandi gerðar, meðan sérstakt mál er rekið fyrir fógetarétti til að leysa úr ágreiningsefninu.

Af því, sem hér hefur verið rakið, virðist mega ályktа að umrædd meginröksemd fyrir því, að dómstólar fari fremur með aðfarargerðir en stjórnvöld, hafi orðið mjög óverulega þýðingu. Ljóst er því að líta verður til annarra viðhorfa og röksemda, þegar metið er hvor kosturinn sé ákjósanlegri við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds hér á landi, annars vegar að halda við óbreyttu ástandi og fela dómstólum að annast aðfarargerðir að öllu leyti, bæði framkvæmd þeirra og úrlausnarvald um ágreining, sem þar rís, eða hins vegar að fela dómstólum eingöngu vald til að kveða á um aðfararhæfi krafna og til að leysa úr réttarágreiningi um aðfarargerðir, en stjórnvöldum aðra þætti aðfarargerða. Eftirfarandi atriði þykja einkum geta skipt máli í þessu sambandi:

1. Í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er gert ráð fyrir að héraðsdómstólar verði framvegis átta talsins, hver í sínu kjördæmi, en embætti framkvæmdarvaldshafa í héraði, sýslumanna, verði 27 að tölu, á sömu stöðum og núverandi stjórnsýslu- og héraðsdómsembætti. Við framkvæmd aðfarargerða er ákjósanlegt að sá, sem gerð beinist að, mæti sjálfur til hennar. Vegna réttinda, sem hann nýtur við aðfarargerð, bæði samkvæmt núgildandi lögum og fyrirmælum þessa frumvarps, ber að auki hið minnsta nauðsyn til að honum gefist sanngjarn kostur á að vera staddur við gerð til að gæta réttinda sinna. Þessum þörfum verður ekki mætt, svo vel fari, nema sá embættismaður, sem hefur framkvæmd aðfarargerða með höndum, hafi aðsetur í nálægð við þann, sem gerðin beinist að, því ella hlytist af aukinn kostnaður og fyrirhöfn fyrir alla hlutaðeigandi. Þessi aðstaða mælir mjög með að stjórnvöld (sýslumenn) fari með framkvæmd aðfarargerða fremur en fáir og dreifðir héraðsdómstólar, ef sú skipan verður lögfest, sem áðurgreint frumvarp um aðskilnað ráðgerir.
2. Við setningu aðfararlaga og lögtakslaga var sú tilhneiging almennt ríkjandi í löggjöf, að leggja ekki eingöngu eiginleg dómstörf í hendur dómstóla, heldur einnig ýmis framkvæmdastörf, sem tengjast dómstörfum með misnánum hætti. Eins og séð verður af nýlegri löggjöf á sviði réttarfars hér á landi, t.d. gjaldþrotalögum nr. 6/1978, en þó enn skýrar í löggjöf annarra ríkja á Norðurlöndum, þar sem endurskoðun réttarfarslöggjafar er lengra á veg komin, beinist löggjafarþróun nú mjög af þessari braut. Það viðhorf er nú ríkjandi, að færa eigi sem flest þau störf frá dómstólum, sem ekki heyra til

eiginlegs verksviðs þeirra. Þessi ríkjandi viðhorf í löggjöf miða að því að létta álagi af dómstólum og leggja ýmis fyrri verkefni þeirra, einkum framkvæmdastörf, í hendur stjórnvalda eða sérstaklega ráðinna manna. Þessi viðhorf mæla eindregið með að framkvæmd aðfarar verði í höndum stjórnvalda hér á landi.

3. Eins og málum er nú skipað samkvæmt aðfararlögum og lögtakslögum, að telja framkvæmd aðfarargerða til dómaraverka, verður einstökum ákvörðunum, sem dómari tekur um framkvæmdina, almennt ekki breytt nema með málskoti til Hæstaréttar. Sú meðferð er oft svifasein og kostnaður af henni bitnar ekki eingöngu á málsaðilum, heldur er hann að talsverðu leyti borinn af almannafé. Þessar aðstæður hafa aukið álag á Hæstarétti, oft algerlega að ófyrirsynju. Með því hins vegar að skipa málum svo, að stjórnvöld fari með framkvæmd aðfarargerða og taki nauðsynlegar ákvarðanir um þær, sem bera má síðan með einföldum hætti undir héraðsdóm, sýnist mega telja séð fyrir framangreindum ókostum, hvað aðfarargerðir varðar.
4. Eins og málum er nú skipað, fer sami embættismaður með framkvæmd aðfarargerða og með vald til að leysa úr ágreiningi, sem rís um þær. Ef um lögtaksgerðir er að ræða fyrir tekjum ríkissjóðs utan Reykjavíkur, fer sami embættismaður að auki almennt með innheimtu viðkomandi gjalda. Að þessari skipan verður að vísu ekki út af fyrir sig fundið á forsendum gildandi laga. Allt að einu má telja að það horfi til aukins réttaröryggis frá sjónarhóli almennings, ef úrlausn um ágreining við aðfarargerð er fengin hjá dómara, sem ekki hefur áður komið nærri viðkomandi málefni með öðrum hætti. Verður að telja þetta sjónarmið mæla með að stjórnvöld fari með framkvæmd aðfarargerða.

Framangreind atriði styðja þá niðurstöðu, sem byggt er á í frumvarpi þessu, að eðlilegra sé að stjórnvöld (sýslumenn) fari með framkvæmd aðfarargerða en héraðsdómstólar, þegar aðskilnaður verður milli dómvalds og framkvæmdarvalds í héraði. Við þá skipan mála verður þó sérstaklega að tryggja að greiðfært sé að afla úrlausnar dómstóla um réttarágreining, sem rís við framkvæmd aðfarar, en um leið að sá, sem gerð beinist að, geti ekki spillt framgangi hennar með tilefnislausum mótbárum. Reglum frumvarpsins er ætlað að mæta þessum þörfum, svo sem nánar er skýrt hér síðar.

II.

Eins og áður hefur verið vikið að, má finna reglur um aðfarargerðir í ýmsum lagafyrirmælum, en þær þýðingarmestu koma þó fram í aðfararlögum og lögtakslögum. Í frumvarpi þessu er leitast við að sameina sem flest fyrirmæli um aðfarargerðir í ein lög. Einn þáttur í þeirri viðleitni er að leggja af mun milli lögtaksgerða annars vegar og fjárnámsgerða hins vegar.

Í upphaflegri mynd sinni tóku lögtakslögin til innheimtu krafna, sem skáru sig talsvert úr frá þeim kröfum, sem fullnægja varð með fjárnámi samkvæmt almennum reglum. Lögtaksréttur var almennt ekki veittur nema til fullnustu krafna ríkis og sveitarfélaga um skatta og aðrar sambærilegar tekjur. Sérstakt eðli þessara krafna þótti réttlæta að fullnægja mætti þeim með lögtaki, án þess að aflað væri dóms um skyldu gjaldanda til greiðslu þeirra. Á hinn bóginn er almenn regla aðfararlaga að fjárnám fari ekki fram til fullnustu peningaskuldar, nema dómur hafi áður gengið um kröfuna eða réttarsátt verið gerð um hana. Þessi eðlismunur á lögtakshæfum kröfum annars vegar og þeim kröfum hins vegar, sem dóms þurfti að afla um til að fá fullnustu með fjárnámi, leiddi meðal annars til að reglur um framkvæmd lögtaks voru frábrugðnar reglum um framkvæmd fjárnáms, auk þess að mismunandi reglur giltu um réttaráhrif þessara gerða. Allt að einu var frá öndverðu gengið út frá að reglur um fjárnám tækju einnig til lögtaksgerða að því leyti, sem lögtakslög kváðu ekki á um annað.

Grundvöllurinn fyrir eðlismun milli fjárnáms annars vegar og lögtaks hins vegar hefur mjög tapað gildi sínu frá setningu aðfararlaga og lögtakslaga. Þetta á að talsverðu leyti rætur sínar að rekja til þess, að sérstökum lagaheimildum til að fullnægja kröfum með lögtaki án undangengins dóms eða sáttar hefur fjölgað stórlega. Þessar nýrri lögtaksheimildir eiga oft á tíðum ekkert skylt við upprunalegt einkenni lögtakshæfra krafna, að um tekjur ríkis eða sveitarfélaga sé að ræða, og nýtur þannig talsverður fjöldi krafna einkaaðila nú lögtaksréttar. Sérreglur lögtakslaga hafa átt illa við um fullnustu þessara krafna. Að auki hefur í ýmsum efnum dregið verulega úr mismunandi verklagi við framkvæmd fjárnáms og lögtaks, þannig að í hugum manna er hér í reynd orðið um tvö nöfn að ræða á sama hlut. Gegna þessi heiti þannig orðið litlu hlutverki öðru en að gefa til kynna að mismunandi heimildir búi að baki framkvæmd einstakra aðfarargerða.

Í frumvarpi þessu hefur sú leið verið valin, að láta sömu reglur gilda að öllu leyti um þær aðfarargerðir, sem til þessa hafa borið heitin fjárnám og lögtak, og nefna þannig allar aðfarargerðir til fullnustu krafna um peningagreiðslu heitinu fjárnám. Þótt sérstakar reglur komi fram í 8. og 23. gr. frumvarpsins um hagræði við undirbúning og framkvæmd fjárnáms til fullnustu skattakrafna ríkis og sveitarfélaga, er ástæðulaust að gefa þeim gerðum sérstakt heiti. Sú breyting, sem hér er ráðgerð, samsvarar breytingu, sem gerð var á danskri löggjöf við áðurnefnda heildarendurskoðun reglna um aðfarargerðir á árinu 1976.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, hafa hugtakið lögtak og orð, samsett úr því, ekki lengur sjálfstæða þýðingu nema að einu leyti. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru taldar í 11 töluliðum þær kröfur, sem fullnægja má með aðför. Í 10. tölul. ákvæðisins er kveðið á um heimild til aðfarar (fjárnáms) til fullnustu kröfum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga. Má því segja að hugtakið lögtaksréttur sé hér notað sem sameinkenni verulegs fjölda ólíkra krafna, sem fullnægja má með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar samkvæmt sérstökum heimildum í öðrum lögum. Sá kostur var valinn að þessu leyti í frumvarpinu, að vísa til fyrirmæla annarra laga fremur en að telja öll slík tilvik sérstaklega meðal aðfararheimilda í 1. gr. þess. Hefur þetta því meðal annars í för með sér, að ráðgert er í fyrirmælum 99. gr. frumvarpsins um brottfallin lög, að 1. gr. lögtakslaga haldi að mestu gildi, enda er þar kveðið á um lögtaksrétt fyrir fjölmörgum kröfum. Við endurskoðun einstakra laga í framtíðinni, sem kveða á um lögtaksheimildir, yrði hins vegar rétt að hafa sérstaklega í huga, að lögtaksréttur fyrir kröfu felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu, að afla verði dóms fyrir peningakröfu, áður en henni verður fullnægt með aðför. Sérstök rök verða því að mæla með að viðkomandi kröfur njóti slíks réttarfarshagræðis, auk þess að form þeirra verður að vera með þeim hætti, að gefa megi þau líkindi að fyrra bragði að þær séu efnislega réttar. Virðist mega draga stórlega í efa að þessara viðhorfa hafi verið gætt nægilega við setningu laga á undanförnum áratugum, sem hafa kveðið á um lögtaksrétt fyrir einstökum kröfum.

III.

Þau sérstöku lagahugtök, sem varða aðfarargerðir og notuð eru í frumvarpi þessu, eru að talsverðu leyti hin sömu og þau, sem hefðbundin hafa verið til þessa í framkvæmd og löggjöf. Frá því eru þó undantekningar. Af þeirri ástæðu er rétt að fjalla um nokkur meginhugtök frumvarpsins, áður en lengra er haldið.

1. Hugtakið aðfararheimild er sem hingað til notað til að afmarka hvernig réttindum þurfi að vera háttað, til að þeim megi fullnægja með aðför. Talning frumvarpsins á aðfararheimildum í 1. gr. gefur í höfuðatriðum til kynna, að slíkar heimildir séu að jafnaði réttindaskjöl, svo sem dómar, úrskurðir, sáttir eða viðskiptabréf. Þessi mynd er þó ekki alls kostar rétt, því í 1. gr. eru einnig nefndar meðal aðfararheimilda kröfur um skatta o.fl. Slíkar kröfur þurfa ekki að styðjast við réttindaskjöl í bókstaflegri merkingu.

Réttara er því að líta svo á, að hugtakið aðfararheimild snúi að þeim eiginleikum, sem krafa þurfi að vera búin til að fullnægja megi henni með aðför, t.d. að dómur hafi gengið um hana, sátt hafi verið gerð um hana eða hún sé af ákveðinni tegund.

2. Hugtakið aðfararhæfi er almennt notað í frumvarpinu til að merkja að svo sé orðið ástatt um kröfu, að fullnægja megi henni með aðför. Helsta skilyrði aðfararhæfis er að krafa teljist til aðfararheimilda, en fleiri skilyrðum þarf að fullnægja í vissum tilvikum, til að sá tími teljist kominn að fullnægja megi með aðför kröfu, sem telst til aðfararheimilda. Þegar þeim skilyrðum hefur verið fullnægt, telst krafa orðin aðfararhæf.
3. Þeir, sem eiga hagsmuna að gæta af aðfarargerð, eru eins og til þessa ýmist nefndir aðilar að henni eða málsaðilar. Aðilar að aðfarargerð þurfa eðli málsins samkvæmt að lágmarki að vera sá, sem um gerðina biður, og sá, sem hún beinist að. Hinn fyrrnefndi er eins og í núgildandi lögum nefndur gerðarbeiðandi í frumvarpinu og hinn síðarnefndi gerðarþoli. Aðfarargerð getur þó á ýmsan hátt varðað réttindi fleiri manna, sem við vissar aðstæður geta látið til sín taka við gerðina til að verja hagsmuni sína. Í frumvarpinu er slíkum aðilum að aðfarargerð valin nafngiftin þriðji maður, sem í öllum verulegum atriðum samsvarar meðalgönguaðila í almennu dómsmáli.
4. Eins og áður hefur verið skýrt, leiða fyrirmæli frumvarpsins til að framkvæmd aðfarargerða verði í höndum stjórnvalda, ef það verður að lögum. Til þessa hafa handhafar dómsvalds í héraði farið með þessar gerðir og hafa skv. 2. gr. aðfararlaga verið nefndir fógetar við þau störf, auk hreppstjóra, eins og áður er getið. Við framkvæmd aðfarargerða og úrlausn ágreiningsmála um þær hefur héraðsdómstóllinn verið nefndur fógetaréttur þessu til samræmis. Hugtakið fógeti mun í upphafi eingöngu hafa verið embættisheiti valdsmanna, en ekki þeirra, sem önnuðust meðferð dómsmála á fyrsta stigi. Í seinni tíð hefur hugtakið hins vegar verið notað samsett sem embættisheiti manna (borgarfógetar, bæjarfógetar), þótt meðferð fógetagerða hafi aðeins verið einn margra starfsþátta þeirra. Villandi misræmi hefur þannig verið í notkun þessa hugtaks. Í frumvarpinu eru hugtakið fógeti og samsett orð úr því hvergi notuð, ef frá eru skilin sérstök fyrirmæli í 17. kafla um skil milli eldri laga og yngri, þar sem ekki verður komist hjá skírskotun til þessara hugtaka. Þess í stað er ávallt rætt um sýslumann sem þá persónu, sem fer með framkvæmd aðfarar, og héraðsdómstól eða héraðsdómara, þegar vikið er að því hver fari með dómsvald um málefni, sem tengjast aðfarargerðum. Hér er þannig byggt á sama meginsjónarmiði og í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, að nefna héraðsdómara annars vegar og framkvæmdarvaldshafa í héraði hins vegar að jafnaði sama embættisheiti, án tillits til þeirra verka, sem þeir vinna hverju sinni. Af þessum sökum á ekki við, ef frumvarp þetta verður að lögum, að nefna þann dómstól fógetarétt, sem leysir úr ágreiningi um aðfarargerð, heldur héraðsdóm, eða að nefna þann fógeta, sem fer með framkvæmd aðfarargerðar, heldur sýslumann.
5. Í upphafi þessara athugasemda var vikið að því, hvað felst í hugtökunum aðför og aðfarargerð, en merking þeirra er nánast hin sama. Aðfarargerðir hafa í daglegu tali, og *reyndar einnig að nokkru í lögum, jöfnum höndum verið nefndar fógetagerðir*. Eins og skýrt er hér á undan, er með öllu horfið frá notkun hugtaksins fógeti og samsettum orðum úr því í frumvarpinu, og er því eðlilega í öllum tilvikum stuðst við hugtökin aðför eða aðfarargerð í stað fógetagerðar.
6. Aðfarargerðum hefur verið skipað í einstaka flokka í lögum og fræðiritum, eftir því hvert efni þeirra er. Í aðfararlögum er greint milli aðfarar til fullnustu dóma, „sem eigi dæma menn í peningaútlát“, og fjárnáms, sem er aðför til fullnustu skyldu til peningagreiðslu samkvæmt dómi. Sú tenging, sem aðfararlög setja milli aðfarargerðar og dóms, á ekki við samkvæmt reglum þessa frumvarps, þar sem gert er ráð fyrir að fullnægja megi vissum kröfum með aðför, þótt dómur hafi ekki gengið um þær. Af þeirri ástæðu

miðar frumvarpið við að aðför fyrir peningaskuld beri heitið fjárnám, en öðrum aðfarargerðum er ekki gefið almennt heiti fremur en hingað til í lögum.

7. Vikið hefur verið að því fyrr í þessum athugasemdum, að frumvarpið ráðgerir að þær aðfarargerðir fyrir peningaskuldum, sem til þessa hafa nefnst lögtök eða lögtaksgerðir, lúti í öllum atriðum sömu lögmálum og fjárnámsgerðir í merkingu núgildandi laga. Af þeirri ástæðu eru allar aðfarargerðir fyrir peningaskuldum nefndar heitinu fjárnám.
8. Í 2. kafla frumvarpsins er fjallað um aðfararfrest, en það hugtak varðar aldur aðfararhæfrar kröfu. Nánar tiltekið snýr það að þeim lágmarkstíma, sem líða þarf frá því krafa verður aðfararhæf, þar til aðför má fara fram. Krafa verður til dæmis aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum frumvarpsins, þegar dómur hefur gengið um hana eða réttarsátt hefur verið gerð um hana, og einnig í vissum tilvikum við það eitt, að greiðsluáskorun hafi verið beint að skuldara hennar, eftir að hún hefur fallið í gjalddaga. Allt að einu þarf að bíða tiltekinn tíma, frá því krafa öðlast aðfararhæfi og þar til aðförin getur byrjað, en sá tími er aðfararfrestur í skilningi frumvarpsins. Í 2. kafla frumvarpsins er að finna reglu um annað atriði, sem snýr að aldri kröfu, en varðar þó ekki aðfararfrest í þessum skilningi. Í 9. gr. er kveðið á um hámarksaldur kröfu, til að hún njóti enn aðfararhæfis, en hér er í reynd um að ræða fyrningu á aðfararhæfi, ekki aðfararfrest í eiginlegum skilningi.
9. Í frumvarpinu er heitið aðfararbeiðni almennt notað um það skjal, sem gerðarbeiðandi lætur frá sér fara með kröfu eða ósk um að aðfarargerð fari fram. Í núverandi framkvæmd er þetta heiti almennt ekki notað, heldur ýmist rætt um gerðarbeiðni eða nafngift hennar nánar tengd heiti þess afbrigðis aðfarargerðar, sem hún varðar, t.d. fjárnámsbeiðni, lögtaksbeiðni o.s.frv. Hugtakið aðfararbeiðni nær yfir öll mismunandi afbrigði þessara beiðna og er stuðst við það í frumvarpinu af tæknilegum ástæðum, til að hægt sé að setja fram reglur í einu lagi. Ósagt skal hins vegar látið hvort lögfesting þessa frumvarps hefði í för með sér breytta hugtakanotkun í framkvæmd, enda tæpast brýn ástæða til.

IV.

Auk þeirra breytinga, sem frumvarp þetta ráðgerir frá núgildandi lögum og áður hafa verið til sérstakrar umfjöllunar, hefði lögfesting þess í för með sér fjölda annarra þýðingarmikilla breytinga. Til upplýsinga þykir rétt að gera hér nokkra grein fyrir þeim helstu þeirra, en nánari greinargerð er að finna fyrir þeim í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins.

1. Lögfesting frumvarpsins hefði í för með sér nokkra fjölgun aðfararheimilda frá því, sem nú gildir. Þýðingarmesta breytingin í þessum efnum felst í reglum 7. og 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., þar sem kveðið er á um að aðför megi gera samkvæmt víxlum, tékkum og skuldabréfum án undangengins dóms eða réttarsáttar.

   Breyting af þessum toga var gerð á lagareglum um aðför í Danmörku á árinu 1976 og hefur verið til umræðu hér á landi um árabil. Samkvæmt núgildandi lögum verður að afla dóms eða áritunar áskorunarstefnu um kröfur sem þessar, áður en fjárnám verður gert fyrir þeim. Sú verulega aukning skuldamála, sem komið hafa til kasta almennra dómstóla á undanförnum árum, á að miklu leyti rætur að rekja til vanskila á kröfum sem þessum. Málshöfðanir vegna þeirra hafa leitt af sér gífurlegt álag á dómstólum og hafa haft í för með sér verulegt erfiði við innheimtu krafna og talsverðan kostnað, sem að endingu hefur verið borinn af skuldurum. Kröfur þessar styðjast við formskjöl og er í hverfandi fáum tilvikum tekið til varna gegn þeim. Sú reynsla sýnir að nauðsyn til málshöfðunar vegna þeirra fyrir aðför þjónar ekki brýnum hagsmunum í meginþorra tilvika og er því vert að leitast við að draga úr þeim kostnaði og þyngslum, sem nú fylgja innheimtu þessara krafna.

Í frumvarpinu er lagt til að kröfur samkvæmt víxlum, tékkum og skuldabréfum komi til sérstakrar skoðunar dómstóla, áður en gera má fjárnám fyrir þeim, en sú skoðun verði stórum einfaldari en nú er við dómsmeðferð. Að auki veita reglur frumvarpsins skuldara úrræði til að fá kröfu hnekkt með tiltölulega einfaldri málsókn eftir lok aðfarargerðar, sem tryggja ætti réttaröryggi nægilega. Með því að kveða á um aðfararhæfi þessara krafna án undangengins dóms má telja að kostnaður af innheimtu þeirra verði talsvert minni og að auki að verulegt hagræði fáist í störfum dómstóla. Þeim sparnaði, sem unnt væri að ávinna í kostnaði af rekstri dómstóla með þessum hætti, mætti verja til nytsamari útgjalda í þeirra þágu.

Auk fyrirmæla um aðfararhæfi áðurnefndra krafna án undangengins dóms, eru lagðar til ljósari reglur um aðfararheimildir í 1. mgr. 1. gr. en nú gilda, en efnislega er ekki um teljandi breytingar að ræða.

2. Í 2. og 3. gr. koma fram reglur um aðild að aðfarargerðum. Er í fyrrnefnda ákvæðinu mælt fyrir um hverjir eigi rétt til að krefjast aðfarargerðar, eða með öðrum orðum, hverjir geti verið gerðarbeiðendur. Er þar annars vegar um þau nýmæli að ræða, að tekin eru af tvímæli um réttindi þeirra, sem hafa fengið aðfararhæfa kröfu framselda, en bein lagafyrirmæli eru ekki fyrir hendi um þetta nú. Hins vegar er sú efnisbreyting lögð til, að þeim, sem nýtur handveðréttar í aðfararhæfri kröfu, er veittur réttur til að krefjast aðfarar fyrir henni. Í 3. gr. eru reglur um það, hjá hverjum megi gera aðför til fullnustu kröfu, eða með öðrum orðum hver geti talist gerðarþoli. Efnislega eru ekki gerðar teljandi breytingar frá núgildandi reglum um það, að hverjum aðför verði beint, aðrar en að kveða á um stöðu þess, sem stendur í ábyrgð fyrir efndum aðfararhæfrar kröfu.
3. Í 2. kafla frumvarpsins koma aðallega fram reglur um aðfararfrest, en það hugtak hefur áður verið skýrt. Verulegar breytingar eru lagðar hér til frá gildandi lögum. Af þeim má nefna að ráðgert er með 5. gr. að afnumin verði skylda til að birta dóma eða úrskurði fyrir gerðarþola til að marka upphaf aðfararfrests, en sú skylda ein út af fyrir sig veitir gerðarþola enga sérstaka réttarvernd og hefur óþarfa kostnað og fyrirhöfn í för með sér. Þá er í 6. gr. lögð til regla um aðfararfrest frá gerð sáttar, sem er ítarlegri en núgildandi regla 8. gr. aðfararlaga. Í 7. gr. kemur fram sérstök regla um aðfararfrest vegna krafna, sem dómur hefur ekki gengið um eða sátt verið gerð um, annarra en krafna um skatta og samsvarandi gjöld. Regla þessi miðar upphaf aðfararfrests við birtingu greiðsluáskorunar, sem þó má ekki fara fram fyrr en að liðnum 15 dögum frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Þá felast einnig þau nýmæli í 2. mgr. 7. gr. og fleiri ákvæðum frumvarpsins, að birting tilkynninga og áskorana getur með jafngildum hætti átt sér stað með útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða atbeina eins stefnuvotts. Í 8. gr. kemur fram sérregla um aðfararfrest vegna krafna um skatta og önnur samsvarandi gjöld, en þar er kveðið á um að birta verði með fimmtán daga fyrirvara almenna greiðsluáskorun í fjölmiðlum eftir gjalddaga þessara krafna, áður en fjárnám verður gert fyrir þeim. Felur þetta ákvæði í sér að afnumin er þörf svonefnds almenns lögtaksúrskurðar samkvæmt fyrirmælum lögtakslaga, en slíkir úrskurðir hafa enga raunhæfa þýðingu. Loks er í 9. gr. kveðið á um hve lengi réttur til aðfarar helst, eftir að krafa er aldurs síns vegna orðin aðfararhæf samkvæmt fyrri ákvæðum kaflans. Þessi regla miðar alfarið við fyrningartíma viðkomandi kröfu, þannig að réttur til aðfarar helst svo lengi sem hún er ófyrnd. Felast í þessu tvær meginbreytingar frá núgildandi lögum. Annars vegar er afnuminn sérstakur fyrningartími lögtaksréttar, sem nú er 2 ár skv. 2. gr. lögtakslaga, þótt krafan sjálf fyrnist á 4 árum skv. 3. tölul. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Hins vegar fellur brott sú skylda skv. 9. gr. aðfararlaga, að birta þurfi gerðarþola sérstaka áskorun, ef meira en ár er liðið frá því fjárnám gat farið fram.

4. Í 3. kafla frumvarpsins koma fram reglur um aðfararbeiðnir og undirbúningsaðgerðir fyrir aðfarargerð. Er í 10. gr. regla um efni aðfararbeiðna, sem felur nokkra breytingu í sér frá núgildandi ákvæðum 3. gr. aðfararlaga, en einnig koma fram fyrirmæli í 2. mgr. 10. gr. um fylgigögn með aðfararbeiðnum. Í 11.–15. gr. frumvarpsins eru reglur um það, hvenær leggja þarf aðfararbeiðni fyrir héraðsdómara, áður en hún verður send sýslumanni til framkvæmdar gerðarinnar, og um meðferð héraðsdómara, þegar svo stendur á. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að aðfararbeiðni þurfi að leggja fyrir héraðsdómara, ef dómstólar hafa ekki áður fjallað um viðkomandi kröfu með einhverjum hætti. Frá þessari meginreglu eru þó undantekningar, eins og nánar er lýst síðar. Meðferð héraðsdómara á kröfu á þessu stigi á að vera einföld og greið og er henni ætlað að eiga sér stað að meginreglu án þess að gerðarþoli sé boðaður til að gæta hagsmuna sinna. Héraðsdómari metur því eingöngu hvort lagaskilyrðum til aðfarar sé fullnægt á grundvelli fyrirliggjandi gagna gerðarbeiðanda. Þessi meðferð á sér að talsverðu leyti fyrirmynd í norskri löggjöf. Í 16.–18. gr. er síðan mælt fyrir um fyrstu afskipti sýslumanns af aðfararbeiðni. Kemur fram í 16. gr. að aðfararbeiðni, sem ekki þarf að senda héraðsdómara í upphafi samkvæmt fyrri fyrirmælum kaflans, megi senda sýslumanni beint, en að öðrum kosti berast sýslumanni aðfararbeiðnir að undangenginni þeirri meðferð héraðsdóms, sem hér á undan var lýst í grófum dráttum. Í 16. gr. koma enn fremur fram reglur um það, í hverju umdæmi megi setja fram kröfu um aðför. Þær reglur fela talsverða breytingu í sér frá núgildandi fyrirmælum. Í 17. gr. koma fram nýmæli um heimild til að framsenda aðfararbeiðni milli umdæma, ef hún þykir ekki hafa komið fram á þeim stað, sem réttast væri að byrja aðför, og í 18. gr. kemur einnig fram regla, sem ekki á sér hliðstæðu í gildandi lögum, um að bóka þurfi aðfararbeiðnir og auðkenna þær, er þær hafa borist.
5. Í 4. kafla frumvarpsins er fjallað um upphafsaðgerðir við aðför. Í 19. gr. er kveðið á um innbyrðis rétthæð aðfararbeiðna, ef fleiri en ein hafa borist á hendur sama gerðarþola. Þeirri reglu er ætlað að koma í stað fyrirmæla í 22. kapítula I. bókar norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687. Í 20. gr. er áréttað að sýslumanni beri að ákveða að eigin frumkvæði hvenær aðfararbeiðni verði sinnt, og að það skuli ákveðið sem fyrst eftir að hún hefur borist honum, en svipuðum fyrirmælum 33. gr. aðfararlaga hefur ekki verið fylgt bókstaflega í framkvæmd. Þá er í 21. gr. að finna veigamikil nýmæli, þar sem kveðið er á um þá meginreglu, að tilkynna skuli gerðarþola fyrir fram um að aðför sé í vændum, en slík tilkynning ætti að auka líkindi fyrir að gerðarþoli leitist við að afstýra aðför með því að fullnægja skyldu sinni, og jafnframt að tryggja að honum gefist kostur á að undirbúa mótmæli gegn gerðinni, ef forsendur eru fyrir þeim.
6. 5. kafli frumvarpsins fjallar um framkvæmd aðfarar, en þar er að finna almennar reglur, sem ná til allra afbrigða aðfarargerða, án tillits til hvort um fjárnám er að ræða eða aðför til að fullnægja annarri skyldu gerðarþola. Í 22. gr. kemur fram sú meginregla að aðför skuli að jafnaði byrja á starfstöð sýslumanns, ef gerðarþola hefur áður verið send tilkynning um væntanlega gerð samkvæmt fyrirmælum 21. gr. Regla þessi er efnislega áþekk fyrirmælum aðfararlaga um upphafsstað gerðar, eins og þeim var breytt með með lögum nr. 15/1988. Í 23. gr. felst sú breyting frá núgildandi reglum, að gerðarbeiðanda er ávallt skylt að láta mæta við aðfarargerð, en sýslumanni er þó heimilað að ákveða frávik frá þeirri reglu, þegar um fjárnám er að ræða til fullnustu krafna um skatta og önnur samsvarandi gjöld. Þessi fyrirmæli leiða til að þeir, sem fara með innheimtu annarra lögtakshæfra krafna en umræddra gjaldakrafna, eru settir á sama bekk og aðrir, sem krefjast fjárnáms fyrir kröfum sínum og er skylt að lögum að láta mæta við aðför fyrir sína hönd. Í 24. gr. felast talsverðar breytingar frá núgildandi reglum um það, við hverjar aðstæður megi ljúka aðfarargerð, án þess að náðst hafi til gerðarþola.

Veigamesta atriði ákvæðisins er það, að leitast er við að tryggja svo sem unnt er að gerð verði ekki lokið án þess að gerðarþola hafi sannanlega verið gefinn kostur á að mæta til hennar eða einhver honum nákominn hafi fengist til að gæta hagsmuna hans. Er með þessu lagt til afnám þeirrar framkvæmdar á grundvelli núgildandi reglna, að fela megi utanaðkomandi mönnum, nánast af tilviljun, að taka málstað gerðarþola, án tillits til tengsla við hann og vitneskju um hagi hans. Í 26.–28. gr. koma fram reglur um heimildir til að fresta aðfarargerð og um áhrif mótmæla gerðarþola eða þriðja manns gegn framgangi hennar. Þessar reglur eiga sér eðlilega ekki fulla samsvörun í núgildandi lögum, enda er hér byggt á þeirri skipan frumvarpsins, að stjórnvöld framkvæmi aðför án dómsvalds um ágreining um umrædd efni. Í 29.–31. gr. eru lagðar til reglur um þvingunarúrræði sýslumanns gagnvart gerðarþola við framkvæmd aðfarargerðar. Þessar reglur eru talsvert frábrugðnar núgildandi lagafyrirmælum. Í 32. og 33. gr. koma fram fyrirmæli um framlagningu gagna við aðför og varðveislu þeirra og um skrásetningu aðfarargerðar, en um síðastgreint atriði koma fram þau nýmæli, að dómsmálaráðherra er falið að setja reglur um form slíkrar skráningar, sem veitir möguleika á annarri tilhögun en að frásögn af aðfarargerð verði handrituð í sérstaka bók. Í 34. gr. felst breyting á núgildandi reglum um þörf votta við aðfarargerðir, sem leiða ætti til sparnaðar og hagræðis.

7. Í 6. kafla frumvarpsins koma fram reglur um það, í hverjum eignum gerðarþola megi gera fjárnám. Ákvæði kaflans fela talsverðar breytingar í sér frá núgildandi reglum. Af þeim má helstar nefna að í 38. gr. er horfið frá meginreglu núgildandi laga, að meta þurfi til verðs eignir, sem fjárnám er gert í, en í framkvæmd hefur lengi heyrt til undantekninga að ekki sé lýst yfir af hálfu aðila að gerðinni, að þeir falli frá því að mat eða virðing eigna fari fram. Er því í 38. gr. farin sú leið að kveða á um að virðing fari aðeins fram, ef hennar sé krafist. Í 41.–51. gr. er tiltekið hverjar eignir verði ávallt undanþegnar aðför og hverjar eignir gerðarþola er heimilt að undanskilja fjárnámi að auki. Þessar reglur veita verulega rýmri undanþágur en núgildandi heimildir og eru til muna nákvæmari. Um efni þeirra og nánari samanburð við núgildandi reglur skal vísað til athugasemda um þessi tilteknu ákvæði frumvarpsins.
8. Kveðið er á um réttaráhrif fjárnáms og vörslur eigna, sem fjárnám hefur verið gert í, í reglum 7. kafla frumvarpsins. Fyrirmæli þessi eru miklum mun ítarlegri en núgildandi reglur og ýmis nýmæli er þar einnig að finna. Má hér nefna að í 54. gr. er kveðið á um að fjórar vikur verði að líða frá því fjárnám er gert, þar til nauðungarsala má fara fram á þeirri eign, sem tekin hefur verið fjárnámi, en enginn slíkur frestur er að gildandi lögum. Í þessu ákvæði koma einnig fram sérstakar reglur, sem fyrirbyggja að unnt sé að neyta réttar samkvæmt fjárnámi til að fá viðkomandi eign selda, ef ágreiningsmál er rekið um réttmæti fjárnámsgerðarinnar fyrir héraðsdómi. Í 55.–57. gr. eru fyrirmæli um hver skuli hafa vörslur eigna, sem fjárnám hefur verið gert í. Reglur þessar vernda hagsmuni gerðarþola mun betur en núgildandi lagaheimildir. Að öðru leyti felst í þessum fyrirmælum sú nýbreytni, að ráðgert er að lausafjármunir verði ekki teknir úr vörslum gerðarþola í tengslum við aðfarargerð, nema sérstök hætta þyki á að þeim verði spillt. Er hér byggt á því að vörslusviptingar tengist í framtíðinni framkvæmd nauðungarsölu og að munir verði ekki teknir af gerðarþola nema fyrir atbeina þess, sem með hana fer. Þá má loks benda á þýðingarmikla breytingu, sem felst í fyrirmælum 60. gr. Þar er lögð til sú meginregla, að öll réttindi samkvæmt fjárnámi í lausafé eða kröfu falli sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því gerðin fór fram, ef nauðungarsölu hefur ekki verið krafist á hinu fjárnumda innan þess tíma. Þessi fyrirmæli koma í stað reglu 50. gr. aðfararlaga, sem hefur aðeins gilt um fjárnám en ekki lögtök, en samkvæmt henni hefur tómlæti fjárnámshafa þau meginárif að hann glatar rétti gagnvart síðari fjárnámshafa,

ef hann hlutast ekki til um að taka lausafjármuni úr vörslum gerðarþolans. Veðréttindi fjárnámshafa í þeim munum, sem fjárnám hefur verið gert í, og réttur til að krefjast nauðungarsölu þeirra, helst samkvæmt núgildandi lögum án tímatakmarkana, en sú regla hefur haft réttaróvissu í för með sér og hefur reynst óheppileg í framkvæmd.

9. Í aðfararlögum er ekki kveðið á um skilyrði þess, að fjárnámsgerð verði lokið án árangurs vegna þess að eignir finnast ekki hjá gerðarþola til fullnustu kröfu. Hefur ekki verið útilokað samkvæmt aðfararlögum að ljúka fjárnámi án árangurs, þótt gerðarþoli hafi ekki verið við gerðina eða einhver honum nákominn. Hefur gerðarbeiðandi þannig við tilteknar aðstæður haft að mestu í hendi sér, hvort málalok verði með þeim hætti, og getur skortur á vitneskju um hag gerðarþola haft í för með sér að gerð verði lokið án árangurs, þótt hann kunni að eiga ríflegar eignir til tryggingar viðkomandi kröfu. Þessi aðstaða getur reynst stórlega skaðleg fyrir gerðarþola, þar sem árangurlaus aðför getur meðal annars haft gífurlegt tjón í för með sér fyrir lánstraust manna, en að auki er í lögum kveðið á um ýmis vanefndarúrræði, sem mönnum bjóðast í viðskiptum, ef árangurslaus aðför hefur verið gerð hjá viðsemjanda þeirra. Af þessum sökum eru lagðar til reglur í 8. kafla um sérstök skilyrði fyrir því, að fjárnámi verði lokið án árangurs, og er með þessum hætti leitast við að vernda stöðu gerðarþola í þessum efnum.
10. Í 9. kafla er að finna reglur, sem taka til heimilda til endurupptöku fjárnámsgerðar og til framkvæmdar við þær aðstæður. Þessi fyrirmæli eru mun ítarlegri en núgildandi reglur 51. og 52. gr. aðfararlaga.
11. Í aðfararlögum er ekki vikið að þeim sérstöku aðstæðum, sem varða fjárnám til fullnustu kröfu um dagsektir, sem lagðar hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu til tiltekinna athafna. Vegna tilgangs þessara sekta gilda um margt sérstakar reglur um þær, sem óhjákvæmilega verða að hafa áhrif á réttindi gerðarbeiðanda til að krefjast fullnægju þeirra með fjárnámi. Er í 10. kafla leitast við að bæta úr vöntun lögfestra reglna um þetta atriði. Efnisreglur kaflans fela að nokkru í sér tillögu um lögfestingu reglna, sem hafa þótt gilda í framkvæmd í þessu sambandi, en ýmis mikilsverð nýmæli er þó einnig þar að finna.
12. Í 11. kafla frumvarpsins eru reglur, sem koma eiga í stað fyrirmæla II. kafla aðfararlaga um aðför til fullnustu krafna um annað en peningagreiðslu, en slíkar aðfarargerðir eru fátíðar í framkvæmd. Reglur 72.–74. gr. samsvara að talsverðu leyti ákvæðum 12.–14. gr. aðfararlaga, en nánari samanburð þessara reglna er að finna í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Í 75.–77. gr felast hins vegar tillögur um umtalsverðar breytingar frá núgildandi reglum um samsvarandi efni í 11. og 16. gr. aðfararlaga.
13. Í 12. kafla frumvarpsins koma fram reglur, sem taka til útburðar- og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar. Almennar lögfestar reglur hafa ekki verið fyrir hendi um þetta, en heimild fyrir framkvæmd þessara gerða hefur verið sótt í dómvenju á grundvelli reglu norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, í VI. bók, 14. kapítula, ákvæði 6. Í 78. gr. frumvarpsins er að finna reglu, sem telur helstu skilyrðin fyrir útburðar- og innsetningargerðum án undangengins dóms eða sáttar. Þessi regla, sem er nánar skýrð í athugasemdum um einstök ákvæði frumvarpsins, byggir þó að talsverðu leyti á því viðhorfi að ríkjandi dómvenjur verði sem hingað til að ráða miklu um skilyrðin fyrir þessum gerðum.
14. V. þáttur frumvarpsins hefur að geyma reglur um meðferð mála fyrir héraðsdómi, sem varða ágreining um aðfarargerðir. Mismunandi reglur eru lagðar hér til, eftir því á hvaða stigi gerðarinnar ágreiningur rís. Í 13. kafla koma fram reglur um meðferð ágreinings, sem kemur upp við frummeðferð héraðsdóms á aðfararbeiðni, áður en hún er komin í hendur sýslumanns til framkvæmdar á gerðinni sjálfri. Í 14. kafla koma síðan

fram sérstakar reglur um meðferð ágreinings um framkvæmd gerðarinnar, en gert er ráð fyrir að takmarkaðar heimildir verði til að fá úrlausn héraðsdómara jafnharðan um réttmæti einstakra ákvarðana sýslumanns um framvindu gerðarinnar. Loks er í 15. kafla að finna reglur, sem ætlað er að gefa málsaðilum kost á að afla úrlausnar dómstóla um öll atriði aðfarargerðar, eftir að henni hefur verið lokið, og eftir atvikum að fá henni efnislega breytt eða fá hana fellda úr gildi.

Af eðlilegum ástæðum fela reglur 13.–15. kafla í sér tillögur um verulegar breytingar frá núgildandi lögum, enda einkennast þær mjög af því meginatriði frumvarpsins, að stjórnvöld án dómsvalds framkvæmi aðför. Þessar breytingar koma að mestu fram í því, að í stað þess að aðfarargerð stöðvist, meðan leyst er úr einstökum ágreiningsefnum, eins og núgildandi lög hafa í meginatriðum í för með sér, er mjög takmarkað hver ágreiningsefni geti fengið dómsmeðferð jafnharðan og þau koma til, ef málsaðilar eru ekki ásáttir um að leita hennar. Í frumvarpinu er þannig gengið út frá þeirri meginreglu, að aðfarargerð haldi áfram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og eftir ákvörðun sýslumanns og verði eftir atvikum lokið, þótt ágreiningur hafi komið upp, en þess í stað megi bera deiluefni um gerðina undir héraðsdómara að henni lokinni. Til að vernda frekar réttindi gerðarþola, sem hefur réttmæt mótmæli fram að færa gegn gerðinni, ráðgera reglur 7. kafla frumvarpsins að gerðarbeiðandi megi almennt ekki nýta sér gerðina til vörslusviptingar fjárnuminna eigna eða til nauðungarsölu þeirra, meðan ágreiningsmál um hana er rekið fyrir héraðsdómi, auk þess að gerðarbeiðandi getur bakað sér bótaskyldu á grundvelli reglna 16. kafla frumvarpsins, ef hann heldur óréttmætri kröfu til streitu við aðför. Sýslumaður getur ákveðið að stöðva framkvæmd gerðar skv. 27. gr. frumvarpsins, ef hann telur réttindi gerðarbeiðanda orka tvímælis í ljósi mótmæla gerðarþola, en slík ákvörðun yrði til að gerðinni yrði ekki haldið áfram án dómsúrlausnar þar um. Þá getur gerðarbeiðandi ávallt farið þá leið að samþykkja að gerðarþoli fái að bera mótmæli sín þegar undir héraðsdóm og að gerðin stöðvist meðan úrlausn er ófengin. Þessar reglur, sem hér hefur verið lýst í stuttu máli, mótast mjög af þeim gagnstæðu hagsmunum, sem aðilar að gerðinni hafa hvor um sig. Hagsmunir gerðarbeiðanda felast í þessu tilliti einkum í því, að hann fái á skjótan hátt tryggingu fyrir kröfu sinni og að gerðin dragist ekki á langinn vegna tilefnislausra ágreiningsmála. Hagsmunir gerðarþola eru ekki veigaminni af því, að aðför verði ekki gerð hjá honum vegna óréttmætrar kröfu og að honum verði auðveldað að ná rétti sínum með því að fá aðförinni hnekkt og eftir atvikum bætur vegna tjóns af henni.

Reglur 13.–15. kafla frumvarpsins um sjálfa málsmeðferðina fyrir héraðsdómi eru að talsverðu leyti áþekkar núgildandi reglum, sem koma fram í 39.–44. gr. aðfararlaga, auk einstakra ákvæða laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 238. gr. þeirra. Um nánari skýringu á þessum reglum, sem sérstaklega er ætlað að stuðla að hraðri og fremur einfaldri málsmeðferð, skal vísað hér til athugasemda um einstök ákvæði frumvarpsins.

15. Fyrirmæli 16. kafla frumvarpsins fjalla um bótaábyrgð vegna óréttmætrar aðfarargerðar eða rangrar framkvæmdar hennar, en reglur hafa ekki verið fyrir hendi í lögum um þetta efni. Ákvæði þessa kafla taka að nokkru mið af erlendum lagareglum á þessu sviði, en fela að nokkru í sér tillögu um lögfestingu óskráðra skaðabótareglna, sem hafa þótt gilda um þetta hér á landi.

2. Efnisskipan frumvarpsins.

Efnisskipan frumvarpsins hefur þegar verið skýrð að nokkru með óbeinum hætti með umfjöllun um helstu breytingarnar, sem einstakir kaflar þess ráðgera frá gildandi lögum. Rétt er þó að gera frekari grein fyrir þessu.

Sú leið hefur verið farin við samningu frumvarpsins að skipta því í 6 þætti, sem hver um sig ber sérstaka yfirskrift, en er aftur skipt í einstaka kafla í áframhaldandi númeraröð með sjálfstæðum fyrirsögnum. Þessi efnisskipan er óvenjuleg í nýrri löggjöf, en fyrirmynd að henni má meðal annars finna í lögum um skipti á dánarbúum, félagsbúum o.fl., nr. 3/1878, þar sem tvíþætt skipting efnisins, í sjálfstæða þætti og kafla, horfir til verulegra skýringa á samhengi. Er það einnig markmiðið með þessum hætti í frumvarpi þessu.

Fyrsti þáttur frumvarpsins fjallar um almenn skilyrði fyrir aðför, en þau skilyrði eru nánar talin í tveimur köflum, þeim fyrsta um aðfararheimildir og fleiri almenn atriði og þeim öðrum um aðfararfrest. Reglur fyrsta þáttar eru sameiginlegar fyrir alla flokka aðfarargerða, en þær skera sig úr frá reglum annars þáttar, sem eins stendur á um, með því að efni fyrsta þáttar tekur ekki til sjálfrar atburðarásarinnar við framkvæmd aðfarar, heldur til almennra lagaskilyrða fyrir henni.

Annar þáttur frumvarpsins geymir sameiginlegar reglur fyrir alla flokka aðfarargerða um undirbúning og framkvæmd aðfarar. Reglum hans er skipað í eins konar tímaröð, sem endurspeglar venjulega atburðarás frá byrjun aðfarargerðar og til loka hennar. Í upphafskafla annars þáttar, sem er 3. kafli frumvarpsins, er fjallað um efni aðfararbeiðni og meðferð hennar á fyrstu stigum, bæði sjálfsdáðarathugun á henni af hendi þess, sem henni er beint til, og skráningar vegna hennar. Í 4. kafla er síðan lýst upphafsaðgerðum við aðför, sem varða ákvarðanatöku um hvar og hvenær hún muni fara fram, auk boðunar aðila til hennar. 5. kafli fjallar síðan um sjálfa framkvæmd gerðarinnar. Er þar lýst reglum um möguleika til að framkvæma aðför, þótt gerðarþoli sé ekki staddur við hana, en síðan verklagi við frekari framkvæmd. Er þar meðal annars að finna fyrirmæli um frestun gerðar, um viðbrögð við mótmælum gegn henni og um úrræði við mótstöðu gerðarþola gegn framgangi hennar. Reglur koma loks fram í kafla þessum um framlagningu gagna við aðför, um bókanir um gerðina og vottun hennar og um heimildir til að halda gerð áfram í öðru umdæmi, ef henni verður ekki lokið, þar sem byrjað var á henni.

Þriðji þáttur frumvarpsins geymir sérstakar reglur um fjárnámsgerðir. Upphafskafli þáttarins, 6. kafli frumvarpsins, kveður á um andlag fjárnáms, eða með öðrum orðum í hverjum eignum fjárnám verði gert. 7. kafli frumvarpsins geymir síðan reglur um réttaráhrif fjárnáms og vörslur eða umráð þeirra eigna, sem fjárnám hefur verið gert í. Í þeim kafla er nánar tiltekið kveðið á um þær heimildir, sem fjárnámsgerð veitir gerðarbeiðanda, og þau höft, sem hún leggur á aðra. Reglur kaflans taka einnig afstöðu til þess, hver skuli hafa umráð fjárnuminna eigna frá því fjárnám er gert og þar til gerðarbeiðandi fær þeim komið í verð, ef með þarf, með nauðungarsölu eða á annan lögheimilan hátt. Í 8. kafla er fjallað um sérstök skilyrði fyrir að fjárnámi verði lokið án árangurs, en 9. kafli frumvarpsins tekur síðan til þess, hvenær heimilt sé að taka upp fjárnámsgerð, sem áður hefur verið lokið, vegna breyttra aðstæðna eða nauðsynjar frekari aðgerða. Í lokakafla þáttarins, þeim tíunda, koma fram sérreglur um fjárnám fyrir dagsektum.

Fjórði þáttur frumvarpsins geymir sérstakar reglur um aðfarargerðir, þegar leitast er við að fullnægja öðrum skyldum gerðarþola en til greiðslu peningafjárhæðar. Fyrri kafli þáttarins, 11. kafli frumvarpsins, kveður á um aðför í þessu skyni samkvæmt almennum aðfararheimildum. Reglur kaflans taka af skarið um það, hverjum skyldum gerðarþola verði fullnægt eftir aðalefni sínu, þ.e. með þeim hætti, sem aðfararheimildin hefur beinlínis sagt til um. Ef skylda gerðarþolans fellur utan marka þeirra heimilda, geyma reglur frumvarpsins ekki þvingunarúrræði til að knýja hann til að efna hana, heldur verður að meta hagsmuni gerðarbeiðandans af skyldunni til fjár og gera fjárnám fyrir þeirri fjárhæð. Í 12. kafla er hins vegar kveðið á um sérstakar heimildir til að fullnægja skyldu gerðarþola án þess að fyrir liggi dómur, úrskurður eða sátt um hana, en þessar heimildir taka aðeins til þeirra útburðar- og innsetningargerða, sem til þessa hafa verið nefndar beinar fógetagerðir.

Fimmti þáttur frumvarpsins snýr að meðferð ágreinings um atriði tengd aðfarargerð fyrir héraðsdómi. Eins og áður hefur komið fram, er reglum þessa þáttar skipað í þrjá kafla, þann 13., 14. og 15., sem hver um sig tekur til ágreinings á ákveðnu stigi aðfarargerðar. Reglur þessa þáttar taka ekki til málskots ákvarðana eða úrskurða héraðsdómara í málum sem þessum, enda hefur verið venja fyrir að reglur í þeim efnum komi fram í lögum um Hæstarétt Íslands. Ljóst er hins vegar að lögfesting þessa frumvarps hefði sjálfgefið í för með sér að endurskoða yrði umræddar málskotsreglur, hvað aðfarargerðir varðar.

Sjötti og síðasti þáttur frumvarpsins geymir ýmis ákvæði, eins og fyrirsögn hans segir. Fyrri kafli þáttarins, hinn 16. í frumvarpinu, geymir sérstakar skaðabótareglur vegna ólögmætra aðfarargerða, en lokakafli frumvarpsins, sá 17., kveður annars vegar á um gildistöku og brottfallin lög og lýsir hins vegar meðferð aðfararbeiðna, framkvæmd aðfarargerða og rekstur ágreiningsmála um aðfarargerðir, sem koma til með að standa á skilum milli eldri laga og yngri, ef frumvarpið verður að lögum. Í þessum síðastnefndu ákvæðum er meðal annars gert ráð fyrir að framkvæmd aðfarargerða stöðvist síðustu 15 dagana fyrir gildistöku laganna, þannig að ráðrúm gefist til aðlögunar að nýjum reglum og til annarra nauðsynlegra ráðstafana af því tilefni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í framangreindum almennum athugasemdum um frumvarpið hefur verið fjallað um ráðagerðir þess um veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum og síðan sérstaklega um efnisskipan þess. Hefur í þeirri umfjöllun, einkum þeirri síðarnefndu, verið gerð grein fyrir samhengi milli einstakra þátta og kafla og einnig fyrir meginefni hvers kafla. Munu því ekki koma fram almennar skýringar um efni hvers kafla um sig hér, heldur látið við það sitja að vísa til áðurgreindrar umfjöllunar.

Um 1. gr.

A. Um 1. mgr.: Í 1. mgr. 1. gr. eru aðfararheimildir taldar upp, en það hugtak hefur áður verið skýrt sérstaklega í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Fyrirmæli 1. mgr. 1. gr. verður að skoða í ljósi þess, að frekari skilyrðum þarf að vera fullnægt til að aðför geti farið fram til að fullnægja skyldu, þótt aðfararheimild sé fyrir hendi. Í því sambandi þarf sérstaklega að taka tillit til reglna 7. og 8. gr., þar sem skilyrði eru sett um tiltekinn aðdraganda, áður en krefjast má aðfarar fyrir ákveðnum kröfum, auk þess að fyrirmæli 5.–8. gr. setja sérstakan aðfararfrest. Að þessum skilyrðum er nánar vikið í athugasemdum við umrædd ákvæði frumvarpsins.

Talning aðfararheimilda kemur fram í 11 töluliðum í 1. mgr. Hér ber að vekja athygli á því, að í ýmsum töluliðum ákvæðisins eru taldar upp aðfararheimildir, sem fyrirmæli annarra laga taka einnig til, þar á meðal með ummælum um aðfararhæfi. Þá er einnig um það að ræða, að í ýmsum töluliðum 1. mgr. er aðfararhæfi krafna gagngert háð því skilyrði, að jafnframt sé kveðið á um aðfararhæfi þeirra í fyrirmælum annarra laga. Þessum ákvæðum er ekki ætlað að afnema eða skilyrða sérstök fyrirmæli annarra laga um aðfararhæfi tiltekinna heimilda, sem stæðu því óhögguð þrátt fyrir lögfestingu þessa frumvarps, ef þau eru ekki talin meðal brottfallinna lagaákvæða í 99. gr. þess.

Verða nú einstakir töluliðir 1. mgr. skýrðir nánar hver um sig.

Um 1. tölul. 1. mgr.: Í þessu ákvæði segir að aðför megi gera samkvæmt dómum og úrskurðum, sem kveðnir eru upp af íslenskum dómstólum. Er regla þessi því efnislega samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, en sá munur milli orðalags þessara ákvæða, sem felst í skírskotun 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga til þess, að dómar og úrskurðir séu uppkveðnir af löglegum dómstólum í ríkinu, hefur ekki sjálfstæða merkingu.

Þótt regla 1. tölul. 1. mgr. kveði á um að fullnægja megi dómum og úrskurðum með aðför, er sjálfgefið að þessi heimild takmarkist af því, að viðkomandi dómsúrlausn kveði á um tiltekna skyldu, sem unnt er og þörf er á að fullnægja, eins og komið er að með óbeinum hætti í niðurlagi seinni málsliðar 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Svokölluðum viðurkenningardómum í hreinni mynd, en það eru dómar, sem einungis slá tiltekinni staðreynd fastri, þarf ekki að fullnægja, hvorki með aðför né öðrum hætti. Dómar, sem kveða til dæmis á um ógildingu stjórnvaldsákvörðunar, eru sama marki brenndir. Í annan stað er mögulegt að dómur geti kveðið á um skyldu til annars en greiðslu peninga, sem ómögulegt verður talið að fullnægja. Í 76. og 77. gr. frumvarpsins koma fram reglur, sem styðjast má við þegar lengst er gengið í viðleitni til að fullnægja dómi um slíka skyldu. Síðarnefnda ákvæðið gerir sérstaklega ráð fyrir að ómöguleiki geti staðið í vegi fyrir að gerðarþoli efni skyldu samkvæmt dómi, sem hefði því í för með sér að hún falli niður. Í þriðja lagi er unnt að hugsa sér að dómur geti verið það óljós að efni, að ógerningur sé að taka af tvímæli um hver réttindi hann veiti gerðarbeiðanda. Takmörk eru fyrir því, hversu langt verði gengið við aðfaragerð að skýra efni dómsúrlausnar, en eftir atvikum geta slík álitaefni komið til kasta héraðsdómstóls samkvæmt reglum 13. eða 15. kafla frumvarpsins. Loks má nefna í fjórða lagi að hér er, eins og í gildandi lögum, gengið út frá að ákvæði dóma um refsingar í formi fangelsisvistar og ákvæði úrskurða um rannsóknarúrræði við meðferð opinberra mála falli utan vettvangs aðfararheimilda, enda mælt fyrir í sérlögum um fullnustu slíkra dómsúrlausna.

Í 1. tölul. 1. mgr. er ekki annað tiltekið en að dómur eða úrskurður þurfi að vera kveðinn upp af íslenskum dómstól. Er þannig ekki gerður greinarmunur á nafngiftum einstakra dómstóla, ef þeir hafa á annað borð vald til að mæla fyrir um skyldu, sem fullnægja má með aðför samkvæmt áðursögðu. Þetta atriði kemur að vísu ekki til með að hafa sömu þýðingu og nú er, ef frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nær fram að ganga, þar sem ákvæði þess hefðu í för með sér að dómstólar í héraði nefnist allir héraðsdómar, en beri ekki mismunandi nöfn eftir verksviðum, eins og nú er. Allt að einu geta sérdómstólar, sem ekki teljast til héraðsdómstóla, kveðið upp aðfararhæfa dóma og úrskurði, t.d. félagsdómur, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938. Þessari aðstöðu kæmu reglur áðurnefnds frumvarps ekki til með að breyta, ef að lögum yrðu. Þá er að sjálfsögðu gengið út frá að dómar og úrskurðir æðri dómstóls teljist aðfararhæfir skv. 1. tölul. 1. mgr.

Í því skilyrði, að dómur eða úrskurður sé kveðinn upp af íslenskum dómstól, felst þó tvennt enn, sem þarft er að nefna. Annars vegar falla erlendar dómsúrlausnir utan þessarar heimildar, en um þær gildir sérregla í 11. tölul. 1. mgr., sem síðar verður vikið að. Hins vegar verður að huga að því, að orðin „íslenskur dómstóll“ geta haft víðtækari merkingu en hér er ætlast til. Íslenskir gerðardómar geta í ákveðnum skilningi fallið undir þessi orð og jafnvel einnig svonefndir „dómstólar“, sem starfa hér á landi á grundvelli samþykkta félaga eða samtaka og er ætlað að fjalla um ákveðin málefni félagsmanna. Það, sem veldur því að óþarft er að gefa álitaefnum um þýðingu úrlausna slíkra „dómstóla“ frekari gaum, er að hér er stuðst við að dómar og úrskurðir geti því aðeins verið aðfararhæfir, að viðkomandi dómstóll hafi lögfesta heimild til að kveða upp aðfararhæfar úrlausnir. Útilokast þannig jafnt gerðardómar sem úrlausnir stofnana á vegum félagssamtaka frá þessari skilgreiningu.

Í tilefni síðastgreinds atriðis er rétt að taka fram, að hugað var að því við gerð þessa frumvarps hvort heimila ætti aðför samkvæmt gerðardómum, en úrlausnir gerðardóma eru til dæmis aðfararhæfar skv. 4. tölul. 3. gr. norskra aðfararlaga (lov om tvangsfuldbyrdelse nr. 7/1915 með áorðnum breytingum). Frekari athugun á þeim kosti þótti ekki tímabær hér á landi, þar sem engar lögfestar reglur gilda enn sem komið er um starfshætti og málsmeðferð gerðardóma, en að auki hefur verið umdeilt hvort rétt yrði að heimila aðför samkvæmt úrlausnum sem þessum, jafnvel þótt settra laga nyti við um starfshætti gerðardóma.

Lögfesting þessa frumvarps yrði þó ekki til að raska sérstökum fyrirmælum laga um aðfararhæfi úrlausna tiltekinna gerðardóma, en svo vitað sé er einungis eitt dæmi slíkra fyrirmæla í núgildandi lögum, sem finnst í 38. gr. laga um iðnfræðslu nr. 68/1966, þar sem kveðið er á um aðfararhæfi úrlausna gerðardóma um ágreining milli iðnnema og iðnmeistara um námssamninga.

Um 2. tölul. 1. mgr.: Hér er kveðið á um að aðför megi gera eftir áskorunarstefnum, sem gerðar hafa verið aðfararhæfar með áritun dómara hér á landi. Samsvarandi ákvæði er ekki í aðfararlögum, en mælt er fyrir um aðfararhæfi áritaðra áskorunarstefna í 235. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim var breytt með lögum nr. 54/1988, sbr. áður lög nr. 97/1978.

Heimildir til höfðunar áskorunarmála eru bundnar við tilteknar tegundir peningakrafna, sem nánar eru taldar í 222. gr. laga nr. 85/1936. Í meginatriðum taka þessar heimildir til krafna samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum, öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum og kröfum vegna lausafjárkaupa, en í 2. mgr. ívitnaðs ákvæðis eru taldar ýmsar sjaldgæfari kröfutegundir, sem höfða má áskorunarmál um. Eins og vikið var að í almennum athugasemdum hér á undan og nánar verður fjallað um í sambandi við 7. og 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., er ráðgert í frumvarpi þessu að aðför megi gera samkvæmt skuldabréfum, víxlum og tékkum, án þess að áður sé aflað dóms, sáttar eða áritaðrar áskorunarstefnu. Ef frumvarp þetta verður að lögum, má ætla að það hafi í för með sér mjög verulega fækkun áskorunarmála, þar sem slík mál vegna skuldabréfa, víxla og tékka nema háu hlutfalli heildarfjölda þeirra. Allt að einu mundu áskorunarmál gegna hlutverki, hvað varðar aðrar tegundir peningakrafna, sem höfða má mál fyrir í því formi.

Aðfararheimildin samkvæmt áskorunarstefnu er sú áritun, sem dómari færir á hana um að fullnægja megi kröfum samkvæmt henni með aðför, annaðhvort í heild eða að tilteknum hluta, sbr. 231. gr. og 2. mgr. 234. gr. laga nr. 85/1936. Aðfararheimildin sem slík á ekki að geta orkað tvímælis í þessum tilvikum, þótt hugsanlegt sé að hún geti reynst svo óljós, að verulegur vafi leiki á um skyldur gerðarþola, líkt og áður var nefnt í athugasemdum við 1. tölul. um dóma og úrskurði. Önnur atriði, sem þar var fjallað um og geta torveldað fullnustu dóma og úrskurða, eiga hins vegar ekki við um áskorunarmál, þar sem heimild til höfðunar þeirra er bundin við peningakröfur.

Í 2. tölul. 1. mgr. er tiltekið að aðfararheimildin taki til áskorunarstefna, sem dómari hér á landi hefur áritað um aðfararhæfi. Hér er aðfararheimild því enn bundin við íslenskar dómsúrlausnir, en samsvarandi erlendar heimildir geta fallið undir 11. tölul. 1. mgr.

Um 3. tölul. 1. mgr.: Í þessu ákvæði er mælt fyrir um aðfararhæfi sátta og nauðasamninga, sem komist hafa á fyrir íslenskum dómstólum.

Með sáttum er hér nánar tiltekið átt við svonefndar réttarsáttir, eins og sést af orðalagi ákvæðisins, þar sem áskilið er að sátt hafi komist á fyrir dómstól. Þessi heimild svarar því efnislega til fyrirmæla í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga.

Um réttarsáttir er að finna almennar reglur í I. kafla laga nr. 85/1936. Í 4. gr. þeirra laga segir að réttarsátt sé „löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars". Þessi áskilnaður gildir að sjálfsögðu gagnvart reglu 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þótt hann sé ekki sérstaklega endurtekinn í orðum hennar. Samkvæmt reglum I. kafla laga nr. 85/1936 ber ekki nauðsyn til ítarlegrar skoðunar dómara, sem réttarsátt er gerð fyrir, á því, hvort umræddum áskilnaði 4. gr. laganna sé fullnægt. Því er hugsanlegt að til þess geti komið, að leysa þurfi úr álitaefnum í þessu sambandi við aðför, eins og gert er ráð fyrir í 2. tölul. 5. gr. nefndra laga. Heimildir héraðsdómstóls til að meta einstök atriði réttarsáttar við aðför eru þó takmarkaðar samkvæmt undirstöðureglum réttarfars við þau atriði, sem sá dómur, sem sáttin er gerð fyrir, hefur ekki lagt mat á eða tekið afstöðu til. Þessa síðastgreindu reglu má nú finna í 3. tölul. 5. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 5. gr. aðfararlaga, en í frumvarpi þessu felst hún í fyrirmælum 1. mgr. 17. gr., 2. mgr.

83. gr. og 2. mgr. 88. gr., sbr. 94. gr., þótt hún komi ekki fram berum orðum. Ágreiningsefni um réttarsátt, sem héraðsdómur teldist bær til að leysa úr við aðför samkvæmt framansögðu, kæmi almennt til kasta hans eftir málsmeðferðarreglum 15. kafla frumvarpsins, þótt einnig komi til greina að á þetta geti reynt í málum samkvæmt reglum 13. eða 14. kafla.

Réttarsáttir geta í aðalatriðum tekið til sömu atriða og dómar, ef aðilar að henni hafa forræði á því sakarefni, sem um er að tefla. Af þeim ástæðum geta komið upp sams konar vafaatriði varðandi réttarsáttir og áður var lýst um dóma eða úrskurði, því ekki er gefið að skylda samkvæmt réttarsátt sé þess eðlis, að henni þurfi að fullnægja, eða að unnt sé að fullnægja henni samkvæmt orðanna hljóðan. Ómöguleiki gæti jafnframt leyst gerðarþola undan skyldu samkvæmt réttarsátt, sem kvæði á um annað en peningagreiðslu. Að auki getur efni réttarsáttar verið það óljóst, að ekki sé fært að fullnægja henni með aðför. Aðstaðan í þessum efnum er því hliðstæð þeirri, sem áður var lýst um dóma og úrskurði í athugasemdum við 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., og eiga sömu viðhorf við um úrræði og þar var greint, þótt um réttarsátt sé að ræða.

Eins og nefnt var hér á undan, eru fyrirmæli 3. tölul. 1. mgr. um aðfararheimild bundin við réttarsáttir. Hefur því ekki verið farin sú leið í frumvarpinu að heimila aðför eftir svonefndum utanréttarsáttum, þótt sá kostur hafi verið tekinn til sérstakrar skoðunar í ljósi þess, að breytingar á danskri löggjöf um aðför á árinu 1976 leiddu til aðfararhæfis slíkra sátta þar í landi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 478. gr. danskra réttarfarslaga (lov om rettens pleje nr. 90/1916, með áorðnum breytingum). Greinarmunur á réttarsátt annars vegar og utanréttarsátt hins vegar er almennt ljós, þótt vafatilvik geti komið upp. Í 3. gr. laga nr. 85/1936 segir að réttarsátt taki gildi, þegar hennar hefur verið getið í þingbók og aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Það skoðast sem réttarsátt samkvæmt ákvæði þessu, þótt sátt hafi verið færð á laust blað og undirrituð af málsaðilum, ef skjalið er síðan lagt fram í dómi og undirrituð bókun kveður það hafa að geyma sátt. Framlagning sáttar og undirritun bókunar um hana ráða því talsverðu um hvort hún teljist réttarsátt eða utanréttarsátt. Ýmis vafatilvik geta komið upp í framkvæmd um það, hvort lágmarkskröfum þessa ákvæðis til réttarsátta sé fullnægt, en á þau gæti einkum reynt að framkominni kröfu um aðför samkvæmt sátt, þar sem leyst yrði úr hvort um réttarsátt sé að ræða, sem nýtur aðfararhæfis, eða utanréttarsátt, sem ekki telst aðfararhæf.

Í annan stað kveður 3. tölul. 1. mgr. á um að nauðasamningar njóti aðfararhæfis, ef þeir hafa verið gerðir fyrir íslenskum dómstólum. Með þessum orðum er átt við nauðasamninga, sem gerðir eru fyrir skiptarétti samkvæmt lögum nr. 19/1924, ýmist án undanfarandi gjaldþrotaskipta á búi skuldarans eða eftir upphaf þeirra. Nauðasamningar af báðum þessum gerðum eru aðfararhæfir eftir núgildandi lögum, þótt þeirra sé ekki getið meðal aðfararheimilda í 1. gr. aðfararlaga, því skv. 22., sbr. 46. gr. laga nr. 19/1924, hefur staðfestur nauðasamningur sömu verkanir og réttarsátt milli skuldarans og þeirra lánardrottna, sem samningur bindur, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkenndar í samningnum. Í 3. tölul. 1. mgr. er þess fyrirvara að vísu ekki getið, að aðfararheimild samkvæmt nauðasamningi taki aðeins til viðurkenndra krafna lánardrottna, sem bundnir eru af honum. Slíkt er þó óþarfi, þar sem ákvæðið segir að aðfararheimildin sé krafa samkvæmt nauðasamningi, en þau ummæli geta ekki átt við aðrar kröfur en þær, sem viðurkenndar eru í nauðasamningnum sjálfum.

Úrlausn um það, hverjir lánardrottnar teljist bundnir af nauðasamningi og geti þar með krafist aðfarar á grundvelli hans, ræðst af reglum laga nr. 19/1924. Í 21., sbr. 46. gr. laganna, er tiltekið, hverjir verði bundnir af samningi í þessum skilningi. Nauðasamningur kveður jafnan á um tiltekna hlutfallslega eftirgjöf lánardrottna, sem bundnir eru af samningnum, á kröfum þeirra á hendur skuldaranum, en lög nr. 19/1924 gera þó ráð fyrir að nauðasamning-

ur geti tekið til þess eins að lengja greiðslufrest skulda, án eftirgjafar að öðru leyti. Ber því nauðasamningur með óbeinum hætti með sér, fyrir hverri fjárhæð einstakir lánardrottnar geti krafist aðfarar. Í nauðasamningi kemur einnig fram hver gjalddagi greiðslna samkvæmt honum skuli vera. Ágreiningur getur risið um þessi og fleiri efnisatriði nauðasamnings, ef krafist er aðfarar samkvæmt honum, og gæti héraðsdómstóll, bæði samkvæmt núgildandi lögum og fyrirmælum frumvarpsins, tekið afstöðu til slíkra álitaefna við aðför, í þeim mæli sem sá dómstóll, sem nauðasamningur komst á fyrir, hefur ekki tekið afstöðu til deiluefnisins í tengslum við samningsgerðina. Gilda því í þessum efnum reglur, sem svara til áðurgreindra reglna um heimildir til úrlausnar um réttarsátt við aðför.

Nauðasamningar samkvæmt fyrirmælum laga nr. 19/1924 voru lengi vel svo til óþekktir í framkvæmd, en á síðustu árum hefur talsverður fjöldi slíkra samninga komist á. Algengara var fram til þess tíma og jafnvel enn, að menn hafi leitað samninga við lánardrottna sína utan réttar um eftirgjafir á kröfum, og þá jafnan með þeim áskilnaði að sams konar eftirgjöf fengist hjá öðrum lánardrottnum. Slík samningsgerð, sem hefur engin lögbundin áhrif, hefur í daglegu tali oft verið ranglega kennd við nauðasamninga. Aðfararheimild skv. 3. tölul. 1. mgr. tekur engan veginn til slíkra samninga, sem leiðir af áskilnaði ákvæðisins um að nauðasamningur hafi komist á fyrir dómstólum, en þeim áskilnaði verður ekki fullnægt með öðrum hætti en eftir reglum laga nr. 19/1924.

Í 3. tölul. 1. mgr. er líkt og í fyrstu tveimur töluliðum ákvæðisins tiltekið, að viðkomandi heimildir njóti aðfararhæfis, ef þær hafa fengist fyrir atbeina íslenskra dómstóla. Erlendar heimildir af þessum toga geta hins vegar átt undir 11. tölul. 1. mgr.

Um 4. tölul. 1. mgr.: Hér er mælt fyrir um aðfararhæfi sátta, sem komist hafa á fyrir yfirvöldum, en sá veigamikli fyrirvari er þó settur, að bein ákvæði annarra laga þurfi að auki að kveða á um að aðför megi gera eftir yfirvaldssátt um viðkomandi málefni. Regla þessi er öllu víðtækari en fyrirmæli í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, þar sem kveðið er á um aðfararhæfi sátta, sem komist hafa á fyrir „yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum er ræðir um".

Með sátt er í þessu ákvæði átt við samning, sem gerður hefur verið milli tveggja eða fleiri aðila um málefni, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur úrlausnarvald um eða lögbundna heimild til að leita sátta um. Til að sátt sem þessi verði aðfararhæf, verður efni hennar að sjálfsögðu að varða skyldu, sem einhver aðili hennar tekur á sig, og hægt er að fullnægja með aðför samkvæmt reglum frumvarpsins. Það mundi hins vegar ekki skipta máli fyrir aðfararhæfi slíkrar sáttar, hvort sérstaklega hafi verið kveðið á í henni sjálfri um að fullnægja mætti henni með aðför.

Samningur sem þessi verður að hafa komist á hjá yfirvaldi eða því verið lýst yfir af aðilum hans fyrir yfirvaldinu að efni fyrirliggjandi samnings sé í samræmi við ætlun þeirra. Bókun eða önnur samsvarandi skrásetning yfirvalds um þetta efni þyrfti einnig að liggja fyrir. Hér er með öðrum orðum gengið út frá að samsvarandi viðhorfum verði beitt, ef leysa þarf úr hvort sátt hafi komist á fyrir yfirvaldi, og beitt er um aðgreiningu réttarsátta og utanréttarsátta.

Með yfirvaldi er í ákvæði þessu átt við embættismenn, sem koma fram sem handhafar framkvæmdarvalds ríkisins, hvort sem um lægri sett stjórnvöld er að ræða eða æðri, og hvort sem um einstakan embættismann er að ræða eða fjölskipað stjórnvald, t.d. nefnd.

Sem fyrr segir felst eitt þýðingarmesta atriði 4. tölul. 1. mgr. í þeim fyrirvara, að bein lagaheimild þurfi að kveða á um aðfararhæfi sáttar um viðkomandi málefni fyrir yfirvaldi. Regla 4. tölul. 1. mgr. geymir því ekki út af fyrir sig sjálfstæða aðfararheimild. Orðalag þess og framangreind skýring á því gæti heldur ekki haft í för með sér að synjað yrði um aðför, vegna þess að áðurgreindum skilmálum væri ekki fullnægt, ef sérstök lagaheimild kvæði á annað borð á um aðfararhæfi viðkomandi sáttar. Hér er því nánast um leiðbeiningarreglu að

ræða, sem þjónar þó tvíþættum tilgangi. Hún vekur annars vegar athygli á því, að sáttir, sem komast á fyrir yfirvöldum, geti verið aðfararhæfar, ef sérlög kveða á um það. Hins vegar hefur hún veigameiri þýðingu sem sérstök ábending um að varast verði að setja sérstök fyrirmæli um aðfararhæfi yfirvaldssátta í önnur lög, sem fullnægja ekki áðurgreindum grundvallarviðhorfum um hvenær rétt sé að veita yfirvaldssátt svo víðtæk áhrif.

Eftirfarandi dæmi má finna um sérstök lagafyrirmæli um aðfararhæfi sátta, sem komist hafa á fyrir yfirvaldi:

1. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. lögtakslaga.
2. 28. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Þó ekki sé að finna fleiri dæmi af yfirvaldssáttum, sem njóta aðfararhæfis samkvæmt sérstökum fyrirmælum núgildandi laga, má allt að einu telja raunhæft að ætla að slíkum heimildum kunni að fjölga. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt eldri fyrirmælum I. kafla laga nr. 85/1936 var skylt að leita sátta fyrir sérstökum sáttanefndum, áður en einkamál var höfðað, nema sérstakar undanþágur frá sáttameðferð heimiluðu annað. Sátt, sem komst á fyrir sáttanefnd, var aðfararhæf, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Sáttanefndir hefðu talist yfirvöld í skilningi 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps, en fyrirmælum I. kafla nefndra laga var breytt með lögum nr. 28/1981, og höfðu þær breytingar meðal annars í för með sér afnám sáttanefnda. Hugmyndir hafa verið uppi um að taka aftur upp reglur um sáttameðferð yfirvalda í tengslum við rekstur einkamála fyrir dómi, þótt í verulega breyttri mynd yrði frá áðurnefndum reglum. Ef af þeim ráðagerðum yrði, er nauðsynlegt að kveða á um aðfararhæfi slíkra sátta, en þær gætu fallið að lýsingu 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Ekki er sérstaklega tekið fram í 4. tölul. 1. mgr. að sátt njóti því aðeins aðfararhæfis, að hún hafi komist á fyrir yfirvaldi hér á landi. Unnt er þó að draga þá ályktun af samanburði við reglu 11. tölul. 1. mgr. Sáttir, sem komist hafa á fyrir erlendum yfirvöldum, gætu notið aðfararhæfis hér á landi samkvæmt síðastnefndu ákvæði að fullnægðum öðrum þargreindum skilyrðum.

Um 5. tölul. 1. mgr.: Í þessum tölulið er mælt fyrir um aðfararhæfi úrskurða yfirvalda, en sams konar fyrirvari er þó settur hér og í 4. tölul. ákvæðisins, að reglur annarra laga þurfi sérstaklega að kveða á um aðfararhæfi slíkra úrskurða. Samsvarandi regla er ekki í fyrirmælum 1. gr. aðfararlaga um aðfararheimildir.

Í 5. tölul. 1. mgr. eru ekki settar sérstakar formkröfur um yfirvaldsúrskurði, til að þeir geti notið aðfararhæfis. Er það atriði því látið ráðast af fyrirmælum þeirra sérlaga, sem veita úrskurði gildi sem aðfararheimild, eða eftir atvikum af almennum reglum stjórnarfarsréttar.

Með yfirvaldi er hér átt við hið sama og í 4. tölul. ákvæðisins og má því vísa til umfjöllunar í athugasemdum um þá reglu. Þá á hið sama við um 5. tölul. 1. mgr. og áður var greint um 4. tölul., að hér er ekki um sjálfstæða aðfararheimild að ræða út af fyrir sig, því viðkomandi yfirvaldsúrskurðir þurfa einnig að njóta aðfararhæfis samkvæmt sérstakri lagaheimild. Á því umfjöllun um það atriði í athugasemdum við 4. tölul. 1. mgr. einnig við hér.

Í nokkrum núgildandi lögum er að finna fyrirmæli um aðfararhæfi yfirvaldsúrskurða, en rétt er að benda á, að ekki er ávallt skýrt af hljóðan lagafyrirmæla, hvort þau ætlist til að yfirvald kveði á um tiltekið málefni með úrskurði, sem nýtur aðfararhæfis, eða hvort einfaldlega sé um formlega ákvörðun þess að ræða, sem framfylgja má með aðför. Síðarnefndu tilvikin eiga undir fyrirmæli 6. tölul. 1. mgr., en þau lagaákvæði, sem berum orðum ráðgera að yfirvald kveði upp aðfararhæfan úrskurð, sem regla 5. tölul. 1. mgr. frumvarpsins gæti tekið til, eru eftirfarandi:

1. 9. gr. laga um einkaleyfi, nr. 12/1923.
2. 9. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

3. 10. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.
4. 26. gr. laga um söluskatt, nr. 10/1960.
5. 3. og 4. gr. laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32/1976.
6. 87. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.
7. 28. gr. barnalaga, nr. 9/1981.
8. 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Í reglum frumvarpsins er með sama hætti og leiðir af núgildandi lögum gert ráð fyrir að sá, sem skylda hvílir á samkvæmt aðfararhæfum yfirvaldsúrskurði, geti fengið úrlausn um andmæli sín gegn honum í tengslum við aðför. Úrlausn héraðsdóms um slík andmæli yrði fengin eftir reglum 13.–15. kafla frumvarpsins, eftir því hvernig atvikum væri nánar háttað hverju sinni.

Eins og í 4. tölul. 1. mgr. er hér gengið út frá að það séu eingöngu úrskurðir íslenskra yfirvalda, sem geti notið aðfararhæfis í samræmi við fyrirmæli 5. tölul. Erlendir yfirvaldsúrskurðir gætu eftir atvikum átt undir 11. tölul. 1. mgr.

Um 6. tölul. 1. mgr.: Hér er mælt fyrir um aðfararhæfi ákvarðana yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti, en enn er gerður sá fyrirvari, að sérstök lagafyrirmæli þurfi að auki að kveða á um að aðför megi gera á grundvelli viðkomandi ákvörðunar. Í talningu aðfararheimilda í 1. gr. aðfararlaga er ekki að finna samsvarandi reglu.

Í reglu 6. tölul. 1. mgr. eru ekki settar sérstakar kröfur um form viðkomandi yfirvaldsákvarðana. Er því gengið út frá að þær kröfur ráðist ýmist af reglum þeirra laga, sem varða viðkomandi ákvörðun og kveða sérstaklega á um aðfararhæfi hennar, eða af almennum reglum stjórnarfarsréttar. Ákvörðun í skilningi 6. tölul. þarf hins vegar að varða sérstök málefni, því tiltekið er að hún varði álagningu fésektar, dagsekta eða févítis. Er hér því ýmist um viðurlög að ræða samkvæmt ákvörðun yfirvalds eða úrræði yfirvalds til að þvinga fram efndir á lögboðinni skyldu.

Um afmörkun á því, hvað átt er hér við með yfirvaldi, og um sjálfstætt gildi reglu 6. tölul. 1. mgr. sem aðfararheimildar, á hið sama við og um 4. og 5. tölul. 1. mgr., og skal því vísað til fyrri umfjöllunar um þau efni til nánari skýringa.

Í umfjöllun um 5. tölul. 1. mgr. var vikið að því, að fyrirmæli einstakra laga eru í ýmsum tilvikum óljós um það, hvort ætlast sé til að yfirvald kveði á um aðfararhæfa skyldu með úrskurði eða hvort ákvörðun yfirvalds nægi ein út af fyrir sig sem aðfararheimild. Í eftirfarandi lagareglum sýnist gengið út frá að það sé ákvörðun yfirvalds, sem njóti aðfararhæfis:

1. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. lögtakslaga.
2. 23. gr. póstlaga, nr. 31/1940.
3. 22. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23/1956.
4. 7. gr. laga um ríkisábyrgðir, nr. 37/1961.
5. 53. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966.
6. 10. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 79/1974.
7. 36. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978.
8. 49. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti, nr. 56/1978.
9. 30., sbr. 26. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982.
10. 27. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 109/1984.
11. 109. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Það, sem segir í athugasemdum við 5. tölul. 1. mgr. um heimildir til að hafa uppi andmæli gegn kröfu við aðför samkvæmt yfirvaldsúrskurði og um meðferð erlendra yfirvaldsúrskurða, á einnig við um yfirvaldsákvarðanir skv. 6. tölul. 1. mgr. og skal því vísað til þess hér.

Um 7. tölul. 1. mgr.: Í þessum lið er kveðið á um aðfararhæfi skuldabréfa, en þau nánari skilyrði eru sett, að skuldabréf sé fyrir ákveðinni peningaupphæð, að undirskrift skuldara sé vottuð með tilteknum hætti og að sérstaklega sé tekið fram í ákvæðum þess að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Í umfjöllun um helstu breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá núgildandi lögum, var sérstaklega vikið að þeim nýmælum þessa ákvæðis, að aðför mætti gera samkvæmt skuldabréfi án undangengins dóms eða sáttar, og voru greindar helstu röksemdir fyrir því. Skal vísað hér til þeirrar umfjöllunar.

Í núgildandi lögum er ekki almenn heimild til aðfarar samkvæmt skuldabréfi án undangengins dóms eða sáttar. Í 15. gr. lögtakslaga er hins vegar sérregla, sem heimilar aðför án undangengins dóms til fullnustu skuldabréfakröfu, en sú heimild er bundin því, að þinglýst veð í fasteign sé fyrir skuldabréfinu. Mjög algengt er að vísað sé til umrædds lagaákvæðis í skuldabréfum, sem tryggð eru með veði í fasteign, en þessi heimild hefur þó ekki haft teljandi sjálfstæða þýðingu, þar sem slíkri tilvísun fylgir yfirleitt einnig tilvísun til b-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, sem heimilar að selja fasteign á nauðungaruppboði án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar, ef kveðið hefur verið á um það í fyrirmælum skuldabréfs. Vegna þessarar beinu uppboðsheimildar hefur lítt reynt á reglu 15. gr. lögtakslaga. Regla 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er miklum mun víðtækari en umrætt ákvæði 15. gr. lögtakslaga. Munurinn felst einkum í því að frumvarpsákvæðið áskilur ekki fyrir fram umsaminn veðrétt fyrir skuldabréfi, hvorki í fasteign né annarri eign, og af því leiðir að ekki verður heldur krafist þinglýsingar skuldabréfsins, eins og gert er í umræddri 15. gr. lögtakslaga.

Hugtakið skuldabréf er hvorki skilgreint í reglu 15. gr. lögtakslaga né í öðrum núgildandi lögum. Í frumvarpinu er það heldur ekki gert, en stuðst er við þá almennu skilgreiningu hugtaksins, að með því sé átt við einhliða, óskilyrta og skriflega viðurkenningu á peningaskuld. Nánari skilyrði fyrir aðfararhæfi skuldabréfs koma fram á grundvelli þessarar skilgreiningar, ýmist í 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða öðrum fyrirmælum frumvarpsins. Í fyrsta lagi verður aðfararheimild skv. 7. tölul. 1. mgr. ekki virk samkvæmt reglu 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins fyrr en greiðsluáskorun hefur verið beint að skuldara með fimmtán daga fyrirvara, eftir að skuldin er komin í gjalddaga. Af þeim sökum er óþarft að tiltaka sérstaklega í 7. tölul. 1. mgr. að skuldin þurfi að vera komin í gjalddaga, eins og nú er gert í 15. gr. lögtakslaga. Með því að annað er ekki tekið fram í 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 7. gr., er ætlast til að það ráðist af fyrirmælum viðkomandi skuldabréfs eða af almennum reglum, hvenær skuld samkvæmt því telst komin í gjalddaga, og eru því heldur ekki sett sérstök skilyrði fyrir aðfararhæfi í ákvæðinu um það, að skuld sé komin í gjalddaga vegna einhverra tiltekinna atvika, eins og 15. gr. lögtakslaga felur í sér. Í öðru lagi kemur fram í upphafi 7. tölul. 1. mgr., að skuldabréf þurfi að vera fyrir ákveðinni peningaupphæð, til að fullnægja megi kröfu samkvæmt því með aðför án undangengins dóms eða sáttar. Í þessu skilyrði felst það augljósa atriði, að skuldbindingin verður að vera um greiðslu peninga, en ekki til dæmis um afhendingu annarra verðmæta. Þá felst einnig í þessu, að skuldabréfið verður sjálft að taka af skarið um fjárhæð skuldarinnar. Það verður þannig að bera skýrlega og ótvírætt með sér, hver skuldafjárhæðin er, hvort sem um höfuðstól eða eftirstöðvar hans er að ræða, vexti, verðbætur o.s.frv. Í þriðja lagi er tiltekið í niðurlagi 7. tölul. 1. mgr., sem frekara skilyrði fyrir aðfararhæfi, að það sé kveðið á um heimild til aðfarar án undangengins dóms eða réttarsáttar í sjálfu skuldabréfinu. Um nánari skýringu þessa skilyrðis ber að hafa í huga, að tilgangur þess er að stuðla að því að skuldara samkvæmt bréfinu megi sjálfum vera ljóst, er hann gengst undir skuldbindingu sína, að það megi fullnægja henni með aðför. Ekki ber brýna nauðsyn til að orðalag slíks ákvæðis skuldabréfs sé með nákvæmlega sama hætti og texti 7. tölul. 1. mgr., ef merking þess yrði augljóst talin hin sama. Í fjórða lagi er loks áskilið

í 7. tölul. 1. mgr., að undirskrift skuldara sé vottuð með tilteknum hætti. Sú krafa, að undirskrift verði að vera vottuð af ákveðnum mönnum, einum eða fleiri, er tekin upp til samræmis við reglu 15. gr. lögtakslaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 73/1978. Brestur á þessu skilyrði yrði til þess að réttur til aðfarar teldist ekki fyrir hendi.

Frekari skilyrði um form eða efni skuldaviðurkenningar felast ekki í reglu 7. tölul. 1. mgr. Skiptir því til dæmis ekki máli hvort viðkomandi skjal beri ákveðna yfirskrift eða ekki, ef það fullnægir framangreindum skilyrðum til að teljast aðfararhæft skuldabréf af öðrum sökum.

Heimild skv. 7. tölul. 1. mgr. er ekki takmörkuð við að aðför megi aðeins fara fram hjá útgefanda skuldabréfs eða þeim, sem síðar hefur tekið yfir skuldbindingu hans. Orðalag ákvæðisins sjálfs tekur ekki af skarið í þessum efnum að öðru leyti en því, að skuldabréfið sem slíkt er aðfararheimild, sem leiðir þannig til að krefjast megi aðfarar hjá öðrum en útgefanda, ef skjalið ber með sér að sá sé skuldbundinn af ákvæðum þess. Þetta er þó nánar áréttað í fyrirmælum 1. mgr. 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir að aðför megi gera samkvæmt skuldabréfi hjá þeim, sem hafa tekið að sér sjálfskuldarábyrgð á skuld samkvæmt því, eða hjá eiganda verðmætis, sem hefur verið sett að veði með því, ef skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. er einnig fullnægt gagnvart ábyrgðarmanni eða veðeiganda. Það skilyrði, sem mestu getur skipt í þessu tilliti, snýr að vottun undirskriftar ábyrgðarmanns eða veðeiganda, sem þarf að fullnægja áður greindum kröfum.

Um 8. tölul. 1. mgr.: Eins og vikið var að í almennum athugasemdum með frumvarpinu, er lagt til í þessu ákvæði að víxlar og tékkar verði aðfararhæfir án undangengins dóms eða réttarsáttar, og skal vísað til þargreindra röksemda fyrir þeirri breytingu frá núgildandi lögum.

Regla 8. tölul. er sett fram með þeim hætti, að aðfararhæfi er bundið við kröfu á grundvelli gilds víxil- eða tékkaréttar. Þessi áskilnaður felur í sér að viðkomandi skjöl verði að vera formgild, þ.e. að þau verði að fullnægja kröfum víxillaga nr. 93/1933 eða tékkalaga nr. 94/1933 um form skuldbindingarinnar. Þessi áskilnaður leiðir að auki til að fyrning víxil- eða tékkaréttar samkvæmt fyrirmælum nefndra laga, gagnvart til dæmis ábekingum, útilokar að aðför verði gerð hjá þeim með stoð í þessu ákvæði. Þá hefur þetta loks í för með sér að auðgunarkröfur skv. 74. gr. víxillaga og 57. gr. tékkalaga teljast ekki aðfararhæfar á grundvelli 8. tölul., þar sem þær kröfur byggjast gagngert á þeirri forsendu að víxil- eða tékkaréttur hafi glatast.

Með því að lagt er til að krefjast megi aðfarar eftir heimild 8. tölul. til fullnustu kröfum samkvæmt víxlum og tékkum, felst í heimildinni að aðfararhæfi snýr ekki einungis að samþykkjanda víxils eða útgefanda tékka, heldur einnig að útgefanda og ábekingum víxils og framseljendum tékka, að fullnægðu framangreindu skilyrði um að víxil- eða tékkaréttur sé gildur gagnvart þeim. Þetta er sérstaklega áréttað í fyrirmælum 1. mgr. 3. gr., þar sem meðal annars er fjallað um heimild til að krefjast aðfarar hjá þeim, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efndum skuldbindingar skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Í 8. tölul. 1. mgr. kemur enginn fyrirvari fram, sem útilokar að aðför megi gera til fullnustu erlendra víxla eða tékka.

Um 9. og 10. tölul. 1. mgr.: Reglur þessara tveggja ákvæða tengjast með þeim hætti, að þær taka til samans yfir flestar þær tegundir krafna, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt núgildandi lögum. Í 9. tölul. er mælt fyrir um aðfararhæfi krafna um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru lögum samkvæmt af innheimtumönnum ríkissjóðs, af sveitarfélögum eða af sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar. Í 10. tölul. er hins vegar kveðið á um aðfararhæfi krafna, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga, en falla ekki undir reglur 4., 5., 6. eða 9. tölul. 1. mgr.

Regla 9. tölul. felur í sér sjálfstæða aðfararheimild, þar sem ekki er krafist að mælt sé fyrir í öðrum lögum um lögtakshæfi eða aðfararhæfi skatta- eða gjaldakrafna, sem hér falla undir, þótt svo sé almennt gert. Að þessu leyti er regla 9. tölul. frábrugðin reglu 10. tölul., sem er alfarið háð sérstökum fyrirmælum annarra laga um lögtaksrétt.

Ljóst er að aðgreining milli annars vegar skatta og annarra samsvarandi gjalda, sem falla undir 9. tölul., og hins vegar annarra krafna, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga og falla undir 10. tölul., getur við vissar aðstæður orðið örðug. Þessi aðgreining hefur umtalsverða þýðingu, þar sem 7. og 8. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir mismunandi undirbúningsaðgerðum, eftir því hvort krafa falli undir 9. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. Hin einfaldari meðferð, sem 8. gr. ráðgerir vegna krafna skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr., er einkum lögð til með hliðsjón af nauðsyn þess að innheimtuaðgerðir vegna skatta verði skilvirkar, enda er hér um að ræða meira en helming heildarfjölda aðfarargerða vegna peningakrafna. Dæmigerðar kröfur um skatta og önnur samsvarandi gjöld eru einnig komnar til með álagningu skattyfirvalda, sem lögboðið er að kynna gjaldanda með ákveðnum hætti, og getur ákvörðun gjaldanna almennt sætt kæru til æðra stjórnvalds. Kröfur þessar eru því oftast óumdeildar og réttindi gjaldanda nokkuð trygg vegna kæruheimilda innan stjórnkerfisins. Þessar röksemdir eiga hins vegar ekki við nema um ákveðinn fjölda núverandi lögtaksheimilda. Það hefur af þessum sökum þýðingu að afmarka reglu 9. tölul. með þeim hætti, að hún taki almennt ekki til annarra krafna en þeirra, sem framangreind lýsing á við, þannig að aðrar lögtakshæfar kröfur, sem eiga undir 10. tölul., sæti vandaðri undirbúningsmeðferð.

Réttarframkvæmd og dómsúrlausnir gefa til kynna, að hugtakið „skattur" geti haft mjög rúma merkingu og tekið til fleiri tegunda gjalda heldur en ætlast er til með reglu 9. tölul. Af þeim sökum er þörf nánari afmörkunar reglunnar og er lagt til í því skyni að hún takmarkist við skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru með tilteknum hætti að boði fyrirmæla annarra laga. Það er ljóst að þessi leið útilokar ekki að ýmis afbrigði gjaldakrafna geti fallið undir reglu 9. tölul., þótt áðurraktar röksemdir eigi ekki fullum fetum við um þau. Í þessum efnum hefði hins vegar ekki verið nægjanlegt að miða aðfararheimild 9. tölul. við sömu atriði og nú er gert í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. lögtakslaga, þar sem samsvarandi viðleitni til afmörkunar felst í því skilyrði, að gjöld samkvæmt ákvæðinu skuli renna til ríkis, sveitarfélaga eða kirkna. Sú leið er bæði of þröng og of víðtæk. Gjaldakröfur, sem innheimtar eru með opinberum gjöldum í almennri merkingu, renna ekki alltaf endanlega til einhvers þeirra þriggja, sem 1. gr. lögtakslaga nefnir, og gæti slík viðmiðun, ef við hana yrði stuðst í 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, því haft í för með sér að hluti almennrar skattálagningar félli undir það ákvæði, en hluti hennar undir reglu 10. tölul. Slík aðgreining gjalda yrði allt að því ómöguleg í framkvæmd í ljósi núverandi tilhögunar við innheimtu. Umrædd afmörkun að hætti 1. gr. lögtakslaga gæti einnig reynst of rúm, þannig að lögtakshæfar gjaldakröfur, sem komnar væru til dæmis til vegna þjónustu ríkis eða sveitarfélags við einstaka menn, gætu fallið hér undir. Slík leið yrði í andstöðu við áðurgreind rök fyrir sérreglu 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Afmörkun 9. tölul. felst sem áður segir í því skilyrði, að viðkomandi skattakröfur þurfi að vera innheimtar af innheimtumönnum ríkissjóðs, af sveitarfélögum eða af sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga. Það er áskilið að auki, að sú tilhögun innheimtu þurfi að vera lögbundin. Þessi áskilnaður hefur í för með sér að gjöld, sem slíkir innheimtumenn eða stofnanir taka að sér að innheimta með samningi án lagaskyldu, falla utan marka 9. tölul. Hér er ekki ráðgert að einstök lagafyrirmæli um skatta eða samsvarandi gjöld þurfi beinlínis að tiltaka þessa innheimtuleið, heldur yrði að telja nægjanlegt í þessu sambandi að þau vísi til þess, að innheimta gjaldanna fari eftir sömu reglum og eiga við um tiltekin önnur gjöld, t.d. tekjuskatt og eignarskatt, en nokkrar slíkar tilvísanir er að finna í núgildandi lögum.

Um afmörkun á 9. tölul. að öðru leyti er vert að árétta, að þessi regla nær aðeins til skatta og annarra samsvarandi gjalda. Þótt það leiði af 2. mgr. 1. gr., að vextir og önnur vanskilaviðurlög af skatta- eða gjaldakröfu falli hér undir og einnig þargreindur kostnaður, geta ýmis atriði, þessu tengd, staðið utan marka 9. tölul. 1. mgr. Sérstaklega álagðar skattsektir yrðu til dæmis ekki taldar til krafna skv. 9. tölul., heldur ættu þær ýmist undir 5. eða 6. tölul. og yrði því að beita öðrum aðferðum við undirbúning aðfarar fyrir þeim en eiga við um kröfur skv. 9. tölul., sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í orðalagi 10. tölul. felst í raun gagnályktun frá reglum 4., 5., 6. og 9. tölul. Ef lög kveða á um lögtaksrétt fyrir kröfu og hún fellur ekki undir lýsingu 4., 5., 6. eða 9. tölul., ber að líta svo á að aðfararheimild felist í 10. tölul. tlast verður til að regla 10. tölul. verði skýrð með þeim hætti í framkvæmd, ef frumvarp þetta verður að lögum, að hún geymi almennu regluna um aðfararhæfi lögtakshæfra krafna og að einstök tilvik verði þannig talin falla undir hana, ef þröng skýring lagafyrirmæla leiðir ekki til heimfærslu þeirra undir umrædda fyrri töluliði 1. mgr. Þessi aðgreining hefur einkum þýðingu að því leyti, sem reglur 2. kafla frumvarpsins gera ráð fyrir mismunandi aðdraganda aðfarargerðar, eftir því til hvers töluliðar 1. mgr. 1. gr. viðkomandi aðfararheimild heyrir.

Um 11. tölul. 1. mgr.: Í þessu ákvæði er mælt fyrir um aðfararhæfi krafna samkvæmt tilteknum úrlausnum erlendra dómstóla og yfirvalda. Þau skilyrði eru sett fyrir aðfararhæfi, að íslenska ríkið hafi skuldbundið sig að þjóðrétti til að viðurkenna slíkar heimildir, að mælt sé fyrir í lögum um þá skuldbindingu og að fullnusta viðkomandi kröfu verði talin samrýmast íslensku réttarskipulagi. Umrædd skilyrði snúa nánar tiltekið að því, að í fyrsta lagi þarf milliríkjasamningur, sem íslenska ríkið er aðili að, að mæla fyrir um viðurkenningu ákveðinna erlendra aðfararheimilda. Í öðru lagi þarf slíkur samningur að hafa verið fullgiltur hér á landi með sérstakri lagasetningu. Í þriðja lagi er sett sérstakt skilyrði, sem kanna þarf hverju sinni með hliðsjón af þeirri kröfu, sem aðfarar er krafist fyrir. Viðkomandi krafa þarf að fullnægja þeim áskilnaði, að fullnusta hennar verði ekki talin fara í bága við íslenskt réttarskipulag („ordre public"), eða með öðrum orðum, að hún taki ekki til einhvers þess, sem talið yrði ólöglegt eða ósiðlegt eftir íslenskum lögum, réttarvitund eða siðferðisvitund.

Fá dæmi eru af fullgiltum milliríkjasamningum, sem heimila aðför hér á landi samkvæmt erlendum úrlausnum og fallið geta undir reglu 11. tölul., en þau eru eftirfarandi:

1. Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30/1932.
2. Samningur sömu ríkja 23. mars 1962, sbr. lög nr. 93/1962.
3. Samningur sömu ríkja 20. nóvember 1973, sbr. lög nr. 95/1973.

B. Um 2. mgr.: Í 2. mgr. 1. gr. er afmarkað fyrir hverjum fjárkröfum eða einstökum liðum þeirra megi gera fjárnám, samhliða því að aðför sé gerð til fullnustu á meginskyldu gerðarþola samkvæmt aðfararheimild. Meginskylda gerðarþola í þessum skilningi getur ýmist falist í skyldu til greiðslu ákveðinnar fjárhæðar, sem tiltekin yrði sem höfuðstóll kröfunnar eða eftirstöðvar hans, eða í skyldu hans til annars en peningagreiðslu. Í 2. mgr. 1. gr. er tiltekið nánar, hverjar greiðslukröfur teljist aðfararhæfar með slíkum meginskyldum. Ef aðfarar er krafist fyrir peningaskuld, tekur reglan af tvímæli um að aðfararheimild nái ekki aðeins til höfuðstóls kröfunnar, heldur einnig til vaxta og annarra þeirra liða, sem hún telur upp. Ef aðfarar er aðallega krafist til að fullnægja annars konar skyldu, mætti samhliða gera fjárnám vegna málskostnaðar, kostnaðar af sjálfri gerðinni o.s.frv., að því leyti, sem slíkar peningakröfur geta fylgt meginskyldunni.

Hér er gengið út frá að ef aðfarar er krafist á grundvelli dóms, úrskurðar eða sáttar, þá sé tiltekið að hverju leyti verðbætur, vextir, málskostnaður og eftir atvikum fleiri liðir fylgi höfuðstól kröfunnar. Talning 2. mgr. snýr þannig einkum að öðrum en þessum aðfararheimildum.

Einstakir kröfuliðir, sem taldir eru í 2. mgr. 1. gr., skýra sig að mestu sjálfir. Rétt er þó að nefna eftirfarandi til frekari upplýsinga:

1. Með „lögbundnum vanskilaálögum“ er átt við ýmis viðurlög önnur en dráttarvexti, sem lögum samkvæmt fylgja vanskilum á greiðslu skatta og annarra gjalda. Sem dæmi af slíkum viðurlögum má vísa til álagsgreiðslna vegna vanskila á söluskatti eða á staðgreiðslufé vegna opinberra gjalda.
2. Með „kostnaði af kröfu“ er einkum átt við kröfuliði, sem geta fylgt kröfum samkvæmt skuldabréfum, víxlum eða tékkum, t.d. innheimtukostnað í banka, stimpilgjöld o.fl.
3. Með „endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri“ er vísað til þeirrar meginreglu, sem nú telst gilda, að gerðarþoli verði að bera kostnað af aðför. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins á sýslumaður að ákveða þennan kostnað, að því leyti, sem hann hefur ekki verið ákveðinn með dómi, úrskurði eða sátt. Kostnaður, sem þessi ummæli geta tekið til, gæti fallið til vegna réttargjalda, öflunar dómsendurrita, þóknunar fyrir mót lögmanns gerðarbeiðanda við aðför o.fl.
4. Væntanlegur kostnaður af frekari fullnustuaðgerðum er að jafnaði ekki ljós, þegar aðför er gerð. Venja hefur verið í framkvæmd að tiltekið sé við fjárnámsgerð, að réttindi gerðarbeiðanda samkvæmt henni nái einnig til greiðslu þessa kostnaðar úr hendi gerðarþola, án þess að ákveðin fjárhæð sé tiltekin í því skyni. Í 2. mgr. 1. gr. er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að breyta þeirri framkvæmdarvenju.

C. Um 3. mgr.: Í þessu ákvæði er vísað til þess, að reglur um heimildir til innsetningar- og útburðargerða án undangengins dóms eða sáttar komi fram í 12. kafla frumvarpsins. Tilgangur þessarar tilvísunar er einkum að árétta að það sé ekki ætlunin að talning aðfararheimilda í 1. mgr. 1. gr. afnemi þá dómvenju, að unnt sé að krefjast þessara gerða án almennrar aðfararheimildar. Skilyrði fyrir þessari heimild eru greind í 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins og verða þau nánar skýrð í athugasemdum við það ákvæði.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram hverjir geti krafist aðfarar á grundvelli aðfararheimildar skv. 1. mgr. 1. gr. Í þeim efnum er meginreglan að sá geti verið gerðarbeiðandi, sem aðfararheimildin ber sjálf með sér að sé rétthafi að henni.

Flestar aðfararheimildir skv. 1. mgr. 1. gr. ættu eftir formi sínu að bera með sér, hver verði talinn eigandi eða rétthafi að kröfu. Hér ber þó að gæta að því, að upphaflegur rétthafi getur oftast framselt réttindi sín. Orðalag 2. gr. er með þeim hætti, að framsalshafi geti krafist aðfarar, en það skilyrði er þó sett, að aðfararheimildin beri réttindi hans með sér. Framsalshafi að dómi yrði þannig að framvísa endurriti dómsins með áritun upphaflegs dómhafa um framsal og eftir atvikum með óslitinni framsalsröð til sín.

Skuldabréf geta eftir atvikum ýmist verið nafnbréf eða handhafabréf. Ef krafist yrði aðfarar samkvæmt nafnbréfi, yrði það að vera gefið út til gerðarbeiðandans eða bera með sér óslitna framsalsröð til hans. Handhöfn gerðarbeiðandans yrði hins vegar nægjanleg, ef um handhafabréf væri að ræða. Handhöfn yrði á sama hátt fullnægjandi heimild fyrir gerðarbeiðanda, ef krafist væri aðfarar samkvæmt tékka eða víxli og slíkt skjal væri framselt eyðuframsali.

Í niðurlagi 2. gr. kemur fram að handveðréttarhafi í aðfararheimild geti krafist aðfarar á grundvelli hennar. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í fyrirmælum aðfararlaga, en hún þykir eðlileg, bæði í ljósi almennra reglna um réttindi handveðhafa í öðrum tilvikum og vegna þess, að færst hefur í vöxt að tryggingar í viðskiptum séu veittar með þessum hætti, t.d. með handveði í skuldabréfum. Ekki er ástæða til að sporna við að handveðhafi geti innheimt kröfu, sem hefur verið sett að veði til hans með þessum hætti, enda er að jafnaði gengið út frá að afborganir gangi upp í kröfu hans sjálfs á hendur veðsala.

Það verður að ráðast af almennum reglum um veðréttindi, hvort litið verður svo á að gerðarbeiðandi njóti handveðréttar í aðfararheimild. Gerðarbeiðandinn verður að bera sönnunarbyrði um tilvist þessara réttinda, ef ágreiningur rís um þau við aðför. Hugtakið handveðréttur er ekki notað í víðtækari merkingu hér en almennt. Því er þannig ekki ætlað að taka til réttinda þess, sem hefur gert fjárnám í aðfararhæfri kröfu og fengið vörslur hennar, enda er í slíku tilviki ekki um handveðrétt að ræða í venjulegum skilningi þess hugtaks.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna reglur um hjá hverjum megi gera aðför, en þær fela í sér afmörkun á því, hver verði talinn gerðarþoli í skilningi frumvarpsins. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í upphafi fyrri málsgreinar ákvæðisins, þar sem segir að gera megi aðför hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Þessi regla ætti að eiga við í miklum meiri hluta tilvika. Fjárnám fyrir kröfu um skatta eða önnur samsvarandi gjöld yrði þannig gert hjá þeim, sem álagning hljóðar á. Aðför yrði gerð eftir dómi hjá dómþola og eftir sátt hjá þeim, sem tekið hefur á sig skuldbindingu með henni, hvort sem um einn mann er að ræða eða fleiri. Í 3. gr. koma ekki fram sjálfstæð skilyrði fyrir hæfi manns, félags eða samtaka til að geta talist gerðarþoli, og er því í þessum efnum miðað við almennar reglur um hæfi til að eiga aðild að einkamáli fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Hugtakið gerðarþoli er notað jafnt um einstaka menn og um svokallaðar lögpersónur, þ.e. félög, samtök o.þ.h. Sérstök fyrirmæli koma ekki fram í frumvarpinu um fyrirsvar fyrir lögpersónu, sem aðför beinist að, eða um fyrirsvar fyrir einstaka menn, sem óhæfir eru til að gæta eigin hagsmuna. Er því ætlast til að almennar reglur veiti svör við því, hver teljist bær um að svara fyrir lögpersónu við aðför eða til dæmis ólögráða mann. Meginreglu um það efni má finna í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942.

Áðurnefnd meginregla 3. gr. ætti út af fyrir sig að leiða til þess, að krefjast mætti aðfarar jafnt hjá útgefanda víxils og samþykkjanda, svo dæmi sé tekið. Til að taka þó af tvímæli um þetta, er sérstaklega tekið fram í seinni málslið 1. mgr. 3. gr., að krefjast megi aðfarar hjá þeim, sem hefur tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á víxli, tékka eða skuldabréfi. Þessi heimild er að sjálfsögðu háð því að ábyrgðin sé gild eftir almennum reglum um viðkomandi viðskiptabréf, t.d. vegna fyrningar eða nauðsynjar afsagnargerðar. Heimildin er einnig bundin því, að um sjálfskuldarábyrgð sé að ræða, og er því ekki hægt að krefjast aðfarar hjá þeim, sem hefur tekið á sig svonefnda einfalda ábyrgð á greiðslu skuldabréfs. Þá er loks tekið fram í 1. mgr. 3. gr., að sérstökum skilyrðum 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. fyrir aðför hjá aðalskuldara þurfi einnig að vera fullnægt gagnvart ábyrgðarmanni, ef krefjast á aðfarar hjá hinum síðarnefnda. Hvað skuldabréf varðar, hefur þetta í för með sér að undirskrift ábyrgðarmanns þarf að vera vottuð með þeim hætti, sem 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. áskilur, og fyrirmæli skuldabréfs um aðfararhæfi þurfa að sjálfsögðu einnig að hafa verið í texta þess, þegar ábyrgðarmaður ritaði nafn sitt á það. Hvað víxla eða tékka varðar, leiðir þessi fyrirvari 1. mgr. 3. gr. einkum til að útiloka að krafist verði aðfarar fyrir auðgunarkröfu á grundvelli víxils eða tékka hjá ábyrgðarmanni án undangengins dóms.

Í 1. mgr. 3. gr. er tekið sérstaklega fram, að krefjast megi aðfarar hjá eiganda verðmætis, sem sett hefur verið að veði til tryggingar kröfu samkvæmt skuldabréfi. Hér eru hafðar í huga þær aðstæður, að veðsetning hafi átt sér stað með skuldabréfi eða tryggingarbréfi, án þess að heimild sé fyrir hendi til að krefjast nauðungarsölu hins veðsetta án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar. Til að öðlast rétt til nauðungarsölu veðsins við þessar aðstæður yrði kröfueigandi að gera fjárnám í því, eins og þarf samkvæmt núgildandi reglum. Ekki er gefið að eigandi veðsins sé einnig útgefandi skuldabréfs eða að hann sé af öðrum sökum skuldbundinn til greiðslu samkvæmt því. Er því gert ráð fyrir að krefjast megi

sjálfstæðrar aðfarar hjá eiganda veðsins, en þá eingöngu til að fá fjárnám gert í hinni veðsettu eign. Fyrirmæli 1. mgr. 3. gr. heimila ekki að gerðarbeiðandi geti krafist fjárnáms í öðrum eignum veðeigandans.

Algengt er að aðfararheimildir hljóði á greiðsluskyldu fleiri en eins manns, t.d. dómar, áritaðar áskorunarstefnur eða réttarsáttir. Ef frumvarp þetta verður að lögum, yrði sams konar staða uppi varðandi aðför samkvæmt víxlum, tékkum og skuldabréfum, þar sem algengt er að ábyrgð fleiri en eins geti komið til álita. 3. gr. frumvarpsins ráðgerir ekki breytingu frá núgildandi reglum að því leyti, að gerðarbeiðandi hefur almennt sjálfdæmi um það, hjá hverjum samábyrgra hann krefjist aðfarar. Honum væri óþarft að gefa öðrum kost á að gæta hagsmuna sinna en þeim, sem hann hefur í hyggju að beina aðförinni að. Ef um kröfu væri að ræða, sem ekki mætti fullnægja með aðför nema að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. frumvarpsins, væri nægilegt að gerðarbeiðandi beindi slíkri áskorun að þeim eina ábyrgðarmanni, sem hann vill reyna aðför hjá. Tilkynningu um væntanlega aðför skv. 21. gr. þyrfti heldur ekki að senda öðrum en þeim, sem gerðarbeiðandi vill beina gerðinni að. Hér er því ekki um að ræða neina nauðsyn samaðildar, þótt gerðarbeiðandi eigi þess kost samkvæmt aðfararheimild að reyna aðför hjá fleiri en einum. Það sama á einnig við, ef aðfarargerð samkvæmt skuldabréfi er beint að eiganda veðsettra verðmæta, þótt sá sé ekki greiðsluskyldur samkvæmt skuldabréfinu. Gerðinni mætti beina að eigandanum einum, án þess að aðalskuldara eða ábyrgðarmönnum yrði gert kunnugt um hana. Við þær aðstæður, sem hér hafa verið nefndar í dæmaskyni, kæmi til álita að aðrir en sá, sem gerðinni er beint að, telji sig hafa hagsmuna að gæta við hana. Slíkir menn yrðu ekki taldir gerðarþolar, þótt þeir mættu við gerðina og hefðu uppi andmæli, heldur nytu þeir réttarstöðu þriðja manns við gerðina, sbr. 28. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. er að finna undantekningar frá þeirri meginreglu, sem felst í fyrri málsgrein ákvæðisins, um að aðfarar verði ekki krafist hjá öðrum en þeim, sem aðfararheimildin sjálf hljóðar á. Þar er í fyrsta lagi að finna undantekningu um þá, sem taka á sig ábyrgð á aðfararhæfri kröfu samkvæmt fyrirmælum laga. Reglur 1. mgr. 1. gr. taka almennt til þess, við hverjar aðstæður heimilt yrði talið að gera aðför hjá ábyrgðarmanni að kröfu. Þær reglur fela meðal annars í sér, að þótt maður gengist að uppkveðnum dómi í ábyrgð fyrir að dómþoli efni skyldur sínar samkvæmt honum, yrði ekki hægt að gera aðför á grundvelli dómsins sem slíks hjá ábyrgðarmanninum. Umrædd regla í 2. mgr. 3. gr. heimilar hins vegar í undantekningartilvikum að krefjast megi aðfarar hjá ábyrgðarmanni fyrir aðfararhæfri skuldbindingu, en með því skilyrði að sett lagaregla gildi um það, með hverjum hætti slík ábyrgð komi til. Sem dæmi um slíka lögmælta ábyrgð má nefna ábyrgð erfingja á skuldbindingum látins manns samkvæmt reglum laga nr. 3/1878. Eftir reglu 2. mgr. 3. gr. væri heimilt að krefjast aðfarar samkvæmt dómi, sem hljóðar á arfláta, hjá erfingja hans, sem hefur gengist við arfi og skuldum eftir fyrirmælum nefndra laga. Í öðru lagi er kveðið á um það í 2. mgr. 3. gr., að krefjast megi aðfarar hjá þeim, sem ber sjálfkrafa ábyrgð á aðfararhæfri kröfu samkvæmt fyrirmælum laga, þótt krafan hljóði ekki á hann sjálfan. Lagafyrirmæli um ábyrgð sem þessa eru fá og varða flest innheimtu opinberra gjalda, sbr. t.d. 32. gr. laga nr. 73/1980 og 113. og 114. gr. laga nr. 75/1981. Í 109. gr. laga nr. 50/1987 er þó að finna reglu um ábyrgð sem þessa, sem snýr ekki að skattheimtu.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmi aðfarargerðir. Hér er tekið mið af þeirri skipan, sem frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gerir ráð fyrir, en eins og áður hefur verið skýrt í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu, er hér byggt á því að sýslumenn fari með framkvæmd aðfarargerða sem stjórnvaldsathafnir. Í frumvarpi til laga um aðskilnað

dómsvalds og umboðsvalds í héraði er kveðið á um það embættisgengisskilyrði um sýslumenn, að þeir séu lögfræðingar að mennt. Þá er ráðgert þar að fulltrúar starfi við embætti sýslumanna, sem ýmist yrðu löglærðir eða ekki. Við framkvæmd aðfarargerða samkvæmt reglum þessa frumvarps gæti reynt á fjölmörg lögfræðileg álitaefni og verður því að telja varhugavert að heimila að ólöglærðir starfsmenn sýslumanna annist þessi verk. Af þeim sökum er áskilið í 1. mgr. 4. gr. að löglærður fulltrúi sýslumanns annist framkvæmd aðfarargerðar, ef sýslumaður gerir það ekki sjálfur.

Í ýmsum reglum frumvarpsins, sem fjalla nánar um framkvæmd aðfarargerða, er tekið svo til orða að sýslumaður gegni tilteknu hlutverki, taki ákvörðun um málefni o.s.frv. Þær reglur verður að skoða í ljósi 1. mgr. 4. gr., þannig að þær eiga að sjálfsögðu eins við um löglærða fulltrúa sýslumanna, ef þeir fara með aðfarargerðir.

Almennar lögfestar reglur eru ekki fyrir hendi um það, við hverjar aðstæður stjórnvöld verða talin vanhæf til að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Til að komast hjá því að leggja til setningu ítarlegra hæfisreglna í frumvarpinu, sem einungis hefðu þýðingu fyrir aðfarargerðir, er sú leið farin í 2. mgr. 4. gr. að kveða á um að reglur um hæfi dómara í einkamáli gildi um hæfi sýslumanns eða löglærðs fulltrúa hans til að fara með aðfarargerð hverju sinni, að því leyti sem þær reglur geta átt við að breyttu breytanda. Tilvísun þessi á við reglur 36. og 37. gr. laga nr. 85/1936, en eðlilegt verður að telja að samsvarandi hæfiskröfur séu hér gerðar, þótt um stjórnvaldsathöfn sé að ræða. Í niðurlagi 2. mgr. 4. gr. er finna sérstaka undantekningu frá skírskotun ákvæðins til hæfisreglna um dómara, sem tekur til þeirra umdæma, þar sem sýslumenn gegna einnig hlutverki innheimtumanna ríkissjóðs eða annast sameiginlega innheimtu fyrir ríki og sveitarfélög. Undantekning þessi kveður á um að slík innheimta valdi því ekki, að sýslumaður teljist vanhæfur til að gera fjárnám fyrir kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld. Telja verður að þessi undantekning sé algerlega óhjákvæmileg af tilliti til framkvæmdar í þessum efnum.

Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um viðbrögð, ef sýslumaður reynist vanhæfur til að framkvæma tiltekna aðfarargerð vegna fyrirmæla 2. mgr. 4. gr. Samkvæmt reglu þessari skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að framkvæma gerðina. Löghæfur yrði maður talinn í þessum skilningi, ef hann fullnægði skilyrðum til að gegna starfi löglærðs fulltrúa sýslumanns. Þóknun þess, sem ynni viðkomandi verk í stað sýslumanns, yrði greidd úr ríkissjóði samkvæmt seinni málslið þessa ákvæðis.

Um reglu 2. og eftir atvikum 3. mgr. 4. gr. ber að vekja athygli á, að ekki er mælt fyrir um að sýslumaður víki sæti með tilteknum hætti, ef hann telur sig vanhæfan til að fara með aðfarargerð. Hér væri því um ákvörðun hans að ræða, sem hann yrði að tilkynna dómsmálaráðherra um, til að öðrum manni verði falið að vinna viðkomandi verk. Ráðherra yrði væntanlega heimilt að meta sjálfstætt hvort nauðsyn beri til að sýslumaður færist undan að framkvæma gerðina. Í umræddum ákvæðum er heldur ekki mælt fyrir um formleg viðbrögð sýslumanns, ef málsaðili ber því við að hann sé vanhæfur til að annast viðkomandi gerð. Ef sýslumaður teldi sig hæfan til að fara með gerð, þrátt fyrir gagnstæða skoðun málsaðila, færi hann eftir sem áður með hana eftir eigin ákvörðun, sem ekki yrði endurmetin nema við málsmeðferð fyrir héraðsdómi eftir almennum reglum 14. og 15. kafla frumvarpsins.

Í 4. mgr. 4. gr. er að finna almenn fyrirmæli um til hvers héraðsdómstóls beina eigi málefnum samkvæmt reglum frumvarpsins. Segir að það skuli vera sá dómstóll, sem fer með dómsvald í umdæmi þess sýslumanns, sem framkvæmir hlutaðeigandi gerð. Fyrirvari er þó gerður um að þetta eigi ekki við, að því leyti sem einstakar reglur frumvarpsins mæla fyrir um að tiltekin málefni skuli borin undir dómstól á ákveðnum stað. Þessi fyrirvari snýr einkum að reglu 11. gr., þar sem sérstök fyrirmæli koma fram um til hvers héraðsdóms eigi að senda aðfararbeiðni, þegar þörf er á upphafsmeðferð hans áður en beiðni er komið á framfæri við sýslumann.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. koma fram reglur um hversu fljótt gera megi aðför eftir dómum, dómsúrskurðum og árituðum áskorunarstefnum. Er mælt fyrir um að aðför megi gera að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar, en þegar í stað eftir áritun áskorunarstefnu. Umræddur 15 daga aðfararfrestur frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar á þó aðeins við, ef annað hefur ekki verið tekið fram í viðkomandi dómsúrlausn. Má því hvort heldur lengja eða stytta aðfararfrest með fyrirmælum í dómsúrlausn, ef aðrar lagareglur takmarka ekki þann kost sérstaklega. Í niðurlagi 1. mgr. er áréttað það inntak fyrri fyrirmæla ákvæðisins, að aðfararfrestur miðast almennt við uppkvaðningu dómsúrlausnar eða áritun áskorunarstefnu, en ekki við birtingu þessara heimilda fyrir dómþola. Er hér lögð til breyting frá núgildandi reglum, sem miða fresti varðandi dóma og úrskurði við birtingu, en þær koma meðal annars fram í 3. og 4. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936. Þau ákvæði eru ekki talin meðal lagareglna, sem gert er ráð fyrir að falli brott skv. 99. gr. frumvarpsins, enda geta þau haft þýðingu í öðrum efnum en þeim, sem snúa að aðfararhæfi dómsúrlausnar. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður allt að einu að telja eftir almennum lögskýringarviðhorfum að nefndar reglur séu fallnar úr gildi, hvað birtingu dómsúrlausnar varðar sem skilyrði aðfarar. Niðurlagsorð 1. mgr. 5. gr., sem gera ráð fyrir þeirri undantekningu að birting dómsúrlausnar fyrir dómþola geti talist skilyrði aðfarar, miðast þannig aðeins við sérstakar lagareglur um ákveðin tilvik, en ekki almennar reglur eins og áðurnefnd ákvæði laga nr. 85/1936.

Í 2. og 3. mgr. 5. gr. koma fram reglur um áhrif áfrýjunar eða kæru á dómi, úrskurði eða áritaðri áskorunarstefnu til æðra dóms. Reglurnar eru tvenns konar, eftir því hvort áfrýjun á sér stað innan almenns áfrýjunarfrests eða ekki. Með almennum áfrýjunarfresti er hér samkvæmt málvenju átt við þann tíma, sem heimilt er að áfrýja dómsúrlausn án þess að afla þurfi leyfis dómsmálaráðherra til þess. Sá frestur getur verið mislangur samkvæmt fyrirmælum laga, eftir því hvert úrlausnarefni máls hefur verið.

Reglur 2. mgr. 5. gr. taka til áhrifa áfrýjunar, sem á sér stað innan almenns frests. Meginregla ákvæðisins er að áfrýjun dóms eða úrskurðar hafi í för með sér að aðfararbeiðni á grundvelli hans verði ekki tekin fyrir, meðan máli er ólokið fyrir æðra dómi. Til að tálma aðför með þessum hætti yrði gerðarþoli að minnsta kosti að framvísa útgefinni áfrýjunarstefnu. Almennur áfrýjunarfrestur í skilningi 2. og 3. mgr. 5. gr. er yfirleitt ýmist 12 vikur eða 3 mánuðir. Í ljósi þess, að aðfararfrestur skv. 1. mgr. ákvæðisins yrði að jafnaði 15 dagar, gætu aðstæður orðið þær í einstökum tilvikum að áfrýjunarstefna hafi ekki enn verið tekin út, þegar aðfararbeiðni kemur fram. Gerðarþoli gæti almennt ekki stöðvað aðför með því að lýsa yfir fyrirætlun um áfrýjun aðfararheimildar. Í 21. gr. kemur hins vegar fram sú regla, að tilkynna verði gerðarþola um væntanlega aðför með nokkrum fyrirvara. Slíkur fyrirvari ætti að jafnaði að nægja gerðarþola til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja aðför um sinn með áfrýjun aðfararheimildar í tæka tíð.

Í 2. mgr. 5. gr. koma fram undantekningar frá þeirri reglu, að áfrýjun dómsúrlausnar innan almenns áfrýjunarfrests hindri aðför. Fela þær í sér að aðför megi gera á grundvelli dómsúrlausnar, þótt máli sé skotið til æðra dóms innan almennra fresta, ef ákvörðun þess efnis er að finna í úrlausninni sjálfri eða ef fyrirmæli annarra laga girða fyrir frestandi áhrif málskots. Fyrrnefndu tilvikin, að dómsúrlausn kveði sjálf á um að áfrýjun hennar eða eftir atvikum kæra fresti ekki aðför, eru nánast óþekkt í framkvæmd hér á landi, en öllu algengari í nágrannalöndum. Ekki er rétt að útiloka þessa leið með fyrirmælum í löggjöf um aðför, enda eðlilegra að afstaða sé tekin til heimildar fyrir henni í almennri réttarfarslöggjöf. Síðarnefndu tilvikin eru fáið, þar sem lagafyrirmæli girða fyrir frestandi áhrif áfrýjunar. Dæmi af slíku snýr þó að einni algengustu aðfararheimildinni í núverandi framkvæmd,

aðfararhæfum áskorunarstefnum, en skv. 235. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, frestar áfrýjun áskorunarmáls ekki aðför.

Í 3. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um áhrif áfrýjunar aðfararheimildar, sem á sér stað að loknum almennum áfrýjunarfresti. Er sú regla lögð til að slík áfrýjun fresti almennt ekki aðför, enda hefur gerðarþoli þá að jafnaði þegar haft yfirdrifinn tíma til ákvörðunartöku um málskot. Í ákvæði þessu er þó ráðgert, að gerðarþoli geti krafist frestunar aðfaragerðar vegna áfrýjunar við þessar aðstæður, en um meðferð á slíkri frestskröfu er vísað til reglu 26. gr., sem byggist á að frestir verði almennt ekki veittir án samþykkis allra aðila að gerðinni. Má því ætla að frestun gerðar við þær aðstæður, sem 3. mgr. 5. gr. tekur til, komi ekki til álita nema við sérstakar aðstæður.

Eftir núgildandi lögum á dómhafi þess kost, ef aðfararheimild hans er áfrýjað og girt er þannig fyrir framkvæmd fjárnáms, að krefjast svonefndrar löggeymslu í eignum dómþola til tryggingar meðan máli er ólokið fyrir æðra dómi. Heimild þessari hefur mjög sjaldan verið beitt í framkvæmd, en hún styðst við fyrirmæli í ákvæðum 24 og 28 í 22. kapítula I. bókar norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, sem ráðgert er að falli niður skv. 99. gr. frumvarpsins. Stefnt er að því að ný fyrirmæli um slíkar tryggingargerðir til bráðabirgða komi fram í væntanlegu frumvarpi að lögum um kyrrsetningu og lögbann.

Reglur 5. gr. miðast aðallega við aðfararheimildir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem fengnar hafa verið fyrir íslenskum dómstólum. Þótt þess sé ekki sérstaklega getið í 5. gr., er allt að einu ætlast til að sömu reglur gildi um erlendar dómsúrlausnir, sem njóta aðfararhæfis skv. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna reglur um hvenær aðför megi gera til fullnustu kröfum samkvæmt réttarsáttum, sáttum gerðum fyrir yfirvöldum og nauðasamningum. Reglur þessar, sem skýra sig að mestu sjálfar, miða við að aðför megi gera, ef kröfur samkvæmt umræddum heimildum eru komnar í gjalddaga samkvæmt ákvæðum þeirra sjálfra. Ef engin fyrirmæli er að finna um gjalddaga í heimildum sem þessum, má ekki hefjast handa um aðför samkvæmt þeim fyrr en 15 dögum frá því sátt eða nauðasamningur komst á.

Í 2. mgr. 6. gr. kemur fram regla til að taka af tvímæli um að kröfugerð í dómsmáli um ógildingu á sátt fyrirbyggi ekki aðför. Ekki verður séð að regla þessi þarfnist sérstakra skýringa.

Reglum 6. gr. yrði beitt um erlendar sáttir og nauðasamninga, sem nytu aðfararhæfis hér á landi í skjóli 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Um 7. gr.

Í 5. og 6. gr. er ekki kveðið á um þörf sérstakra aðgerða af hálfu gerðarbeiðanda til undirbúnings því að krefjast aðfarar, ef aðfararheimild hans fellur undir nefndar reglur. Sú skipan mála er komin til af því, að slíkar aðfararheimildir hafa orðið til að undangenginni formlegri meðferð málefnisins á öðrum vettvangi, þar sem ýmist hefur verið þörf beinnar þátttöku gerðarþola eða honum hefur a.m.k. gefist kostur á að halda uppi andmælum gegn umkrafinni skyldu. Gerðarþola á jafnan að vera fullkunnugt um þau réttindi, sem gerðarbeiðandi vill fá fullnægt með aðför á grundvelli einhverrar þessara heimilda. Þessi viðhorf eiga hins vegar ekki með öllu við um þær aðfararheimildir, sem reglur 7. og 8. gr. taka til. Að vísu hefur gerðarþola í ýmsum þessum tilvikum gefist kostur á að hafa uppi athugasemdir við kröfu á fyrri stigum og í öðrum hefur hann sjálfur átt þátt að tilurð aðfararheimildar. Þrátt fyrir það er hætt við að réttur gerðarþola yrði ekki nægilega tryggur, ef gerðarbeiðanda yrði heimilað að krefjast aðfarar í þessum tilvikum án frekari aðdraganda. Af þessum sökum er kveðið á um það í 7. og 8. gr. að gerðarbeiðandi þurfi að beina áskorun til gerðarþola um

að efna skuldbindingu sína samkvæmt aðfararheimildinni, áður en krefjast má fullnustu hennar með aðför. Áskorun sem þessi getur haft umtalsverða þýðingu sem áminning til gerðarþola og leitt þannig til að hann efni skuldbindingu sína án aðfarar. Áskorunin getur einnig orðið tilefni til að gerðarþoli komi mótmælum á framfæri gegn kröfu gerðarbeiðanda, eins og gert er ráð fyrir í niðurlagi 1. mgr. 14. gr., þannig að úrlausn gæti fengist um ágreining um kröfuna samkvæmt reglum 13. kafla.

Í 7. gr. er að finna reglur um þörf sérstakrar greiðsluáskorunar til gerðarþola, áður en gerðarbeiðanda er heimilt að krefjast aðfarar á grundvelli heimilda skv. 5.–8. og 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. Sams konar greiðsluáskorunar er einnig þörf, ef gerðarbeiðandi styður heimild sína til aðfarar við ábyrgð gerðarþola á kröfu, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til, og skiptir þá ekki máli hvort aðfararheimildin gagnvart aðalskuldara sé þess eðlis, að greiðsluáskorunar væri ekki þörf gagnvart honum. Þótt það sé ekki tekið fram berum orðum í 7. gr., er einnig ætlast til að farið sé með erlendar aðfararheimildir, sem lýsing 5.–8. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. gæti átt við, á sama hátt og 7. gr. mælir fyrir um vegna íslenskra aðfararheimilda af þessum toga.

Um efni greiðsluáskorunar eru ekki ítarleg fyrirmæli í 1. mgr. 7. gr. tlast verður þó til að í henni komi fram nægilega glögg lýsing á viðkomandi kröfu til að gerðarþola megi vera ljóst um hverja sé að ræða. Þá verður samkvæmt fyrirmælum nefnds ákvæðis að koma fram áskorun um greiðslu og aðvörun um að aðfarar verði krafist, ef áskoruninni verður ekki sinnt. Um efni þessarar orðsendingar að öðru leyti má vekja athygli á því, að gerðarbeiðandi getur um leið sinnt skyldu sinni skv. 21. gr. til að tilkynna gerðarþola um stað og stund væntanlegrar aðfarargerðar, ef hann hefur undirbúið hugsanlegar aðgerðir sínar nægilega á því stigi máls.

Greiðsluáskorun að hætti 7. gr. verður ekki beint að gerðarþola fyrr en eftir gjalddaga viðkomandi kröfu og aðfarar verður ekki krafist til að fullnægja henni fyrr en að 15 dögum liðnum frá því greiðsluáskorun var komið á framfæri. Í 2. mgr. ákvæðisins eru nefndir þrír valkostir um það, hvernig birting áskorunar geti farið fram. Tiltekið er að senda megi áskorun með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, eða að einn stefnuvottur geti birt hana. Sending áskorunarinnar í ábyrgðarpósti eða símskeyti nægir þó ekki út af fyrir sig, því í 2. mgr. 7. gr. er miðað við að umræddur 15 daga frestur byrji fyrst að líða, þegar áskorunin kemst í hendur gerðarþola eða einhvers, sem telst hæfur skv. VIII. kafla laga nr. 85/1936 til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd. Frestur ákvæðisins byrjar því fyrst að líða við viðtöku áskorunar, ekki við sendingu hennar. Hefur þetta í för með sér að gerðarbeiðandi verður að tryggja sér sönnur fyrir að áskorun hafi verið komið á framfæri með umræddum hætti, sem almennt yrði ekki gert nema ábyrgðarbréf eða símskeyti hafi verið borið út og honum verið endursend viðtökukvittun fyrir sendingunni. Má geta þess um þennan hátt á sendingu tilkynninga, að réttarfarsnefnd hefur fengið staðfest af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar að hún geti mætt þessum þörfum fyrir sitt leyti.

Eins og áður var vikið að í athugasemdum við 3. gr., nægir gerðarbeiðanda að beina tilkynningum, þar á meðal greiðsluáskorun skv. 7. gr., að þeim, sem hann hyggst krefjast aðfarar hjá. Er honum því óskylt að beina tilkynningum eða greiðsluáskorun að samskuldurum gerðarþola, ef hann telur sig ekki þurfa að reyna aðför hjá þeim fyrir kröfu sinni.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er sérregla um greiðsluáskorun til gerðarþola, ef um kröfu er að ræða um skatta eða önnur samsvarandi gjöld, sem njóta aðfararhæfis skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Gagnstætt því, sem regla 7. gr. kveður á um, er hér lagt til að greiðsluáskorun verði almenn, þ.e. að hún verði birt með opinberri auglýsingu til allra þeirra í senn, sem ráðgert er að krefjast fjárnáms hjá fyrir gjaldaskuldum, án þess að þeir verði nafngreindir hver um sig.

Til athugunar var við samningu frumvarpsins hvort rök væru fyrir sérreglu sem þessari varðandi innheimtu skattskulda. Sá háttur, sem mælt er fyrir um í 7. gr., er vissulega tryggari gagnvart gerðarþola. Hún á þó öðrum þræði rætur að rekja til þess viðhorfs, að nauðsyn beri til að gerðarþola sé kynnt krafa, áður en aðfarar verður krafist fyrir henni, og að hann eigi þess kost að koma fram mótmælum gegn henni. Um skattskuldir gegnir hins vegar nokkuð öðru máli. Að baki þeim býr að jafnaði álagning, sem kynnt hefur verið gjaldanda og honum hefur gefist kostur á að koma fram athugasemdum við, eftir atvikum með kæru gjaldákvörðunar. Í framkvæmd tíðkast einnig að senda ýmiss konar áminningar, ef gjaldfallnar skattskuldir greiðast ekki. Að þessu leyti þjóna álagning og hefðbundin vinnubrögð við innheimtu sama tilgangi og sérstök greiðsluáskorun skv. 7. gr. Af þessum sökum og með hliðsjón af þeim verulega fjölda aðfarargerða, sem krafist er vegna skulda sem þessara, þótti ekki ástæða til að gera sömu kröfur í þessum tilvikum og þeim, sem regla 7. gr. tekur til. Hér verður einnig að líta til þess, að samkvæmt núgildandi lögum er ekki þörf annarra undirbúningsathafna fyrir lögtaksgerðir vegna opinberra gjalda en uppkvaðningar svonefnds almenns lögtaksúrskurðar og opinberrar birtingar hans, meðan lög áskilja að svonefndur sérstakur lögtaksúrskurður verði kveðinn upp hverju sinni um flestar aðrar lögtakshæfar kröfur og að sá úrskurður verði birtur fyrir hverjum skuldara um sig. Að þessu leyti eru reglur 7. og 8. gr. í reynd áþekkar núgildandi reglum lögtakslaga um aðdraganda aðfarargerða fyrir mismunandi tegundum krafna.

Með 8. gr. er lagt til að almennir lögtaksúrskurðir dómstóla leggist af sem undanfari aðfarargerða til fullnustu á skattkröfum. Þeir úrskurðir hafa í reynd engum tilgangi þjónað, enda fer engin skoðun fram á réttmæti krafna í tengslum við uppkvaðningu þeirra. Þess í stað er ráðgert að innheimtumaður birti í dagblöðum eða öðrum fjölmiðlum auglýsingu, sem hefði að geyma almenna áskorun til gjaldenda um að standa skil á gjaldföllnum skuldum og aðvörun um að aðfarar verði krafist án frekari fyrirvara að öðrum kosti. Ráðgert er að auglýsing sem þessi hafi einungis þýðingu varðandi þau gjöld, sem eru fallin í gjalddaga við birtingu hennar. Aðfarar mætti síðan fyrst krefjast að liðnum 15 dögum frá birtingu auglýsingarinnar. Þá er áskilið í niðurlagi 8. gr., að það beri að tiltaka í auglýsingunni hverjar þær tegundir gjalda eru, sem hún varðar, og á hverju tímabili þau hafa fallið í gjalddaga.

Um 9. gr.

Í þessu ákvæði kemur sú regla fram, að réttur til aðfarar fylgi kröfum frá þeim tímamörkum, sem mælt er fyrir um í 5.–8. gr., og þar til þær hafa fallið niður fyrir fyrningu. Regla þessi felur ekki í sér efnislega breytingu frá núgildandi lögum nema að tvennu leyti. Annars vegar felst í henni að felldur er niður sérstakur fyrningartími á lögtaksrétti, en skv. 2. gr. lögtakslaga glatast aðfararhæfi lögtakshæfra krafna á tveimur árum, án tillits til þess, á hversu löngum tíma kröfurnar sjálfar fyrnast. Þessi sérregla styðst ekki orðið við veigamikil rök, enda getur hún reynst skuldara óhagstæð, því kröfueigandi fer á mis við réttindi sín ef hann hefst ekki handa um aðför innan umrædds frests, hvort sem hann hefði verið tilleiðanlegur til að sýna lengri biðlund eða ekki. Umrædd tillaga um breytingu felur þannig í sér að aðfarar megi krefjast fyrir lögtakshæfum kröfum fram að því að þær falla sjálfar niður fyrir fyrningu samkvæmt almennum reglum. Hins vegar felst sú efnisbreyting í fyrirmælum 9. gr., að gerðarbeiðanda yrði óþarft að endurtaka birtingu áskorana til gerðarþola, þótt einhver tími liði frá því krafa varð aðfararhæf og þar til beiðst er aðfarar fyrir henni. Samkvæmt 9. gr. aðfararlaga er slík endurtekin birting nú skilyrði fyrir aðför, ef lengri tími en eitt ár líður frá því aðför gat farið fram.

Í niðurlagi 9. gr. kemur fram sérstök regla, sem heimilar að aðför fari fram fyrir kröfu, þótt fyrningartími hennar sé liðinn, ef gerðarþoli mætir sjálfur við gerð og lýsir yfir að hann

beri ekki fyrningu hennar fyrir sig. Eftir almennum reglum er skuldara það í sjálfsvald sett, hvort hann vilji víkjast undan kröfu með því að halda fram fyrningu hennar. Unnt er að fá dóm fyrir kröfu, þótt fyrningartími hennar sé liðinn, ef skuldari mætir í dómsmáli og heldur ekki fyrningu fram. Hér er gert ráð fyrir að sams konar regla gildi um aðför, þannig að hún geti náð fram að ganga án tillits til fyrningartíma. Þetta er hins vegar háð því skilyrði að gerðarþoli lýsi því gagngert yfir, eftir atvikum að fengnum leiðbeiningum sýslumanns við aðfarargerð, að hann verjist ekki kröfuna á grundvelli fyrningar. Fáist slík yfirlýsing ekki við gerðina, yrði ekki frekar úr henni. Ef fyrningartími væri liðinn vegna kröfu, sem leggja þyrfti fyrir héraðsdóm skv. 11. gr., væri möguleiki frekari aðgerða við aðför með sama hætti háður því, að gerðarþoli mætti fyrir dóm og léti uppi þá yfirlýsingu, sem fjallað er um í niðurlagi 9. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta fjallar um efni aðfararbeiðni og þau gögn, sem henni þurfa að fylgja. Í upphafi 1. mgr. þess kemur fram það fortakslausa skilyrði, að beiðnin þurfi að vera skrifleg. Í þessu felst afnám sérstakrar heimildar fyrir munnlegri aðfararbeiðni í 2. mgr. 3. gr. aðfararlaga, en sú heimild hefur ekki orðið raunhæfa þýðingu vegna úreltrar miðunar hennar við hámarksfjárhæð, sem krefjast má aðfarar munnlega fyrir. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að engin undantekning er gerð frá þessu skilyrði, þótt um aðför sé að ræða til fullnustu skattkröfu, sem sami sýslumaður fer með innheimtu á og framkvæmir aðför fyrir.

Í 1. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um að skýrar upplýsingar þurfi að koma fram í aðfararbeiðni um málsaðila og um þá heimild, sem hún styðst við. Nákvæmni tilgreiningar síðastnefnds atriðis í aðfararbeiðni yrði háð atvikum hverju sinni, eftir því hvers konar heimild býr að baki henni. Þótt ekki yrði þörf langrar útlistun um þetta í beiðni, sem styðst við dómsúrlausn, er ljóst að ítarlegri frásögn yrði að koma fram, ef krafist yrði til dæmis aðfarar á grundvelli skuldabréfs. Meginatriðið í þessu sambandi er að efni beiðninnar sem slíkt gefi nægjanlega til kynna hver sú krafa er, sem um er að ræða. Þá kemur fram í 1. mgr. 10. gr. að það verði að tiltaka hvers krafist sé með aðfarargerð. Þörf væri nokkuð nákvæmrar kröfugerðar, ef krafist yrði aðfarar til fullnustu annarri skyldu en til peningagreiðslu. Ef krafist yrði fjárnáms, yrði ekki margra orða þörf um þá kröfugerð sem slíka, en hins vegar kæmi þá til kasta lokamálsliðar 1. mgr. 10. gr., þar sem áskilið er að sundurliða verði nákvæmlega kröfufjárhæð, ef um fjárnám er að ræða. Ætlast er til með þessum fyrirmælum að fram komi í aðfararbeiðni fullkominn útreikningur skuldafjárhæðar miðað við þann tíma, sem beiðni er gerð, þar á meðal á vöxtum og kostnaði.

Í síðari málsgrein 10. gr. koma fram reglur um fylgigögn með aðfararbeiðni. Er þar áskilið með sama hætti og í 1. mgr. 3. gr. aðfararlaga að heimildarskjöl verði að fylgja beiðninni, t.d. endurrit dóms, árituð áskorunarstefna o.s.frv. Þá er einnig ráðgert að gerðarbeiðandi þurfi að sýna fram á að hann hafi sinnt nauðsynlegum tilkynningum skv. 7. eða 8. gr., ef því er að skipta. Yrði þetta gert með framvísun gagna um viðtöku sérstakra tilkynninga, sbr. 7. gr., eða með eintaki auglýsingar, sbr. 8. gr. Loks er mælt fyrir um það í 2. mgr. 10. gr., að ef aðfarar er krafist á grundvelli skuldabréfs, víxils eða tékka, skuli frumrit slíkra skjala fylgja beiðninni. Er þetta nauðsynlegt vegna heimilda, sem fylgt geta handhöfn viðskiptabréfa samkvæmt almennum reglum.

Um 11. gr.

Í áðurgreindum almennum athugasemdum með frumvarpinu kom fram, þegar fjallað var um forsendur fyrir að fela sýslumönnum framkvæmd aðfarargerða sem stjórnvöldum, að frumvarpið byggir á þeirri meginreglu að ákvörðun um hvort aðför fari fram fyrir kröfu

verði almennt að vera tekin af dómstól, meðan eftirfarandi framkvæmd gerðarinnar verði í höndum stjórnvalds. Þær heimildir, sem 1. mgr. 1. gr. kveður á um að fullnægja megi með aðför, eru af ýmsum uppruna. Sumar þeirra eru beinlínis komnar til fyrir tilverknað dómstóla, t.d. dómar, úrskurðir og áritaðar áskorunarstefnur. Aðrar eiga rætur að rekja til óbeinna afskipta dómstóla, t.d. réttarsáttir og nauðasamningar. Enn aðrar eru hins vegar því marki brenndar, að engin dómsmeðferð hefur átt sér stað, áður en aðfararbeiðni er gerð. Á þetta til dæmis við um aðfararheimildir, sem tengjast athöfnum yfirvalda, og víxla, tékka og skuldabréf. Að því leyti, sem einstakar tegundir aðfararheimilda hafa hlotið meðferð dómstóla í einni eða annarri mynd, áður en aðfararbeiðni verður gerð, er óþarft gagnvart áðurgreindri meginreglu frumvarpsins að sérstök könnun dómstóla eigi sér aftur stað á kröfu, áður en aðför getur farið fram. Dómar kveða á um hverjar þær skyldur dómþola séu, sem fullnægja má með aðför, svo dæmi sé nefnt, og gæti síðari skoðun hliðsetts dómstóls engu breytt um þá niðurstöðu. Hins vegar gegnir öðru máli um þær kröfur, sem enga undanfarandi skoðun hafa hlotið fyrir dómstólum og sem áður eru nefndar.

Framangreind atriði búa að baki þeirri skipan frumvarpsins, að í vissum tilvikum er kveðið á um nauðsyn þess að aðfararbeiðni sé í byrjun beint til héraðsdómstóls, áður en farið er með hana til sýslumanns til framkvæmdar gerðarinnar, meðan í öðrum tilvikum er gert ráð fyrir að beiðnum sé komið beint á framfæri við sýslumann. Þau tilvik, þar sem frumvarpið áskilur að aðfararbeiðni hljóti undanfarandi könnun héraðsdómstóls, áður en henni verður beint til sýslumanns, eru talin í 1. mgr. 11. gr. Sú talning er tæmandi, enda mælt svo fyrir í 1. mgr. 16. gr. að í öðrum tilvikum megi koma beiðni á framfæri við sýslumann án umræddrar dómsmeðferðar.

Aðfararheimildir að baki aðfararbeiðnum, sem 1. mgr. 11. gr. áskilur að beint sé í byrjun til héraðsdóms, eiga það sameinkenni að dómstólar hafa að jafnaði ekki áður fengið hlutaðeigandi kröfur til athugunar. Í ákvæðinu eru nánar tiltekið taldar allar aðfararheimildir, sem svo stendur á um, nema kröfur á grundvelli sátta, sem komist hafa á fyrir yfirvöldum, og kröfur um skatta og önnur samsvarandi gjöld. Fyrri undantekningin er byggð á því viðhorfi, að sátt komist ekki á fyrir yfirvaldi fremur en fyrir dómi nema með þátttöku þess, sem skylda hvílir á samkvæmt henni. Óverulegur eðlismunur er á því umhverfi, sem réttarsáttir og yfirvaldssáttir eru gerðar við. Sýnist af þeim sökum ástæðulaust að gera greinarmun að þessu leyti á þessum tveimur tegundum sátta, enda ekki áskilið í 1. mgr. 11. gr. að aðfararbeiðni á grundvelli réttarsáttar þarfnist upphafsathugunar dómstóla. Síðari undantekningin, sem snýr að skattkröfum, byggist einkum á þeirri staðreynd, að þær kröfur eiga sér að jafnaði vandaðan aðdraganda innan stjórnkerfisins. Til stuðnings aðfararbeiðni við þessar aðstæður yrði almennt ekki unnt að láta önnur gögn af hendi en einhliða yfirlit innheimtumanns um greiðslustöðu gerðarþola. Slík yfirlit gefa tæpast til kynna hvort gjaldandi kunni að telja sig eiga varnir gegn kröfunni, enda byggjast varnir við þessar aðstæður í framkvæmd að öðru jöfnu á ágreiningi um skýringu laga, sem álagning eða ákvörðun gjalda styðst við. Sérstakar formkröfur eru heldur ekki gerðar að lögum um skilríki fyrir skattkröfum. Gæti frumathugun héraðsdómstóls á aðfararbeiðni við þessar aðstæður því í reynd hvorki tekið til sérstakra efnisatriða varðandi kröfuna né til þess, hvort formi hennar sé áfátt. Af þessum sökum verður ekki séð að umrædd frumathugun geti þjónað þeim hagsmunum, þegar skattkröfur eiga í hlut, að stuðla að vernd réttinda gerðarþola líkt og í þeim tilvikum, sem reglur 1. mgr. 11. gr. taka til.

Sú upphafsmeðferð héraðsdóms, sem regla 1. mgr. 11. gr. kveður á um vegna tiltekinna aðfararheimilda, er næsta einföld og viðurhlutalítil, eins og nánar er lýst í athugasemdum við 12.–15. gr. frumvarpsins. Þessi meðferð á að öðru jöfnu að fara fram án þess að gerðarþola sé gert viðvart til að gæta hagsmuna sinna og beinist í höfuðatriðum að könnun á formi kröfu og því, hvort telja megi veruleg líkindi á grundvelli fyrirliggjandi skjala gerðarbeiðanda fyrir

að krafa sé rétt. Hún felur á engan hátt í sér endanlega afstöðu dómstóla til réttmætis kröfu gerðarbeiðanda, enda gert ráð fyrir að gerðarþoli geti á marga vegu fengið úrlausn andmæla sinna gegn henni á síðari stigum.

Í 2. mgr. 11. gr. koma fram fyrirmæli um það, til hvers héraðsdóms beina megi aðfararbeiðni þegar sú meðferð á við. Er kveðið á um að það skuli vera héraðsdómur á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamál um kröfuna. Regla þessi felur því í sér tilvísun til almennra varnarþingsreglna VII. kafla laga nr. 85/1936 og eftir atvikum sérstakra lagafyrirmæla um varnarþing vegna einstakra málaflokka. Ef fleira en eitt varnarþing kæmi til álita samkvæmt nefndum lagareglum, ætti gerðarbeiðandi val um það, hvert hann beinir beiðni sinni. Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að unnt yrði að beita reglu 83. gr. laga nr. 85/1936 vegna aðfararbeiðni, líkt og öðrum almennum varnarþingsreglum, en hún veitir stefnanda einkamáls, sem beinir málsókn að mönnum búsettum á mismunandi varnarþingum, heimild til að velja á varnarþingi hvers hinna stefndu hann höfðar mál. Beiting þessarar reglu um aðfararbeiðni yrði hins vegar háð því, að gætt hafi verið undirbúningsaðgerða skv. 7. gr. gagnvart þeim skuldara, sem á varnarþing þar sem beiðni er afhent héraðsdómstól, og að krafa um aðför beinist að honum meðal annarra.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. á að senda héraðsdómi aðfararbeiðni og fylgigögn hennar í tvíriti, ef fyrirmæli 1.–6. tölul. 1. mgr. eiga við um aðfararheimild. Eins og nánar kemur fram í 15. gr., er gert ráð fyrir að héraðsdómur varðveiti annað eintak beiðninnar og fylgigagna hennar, ef aðför er heimiluð, en að gerðarbeiðanda verði endursend gögnin að öðru leyti með viðeigandi áritunum.

Í 4. mgr. 11. gr. kemur fram regla, sem heimilar gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómstóls, þótt það sé óskylt skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 11. gr. Notkun þessarar heimildar hefði tæpast raunhæfa þýðingu við aðrar aðstæður en þegar gerðarbeiðanda er kunnugt um að gerðarþoli telji sig hafa varnir fram að færa gegn kröfu. Ef svo væri, gæti gerðarbeiðandi óskað eftir að héraðsdómari boði gerðarþola til þinghalds um beiðnina, sbr. 1. mgr. 14. gr., þar sem kostur gæfist á að fá leyst úr ágreiningi með skjótum hætti þegar í upphafi með málsmeðferð skv. 13. kafla frumvarpsins.

Um 12.–15. gr.

Reglur þessara ákvæða fjalla um meðferð héraðsdómara á aðfararbeiðnum, sem berast samkvæmt fyrirmælum 11. gr. Hentugast þykir að lýsa í stuttu máli inntaki þessara reglna sameiginlega.

Í fyrri málsgrein 12. gr. er kveðið á um að héraðsdómari eigi að taka aðfararbeiðni til athugunar svo fljótt sem verða má, eftir að hún berst honum. Með ákvæði þessu er lögð áhersla á að dómsmeðferð aðfararbeiðna taki almennt mjög skamman tíma, enda ætti að vera unnt að afgreiða þær nánast jafnharðan. Þær reglur 12.–15. gr., sem á eftir koma, lýsa því síðan nánar hvernig héraðsdómari eigi að standa að meðferð aðfararbeiðna.

Í 1. mgr. 14. gr. kemur fram regla, sem hefur þýðingu við upphaf meðferð héraðsdómara, en þar er kveðið á um að meðferð þessi eigi að meginreglu að fara fram án þess að gerðarþola gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna. Er þetta byggt á því að dómskönnun á þessu stigi beinist fyrst og fremst að formi hlutaðeigandi kröfu en ekki að efnislegu réttmæti hennar, eins og það yrði metið að framkomnum mótmælum gerðarþola. Þetta er afleiðing af því, að kröfur, sem veitt er aðfararhæfi án undangengins dóms eða réttarsáttar, eru almennt álitnar að lögum svo traustar, að ætla má að fyrra bragði að rökstudd mótmæli komi ekki fram gegn efni þeirra. Frá umræddri meginreglu 1. mgr. 14. gr. eru þó þrjár undantekningar, þar sem mælt er fyrir um að boða þurfi gerðarþola til

þinghalds um framkomna aðfararbeiðni og fara síðan með hana eftir sérreglum 13. kafla. Í fyrsta lagi er slík undantekning gerð, ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar án undanfarandi dóms eða réttarsáttar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi geti óskað sérstaklega eftir boðun gerðarþola, sem einkum yrði raunhæft, ef hann teldi líklegt að til ágreinings muni hvort eð er koma um kröfuna. Í þriðja lagi er mælt fyrir um skyldu til að boða gerðarþola til þinghalds um aðfararbeiðni, ef hann hefur áður tilkynnt héraðsdómara að hann vilji andmæla kröfu gerðarbeiðanda. Þessi síðastnefndi réttur gerðarþola er bundinn við þau tilvik, þar sem héraðsdómur fær aðfararbeiðni til meðferðar skv. 1. eða 3. mgr. 11. gr. Ætla má að á þetta geti fyrst og fremst reynt í framhaldi af því að gerðarþola berist greiðsluáskorun frá gerðarbeiðanda skv. 7. gr. og búi þannig yfir vitneskju um væntanlega meðferð héraðsdóms á aðfararbeiðni. Hér er gengið út frá að gerðarþoli geti komið tilkynningu sinni á framfæri, þótt aðfararbeiðni hafi ekki enn borist héraðsdómara. Ef einhver þessara þriggja undantekninga á við, fer frekari meðferð aðfararbeiðni sem áður segir eftir sérstökum reglum 13. kafla, sbr. 2. mgr. 14. gr., og koma því reglur 12.–15. gr. ekki til nánari skoðunar, þegar svo stendur á.

Ef ekki ber að boða gerðarþola fyrir dóm vegna aðfararbeiðni, ráðgera reglur 12. og 13. gr. að afdrif málefnis geti orðið með einhverju af þrennu móti. Í fyrsta lagi kemur fram í 2. mgr. 12. gr. að ef héraðsdómari telur skilyrðum aðfarar fullnægt samkvæmt framkomnum skjölum, þá áritar hann aðfararbeiðni um að aðför megi fara fram samkvæmt henni. Í öðru lagi tekur regla 2. mgr. 13. gr. til þess, ef héraðsdómari telur aðför mega fara að nokkru fram samkvæmt aðfararbeiðni, en ekki með öllu. Í slíku tilviki yrði kveðið á um það í áritun á beiðninni, að hverju leyti aðför sé heimil. Í þriðja lagi gerir 1. mgr. 13. gr. ráð fyrir þeim möguleika, að héraðsdómari telji skilyrðum fyrir aðför ófullnægt hvað kröfu gerðarbeiðanda varðar í heild. Í því tilviki yrði áritun þess efnis færð á beiðnina. Í 3. mgr. 13. gr. er héraðsdómara veitt heimild til að gefa gerðarbeiðanda kost á að bæta úr annmörkum, sem leitt gætu til höfnunar aðfararbeiðni að öllu leyti eða einhverju, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr. Nærtækt er að ætla að heimild þessi yrði fyrst og fremst nýtt, ef annmarkar eru óverulegir og að fyrirsjáanlega mætti bæta úr þeim með einföldum og skjótum aðgerðum.

Ef farið er með aðfararbeiðni samkvæmt þeim reglum, sem nú hefur verið lýst og varða aðstæður, þar sem gerðarþoli er ekki boðaður til þinghalds um hana, er kveðið á um það í 1. mgr. 15. gr. að héraðsdómari þurfi ekki að skrásetja eða bóka annað um meðferð beiðninnar en með færslu í málaskrá. Frekari skráningar ætti ekki að vera þörf, enda mælt fyrir um það í 2. mgr. 15. gr. að héraðsdómari varðveiti eintak áritaðrar beiðni og fylgigagna hennar, ef aðför hefur verið heimiluð að öllu leyti eða einhverju. Slík gögn og færslur í málaskrá verða að teljast nægilegar til að unnt yrði að kanna málefni frekar á síðari stigum, ef ástæða væri til.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. á héraðsdómari að koma áritaðri aðfararbeiðni og frumritum fylgigagna hennar til gerðarbeiðanda að meðferð sinni lokinni. Er málum skipað á þennan hátt til að gerðarbeiðandi geti í framhaldi komið sama eintaki beiðninnar og frumritum fylgigagna á framfæri við sýslumann til framkvæmdar á sjálfri aðförinni, ef beiðnin hefur verið áritуð um að gerðin megi fara fram.

Í 4. mgr. 15. gr. kemur sú regla fram, að héraðsdómari sé óbundinn af þeirri afstöðu í áritun á aðfararbeiðni, að gerð megi fara fram, ef ágreiningur rís síðar um það efni. Þessi regla er nánast til áréttingar, þar sem almennar réttarfarsreglur um bindandi áhrif ákvarðana dómara leiða til sömu niðurstöðu.

Um 16. gr.

Í upphafi 1. mgr. þessa ákvæðis koma fram fyrirmæli um hvenær aðfararbeiðni verður beint til sýslumanns. Um þetta atriði, sem einkum snýr að nauðsyn upphafsmeðferðar

héraðsdómara á aðfararbeiðni, má að mestu vísa til athugasemda við 11. gr. Í 1. mgr. 16. gr. er byggt á því að aðfararbeiðni berist sýslumanni annaðhvort með áritun héraðsdómara um heimild til aðfarar, ef fyrirmæli 1. mgr. 11. gr. eiga við, eða að hún komi í hendur hans án slíkrar áritunar, ef undanfarandi dómsmeðferðar er ekki þörf samkvæmt gagnályktun frá nefndu ákvæði.

Meginefni 1. mgr. 16. gr. snýr hins vegar að því, í hverju umdæmi gerðarbeiðandi megi leita til sýslumanns með gerðarbeiðni til framkvæmdar aðfarar. Aðalreglan í þeim efnum er að þetta skuli gert í því umdæmi, sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Ákvörðun þess ræðst af sömu viðhorfum og gilda um heimilisvarnarþing við meðferð einkamála fyrir dómi, sbr. 73. gr. laga nr. 85/1936. Þessari aðalreglu er ætlað að stuðla að því að aðför verði framkvæmd í umdæmi, sem að jafnaði má telja mest líkindi fyrir að gerðarþoli sé staddur í, enda er, eins og getið er hér áður í almennum athugasemdum, keppikefli af mörgum sökum að til hans náist við framkvæmd gerðar.

Frá framangreindri aðalreglu 1. mgr. 16. gr. eru gerðar undantekningar, sem taldar eru í 1.–5. tölul. 1. mgr. Notkun þessara undantekningarheimilda kæmi til að frumkvæði gerðarbeiðanda, sem bæri skv. 2. mgr. 16. gr. að gera sérstaka grein fyrir því í aðfararbeiðni, af hverjum ástæðum hann vilji víkja frá meginreglunni um heimilisvarnarþing. Sýslumanni er falið í 17. gr. að meta hvort unnt sé að verða við óskum gerðarbeiðanda í þessum efnum, og gæti hann ýmist synjað um aðför eða framsent beiðni í annað umdæmi með samþykki gerðarbeiðanda, ef hann fellst ekki á viðhorf gerðarbeiðanda. Einstakar undantekningarheimildir í 2.–5. tölul. 1. mgr. þykja skýra sig nægilega sjálfar, en rétt er að víkja nokkuð að efni 1. tölul. Þar er mælt fyrir um heimild til að beina aðfararbeiðni til sýslumanns í því umdæmi, þar sem gerðarbeiðandi telur að rökstudd ástæða sé til að ætla að gerðarþoli verði staddur þegar að framkvæmd gerðar kemur. Þessi heimild gæti einkum átt við ef gerðarþoli dvelst um einhvern tíma utan heimilisvarnarþings, til dæmis vegna atvinnu, en fleiri áþekk tilvik gætu fallið hér undir. Ástæða er til að vara við of rúmri notkun þessarar heimildar, ef frumvarp þetta verður að lögum, enda hætt við að hún gæti raskað þeim hagsmunum, sem reglum 19. gr. er ætlað að tryggja.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um frumkönnun sýslumanns á aðfararbeiðni, sem ætlast er til að fari fram þegar eftir að hún hefur borist honum. Í 1. mgr. er mælt fyrir um þau atriði, sem könnun þessi á að taka til, en í 2. og 3. mgr. eru reglur um viðbrögð sýslumanns, ef hann telur á grundvelli könnunar sinnar að ágallar séu á aðfararbeiðni eða málstað gerðarbeiðanda að öðru leyti.

Helstu athugunarefni sýslumanns við frumkönnun eru talin í upphafi 1. mgr. 17. gr., þar sem segir að hann kanni hvort beiðni og aðfararheimild séu í lögmætu formi. Könnun sýslumanns beinist hér að formi, ekki að efnislegu réttmæti krafna gerðarbeiðanda. Í könnun þessari yrði sýslumaður enn fremur bundinn af fyrri meðferð héraðsdóms á aðfararbeiðni, þannig að atriði, sem komið hafa til skoðunar við þá meðferð, þarfnast ekki frekari athugunar af hendi sýslumanns. Ef aðfararbeiðni hefur hins vegar ekki sætt undanfarandi meðferð héraðsdóms, yrði athugun sýslumanns einkum að beinast að hvort heimild sé fyrir aðför í viðkomandi tilviki á grundvelli reglna 1. mgr. 1. gr., hvort skilríki fyrir aðfararheimildinni séu í réttum búningi og hvort aðfararbeiðni fullnægi reglum 10. gr. Þá eru einnig talin tvö atriði enn í 1. mgr. 17. gr., sem sýslumanni ber að gæta að á þessu stigi, en þau eru annars vegar hvort beiðni hafi komið fram í réttu umdæmi og hins vegar, ef um kröfu er að ræða, sem 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til, hvort almenn greiðsluáskorun skv. 8. gr. hafi verið réttilega birt og hvort hún hafi tekið til þeirra skattskulda, sem aðfarar er krafist fyrir.

Ef aðfararbeiðni stenst könnun þeirra atriða, sem hér á undan voru talin, er mælt svo fyrir í niðurlagi 1. mgr. 17. gr. að sýslumaður synji ekki af sjálfsdáðum um aðför, nema aðfararheimild verði ekki fullnægt samkvæmt efni sínu. Hér eru tvö atriði, sem rétt er að víkja nánar að. Annars vegar felst í þessum ummælum að sýslumaður geti synjað um aðför, ef hann telur ómöguleika eða önnur hliðstæð atvik fyrirbyggja að hægt sé að fullnægja kröfu gerðarbeiðanda eftir efni hennar. Þessa reglu verður að skoða í ljósi þess, að ómöguleiki getur almennt ekki leyst gerðarþola undan skyldu til greiðslu peningaskuldar, auk þess að reglur 11. kafla mæla fyrir um ýmis úrræði, ef gerðarþoli fæst ekki til að veita atbeina til að skyldu til annars en peningagreiðslu verði fullnægt. Hindranir í þessum efnum eða fyrirsjáanlegar hindranir gætu ekki talist til ómöguleika, sem gæfu tilefni til að sýslumaður synji um aðför af sjálfsdáðum. Hins vegar felst í áðurröktum ummælum að sýslumaður megi ekki neita um að aðför verði reynd, ef áðurtöldum formskilyrðum er fullnægt. Skiptir hér ekki máli hvort sýslumaður telji efnislega annmarka geta verið á málstað gerðarbeiðanda eða álíti fyrirsjáanlegt að aðrar hindranir komi upp og girði fyrir aðför. Slíkir annmarkar gætu einungis komið til athugunar, ef tilefni gæfist til við framkvæmd gerðarinnar, en þá gæti sýslumaður til dæmis stöðvað frekari framkvæmd gerðarinnar samkvæmt kröfu gerðarþola á grundvelli 2. mgr. 27. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. er kveðið á um að sýslumaður eigi að endursenda gerðarbeiðanda aðfararbeiðni, ef hann telur hana ekki standast áðurnefnda könnun skv. 1. mgr. 17. gr. Er tekið fram í ákvæðinu að sýslumaður verði að láta rökstuðning fylgja til gerðarbeiðanda fyrir ákvörðun sinni. Er þetta lagt til í ljósi þess að gerðarbeiðandi gæti borið ákvörðun sem þessa undir héraðsdómara samkvæmt reglum 14. kafla og því eðlilegt að gerðarbeiðanda sé gert ljóst af hverjum sökum synjað hefur verið um aðför.

Í 3. mgr. 17. gr. er lögð til sérstök heimild til að sýslumaður framsendi gerðarbeiðni til annars umdæmis, ef hann telur nærtækara að aðför verði fremur reynd þar. Um þessa reglu ber í fyrsta lagi að geta þess, að ákvæðið tiltekur að það varði aðeins tilvik, þar sem heimilt væri samkvæmt reglum 1. mgr. 16. gr. að framkvæma aðför á þeim stað, sem beiðni hefur borist. Ef engin stoð er í 1. mgr. 16. gr. fyrir að reyna aðför, þar sem beiðni barst, ber að endursenda hana gerðarbeiðanda skv. 2. mgr. 17. gr. Í öðru lagi er regla þessi skilyrt á þann hátt, að gerðarbeiðandi verður að samþykkja það viðhorf sýslumanns, að nærtækara sé að aðför verði fremur reynd í öðru umdæmi. Fáist slíkt samþykki ekki, verður ekki vikist undan að reyna aðför, þótt það kunni síðar að kosta þær aðgerðir, sem mælt er fyrir um í 35. gr.

Um 18. gr.

Í 18. gr. koma einkum fram reglur um færslu sýslumanna á upplýsingum um aðfararbeiðnir í sérstakar málaskrár. Er ætlast til að færsla þessi eigi sér stað þegar að lokinni þeirri könnun, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr., ef beiðni hefur ekki verið endursend gerðarbeiðanda eða framsend milli umdæma með samþykki hans. Mælt er fyrir um að færa skuli beiðnir í skrár sem þessar í áframhaldandi númeraröð, eftir því sem þær berast. Með þeirri reglu er leitast við að tryggja vissu fyrir þeirri innbyrðis stöðu beiðna á hendur sama gerðarþola, sem ákvæði 1. mgr. 19. gr. tekur til. Þá er einnig kveðið á um að gerðarbeiðnir skuli auðkenndar með færslunúmeri í málaskrá.

Ráðgert er í 18. gr. að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um umræddar málaskrár sýslumanna. Er sú leið fremur valin en að leggja til lögfestingu nánari reglna um þessi efni til að auðvelda aðlögun þeirra að hugsanlegri tækniþróun við skráningu upplýsinga.

Í 4. málsl. 18. gr. kemur fram sérregla um færslu gerðarbeiðni í málaskrá, ef hún berst sýslumanni áður en aðfararfrestur hennar skv. 5., 6. eða 8. gr. er liðinn. Er þar gert ráð fyrir að slík beiðni verði varðveitt fram yfir lok aðfararfrests og að færsla um hana í málaskrá eigi sér þá fyrst stað. Tengist þessi tilhögun álitaefnum um innbyrðis stöðu gerðarbeiðna skv. 1.

mgr. 19. gr., sem málaskrám er meðal annars ætlað að veita upplýsingar um, en áhrif móttöku gerðarbeiðni í því tilliti eru óhjákvæmilega háð því að aðfararfresti vegna hennar sé lokið.

Um 19. gr.

Í 19. gr. koma fram reglur sem kveða á um það, í hverri röð aðfararbeiðnir á hendur sama gerðarþola verði teknar fyrir, ef fleiri en ein liggja fyrir án þess að aðför hafi verið framkvæmd á grundvelli einhverrar þeirra. Reglum þessum er ætlað að koma í stað ákvæða 22 og 23 í 22. kapítula I. bókar norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687.

Í 1. mgr. 19. gr. kemur fram að ef tvær eða fleiri beiðnir hafa borist um aðför vegna samkynja skyldu gerðarþola, þá beri fyrst að sinna þeirri aðafararbeiðni, sem fyrr eða fyrst barst. Regla þessi leiðir því til þess, að móttaka aðfararbeiðni hefur þau áhrif í för með sér að hlutaðeigandi gerðarbeiðanda er tryggður réttur til að leitað verði fullnustu á kröfu hans, áður en aðför verður reynd fyrir síðar kominni beiðni. Á þessa reglu getur aðeins reynt við þær aðstæður, að beiðnir varði báðar eða allar sams konar skyldu gerðarþolans, eins og fram kemur í 1. mgr. 19. gr. Ef ein beiðni væri þannig um fjárnámsgerð, en önnur um útburðargerð á munum gerðarþola úr leiguhúsnæði, yrði ekki um samkynja skyldu gerðarþola að ræða í þessari merkingu og þyrfti því ekki að sinna beiðnum þessum í þeirri röð, sem sýslumaður tók við þeim. Helst gæti reynt á reglu 1. mgr. 19. gr. varðandi beiðnir um fjárnámsgerðir, þar sem krafist er fullnustu á skyldum gerðarþola til peningagreiðslna. Óeðlilegt væri að veita þeim gerðarbeiðanda, sem fyrst kæmi beiðni sinni á framfæri, óskilyrtan rétt umfram síðari gerðarbeiðendur, enda gæti sú staða leitt til tafa og réttarspjalla fyrir hina síðarnefndu, ef fyrsti gerðarbeiðandi léti hjá líða að fylgja beiðni sinni eftir. Er það skilyrði því sett fyrir réttarstöðu fyrsta gerðarbeiðanda, að hann þurfi að halda fram rétti sínum án ástæðulausrar tafar. Hann verður með öðrum orðum að fylgja beiðni sinni eftir, með því að óska eftir ákvörðun sýslumanns á tíma til framkvæmdar gerðarinnar eða með því að nýta sér tíma, sem sýslumaður gefur honum kost á í því skyni, að því viðlögðu að síðar móttekinni aðfararbeiðni verði sinnt á undan hans.

Þótt þess sé ekki berum orðum getið í 1. mgr. 19. gr., hvílir réttarstaða fyrsta gerðarbeiðanda á þeirri augljósu forsendu, að engir annmarkar hafi verið á beiðni hans, þegar hún var móttekin, sem gætu hindrað að aðför yrði þegar framkvæmd á grundvelli hennar. Beiðni, sem sýslumaður synjar að framkvæma aðför eftir skv. 2. mgr. 17. gr., nyti þannig ekki verndar gagnvart síðari gerðarbeiðendum eftir reglu 1. mgr. 19. gr., þótt síðar yrði bætt úr göllum á henni. Beiðni nyti heldur ekki slíkrar verndar, ef aðfararfrestur vegna kröfunnar væri ekki úti við móttöku hennar, ef ný beiðni bærist innan aðfararfrestsins, sem engir annmarkar væru á. Nyti því gerðarbeiðandi ekki stöðu á grundvelli beiðni sinnar nema frá þeim tíma talið, sem aðfararfresti væri lokið.

Í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. kemur fram regla, sem mælir fyrir um stöðu gerðarbeiðenda, ef atvikum yrði þannig háttað að beiðnir þeirra bærust sýslumanni samtímis. Samkvæmt reglu þessari ber að telja báðar eða allar beiðnirnar standa jafnar um það, í hverri röð þeim verði sinnt. Ef þessar aðstæður kæmu til, yrði sýslumaður að gefa báðum eða öllum gerðarbeiðendum kost á að mæta til framkvæmdar aðfarar á sama tíma. Ef ekki yrði hægt að fullnægja kröfu hvors eða hvers um sig óháð fullnustu hinna, yrði þrautalendingin óhjákvæmilega að verða sú, að báðir eða allir gerðarbeiðendur fengju jafna fullnustu krafna sinna að tiltölu af andvirði sömu eignar. Með því atriði umrædds ákvæðis, að tvær eða fleiri beiðnir berist sýslumanni samtímis, er ekki átt við að þær komi bókstaflega í hendur sýslumanns á einu og sama augnabliki. Þessa aðstöðu yrði að telja fyrir hendi, ef mjög skammur tími, t.d. fáar mínútur, liði milli þess að sýslumaður fengi beiðnir og tilviljun hafi nánast ráðið hvor þeirra kom fyrr í ljós. Sú regla, sem hér er lögð til, felur nokkra breytingu í

sér frá áðurívitnuðum fyrirmælum norskra laga Kristjáns V., en þar er kveðið á um að staða aðfararbeiðna, sem samtímis berast, geti ráðist af aldri aðfararheimilda að baki þeim. Slík viðmiðun yrði ekki heppileg hér í ljósi þess, hversu fjölbreytilegar aðfararheimildir eru samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. og óhæfar til samanburðar á aldri að þessu leyti.

Í 2. mgr. 19. gr. koma fram fyrirmæli um stöðu aðfararbeiðni, sem framsend er milli umdæma eftir heimild í 3. mgr. 17. gr. Er kveðið á um þá meginreglu, að staða slíkrar beiðni gagnvart öðrum beiðnum á hendur sama gerðarþola, sem kunna að liggja fyrir á síðari móttökustaðnum, ráðist af móttökutíma hennar, þar sem hún barst fyrst. Aðfararbeiðni gæti þannig gengið fram fyrir beiðnir, sem áður voru komnar fram í því umdæmi, þar sem aðför verður framkvæmd. Regla þessi er byggð á því viðhorfi að framsending aðfararbeiðna sé fyrst og fremst til hagræðis við framkvæmd aðfarargerða, þannig að framkvæmdin fari fram á þeim stað, sem aðstæður benda til að sé vænlegastur til árangurs. Það er skilyrði fyrir framsendingu sem þessa, að aðför mætti framkvæma á grundvelli 1. mgr. 16. gr. á þeim stað, sem beiðni barst fyrst, enda ráðgert í 3. mgr. 17. gr. að gerðarbeiðandi geti haldið óskum sínum í þessum efnum til streitu. Óeðlilegt væri að hindra viðleitni til hagræðingar og eftir atvikum aukinnar réttarverndar gerðarþola með því að gerðarbeiðandi ætti á hættu að framsending beiðni hans hefði missi forgangsstöðu hans í för með sér. Þykir því eðlilegra kveða á um það í reglu 2. mgr. 19. gr. að slík framsending hafi að meginreglu engin réttarspjöll í för með sér fyrir þann gerðarbeiðanda, sem hlut á að máli. Frá þessari meginreglu er þó gerð undantekning í seinni málslið 2. mgr. 19. gr., sem kveður á um að réttur gerðarbeiðanda verði að þoka, ef tími til framkvæmdar á aðför samkvæmt annarri beiðni hefur áður verið ákveðinn á þeim stað, sem aðfararbeiðnin er framsend til. Þessi undantekning verður að teljast óhjákvæmileg til að tryggja að ákvörðun tíma til aðfarar eftir framkominni aðfararbeiðni standist, þótt síðar berist óvænt eldri aðfararbeiðni úr öðru umdæmi, sem að öðrum kosti hefði orðið að sinna fyrst.

Um 20. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um að sýslumaður eigi, sem fyrst eftir að aðfararbeiðni berst, að hlutast til um ákvörðun tíma til framkvæmdar aðfarar, svo sem verða má eftir óskum gerðarbeiðanda. Regla þessi er áþekk núgildandi fyrirmælum í 1. mgr. 33. gr. aðfararlaga. Framkvæmd hefur hins vegar verið nokkuð önnur en ætla mætti af bókstaflegum skilningi orða síðastnefnds ákvæðis, því almennt er beðið frumkvæðis gerðarbeiðanda um ákvörðun tíma til aðfarar. Með fyrirmælum 20. gr. er leitast við að breyta þessari aðstöðu og stuðla að auknu frumkvæði þess, sem framkvæmir aðför, frá því sem hingað til hefur verið. Ætlast er til að sýslumaður ákveði beinlínis að eigin frumkvæði tíma til aðfarar, ef gerðarbeiðandi lætur ekki frá sér heyra að fyrra bragði í þessu skyni að framkominni beiðni. Sýslumanni er ætlað sjálfum að ákveða tíma til framkvæmdar aðfarar, en eins og fram kemur í fyrirmælum þessa ákvæðis, ber að gera þetta að jafnaði í samráði við gerðarbeiðanda eða umboðsmann hans.

Í seinni málslið 20. gr. er mælt fyrir um að sýslumaður tilkynni gerðarbeiðanda um ákvörðun sína á tíma til framkvæmdar aðfarar með þeim hætti, sem honum þykir til hlýða. Gengið er út frá að í þessum efnum verði sem hingað til nær ávallt um óformlega tilkynningu að ræða og er því ráðgert að sýslumaður ákveði hvernig staðið verði að henni innan marka þess, sem talið verður viðeigandi fyrir hagsmuni gerðarbeiðanda.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er sú meginregla lögð til, að skylt verði að tilkynna gerðarþola um framkomna aðfararbeiðni á hendur honum og um leið hvar og hvenær fyrirhugað sé að aðför verði fram-

kvæmd. Fyrirmæli eru um undantekningar frá þessari skyldu í 3. mgr. ákvæðisins, sem nánar er vikið að hér á eftir.

Sú regla, sem hér um ræðir, á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, þótt nú sé ráðgert í 2. mgr. 33. gr. aðfararlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 15/1988, að gerðarþola megi boða með tilteknum fyrirvara til aðfarar á starfstöð fógeta, sem svipar um sumt til fyrirmæla 21. gr. frumvarpsins. Umrædd regla 2. mgr. 33. gr. aðfararlaga kveður hins vegar ekki á um skyldu til að tilkynna gerðarþola fyrir fram um væntanlega aðför.

Ástæður þess, að hér er lagt til að skylt verði að tilkynna gerðarþola fyrir fram um væntanlega aðfarargerð, eru um margt komnar til af tilliti til þeirrar fjölgunar aðfararheimilda, sem 1. mgr. 1. gr. felur í sér frá núgildandi lögum. Sú fjölgun snýr almennt að kröfum, sem ekki hafa áður komið til kasta dómstóla á þann hátt, að gerðarþola hafi gefist kostur á að koma fram athugasemdum við kröfu gerðarbeiðanda, ef ástæða er til. Með því að veita gerðarþola vitneskju um, að aðför sé í vændum, opnast leið til að hann geti kannað grundvöll fyrir mótmælum gegn kröfunni og eftir atvikum undirbúið þau. Með þessu er gerðarþola einnig gefið tilefni til að afstýra aðför með því að efna kröfu gerðarbeiðanda. Þessi sömu viðhorf leiddu til breytinga í þessum efnum á danskri löggjöf um aðfarargerðir á árinu 1976, en þar gildir nú hliðstæð regla þeirri, sem lögð er til í 21. gr.

Þótt ljóst megi vera af framangreindu að sú meginregla sé æskileg, sem felst í 21. gr., má ekki horfa hjá þeirri hættu, að gerðarþoli misnoti vitneskju um væntanlega aðför, t.d. til að dylja tilvist eigna. Þessar aðstæður gefa meðal annarra tilefni til að heimilaðar séu undantekningar frá skyldu til að tilkynna honum fyrir fram um væntanlega aðfarargerð. Örðugt er hins vegar að taka fyllilega af skarið um hversu langt skuli ganga í slíkum undantekningum. Þýðing undanfarandi tilkynningar til gerðarþola kemur að verulegu leyti fram í reglum 5. kafla frumvarpsins, þar sem greinarmunur er gerður á heimildum til að ljúka aðför eða beita þvingunarúrræðum gagnvart gerðarþola, eftir því hvort tilkynning að hætti 21. gr. hafi verið send eða ekki. Af þeim sökum bitnar vöntun tilkynningar um margt á gerðarbeiðanda, sem leiðir í reynd til þeirrar spurningar, hvort ekki megi láta honum eftir að ákveða hvort tilkynnt skuli eða ekki og þar með hvort hann njóti víðtækra eða takmarkaðra úrræða, ef framvinda gerðarinnar verður með öðrum hætti en æskileg væri. Þegar slíkri spurningu er svarað, verður ekki litið hjá því að framkvæmd gerðar verður að öðru jöfnu þyngri eftir reglum frumvarpsins, ef tilkynningu hefur ekki verið sinnt. Þau þyngsl hljóta að leiða til aukinna starfa sýslumanna og þar með aukinna útgjalda, bæði af almannafé og úr hendi gerðarþola. Af þeirri ástæðu má ekki eingöngu horfa til vilja gerðarbeiðanda í þessum efnum og verður því að telja æskilegt að takmarka undantekningar frá meginreglu 21. gr. svo sem verða má.

Í 1. mgr. 21. gr. koma fram fyrirmæli um efni tilkynningar til gerðarþola. Er gert ráð fyrir að fram komi að tiltekin aðfararbeiðni hafi borist sýslumanni og hvers efnis sú beiðni sé í aðalatriðum. Vitneskju þessari mætti koma á framfæri við gerðarþola með því að láta samrit aðfararbeiðni og eftir atvikum frekari heimildarskjala fylgja tilkynningu til hans. Þá er kveðið á um að tilkynning segi til um hvar gerðin muni byrja og sem nánast á hverjum tíma. Í tengslum við þessi síðastnefndu atriði verður að hafa hliðsjón af reglu 1. mgr. 22. gr., þar sem mælt er fyrir um að aðför skuli að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns, en hann geti þó ákveðið að þetta skuli gert á öðrum stað, ef hentara þykir. Sýslumaður kann að telja rétt að láta aðför byrja samkvæmt þessari heimild á heimili gerðarþola, en örðugt getur þá verið að tiltaka með nægri nákvæmni á hvaða tíma dags það yrði gert. Þótt rétt væri að leitast við að tilkynna að aðför muni byrja á einhverjum nákvæmlega tilteknum tíma, geta þessar aðstæður haft í för með sér að ógerningur sé að gefa þetta til kynna með nánari hætti en svo, að skakki jafnvel einni eða fleiri klukkustundum. Tilgreining staðar til aðfarar í tilkynningu til gerðarþola getur tæpast orðið til vandkvæða, en vegna framangreindra aðstæðna er ekki

fært að ætlast til að tímasetningar verði í öllum tilvikum getið af ítrustu nákvæmni. Ekki eru gerðar ákveðnar kröfur um þann fyrirvara, sem hafa ber á tilkynningu til gerðarþola, heldur er látið við það sitja að mæla svo fyrir að tilkynning skuli send með hæfilegum fyrirvara. Að jafnaði ætti ekki að vera þörf á lengri fresti en svo, að gerðarþoli geti átt þess kost að hliðra til dæmis vinnu til að vera staddur við gerð og eftir atvikum að leita upplýsinga um réttarstöðu sína. Fyrirvarinn í þessum efnum getur hins vegar þurft að vera lengri vegna hagsmuna gerðarbeiðanda en af tilliti til gerðarþola, þannig að tíminn nægi til að gerðarbeiðandi fái í hendur staðfestingu á að tilkynningu hafi verið komið á framfæri við gerðarþola, og ef misbrestur hefur orðið á því, að leitast þá við að tilkynna á ný.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 21. gr. getur sýslumaður lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast tilkynningu samkvæmt ákvæðinu. Þessi framsetning reglunnar felur í sér ráðagerð um að sýslumaður annist þetta viðfangsefni fremur en gerðarbeiðandi, en hafi þó ákvörðunarvald um aðra tilhögun. Er með þessum hætti eftirlátið framkvæmd að þróa nánari verklagsvenjur í þessum efnum. Hér má benda á að möguleiki er til nokkurrar hagræðingar, ef gerðarbeiðandi annast tilkynningu, því fullnægja mætti þessari tilkynningarskyldu samhliða því að beina greiðsluáskorun skv. 7. gr. til gerðarþola, eins og nánar er vikið að í athugasemdum um það ákvæði.

Í 2. mgr. 21. gr. kemur fram að tilkynning skuli send gerðarþola með útbornu ábyrgðarbréfi eða í símskeyti, eða að einn stefnuvottur birti honum hana. Um hliðstæða valkosti um sendingu tilkynninga hefur þegar verið fjallað í athugasemdum við 7. gr., sem hér má vísa til. Þótt það komi ekki fram í 2. mgr. 21. gr., ræðst framkvæmd gerðar að verulegu leyti af því, hvort sannanlegt sé að tilkynning hafi borist gerðarþola eða öðrum, sem hæfur yrði til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd samkvæmt reglum VIII. kafla laga nr. 85/1936. Þessi þýðing móttöku tilkynningar er nánar skýrð í athugasemdum við ákvæði 5. kafla, sem hér skal vísað til.

Í 3. mgr. 21. gr. eru talin þau atvik, sem heimila að vikið sé frá meginreglu 1. mgr. ákvæðisins um skyldu til að tilkynna gerðarþola fyrir fram um aðfarargerð. Fyrsta undantekningin tekur til krafna um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem falla undir aðfararheimild skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Ástæða þess, að almenn undantekning sé hér gerð um þær kröfur, er sú, að þær eru oft mjög lágar að fjárhæð og árangur af þessum gerðum er almennt til muna torsóttari en við aðför fyrir öðrum kröfum. Ekki er líklegt að mesta hagræðið, sem gerðarbeiðandi getur uppskorið af tilkynningu og leiðir af reglu 1. mgr. 24. gr., komi verulega að gagni við þessar gerðir. Þótt heimild sé hér veitt til að komast hjá því að senda gerðarþola tilkynningu um væntanlega aðför fyrir skattkröfum, má gera ráð fyrir að slík tilkynning yrði allt að einu algeng við þessar gerðir. Í 2. tölul. 3. mgr. 21. gr. kemur fram heimild til að víkja frá skyldu til tilkynningar, ef hætt þykir að gerðarþoli muni spilla fyrir aðför. Hér er lagt á vald sýslumanns að ákveða hvort regla þessi eigi við í einstökum tilvikum, en gera má ráð fyrir að gerðarbeiðandi veki almennt máls á þeim aðstæðum, sem hér um ræðir. Í 3. tölul. er heimilað að láta hjá líða að senda tilkynningu, ef hætta þykir á að gerðarbeiðandi verði fyrir sérstökum réttarspjöllum vegna tafa af hennar sökum. Þessa heimild til undantekningar yrði að skýra þröngt, þannig að hún eigi aðeins við ef mjög brýnum hagsmunum gerðarbeiðandans yrði stefnt í hættu með frekari bið. Í 4. tölul. er sérstök undantekningarheimild, sem tekur mið af þeim aðstæðum að gerðarþola hafi áður verið tilkynnt um stað og stund til aðfarar vegna sömu kröfu, en ekki sinnt henni. Ef ekki hefur reynst mögulegt að ljúka aðför í fyrri tilraun og hana á að reyna á ný, er almennt ástæðulaust að endurtaka tilkynningu vegna hagsmuna gerðarþola. Í 5. tölul. kemur fram undantekning frá skyldu til tilkynningar, ef framkvæma á aðför að undangengnum úrskurði héraðsdómara um að gerð sé heimil. Við þær aðstæður hefur gerðarþola áður gefist kostur á að taka til andsvara gegn kröfum gerðarbeiðanda fyrir dómi og því almennt ástæðulaust til

verndar hagsmunum gerðarþola að tilkynna honum um væntanlega framkvæmd gerðarinnar. Í 6. tölul. kemur fram síðasta undantekningin frá meginreglu 21. gr., en samkvæmt henni má láta hjá líða að reyna að koma tilkynningu á framfæri við gerðarþola, ef ekki er kunnugt um hvar hann hefst við. Með síðastgreindu orðalagi eru þær aðstæður einkum hafðar í huga, að gerðarþoli eigi hvergi skráð heimili eða að fyrir liggi að slík skráning sé röng, og gerðarbeiðandi býr ekki yfir vitneskju um dvalarstað gerðarþola eða aðra nærtæka möguleika til að koma tilkynningu á framfæri. Við þessar aðstæður má fyrir fram vera ljóst að tilraun til að tilkynna gerðarþola um væntanlega aðför muni ekki þjóna tilgangi.

Um 22. gr.

Í 22. gr. koma fram reglur um hvar aðför byrji, en þær eru mismunandi eftir því, hvort tilkynning að hætti 21. gr. hefur verið send eða ekki. Hér ber að vekja athygli á að reglur um byrjunarstað geta ráðist af hvort tilkynning hafi verið send, en ekki hvort hún hafi sannanlega borist gerðarþola eða öðrum, sem hæfur er til að taka við henni fyrir hans hönd. Sending tilkynningar ein út af fyrir sig getur því haft þýðingu að þessu leyti, en reglur um áframhaldandi framkvæmd gerðarinnar, t.d. um hvar ljúka megi aðför, ráðast að mestu af hinu, hvort tilkynning hafi sannanlega borist.

Ef tilkynning að hætti 21. gr. hefur verið send, hefur gerðarþoli, eins og þar er mælt fyrir um, fengið boðun um að mæta til gerðar á tilteknum stað. Í 1. mgr. 22. gr. er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að sá staður skuli vera skrifstofa eða önnur starfstöð sýslumanns. Frá þessu má sýslumaður þó víkja í samráði við gerðarbeiðanda, ef annar byrjunarstaður aðfarar þykir hentugri og hann samrýmist hagsmunum aðilanna. Slíkrar ákvörðunar yrði að sjálfsögðu að hafa verið getið í tilkynningu til gerðarþola. Heppilegt gæti verið að nota umrædda heimild vegna ýmissa atvika. Vera má að fyrir fram sé ljóst að ekki verði hægt að ljúka gerð nema með því að fara á heimili gerðarþola, t.d. vegna virðingar eigna, og því haganlegra að gerð fari þar fram að öllu leyti. Eins má vera að óhjákvæmilegt þyki í víðlendu umdæmi að gerð byrji á einhverjum stað utan skrifstofu sýslumanns, sem er nærri heimkynnum gerðarþola. Þá kann einnig að liggja fyrir, að þótt tilkynning að hætti 21. gr. hafi verið send gerðarþola, þá hafi hún ekki borist honum, og því útilokað að ljúka gerðinni á þeim stað, sem hann var boðaður til að mæta á. Við þær aðstæður væri væntanlega nærtækt að reyna fremur að byrja gerðina á stað, sem líklegt er að gerðarþoli eða löghæfur málsvari hans muni hittast fyrir. Það er sýslumanns að ákveða hvort heimild verði beitt til að byrja gerð utan starfstofu hans, en ætlast er til að það verði almennt ekki gert nema með samþykki gerðarbeiðanda.

Í 2. mgr. 22. gr. koma fram fyrirmæli um hvar byrja skuli aðför, ef tilkynning skv. 21. gr. hefur ekki verið send. Reglur þessar eiga því við þau tilvik, sem undantekningar skv. 3. mgr. 21. gr. taka til. Nokkrir kostir eru taldir í ákvæðinu um hvar aðför geti byrjað við þessar aðstæður, en óskylt er að byrja á einhverjum einum tilteknum stað fremur en öðrum. Markmið talningar mögulegra byrjunarstaða aðfarar er hér að árétta, að það skuli gert þar sem mest líkindi eru fyrir að gerðarþoli verði staddur. Ef tilkynning skv. 21. gr. hefur ekki sannanlega borist gerðarþola eða málsvara hans, leiða reglur 24. gr. til að aðför verði almennt ekki lokið nema með því að hann hittist fyrir eða tilteknir menn, honum nákomnir. Gefur því augaleið að það hefur ekki verulega þýðingu að þessu leyti hvar aðfarargerðin byrjar formlega. Í niðurlagi 2. mgr. 22. gr. kemur fram sérregla, sem tekur til þeirra aðstæðna að gerðarþoli eigi ekki þekkt heimili hér á landi og ekki hefur tekist að koma tilkynningu um væntanlega gerð til hans. Ef svo stendur á, er gert ráð fyrir að gerð megi byrja á starfstofu sýslumanns. Hér er um reglu að ræða, sem reikna má með að heyri til algerra undantekninga að reyni á.

Um 23. gr.

Í fyrri málsgrein 23. gr. kemur fram sú meginregla, að ekki verði af aðfarargerð, nema gerðarbeiðandi eða umboðsmaður hans sé viðstaddur. Í seinni málsgrein ákvæðisins er þó kveðið á um undantekningu frá þessari meginreglu, en hún tekur til fjárnámsgerða vegna skatta og annarra samsvarandi gjalda, sem styðjast við aðfararheimild 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Umrædd meginregla 1. mgr. 23. gr. er sama efnis og ákvæði 1. mgr. 34. gr. aðfararlaga, en samkvæmt henni ber gerðarbeiðanda eða umboðsmanni hans að vera staddur við gerð, sem reglur þeirra laga taka til. Gagnstæð regla hefur hins vegar gilt um lögtaksgerðir samkvæmt fyrirmælum lögtakslaga og mega þær fara fram án viðveru gerðarbeiðanda. Þessi tilhögun á rætur að rekja til þess, að í upphaflegri mynd lögtakslaga var lögtaksréttur almennt aðeins fyrir gjöldum, sem bæjarfógetar og sýslumenn önnuðust bæði innheimtu á og fóru með lögtaksgerðir fyrir. Við þær aðstæður var fráleitt að gera ráð fyrir að mætt yrði sérstaklega til gerðar fyrir gerðarbeiðanda. Eins og skýrt var í almennum athugasemdum hér áður, hefur þróunin hins vegar orðið sú, að lögtaksréttur hefur verið veittur fyrir fjölda krafna, sem innheimtar eru með öðrum hætti en áður segir, auk þess að skattheimta er nú víða komin úr höndum þeirra, sem fara með framkvæmd aðfarargerða. Er því í raun brostinn grundvöllur fyrir að lögtaksgerðir fari almennt fram án þess að gerðarbeiðandi mæti, ef hann er annar en sá, sem framkvæmir gerðina. Af þessum ástæðum er lagt til í 23. gr. að afnema núverandi almenna heimild lögtakslaga fyrir að gerðarbeiðandi þurfi ekki að mæta til gerðar, enda fer fjarri að það samrýmist almennum réttarreglum nú á dögum að sá, sem framkvæmir aðför, eigi ávallt að gæta hagsmuna þess, sem um gerðina biður. Allt að einu er óhjákvæmilegt að víkja frá því meginviðhorfi, þegar um skattkröfur er að ræða, sem sami sýslumaður innheimtir og gerir aðför fyrir, enda ekki frekar hægt nú en við setningu lögtakslaga að gera ráð fyrir að sá maður bregði sér í líki tveggja. Undantekningarheimild 2. mgr. 23. gr. er að vísu ekki bundin eftir orðanna hljóðan við að sýslumaður sé einnig innheimtumaður viðkomandi krafna, en gengið er út frá að sýslumaður heimili almennt ekki undantekningu frá 1. mgr. ákvæðisins við aðrar aðstæður.

Við endurskoðun danskra reglna um aðfarargerðir, sem leiddi til áðurnefndrar lagasetningar þar í landi á árinu 1976, var verulega fjallað um hvort heimila ætti að aðför gæti farið fram án viðveru gerðarbeiðanda, og þá einkum vegna lágra fjárkrafna. Niðurstaðan þar varð sú, að mæla svo fyrir að gerðarbeiðanda sé óskylt að mæta, ef höfuðstóll kröfu er innan 2.500 danskra króna, sbr. 2. mgr. 492. gr. danskra réttarfarslaga. Við samningu þessa frumvarps var hugað að hvort leggja ætti til samsvarandi reglu hér á landi. Varð niðurstaðan að slíkt yrði óæskilegt, jafnvel þótt kröfufjárhæðir geti verið lágar við þessar aðstæður. Eins og nefnt var hér á undan, skapast óeðlileg staða, ef sá, sem framkvæmir aðför, á einnig að gæta hagsmuna utanaðkomandi gerðarbeiðanda. Ákvörðun ýmissa atriða við framkvæmd aðfarar er háð afstöðu gerðarbeiðanda og yrði til verulegra þyngsla í framkvæmd, ef fresta þyrfti gerð hverju sinni, sem ekki yrði komist lengra án hennar. Miklu máli getur skipt fyrir gerðarbeiðanda, hvernig til tekst um framkvæmd gerðar, jafnvel þótt kröfufjárhæð sé lítilfjörleg. Þótt kostnaður af viðveru hans við gerð falli að endingu á gerðarþola, er almennt ekki um teljandi fjárhæð að ræða og getur sýslumaður spornað við augljósri misnotkun aðstæðna í þeim efnum skv. 2. mgr. 36. gr. Verður í þeim efnum heldur ekki litið hjá því, að tilefni aðfarar er jafnan vanefnd gerðarþola á réttmætri skyldu, og verður því eðlilega að gæta hófs um setningu reglna, sem honum eru til hagsbóta á kostnað hagsmuna gerðarbeiðanda.

Um 24. gr.

Í 24. gr. koma fram reglur sem snúa einkum að því, að hverju leyti framkvæmd og lok aðfarargerðar sé háð viðveru gerðarþola og til hverra úrræða grípa megi, ef hann mætir ekki til gerðar eða ekki næst til hans.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. má ljúka aðför að gerðarþola fjarstöddum, ef tilkynning skv. 21. gr. hefur sannanlega borist honum eða einhverjum, sem hæfur er samkvæmt reglum VIII. kafla laga nr. 85/1936 til að taka við stefnu fyrir hans hönd. Fjarvera gerðarþola skoðast þannig í raun sem tjáning af hans hendi um að hann hafi ekkert við kröfur gerðarbeiðanda að athuga. Til að því skilyrði ákvæðisins sé fullnægt, að tilkynning hafi sannanlega komist til skila, verður gerðarbeiðandi að geta lagt fram gögn, sem staðfesta afhendingu hennar, hvort sem um er að ræða viðtökukvittun fyrir ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birtingarvottorð stefnuvotts. Þótt þessum skilyrðum sé fullnægt, er samt ekki gefið að hægt sé að ljúka aðför. Framkvæmd hennar getur verið háð nánari vitneskju um fjárhag gerðarþola eða önnur atriði, sem snúa að andlagi gerðarinnar. Ef um fjárnám er til dæmis að ræða og gerðarbeiðandi getur bent á ákveðna eign gerðarþola, sem aðför má gera í, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að gerð verði lokið samkvæmt reglu þessari að gerðarþola fjarstöddum. Sú leið er hin sama og nú er heimil skv. 25. og 34. gr. aðfararlaga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 15/1988. Hér verður að árétta, að þessi málalok eru háð því að gerðarbeiðandi geti bent á tiltekna eign gerðarþola, sem taka má fjárnámi. Gerðarbeiðandi verður að geta veitt það nánar upplýsingar um eignina, að ekki orki tvímælis um hverja sé að ræða, og nægja því að sjálfsögðu ekki getsakir af hans hendi um hugsanlega og lítt skilgreinda eign gerðarþola. Ef gerðarbeiðandi býr hins vegar ekki yfir vitneskju um eignir gerðarþola, verður gerðinni ekki lokið með svo einföldum hætti, heldur er óhjákvæmilegt að ná til gerðarþola eða einhvers, sem honum er nákominn, til að veita nauðsynlegar upplýsingar. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því, að reglur 8. kafla girða almennt fyrir að fjárnámi verði lokið án árangurs, ef gerðarþoli eða málsvari hans hefur ekki lýst yfir að eignir hans nægi ekki til fullnustu hlutaðeigandi kröfu. Verður gerð því almennt ekki lokið með þeim hætti án viðveru gerðarþola, jafnvel þótt hann hafi fengið tilkynningu um hana og hafi látið hjá líða að mæta til hennar. Þá verður einnig að skoða reglu 1. mgr. 24. gr. í ljósi þess, að örðugt getur verið að ljúka öðrum gerðum en fjárnámum með umræddum hætti. Ef um gerð er að ræða skv. 11. kafla, getur reynst nauðsynlegt að ná til gerðarþola eða málsvara hans, t.d. vegna þeirra aðstæðna, sem 76. gr. tekur til. Fjarvera gerðarþola yrði hins vegar ekki afgerandi við framkvæmd gerða skv. 72.–75. gr.

Um reglu 1. mgr. 24. gr. er rétt að benda sérstaklega á, að ef skilyrðum hennar til að ljúka gerð án viðveru gerðarþola er fullnægt, þarf ekki að fela tilkvöddum manni að gæta hagsmuna hans við gerðina. Þá er einnig rétt að vekja athygli á að mælt er svo fyrir í síðari málslið ákvæðisins, að sýslumaður eigi að gæta að því að gerð brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með reglum frumvarpsins, ef henni er lokið án viðveru hans. Í þessu felst að sýslumaður verður til dæmis að gæta þess að fjárnám sé ekki gert í eign, sem er undanþegin því samkvæmt fyrirmælum 6. kafla.

Í 2. mgr. 24. gr. koma fram reglur, sem taka jafnt til tvenns konar aðstæðna. Þær eiga annars vegar við þau tilvik, þar sem annaðhvort gerðarþola hefur ekki verið send tilkynning um gerðina, vegna undantekningar frá skyldu til slíks skv. 3. mgr. 21. gr., eða ekki er unnt að sanna að tilkynning hafi komist til skila með réttum hætti, en í hvorugu þessara tilvika verður reglu 1. mgr. 24. gr. beitt til að ljúka gerð. Hins vegar snúa reglur 2. mgr. 24. gr. að þeim aðstæðum, þegar tilkynning skv. 21. gr. hefur að vísu komist réttilega til skila, en gerðarþoli hefur ekki mætt eða látið mæta við gerðina og vöntun vitneskju um eignir hans eða aðrar hindranir fyrirbyggja málalok að hætti 1. mgr. 24. gr. Þegar þessar aðstæður eru fyrir hendi, er mælt svo fyrir í 2. mgr. 24. gr. að sýslumaður megi fela tilteknum mönnum, nákomnum gerðarþola, að taka málstað hans. Mögulegir málsvarar gerðarþola eru tæmandi taldir í 2. mgr. 24. gr., þannig að ef ekki næst til einhvers, sem þar er talinn, verður að ljúka gerð eftir reglum 3. mgr. ákvæðisins.

Ef sú leið er farin við framkvæmd gerðar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr., leiðir af eðli máls að hún fari fram á stað, þar sem einhver þargreindur finnst. Er byggt hér á því að

gerðin annaðhvort byrji á slíkum stað eða að áður byrjaðri gerð verði fram haldið, þar sem mögulegur málsvari gerðarþola hittist fyrir. Tvær ástæður geta einkum búið að baki því, að finna þurfi málsvara fyrir gerðarþola með þessum hætti. Ef tilkynning skv. 21. gr. hefur ekki sannanlega komist til skila, er með þessu öðru fremur verið að tryggja að hagsmuna gerðarþola verði gætt. Ef tilkynnt hefur verið hins vegar um gerðina, er leit að málsvara væntanlega að öðru jöfnu komin til af því, að upplýsingar vantar um eignir gerðarþola til að ljúka megi gerðinni.

Í 3. mgr. 24. gr. er að finna fyrirmæli um viðbrögð, ef enginn málsvari hefur fundist fyrir gerðarþola að hætti 2. mgr. 24. gr., en sömu atvik og þar greinir hindra að gerðinni verði lokið að honum fjarstöddum. Meginregla 3. mgr. er sú, að gerð verði frestað til að reyna að ná til gerðarþola sjálfs. Er sérstaklega mælt fyrir um að sýslumaður geti falið lögreglumönnum að leita að gerðarþola og að þeir annaðhvort boði hann til gerðarinnar eða færi hann til hennar, með valdbeitingu ef með þarf. Gert er þó ráð fyrir undantekningum frá þessari meginreglu. Má láta þetta ógert, ef sýslumanni þykir þegar fullreynt að ekki takist að ná til gerðarþola, eða ef hagsmunir gerðarbeiðanda af því að gerðinni verði lokið sem fyrst eru það brýnir, að hætt sé við réttarspjöllum af frekari töfum. Við þessar aðstæður er gert ráð fyrir að sýslumaður og gerðarbeiðandi fari á skráð heimili eða aðsetur gerðarþola og *ljúki þar gerðinni eftir kröfum gerðarbeiðandans*. Þessi málalok eru háð því að engar aðrar hindranir fyrirbyggi þau og verður gerðarbeiðandi þannig til dæmis að geta bent á eignir gerðarþola til fjárnáms, ef því er að skipta. Sömu leið má fara til málaloka, ef reynt hefur verið án árangurs að ná til gerðarþola með aðstoð lögreglu. Í niðurlagi 3. mgr. kemur fram sérregla, sem á við ef gerðarþoli á ekkert skráð heimili eða aðsetur hér á landi, en þá má ljúka gerð að fullnægðum framangreindum skilyrðum á starfstofu sýslumanns.

Í þeim tilvikum, sem aðför yrði lokið eftir 3. mgr. 24. gr., er ekki þörf á að skipa mann til að gæta hagsmuna gerðarþola.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er að finna ýmsar reglur, sem varða aðstæður við byrjun aðfaragerðar. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður kynni gerðarþola eða málsvara hans framkomin gögn og skori á hann að fullnægja þeirri skyldu, sem aðfarar er krafist fyrir. Hér er gert ráð fyrir að sýslumaður geri gerðarþola nokkra grein fyrir málavöxtum samhliða því að veita honum leiðbeiningar um réttarstöðu hans, eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. ákvæðisins.

Í 2. mgr. 25. gr. er boðið að sýslumanni sé skylt að taka við greiðslu frá gerðarþola upp í kröfu gerðarbeiðanda eða fyrir henni í heild, ef gerðarbeiðandi er ekki við gerðina samkvæmt undantekningarheimild í 2. mgr. 23. gr. Full greiðsla þeirrar fjárhæðar, sem gerðarbeiðni hljóðar á, yrði til að varna fjárnámi við þessar aðstæður. Er af þessum sökum *brýnt fyrir hagsmuni gerðarbeiðanda að hann hafi gætt þeirrar nákvæmni í framsetningu* kröfugerðar í gerðarbeiðni, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. Ef greitt væri upp í kröfu, yrði fjárnám gert fyrir sundurliðaðri heildarkröfu gerðarbeiðanda, að frádreginni innborgun. Afstaða yrði þá ekki tekin til þess við fjárnámsgerðina, upp í hverja kröfuliði innborgun eigi að ganga. Varðandi reglu 2. mgr. 25. gr. er vert að benda á, að ekki er mælt fyrir um samsvarandi skyldu gerðarbeiðanda til að taka við greiðslu, ef hann er staddur við gerðina. Á þetta þær augljósu rætur, að tilgangur fjárnáms er að knýja á um efndir, sem gerðarbeiðandi sæi tæpast ástæðu til að hafna. Ef svo ólíklega færi hins vegar að gerðarbeiðandi neitaði að taka við heildargreiðslu eða innborgun frá gerðarþola við fjárnám, á gerðarþoli þess kost að krefjast að fjárnám verði gert í peningum, sbr. 39. og 41. gr., sem leiddi til sömu niðurstöðu.

Í 3. mgr. 25. gr. er gerðarþola veitt heimild til að varna aðför með setningu tryggingar fyrir efndum á kröfu gerðarbeiðanda. Þessi heimild er þó bundin við tilvik, þar sem

ágreiningur stendur milli málsaðila um kröfuna. Ráðgert er að sýslumaður meti hver trygging verði talin næg í þessu skyni. Um nánari framkvæmd í þessum efnum, sem vænta má að lítt geti reynt á, yrði rétt að beita áþekkum aðferðum við mat á tryggingu, ákvörðun á formi hennar o.fl., og mælt er fyrir um í lögum um kyrrsetningu og lögbann.

Að leiðbeiningarskyldu skv. 4. mgr. 25. gr. hefur þegar verið vikið í tengslum við 1. mgr. Umfang leiðbeininga færi eftir sömu viðhorfum og beitt er í framkvæmd skv. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Í 5. mgr. 25. gr. er mælt fyrir um skyldu gerðarþola eða málsvara hans til að skýra satt frá því, sem hefur þýðingu fyrir gerðina og sýslumaður krefur hann svara um. Röng frásögn gerðarþola eða málsvara hans gæti varðað refsingu skv. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 26. gr.

Í þessu ákvæði koma fram fyrirmæli um frestun aðfarargerðar, sem byrjað hefur verið á. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í 1. mgr., þar sem segir að gerð skuli að jafnaði ekki fresta nema málsaðilar, báðir eða allir, séu sammála um það. Þessi regla er hin sama og nú kemur fram í 1. málsl. 43. gr. aðfararlaga. Hún á rætur að rekja til þess, að gerðarbeiðandi á ekki að þarfnast frestunar gerðar fyrir sitt leyti, enda hefur hann almennt í hendi sér að biðja ekki um gerð fyrr en honum þykir það sjálfum tímabært. Hvað gerðarþola varðar, byggist regla þessi á því, að löglíkindi eru fyrir að krafa gerðarbeiðanda sé rétt og því ósennilegt að gerðarþoli muni hafa uppi mótmæli gegn henni, sem hald er í. Með undanfarandi tilkynningu um aðför mætti gerðarþoli og vera undir það búinn að færa rök við gerðina fyrir mótmælum sínum og þarfnast því ekki frestunar hennar af þeim sökum. Á hinn bóginn væri alls endis óeðlilegt að standa í vegi fyrir að málsaðilar geti frestað framkvæmd gerðar með samkomulagi sín á milli.

Í 2. mgr. 26. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður taki þegar í stað ákvörðun um hvort gerð verði haldið áfram, ef gerðarþoli krefst frestunar hennar gegn andmælum gerðarbeiðanda. Gerðarþoli yrði við þessar aðstæður að færa rök fyrir kröfu sinni og sýslumaður að meta hvort þau séu nægileg til að brjóta á bak aftur framangreinda meginreglu um að frestir verði almennt ekki veittir án samkomulags málsaðila. Ljóst er að rök gerðarþola fyrir frestsbeiðni þurfa að varða veigamikil atriði fyrir framgang gerðar, ef taka á hana til greina. Ekki yrði til dæmis nægilegt að gerðarþoli vilji frest til að kynna sér nánar kröfu gerðarbeiðanda. Í meginatriðum þyrfti gerðarþoli að geta sýnt fram á að frestun væri honum nauðsynleg til að afla gagna, sem hann átti alls ekki fyrr kost á og sem fyrirsjáanlega yrðu til að leiða í ljós að krafa gerðarbeiðanda sé röng eða að gerðin megi ekki fara fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst. Þessar kröfur í garð gerðarþola eru vissulega strangar, en hafa ber hér í huga að meginleið frumvarpsins til að leysa úr álitaefnum um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda eða um gerðina sem slíka felst í reglum 15. kafla, sem taka til meðferðar ágreiningsmála eftir lok aðfarargerðar. Ákvörðun sýslumanns um að hafna frestsbeiðni gerðarþola hefði því ekki teljandi réttarspjöll í för með sér fyrir gerðarþola, auk þess að gerðarbeiðandi getur orðið bótaskyldur gagnvart gerðarþola samkvæmt reglum 16. kafla, ef hann hefur knúið fram aðför án þess að gefa gerðarþola færi á að koma fram réttmætum athugasemdum.

Ákvörðun sýslumanns skv. 2. mgr. 26. gr. yrði sem áður segir almennt tekin þegar í stað og er því ekki gert ráð fyrir að hann taki sér umhugsunarfrest af þessu tilefni. Slík ákvörðun yrði bókuð sérstaklega, sbr. 33. gr. Um framvindu mála að fenginni þeirri ákvörðun er fjallað í 3. og 4. mgr. 26. gr. Ef sýslumaður hefur fallist á kröfu gerðarþola um frest, á gerðarbeiðandi þess kost skv. 3. mgr. að krefjast úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun, en frekari meðferð slíks máls færi eftir reglum 14. kafla. Ef sýslumaður hefur hafnað

frestskröfu gerðarþola, er kveðið á um það í 4. mgr. að gerðinni skuli þegar fram haldið án tillits til frekari mótmæla hans, ef gerðarbeiðandi krefst. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort gerðarþoli hafi uppi áskilnaði um að reyna á réttmæti ákvörðunar sýslumanns fyrir héraðsdómi á síðari stigum. Hér er því byggt á þeim meginreglum, sem fram koma í 14. kafla frumvarpsins, en eins og síðar verður nánar skýrt, getur gerðarþoli almennt ekki hindrað framgang gerðar með því að krefjast dómsúrlausnar jafnharðan um einstakar ákvarðanir sýslumanns. Ef gerðarbeiðandi vill hins vegar ekki að gerðin haldi áfram að svo stöddu, að framkominni ákvörðun sýslumanns um höfnun frestsbeiðni gerðarþola, opnast gerðarþola leið skv. 2. mgr. 85. gr. til að fá úrlausn héraðsdómara um réttmæti þeirrar ákvörðunar áður en lengra er haldið.

Um 27. gr.

Reglur þessa ákvæðis fjalla um hvernig brugðist skuli við, ef gerðarþoli hefur uppi mótmæli gegn kröfu gerðarbeiðanda við framkvæmd gerðar eða andmælir kröfum gerðarbeiðanda um það, hvernig staðið verði að gerðinni. Þessar reglur tengjast nokkuð fyrirmælum 26. gr., því gera má ráð fyrir að gerðarþoli kunni að telja þörf á frestun gerðar til gagnaöflunar eða nánari röksemdafærslu um mótmæli sín. Ef sýslumaður hafnar frestskröfu gerðarþola samkvæmt reglum 26. gr., verður hann að taka afstöðu til mótmæla gerðarþola þegar í kjölfarið, á grundvelli þeirra gagna eða raka, sem gerðarþoli hefur tiltæk.

Í 1. mgr. 27. gr. er kveðið á um að sýslumaður eigi að taka afstöðu til mótmæla gerðarþola með ákvörðun sinni, þegar í stað er þau hafa komið fram. Ákvörðun sýslumanns yrði annaðhvort um að gerðinni verði fram haldið, án tillits til mótmæla gerðarþola, eða að hún verði stöðvuð vegna þeirra. Hér er líkt og í 26. gr. gert ráð fyrir að ákvörðun sé tekin án umhugsunarfrests, þannig að halda megi gerðinni rakleitt áfram, ef sýslumaður fellst ekki á mótmælin.

Í 2. mgr. 27. gr. kemur fram sú meginregla, að mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðar eigi að jafnaði ekki að stöðva hana. Hér er á ný byggt á þeim viðhorfum, sem áður var lýst í athugasemdum við 26. gr. og búa að baki því að frestsbeiðnir gerðarþola verði almennt ekki teknar til greina. Frá þessari meginreglu eru tilteknar tvær undantekningar. Annars vegar kann gerðarþoli að bera fyrir sig atriði, sem sýslumaður hefði átt að gæta af sjálfsdáðum og hefur látið hjá líða. Þau atriði gætu einkum snúið að þeirri frumkönnun, sem sýslumanni ber að framkvæma að framkominni aðfararbeiðni skv. 1. mgr. 17. gr. Ef gerðarþoli vekur athygli á annmarka, sem með réttu hefði átt að leiða til sjálfsdáðarsynjunar sýslumanns á aðfararbeiðni þegar í upphafi og sá annmarki er enn fyrir hendi, verður ekki komist hjá að sýslumaður taki mótmæli gerðarþola þegar til greina og stöðvi gerðina. Hins vegar getur það leitt til ákvörðunar sýslumanns um stöðvun gerðar, ef gerðarþoli ber fram mótmæli, sem valda því að mati sýslumanns að óvíst sé að krafa gerðarbeiðanda sé rétt eða að gerðin megi fara þannig fram, sem gerðarbeiðandi vill. Örðugt er að setja fram almenn viðhorf um það, hvenær þessar aðstæður geti talist fyrir hendi, enda verður að gera ráð fyrir að meta þurfi atvik hverju sinni. Sýslumaður verður að nálgast ákvörðun um mótmæli gerðarþola með því hugarfari, að með því að löggjöf kveður á um heimild til aðfarar fyrir kröfu af þeirri gerð, sem gerðarbeiðandi krefst fullnustu á, verði að fyrra bragði að telja kröfuna rétta. Gerðarþoli verður því ekki aðeins að geta dregið í efa að krafa gerðarbeiðanda sé rétt, heldur verður hann að færa rök fyrir að líklegra sé að hún sé röng en ekki. Sýslumaður verður einnig að gæta að því, að framgangur gerðar er á ábyrgð gerðarbeiðanda og því nærtækt að ætla að gerðarbeiðandi tefli ekki eigin hagsmunum í tvísýnu með því að hafa uppi kröfu, sem almennt má telja hæpna. Síðast en ekki síst er almenn regla frumvarpsins sú, að ágreiningi um réttmæti málstaðar gerðarbeiðanda eigi fyrst að ráða til lykta fyrir dómi, eftir að gerðinni sem slíkri er lokið, ef gerðarbeiðandi vill fara þá leið gegn mótmælum

gerðarþola. Verður því sýslumaður að beita valdi til að stöðva framkvæmd gerðar vegna mótmæla gerðarþola nánast með því hugarfari, að það verði ekki gert nema sýnt sé fram á að verulega líklegt sé að krafa gerðarbeiðanda fái ekki staðist að lögum.

Ef sýslumaður ákveður að gerð stöðvist vegna mótmæla gerðarþola, er kveðið á um úrræði gerðarbeiðanda í 3. mgr. 27. gr., ef hann sættir sig ekki við þá ákvörðun. Honum er heimilt er að bera ákvörðunina undir úrlausn héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum 14. kafla. Ef sýslumaður hefur ákveðið að stöðva gerð með öllu, verður henni ekki fram haldið nema að fenginni dómsúrlausn um annað. Ef sýslumaður ákveður hins vegar að gerð megi fara fram að nokkru, en að hún verði stöðvuð að öðru leyti vegna mótmæla gerðarþola, getur gerðarbeiðandi borið hina neikvæðu ákvörðun undir úrlausn héraðsdómara, en krafist að gerðinni verði þegar fram haldið að öðru leyti.

Ef ákvörðun sýslumanns er gerðarþola í óhag, eru reglur um úrræði hans nánast hinar sömu og áður var lýst í athugasemdum við 4. mgr. 26. gr. um höfnun á frestsbeiðni hans, og má vísa til þess, sem þar kemur fram.

Um 28. gr.

Í 28. gr. koma fram reglur um heimildir annarra en gerðarbeiðanda og gerðarþola til að mæta við aðfarargerð og leitast við að hafa áhrif á framvindu hennar. Heimild til slíkra afskipta þriðja manns er háð því samkvæmt upphafsorðum ákvæðisins, að hann sýni fram á að gerð geti ranglega skert réttindi hans. Réttindaskerðing, sem heimilað gæti þriðja manni slík afskipti, þarf ekki endilega að vera fólgin í til dæmis hættu á að eign hans verði tekin fjárnámi í þeirri röngu trú að hún tilheyri gerðarþola. Í skilningi ákvæðisins gæti hætta á réttindaskerðingu allt eins verið fólgin í því, að þriðji maður standi í ábyrgð fyrir kröfu, sem fjárnáms hefur verið krafist fyrir hjá samskuldara hans, og hann hafi tilefni til að óttast að gerðarþoli muni ekki hafa uppi réttmæt andmæli gegn kröfunni. Ef gerðarþoli öðlaðist rétt til að krefja þriðja mann um endurgreiðslu kröfunnar að henni innleystri, hefði þriðji maður beina hagsmuni af því að afstýra að gerðarþoli verði knúinn til greiðslu kröfunnar.

Mat á þeim hagsmunum, sem réttlætt geta aðild þriðja manns að aðfarargerð, yrði að ráðast af nánast sömu viðhorfum og beitt er við úrlausn um heimild þriðja manns til meðalgöngu fyrir dómi í einkamáli, sbr. 50. gr. laga nr. 85/1936. Yrði því þriðji maður að sýna fram á lögvarða hagsmuni sína af málefninu, sem taldir verði nægilega brýnir til að hann fái að grípa inn í lögskipti annarra aðila. Er hér að verulegu leyti einnig um sömu viðhorf að ræða og stuðst er við um heimild þriðja manns til afskipta af framgangi nauðungaruppboðs, sbr. 4. tölul. 8. gr. laga nr. 57/1949.

Í 40. gr. aðfararlaga kemur fram núgildandi heimild til afskipta þriðja manns af aðfarargerð, sem er háð því skilyrði að „gerðin mundi ganga of nærri rétti“ hans. Það orðalag er eins og séð verður annað en það, sem fram kemur í upphafi 28. gr. Ekki er ætlast til þess með breyttu orðalagi að heimildir þriðja manns til afskipta af gerð verði taldar aðrar en álitið hefur verið eftir núgildandi lagafyrirmælum.

Ef þriðji maður, sem mætir við gerð, fullnægir skilyrðum til afskipta af framgangi hennar, er honum heimilt skv. 28. gr. að krefjast frestunar eða að mótmæla framgangi hennar. Er kveðið á um að farið skuli með kröfur eða mótmæli þriðja manns eins og kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 26. eða 27. gr. Er staða þriðja manns í þessu tilliti því hin sama og þegar hefur verið gerð grein fyrir varðandi gerðarþola.

Um 29.–31. gr.

Í þessum ákvæðum koma fram reglur um heimildir sýslumanns til valdbeitingar og notkunar þvingunarúrræða vegna mótstöðu af hendi gerðarþola, sem torveldar eða útilokar framgang gerðar. Reglur þessar heimila sýslumanni, ýmist með eða án dómsúrskurðar, að

skerða frelsi gerðarþola og leggja á dagsektir, ef hann veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar til framgangs gerðarinnar, að brjóta upp húsakynni gerðarþola eða læstar hirslur, sem aðgangur fæst ekki að með öðru móti, og að framkvæma líkamsleit á gerðarþola, ef grunur leikur á að hann geymi á sér muni, sem máli geta skipt fyrir gerðina.

Þær heimildir, sem getið er hér á undan, eru um margt hliðstæðar þeim, sem nú gilda samkvæmt fyrirmælum 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. aðfararlaga. Þó er umtalsverður eðlismunur hér á að einu leyti. Núgildandi reglur einkennast af því, að fógeti fer með dómsvald, og er honum í skjóli þess falið að kveða upp dómsúrskurði um þvingunarúrræði eða valdbeitingu. Reglur 29.–31. gr. einkennast hins vegar af því, að ef þörf er dómsúrskurðar til notkunar þessara úrræða, verður að afla hennar fyrir héraðsdómi, en sýslumanni er almennt ekki falið vald til ákvörðunar um þessi efni upp á sitt eindæmi í ríkara mæli en lögreglustjóri hefur til hliðstæðra aðgerða við frumrannsókn opinberra mála. Auk þess er dregið nokkuð úr þeim hörðu úrræðum, sem núgildandi lög heimila að nokkru, og er leitast við að færa þau til samræmis við almenn löggjafarviðhorf um beitingu þvingunarúrræða.

Notkun núgildandi heimilda til valdbeitingar og þvingunar er allt að því óþekkt og er ástæðulaust að vænta annars en að hið sama muni eiga við um reglur 29.–31. gr., ef frumvarp þetta verður að lögum.

Reglur 29.–31. gr. byggjast á sömu grundvallarreglu og núgildandi reglur aðfararlaga, að þvingunarúrræðum verði ekki beitt við aðfarargerð nema samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á ábyrgð hans. Er því ávallt um það að ræða í þessum efnum, að gerðarbeiðandi verður að hafa uppi kröfu um að tilteknu úrræði verði beitt, og sýslumaður verður að fallast á að lagaskilyrðum sé fullnægt til þess. Sýslumanni er ætlað að taka afstöðu til kröfu gerðarbeiðanda með ákvörðun, sem má eftir atvikum bera undir úrlausn héraðsdómara, eftir því um hvert málefni er að ræða eða hver niðurstaða sýslumanns hefur orðið.

Í 29. gr. er mælt fyrir um úrræði við því, að gerðarþoli neiti að veita þær upplýsingar, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs aðfarargerðar. Strangar kröfur verður að gera til þess, að viðkomandi upplýsinga verði ekki aflað með öðrum nærtækum hætti. Að auki verða viðkomandi upplýsingar að hafa slíka þýðingu, að gerðin geti ekki náð fram að ganga án þeirra með sama eða hliðstæðum árangri. Væri því ekki unnt að neyta úrræða þessa ákvæðis við þær aðstæður, að gerðarþoli færðist til dæmis undan að veita upplýsingar um ætlaða bifreiðaeign sína við fjárnámsgerð, ef upplýsingar væru fyrir hendi um aðra eign hans, sem gæti veitt gerðarbeiðanda nægilega tryggingu fyrir kröfu hans. Þau þvingunarúrræði, sem 29. gr. heimilar, eru verulega ólík þeim, sem 2. mgr. 37. gr. aðfararlaga kveður á um, en samkvæmt þeirri reglu má skerða frelsi gerðarþola í allt að sex mánuði, ef hann veitir ekki upplýsingar við gerð. Í 29. gr. er sýslumanni annars vegar heimilað að skerða frelsi gerðarþola án dómsúrskurðar í allt að 24 klukkustundir. Er þessi heimild m.a. ætluð til að ráðrúm gefist til athugunar á hvort háttsemi gerðarþola kunni að vera refsiverð og að fyrirbyggja að hann eigi þess kost að spilla sakargögnum eða hagsmunum gerðarbeiðanda á annan hátt, meðan sú athugun stendur yfir. Ef sýslumaður telur gerðarþola kunna að hafa gerst sekan um refsiverða háttsemi með neitun sinni um veitingu upplýsinga, er gert ráð fyrir því í 29. gr. að frekari afdrif málefnisins fari eftir almennum reglum um rannsókn opinberra mála. Sýslumanni er óheimilt að beita frekari frelsisskerðingu en þessu nemur, en að þeim tíma liðnum, sem hún má standa yfir, kann að koma til þess að gerðarþola verði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar, sem beinist að grunsemdum um refsiverða háttsemi hans. Hitt úrræðið, sem sýslumanni er heimilt að beita skv. 29. gr., er að leggja dagsektir á gerðarþola þar til hann veitir viðkomandi upplýsingar. Tekið er fram í ákvæðinu að þessu úrræði verði ekki beitt á sama tíma og gerðarþoli sætir frelsisskerðingu skv. 1. mgr. 29. gr. Þetta bann nær aðeins til þess tímabils, sem frelsisskerðing stendur yfir á grundvelli nefnds ákvæðis, en það útilokar ekki beitingu dagsekta á eftirfarandi tímabili, sem gerðarþola kynni

að vera gert að sæta gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn opinbers máls. Dagsektir skv. 2. mgr. 29. gr. eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr., auk þess að væntanlega yrði unnt að krefjast afplánunar þeirra skv. 2. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sérstaklega er tekið fram í 3. mgr. 29. gr., að úrræðum beggja undanfarandi málsgreina megi beita gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola, ef aðför beinist að lögaðila.

Eins og fram hefur komið, tekur sýslumaður ákvörðun um hvort beitt verði úrræðum 1. eða 2. mgr. 29. gr. Ef hann hafnar kröfu gerðarbeiðanda þess efnis, mætti gerðarbeiðandi bera þá ákvörðun undir héraðsdómara samkvæmt reglum 14. kafla. Gerðarþola væri heimilt að bera ákvörðun sýslumanns um að beita úrræðum þessum þegar í stað undir héraðsdómara á grundvelli 2. mgr. 85. gr., enda má telja það liggja í hlutarins eðli að því skilyrði þess ákvæðis fyrir umræddri heimild gerðarþola, að gerð hafi frestast í kjölfar ákvörðunar, hljóti að jafnaði að vera fullnægt við þessar aðstæður.

Um fyrirmæli 29. gr. má benda á, að við endurskoðun fyrirmæla danskra réttarfarslaga um aðför á síðasta áratug var regla, sem efnislega er samhljóða 2. mgr. 37. gr. aðfararlaga, látin haldast í óbreyttri mynd. Samsvarandi kostur þótti ekki viðunandi við undirbúning þessa frumvarps.

Í 30. gr. koma fram reglur um skilyrði fyrir því, að sýslumaður framfylgi ákvörðun sinni um að brjóta upp húsnæði gerðarþola eða læstar hirslur hans samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Í 31. gr. eru síðan fyrirmæli um heimildir til leitar á gerðarþola sjálfum eða fyrirsvarsmanni gerðarþola, ef aðför beinist að lögaðila. Verður ekki séð að einstök atriði þessara ákvæða þarfnist sérstakra skýringa.

Um 32. gr.

Í fyrri málsgrein 32. gr. koma fram fyrirmæli um framlagningu gagna við aðfarargerð. Ætlast er til að gerðarbeiðandi afhendi sýslumanni aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild, sem sýslumaður auðkennir síðan á sama hátt og gert hefur verið til þessa við aðfarargerðir. Þá er gert ráð fyrir að bæði gerðarbeiðandi og gerðarþoli geti eftir þörfum lagt fram frekari gögn, sem varða málefnið.

Eins og áður hefur komið fram við umfjöllun um reglu 3. mgr. 15. gr., er ætlunin að gerðarbeiðandi fái frumskjöl aftur í hendur, þegar hann hefur aflað áritunar héraðsdómara á aðfararbeiðni í þeim tilvikum, sem þess gerist þörf. Þessi sömu skjöl yrðu síðan lögð fram við framkvæmd aðfarargerðar skv. 1. mgr. 32. gr. Bæði í þeim tilvikum og þeim, þar sem aðfararbeiðni er beint til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdómara, yrðu framlögð gögn varðveitt til frambúðar við embætti sýslumanns. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. ber að haga þeirri varðveislu eftir sömu reglum og gilda um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt. Tilvísun þessi á einkum við fyrirmæli 43. og 44. gr. laga nr. 85/1936.

Um 33. gr.

Í 1. og 2. mgr. 33. gr. kemur fram að sýslumaður eigi að færa gerðabók um aðfarargerðir, þar sem nánar tiltekin atriði komi fram um framkvæmd hverrar gerðar. Í slíkri bókun ætti almennt að geta sömu atriða og nú tíðkast við framkvæmd aðfarargerða, sem ekki er ástæða til að tíunda frekar. Rétt er þó að vekja athygli á að ætlast er til að í bókun komi fram um allar ákvarðanir, sem sýslumaður hefur beinlínis orðið að taka vegna sérstakra krafna, mótmæla eða athugasemda málsaðila, sbr. 1. mgr. 86. gr. Í 1. mgr. 33. gr. er heimilað að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um form gerðabókar. Með þessu er reynt að einfalda möguleika á að hægt verði að hagnýta þróun í aðferðum við tölvuskráningu upplýsinga, sem sýnist vel geta komið til álita um bókanir sem þessar, en lögfesting beinna reglna um þetta er bæði óþörf og gæti staðið hagræðingu fyrir þrifum síðar.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. á sýslumaður annaðhvort að lesa bókun sína frá orði til orðs fyrir þá, sem staddir eru við gerð, eða að kynna þeim efni hennar á þann hátt, sem þeir telja nægja. Gert er ráð fyrir að málsaðilar, sem viðstaddir eru, undirriti bókunina með sýslumanni, en neitun málsaðila um það hefði ekki önnur áhrif en að nauðsyn bæri til að vottur væri til staðar, sem gæti staðfest með undirskrift sinni undir bókun að málsaðilar hafi ekki haft uppi efnislegar athugasemdir um hana.

Um 34. gr.

Í fyrri málsgrein þessa ákvæðis kemur sú regla fram, að ekki þurfi að hafa vott við aðfarargerð, ef hún fer fram á starfstofu sýslumanns, mætt er af hálfu gerðarþola og viðstaddir rita allir undir bókun sýslumanns. Ef einu eða fleirum af þessum skilyrðum er hins vegar ófullnægt, kemur fram í 2. mgr. að sýslumaður eigi að hlutast til um að vottur sé viðstaddur, a.m.k. þegar bókun um gerðina er kynnt málsaðilum, og að hann riti nafn sitt undir hana. Er mælt svo fyrir að votturinn verði að fullnægja hæfisskilyrðum til að vera vottur á dómþingi í einkamáli milli sömu málsaðila, en sú tilvísun á við 41. gr. laga nr. 85/1936. Ekki er kveðið sérstaklega á um tilkall votts til þóknunar fyrir ómak sitt, enda er hér gert ráð fyrir að starfsmenn sýslumanns á föstum launum gegni þessu hlutverki, ef með þarf. Ef utanaðkomandi maður væri hins vegar kvaddur til þessa hlutverks, væri sýslumanni rétt að ákveða honum þóknun, sem gerðarbeiðandi yrði að greiða um sinn með öðrum kostnaði af gerðinni.

Um 35. gr.

Samkvæmt 2. tölul. 29. gr. laga nr. 85/1936 má sá, sem framkvæmir aðför samkvæmt núgildandi lögum, vinna embættisverk vegna gerðar utan lögsagnarumdæmis síns. Regla þessi er bundin við héraðsdómara og kæmi því ekki að haldi við framkvæmd aðfarar, ef frumvarp þetta verður að lögum. Af þeim sökum er í fyrri málsgrein 35. gr. sett sérstök heimild til að sýslumaður megi ljúka aðför utan umdæmis síns, ef hún hefur byrjað réttilega innan marka þess, en með síðastgreindum ummælum er átt við að heimild hafi verið fyrir að byrja gerðina í umdæmi viðkomandi sýslumanns samkvæmt reglum 1. mgr. 16. gr. Heimild þessi er nokkuð víðtækari en ætla má að rétt sé að skýra núgildandi heimild laga nr. 85/1936, hvað aðfarargerðir varðar, en tillaga er gerð um rýmri heimild að þessu leyti til hagræðis og einföldunar í framkvæmd.

Auk þess skilyrðis, sem þegar hefur verið nefnt fyrir að sýslumaður ljúki gerð utan umdæmis síns, er kveðið á um það í 1. mgr. 35. gr. að þetta skuli aðeins gert eftir kröfu gerðarbeiðanda og að þetta megi ekki leiða til teljandi kostnaðarauka fyrir gerðarþola, nema nauðsyn beri til að hafa þennan hátt á, án tillits til kostnaðar, í ljósi atvika. Síðastgreindu skilyrði yrði tæpast fullnægt nema mjög óvenjulegar aðstæður kæmu til, t.d. að gerðarþoli forði sér úr umdæmi rétt fyrir byrjun gerðar eða meðan á henni stæði og ekki væri talið unnt að ljúka henni án viðveru hans. Sýslumanni er falið ákvörðunarvald um hvort skilyrðum 1. mgr. 35. gr. sé fullnægt. Ef þessi heimild er nýtt, hefur gerðin sömu áhrif að lögum og ef henni hefði verið lokið innan umdæmis viðkomandi sýslumanns.

Eins og áður hefur komið fram í skýringum við 19. gr., gilda ákveðnar reglur um það, í hverri röð sýslumanni ber að sinna framkomnum aðfararbeiðnum á hendur sama gerðarþola. Þessar reglur geta haft í för með sér að gerðarbeiðandi þurfi að bíða eftir að aðför sé gerð eftir fleiri en einni beiðni, sem hafa komið fram á undan beiðni hans, áður en henni verður sinnt. Möguleikar eru fyrir því eftir reglum 1. mgr. 16. gr. að aðfararbeiðni geti talist réttilega framkomin í fleiru en einu umdæmi. Sú aðstaða, sem hér á undan er lýst, gæti kallað á misnotkun gerðarbeiðanda á heimildum 1. mgr. 16. gr., í þeirri viðleitni að komast fram fyrir aðra í röð gerðarbeiðenda. Meðal annars til að draga úr hættu á þeirri misnotkun,

er mælt fyrir um það í 3. málsl. 1. mgr. 35. gr., að réttur gerðarbeiðanda, sem farið hefur með sýslumanni yfir í annað umdæmi, skuli þoka fyrir rétti þeirra, sem síðar gera aðför í sama verðmæti, ef aðfararbeiðni þeirra hefur áður verið móttekin í því umdæmi, þar sem gerðinni var lokið.

Í síðari málsgrein 35. gr. koma fram reglur um hvernig staðið verði að færslu gerðar milli umdæma, ef heimildar fyrri málsgreinar ákvæðisins hefur ekki verið neytt. Reglur ákvæðisins um verklag í þessum efnum skýra sig sjálfar, en rétt er að vekja sérstaka athygli hér á því, að regla 2. mgr. 51. gr. dregur mjög verulega úr þörf á að gerð sé flutt milli umdæma frá því, sem leiðir af núgildandi reglum.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta er hið fyrsta í 6. kafla frumvarpsins, en í honum er fjallað um þau verðmæti, sem taka má fjárnámi.

Í 1. mgr. þessa ákvæðis kemur sú meginregla fram, að gera megi fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægja til greiðslu hennar og tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður eignir sínar fram til fjárnáms fyrir kröfunni. Eins og áður hefur verið skýrt, er hugtakið fjárnám notað samkvæmt venju í frumvarpi þessu til að tákna aðfaragerð, sem fram fer til að fá tryggingu fyrir peningakröfu eða til að ná greiðslu hennar með reiðufé. Það hefur einnig verið skýrt áður, að í frumvarpinu er lagt til að þær gerðir, sem til þessa hafa talist til lögtaksgerða, verði hér eftir einnig taldar til fjárnámsgerða. Reglur um andlag fjárnáms hafa verulega þýðingu, því með þeim er tekin afstaða til þess, hver verðmæti gerðarþola verði tekin af honum eða heft með veðböndum til að fullnægja peningakröfu gerðarbeiðanda.

Í upphafi 1. mgr. 36. gr. er kveðið á um að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, sem nægja til greiðslu kröfu gerðarbeiðanda. Í þessu felst tvíþætt regla, annars vegar að eignirnar eða réttindin, sem fjárnám er gert í, skuli tilheyra gerðarþola, og hins vegar að eignirnar séu í senn nægilegar fyrir kröfunni og að þeim sé ekki ofaukið fyrir henni. Marghátta a fyrirvara verður þó að gera um þessa grundvallarreglu, sem lýsir aðeins meginkjarna reglna um andlag fjárnáms, því bæði kemur nánari fylling hennar fram í öðrum reglum frumvarpsins og takmarkanir á henni. Fjölmargar reglur 6. kafla mæla fyrir um eignir, sem ýmist má ekki taka fjárnámi eða sem gerðarþoli má undanþiggja. Hliðstæð fyrirmæli koma einnig fram í öðrum lögum, sem mundu gilda eftir sem áður, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Takmarkast því framangreind meginregla 1. mgr. 36. gr. af slíku. Þá raskast þessi meginregla einnig af fyrirmælum í niðurlagi þessa sama ákvæðis, sem er í samræmi við ríkjandi framkvæmd og felur í sér að það megi ekki aðeins taka eignir gerðarþolans sjálfs fjárnámi, heldur einnig eignir annarra, sem vilja bjóða þær fram til fjárnáms.

Eins og hér á undan segir, felst í meginreglu 1. mgr. 36. gr. að fjárnám verði almennt aðeins gert í eign, sem tilheyrir gerðarþola. Ekki liggja ávallt fyrir skráðar heimildir um hver eigi tiltekna hluti eða réttindi. Vandamál geta risið við aðför, ef hlutur blasir við eða vitneskja liggur fyrir um annars konar réttindi, en skráðar heimildir kveða ekki á um eignarréttindi yfir viðkomandi gæðum. Augljóst má vera að verulegum vandkvæðum væri bundið, ef ætlast yrði til að gerðarbeiðandi þyrfti að sanna eignarhald gerðarþola að munum, sem hverju sinni kæmu til álita við fjárnám. Af þeim sökum er hér líkt og í gildandi rétti byggt á tilvist þeirrar líkindareglu um þessar aðstæður, að vörslur gerðarþola á hlut eða umráð hans yfir honum gefi að fyrra bragði til kynna eignarrétt hans, nema annað sannist eða megi ráða af skráðum heimildum.

Í 1. mgr. 36. gr. segir að fjárnám skuli gert í eignum, sem nægja til greiðslu viðkomandi kröfu. Heildarfjárhæð kröfu ræðst af reglu 2. mgr. 1. gr., þar sem fram kemur fyrir hverjum liðum megi gera fjárnám, auk þess að sérreglur koma fram um ákvörðun kostnaðar af gerð,

sem hér teldist einnig með og fjárnám mætti gera fyrir. Mat á því, hversu miklar eignir þurfi að taka fjárnámi fyrir tiltekinni kröfu, er framkvæmt eftir reglum, sem koma fram í 38. gr.

Í 2. mgr. 36. gr. er sett sú regla, að sýslumaður eigi að ákveða við gerðina fyrir hverjum kostnaði gerðarbeiðanda fjárnám verður gert. Er hér miðað við að sýslumaður ákveði ekki aðeins kostnað af framkvæmd gerðarinnar sjálfrar, heldur einnig að hann ákveði innheimtukostnað gerðarbeiðanda og aðra tilfallna liði, sem afstaða hefur ekki áður verið tekin til í dómsúrlausn eða annarri aðfararheimild. Þessari ákvörðun verða málsaðilar báðir að hlíta að minnsta kosti um sinn, hvað umfang fjárnámsgerðar varðar, en um þetta væri unnt að fá úrlausn héraðsdómara eftir reglum 14. eða 15. kafla eða að fá leyst úr því í tengslum við nauðungarsölu hins fjárnumda eða í almennu dómsmáli. Ágreiningur um kostnað yrði ekki til að hefta heimildir gerðarbeiðanda til að nýta sér réttindi á grundvelli fjárnáms vegna óumdeildra atriða, sbr. 2. mgr. 54. gr.

Þótt regla um ákvörðun sýslumanns á kostnaði af aðfarargerð komi fram í 6. kafla frumvarpsins, sem fjallar um andlag fjárnáms, tekur hún einnig til ákvörðunar kostnaðar af gerðum, sem að meginefni taka til annars en efnda á peningakröfu. Eins og áður hefur verið minnst á, má taka kostnað af slíkri gerð fjárnámi samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, samhliða því að meginskyldu gerðarþola verði fullnægt. Lýtur slíkt fylgifjárnám almennum reglum III. þáttar, þar á meðal reglu 2. mgr. 36. gr.

Um 37. gr.

Í fyrri málsgrein 37. gr. kemur fram almenn regla um að fjárnám megi gera í peningum gerðarþola, fasteign hans eða lausafé, kröfuréttindum hans eða öðrum réttindum. Þessi atriði afmarkast öll nánar af öðrum fyrirmælum frumvarpsins og eru því nánast til yfirlits um meginefni annarra ákvæða. Í 1. mgr. 37. gr. koma hins vegar fram fleiri atriði, sem hafa verulega sjálfstæða þýðingu. Í fyrsta lagi segir að fjárnám verði gert í umræddum eignum, sem hafa fjárhagslegt gildi. Af þessu ber að gagnálykta að eign, sem víst er að ekkert sé unnt að fá fyrir, verði ekki tekin fjárnámi. Í öðru lagi segir að fjárnám verði gert í áðurtöldum eignum, sem unnt er að tilgreina nægilega. Í þessu felst einkum það skilyrði, að viðkomandi verðmæti séu þess eðlis að hægt sé að afmarka þau nægilega til að öðrum verði ljóst um hvað ræði. Hér er þó einnig fólgin ábending um að ljóst þurfi að vera í hverju fjárnám er gert, svo sem áréttað er nánar í upphafi 1. mgr. 51. gr. Í þriðja lagi kemur fram í 1. mgr. 37. gr. að fjárnám verði aðeins gert í réttindum, sem fengin eru, þegar það fer fram. Í þessu felst almenn regla um að fjárnám verði ekki gert í gæðum, sem gerðarþoli hefur ekki enn öðlast tilkall til. Beint bann við slíkum ráðstöfunum má finna í ákvæðum ýmissa sérlaga, auk þess að ýmsar reglur 6. kafla taka til þessa atriðis.

Í 2. mgr. 37. gr. er líkt og í 2. mgr. 20. gr. aðfararlaga tekið fram til áréttingar, að fjárnám megi gera í eign, þótt veðréttindi, kvaðir eða önnur samsvarandi höft hvíli þegar á henni. Í reglu þessari felst sá sjálfgefni áskilnaður, að eldri réttindi gangi fyrir fjárnáminu, ef almennar reglur leiða til að þau teljist njóta verndar fyrir því.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. er kveðið á um að ekki skuli taka meira fjárnámi en það, sem sýslumaður telur að muni nægja fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Í þessu felst öðrum þræði tilvísun til þeirrar meginreglu, sem áður var nefnd, að ekki eigi að taka meira fjárnámi en til þarf. Meginatriði þessarar reglu er þó það, að með henni er lagt til að afnema þá tilhögun 1. mgr. 19. gr. aðfararlaga, að virðingarmenn þurfi að meta eign í þessu skyni, nema málsaðilar telji það óþarft, og í hennar stað að fela sýslumanni að leggja almennt mat á hvort eign sé hæfileg til fjárnáms og láta við það sitja, nema gefið sé tilefni til annars, sbr. 2. og 3. mgr. 38.

gr. Þessi breyting er í samræmi við ríkjandi framkvæmd, þar sem virðingargerðir heyra til undantekninga.

Í 2. mgr. 38. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður verðleggi eign sérstaklega, ef málsaðili er í vafa um verðmæti hennar. Þetta yrði aðeins gert að gefnu tilefni frá málsaðila. Við verðlagningu ber að taka mið af því, hvað sýslumaður telji að muni fást fyrir viðkomandi eign við nauðungarsölu, að frádregnum kostnaði af sölunni og að teknu tilliti til krafna, sem rétthærri veðhafar en gerðarbeiðandi gætu gert í söluandvirði eignarinnar. Í þessari reglu er gert ráð fyrir að sérstök verðlagning heyri til undantekninga, en ef hennar gerist þörf, sé meginreglan að sýslumaður annist hana. Aðstæður geta hins vegar verið þær, að um eign sé að tefla, sem ekki verður ætlast til að sýslumaður hafi þekkingu til að verðleggja. Af þeim sökum er gert ráð fyrir sérstakri heimild í 3. mgr. 38. gr. til að sýslumaður geti kvatt til einn eða tvo sérfróða menn um verðlag á slíkum hlutum, sem um er að ræða, og falið þeim að virða eign gerðarþola. Ekki er ætlast til að þessi leið verði farin, nema sérþekkingar sé þörf, og þetta verður aðeins gert að kröfu málsaðila. Sérstök ástæða er til að ítreka það í ljósi ríkjandi framkvæmdarvenju, að hér má einungis kveðja til sérfróða menn til að framkvæma mat.

Reglur 38. gr. eru settar fram með þeim hætti, að einungis er ætlast til að ein þeirra leiða, sem hún heimilar, verði notuð hverju sinni. Málsaðilar verða að láta það í ljós áður en fjárnám er gert í ákveðnum hlut, hvort þeir telji þörf á verðlagningu hans, og ef svo er, hvort sýslumaður eigi að annast það verk eða sérfróðir menn. Hér er því ekki um heimild að ræða til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu eða einhvers kyns yfirmats, heldur ber að hlíta þeirri leið, sem valin er í upphafi.

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. má ýmist kveðja til einn eða tvo sérfróða virðingarmenn til að verðleggja eign gerðarþola. Við ákvörðun um fjölda virðingarmanna má hafa hliðsjón af reglu 1. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988. Rétt væri einnig að taka tillit til álits málsaðila um þetta.

Telja má að önnur atriði 38. gr., en nú hafa verið nefnd, skýri sig sjálf.

Um 39. gr.

Í þessu ákvæði koma fram reglur um svonefndan ábendingarrétt, en fyrirmæli um þetta efni koma nú fram í 24. og 25. gr. aðfararlaga. Með ábendingarrétti er nánar tiltekið átt við það, hver hafi heimild til að ráða hvaða eign verði tekin fjárnámi, ef fleiri kostir en einn standa til boða. Með sama hætti og nú gildir, er gert ráð fyrir þeirri meginreglu í 1. mgr. 39. gr. að gerðarþoli eða málsvari hans eigi ábendingarrétt, en á þessu eru þó takmarkanir. Bæði er að gerðarbeiðandi getur hafnað ábendingu gerðarþola, þannig að hann verði öðru sinni að vísa á eign, og einnig getur gerðarbeiðandi sjálfur átt réttinn til ábendingar, ef gerðarþoli notar ekki sinn rétt. Ef litið er fyrst til þeirra tilvika, þar sem gerðarbeiðandi getur hafnað ábendingu gerðarþola, kemur í fyrsta lagi fram sú regla í 1. mgr. 39. gr., að gerðarbeiðandi geti hafnað fjárnámi í eign, sem ekki er metin nægileg trygging fyrir kröfu hans. Í öðru lagi leiðir af fyrirmælum 2. mgr. 39. gr., að gerðarbeiðandi má hafna ábendingu gerðarþola, ef hann bendir á annað en fyrirliggjandi peningaeign, hvort sem hún nægir fyrir kröfunni allri eða einungis hluta hennar. Frá þessu eru þó undantekningar samkvæmt fyrirmælum 41. gr. Í þriðja lagi þarf gerðarbeiðandi ekki að hlíta ábendingu gerðarþola, ef hann á þegar veð eða önnur tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í tiltekinni eign gerðarþola. Getur gerðarþoli því ekki, þegar svo stendur á, bundið gerðarbeiðanda með ábendingu á aðra eign en þá veðsettu, sbr. 3. mgr. 39. gr. Í fjórða lagi þarf gerðarbeiðandi ekki að hlíta ábendingu gerðarþola á fasteign, á eign, sem aðrir eiga veð eða tryggingarréttindi í, á eign, sem hefur óvisst verðgildi eða á eign, sem erfitt væri að selja eða varðveita. Fyrirvari er þó gerður um þennan síðastnefnda rétt gerðarbeiðanda í 4. mgr. 39. gr., sem hefur í för með sér

að hann geti ekki hafnað fjárnámi í eign, sem eitthvað framangreint á við um, ef hún nægir til tryggingar og engin önnur eign stendur til boða.

Ef gerðarþoli eða málsvari hans vill ekki eða getur ekki bent á eignir til fjárnáms, er kveðið á um ábendingarrétt gerðarbeiðanda í 5. mgr. 39. gr. Gerðarbeiðandi á sama rétt, þegar enginn er staddur við gerðina af hálfu gerðarþola, ef heimilt er allt að einu að ljúka gerðinni, sbr. 1. og 3. mgr. 24. gr. Notkun á þessum rétti er að sjálfsögðu háð því skilyrði, að gerðarbeiðanda sé kunnugt um eign, sem taka má fjárnámi. Hann verður almennt ekki krafinn um sönnur fyrir eignarrétti gerðarþola að þeirri eign, sem hann kýs að benda á, nema að gefnu tilefni frá málsaðila. Fjárnám yrði að jafnaði gert í eign í ljósi þess almenna áskilnaðar, að gerðarbeiðandi öðlist ekki ríkari rétt til eignar en gerðarþoli átti sjálfur. Sýslumanni er þó ekki heimilt að fara fortakslaust að ábendingu gerðarbeiðanda, ef gerðarþoli er ekki viðstaddur eða málsvari hans, því honum ber að gæta að því af sjálfsdáðum að fjárnám verði fyrst gert í munum, sem má ætla að gerðarþoli eða heimilismenn hans geti helst verið án, eins og segir í niðurlagi 5. mgr. 39. gr.

Um 40. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rétt gerðarþola, sem með nokkru tengist ábendingarrétti hans, en samkvæmt því getur gerðarbeiðandi ekki færst undan því við aðför að gerðarþoli lýsi yfir skuldajöfnuði við hann með gagnkröfu, að nánari skilyrðum uppfylltum. Gerðarþoli getur skuldajafnað við kröfu gerðarbeiðanda, hvort sem skuldajöfnuðurinn nægir aðeins móti hluta kröfunnar eða fyrir henni allri. Ef skilyrði eru fyrir skuldajöfnuði, felst í honum greiðsla á kröfu gerðarbeiðanda, að hluta eða með öllu, og kemur því ekki til aðfarar að því leyti, sem greiðslan hrekkur til.

Eitt helsta skilyrði 40. gr. fyrir rétti gerðarþola til skuldajafnaðar er að krafa hans á hendur gerðarbeiðanda sé orðin aðfararhæf. Nægir því ekki í þessum efnum að gerðarþoli eigi til dæmis gjaldfallna víxilkröfu á hendur gerðarbeiðanda, því frekari aðgerða er þörf, áður en krafan er orðin aðfararhæf í þessum skilningi. Krafa gerðarþola verður því með öðrum orðum að vera þeim eiginleikum gædd, að hann mætti þegar krefjast aðfarar fyrir henni, ef því væri að skipta. Þetta skilyrði er þó ekki fortakslaust, því ef gerðarbeiðandi viðurkennir að krafa gerðarþola sé rétt, þótt ekki mætti enn gera aðför fyrir henni, þá nýtur gerðarþoli sama réttar til skuldajafnaðar.

Þótt öðru framangreindra skilyrða sé fullnægt, nægir það ekki til að gerðarþoli geti knúið fram skuldajöfnuð gegn andmælum gerðarbeiðanda. Samkvæmt 40. gr. er þessi réttur gerðarþola að auki háður því, að almennum skilyrðum skuldajafnaðar sé fullnægt. Þessi tilvísun á einkum við almennar reglur kröfuréttar, sem ekki er ástæða til að rekja hér nánar.

Um 41. gr.

Í upphafi 41. gr. kemur sú almenna regla fram, að fjárnám megi gera í peningaeign gerðarþola, sem takmarkast aðeins af tilteknum undanþágum samkvæmt talningu ákvæðisins. Eins og áður hefur komið fram í athugasemdum við 39. gr., getur gerðarþoli almennt ekki færst undan að fjárnám verði gert í peningaeign hans. Með peningaeign er hér ekki aðeins átt við peningaseðla eða aðra innlenda eða erlenda gjaldgenga mynt, sem kann að finnast í fórum gerðarþola, heldur einnig sambærileg verðmæti, t.d. óinnleystan tékka, innstæðu á bankareikningi o.fl. Ef peningaeign er tekin fjárnámi, felst almennt greiðsla í þeirri aðgerð, þar sem meginregla 55. gr. kveður á um að peningar skuli þegar afhentir gerðarbeiðanda í því skyni. Ef þannig tekst til, fæst fullnusta skyldu gerðarþola við fjárnámsgerð, og er ekki þörf frekari ráðstafana í því skyni.

Undanþágur eru sem fyrr segir frá þeirri reglu, að peningar verði teknir fjárnámi, og eru þær taldar í 1.–3. tölul. 1. mgr. 41. gr. Sú fyrsta þeirra kveður á um að fjárnám verði ekki

gert í peningaeign, sem komin er til með fyrirframgreiðslu framfærslufjár með gerðarþola, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ekki enn kominn, sem fénu er ætlað honum til framfærslu. Hér er hugað að þeim aðstæðum, að framfærslufúlga hafi verið greidd gerðarþola fyrir aðförina og að féð liggi í heild eða að hluta fyrir í formi peninga, sem hafa ekki blandast við annað fé hans. Að því leyti, sem slíkir peningar voru greiddir til að framfæra gerðarþola á tilteknu og ókomnu tímabili, teljast þeir undanþegnir fjárnámi. Ef gerðarþoli á hins vegar eftirstöðvar framfærslufjár, sem hann fékk til nota á liðnu tímabili, njóta þær ekki verndar við fjárnám. Með reglu þessari er leitast við að sporna við að gerðarbeiðandi hafi hag af því, að gerðarþoli hafi fengið í einu lagi greiðslu framfærslufjár, sem ætlast hefur verið til að sjái fyrir honum á ókomnum tíma. Í öðru lagi er gerð undantekning um bætur, sem gerðarþoli hefur fengið greiddar í einu lagi vegna örorkutjóns eða missi framfæranda. Samsvarandi skilsmunur er hér gerður og um framfærslufé milli bótafjár, sem ætlað er að framfæra gerðarþola á ókomnu tímabili og er því undanþegið fjárnámi, og fjár, sem snýr að þegar liðnu tímabili og taka má fjárnámi. Loks er í þriðja lagi mælt fyrir um undantekningu peningaeignar, sem gerðarþoli þarf á að halda um skamman tíma til að framfæra sig og þá, sem hann er framfærsluskyldur við. Með því orðalagi 3. tölul. 1. mgr. 41. gr., að gerðarþoli þarfnist fjárins til framfærslu „um skamman tíma“, er ráðgert að lengd framfærslutímans verði miðuð við þann dag, sem gerðarþoli má næst vænta launaútborgunar eða annarrar greiðslu til þessara þarfa. Yrði að ákvarða fjárhæð, sem hæfileg yrði talin til daglegra framfærsluútgjalda á tímabilinu. Að auki yrði rétt að taka tillit í þessum efnum til væntanlegra útgjalda gerðarþola á tímabilinu af greiðslu húsaleigu, orkukostnaðar og annars sambærilegs, sem telja verður að gerðarþoli þurfi að eiga fyrir til að fyrirbyggja tilfinnanleg velferðarspjöll. Fjárhæð, sem gerðarþoli mætti halda undan fjárnámi í þessu skyni, yrði ekki reiknuð af teljandi nákvæmni, en hafa ætti að leiðarljósi að ofætla hana fremur en að vanætla.

Í 2. mgr. 41. gr. kemur fram regla til að taka af tvímæli um að eignir, sem gerðarþoli hefur fest kaup á með fyrirframgreiddu framfærslufé eða bótafé, séu ekki undanskildar fjárnámi, þótt peningaeign, þannig komin til, hefði getað verið það. Í ákvæðinu er nefnt að undanþága 1. mgr. 41. gr. geti ekki náð til fasteigna, lausafjár og annarra sambærilegra eigna, sem keyptar hafa verið með umræddum fjármunum. Þessa reglu verður að skýra í ljósi tilgangs 1. mgr. 41. gr., en eins og áður var nefnt, er þar reynt að koma í veg fyrir að gerðarþoli missi nauðsynlega fjármuni, sem hann hefur fengið fyrirframgreidda til að standa straum að framfærslukostnaði. Ráðstöfun á slíkri fyrirframgreiðslu til kaupa á innanstokksmunum eða húsnæði samrýmist ekki tilgangi hennar eða undanþágunnar, sem til hennar tekur. Á hinn bóginn verður ekki ætlast til að fé sem þetta verði nauðsynlega að vera varðveitt í peningaseðlum eða á bankareikningi, því allt eins má umbera gerðarþola að féð sé varðveitt í formi verðtryggðra spariskírteina eða á annan álíka hátt. Kæmi því til álita að beita undanþágu 1. mgr. 41. gr. um slíka eign.

Í upphafi 1. mgr. 41. gr. kemur fram að peningaeign sé undanþegin aðför, ef atvik 1., 2. eða 3. tölul. eiga sannanlega við um hana. Felur þetta í sér að gerðarþoli verður að geta sýnt fram á að peningaeign hafi orðið til af umræddum ástæðum og verður hann að bera halla af sönnunarskorti í þeim efnum.

Í 3. mgr. 41. gr. kemur fram að gerðarþoli megi benda á peningaeign til fjárnáms, þótt reglur 1.–3. tölul. 1. mgr. gætu átt við um hana. Er þetta eðlilegt í ljósi þess að undanþágurnar eru gerðar af tilliti til hagsmuna gerðarþola og má honum því vera frjálst að afsala sér þessari vernd.

Um 42. gr.

Í fyrri málsgrein þessa ákvæðis kemur fram regla til að taka af tvímæli um það, að hverju marki fjárnám í fasteign, skipi eða loftfari telst ná til fylgifjár slíkra eigna, ef afstaða

er ekki tekin til þess álitaefnis í gerðinni sjálfri. Sú regla, sem hér er lögð til, er í samræmi við það, sem hingað til hefur þótt gilda um þetta í framkvæmd.

Í seinni málsgrein 42. gr. eru reistar skorður við að fjárnám verði einungis gert í fylgifé þeirra eigna, sem hér á undan voru taldar. Þær takmarkanir, sem hér koma fram, eru settar af tilliti til hagsmuna annarra en gerðarbeiðanda, sem eiga veð eða önnur tryggingarréttindi í viðkomandi eign með fylgifé hennar. Í þessum efnum verður að hafa í huga að fylgifé getur verið nauðsynlegt til viðhalds eignar og hún þannig tapað verðgildi sínu svo um muni, ef fylgiféð yrði ekki til óheftra nota í þessu skyni. Til hliðsjónar má hér benda á reglu 2. mgr. 53. gr., sem lögð er til af sömu ástæðu og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Um 43. gr.

Í þessu ákvæði er að finna reglur um lausafjármuni, sem ýmist eru alfarið undanþegnir fjárnámi eða sem gerðarþola er heimilt að undanskilja.

Núgildandi reglur um þetta efni koma fram í 27. gr. aðfararlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1966. Samkvæmt því ákvæði má ekki gera fjárnám í rúmi, sængurfötum, líni eða íverufötum. Þá er gerðarþola heimilt að undanskilja muni fjárnámi, ef hann á fyrir heimili að sjá, upp að tilteknu virðingarverði. Umfang þessa undanþáguréttar er háð fjölskyldustærð gerðarþola, eða frá 20 kr., ef um einstakling er að ræða, til 100 kr., ef gerðarþoli hefur fyrir fjölskyldu að sjá, en þá bætast við 20 kr. fyrir hvert barn á „skylduframfæri“ hans. Ef fjárhæðir þessar eru framreiknaðar með vísitölu frá fyrrgreindri lagabreytingu, mun þessi svonefndi frátökuréttur gerðarþola nema á þriðja tug þúsunda, ef hann hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Umdeilt hefur hins vegar verið, hvort heimilt sé gagnvart gerðarbeiðanda að beita framreikningi, enda engin lagafyrirmæli þar að lútandi. Í framkvæmd er sárasjaldgæft að farið sé bókstaflega eftir fyrirmælum aðfararlaga í þessum efnum, með því að virða lausafjármuni og láta síðan gerðarþola velja muni til frátöku, heldur er almennt látið við það sitja að taka af skarið um hvort fjárnám megi yfirleitt gera í heimilis- eða innanstokksmunum með lauslegu yfirliti. Sú leið er þó háð velvilja gerðarbeiðanda og er miklu rýmri en beiting frátökuréttar yrði.

Í 43. gr. eru gerðar tillögur, sem miða að verulegri rýmkun frá framangreindum lagareglum um undanþágu lausafjármuna frá fjárnámi. Hvað innanstokksmuni varðar, eru fyrirmæli 1. mgr. um margt samsvörun við áðurlýst verklag í framkvæmd. Þá er í 2. mgr. að finna heimildir gerðarþola til að undanþiggja frekari muni frá fjárnámi, en þær reglur eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum. Þær reglur, sem hér eru lagðar til, svara mjög til danskra reglna um sama efni, eins og þeim var breytt á árinu 1976.

Í 1. mgr. 43. gr. kemur fram regla, sem leggur bann við að fjárnám verði gert í lausafjármunum, sem eru nauðsynlegir gerðarþola og heimilismönnum hans til að „halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist“, eins og segir í ákvæðinu. Hér er því lagt til að hverfa frá þeirri tilhögun núgildandi reglna, að undanskilja muni sem þessa að tilteknu andvirði. Að auki felst í reglunni bann við fjárnámi í munum þessum, gagnstætt því að núgildandi reglur heimila gerðarþola að undanþiggja muni. Sú viðmiðun, sem ákvæðið leggur til grundvallar um undanþágu og felst í framangreindri tilvitnun til þess, kann að virðist óákveðin við fyrstu sýn. Hér er merkingarlega um hið sama að ræða og tiltekið er í 1. mgr. 509. gr. danskra réttarfarslaga með þeim ummælum, að munir séu undanþegnir, sem nauðsynlegir eru „til opretholdelse af et beskedent hjem“. Þessi regla hefur þótt gefast sérlega vel í framkvæmd þar í landi. Kostir hennar felast ekki síst í þeim sveigjanleika, sem hún veitir, bæði til að taka tillit til aðstæðna í hverju tilviki og til að aðlaga viðmiðun í þessum efnum að breytingum, sem verða á almennum lífskjörum og viðhorfum um muni, sem hverjum er nauðsyn að eiga aðgang að. Þessi leið getur átt sérlega vel við hér á landi, þar sem töluleg viðmiðun er óæskileg vegna örra verðlagsbreytinga og ekki síður í ljósi

stökkbreytinga í almennum lífskjörum, sem valda meðal annars að hlutir, sem á tilteknu tímamarki töldust til munaðarvöru, komast í eigu alls þorra almennings og þykja ómissandi til heimilishalds. Þarf ekki að líta lengra aftur um aðstæður þessar í þróun hér á landi en til útbreiðslu ýmissa raftækja, t.d. sjónvarpstækja.

Við ákvörðun undanþágu á grundvelli 1. mgr. 43. gr. verður að hafa í huga, að það samrýmist ekki orðið almennri réttarvitund að gengið sé svo nærri gerðarþola, að teknir verði af honum munir, sem að jafnaði teljast nauðsynlegir til almenns heimilishalds. Gerðarbeiðandi getur tæpast haft hagsmuni af að fá fjárnám í heimilismunum og fá þá selda á nauðungaruppboði fyrir verð, sem vart fer fram úr kostnaði af aðgerðum í því sambandi, á sama tíma og vöntun þeirra veldur gerðarþola erfiðleikum og jafnvel velferðarspjöllum. Út frá þessum viðhorfum verður að gefa sér, að ákveðnir munir fyrirfinnast að jafnaði og þyki sjálfsagðir á hverju heimili, og að þetta séu þeir munir, sem stefnt er að með 1. mgr. 43. gr. að verði látnir óáreittir við fjárnám. Í fyrirmælum 1. mgr. 43. gr. er þessi undanþága bundin viðmiðun við „látlaust heimili". Liggur í þessum ummælum að undanþágan tekur ekki til munaðarvöru, heldur aðeins þess, sem reikna má með að finnist fyrir á íburðarlausu heimili.

Með tilhögun 1. mgr. 43. gr. er eftirlátið réttarframkvæmd að móta venjur um það, hverja muni megi telja tilheyra látlausu heimili í almennum skilningi á hverjum tíma og njóta þannig undanþágu frá fjárnámi. Ber að leggja áherslu á, að nauðsynlegt er að slíkar venjur staðni ekki, heldur verða þær að þróast með breyttum heimilisháttum og lífskjörum almennings.

Ef telja ætti til nánari afmörkunar, hvað haft hefur verið í huga við samningu þessa frumvarps að telja eigi til látlauss heimilis, má í stuttu máli nefna að fjárnám yrði ekki gert eftir þessari viðmiðun í rúmum, sængurfötum eða fatnaði, fremur en 1. mgr. 27. gr. aðfararlaga heimilar nú. Einfalda skartgripi, úr, klukkur og fleira slíkt, sem eru til persónulegra nota, yrði einnig að telja bannað að taka fjárnámi. Bann 1. mgr. 43. gr. tæki einnig yfir mataráhöld og flest ef ekki öll almenn áhöld og raftæki til matreiðslu og varðveislu matvæla. Einnig tæki það til þvottavéla og annars samsvarandi búnaðar til þrifnaðar, og einfaldra heimilisverkfæra. Bannið tæki og til íburðarlítilla húsgagna, t.d. stóla, sófa og tilheyrandi borða, borðstofuhúsgagna, skrifborða, skápa og hillna, auk rafljósa, svonefnds heimilisbókasafns, ódýrra málverka eða mynda og ýmissa skraut- eða nytjasmámuna. Sjónvarpstæki, hvort sem er í litum regnboga eða sauða, er tvímælalaust til á hverju látlausu heimili, auk útvarpstækja og einfaldra hljómflutningstækja, og lætur nærri að í bráð kunni einnig að verða að telja myndbandstæki með í þessu safni muna. Húsgögn í vistarverum barna kunna hugsanlega að tilheyra foreldri, auk barnavagna og annarra muna, sem þörf er á til umönnunar ungbarna, en fráleitt er að hrófla við slíku við fjárnámsgerð. Þessi talning muna er engan veginn tæmandi, heldur einungis sett fram í dæmaskyni. Hér verður að árétta, að þótt ýmiss konar munir séu hér nefndir í þessu skyni, þá er það gert með þeim fyrirvara að þeir verði taldir „látlausir". Greinarmun verður að gera í þessum efnum á því, hvort til dæmis stofuhúsgögn eru einföld að gerð eða hvort þau eru leðurbólstruð, hvort málverk er nánast verðlaust eða megi selja dýru verði og hvort bókasafn er hóflegt að stærð og geymi aðeins algengar bækur eða hvort þar er að finna fágæta safngripi. Í slíku getur falist eðlismunur, sem réði úrslitum um hvort undanþága 1. mgr. 43. gr. taki til muna eða ekki, enda ekki tilgangur ákvæðisins að eftirláta gerðarþola söfnun dýrrar munaðarvöru utan seilingar lánardrottna.

Með 1. mgr. 43. gr. er að mestu aðeins stefnt að því að vernda muni, sem hafa notagildi innan veggja heimilis gerðarþola. Þessi regla gæti því ekki náð til bifreiðar eða vélhjóls, svo dæmi séu nefnd.

Í 2. mgr. 43. gr. eru taldir lausafjármunir, sem gerðarþoli má undanþiggja fjárnámi. Þessar undanþáguheimildir eru til viðbótar við bann 1. mgr. 43. gr., og má því beita báðum

ákvæðum samhliða, ef með þarf. Í 1. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að gerðarþoli megi undanþiggja muni, sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða heimilismenn hans. Með þessu er átt við hluti, sem hafa tilfinningalegt gildi, t.d. verðlaunagripir, eða munir, sem tengjast ætt gerðarþola, eða sem gerðarþoli hefur fengið að gjöf af sérstöku tilefni. Í þessari reglu er ekki að finna hámarksandvirði þeirra muna, sem hér um ræðir. Gætu því fallið hér undir munir, sem hafa umtalsvert verðgildi. Sá varnagli er hins vegar sleginn í þessum efnum, að verðgildi munanna megi ekki vera slíkt, að undanþágan verði talin ósanngjörn gagnvart gerðarbeiðanda. Þessi ummæli beinast að verulegu leyti að hagsmunamati, sem fælist í samanburði á tilfinningalegu gildi munar fyrir gerðarþola annars vegar og eðli og stærð kröfu gerðarbeiðanda hins vegar og aðstæðna hans að öðru leyti. Hér yrði einnig að líta til hvort gerðarbeiðandi er einstaklingur eða fyrirtæki, og hvort það hafi nokkur teljandi áhrif á fjárhag hans að innheimta kröfunnar takist. Ef gerðarbeiðandi er til dæmis einstaklingur, sem er að leita fullnustu bótakröfu vegna örorku úr hendi gerðarþola, væri tæpast nein réttlæting fyrir að láta tilfinningargildi muna fyrir gerðarþola hafa áhrif. Öðru máli kynni að gegna, ef gerðarbeiðandi er lánastofnun og krefst fjárnáms fyrir óverulegri skuld, sem gerðarþoli er ábyrgðarmaður fyrir. Í 2. tölul. 2. mgr. er mælt fyrir um heimild gerðarþola til að undanþiggja muni, sem honum eða heimilismönnum hans eru nauðsynlegir vegna örorku eða heilsubrests. Hér undir geta fallið ýmis hjálpartæki og sjúkramunir, hvort sem gerðarþoli notar hlutina sjálfur, maki hans eða barn. Að auki gæti sérstaklega búin bifreið öryrkja átt hér undir og jafnvel bifreið, sem gerðarþoli þarf að nota við akstur fatlaðs heimilismanns. Í þessum síðastnefndu efnum ber þó að hafa hugfast, að ákvæðið bindur undanþáguna við muni, sem eru nauðsynlegir. Þótt fallist yrði á til dæmis að bifreið sé nauðsyn fyrir öryrkja, felst ekki í þeirri afstöðu að engu skipti hvert verðmæti bifreiðarinnar er. Hér yrði beinlínis að taka tillit til verðgildis hlutarins og horfa til þess, hvort gerðarþoli geti komist af með verðminni hlut heldur en hann hefur aflað sér. Til álita gæti komið við þessar aðstæður að undanskilja tiltekið hlutfall munar við fjárnám, sem þætti svara til þess, sem gerðarþoli þyrfti að hafa í höndum til að afla sér ódýrari hlutar til sömu þarfa. Andvirði slíks hlutfalls mætti skila gerðarþola af verði, sem fengist fyrir viðkomandi hlut við nauðungarsölu. Í 3. tölul. 2. mgr. er kveðið á um undanþágu námsgagna, sem gerðarþola eða heimilismanni hans eru nauðsynleg vegna skólagöngu. Með þessu er einkum verið að líta til námsbóka, sem oft kunna að hafa talsvert verðgildi. Hugsanlega geta einnig fallið hér undir einfaldir hlutir, sem þarf að nota í tengslum við bóklegt nám, t.d. ódýr ritvél, eða til verklegs náms. Verðmæti slíkra hluta verður að vera innan hóflegra marka, enda er undanþágan bundin við nauðsynjar til umræddra þarfa. Loks er í 4. tölul. að finna heimild til að undanþiggja muni, sem gerðarþoli eða heimilismaður hans notar til atvinnu sinnar, að verðmæti allt að 50.000 kr. Þeir munir, sem hér kæmu til skoðunar, gætu einkum verið verkfæri, áhöld til heimilisiðnaðar í tekjuöflunarskyni eða jafnvel bækur eða önnur gögn, sem gerðarþoli notar í atvinnu sinni. Hér gæti einnig hugsanlega átt undir mjög ódýr bifreið, sem gerðarþoli notar til leiguaksturs eða sem væri beinlínis óhjákvæmilegur þáttur í atvinnustarfsemi hans. Töluleg viðmiðun ákvæðisins setur hins vegar þröngar skorður fyrir undanþágunni. Ekki kæmi til álita að gerðarþoli fengi að undanskilja fjárnámi hluta af tæki, ef verðmæti þess færi fram úr umræddri hámarksfjárhæð. Þá hluti, sem hér gætu komið til álita, yrði að verðleggja eftir einhverjum valkosti 38. gr. Mælt er fyrir um það í 4. tölul. 2. mgr. 43. gr. að þargreinda fjárhæð eigi að ákvarða hverju sinni í ljósi almennra verðlagsbreytinga frá því frumvarp þetta öðlast gildi sem lög, ef af verður. Sýslumaður yrði því að framreikna fjárhæðina með einhverjum opinberum verðlagsmæli eða vísitölu. Hér er þó ekki ráðgert að fjárhæðin verði framreiknuð nákvæmlega, heldur ákvörðuð í ljósi breytts verðgildis.

Í 3. mgr. 43. gr. kemur fram regla, sem takmarkar bæði bann 1. mgr. við fjárnámi í heimilismunum og undanþáguheimild 2. mgr. varðandi annað lausafé. Gerðarþoli getur hvorki borið fyrrgreint bann fyrir sig né krafist undanþágu, ef viðkomandi hlutur stendur að veði fyrir kröfu gerðarbeiðanda eða gerðarbeiðandi hefur gert eignarréttarfyrirvara um hann. Með veði er hér ekki eingöngu átt við veðsetningu með samningi, heldur einnig lögveðréttindi, ef því er að skipta. Um eignarréttarfyrirvara ber að líta til þess, að ef gerðarþoli hefur aflað sér hlutar með slíkum áskilnaði, getur hluturinn almennt ekki talist eign hans í skilningi 1. mgr. 36. gr., heldur eign gerðarbeiðanda. Í reynd væri því að jafnaði ekki þörf fjárnáms af hendi gerðarbeiðanda í viðkomandi hlut, ef vanskil yrðu, heldur gæti hann haft uppi kröfu um afhendingu eignar sinnar með innsetningargerð. Gerðarbeiðanda væri þó þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara almennt einnig heimilt að leitast við að fá fullnustu kaupverðsins úr hendi gerðarþola og leiðir þá af 3. mgr. 43. gr. að fjárnám megi gera í viðkomandi hlut, án tillits til 1. eða 2. mgr. 43. gr.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. 44. gr. kemur sú meginregla fram, að fjárnám megi gera í kröfum gerðarþola á hendur öðrum, með þeim takmörkunum sem leiða af reglum 45.–48. gr. og fyrirmælum annarra laga. Með kröfum er í ákvæði þessu almennt átt við fjárkröfur, eða með öðrum orðum inneignir gerðarþola eða annars konar tilkall hans til greiðslu úr hendi annars. Af fyrirmælum 48. gr. kann þó að leiða, að hægt sé að gera fjárnám í kröfu gerðarþola um annað en peningagreiðslu, en þær aðstæður geta sjaldan átt við. Í 1. mgr. 44. gr. er tekið fram að fjárnám megi gera í kröfu, þótt hún sé skilyrt eða ógjaldfallin. Með þessu er áréttað að það skerði ekki rétt gerðarbeiðanda til fjárnáms í kröfu gerðarþola, þótt gjalddagi inneignar gerðarþola sé ókominn, greiðsla hennar sé háð ókomnu skilyrði eða umdeilanlegt sé hvort gerðarþoli eigi yfirleitt tilkall til viðkomandi greiðslu. Í þessum efnum verður þó að hafa þá reglu í huga, sem áður hefur verið nefnd í öðru samhengi, að gerðarbeiðandi öðlast almennt ekki víðtækari rétt með fjárnámi en gerðarþoli á sjálfur. Gerðarbeiðandi verður því almennt að hlíta óloknum greiðslufresti á kröfu, sem hann gerir fjárnám í, og hann verður að þola sömu andmæli gegn tilvist kröfunnar og gerðarþoli hefði annars þurft.

Í 1. mgr. 44. gr. er sem fyrr segir vísað til þeirrar takmörkunar á rétti gerðarbeiðanda til fjárnáms í kröfum gerðarþola, að reglur 45.–48. gr. og fyrirmæli annarra laga geti falið í sér bann við fjárnámi eða heimild handa gerðarþola til að undanþiggja viðkomandi verðmæti. Almenn fyrirmæli koma hins vegar fram í 2. mgr. 44. gr., sem hafa áhrif á umræddar takmarkanir að tvennu leyti. Er þar nánar tiltekið kveðið annars vegar á um að fjárnám megi gera í gjaldfallinni kröfu skv. 45.–48. gr., ef gerðarþoli bendir sjálfur á hana í því skyni. Reglur 45.–48. gr. eru í meginatriðum ætlaðar til að vernda hagsmuni gerðarþola og er því eðlilegt að honum sé sjálfum frjálst að afsala sér þeirri vernd. Á hinn bóginn gæti ótakmarkaður réttur gerðarþola í þessum efnum haft óviðunandi áhrif á réttindi þess, sem gerðarþoli á greiðslu í vændum frá. Gerðarþola kynni til dæmis að standa á sama hvort fjárnám yrði þegar gert í væntanlegum vinnulaunum hans á næstu mánuðum. Slík aðstaða gæti hins vegar stefnt hagsmunum þess í hættu, sem kæmi til með að greiða launin. Er af þessum sökum tekið fram í umræddri reglu, að gerðarþoli geti aðeins bent á verndaðar kröfur sínar, sem gjaldfallnar eru, en með þeim hætti yrðu hagsmunir gagnaðila gerðarþola almennt tryggðir. Hins vegar er tiltekið í 2. mgr. 44. gr., að fjárnám megi gera í kröfu, sem reglur 45.–48. gr. ná til, ef hún stendur til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola. Ef gerðarþoli hefði þannig veðsett gerðarbeiðanda kröfu sína samkvæmt nefndum ákvæðum, gæti gerðarbeiðandi fengið fjárnám í kröfunni án tillits til afstöðu gerðarþola, þegar til aðfarar kæmi. Gerðarbeiðandi yrði þannig ekki háður því að gerðarþoli

bendi á kröfu sína og hann þyrfti heldur ekki að hlíta óskum gerðarþola um að krafan verði undanþegin fjárnámi.

Í 3. mgr. 44. gr. kemur fram almenn regla um það, að hverju leyti fjárnám í kröfu taki til vaxta eða arðs af henni. Segir í reglu þessari að ef annað er ekki tekið fram, teljist fjárnámið taka til vaxta eða arðs, hvort sem ógreiddir vextir eða arður eigi rætur að rekja til tímabils, áður en fjárnám var gert, eða falli til eftir þann tíma. Víkja má hins vegar frá þessari reglu með ákvörðun við fjárnámsgerð.

Um 45. gr.

Í þessu ákvæði koma fram reglur, sem leggja bann við að fjárnám verði gert í kröfum um ógreidd laun eða annað endurgjald fyrir vinnu, kröfum um eftirlaun, kröfum um laun í uppsagnarfresti eða bótakröfum vegna slita ráðningarsamnings. Kröfum þessum er aðeins veitt vernd um tiltekinn tíma, frá því þær urðu til eða urðu gjaldkræfar. Er sú takmörkun komin til af því, að kröfur sem þessar njóta verndar vegna framfærsluþarfa gerðarþola. Ef krafa gerðarþola stendur inni hjá skuldara um einhvern tíma, eftir að unnt hefði verið að krefjast greiðslu hennar, er ljóst að framfærsluviðhorf geta ekki lengur réttlætt bann við fjárnámi í henni. Er og möguleiki á að of víðtæk vernd þessara krafna gæti verið misnotuð með málamyndagerningum af hálfu gerðarþola.

Fyrirmæli 1. mgr. varða ógreiddar kröfur gerðarþola um laun og annað endurgjald fyrir vinnu. Hér eru sömu hugtök notuð og í 1. tölul. 84. gr. laga nr. 3/1878 og er ætlast til að þau verði skýrð hér með sama hætti, en merking þeirra er orðin verulega afmörkuð af dómaframkvæmd um ívitnaða reglu. Kröfur þessar njóta verndar í einn mánuð frá lokum þess tímabils, sem unnið var til þeirra. Verndin er þannig ekki háð gjalddaga krafnanna, heldur vinnutímabili, en nauðsyn ber til þessarar leiðar til að fyrirbyggja samninga milli gerðarþola og launagreiðanda um óeðlilegan gjaldfrest hins síðarnefnda til að fyrirbyggja fullnustugerðir.

Í 2. mgr. er lagt bann við fjárnámi í kröfu gerðarþola um eftirlaun, en slík krafa nýtur verndar í einn mánuð frá gjalddaga hennar. Ekki verður séð að hér sé sama þörf á að miða verndartímabilið við önnur mörk en gjalddaga og getið var um reglu 1. mgr.

Í 3. mgr. er lagt bann við fjárnámi í kröfu gerðarþola um laun í uppsagnarfresti og bótakröfu hans vegna slita ráðningarsamnings, þar til einn mánuður er liðinn frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Hér ber að hafa í huga, að þótt fjárhæð bótakröfu af þeim toga, sem hér um ræðir, kunni að ráðast missi vinnutekna á vissu ókomnu tímabili, yrði hún allt að einu komin í heild í gjalddaga við slit ráðningarsamnings, og byrjar því sá mánuður, sem ekki má gera fjárnám í kröfunni, að líða á því tímamarki.

Um 46. gr.

Í þessu ákvæði er lagt bann við að fjárnám verði gert í kröfu gerðarþola um skaðabætur vegna örorkutjóns hans eða missis hans á framfæranda. Bann þetta tekur einnig til bótakrafna gerðarþola vegna ófjárhagslegs tjóns hans, sem kunna að tengjast umræddum kröfum. Vernd þessara krafna er háð því, að gerðarþoli sé sjálfur tjónþoli. Ef gerðarþoli hefur þannig fengið kröfu annars manns um bætur sem þessar framselda, má gera fjárnám í henni. Þessar kröfur gerðarþola njóta verndar frá því þær verða til og þar til greiðsla eða framsal hefur átt sér stað. Eftir greiðslu eða framsal er banni við fjárnámi skv. 46. gr. því aflétt, en hér ber að taka tillit til að bann getur eftir sem áður legið við fjárnámi í þeirri fjárhæð, sem greidd er gerðarþola eða sem hann hefur fengið við framsal, í skjóli reglu 2. tölul. 1. mgr. 41. gr.

Bann við fjárnámi í kröfum þessum styðst við ýmis rök. Kemur hér einkum til sama viðhorf og býr að baki ýmsum áðurlýstum reglum 6. kafla um sams konar hindranir við

fjárnámi, að fjármunir þessir eru ætlaðir til framfærslu gerðarþola á ókomnum tíma. Kröfur þessar eru einnig persónulegs eðlis og því óviðeigandi að lánardrottnar tjónþola geti haft áhrif á ákvörðun um hvort krafan verði höfð uppi eða um hverja bótafjárhæð yrði samið.

Finna má dæmi um ákvæði annarra laga, sem eru skyld reglu 46. gr. Má nefna í því sambandi 25. gr. laga nr. 43/1947, 123. gr. laga nr. 20/1954, 61. gr. laga nr. 67/1971 og 40. gr. laga nr. 35/1985.

Um 47. gr.

Reglur 47. gr. mæla fyrir um bann við fjárnámi í ýmiss konar kröfum gerðarþola um framfærslueyri, styrki og lífeyri. Bannið er í þessu tilviki enn stutt við áðurrakin sjónarmið um nauðsyn þess að varna að fjárnám verði gert í greiðslum, sem eru ætlaðar gerðarþola til framfærslu á ókomnu tímabili. Bann er við fjárnámi í kröfum gerðarþola skv. 47. gr., þar til einn mánuður er liðinn frá gjalddaga þeirra.

Í talningu 47. gr. er í fyrsta lagi mælt fyrir um bann við fjárnámi í kröfu um framfærslueyri eða meðlag. Hér er einungis átt við kröfur um slíkar greiðslur með gerðarþola sjálfum. Krafa hans um framfærslueyri eða meðlag með öðrum, sem hann annast um, félli því ekki hér undir. Skiptir ekki máli um tímamörk bannsins í þessu sambandi, hvort gjalddagi miðast við fyrirframgreiðslu eða greiðslu eftir á. Ef um fyrirframgreiðslu yrði að ræða, ber að huga að tengslum þessa ákvæðis við reglu 1. tölul. 1. mgr. 41. gr. Í öðru lagi eru taldar til kröfur um ýmis afbrigði greiðslna úr almannatryggingum eða frá öðrum sambærilegum opinberum stofnunum. Kröfur um slíkar greiðslur úr almannatryggingum eru einnig undanþegnar fjárnámi skv. 61. gr. laga nr. 67/1971. Í þriðja lagi er kveðið á um bann við fjárnámi í kröfu um greiðslu úr sjúkra- eða styrktarsjóðum verkalýðsfélaga, sem óþarft er að skýra frekar. Í fjórða lagi er mælt fyrir um bann við fjárnámi í kröfu um greiðslu úr viðurkenndum lífeyrissjóði. Með viðurkenndum lífeyrissjóði er hér átt við hið sama og í ákvæðum laga nr. 55/1980. Sú takmörkun kemur fram á banni við fjárnámi í kröfum sem þessum í 4. tölul. 47. gr., að það taki einungis til kröfu, sem á rætur að rekja eðlilegra iðgjaldagreiðslna í viðkomandi sjóð. Ef gerðarþoli á þannig kröfur um greiðslur úr lífeyrissjóði, sem hafa komið til á annan hátt en með iðgjaldagreiðslum eða með óeðlilega miklum iðgjaldagreiðslum, má gera fjárnám í þeim. Ýmis sérfyrirmæli má finna í lögum um bann við fjárnámi í greiðslukröfum eða öðrum réttindum á hendur lífeyrissjóði, t.d. í lögum nr. 64/1955, 29/1963, 16/1965, 49/1974 og 50/1984. Loks er í 5. tölul. 47. gr. kveðið á um bann við fjárnámi í kröfu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu, ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá aðför eða ef kveðið hefur verið á um undanþágu frá fjárnámi frá byrjun í samningi milli gerðarþola og viðsemjanda hans um tryggginguna.

Um 48. gr.

Í reglum þessa ákvæðis er mælt fyrir um heimildir til að gera fjárnám í réttindum gerðarþola samkvæmt gagnkvæmum samningi. Regla þessi er að orðalagi nokkuð frábrugðin núgildandi fyrirmælum 3. mgr. 28. gr. aðfararlaga um sama efni, en efni 48. gr. er í samræmi við þann skilning, sem lagður hefur verið í nefnt ákvæði aðfararlaga.

Fyrirmæli 48. gr. fela í sér reglu, sem væntanlega má telja gilda á grundvelli almennra reglna kröfuréttar án sérstakrar lögfestrar heimildar. Rétt þykir hins vegar að regla þessi komi hér berum orðum fram til áréttingar. Um skýringu hennar má hins vegar styðjast við umfjöllum um áðurgreindar reglur kröfuréttar.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir um að fjárnám verði ekki gert í persónubundnum réttindum, sem gerðarþoli má ekki framselja upp á sitt eindæmi, nema gerðarbeiðandi hafi áður fengið

tryggingu í þeim fyrir kröfu sinni. Regla þessi á rætur að rekja til hagsmuna þess, sem látið hefur gerðarþola viðkomandi réttindi í té. Henni er ætlað að taka til réttinda, sem gerðarþoli má ekki framselja án atbeina þess, sem þau hefur veitt. Réttindin þurfa að hafa verið veitt gerðarþola á þeirri forsendu, að hann njóti þeirra en ekki einhver annar. Hér geta einkum fallið undir tilvik, þar sem gerðarþoli hefur fengið réttindi eða hlunnindi án endurgjalds eða gegn litlu endurgjaldi vegna vinfengis eða ætternis eða af áþekkum ástæðum. Eins gætu komið hér til álita tilvik, þar sem áðurnefnd tengsl standa ekki milli gerðarþola og þess, sem veitt hefur honum réttindi, en hinn síðarnefnda skiptir þó meginmáli að gerðarþoli sé viðsemjandi hans en aðrir ekki. Að því leyti er nokkur skyldleiki milli þessa ákvæðis og reglu 48. gr.

Um 50. gr.

Í 29. gr. aðfararlaga er kveðið á um að ekki megi gera fjárnám í eign, sem samið hefur verið milli gerðarþola og annars manns um að verði undanþegin aðför. Lítið hefur reynt í framkvæmd á reglu þessa, sem að mestu var ætlað að taka til gjafagerninga með umræddum áskilnaði. Hún er hins vegar það víðtæk eftir orðanna hljóðan, að veruleg hætta getur verið á misnotkun hennar.

Í 50. gr. er lögð til regla, sem leysa ætti fyrrnefnda 29. gr. aðfararlaga af hólmi. Tekur regla þessi einungis til eigna, sem gefnar hafa verið gerðarþola með fyrirmælum í gjafagerningi um að þær verði undanþegnar aðför. Þau skilyrði eru að auki sett fyrir að eign verði undanþegin aðför af þessum sökum, að gerðarþola sé óheimilt að ráðstafa henni og að gjafagerningi með skýrum fyrirmælum um undanþáguna hafi verið þinglýst, ef um slíka eign er að tefla, að þörf sé þinglýsingar til að vernda réttindi gerðarþola. Er með þessum hætti leitast við að draga úr augljósri hættu á málamyndagerningum, sem boðið er upp á með jafnvíðtækri heimild og 29. gr. aðfararlaga geymir.

Í 2. mgr. 50. gr. kemur fram sérregla um þær aðstæður, að eign hafi að hluta verið gefin gerðarþola með umræddum áskilnaði, en hann hafi fengið eignina að öðru leyti gegn endurgjaldi. Ef svo er, tekur undanþága fyrri málsgreinarinnar einungis til þess hluta eða hlutfalls eignarinnar, sem gerðarþoli fékk að gjöf.

Í niðurlagi fyrri málsgreinar 50. gr. koma fram fyrirmæli um heimild til fjárnáms í arði af eign, sem gefin hefur verið gerðarþola með umræddum hætti. Er þar mælt fyrir um að fjárnám megi gera í arðinum, þegar mánuður er liðinn frá því hann varð gjaldkræfur. Er með þessu horft til þess, að ástæða gjafar sem þessarar getur oft verið viðleitni gefandans til að veita gerðarþola framfærslufé með arði af hinu gefna.

Um 51. gr.

Í 51. gr., sem er lokaákvæði 6. kafla, koma fram reglur um framkvæmd fjárnáms, sem snúa sérstaklega að andlagi þess.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður skuli færa nákvæmlega í gerðabók í hverjum eignum fjárnám hefur verið gert og fyrir hverjum kröfum. Er brýnt að skýrt komi fram í bókun hvert andlag fjárnáms hefur orðið, því að jafnaði þarf gerðarbeiðandi að færa sér gerðina í not til frekari fullnustuaðgerða, t.d. með vörslusviptingu af gerðarþola og nauðungarsölu. Hætt er við að fjárnámsgerð komi ekki að haldi til þeirra þarfa, ef tvímælis orkar hvert andlag slíkra aðgerða eigi að vera. Þá er enn fremur brýnt hagsmunaefni beggja eða allra málsaðila að ljóst sé bæði hver sú krafa gerðarbeiðandans hefur verið, sem fjárnám var gert fyrir, og til hverrar fjárhæðar það tekur nákvæmlega. Þessu til viðbótar er kveðið á um það í 1. mgr., að ef virðing hefur farið fram skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr., þá eigi virðingarverð hvers hlutar að koma fram við tilgreiningu hans í bókun sýslumanns.

Í 2. mgr. kemur fram regla, sem ekki á sér hliðstæðu í núgildandi lögum, en vænta má að hafi verulegt hagræði í för með sér. Regla þessi kveður á um að fjárnám megi gera í eign,

þótt hún sé utan marka umdæmis þess sýslumanns, sem framkvæmir gerðina. Hefur þetta í för með sér að ef fjárnám er til dæmis gert í fasteign í öðru umdæmis, er óþarfi að flytja framkvæmd gerðarinnar til viðkomandi umdæmis til að ljúka henni, en núgildandi reglur leiða til að það þurfi að gera. Þá er einnig vert að vekja athygli á að regla 2. mgr. er ekki bundin við að hina fjárnumdu eign sé að finna hér á landi, heldur heimilar hún sýslumanni að ljúka fjárnámi í hlut, sem staðsettur er erlendis. Þýðing þessarar heimildar takmarkast þó af því, að ekki er gefið að fjárnámsgerð, sem hefur fram farið hér á landi, komi að haldi til frekari fullnustuaðgerða erlendis. Frá heimildum 2. mgr. er þó gerð undantekning, sem tekur fyrir að sýslumaður geti lokið gerð með framangreindum hætti. Ef þörf er virðingar eignar skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr., liggur í hlutarins eðli að fara verður til skoðunar á þann stað, sem viðkomandi eign er að finna. Ef tilefni vaknar til virðingar, er að jafnaði óljóst á því stigi gerðar hvort fjárnám verði gert í eigninni vegna fyrirmæla 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 38. gr., og eftir atvikum 4. tölul. 2. mgr. 43. gr. Af þessum sökum þjónar ekki tilgangi að leitast við að ljúka gerð, hvort heldur til fulls eða með skemmri hætti, fyrr en virðing hefur átt sér stað. Er því óhjákvæmilegt að gerð verði fram haldið í viðkomandi umdæmi eftir reglu annarrar hvorrar málsgreinar 35. gr.

Í 3. mgr. kemur fram regla, sem tengist almennum fyrirmælum 4. mgr. 25. gr. um leiðbeiningar sýslumanns við gerðarþola. Er hér sérstaklega áréttað að sýslumaður leiðbeini gerðarþola eða málsvara hans um réttaráhrif fjárnáms. Hefur þetta verulega þýðingu, m.a. vegna reglu 1. mgr. 53. gr. og þeirrar refsi- eða skaðabótaábyrgðar, sem broti gegn henni gæti fylgt. Ef enginn hefur verið staddur við gerðina af hálfu gerðarþola, er kveðið á um það í síðari málslið 3. mgr. að sýslumanni beri að tilkynna gerðarþola um fjárnámið, ef vitað er hvar hann er niður kominn. Slíkri tilkynningu mætti koma á framfæri með ýmsum hætti, þótt vænta megi að það verði einkum gert bréflega. Rétt er að tilkynningu sem þessari sé komið á framfæri, svo fljótt sem verða má til að fyrirbyggja að gerðarþoli ráðstafi hinu fjárnumda í grandleysi um réttindi gerðarbeiðanda. Ætlast er til að réttaráhrifa fjárnáms sé getið í tilkynningu sem þessari, með sama hætti og gert hefði verið munnlega, ef gerðarþoli eða málsvari hans hefði verið staddur við gerðina.

Um 52. gr.

Í 52. gr., sem er fyrsta ákvæði 7. kafla frumvarpsins um réttaráhrif fjárnáms og vörslur hins fjárnumda, er að finna reglu um slit fyrningar aðfararhæfrar kröfu. Er kveðið á um að nægjanlegt sé til slita á fyrningu að aðfararbeiðni berist héraðsdómara, sbr. 11. gr., eða sýslumanni, sbr. 16. gr., áður en fyrningartímanum er lokið. Það skilyrði er þó sett að auki, að gerðinni þurfi að vera fram haldið án ástæðulauss dráttar.

Þeir atburðir, sem 52. gr. kveður á um að slíti fyrningu, eru að aðfararbeiðni berist annaðhvort dómara eða sýslumanni. Fyrningu verður því ekki slitið með þeim sérstöku undirbúningsathöfnum fjárnáms, sem reglur frumvarpsins mæla fyrir um, t.d. með greiðsluáskorunum skv. 7. eða 8. gr. Það nægir heldur ekki að aðfararbeiðni hafi verið send innan fyrningartíma, því hún þarf að minnsta kosti að vera komin á starfstöð eða í póstkassa héraðsdómara eða sýslumanns í tæka tíð, til að hún verði talin hafa borist.

Atvik kunna að vera með þeim hætti, að aðfararbeiðni hafi að vísu borist í framangreindum skilningi í tæka tíð, en annmarkar eru á henni eða aðfararheimildinni, eða beiðninni hefur til dæmis verið beint til rangs embættis. Afstaða er ekki tekin til þessara aðstæðna berum orðum í 52. gr., en svar felst þó í fyrirmælum ákvæðisins við því, hvort fyrningu sé slitið með þessum hætti. Því skilyrði 52. gr., að gerð sé fram haldið án ástæðulauss dráttar, verður ekki fullnægt nema unnt sé að afgreiða málefnið í beinu framhaldi af að beiðni hafi komið fram. Ef héraðsdómari synjar um áritun á gerðarbeiðni, sbr. 1. mgr. 13. gr., yrði gerðinni ekki fram haldið án ástæðulauss dráttar í þessum skilningi.

Hið sama á við, ef sýslumaður synjar um aðför, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr. Aðfararbeiðni yrði því ekki talin hafa borist með þeim hætti, að fyrningu verði slitið.

Það skilyrði, að gerð sé fram haldið án ástæðulauss dráttar, hefur ekki verulega sjálfstæða þýðingu að öðru leyti en áður er nefnt. Þetta skilyrði fyrirbyggir þó að fyrningu verði slitið, ef gerðarbeiðandi sinnir ekki málefninu með þeim hætti, sem almennt tíðkast, eftir að hún hefur borist héraðsdómara eða sýslumanni.

Í 12. gr. laga nr. 14/1905 er að finna reglu um slit fyrningar kröfu með fjárnámi, lögtaki eða nauðungaruppboði án undanfarandi dóms eða sáttar. Samkvæmt henni verður fyrningu slitið með því að gerð byrji innan fyrningartíma. Sérstakar reglur koma einnig fram um hver áhrif það hafi á fyrningu, ef gerð verður ekki framkvæmd vegna framkominna mótmæla eða ef æðri dómur fellir hana úr gildi. Ekki er lagt til í 99. gr. að þetta ákvæði falli brott, þótt efni þess sé í andstöðu við reglu 52. gr. og þá tilhögun, sem reglur frumvarpsins geyma almennt um framkvæmd aðfarar. Kemur það til af því, að regla 12. gr. laga nr. 14/1905 varðar einnig nauðungaruppboð og yrði afnám hennar þannig til þess, að engar settar reglur tækju til þess málefnis. Þess er hins vegar vænst að frumvarp til nýrra laga um nauðungarsölu verði komið fram áður en komið yrði að gildistökudegi skv. 99. gr. þessa frumvarps, og yrði þá unnt að taka endanlega afstöðu til formlegs brottfalls umræddrar 12. gr. eða til nýrrar reglu í hennar stað.

Um 53. gr.

Í fyrri málsgrein 53. gr. kemur sú regla fram, að gerðarþoli megi ekki ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, sem fari í bága við rétt gerðarbeiðanda. Þau réttindi gerðarbeiðanda, sem ákvæði þetta tekur til, koma að nokkru fram í síðari fyrirmælum 7. kafla, en að öðru leyti kemur til kasta annarra lagafyrirmæla og óskráðra reglna. Réttindi gerðarbeiðanda, sem hér hafa mesta þýðingu, eru þau tryggingarréttindi, sem hann öðlast almennt yfir hinu fjárnumda fyrir kröfu sinni, og fela bæði í sér heimild hans til að hinu fjárnumda verði komið í verð til fullnustu kröfu hans og að því verði ekki ráðstafað á einhvern hátt, sem fari í bága við þá hagsmuni hans. Regla 1. mgr. 53. gr. snýr einkum að banni við að gerðarþoli ráðstafi hlut í andstöðu við umrædd réttindi, en slíkt gæti bakað gerðarþola skaðabótaskyldu eða varðað refsingu.

Í síðari málsgrein 53. gr. kemur fram sérregla til að taka af tvímæli um að gerðarþola sé heimilt að nýta fylgifé með fasteign, skipi eða loftfari til eðlilegra nota eignarinnar, ef fjárnám hefur í senn verið gert í viðkomandi eign og fylgifénu. Með slíkri notkun gerðarþola ætti staða gerðarbeiðanda almennt ekki að rýrna, því fylgifé væri orðið hluti af sjálfri eigninni og verðmæti þess hefði að sama skapi færst þar á milli. Heimild gerðarþola til nýtingar fylgifjár er bundin því, að það sé notað til endurbóta á eða viðskeytingar við eign, sem gerðarbeiðandi á einnig fjárnám í. Má gerðarþoli því ekki nýta það í þágu annarrar eignar, sem gerðarbeiðandi á ekki réttindi yfir. Ef fjárnám hefur einungis verið gert í fylgifénu sem slíku samkvæmt heimild í undantekningarreglu 2. mgr. 42. gr., yrði gerðarþola hins vegar með öllu óheimil notkun þess, sbr. 1. mgr. 53. gr.

Um 54. gr.

Samkvæmt a-lið 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949 öðlast gerðarbeiðandi rétt á grundvelli fjárnáms eða lögtaks til að krefjast að hið fjárnumda verði selt á nauðungaruppboði. Eru aðfarargerðir því settar á bekk með öðrum uppboðsheimildum og gilda ekki almenn afbrigði um uppboð á grundvelli þeirra samkvæmt nefndum lögum.

Fyrirhugað er að innan tíðar verði gert frumvarp til laga, sem ætlað verður að leysa lög nr. 57/1949 af hólmi. Má reikna með tillögum um umtalsverðar breytingar á möguleikum til að koma eignum í verð með nauðungarsölu. Reglur þessa frumvarps bera nokkurn keim af

þeim ráðagerðum, svo sem sést af þeirri hugtakanotkun, að ekki er vikið að nauðungaruppboðum í reglum þess, heldur nauðungarsölu. Ýmsar reglur eru sniðnar gagngert að því, að fleiri ráðstöfunarmöguleikar geti staðið til boða en uppboðssala. Regla 54. gr. er þessu marki brennd, en hún snýr að sérstökum atriðum varðandi rétt fjárnámshafa til að koma fram nauðungarsölu eða annarri lögmætri ráðstöfun á hinu fjárnumda. Fyrirmæli 54. gr. eru hins vegar ekki fremur en önnur ákvæði frumvarpsins háð því, að ný löggjöf verði sett um nauðungarsölu, heldur geta þau farið saman við núgildandi reglur laga nr. 57/1949.

Í 1. mgr. er lögð til regla, sem ekki á sér hliðstæðu í núgildandi lögum, en samkvæmt henni yrði ekki heimilt að selja hið fjárnumda að kröfu gerðarbeiðanda fyrr en að fjórum vikum liðnum frá fjárnámi, nema eigandi þess samþykki. Regla þessi er einkum lögð til með hliðsjón af tvennu. Annars vegar er vert að lögbinda sérstakan frest fyrir gerðarþola eða annan eiganda fjárnuminna muna til að reyna að varna nauðungarsölu með greiðslu eða samningum við gerðarbeiðanda. Án slíkrar reglu væri unnt að fá hið fjárnumda selt þegar í stað, eins og nú gildir. Hins vegar er þörf sérstakra reglna um möguleika gerðarþola eða eiganda hins fjárnumda til að hnekkja fjárnámi, ef með þarf, áður en nauðungarsala getur átt sér stað. Þessi þörf kemur um margt til af þeirri skipan frumvarpsins, að stjórnvöld fari með framkvæmd aðfarar án dómsvalds. Er þannig að finna reglur í síðari málsgreinum 54. gr. um að krafa um úrlausn héraðsdómara um fjárnám geti um sinn girt fyrir heimild gerðarbeiðanda til að koma fram nauðungarsölu. Þær reglur þarfnast þess að mælt sé fyrir um tímabil, þar sem gerðarþoli getur undirbúið dómsmál af sinni hendi án þess að hætta sé á að nauðungarsölu verði komið við áður en þeim undirbúningi lýkur. Sá frestur, sem regla 2. mgr. 54. gr. veitir gerðarþola í þessu skyni, er hinn sami og 1. mgr. kveður á um, eða fjórar vikur frá því fjárnám var gert.

Regla 1. mgr. girðir ekki fyrir að gerðarbeiðandi setji fram kröfu um nauðungarsölu eða undirbúi hana á annan hátt á umræddum fjórum vikum. Hún girðir einungis fyrir að gerðarbeiðandi fái eignina selda á þeim tíma og hefur því heldur ekki áhrif á að aðrir en gerðarbeiðandi geti komið sölunni fram innan frestsins. Gerðarþoli eða eigandi hins fjárnumda, ef hann er annar, getur afsalað sér fresti skv. 1. mgr., ef honum sýnist svo. Slík yfirlýsing hans mundi því heimila gerðarbeiðanda að koma sölu fram án tillits til frestsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það, að ef gerðarþoli eða þriðji maður, sem hagsmuni hefur af gerðinni, ber ágreining um hana undir héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því henni lauk, þá geti gerðarbeiðandi ekki komið fram nauðungarsölu meðan mál er rekið, að því leyti sem ágreiningur er um gerðina. Ef litið er nánar til einstakra atriða þessa ákvæðis, ber í fyrsta lagi að árétta að þriðji maður getur eins og gerðarþoli haft uppi kröfu um úrlausn héraðsdómara, sem hefði umrædd áhrif í för með sér. Sömu skilyrði ættu hér við um heimild þriðja manns til afskipta af gerðinni og áður voru rakin varðandi 28. gr. Þess er ekki krafist hér, að þriðji maður hafi mætt við gerðina sjálfa, til að hann njóti þessarar heimildar, heldur nægir að hann gefi sig fyrst fram við héraðsdómara að henni lokinni, eins og sést af 1. mgr. 92. gr. Hér er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, að gerðarbeiðandi girði fyrir heimild sjálfs sín til nauðungarsölu með því að bera gerðina undir héraðsdóm, en ef það yrði gert að hluta, nyti gerðarbeiðandi eftir sem áður heimildar til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli óumdeildra atriða gerðarinnar, eins og nánar er vikið að hér á eftir. Í öðru lagi ber að nefna, að málsaðili telst hafa borið ágreining undir héraðsdómara í skilningi 2. mgr., þegar tilkynning hans þar um berst héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 93. gr. Í þriðja lagi segir í 2. mgr., að rekstur máls fyrir dómi fyrirbyggi nauðungarsölu, að því leyti sem ágreiningur er um gerðina. Ef krafa lýtur að því að gerðin verði felld niður í heild, tekur ágreiningur til gerðarinnar allrar og verður sölu því að engu leyti komið fram. Ef hins vegar væri aðeins deilt til dæmis um hvort einn þriggja muna hafi réttilega verið tekinn fjárnámi, gæti gerðarbeiðandi komið fram sölu hinna tveggja, ef honum sýndist svo.

Regla 3. mgr. kveður á um áhrif rekstrar ágreiningsmáls um fjárnámsgerð fyrir héraðsdómi, ef málið er ekki borið undir dómara fyrr en að liðnum fjögurra vikna fresti skv. 1. og 2. mgr. Samkvæmt 3. mgr. stöðvast aðgerðir við nauðungarsölu af þessu tilefni, að því leyti sem þær hafa byrjað. Rekstur ágreiningsmáls hefði hins vegar ekki áhrif á gildi ráðstafana, sem gerðarbeiðandi hefði áður gripið til vegna nauðungarsölunnar, t.d. með vörslusviptingu hins fjárnumda.

Í 4. mgr. 54. gr. kemur fram heimild handa gerðarbeiðanda til að afla sérstaks úrskurðar héraðsdómara um að rekstur ágreiningsmáls stöðvi ekki nauðungarsölu, þrátt fyrir fyrirmæli 2. eða 3. mgr. Slíks úrskurðar yrði aflað í aukamáli undir rekstri þess ágreiningsmáls, sem að gerðinni lýtur. 4. mgr. 54. gr. telur engin atriði, sem hafa mætti til hliðsjónar við mat á því, hvort taka ætti kröfu sem þessa til greina. Það má hins vegar vera ljóst, þegar vegna þess að reglan felur í sér frávik frá undanfarandi meginreglum um vernd réttinda gerðarþola, að heimild 4. mgr. verður að beita af varfærni. Helst gæti heimild skv. 4. mgr. komið til álita, ef gerðarþoli eða þriðji maður dregur mál óeðlilega á langinn fyrir héraðsdómi og málatilbúnaður hans ber þess áberandi vott, að hann reki málið til þess eins að verða sér úti um frest á nauðungarsölu. Úrlausn sem þessi gæti þó hugsanlega einnig átt við, ef skiptar skoðanir væru milli málsaðila um það, hvort ágreiningur þeirra hafi áhrif á *tiltekin atriði gerðarinnar* eða ekki.

Um 55. gr.

Hér koma fram reglur um áhrif fjárnáms, sem gert er í peningum. Samkvæmt þeim ber sýslumanni að jafnaði að afhenda gerðarbeiðanda *hið fjárnumda þegar í stað* og telst hann þá hafa fengið greiðslu sem því nemur. Reglur þessar fela hins vegar í sér, að ef mótmæli koma fram við framkvæmd gerðarinnar af hendi gerðarþola eða þriðja manns, er sýslumanni rétt að taka peningana úr vörslum gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og varðveita þá á sérgreindum bankareikningi, þar til fjórar vikur eru liðnar frá gerðinni. Hafi gerðarþoli eða þriðji maður ekki krafist úrlausnar héraðsdómara innan nefnds tíma, afhendir sýslumaður gerðarbeiðanda féð ásamt vöxtum, og telst greiðsla þá eiga sér stað á kröfunni sem því nemur. Ef úrlausnar héraðsdómara er hins vegar krafist innan umræddra fjögurra vikna eða annars áður en sýslumaður greiðir gerðarbeiðanda féð, ber sýslumanni að varðveita féð áfram með sama hætti, þar til máli lýkur fyrir héraðsdómi. Féð yrði þá afhent í samræmi við niðurstöðu dómsmáls.

Af framangreindu er ljóst, að regla 55. gr. ætti almennt ekki við, nema mótmæli hafi komið fram af hálfu gerðarþola eða þriðja manns við framkvæmd fjárnámsins. Eins og orðalagi ákvæðisins er háttað, er þó ekki útilokað að gerðarbeiðandi geti sjálfur óskað eftir að sýslumaður varðveiti fjárnumda peninga með framangreindum hætti, þótt engin mótmæli hafi komið fram meðan á gerðinni stóð. Þótt ósennilegt sé að til þess geti komið, kann að vera að gerðarbeiðandi telji veruleg líkindi fyrir að til ágreiningsmáls komi um gerðina, og því heppilegra að féð verði varðveitt að hætti ákvæðisins, þar til það kemur í ljós.

Reglur 55. gr. eru byggðar á þeim viðhorfum, að rétti gerðarþola eða þriðja manns geti verið stefnt í hættu, ef gerðarbeiðandi fær fullnustu kröfu sinnar þegar við fjárnám með greiðslu peninga, án tillits til mótmæla gegn gerðinni. Fjárnám í peningum nýtur þeirrar sérstöðu, að ekki er þörf sérstakra áframhaldandi aðgerða til að gerðarbeiðandi fái endanlega fullnustu, t.d. með nauðungarsölu. Ef fjárnám er hins vegar gert í öðrum eignum en peningum, nýtur gerðarþoli eða þriðji maður verndar af reglum 54. gr., þannig að endanleg ráðstöfun hins fjárnumda á sér að jafnaði ekki stað fyrr en að fenginni dómsúrlausn, ef með þarf. Markmið 55. gr. er að gera gerðarþola eða þriðja mann eins settan í þessum efnum, þótt fjárnám hafi verið gert í peningum.

Ætlast er til að hugtakið „peningar“ í 55. gr. verði skýrt með sama hætti og áður hefur verið gerð grein fyrir í athugasemdum við 41. gr.

Um 56. gr.

Í 56. gr. koma fram reglur um hver eigi rétt til að fara með umráð fasteignar, skrásetts skips, loftfars eða lausafjár, sem fjárnám hefur verið gert í. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins, en samkvæmt henni á gerðarþoli rétt á að hafa umráð hins fjárnumda, þar til nauðsyn ber til annars vegna nauðungarsölu þess.

Í tengslum við framangreinda reglu er gert ráð fyrir þeirri frambúðarskipan varðandi svonefndar vörslusviptingar, að þær aðgerðir fari að jafnaði fram í tengslum við nauðungarsölu og fyrir atbeina þess, sem með hana fer, eins og heimild er reyndar þegar fyrir í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1949, sem virðist þó ekki vera nýtt í framkvæmd. Vörslusviptingar ættu því almennt ekki að tengjast fjárnámsgerðinni sem slíkri, eins og nú tíðkast á grundvelli fyrirmæla aðfararlaga. Sú leið, sem hér er stefnt að, verður að teljast hafa marga kosti umfram þá, sem nú ríkir. Núgildandi reglur veita gerðarþola til dæmis enga tryggingu fyrir að eign, sem tekin hefur verið úr vörslum hans, verði seld innan hæfilegs tíma á uppboði. Að auki stendur vörslusviptingin sem slík eftir eðli sínu í nánari tengslum við sölu eignar heldur en við fjárnámsgerðina, sem hefur það meginmarkmið að veita gerðarbeiðanda tryggingu fyrir kröfu með veðréttindum í eign gerðarþola, ef peningar finnast ekki til fullnustu. Þótt sú skipan komist á, sem hér um ræðir, er allt að einu nauðsynlegt að heimildir standi til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda þegar við fjárnámsgerð eða við endurupptöku hennar, ef hætta er á að hann muni spilla hagsmunum gerðarbeiðanda verulega að óbreyttum umráðum. Af þeim sökum eru lagðar til sérstakar heimildir handa sýslumanni í 56.–58. gr. til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Þessar heimildir ber þó að skoða í ljósi þess, sem hér á undan kemur fram, þannig að ekki er ætlast til að þeim verði beitt, ef sá tími er kominn að gerðarbeiðandi geti komið fram nauðungarsölu hins fjárnumda og fengið vörslusviptingu í tengslum við þá aðgerð, sbr. 1. tölul. 66. gr.

Fyrirmæli 2. mgr. 56. gr. heimila að svipta gerðarþola umráðum fasteignar, skrásetts skips eða loftfars, sem fjárnám hefur verið gert í, ef gerðarbeiðandi krefst þess og sýnt þykir að brýn hætta sé á spjöllum eða rýrnun eignarinnar að óbreyttum umráðum eða að þau muni torvelda nauðungarsölu hennar verulega. Sú takmörkun er þó gerð á þessari heimild, að ekki megi svipta gerðarþola umráðum húsnæðis, sem hann heldur heimili í. Ef skilyrði eru fyrir umráðasviptingu sem þessari, fær gerðarbeiðandi ekki umráð eignarinnar, heldur annar maður, sem sýslumaður felur sérstaklega að fara með þau. Umráðasvipting sem þessi er aðgerð, sem ekki verður gripið til nema af brýnni nauðsyn, eins og ráða má af orðalagi skilyrða hennar í 2. mgr. 56. gr.

Í 3. mgr. 56. gr. er heimild handa gerðarbeiðanda að krefjast, án tengsla við væntanlega nauðungarsölu, að honum verði fengnar vörslur lausafjár, sem fjárnám hefur verið gert í. Skilyrði þess, að þetta verði gert, eru til muna vægari en í 2. mgr. 56. gr. Nægir hér að ástæða þyki vera til að óttast að vörslur gerðarþola muni leiða til spjalla eða rýrnunar á hinu fjárnumda, eða að þær muni torvelda nauðungarsölu verulega. Gert er ráð fyrir að gerðarbeiðandi fái vörslur hins fjárnumda, ef skilyrðum vörslusviptingar er fullnægt.

Um 57. gr.

Í 57. gr. koma fram sérstakar reglur um réttarstöðu málsaðila, ef fjárnám hefur verið gert í kröfu gerðarþola á hendur öðrum.

Í 1. mgr. 57. gr. kemur fram óskilyrt heimild til að taka verðbréf og skilríki fyrir öðrum kröfum úr vörslum gerðarþola, ef gerðarbeiðandi krefst. Fyrirmæli þessi taka ekki af skarið um hver skuli taka við vörslunum, en þar gæti hvort sem er verið um sýslumann eða gerðarbeiðanda að ræða. Vörslutaka sem þessi getur verið nauðsynlegt öryggisúrræði fyrir gerðar-

beiðanda til að tryggja rétt sinn samkvæmt fjárnámi, þótt úrræði skv. 2. mgr. ákvæðisins eða áritun viðskiptabréfs um fjárnám geti komið að haldi í þeim efnum.

Reglur 2. og 3. mgr. 57. gr. kveða á um leiðir til að koma í veg fyrir að skuldari kröfu geti leyst sig undan skuldbindingu sinni með greiðslu til gerðarþola, enda er markmið fjárnámsins við þessar aðstæður að greiðslan komi að notum til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda. Í þessu skyni er kveðið á um það almenna úrræði gerðarbeiðanda í 2. mgr., að hann tilkynni skuldaranum um fjárnámið. Ef um viðskiptabréf er að ræða, verður gerðarbeiðandi að auki ýmist að hlutast til um að það verði tekið úr vörslum gerðarþola eða að það verði áritað um fjárnámið. Ef þessa er gætt, getur skuldarinn almennt ekki greitt gerðarþola, svo bindandi verði fyrir gerðarbeiðanda, svo sem fram kemur í 3. mgr.

Þótt gerðarbeiðandi gæti þeirra ráðstafana, sem 2. og 3. mgr. fela í sér, hefur hann allt að einu ekki öðlast rétt til að krefja skuldarann um greiðslu kröfunnar. Er þar um sömu stöðu að ræða og eftir núgildandi lögum. Fjárnám veitir gerðarbeiðanda aðeins tryggingarrétt í kröfu gerðarþola á hendur öðrum. Til að fá greiðslu verður gerðarbeiðandi almennt að hlutast til um að kröfunni verði komið í verð og fá andvirðið í sinn hlut. Samkvæmt núgildandi reglum laga nr. 57/1949 er meginleiðin í þessum efnum að krafa verði seld á nauðungaruppboði, en þó er einnig að finna sérstakar heimildir til innheimtu kröfu fyrir atbeina uppboðshaldara, sbr. 49. gr. laganna.

Í 4. mgr. 57. gr. kemur fram regla, sem ætluð er til að mæta þörfum gerðarbeiðanda og eftir atvikum einnig skuldara kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, meðan henni hefur ekki verið komið í verð með framangreindum hætti. Þar sem gerðarbeiðandi getur ekki sjálfur krafið skuldarann um greiðslu á þessu stigi, heimilar 4. mgr. að fjárnámsgerð verði endurupptekin, ef greiðsla stendur til boða, og að sýslumaður geri fjárnám í henni samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Farið yrði með greiðsluna eftir sömu reglum og gilda, þegar fjárnám er gert í peningum, sbr. 55. gr.

Um 58. gr.

Í ákvæði þessu koma fram reglur um takmörkun heimilda gerðarbeiðanda til að knýja fram umráðasviptingu skv. 56. gr., ef ágreiningur er uppi um fjárnámsgerð.

Í fyrri málsgrein 58. gr. kemur fram regla um þá aðstöðu, að gerðarþoli eða þriðji maður lýsi yfir við fjárnámsgerð að hann muni leita úrlausnar héraðsdómara um hana. Getur gerðarbeiðandi þá ekki náð fram umráðasviptingu skv. 56. gr. fyrr en að liðnum fjórum vikum frá því fjárnámið var gert, nema hann setji næga tryggingu að mati sýslumanns fyrir tjóni, sem hún kann að leiða til. Hér er líkt og í hliðstæðum tilvikum í reglum frumvarpsins gert ráð fyrir að sýslumaður meti fjárhæð tryggingar eftir svipuðum sjónarmiðum og gilda um tryggingu samkvæmt reglum laga um kyrrsetningu og lögbann, og að form tryggingar verði einnig með samsvarandi hætti.

Í síðari málsgrein 58. gr. koma fram reglur um sömu skilyrði fyrir umráðasviptingu og í 1. mgr., ef gerðarþoli eða þriðji maður hefur krafist úrlausnar héraðsdómara um ágreining um gerðina áður en gerðarbeiðandi krefst umráðasviptingar. Regla þessi á því aðeins við, að krafa gerðarþola eða þriðja manns hafi þegar borist héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 93. gr. Ef því skilyrði er fullnægt, getur gerðarbeiðandi ekki komið fram umráðasviptingu án tryggingar, meðan ágreiningsmál hefur ekki verið leitt til lykta fyrir héraðsdómi. Í niðurlagi 2. mgr. 58. gr. er tekið fram til áréttingar, að rekstur ágreiningsmáls fyrir dómi haggi ekki gildi umráðasviptingar, sem hefur farið fram áður en úrlausnar héraðsdómara var krafist.

Um 59. gr.

Í þessu ákvæði koma fram fyrirmæli um þá aðstöðu, að lögmæt umráð þriðja manns yfir hinu fjárnumda komi í veg fyrir vörslu- eða umráðatöku skv. 55.–58. gr. Veitir ákvæðið

gerðarbeiðanda ekki sérstaka heimild til að krefjast að hið fjárnumda verði tekið úr vörslum þriðja manns, en hann getur tryggt rétt sinn gagnvart gerðarþola og umráðamanninum með því að tilkynna þeim síðarnefnda um fjárnámið og eftir atvikum að láta fylgja endurrit úr gerðabók til sönnunar um það.

Um 60. gr.

Í fyrri málsgrein 60. gr. kemur fram regla um að fjárnám í lausafé eða kröfu falli niður, ef krafa um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda hefur ekki borist héraðsdómara innan eins árs frá því fjárnám var gert. Regla þessi, sem á sér nokkra fyrirmynd í 4. mgr. 526. gr. danskra réttarfarslaga, felur í sér verulega breytingu frá fyrirmælum 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga, sem varða réttindi fjárnámshafa í lausafé.

Samkvæmt 1. mgr. 60. gr. verður krafa gerðarbeiðanda um nauðungarsölu á hinu fjárnumda að hafa borist héraðsdómara innan árs frá því fjárnámi var lokið. Um það, hvenær krafa telst hafa borist héraðsdómara í þessum skilningi, má vísa til umfjöllunar um sama efni í athugasemdum við 52. gr. Ef kröfu um nauðungarsölu er ekki komið fram í tæka tíð, hefur það í för með sér að fjárnámið fellur með öllu niður. Hér missir gerðarbeiðandi því ekki aðeins stöðu sína gagnvart síðari fjárnámshöfum eða þrotabúi gerðarþola, eins og 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga hefur í för með sér, heldur fellur tryggingarréttur hans samkvæmt fjárnáminu niður og öll önnur réttindi hans samkvæmt því. Vörslusvipting á hinu fjárnumda veitir gerðarbeiðanda engin aukin réttindi samkvæmt ákvæðinu, þótt hún hafi átt sér stað innan árs frá lokum fjárnámsgerðar, andstætt því, sem nefnd regla aðfararlaga kveður á um.

Með því að 1. mgr. 60. gr. leiðir til að fjárnám falli sjálfkrafa niður, þarf gerðarþoli almennt ekki að grípa til neinna sérstakra ráðstafana til að áhrifa þess gæti ekki meir. Hafi fjárnámsgerð verið þinglýst, yrði gerðarþoli þó í eigin þágu að hlutast til um að fá réttindi gerðarbeiðanda afmáð. Ef gerðarbeiðandi hefur náð fram vörslusviptingu á hinu fjárnumda, á gerðarþoli rétt á að fá það aftur, en hann getur þurft að leita atbeina dómstóla til að fylgja þeim rétti fram.

Í 2. mgr. 60. gr. er kveðið á um sérstaka undantekningu frá fyrirmælum 1. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt henni glatar gerðarbeiðandi ekki rétti samkvæmt fjárnámi, þótt ár líði frá lokum gerðar án þess að krafa berist frá honum um nauðungarsölu, ef ágreiningsmál hefur verið rekið um fjárnámsgerðina eða þriðji maður hefur haft lögmæt umráð hins fjárnumda. Til að halda rétti sínum við þessar aðstæður, verður gerðarbeiðandi þó að koma fram kröfu um nauðungarsölu innan þriggja mánaða frá því endanleg dómsúrlausn gekk í ágreiningsmáli eða umráðaheimild þriðja manns lauk. Rétt er að taka fram í þessu sambandi, að ef hindrun fyrir nauðungarsölu af þeim toga, sem hér um ræðir, var úr vegi innan skamms tíma frá því fjárnám var gert, breytir regla 2. mgr. 60. gr. því ekki, að gerðarbeiðandi heldur rétti sínum í eitt ár á grundvelli fyrri málsgreinar ákvæðisins. Ef hindruninni er hins vegar fyrst aflétt, þegar minna er orðið eftir af ársfrestinum en þrír mánuðir, á gerðarbeiðandi ávallt þriggja mánaða frest samkvæmt reglu 2. mgr. 60. gr. til að halda rétti sínum við.

Um 61. gr.

Í reglu þessari koma fram almenn fyrirmæli um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi, sem þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 62.–64. gr.

Í ákvæðum þessum koma fram sérstakar reglur um árangurslaus fjárnám, en fjárnám telst árangurslaust í þessum skilningi, ef eignir koma ekki fram við gerðina, sem nægja til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda.

Þau atvik, að nægilegar eignir komi ekki fram við fjárnám, geta komið til af þeirri augljósu ástæðu, að gerðarþoli sé eignalaus. Annað getur þó komið til, því ef gerðarþoli mætir ekki við fjárnám eða málsvari hans, er ekki sjálfgefið að gerðarbeiðandi búi yfir vitneskju um eignir gerðarþola, sem fjárnám má gera í. Við þær aðstæður má með vissum hætti segja, að eignir komi ekki fram við gerðina. Í reglum 62. gr. eru hins vegar lagðar verulegar hömlur við að upplýsingaskortur geti leitt til að fjárnámi verði lokið án árangurs. Þau málalok koma að jafnaði því aðeins til greina samkvæmt reglu þessari, að náðst hafi til gerðarþola eða málsvara hans, sem í reynd jafngildir því, að fjárnámi verður ekki almennt lokið án árangurs nema vegna frásagnar gerðarþola um eignaleysi. Frá þessu kemur þó fram undantekning í niðurlagi 62. gr., sem heimilar þessi málalok, ef gerðarþoli finnst ekki eða neinn, sem getur tekið málstað hans.

Þau skilyrði 62. gr., sem hér hafa verið rakin, fela í sér verulega breytingu frá núgildandi reglum. Aðfararlög kveða að vísu ekkert á um árangurslausa gerð, en í framkvæmd hefur verið staðið þannig að verki, að gerðarbeiðandi ræður því í reynd hvort gerð verði lokið með þessum hætti, ef ekki næst til gerðarþola og ekki er kunnugt um eign, sem fjárnám má gera í. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er vikið að rökum fyrir þeirri breytingu, sem 62. gr. leggur til í þessum efnum, og skal vísað hér til þeirrar umfjöllunar.

Í 63. gr. kemur fram sérregla um þá aðstöðu, að eign komi að vísu fram við fjárnám, en líkindi þykja fyrir að hún nægi ekki til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Þrír kostir koma almennt til greina, þegar svo stendur á. Gerðarbeiðandi getur fengið fjárnám í eigninni án frekara tillits að svo stöddu til hvort eignin muni nægja. Á það yrði síðan reynt með nauðungarsölu, hversu langt andvirði hennar hrekkur, og ef það reyndist ekki nægja, gæti gerðarbeiðandi fengið gerðina endurupptekna til að leita frekari trygginga, sbr. 5. tölul. 66. gr. Í annan stað gæti gerðarbeiðandi kosið að fá fjárnám í eigninni, svo langt sem hún nær, en að gerð verði að öðru leyti árangurslaus, ef frekari eignir eru ekki fyrir hendi. Í þriðja lagi gæti gerðarbeiðandi með öllu hafnað fjárnámi í eigninni og látið ljúka gerðinni án nokkurs árangurs. Regla 63. gr. tekur til tveggja síðastnefndra möguleika. Ef bent hefur verið á eign til fjárnáms, en gerðarbeiðandi vill ljúka gerð án árangurs, hvort sem það er að nokkru eða öllu, kveður 63. gr. á um það skilyrði þeirra málaloka, að virðing fari fram á eigninni skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. til að staðreyna árangursleysi. Þetta skilyrði er sett til að tryggja að hagsmunir gerðarþola verði ekki fyrir borð bornir í þessum efnum.

Í 64. gr. koma fram sérreglur um öflun upplýsinga í tengslum við fjárnámsgerð, en þeim verður aðeins beitt, ef skilyrðum 62. og eftir atvikum 63. gr. er fullnægt til að ljúka fjárnámi að nokkru leyti eða öllu án árangurs. Ákvæði 64. gr. heimila sýslumanni, samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, bæði að taka við skýrslum annarra en gerðarþola, ef þeir búa yfir vitneskju um eign hans og eru viljugir til að gefa skýrslu að ósk gerðarbeiðanda, og að leita svara opinberra stofnana, annarra stjórnvalda, viðskiptabanka eða sparisjóða um tilvist tiltekinnar eignar gerðarþola. Aðgerðir þessar koma aðeins til greina, ef gerðarbeiðandi getur rökstutt að gerðarþola kunni að tilheyra ákveðin eign, sem fæst ekki staðfest við gerðina. Hér ber að leggja áherslu á, að ekki nægir að gerðarbeiðandi telji víst að gerðarþoli hljóti að eiga einhverjar ótilteknar eignir, heldur verður hann að afmarka nánar tegund eignarinnar og færa rök fyrir grun sínum um tilvist hennar. Ef þessu er fullnægt, skiptir ekki höfuðmáli hver tilsvör gerðarþola eða málsvara hans yrðu, hvort hann neiti að viðkomandi eign sé til eða færist undan að svara. Við þessar aðstæður gæti þó einnig komið til álita að beita úrræðum 29. gr., ef gerðarbeiðandi krefst, hvort heldur einum sér eða samhliða upplýsingaöflun skv. 64. gr.

Skýrslur að hætti 1. tölul. 1. mgr. 64. gr. verða ekki teknar nema með vilja þess, sem hlut á að máli. Ákvæðið heimilar ekki sýslumanni að skylda viðkomandi til svara. Eins og

orðalag þessarar reglu gefur til kynna, er ekki ætlast til að sýslumaður boði viðkomandi til skýrslugjafar, heldur er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi hlutist til um að skýrslugjafinn gefi sig fram við sýslumann í þessu skyni. Í 2. tölul. 1. mgr. 64. gr. er á hinn bóginn gert ráð fyrir að sýslumaður afli sjálfur upplýsinga frá þeim, sem þar eru taldir, ef gerðarbeiðandi krefst. Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. er þessum aðilum skylt að veita umbeðnar upplýsingar, að því marki sem þær varða efnahag gerðarþola.

Um 65. gr.

Í ákvæðum 65.–68. gr. koma fram fyrirmæli um endurupptöku fjárnámsgerðar, sem áður hefur verið lokið, bæði um skilyrði endurupptöku og um framkvæmd hennar. Í 65. gr. er fjallað um þau tilvik, þar sem skylt er að endurupptaka gerð, en reglur 66. og 67. gr. fela að mestu í sér heimildir til endurupptöku, annars vegar að kröfu gerðarbeiðanda og hins vegar að kröfu gerðarþola eða þriðja manns.

Í fyrri málsgrein 65. gr. er kveðið á um skyldu sýslumanns til að endurupptaka gerð, ef allir málsaðilar eru sammála um það. Málaleitan sem þessi getur komið til af margvíslegum ástæðum, t.d. ef málsaðilar eru sammála um að eign verði leyst undan fjárnámi og önnur tekin í hennar stað.

Í síðari málsgrein 65. gr. er mælt fyrir um rétt málsaðila, eins eða fleiri, til að fá gerð endurupptekna, ef úrlausn héraðsdómara eða æðra dóms hefur verið fengin um ágreining um gerðina, sbr. reglur 15. kafla, og málalok fela í sér að gerðinni skuli breytt með ákveðnum hætti. Úrlausn héraðsdómara eða æðra dóms við þessar aðstæður gæti hvort heldur falið í sér að gerðin í heild falli niður eða staðfestingu á réttmæti kröfu málsaðila um tiltekna breytingu á henni. Endurupptöku væri almennt ekki þörf í fyrra tilvikinu, því dómsúrlausnin ein út af fyrir sig yrði nægjanleg til að afmá öll réttindi gerðarbeiðanda á grundvelli fjárnáms. Í síðara tilvikinu er hins vegar almennt að finna tilefni til endurupptöku, því dómsúrlausn gæfi fyrirmæli um að rétt sé að breyta gerðinni á ákveðinn veg. Slík breyting kæmi ekki til af sjálfu sér við það eitt, að dómsúrlausn hafi gengið um réttmæti kröfu um hana. Fjárnámsgerðinni sem slíkri yrði að breyta til samræmis við úrlausnina með endurupptöku. Sýslumaður tæki ekki upp gerðina af sjálfsdáðum við þessar aðstæður, heldur yrði krafa um endurupptöku að koma fram frá málsaðila.

Um 66. gr.

Hér eru talin upp þau tilvik, þar sem gerðarbeiðanda er heimilt að krefjast endurupptöku fjárnámsgerðar.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um heimild til endurupptöku, ef gerðarþoli hefur haldið umráðum hins fjárnumda eftir meginreglu 1. mgr. 56. gr., en gerðarbeiðandi telur síðar tilkomin atvik leiða til nauðsynjar umráðasviptingar samkvæmt reglum 55.–58. gr. Það er skilyrði fyrir endurupptöku í þessu skyni, að ekki sé komið að því að gerðarbeiðandi geti krafist nauðungarsölu eða annarrar lögmætrar ráðstöfunar hins fjárnumda vegna reglna 54. gr. Þetta skilyrði er sett af tilliti til þess, sem getið var í athugasemdum við 56. gr., að frumvarpið byggir á því meginviðhorfi að umráða- eða vörslusviptingar fari ekki fram í tengslum við aðfarargerðir, heldur fyrir atbeina þess, sem annast nauðungarsölu eða aðra ráðstöfun hins fjárnumda.

Í 2. tölul. er endurupptaka heimiluð, ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi. Almennt þarf ekki endurupptöku, þótt gerðarbeiðandi vilji falla frá fjárnámi í eign, því í flestu tilliti er nægilegt að gerðarþoli fái yfirlýsingu þess efnis í hendur, t.d. til að afmá þinglýsingu.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að endurupptaka geti átt sér stað, ef gerðarbeiðandi vill láta skrásetja hið fjárnumda nánar en gert hefur verið í upphafi. Hér eru hafðar í huga þær

aðstæður, að fjárnám hafi til dæmis verið gert í safni lausafjármuna, án þess að hver einstakur hlutur hafi verið talinn upp í bókun um gerðina. Gerðarbeiðanda getur reynst örðugt að nýta sér gerðina frekar, ef það orkar tvímælis hvort ákveðinn hlutur hafi fallið undir safnheiti, sem fram kemur í bókun. Staða hans gæti einnig verið ótrygg gagnvart þeim, sem síðar krefst fjárnáms hjá sama gerðarþola.

Í 4. tölul. koma fram fyrirmæli, sem vísa til sérreglu 4. mgr. 57. gr. um endurupptöku til að gera fjárnám í greiðslu af kröfu, sem gerðarbeiðandi hefur áður fengið fjárnám í. Má vísa til fyrri athugasemda um þá reglu.

Í 5. tölul. er heimilað að endurupptaka fjárnám, ef eign, sem upphaflega var tekin fjárnámi, hefur verið komið í verð og andvirði hennar ekki nægt fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Það skiptir ekki teljandi máli hvort sú aðgerð, að gerðarbeiðandi leiti fjárnáms í frekari eignum af þessum sökum, sé nefnd endurupptaka fyrri gerðar eða verði talin ný fjárnámsgerð fyrir eftirstöðvum kröfunnar.

Í 6. tölul. er kveðið á um að endurupptaka megi fjárnámsgerð, sem lokið hefur verið án fulls árangurs, ef gerðarbeiðandi telur sig geta bent á eignir gerðarþola, sem vitneskja lá ekki fyrir um áður. Með sama hætti og nefnt var hér á undan varðandi 5. tölul., gæti þessi aðgerð hvort sem er átt sér stað með endurupptöku eða nýju fjárnámi.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. 67. gr. koma fram reglur um heimildir gerðarþola til að krefjast endurupptöku. Í fyrri tölulið ákvæðisins er mælt fyrir um þá heimild, ef gerðarþoli hefur ekki verið staddur við gerðina og fjárnám hefur verið gert í eign, sem ekki mátti taka fjárnámi eða hann hefði mátt undanþiggja, sbr. 41.–50. gr. Við þessar aðstæður ætti gerðarþoli einnig það úrræði, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um gerðina samkvæmt reglum 15. kafla. Er því eðlilegt að heimila endurupptöku af þessum sökum til að draga úr nauðsyn rekstrar dómsmáls, ef aðeins er þörf leiðréttingar augljósra mistaka. Regla þessi er bundin við umrædd tilvik og heimilar hún því ekki endurupptöku að kröfu gerðarþola, ef hann telur til dæmis að fjárnám hafi verið gert í eign þriðja manns. Í síðari tölulið 1. mgr. 67. gr. er heimiluð endurupptaka að kröfu gerðarþola, ef atvik eftir lok fjárnámsgerðar, t.d. greiðsla kröfu gerðarbeiðanda, hafa í för með sér að hún falli niður, eða dómsúrlausn hefur gengið, sem hefur hnekkt aðfararheimild gerðarbeiðanda að einhverju leyti eða öllu. Heimild þessi er háð því skilyrði, að gerðarþoli hafi hagsmuni af endurupptöku. Það skilyrði er sett í ljósi þess, að almennt þyrfti gerðarþoli ekki endurupptöku af umræddum ástæðum, þar sem réttaráhrif fjárnáms ættu að falla niður af sjálfu sér og yfirlýsingar gerðarbeiðanda eða önnur heimildarskjöl ættu að nægja gerðarþola til flestra þarfa. Hugsanlegt er þó að gerðarbeiðandi fáist til dæmis ekki til að afmá þinglýsingu réttinda sinna og ætti gerðarþoli þá fárra annarra kosta völ en að afla staðfestingar fyrir brottfalli þeirra með endurupptöku.

Í 2. mgr. 67. gr. kemur fram regla um heimild þriðja manns til að krefjast endurupptöku. Er honum heimilað það, ef hann hefur ekki átt kost á að koma fram mótmælum, meðan á gerðinni stóð, og hann telur fjárnámið brjóta gegn rétti sínum. Aðild þriðja manns að kröfu sem þessari er háð sömu skilyrðum og áður var lýst í athugasemdum við 28. gr. Ýmis tilefni geta verið fyrir kröfu þriðja manns um endurupptöku, t.d. ef fjárnám hefur ranglega verið gert í eign hans. Þriðji maður gæti krafist úrlausnar héraðsdómara um gerðina við þessar aðstæður, sbr. 1. mgr. 92. gr. Býr því hér að baki sama röksemd fyrir að heimila endurupptöku og áður var lýst varðandi 1. tölul. 1. mgr. 67. gr.

Um 68. gr.

Samkvæmt 1. mgr. á að beina beiðni um endurupptöku til þess sýslumanns, sem lauk viðkomandi gerð. Ef gerðin hefur verið færð milli sýslumanna skv. 2. mgr. 35. gr., ber að krefjast endurupptöku hjá þeim, sem síðast fór með hana.

Í 2. mgr. er kveðið á um að farið skuli við endurupptöku eftir almennum reglum um framkvæmd fjárnáms, að því leyti sem þær eiga við. Þessi ummæli verður að skilja í ljósi þess, að endurupptaka beinist almennt að einum tilteknum þætti gerðar, og þarf því ekki að fjalla á ný um aðra hluti. Að framkominni beiðni yrði sýslumaður að kanna hvort hún geti stuðst við einhverja heimild til endurupptöku skv. 65.–67. gr. Ef engin þessara heimilda á við að mati sýslumanns, er honum rétt að vísa beiðninni þegar á bug, en um slíka ákvörðun hans má krefjast úrlausn héraðsdómara skv. 4. mgr. 85. gr. Að öðrum kosti tilkynnir sýslumaður málsaðilum um stað og stund fyrirtöku, sbr. 20. og 21. gr., þar á meðal þriðja manni, sem kann að hafa gefið sig fram við fjárnámsgerðina, ef skilyrðum 28. gr. var fullnægt fyrir aðild hans. Hér ber þó að vekja athygli á sérreglu 4. mgr. 57. gr., þar sem kveðið er á um að óþarft sé að boða gerðarþola til endurupptöku við þargreindar aðstæður. Um frekari framkvæmd við endurupptöku yrði unnt að beita viðeigandi reglum um fjárnámsgerðir.

Í 3. mgr. kemur fram regla, sem skýrir sig sjálf.

Um 69. gr.

Í 69.–71. gr. koma fram sérstakar reglur um fjárnám til fullnustu kröfum um dagsektir, en eins og vikið var að í almennum athugasemdum, eru kröfur sem þessar sérstaks eðlis, og því þörf sérreglna um ýmis atriði.

Í 69. gr. er skilgreint hverjar þær kröfur eru, sem sérreglur 10. kafla taka til. Segir að það séu kröfur um dagsektir og önnur áfallandi viðurlög, sem hafa verið lögð á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu, ef fjárhæð þeirra hefur ekki verið ákveðin á þann hátt, að skaðabætur felist í henni eða endurgjald til þess, sem gerðarþoli ber skyldu við.

Ummæli ákvæðisins um „önnur áfallandi viðurlög“ eiga rætur að rekja til þess, að þvingunarúrræðin, sem það tekur til, eru í ýmsum tilvikum nefnd öðru heiti en dagsektir. Það heiti hefur einnig verið notað um annað en það, sem rétt mætti telja samkvæmt bókstaflegum skilningi á því. Má þannig finna dæmi þess að þvingunarviðurlög kallist dagsektir, þótt þau falli til dæmis á fyrir hverja viku eða mánuð, sem skyldu er ekki sinnt.

Tilgangur dagsekta er í meginatriðum að hvetja einhvern eða þvinga til að sinna tiltekinni skyldu. Hvatningin eða þvingunin er fólgin í þeirri aðstöðu, að meðan skyldunni er ekki sinnt, hækka sektirnar dag frá degi og yfir vofir að fjárnám verði gert fyrir þeim. Ef skyldunni er hins vegar sinnt, falla áður áfallnar sektir að öðru jöfnu niður. Annars konar áfallandi viðurlög eru hins vegar til, sem líkjast dagsektum, en hafa þó víðtækari tilgang. Ýmis dæmi má finna af því í samningum, að kveðið sé á um tiltekna skyldu, en verði henni ekki sinnt, komi til greiðslu ákveðinnar fjárhæðar fyrir hvern dag sem það dregst. Slíkar greiðslur er stundum nefndar dagsektir í samningum sem þessum, en ættu væntanlega með réttu að nefnast févíti. Tilgangur þessara greiðslna er oft á tíðum í senn að hvetja til efnda í tæka tíð og að bæta tjón, sem dráttur á efndum leiðir til. Þessi lýsing gæti til dæmis átt við svonefndar dagsektir í verksamningum. Vegna þeirra skaðabóta, sem felast í viðurlögum sem þessum, kemur almennt ekki til álita að þau falli með öllu niður, þegar skylda hefur verið efnd. Það er af þessum ástæðum sem 69. gr. tiltekur það sérstaklega, að fyrirmæli 10. kafla taki ekki kröfu um viðurlög, ef skaðabætur eða annars konar endurgjald felast í fjárhæð hennar.

Um 70. gr.

Unnt er að ákveða dagsektir með dómi til að þvinga dómþola til efnda á tiltekinni skyldu, sbr. 3. tölul. 193. gr. laga nr. 85/1936. Ef fjárnám ætti að gera fyrir kröfu um dagsektir samkvæmt dómi, yrði aðfararbeiðni beint til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 16. gr. Leggja má hins vegar á dagsektir með öðrum

hætti samkvæmt lögum, t.d. með úrskurði eða ákvörðun yfirvalds, eins og fram kemur í talningu lagafyrirmæla í athugasemdum við 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. þyrfti að afla áritunar héraðsdómara á aðfararbeiðni, sem byggð væri á slíkri heimild, áður en henni yrði beint til sýslumanns til framkvæmdar fjárnáms. Dagsektir geta fallið á í langan tíma og gerðarbeiðandi því haft hagsmuni af að fjárnám verði gert oftar en einu sinni á tímabilinu fyrir dagsektum, sem fallið hafa til. Er af þessum sökum kveðið á um það í fyrri málsgrein 70. gr., að ef krafa um fjárnám fyrir dagsektum styðst við heimild, sem bera þarf undir héraðsdómara skv. 11. gr., þá sé nægilegt að afla áritunar hans á aðfararbeiðni í fyrsta skipti, sem fjárnáms er krafist. Er þetta gert til að auðvelda framkvæmd, enda engin sérstök atriði, sem þarfnast sjálfstæðrar athugunar héraðsdómara hverju sinni sem fjárnám á að gera eftir sömu heimild. Í síðari málsgrein 70. gr. er regla, sem einnig á rætur að rekja til þess, að fjárnáms kunni að vera krafist oftar en einu sinni fyrir dagsektum af sama tilefni, en þar er kveðið á um að fjárnám verði ekki gert oftar en mánaðarlega fyrir áföllnum dagsektum. Er þetta gert til að fyrirbyggja að gerðarbeiðandi baki gerðarþola óhóflegan kostnað og auki erfiði sýslumanns með því krefjast fjárnáms til dæmis vikulega eða daglega fyrir því, sem fallið hefur til frá síðasta fjárnámi. Verður ekki séð að gerðarbeiðandi geti almennt haft hagsmuni af svo tíðum aðgerðum, sem tilefni er til að vernda.

Um 71. gr.

Reglur 71. gr. eru byggðar á þeim viðhorfum, sem lýst var í athugasemdum við 69. gr. um eðli og tilgang dagsekta. Eru þannig fyrirmæli í fyrri málslið 71. gr. um að fjárnám verði ekki gert fyrir áföllnum dagsektum, ef gerðarþoli hefur þegar efnt skyldur sínar, býðst til gera það við gerðina eða sýnir fram á að skyldurnar séu fallnar niður vegna ómöguleika eða af öðrum sökum. Þessu til samræmis er kveðið á um það í síðari málslið 71. gr., að fjárnám, sem hefur verið gert fyrir áföllnum dagsektum, falli niður, hvað þær varðar, vegna efnda gerðarþola á skyldu sinni, nema annað leiði af lögum eða beinum fyrirmælum aðfararheimildarinnar. Fyrirmæli laga um að innheimta megi áfallnar dagsektir án tillits til efnda viðkomandi skyldu eru mjög fátíð, en dæmi af slíku má þó finna í 10. gr. laga nr. 79/1974. Sá fyrirvari, sem felst í þeim orðum síðari málsliðar 71. gr., að fjárnám fyrir dagsektum falli niður „hvað þær varðar", tekur tillit til að fjárnám kann að hafa verið gert um leið fyrir málskostnaði eða öðrum kröfum. Fjárnám félli við þessar aðstæður aðeins niður fyrir dagsektum, en ekki öðrum kröfum.

Um síðari málslið 71. gr. er rétt að vekja athygli á að fjárnám fyrir dagsektum fellur niður af sjálfu sér, ef gerðarþoli efnir skyldur sínar, og getur gerðarbeiðandi því ekki nýtt sér frekar réttindi samkvæmt gerðinni. Þetta hefði þannig í för með sér brottfall fjárnáms, sem til dæmis hefði verið gert í fasteign gerðarþola, og gæti hann neytt áðurlýstra úrræða til láta afmá þinglýsingu þess. Gerðarþoli yrði því í reynd eins settur að þessu búnu og ef fjárnámið hefði aldrei verið gert. Atvik geta hins vegar orðið önnur. Ef gerðarbeiðandi hefði fengið til dæmis fjárnám í peningum í stað fasteignar, breyta síðari efndir gerðarþola á skyldu ekki þeirri staðreynd, að greiðsla dagsekta hefur þegar átt sér stað. Við þessar aðstæður gerir brottfall réttinda gerðarbeiðanda á grundvelli 71. gr. gerðarþola ekki eins settan og ef fjárnámið hefði aldrei farið fram. Regla 71. gr. felur ekki í sér sjálfstæða heimild handa gerðarþola til að endurkrefja gerðarbeiðanda um það, sem hann kann að hafa fengið með fjárnámi, áður en það féll niður.

Um 72. gr.

Regla þessa ákvæðis, um útburð gerðarþola eða muna hans af fasteign samkvæmt dómi eða annarri aðfararheimild skv. 1. mgr. 1. gr., er efnislega hin sama og regla 12. gr. aðfararlaga. Þykir því ekki þörf á að skýra ákvæði þetta nánar.

Um 73. gr.

Í 13. gr. aðfararlaga koma fram reglur um fullnustu dóma um skyldu gerðarþola til að láta hlut af hendi til gerðarbeiðanda. Regla 73. gr. um innsetningargerðir er efnislega hin sama, þótt orðalag hennar sé með nokkuð öðrum hætti. Felst þannig ekki efnisleg breyting í því, að 73. gr. fjallar um fullnustu skyldu samkvæmt aðfararheimild, en rætt er í 13. gr. aðfararlaga um fullnustu dóms. Þessi orðalagsmunur er kominn til af því, að aðfararheimildir skv. 1. mgr. 1. gr. eru ekki eingöngu dómar. Þá er heldur ekki um efnisbreytingu að ræða, þótt 73. gr. taki eftir upphafsorðum sínum til aðfararheimilda um skyldu gerðarþola til að láta af hendi umráð annars en þess, sem 72. gr. tekur til, en 13. gr. aðfararlaga fjallar eftir orðanna hljóðan um fullnustu skyldu til að láta hlut af hendi. Tilvísun 73. gr. til þess, að um aðrar umráðabreytingar sé að ræða en með útburðargerð skv. 72. gr., felur í sér að hér er fjallað um sama efni og í 13. gr. aðfararlaga. Meðal ástæðna fyrir þessari breyttu framsetningu er sú, að 13. gr. aðfararlaga gildir t.d. um innsetningu í forræði barns. Er ekki við hæfi að regla um slíkt efni sé orðuð þannig, að um skyldu sé að ræða til að láta „hlut“ af hendi.

Um 74. gr.

Í 74. gr. eru reglur um hvernig unnt er að fullnægja með aðför skyldu gerðarþola til að rita undir eða gefa út skjal eða til að standa á annan hátt að löggerningi. Úrræði reglunnar felst í því, að sýslumaður framkvæmir þá athöfn, sem gerðarþoli vill ekki veita atbeina sinn til, og hefur ráðstöfun hans sömu þýðingu og ef hann hefði haft umboð gerðarþola til hennar. Regla þessi er að mestu leyti efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. aðfararlaga. Í 74. gr. er þó að finna þá viðbót við núgildandi reglu, að þessari aðferð verði beitt til að fullnægja skyldu gerðarþola til að „standa á annan hátt að löggerningi“, ef því verður komið við. Er hér haft í huga að gerðarþola getur verið skylt að standa að löggerningi í öðru formi en skriflegu. Væntanlega má þó skýra nefnda reglu 14. gr. aðfararlaga á þann hátt, að hún geti tekið til athafnar sem þessarar.

Um 75. gr.

Í 75. gr. er að finna reglur um fullnustu aðfararheimildar, sem skyldar gerðarþola til að láta eitthvað ógert. Er gert ráð fyrir að aðfarargerð fari þannig fram við þessar aðstæður, að sýslumaður árétti við gerðarþola skyldu hans til að láta af athöfn eða framkvæma hana ekki. Ef gerðarbeiðandi krefst þess, getur sýslumaður þessu til viðbótar ákveðið að fela lögreglumönnum að hindra viðkomandi athöfn gerðarþola. Beiting þess úrræðis yrði hins vegar háð eðli athafnarinnar, sem um er að ræða hverju sinni. Unnt væri til dæmis að fela lögreglu að stöðva byggingarframkvæmdir gerðarþola eða að fyrirbyggja að hann haldi þeim áfram. Hins vegar væri ómögulegt að hindra með þessum hætti athöfn gerðarþola, sem fælist til dæmis í notkun hans á starfsheiti í andstöðu við dómsúrlausn. Sýslumaður yrði því að meta hverju sinni, hvort beiting lögregluvalds geti komið til álita. Ákvörðun hans um hvort fela eigi lögreglumönnum að gæta réttinda gerðarbeiðanda teldist þáttur í aðfarargerð, sem að jafnaði yrði þar með lokið. Geta því málsaðilar krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sem þessa eftir reglum 15. kafla.

Ef skilyrði þykja ekki fyrir að hindra athöfn gerðarþola með lögregluvaldi, getur komið til álita að beita reglum 77. gr. og meta til fjár hagsmuni gerðarbeiðanda af banni, sem gerðarþoli fæst ekki til að hlíta, ef gerðarbeiðandi krefst. Fjárnám mætti síðan gera hjá gerðarþola fyrir þeirri fjárhæð.

Með reglu 75. gr. er lagt til að afnumin verði heimild gerðarbeiðanda skv. 16. gr. aðfararlaga til að höfða einkarefsimál gegn gerðarþola vegna brota þess síðarnefnda gegn banni og fá hann dæmdan til sekta eða fangelsisvistar. Ekki er vitað til að þeirrar heimildar hafi verið neytt í framkvæmd, enda er hún nú orðið í verulegu ósamræmi við almenn lagaviðhorf.

Um 76. gr.

Í 76. gr. kemur fram regla, sem varðar önnur tilvik en þau, sem fyrirmæli 72.–75. gr. taka til, ef aðfararheimild kveður á um aðra skyldu gerðarþola en til peningagreiðslu. Skyldum, sem 76. gr. tekur til, verður ekki fullnægt með aðför á annan hátt en ákvæðið sjálft lýsir. Sú leið, sem hér er mælt fyrir, felst í því að sýslumaður skori á gerðarþola að efna skylduna. Ef gerðarþoli verður ekki við þeirri áskorun og aðfararheimildin kveður til vara á um sérstaka peningagreiðslu hans, getur sýslumaður gert fjárnám fyrir henni að kröfu gerðarbeiðanda. Ef aðfararheimildin geymir hins vegar ekki fyrirmæli um slíka greiðslu, er lokaúrræði frumvarpsins að kröfu gerðarbeiðanda verði umbreytt í peningakröfu eftir reglum 77. gr. og fjárnám gert fyrir henni samkvæmt kröfu hans.

Framangreind tilhögun er hin sama og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 11. gr. aðfararlaga. Verður ekki séð að raunhæf úrræði séu tiltæk til að þvinga gerðarþola frekar en hér var lýst til efnda á skyldu, sem fellur utan marka 72.–75. gr. Efndir slíkra skyldna eru almennt brenndar því marki að vera háðar atbeina gerðarþola sjálfs að meira eða minna leyti. Valdbeiting getur ekki komið til álita sem valkostur til að þvinga gerðarþola til að sinna skyldu með eigin athöfn. Hugsanlega mætti setja reglur um heimild til ákvörðunar dagsekta við aðför í þessu skyni, eins og víða má finna dæmi um í erlendum rétti. Slík leið hefur hins vegar enga kosti umfram þá, sem hér er kveðið á um, auk þess að gerðarbeiðanda gefst að jafnaði kostur á að krefjast dóms um dagsektir, samhliða því að krefjast að kveðið verði á um skyldu til tiltekinnar athafnar, ef hann telur þá leið vænlegri.

Um 77. gr.

Eins og fram kemur í upphafsummælum 1. mgr. 77. gr., kemur til kasta reglna ákvæðisins, ef úrræði 72.–76. gr. leiða ekki til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda og ómöguleiki eða önnur samsvarandi atvik leysa gerðarþola ekki undan þeirri skyldu, sem krafist er aðfarar fyrir. Ef aðstæður eru þessar, getur gerðarbeiðandi krafist að héraðsdómari ákveði peningagreiðslu handa honum úr hendi gerðarþola í stað skyldu, sem gerðarþoli fæst ekki til að sinna. Kæmi því í hlut héraðsdómara að taka afstöðu til hugsanlegrar mótbáru gerðarþola, um að hann hafi losnað undan skyldu sinni vegna ómöguleika á efndum.

Reglur 2.–5. mgr. 77. gr. fjalla að mestu um málsmeðferð fyrir héraðsdómi, ef umbreyta þarf hagsmunum gerðarbeiðanda í peningakröfu, og með hverjum hætti eigi að ákvarða þá fjárhæð, sem komi í stað skyldu gerðarþola. Um málsmeðferð vísar 4. mgr. 77. gr. til reglna 14. kafla og eiga almenn fyrirmæli hans að mestu við. Þó er til dæmis vikið frá reglum 14. kafla með sérreglu 3. mgr. 77. gr. um dómkvaðningu matsmanna, sem felur í sér undantekningu frá fyrirmælum 1. mgr. 90. gr., auk þess að sönnunarmat héraðsdómara getur orðið bundið af reglu 2. mgr. 77. gr.

Í 2. mgr. 77. gr. kemur fram sérregla um þau tilvik, þar sem hægt er að láta aðra leysa af hendi verk, sem gerðarþoli neitar að sinna. Þessi tilvik hafa þá sérstöðu, að við aðfarargerðina má sýslumaður taka ákvörðun um að heimila gerðarbeiðanda að leita til annarra en gerðarþola um að vinna viðkomandi verk gegn reikningi. Í framhaldi af því yrði gerðarbeiðandi þó að fara eftir almennum leiðum 77. gr. og krefjast úrlausnar héraðsdómara um endurgjald úr hendi gerðarþola. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. yrði héraðsdómari hins vegar almennt bundinn um ákvörðun endurgjaldsins við þá reikningsfjárhæð, sem gerðarbeiðandi hefur orðið að gjalda vegna verksins. Gerðarþoli gæti ekki krafist mats á hagsmunum gerðarbeiðanda að hætti 3. mgr. 77. gr., þegar þessi leið er farin, en gæti leitast við að hnekkja reikningsfjárhæðinni, ef hún yrði talin sýnilega úr hófi.

Samkvæmt 3. mgr. 77. gr. er almenna leiðin um ákvörðun endurgjalds handa gerðarbeiðanda sú, að einn eða tveir dómkvaddir menn meti hagsmuni hans til fjár. Dómkvaðningu þessa á héraðsdómari að framkvæma að kröfu gerðarbeiðanda undir rekstri máls

skv. 14. kafla og yrði farið eftir almennum reglum 136.–144. gr. laga nr. 85/1936 í þeim efnum. Í mati sínu eiga hinir dómkvöddu menn að fara eftir viðhorfum, sem ráða ákvörðun eignarnámsbóta, eftir því sem þau geta átt við. Hér ættu matsmenn með öðrum orðum að taka mið af því, hverjar bætur gerðarbeiðandi ætti að fá, ef réttindi hans á hendur gerðarþola yrðu tekin eignarnámi. Ef ekki reynist fært að ákvarða endurgjald með þessum hætti, yrði að styðjast við mat á tjóni gerðarbeiðanda af vanefnd gerðarþola eftir almennum viðhorfum. Þýðing matsgerðar samkvæmt þessum reglum fyrir endanlega ákvörðun endurgjalds til gerðarbeiðanda yrði hin sama og almennt á við um matsgerðir í dómsmálum. Fyrirmæli 3. mgr. 77. gr. eru í verulegum atriðum frábrugðin reglum 3. og 5. mgr. 11. gr. aðfararlaga um samsvarandi efni.

Samkvæmt 5. mgr. 77. gr. er endurgjald gerðarbeiðanda ákveðið í úrskurði héraðsdómara og fullnægir sýslumaður úrskurðinum að kröfu gerðarbeiðanda með fjárnámi eftir almennum reglum.

Um 78. og 79. gr.

Í þessum ákvæðum koma fram sérstök fyrirmæli um útburðar- og innsetningargerðir án almennra aðfararheimilda skv. 1. mgr. 1. gr., en gerðir sem þessar hafa verið nefndar beinar fógetagerðir eða beinar aðfarargerðir í framkvæmd.

Í 1. mgr. 78. gr. koma fram fyrirmæli um hver þau réttindi eru, sem fullnægt verður með gerðum þessum, og hver skilyrði þess eru. Eins og skýrt er í almennum athugasemdum með frumvarpinu, er ekki að finna almennar reglur um þetta efni í núgildandi lögum, en gerðir sem þessar hafa löngum þótt heimilar á grundvelli dómvenju. Reglu 1. mgr. 78. gr. er ekki ætlað að telja skilyrði fyrir beinum aðfarargerðum með tæmandi hætti og er því gert ráð fyrir að stuðst verði áfram við sömu viðhorf og nú ríkja í þessum efnum, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Afmörkun á því, um hverjar aðfarargerðir er hér að ræða, kemur annars vegar fram í upphafsorðum 1. mgr. 78. gr. og hins vegar í niðurlagi ákvæðisins. Samkvæmt upphafi reglunnar er gerðum þessum ætlað að vinna bug á því, að gerðarbeiðanda sé með ólögmætum hætti aftrað að neyta réttinda. Í niðurlagi ákvæðisins segir að fullnægja megi með gerðum þessum skyldum þess efnis, sem reglur 72. og 73. gr. taka til, þótt aðfararheimild skv. 1. mgr. 1. gr. liggi ekki fyrir. Með því að 72. gr. tekur til útburðargerða og 73. gr. til innsetningargerða, felur 1. mgr. 78. gr. í sér heimild til að fullnægja rétti gerðarbeiðanda til umráða fasteignar með útburði gerðarþola eða muna hans og til að fullnægja rétti gerðarbeiðanda til umráða annars en fasteignar með töku þess úr vörslum gerðarþola. Að fullnægðum skilyrðum ákvæðisins geta gerðir þessar náð fram að ganga, þótt aðfararheimildar eftir almennum reglum hafi ekki verið aflað.

Skilyrðum fyrir að beiðni um gerð sem þessa nái fram að ganga er lýst í 1. mgr. 78. gr. með þeim orðum, að gerðarbeiðandi eigi svo ljós réttindi, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem má afla fyrir dómi samkvæmt reglum 83. gr. Felur þessi afmörkun annars vegar í sér það sjálfsagða skilyrði, að gerðarbeiðandi sé réttur aðili að kröfu um gerðina. Hins vegar kemur fram skilyrði, sem snýr að hversu ljóst eða skýrt réttmæti tilkalls gerðarbeiðanda þurfi að vera. Honum þarf að takast að sanna réttindi sín með gögnum, sem 83. gr. heimilar honum að styðja mál sitt við fyrir dómi. Þau gögn eru einungis skjöl, svo og skýrslur aðila og málflutningur, en ekki vitnaleiðslur eða mats- og skoðunargerðir. Sönnunargildi þeirra gagna, sem gerðarbeiðandi má styðja kröfu sína við, þarf að auki að vera verulegt, því í síðari málslið 3. mgr. 83. gr. segir að hafna eigi gerðarbeiðni að jafnaði, ef varhugavert verður talið að gerð nái fram að ganga á grundvelli framkominna gagna. Í fræðikenningum jafnt sem dómaframkvæmd hefur löngum verið byggt á því, að það sé skilyrði beinnar aðfarargerðar að krafa gerðarbeiðanda sé skýr eða ljós, að um skýlaus réttindi

sé að ræða eða að réttmæti kröfu gerðarbeiðanda sé það ljóst, að öldungis megi jafna til að dómur hafi gengið um hana. Litið hefur verið svo á, að krafa fullnægi þessum áskilnaði, ef hægt er að sýna fram á réttmæti hennar með þeim takmörkuðu sönnunargögnum, sem heimilt er að afla við aðför, þannig að ekki verði talið varhugavert að gerðin nái fram að ganga. Má því segja að regla 1. mgr. 78. gr., með hliðsjón af fyrirmælum 83. gr., feli í sér tillögu um stuttorða lögfestingu á skilyrðum beinna aðfarargerða samkvæmt dómvenju.

Beiðni um beina aðfarargerð á að beina til héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum 78. gr. Honum er ætlað skv. 2. mgr. ákvæðisins að taka afstöðu til þess, þegar að framkominni beiðni, hvort lög leiði til að henni verði þegar vísað á bug. Með þessu er átt við að héraðsdómari eigi að kanna atriði, sem varða formhlið beiðninnar. Athugun hans ætti einkum að beinast að hvort beiðni sé komin fram í réttu umdæmi, hvort hún sé réttilega úr garði gerð skv. 10. gr., og hvort krafa samkvæmt henni sé þess efnis að fullnægja megi henni með útburðar- eða innsetningargerð. Á hinn bóginn á héraðsdómari ekki að leggja á þessu stigi mat á sönnunargildi gagna gerðarbeiðanda eða líkindi fyrir að krafan geti náð fram að ganga. Þetta má vera ljóst af því, að ekki hefur reynt á hvort gerðarþoli muni viðurkenna kröfu gerðarbeiðanda, þegar til kemur, og getur því veikburða sönnunarstaða gerðarbeiðandans á þessu stigi ekki valdið höfnun kröfu hans. Ef krafa gerðarbeiðanda stenst þessa frumskoðun héraðsdómara, er honum boðið í 2. mgr. 78. gr. að fara með hana eftir málsmeðferðarreglum 13. kafla. Honum er af þessum sökum skylt að boða gerðarþola til þinghalds, eins og einnig kemur fram í tilvísun í fyrri málsgrein 14. gr. Máli, sem farið er með eftir reglum 13. kafla, lýkur með úrskurði héraðsdómara, þar sem kveðið er á um hvort gerð megi ná fram að ganga. Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. verður slíkum úrskurði fullnægt með aðför. Getur því gerðarbeiðandi snúið sér til sýslumanns að fengnum úrskurði um heimild til útburðar- eða innsetningargerðar og mundi sýslumaður framkvæma gerðina eftir almennum reglum.

Í 79. gr. kemur fram regla, þar sem kveðið er á um að það standi ekki í vegi beinnar aðfarargerðar, að dómsmál sé samtímis rekið milli sömu aðila um önnur atriði, sem varða réttarsamband þeirra. Þótt regla þessa efnis sé ekki fyrir í lögum, hefur hún almennt þótt gilda í framkvæmd. Með henni er ætlunin að taka af tvímæli um að höfðun almenns dómsmáls um önnur atriði réttarsambands málsaðila hafi ekki áhrif skv. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936 á heimild gerðarbeiðanda til að krefjast beinnar aðfarargerðar og gagnkvæmt.

Um 80. gr.

Í 80.–84. gr. koma fram reglur um meðferð mála fyrir héraðsdómi, þegar boða þarf gerðarþola til þinghalds um aðfararbeiðni samkvæmt fyrirmælum 14. og 78. gr. Þótt fyrirsögn þess kafla frumvarpsins, sem 80.–84. gr. heyra til, kveði á um að þetta séu reglur um meðferð máls um aðfararbeiðni, má ekki skilja hana svo bókstaflega að öll ágreiningsmál, þar sem reynt getur á aðfararbeiðni, lúti reglum kaflans, enda yrði sá skilningur í andstöðu við fyrirmæli 1. mgr. 80. gr.

Auk afmörkunar á gildissviði 13. kafla fjallar 1. mgr. 80. gr. um ákvörðun héraðsdómara á stað og stund til þinghalds, þar sem aðfararbeiðni verður tekin fyrir, og um efni boðunar, sem honum ber að senda gerðarþola af því tilefni með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Um aðferðir við sendingu boðunar þessarar gilda um margt sömu viðhorf og áður var lýst í athugasemdum við 7. gr., sem hér skal vísað til. Því til viðbótar skal þó bent á, að nægjanlegt er að boða með jafntryggum hætti og ef það væri gert með ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Héraðsdómari hefur því fleiri valkosti í skjóli þessarar heimildar, sem hann mætti beita eftir eigin mati. Talið er upp í þremur töluliðum við 1. mgr., hvað þurfi að koma fram í boðun til gerðarþola. Segir að þessara atriða skuli getið í meginatriðum og er því ekki gert ráð fyrir að orðsending sem þessi sé ítarlegri en þarf til að gerðarþola megi vera

ljóst um hverja kröfu sé að ræða og hver áhrif það geti haft á hagsmuni hans, að hann sæki ekki þinghaldið.

Í 2. mgr. 80. gr. kemur fram að boðun til gerðarþola þurfi að berast honum eða þeim, sem er löghæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í almennu einkamáli. Í ákvæðinu felst í fyrsta lagi að það sé skilyrði fyrir fyrirtöku aðfararbeiðni, að tilkynning um þinghald hafi komist til skila. Nægir því ekki það eitt, að slík tilkynning hafi verið send. Í öðru lagi þarf tilkynning að hafa borist gerðarþola sjálfum eða einhverjum, sem mætti birta stefnu á hendur honum fyrir samkvæmt reglum VIII. kafla laga nr. 85/1936. Ef ekki er kunnugt um hvar gerðarþoli hefst við, felst í þessum ummælum að birta mætti tilkynningu með þeim hætti, sem greinir í 2. mgr. 95. gr. nefndra laga. Í þriðja lagi þarf tilkynningin að hafa borist með sama fyrirvara og stefnufrestur hefði þurft að vera skv. 99., sbr. 101. gr. laga nr. 85/1936, ef einkamál væri höfðað um sömu kröfu fyrir sama héraðsdómstól. Tekið er þó fram í niðurlagi 2. mgr. 80. gr. að héraðsdómari megi ákveða skemmri fyrirvara en stefnufrest, ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess. Ætlast verður til að þeirri undantekningu verði beitt af varfærni.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um boðun gerðarbeiðanda til þinghalds. Þarfnast þau ekki sérstakra skýringa.

Um 81. gr.

Í 81. gr. er fjallað um áhrif þess, að gerðarbeiðandi láti ekki sækja þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir. Á sú regla jafnt við um fyrstu fyrirtöku beiðninnar og síðari þinghöld um hana. Segir að útivist gerðarbeiðanda leiði til að beiðni hans skuli teljast fallin niður. Í 1. mgr. 84. gr. er mælt fyrir um að almennar reglur um meðferð einkamála í héraði gildi um mál skv. 13. kafla, að því leyti sem annað leiðir ekki af reglum hans. Ber því að skoða fyrirmæli 81. gr. um útivist gerðarbeiðanda í ljósi reglna 3. og 4. mgr. 118. gr., sbr. 7. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, um lögmæt forföll sækjanda máls frá þinghaldi.

Ef útivist verður af hendi gerðarbeiðanda, getur héraðsdómari ákveðið gerðarþola ómaksþóknun með sérstökum úrskurði, ef hann hefur sótt þing og haft uppi kröfu um slíka þóknun. Athygli skal vakin á því, að hér er almennt ekki gert ráð fyrir að gerðarþola verði ákveðinn málskostnaður eftir reglum XII. kafla laga nr. 85/1936, þótt aðfararbeiðni falli niður vegna útivistar gerðarbeiðanda. Slíkt kæmi þó til álita, ef greinargerð hefur áður komið fram af hálfu gerðarþola skv. 83. gr.

Um 82. gr.

Í fyrri málsgrein 82. gr. er mælt fyrir um áhrif útivistar gerðarþola og á reglan jafnt við, hvort sem gerðarþoli sækir ekki fyrsta þinghald um aðfararbeiðni eða þingsókn af hans hálfu fellur síðar niður. Með sama hætti og greint var í athugasemdum við 81. gr., ber að taka tillit í þessum efnum til reglna laga nr. 85/1936 um lögmæt forföll frá þinghöldum.

Útivist gerðarþola hefur þær afleiðingar, að gerðarbeiðandi getur lagt kröfu sína í úrskurð héraðsdómara, eftir atvikum að framlögðum skriflegum athugasemdum um málatilbúnað gerðarþola, hafi hann tekið til varna áður en þingsókn hans féll niður. Héraðsdómari kveður síðan á um hvort aðför megi framkvæma samkvæmt beiðni gerðarbeiðanda á grundvelli framkominna gagna. Við úrlausn málsins ber héraðsdómara vegna ákvæða 1. mgr. 84. gr. að fara eftir reglum 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og er því leyst úr máli með sama hætti og úr almennu einkamáli, þar sem útivist hefur orðið af hálfu stefnda. Gæta ber þó sérreglu 3. mgr. 83. gr. um sönnunarmat í slíkri úrlausn.

Samkvæmt 2. mgr. 82. gr. á héraðsdómari að færa ályktunarorð úrskurðar síns á aðfararbeiðni, þegar hann hefur verið kveðinn upp, og endursenda hana ásamt eintökum

fylgigagna til gerðarbeiðanda. Er þessi háttur hafður á vegna þarfa gerðarbeiðanda, þegar beiðninni er beint til sýslumanns til framkvæmdar á gerðinni. Form úrskurðar héraðsdómara ræðst af almennum reglum 190. gr. laga nr. 85/1936, og má því ekki að skilja fyrirmæli 2. mgr. 82. gr. á þann veg, að úrskurður þurfi ekki að koma fram í öðru formi en sem áritun á aðfararbeiðni.

Um 83. gr.

Í 83. gr. koma fram reglur um málsmeðferð, sem snúa aðallega að tilvikum, þar sem gerðarþoli heldur uppi vörnum gegn kröfum gerðarbeiðanda, en þær geta einnig átt við um gagnaöflun og málatilbúnað gerðarbeiðanda, þótt gerðarþoli láti málefnið ekki til sín taka. Reglur þessar eru í flestum atriðum sama efnis og fyrirmæli 39., 40. og 44. gr. aðfararlaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ef gerðarþoli sækir þing og hefur uppi varnir, sem ekki verður þegar vísað á bug, skuli málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerða og gagnaöflunar. Að þeim fresti loknum ber að flytja mál munnlega, ef réttarsátt tekst ekki milli málsaðila, en bann er lagt við öflun vitnaskýrslna og mats- og skoðunargerða. Ef litið er nánar til einstakra atriða í ákvæði þessu, ber í fyrsta lagi að vekja athygli á að þriðji maður getur jafnt sem gerðarþoli látið málefnið til sín taka, þótt þess sé ekki getið berum orðum. Sú heimild helgast af 28. gr. frumvarpsins og almennri heimild 50. gr. laga nr. 85/1936. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að héraðsdómari geti látið ógert að veita frest til greinargerða og tekið málefnið þegar til úrskurðar að kröfu gerðarbeiðanda, ef þeim vörnum, sem gerðarþoli lýsir munnlega í þinghaldi, verður þegar vísað á bug. Heimild til sömu meðferðar hefur talist gilda á grundvelli 3. mgr. 39. gr. aðfararlaga. Þessari heimild ætti ekki að beita nema héraðsdómari telji algerlega tvímælalaust að varnir gerðarþola hafi enga þýðingu. Í þriðja lagi leggur regla þessi áherslu á að málsmeðferð verði hröð, enda tilskilið að frestir verði skammir. Reglur 105. gr. laga nr. 85/1936 ná til þeirra greinargerða, sem aðilar mega leggja fram að loknum skömmum fresti, sbr. 1. mgr. 84. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að gera megi réttarsátt um kröfur málsaðila, en almennar reglur I. kafla laga nr. 85/1936 ættu sem hingað til við um sátt, sem kæmist á við þessar aðstæður. Slík réttarsátt yrði aðfararhæf eftir almennum reglum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. Í fimmta lagi er skylt að flytja mál munnlega, ef vörnum gerðarþola hefur ekki verið vísað á bug þegar í upphafi. Er ekki heimilt að víkja frá þessu, þótt samkomulag yrði um það milli málsaðila. Í sjötta og síðasta lagi skal þess getið, að bann 1. mgr. 83. gr. við öflun vitnaskýrslna og matsgerða er í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 41. gr. aðfararlaga. Regla þessi á stoð í því viðhorfi, að ætlast er til að aðfararhæfar kröfur séu það skýrar, að þær þarfnist ekki stuðnings af sönnunargögnum sem þessum. Ef brestur er á því, ber að jafnaði að hafna um aðför, sbr. 3. mgr. 83. gr. Heimild í niðurlagi 1. mgr. 83. gr. til að víkja frá banni við sönnunarfærslu sem þessari ber eftir venju að skýra þröngt, og yrðu því sammæli aðila um slíka gagnaöflun ein út af fyrir sig ekki talin nægja.

Regla 2. mgr. 83. gr. er í samræmi við reglu 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. aðfararlaga og almennar reglur réttarfars um heimildir dómstóls til að endurmeta úrlausn hliðsetts dómstóls.

Regla fyrri málsliðar 3. mgr. 83. gr. felur í sér, að úrskurður héraðsdómara kveði aðeins á um hvort aðfaragerð megi framkvæma eða ekki, og er hún því í samræmi við núgildandi meginreglur um valdsvið dómstóla við úrlausnir um heimildir til aðfaragerða. Um reglu síðari málsliðar 3. mgr. hefur þegar verið fjallað nokkuð í tengslum við 1. mgr. 78. gr. Hún felur í sér það viðhorf, að vafi um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda valdi því að hafna beri um aðför.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. 84. gr. segir að beita eigi almennum reglum um meðferð einkamála í héraði við meðferð mála samkvæmt kaflanum, að því leyti sem reglur hans kveða ekki á um annað. Tilvísun þessi á við reglur laga nr. 85/1936, auk ólögfestra meginreglna á umræddu sviði. Notkun þessara reglna takmarkast ekki aðeins af gagnstæðum fyrirmælum 13. kafla, heldur ber einnig að hafa hugfast, að þær geta ekki allar átt við eftir eðli máls. Hér áður hefur verið getið nokkurra reglna umræddra laga, sem tengjast beinlínis einstökum fyrirmælum 13. kafla. Auk þeirra má í aðalatriðum ganga út frá að eftirtaldar reglur laga nr. 85/1936 eigi við um málsmeðferð eftir 13. kafla:

- kafla um réttarsáttir
- ákvæði 36. og 37. gr. um vanhæfi og meðdómendur, ef þeirra yrði þörf
- ákvæði 39.–44. gr. um þinghöld o.fl.
- reglur IV. kafla um sakaraðila
- reglur VI. kafla um sakarefni
- ákvæði VII. kafla um varnarþing, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins
- reglur 104.–117. gr. um málsmeðferð, en reglu 120. gr. yrði að jafnaði ekki beitt við þessar aðstæður í ljósi 3. mgr. 83. gr. frumvarpsins
- reglur 121.–123. gr. um sönnun
- reglur 124.–135. gr., ef vitnaleiðslur yrðu heimilaðar í undantekningartilvikum
- reglur 136.–144. gr., ef mats- eða skoðunargerða yrði aflað í undantekningartilvikum
- reglur 145.–159. gr. um skjöl
- ákvæði XI. kafla um gjafsókn, þótt þær geti sjaldan komið til álita eftir eðli máls
- reglur XII. kafla um málskostnað, ef ágreiningsmál hefur verið munnlega flutt
- reglur XIII. kafla um réttarfarssektir
- ákvæði 190.–192. gr., 1. og 2. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 195. gr.
- reglur XVII. kafla, ef aðfarar er krafist samkvæmt víxli, tékka eða skuldabréfi.

Í 2. mgr. 84. gr. kemur fram, að fullnægja megi úrskurði héraðsdómara skv. 13. kafla þegar í stað, ef sérstaks aðfararfrests er ekki getið í honum. Þarf því almennt ekki að láta neina fresti líða, áður en sýslumaður má framkvæma aðför eftir úrskurðinum samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Héraðsdómara væri þó heimilt eftir kröfu gerðarþola að kveða á um aðfararfrest, ef eðli málefnisins þykir slíkt, að rétt væri að gefa gerðarþola umþóttunartíma áður en fullnusta færi fram.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu, að málskot héraðsdómara fresti ekki framkvæmd aðfarar, en sama regla kemur fram í 3. mgr. 44. gr. aðfararlaga. Þau nýmæli eru þó lögð til í niðurlagi 3. mgr. 84. gr., að héraðsdómari megi ákveða hið gagnstæða eftir kröfu einhvers málsaðila. Þessi undantekning er einkum lögð til með þau tilvik í huga, þar sem hagsmunir gerðarþola af málefni eru ófjárhagslegs eðlis og tjón hans yrði ekki bætt með fégreiðslu, ef gerðin yrði framkvæmd í kjölfar úrskurðar og æðri dómur kæmist síðar að gagnstæðri niðurstöðu við héraðsdómara. Hér gæti enn fremur átt undir, ef sérstakt tillit þarf að taka til andlags aðfarargerðar, svo sem við innsetningargerð í forræði barns.

Um 85. gr.

Í 85.–91. gr. koma fram reglur, sem heyra til 14. kafla frumvarpsins og varða öflun úrlausnar héraðsdóms, meðan aðfarargerð er enn ólokið, um ágreining sem kemur upp við framkvæmd sýslumanns á gerð eða við endurupptöku hennar. Þessi ákvæði eru eins konar framhald almennra reglna 26.–28. gr. um ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd gerðar. Það eru að meginreglu slíkar ákvarðanir, sem leggja má undir úrlausn héraðsdómara eftir 14. kafla.

Hvorki er í reglum 14. kafla né öðrum ákvæðum frumvarpsins kveðið sérstaklega á um það, um hver efni þær ákvarðanir sýslumanns geti verið, sem afla má dómsúrlausnar um samkvæmt þessum heimildum. Eiga reglur þessar því við um allar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd aðfarargerðar. Þær ákvarðanir geta varðað það grundvallaratriði, hvort gerðin verði yfirleitt framkvæmd, hvort sem er vegna ófullnægjandi undirbúnings eða málatilbúnaðar gerðarbeiðanda eða vegna mótmæla gerðarþola gegn efnislegu réttmæti kröfu gerðarbeiðanda. Hér er þó fremur hugsað til þess, að ákvarðanir sýslumanns varði afmarkaðri atriði, t.d. í hverri eign fjárnám verður gert.

Í 85. gr. kemur fram afmörkun á heimildunum til að leggja ágreining um ákvörðun sýslumanns fyrir héraðsdómara, meðan aðfarargerð er enn ólokið. Þessar reglur einkennast af því, að verulegar takmarkanir eru lagðar við að framkvæmd gerðar verði stöðvuð til öflunar dómsúrlausnar, enda ganga reglur frumvarpsins út frá því, að meginleiðin til úrlausnar ágreinings um einstök atriði verði með rekstri máls skv. 15. kafla, eftir að framkvæmd aðfarargerðar er lokið. Reglur þessar eru lagðar til í ljósi þeirrar nauðsynjar, að gerðarþola gefist ekki kostur á að bregða fæti við framkvæmd aðfarar með því að halda uppi andmælum gegn kröfum gerðarbeiðanda til málamynda. Ef varnir gerðarþola eru hins vegar á rökum reistar, er staða hans tryggð verulega, þótt gerð hafi náð fram að ganga. Sú trygging felst einkum í heimild til öflunar dómsúrlausnar eftir lok gerðar skv. 15. kafla, en meðan slíkt mál er rekið, tryggja reglur 7. kafla t.d. að hagsmunir hans verði ekki fyrir frekari röskun en leiðir af tryggingarréttindum gerðarbeiðanda í eignum hans og þeim höftum, sem fjárnámsgerð leggur á heimildir til ráðstöfunar þeirra. Gerðarþoli á einnig rúman rétt til skaðabóta úr hendi gerðarbeiðanda, ef gerð hefur náð fram að ganga í andstöðu við réttmæt mótmæli hans. Sömu viðhorf eiga að verulegu leyti við um réttarstöðu þriðja manns, sem telur gerð koma sér við, en hann er almennt eins settur og gerðarþoli samkvæmt einstökum reglum frumvarpsins. Af þessu er ljóst, að takmarkanir eftir reglum frumvarpsins við því, að gerð verði stöðvuð vegna framkominna mótmæla, eru fyrst og fremst settar til verndar hagsmunum gerðarbeiðanda. Eftir reglum 85. gr. á gerðarbeiðandi rúman rétt til að afla úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir sýslumanns, en þennan rétt kaupir gerðarbeiðandi því verði, að gerðin stöðvast meðan úrlausnar er aflað og verður því ekki lokið um sinn. Oft gæti sú staða komið af sjálfu sér, t.d. ef sýslumaður ákveður að stöðva gerð vegna mótmæla gerðarþola eða þriðja manns, sbr. 2. mgr. 27. gr. Við aðrar aðstæður kynni ákvörðun sýslumanns hins vegar að vera þess eðlis, að gerðin geti haldið áfram á grundvelli hennar, en með öðru móti en gerðarbeiðandi hefði helst kosið. Reynir þá á mat gerðarbeiðanda á því, hvort þjóni betur hagsmunum hans að una um sinn við ákvörðun sýslumanns, fá gerðinni lokið og bera kröfur sínar eftir á undir héraðsdómara í máli skv. 15. kafla, eða að stöðva gerðina þegar í stað til að fá dómsúrlausn um kröfu. Gerðarbeiðanda er að auki ávallt frjálst að samþykkja að gerðarþoli eða þriðji maður fái að bera ákvörðun, sem sýslumaður hefur tekið gerðarbeiðanda í hag, undir úrlausn héraðsdómara skv. 14. kafla. Sú afstaða gerðarbeiðanda kostar að gerðin frestast um sinn, en hún kann að vera hyggilegri til lengdar til að varna bótaskyldu, ef ákvörðun sýslumanns yrði hrundið.

Í 1. mgr. 85. gr. kemur fram sú almenna regla, sem vikið hefur verið að hér á undan, að gerðarbeiðandi má ávallt krefjast úrlausnar um ákvörðun sýslumanns varðandi framkvæmd gerðar, ef hann hefur kröfu þess efnis uppi við sýslumann, áður en lengra er haldið við gerðina. Sá áskilnaður, að krafan komi þegar fram, verður að teljast eðlilegur til að koma í veg fyrir að frekari aðgerðir fari fram á grundvelli ákvörðunar, sem afla á dómsúrlausnar um. Ef gerðarbeiðandi hefur kröfu sem þessa uppi, stöðvast frekari framkvæmd gerðarinnar sjálfkrafa skv. 1. mgr. 86. gr., að því leyti, sem hún er háð hinni umdeildu ákvörðun.

Í 2. mgr. 85. gr. koma fram skilyrði fyrir rétti gerðarþola til að krefjast dómsúrlausnar um ákvörðun sýslumanns, þannig að frekari framkvæmd gerðar stöðvist. Samkvæmt fyrir-

mælum ákvæðisins á gerðarþoli þennan rétt aðeins í tveimur tilvikum, annars vegar ef gerðarbeiðandi samþykkir að ágreiningur verði þegar borinn undir héraðsdómara, og hins vegar ef frekari framkvæmd gerðar hefur frestast hvort eð er í kjölfar ákvörðunarinnar. Um síðarnefnda tilvikið er ekki áskilið að frestun hafi komið til af einhverjum tilteknum sökum. Gerðarþola ber, eins og áður er lýst varðandi gerðarbeiðanda, að hafa kröfu þessa efnis uppi áður en frekari framkvæmd gerðar á sér stað á grundvelli umdeildrar ákvörðunar. Í lok 2. mgr. 85. gr. kemur fram regla til að taka af tvímæli um það, að gerðarþoli megi ávallt hafa uppi sjálfstæðar kröfur fyrir sitt leyti um ákvörðun, sem gerðarbeiðandi krefst dómsúrlausnar um í skjóli 1. mgr. Er gerðarþoli því ekki bundinn við það, að mega einungis krefjast fyrir héraðsdómi að ákvörðun sýslumanns verði látin standa óbreytt. Hér ber að undirstrika, að heimild gerðarþola til sjálfstæðrar kröfugerðar er bundin því, að hún varði sömu ákvörðun sýslumanns og gerðarbeiðandi krefst dómsúrlausnar um. Getur gerðarþoli því ekki borið fyrri ákvarðanir sýslumanns undir dóm í skjóli þessarar heimildar, sbr. þó niðurlag 3. mgr. 90. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 85. gr. gilda sömu reglur um heimildir þriðja manns til að krefjast dómsúrlausnar um ákvörðun sýslumanns og eiga við gerðarþola skv. 2. mgr. Sá nánast sjálfgefni áskilnaður kemur fram í niðurlagi ákvæðisins, að þessi réttur þriðja manns sé háður því að ákvörðunin varði hagsmuni hans.

Í 4. mgr. 85. gr. kemur fram sérregla um heimildir til að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns á beiðni um endurupptöku aðfarargerðar, en hér er átt við endurupptöku skv. 9. kafla. Málsaðilar eiga allir jafnan rétt í þessu tilliti, en kröfu um þetta efni ber að hafa uppi svo fljótt sem verða má og áður en krafist er frekari ráðstafana á grundvelli gerðar, t.d. umráðasviptingar, nauðungarsölu o.fl. Sömu rök eiga ekki við hér og um aðstæður, sem reglur 2. og 3. mgr. taka til, fyrir að takmarka sérstaklega rétt gerðarþola eða þriðja manns til að afla dómsúrlausnar, enda ættu tafir vegna rekstrar ágreiningsmáls ekki að bitna svo mjög á hagsmunum gerðarbeiðanda í ljósi tímatakmarkana 4. mgr.

Í 5. mgr. 85. gr. kemur fram regla til áréttingar á atriðum, sem í reynd felast í fyrri fyrirmælum greinarinnar. Er hér kveðið á um að ef gerð hefur verið haldið áfram í kjölfar ákvörðunar sýslumanns, þá verður ákvörðunin ekki síðar borin undir héraðsdómara nema í máli skv. 15. kafla eða í tengslum við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á grundvelli fjárnáms. Tekur regla þessi af tvímæli um annars vegar að ákvörðun verður bindandi fyrir málsaðila um framkvæmd gerðarinnar, um leið og áfram er haldið á grundvelli hennar, og hins vegar að dómstólar geti innan vissra marka endurskoðað einstakar ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd gerðar, þótt henni hafi verið lokið á grundvelli þeirra.

Um 86. gr.

Í upphafi 1. mgr. er kveðið á um að frekari framkvæmd gerðar frestist, ef málsaðili lýsir yfir við sýslumann að hann krefjist dómsúrlausnar um ákvörðun hans, en þessi regla á því aðeins við, að heimild sé fyrir öflun dómsúrlausnar á því stigi máls í reglum 85. gr. Þessi þáttur reglunnar hefur þegar verið skýrður að öðru leyti í tengslum við 85. gr. Heimilt er þó samkvæmt fyrirmælum þessum að halda gerð áfram við þessar aðstæður, að því leyti sem hún er ekki háð umdeildri ákvörðun sýslumanns. Mætti þannig til dæmis gera fjárnám fyrir óumdeildum höfuðstól kröfu gerðarbeiðanda, þótt sýslumaður hafi ákveðið vegna mótmæla gerðarþola að fjárnám verði ekki gert fyrir umkröfðum vöxtum og gerðarbeiðandi hefur krafist dómsúrlausnar um þá ákvörðun. Að öðru leyti varða fyrirmæli 1. mgr. bókanir sýslumanns, þegar krafa hefur komið fram um dómsúrlausn. Hér er ekki gert ráð fyrir að endanleg eða bindandi lýsing komi fram af hálfu málsaðila á þeim kröfum og málsástæðum, sem þeir vilja hafa uppi fyrir dómi. Bókun sýslumanns um þessi atriði þjónar hins vegar

þeim tilgangi, að málsgögn bera sjálf með sér, þegar þau berast héraðsdómara, hvert það ágreiningsatriði sé, sem úrlausnar hans er krafist um.

Í 2. mgr. er boðið að sýslumaður tilkynni gerðarþola að gerðarbeiðandi hafi krafist dómsúrlausnar um ákvörðun, ef enginn hefur verið viðstaddur af hálfu gerðarþola, þegar hún var tekin. Er kveðið á um þetta til að gerðarþola berist vitneskja um væntanlegt dómsmál og geti undirbúið málatilbúnað sinn, ef hann hyggst láta málið til sín taka. Er alls ekki gefið að nokkur sé viðstaddur af hálfu gerðarþola, þegar umdeild ákvörðun er tekin, enda gæti hún varðað ákvarðanir sýslumanns um undirbúning gerðar eða framkvæmdaratriði, sem snúa sérstaklega að aðstæðum, þegar gerðarþoli mætir ekki til hennar.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um að sýslumaður afhendi þeim, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara, staðfest ljósrit gagna og endurrit bókana um gerðina, en þeim málsaðila ber síðan að senda héraðsdómara gögnin. Er í báðum ákvæðunum lögð áhersla á hraða í þessum efnum, enda gert ráð fyrir að rekstur mála skv. 14. kafla taki skamman tíma. Fyrirmæli þessi fela þá meginreglu í sér, að sá, sem krafist hefur dómsúrlausnar, verði að annast að mál komi fyrir héraðsdómara. Má þó ekki skilja þau þannig, að lagt sé bann við að gagnaðili þess, sem krafist hefur dómsúrlausnar, afli málsgagna hjá sýslumanni og komi þeim á framfæri við héraðsdómara, enda gæti sá haft hagsmuni af að tafir verði sem minnstar af þessum sökum. Málum þessum á að beina til þess héraðsdómstóls, sem leiðir af reglu 4. mgr. 4. gr.

Samkvæmt 5. mgr. má sýslumaður senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið, ef honum þykir ástæða til. Sýslumaður er að sjálfsögðu ekki aðili að dómsmáli, sem kemur til með þessum hætti, en hann kann allt að einu að telja brýnt að koma útskýringum á framfæri um ákvörðun sína, sem málið varðar. Gæti þetta einkum átt við, ef hann hefur ákveðið að framkvæma gerð með öðrum hætti en gerðarbeiðandi krefst, án þess að sú ákvörðun hafi verið tekin vegna mótmæla eða kröfu gerðarþola eða þriðja manns. Héraðsdómara væri rétt að leggja athugasemdir sem þessar fram í ágreiningsmálinu og taka fullt tillit til þeirra við úrlausn málsins. Sýslumanni er óskylt að senda athugasemdir sínar samkvæmt ákvæðinu, en ef hann neytir heimildar til þess, yrði að koma þeim á framfæri áður en héraðsdómari tæki ágreiningsmálið til úrskurðar.

Um 87. gr.

Í 1. mgr. koma fram fyrirmæli um boðun héraðsdómara til þinghalds, þegar málsgögn hafa borist honum. Á hann að tilkynna málsaðilum stað og stund til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Ekki er áskilið að tiltekin atriði komi fram í tilkynningu, enda á málsaðilum að vera kunnugt um málefnið fyrir, m.a. gerðarþola vegna reglu 2. mgr. 86. gr. Héraðsdómari hefur hér nokkurt svigrúm um ákvörðun aðferðar við boðun þinghalds og þarf aðeins að geta sannað eftir á að tilkynningu hafi verið komið á framfæri með sanngjörnum fyrirvara. Ætla má þó að hér yrði að jafnaði beitt sömu aðferðum við tilkynningar og mælt er fyrir um í t.d. í 7. gr. og 1. mgr. 80. gr. Í reglu 1. mgr. 87. gr. felst ekki skilyrði fyrir fyrirtöku máls um að sönnun liggi fyrir um viðtöku málsaðila á tilkynningu.

Í 2. mgr. kemur fram regla, sem ræður hver telst sóknaraðili að dómsmáli skv. 14. kafla og hver varnaraðili. Með því að ákvörðun um þetta skiptir miklu fyrir áhrif útivistar annars hvors málsaðilans, er eðlilegt að sá, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara, sé sóknaraðili, þannig að mál falli niður, ef hann sækir ekki þing. Reglan tekur ekki afstöðu til þeirra aðstæðna, sem hugsanlega gætu komið upp, að báðir eða allir aðilar að gerð hafi krafist dómsúrlausnar. Er svo færi, yrði héraðsdómari að ákvarða aðild í ljósi kröfugerðar hvors eða hvers þeirra í boðun til þinghalds. Gert er ráð fyrir því í síðari málslið 2. mgr., að sjálfstæðar kröfur geti komið fram um málefnið af hálfu þess, sem talinn verður varnaraðili,

þannig að báðir eða allir málsaðilar krefjist tiltekinna breytinga á ákvörðun sýslumanns um framkvæmd gerðar. Er kveðið á um að fara eigi með slíkar sjálfstæður kröfur varnaraðila eins og gagnsök í málinu. Þessi regla hefur einkum þýðingu, ef útivist verður af hálfu sóknaraðila, eins og nánar kemur fram í 89. gr. Að öðrum kosti yrði almennt ekki þörf á greiningu máls í aðalsök og gagnsök.

Um 88. gr.

Í fyrri málsgrein 88. gr. koma fram reglur um rekstur máls, sem samsvara fyrirmælum 1. mgr. 83. gr. að öðru leyti en því, að hér er ekki heimild til að taka mál þegar til úrskurðar án greinargerða málsaðila, eins og þar er kveðið á um, auk þess að regla 14. kafla um takmarkanir á sönnunarfærslu kemur fram í 1. mgr. 90. gr. Má að þessu gættu vísa til athugasemda við 1. mgr. 83. gr. um skýringar á efni 1. mgr. 88. gr.

Regla síðari málsgreinar 88. gr. er sama efnis og 2. mgr. 83. gr. og eiga athugasemdir um það ákvæði því við hér.

Um 89. gr.

Í fyrri málsgrein 89. gr. koma fram fyrirmæli um afleiðingar útivistar sóknaraðila, sem eiga jafnt við, hvort sem hann sækir ekki fyrsta þinghald í máli eða þingsókn hans fellur síðar niður. Útivist sóknaraðila hefur hér þá þýðingu, að málið er fellt niður, hvað hann varðar, en hér ber að gæta sömu fyrirvara um þýðingu lögmætra forfalla og getið var í athugasemdum við 81. gr. Með því að málið verður fellt niður, hvað sóknaraðila varðar, hefur það þýðingu í þessu sambandi hvort sjálfstæðar kröfur hafi komið fram af hálfu varnaraðila, sem vikið er að í síðari málslið 2. mgr. 87. gr. Ef engar slíkar kröfur liggja fyrir, fellur málið alfarið niður, en ella ber að halda því áfram með sama hætti og lýst er í reglum 2. mgr. 89. gr., einungis til úrlausnar um kröfur varnaraðila. Nægilegt yrði í þessu sambandi að sjálfstæðar kröfur varnaraðila komi fyrst fram í þinghaldi, þegar útivist verður af hálfu sóknaraðila, ef greinargerð hefur ekki áður komið fram af hálfu varnaraðila. Ef mál fellur með öllu niður fyrir héraðsdómi samkvæmt framansögðu, gæti sóknaraðili hugsanlega komið því þangað á ný með því að hafa aftur uppi kröfu um dómsúrlausn, um leið og sýslumaður tekur gerðina aftur fyrir. Ef varnaraðili getur hins vegar haldið sjálfstæðri kröfu sinni til dóms samkvæmt áðursögðu, þrátt fyrir útivist sóknaraðila, fengist bindandi dómsúrlausn um viðkomandi ákvörðun sýslumanns, sem sóknaraðilinn gæti ekki krafist nýrrar úrlausnar um.

Fyrirmæli 1. mgr. 89. gr. um ómaksþóknun samsvara reglu síðari málsliðar 81. gr., sem skýringar hafa áður komið fram við.

Síðari málsgrein 89. gr. tekur aðallega til meðferðar máls, ef útivist verður af hálfu varnaraðila, hvort sem hún verður í fyrsta þinghaldi eða síðar. Áður framkomnar athugasemdir um áhrif lögmætra forfalla í þessu sambandi eiga hér við. Útivist varnaraðila hefur meðal annars þær afleiðingar að sjálfstæðar kröfur, sem hann kann að hafa gert í málinu, falla niður. Málið yrði tekið til úrskurðar eftir kröfu sóknaraðila, eftir atvikum að undangenginni framlagningu greinargerðar af hans hálfu eða að framlögðum stuttum skriflegum svörum við greinargerð varnaraðila, hafi hún komið fram. Dómsúrlausn um viðkomandi ákvörðun sýslumanns yrði bindandi fyrir varnaraðila og því tilgangslaust að hafa aftur uppi mótmæli á sama grunni við áframhaldandi framkvæmd gerðar eða eftir lok hennar.

Um 90. gr.

Regla 1. mgr. 90. gr. svarar efnislega til fyrirmæla í niðurlagi 1. mgr. 83. gr., sem áður hefur verið fjallað um.

Í 2. mgr. 90. gr. er annars vegar kveðið á um þann grundvöll, sem úrskurður héraðsdómara verður byggður á, og hins vegar er mælt fyrir um efni niðurstöðu hans, sem regla 3. mgr. ákvæðisins snýr einnig að. Fyrrnefnda atriðið er í samræmi við almennar reglur einkamálaréttarfars, að gættri sérreglu 1. mgr. 90. gr. um takmörkun á gögnum, sem dómsúrlausn verður almennt studd við í máli sem þessu. Um síðarnefnda atriðið, efni úrskurðar héraðsdómara, ber að hafa í huga, að í þessum tilvikum hefur ágreiningur verið lagður fyrir hann um réttmæti afmarkaðrar ákvörðunar sýslumanns um framkvæmd aðfarargerðar. Úrlausnin á því aðeins að segja til um hvort sú ákvörðun skuli standa óhögguð eða hvort framkvæma eigi aðförina með öðrum tilteknum hætti, sem málsaðili hefur gert kröfu um. Til að komast að niðurstöðu um þetta kann héraðsdómari að þurfa að taka afstöðu til grundvallaratriða í réttarsambandi málsaðila, t.d. hvort krafa gerðarbeiðanda sé yfirleitt til. Þótt niðurstaða byggðist á mati á slíku atriði, kvæði hún allt að einu aðeins á um hvort eða hvernig framkvæma ætti gerðina. Þessi afmörkun á efni úrlausnar héraðsdómara hefur sjálfgefin áhrif á það, hvernig málsaðilum ber að haga kröfugerð í málum sem þessum.

Regla 3. mgr. 90. gr. er í samræmi við almennar réttarfarsreglur að því leyti, að héraðsdómari á ekki að taka afstöðu í úrskurði sínum til annarra atriða gerðarinnar en þeirra, sem kröfur málsaðila taka til. Samkvæmt sérstakri heimild í niðurlagi ákvæðisins má héraðsdómari þó víkja frá kröfum málsaðila í niðurstöðu úrskurðar, ef fram kemur í málinu að sýslumaður hafi ekki gætt þeirra atriða af sjálfsdáðum við gerðina, sem honum bar. Að frátalinni reglu 1. mgr. 17. gr., er ekki að finna mörg dæmi af fyrirmælum í frumvarpinu, sem gera ráð fyrir að sýslumaður gæti tiltekinna atriða af sjálfsdáðum. Má því ætla að regla þessi geti fyrst og fremst varðað þau atriði, sem 1. mgr. 17. gr. tekur til. Ef héraðsdómari verður áskynja um brest í meðferð sýslumanns að þessu leyti, sem hefði átt að hafa synjun um framkvæmd gerðar í för með sér, er heimild 3. mgr. 90. gr. það víðtæk, að héraðsdómari gæti fellt úr gildi það, sem framkvæmt hefur verið við gerðina. Heimildar þessarar mætti neyta, hvort sem málsaðili hefur byggt á þessu eða ekki.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. er að finna sams konar tilvísun til almennra reglna um meðferð einkamála í héraði og fram kemur í 1. mgr. 84. gr. Skal vísað hér til athugasemda um það ákvæði.

Reglur 2. og 3. mgr. 91. gr. samsvara ákvæðum 2. og 3. mgr. 84. gr., sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Um 92. gr.

Reglur 92.–95. gr., sem heyra til 15. kafla frumvarpsins, varða úrlausn ágreinings um aðfarargerð, sem lagður er fyrir héraðsdómara eftir að henni hefur verið lokið. Eins og áður hefur komið fram, er gert ráð fyrir að þetta verði meginleiðin til úrlausnar um mótmæli, sem gerðarþoli eða þriðji maður hafa fram að færa gegn kröfu gerðarbeiðanda eða um atriði, sem tengjast framkvæmd sýslumanns á gerðinni. Þótt ætla verði að gerðarbeiðandi færi fremur þá leið, sem reglur 14. kafla heimila, til að fá úrlausn um atriði varðandi framkvæmd sýslumanns á gerðinni, sem hann vill ekki una við, stendur honum allt að einu opin leið til að afla dómsúrlausnar eftir 15. kafla.

Í fyrri málsgrein 92. gr. kemur fram að báðir eða allir aðilar að aðfarargerð geti krafist dómsúrlausnar um hana, eftir að henni hefur verið lokið. Nær heimild þessi einnig til þriðja manns, sem hefur ekki mætt við framkvæmd gerðarinnar. Í ljósi 1. mgr. 95. gr. geta málsaðilar haft hér uppi kröfur um að aðfarargerð verði felld niður eða staðfest eða um breytingu hennar á tiltekinn veg. Með því að heimildir 15. kafla koma fyrst til álita eftir lok gerðar og regla 1. mgr. 92. gr. segir, að krefjast megi dómsúrlausnar „um aðfarargerð“, er unnt að byggja þessar kröfur á hverju atriði sem er, sem varðar gerðina frá upphafi til enda eða

efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, að því leyti sem dómstóll hefur ekki áður tekið afstöðu til málefnisins. Skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort málsaðili hafi haft uppi mótmæli eða áskilnað jafnharðan um viðkomandi atriði gerðarinnar eða hvort hann hafi yfirleitt verið staddur við hana.

Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. verður krafa málsaðila um úrlausn héraðsdómara að berast hinum síðarnefnda innan átta vikna frá því viðkomandi gerð var lokið. Krafa málsaðilans verður því að vera komin í hendur héraðsdómara í tæka tíð í sama skilningi og lýst var í athugasemdum við 52. gr. Frestur þessi er þó ekki með öllu fortakslaus, því skv. 2. mgr. 92. gr. má héraðsdómari taka mál til meðferðar, þótt krafa berist fyrst eftir lok frestsins, ef allir málsaðilar samþykkja eða héraðsdómara þykir afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð. Ekki er afmarkað nánar í 2. mgr. 92. gr. hvenær það verði talið afsakanlegt, að krafa hafi ekki borist nægjanlega fljótt. Slíkt gæti átt við, ef málsaðila hefur ekki borist vitneskja um gerðina innan frests 1. mgr. 92. gr. Í þessum efnum gæti einnig komið til álita að styðjast við svipuð viðhorf og við beitingu heimildar 111. gr. laga nr. 6/1978. Þótt unnt sé að sýna fram á að málsaðili hafi ekki getað komið kröfu sinni fram innan frests skv. 1. mgr. 92. gr., verður að ætlast til að málaleitan sem þessi sé borin upp við héraðsdómara án ástæðulauss dráttar, eftir að málsaðila verður þetta fært. Reglur 92. gr. setja hins vegar engar takmarkanir á hversu lengi eftir lok gerðar megi reyna að afla úrlausnar héraðsdómara eftir undantekningum 2. mgr.

Ef málsaðili fer á mis við möguleika til að bera ágreining um aðfarargerð undir héraðsdómara vegna frestsreglna 92. gr., stendur honum enn opinn möguleiki til að bera kröfur sínar undir dómstóla, því 2. mgr. ákvæðisins kveður á um að hægt sé að hafa uppi athugasemdir um fjárnámsgerð í tengslum við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda. Þessi möguleiki er hins vegar sá síðasti, sem tiltækur er, því skv. 2. mgr. verður ágreiningur um aðfarargerð ekki borinn undir dómstóla með öðrum hætti en þar er talið upp.

Um 93. gr.

Í 1. mgr. 93. gr. kemur fram, með hverjum hætti málsaðili á að leggja ágreining um aðfarargerð fyrir héraðsdóm. Er þetta gert með skriflegri tilkynningu til héraðsdómara, sem málefnið á undir skv. 4. mgr. 4. gr., en í henni þurfa að koma fram upplýsingar um gerðina, sem úrlausnar er krafist um, og um málsaðila, og þarf einnig að tiltaka hvers krafist er fyrir héraðsdómara og við hverjar málsástæður og lagarök kröfur styðjist. Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. eiga staðfest eftirrit framlagðra gagna við gerðina og endurrit bókana um hana að jafnaði að fylgja tilkynningunni til héraðsdómara.

Samkvæmt 3. mgr. 93. gr. er sýslumanni heimilt að senda héraðsdómara athugasemdir um málefnið, en hér er um sams konar heimild að ræða og mælt er fyrir um í 5. mgr. 86. gr., sem áður hefur verið fjallað um.

Um 94. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um að tilteknar reglur 14. kafla gildi um meðferð mála skv. 15. kafla, auk almennra reglna um meðferð einkamála í héraði. Fyrra atriði þessarar tilvísunar skýrir sig sjálft, en um síðara atriðið má vísa til athugasemda við 1. mgr. 84. gr.

Um 95. gr.

Í fyrri málsgrein 95. gr. er kveðið á um efni úrskurðar héraðsdómara í málum skv. 15. kafla. Í athugasemdum við 1. mgr. 92. gr. er vikið að sjónarmiðum um hverjar kröfur aðilar að málum sem þessum geti haft uppi. Þar sem efni úrskurðar héraðsdómara er í aðalatriðum hið sama, má vísa hér til þeirrar umfjöllunar. Hér ber að vekja athygli á, að ef úrskurður

héraðsdómara kveður á um tiltekna breytingu aðfarargerðar, getur orðið þörf á endurupptöku hennar skv. 2. mgr. 65. gr.

Í síðari málsgrein 95. gr. kemur fram, að málskot úrskurðar héraðsdómara í máli skv. 15. kafla fresti ekki frekari fullnustuaðgerðum á grundvelli viðkomandi aðfarargerðar, nema mælt hafi verið svo fyrir í úrskurðinum. Ef úrskurður kveður þannig á um staðfestingu gerðarinnar að öllu leyti eða einhverju og mælir ekki fyrir um frestandi áhrif málskots, er gerðarbeiðanda heimilt að krefjast umráðasviptingar eða nauðungarsölu án tafar, ef um fjárnámsgerð er að ræða. Málsaðila væri einnig heimilt að krefjast endurupptöku gerðar skv. 2. mgr. 65. gr. þegar að uppkveðnum úrskurði, ef kveðið er á í honum um tiltekna breytingu hennar, sem endurupptöku er þörf til að framkvæma. Um beitingu heimildar til að mæla fyrir um frestandi áhrif málskots í úrskurði sem þessum má vísa til umfjöllunar um hliðstætt efni í athugasemdum við 3. mgr. 84. gr.

Um 96. gr.

Reglur 96.–98. gr., sem tilheyra 16. kafla frumvarpsins, geyma fyrirmæli um bótaábyrgð vegna aðfarargerða.

Í 1. mgr. 96. gr. eru reglur um bótaábyrgð gerðarbeiðanda, ef hann hefur krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði hafi skort til. Ber honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum. Regla þessi felur nánar tiltekið í sér að gerðarbeiðandi ábyrgist að fjárkrafa hans eða önnur réttindi, sem hann hefur krafist fullnustu á með aðför, séu efnislega rétt. Hann ábyrgist einnig að almennum skilyrðum I. þáttar sé fullnægt fyrir aðför, t.d. að aðfararheimild sé fyrir hendi, að hann sé réttur aðili til að krefjast aðfarar og að sama skapi að kröfu hans sé beint að réttum aðila, að aðfararfrestur sé liðinn og að krafan sé ekki fallin niður fyrir fyrningu. Bótaábyrgð gerðarbeiðanda nær til alls tjóns, sem aðrir kunna að bíða vegna aðgerða hans, hvort sem tjón hefur orðið af því einu að hann hefur krafist aðfarar eða vegna þess að gerðin sjálf hefur verið tekin fyrir eða náð fram að ganga. Takmarkanir eru ekki á aðild að bótakröfum af þessu tilefni, eins og sést af því að 1. mgr. 96. gr. kveður á um bótaskyldu gerðarbeiðanda vegna tjóns, sem „aðrir“ hafi beðið. Er bótaregla þessi því ekki bundin við gerðarþola einan eða þriðja mann, sem hefur látið gerðina til sín taka. Það er ekki sett að skilyrði fyrir bótaskyldu þessari, að aðfararbeiðni eða aðfarargerð hafi verið hrundið með tilteknum hætti, t.d. í máli skv. 13., 14. eða 15. kafla, heldur nægir að síðar sé leitt í ljós að skilyrði hafi skort fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Slíkt mætti leiða í ljós, þótt gerð hafi náð fram að ganga og kröfu gerðarbeiðanda verið fullnægt að öllu leyti, án þess að komið hafi til rekstrar ágreiningsmáls á neinu stigi gerðarinnar eða að henni lokinni. Bótaábyrgð gerðarbeiðanda er ekki háð sök af hans hendi, og er því hér um hlutræna bótareglu að ræða.

Í 2. mgr. 96. gr. kemur fram regla um ábyrgð á framkvæmd aðfarargerðar, sem felld hefur verið úr gildi að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn. Gildissvið hennar er ekki það sama og reglu 1. mgr., því hér getur komið til bótaskyldu vegna rangrar framkvæmdar gerðar, þótt krafa gerðarbeiðanda hafi verið efnislega rétt og almennum skilyrðum fyrir aðför til fullnustu hennar hefur verið fullnægt, þannig að forsendur bótaskyldu skv. 1. mgr. væru ekki fyrir hendi. Regla 2. mgr. snýr að þeim aðstæðum að ranglega hafi verið staðið að aðfarargerð, en slíkt gæti einkum komið til af broti gegn fyrirmælum II.–IV. þáttar. Það skilyrði er sett fyrir bótaskyldu, að brot gegn nefndum reglum hafi haft í för með sér að viðkomandi gerð hafi verið felld niður að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn. Slík dómsúrlausn yrði því að fást í máli skv. 14. eða 15. kafla eða eftir atvikum í ágreiningsmáli í tengslum við kröfu gerðarbeiðanda um nauðungarsölu á eign, sem fjárnám hefur verið gert í. Heimild til að hafa uppi kröfu um skaðabætur er ekki hér fremur en í reglu 1. mgr. bundin við tiltekna aðila að aðfarargerð. Bótaskylda gerðarbeiðanda skv. 2. mgr. getur bæði tekið

til mistaka, sem hann hefur sjálfur gert varðandi aðfarargerð og leitt hafa til ógildingu hennar, og mistaka, sem héraðsdómari eða sýslumaður hafa gerst sekir um með sömu afleiðingum. Með því að bótaskylda gerðarbeiðanda samkvæmt reglu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum, verða mistök hans sjálfs eða annarra að eiga rætur að rekja til saknæmrar ásetnings- eða gáleysisathafnar eða athafnaleysis með sama skilorði.

Í 3. mgr. 96. gr. kemur fram heimild handa gerðarþola til að krefja gerðarbeiðanda um miskabætur, ef atvik eru þau, sem lýst er í 1. eða 2. mgr., og gerðarþoli hefur sætt frelsissviptingu skv. 29. gr. við framkvæmd gerðarinnar, húsakynni hans eða læstar hirslur verið brotin upp skv. 30. gr., eða líkamsleit verið gerð á honum skv. 31. gr. Að því leyti, sem aðgerðir þessar kunna að hafa beinst að fyrirsvarsmanni gerðarþola, ætti hann tilkall til miskabóta samkvæmt reglu þessari. Bótaréttur samkvæmt ákvæðinu er ekki háður því, að gerðarþoli krefjist einnig bóta eða eigi sjálfur rétt til þeirra eftir 1. eða 2. mgr. 96. gr.

Um 97. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 97. gr. getur sá, sem höfðar mál á hendur gerðarbeiðanda til heimtu skaðabóta eftir reglum 96. gr., einnig beint málsókninni að ríkissjóði til að fá hann dæmdan til greiðslu bóta óskipt með gerðarbeiðanda, ef sýslumaður eða fulltrúi hans hefur sýnt af sér gáleysi með athöfn sinni eða athafnaleysi við framkvæmd þess atriðis aðfarargerðar, sem leitt hefur til tjóns. Sýslumaður eða fulltrúi hans verður samkvæmt reglu þessari að hafa gert mistök við framkvæmd gerðarinnar, sem verða metin honum til sakar. Eins og regla 1. mgr. 97. gr. er sett fram, getur tjónþoli ekki beint kröfum sínum að ríkissjóði einum. Honum væri hins vegar þarflaust að beina málsókn sinni að auki að þeim sýslumanni eða fulltrúa, sem hefur komið við sögu.

Í reglu 2. mgr. 97. gr., sem kveður ábyrgð héraðsdómara fara eftir sérreglum laga, felst tilvísun til 34. gr. laga nr. 85/1936.

Um 98. gr.

Hér er mælt fyrir um sérstakan frest til að höfða mál á hendur gerðarbeiðanda til heimtu bóta skv. 96. gr., eftir atvikum óskipt með ríkissjóði skv. 1. mgr. 97. gr. Fresturinn til málshöfðunar er skammur, eða þrír mánuðir frá því tjónþoli átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi. Upphafsmörk frestsins verða að ráðast af atvikum hverju sinni. Ef um bótakröfu væri að ræða eftir 1. mgr. 96. gr., getur nokkur tími liðið frá því krafa kom fram um aðför eða gerð var framkvæmd, þar til tjónþola berst vitneskja um atvik, sem gefa tilefni til að telja að skilyrði hafi ekki verið fyrir aðgerðum gerðarbeiðanda. Ef bóta væri krafist skv. 2. mgr. 96. gr., gæti frestur þessi fyrst byrjað að líða, þegar dómsúrlausn hefur gengið um ógildingu gerðar. Í báðum þessum dæmum gæti að auki komið til, að tjón vegna atviksins hafi ekki komið fram fyrst í stað.

Um 99. gr.

Í 1. mgr. 99. gr. er kveðið á gildistöku, ef frumvarp þetta verður að lögum. Er miðað við sama gildistökudag og í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, enda miðast reglur þessa frumvarps við skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði samkvæmt því frumvarpi.

Í 2. mgr. 99. gr. eru talin brottfallin lög og lagaákvæði. Að nokkru er að finna úreltar lagareglur í talningu þessari, sem eru orðnar ósamþýðanlegar öðrum lögum eða almennum reglum, og hefur þeim því ekki beitt í framkvæmd. Formlegt brottfall þeirra skiptir ekki teljandi máli, en þar sem þau varða efni, sem tengist aðfarargerðum, þykir rétt að leggja það til hér.

Um 100. og 101. gr.

Í ákvæðum þessum koma fram fyrirmæli um verklag við þau umskipti, sem gildistaka reglna frumvarpsins hefði í för með sér fyrir framkvæmd aðfarargerða. Er ráðgert í 100. gr. að síðustu 15 dagar fyrir gildistöku nýrra reglna verði nýttir til að ljúka gerðum eftir reglum eldri laga, sem áður hafa byrjað en verið frestað af einhverjum sökum, en nýjar gerðir byrji ekki, nema brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda séu í húfi. Ráðgert er að umræddum 15 dögum verði einnig varið til að yfirfara og endursenda eða framsenda aðfararbeiðnir, sem liggja fyrir. Á þessu tímabili ætti einnig að skrásetja fyrirliggjandi beiðnir, sem ekki yrðu endursendar skv. 1. mgr. 101. gr., og undirbúa aðfarargerðir eftir gildistöku nýrra reglna með boðunum og öðrum aðgerðum.

Um 102.–108. gr.

Í ákvæðum þessum koma fram reglur um skil eldri laga og yngri varðandi afmörkuð efni. Verður ekki séð að þær þarfnist skýringa í einstökum atriðum.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

Flm.: Skúli Alexandersson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar.

Í því skyni skal m.a. taka eftirfarandi til athugunar:

1. Samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú átta tryggingafyrirtæki með bílatryggingar.
2. Afnám tvísköttunar vegna bifreiðatrygginga en nú fara 40 kr. af hverjum 100 iðgjaldakrónum í ríkissjóð.
3. Aukna umferðarfræðslu.
4. Markvissa eflingu almenningssamgangna, einkum á þéttbýlissvæðum.
5. Tryggingaflokka og hvort um getur verið að ræða tvöfalda eða margfalda tryggingu á sama tjóninu.
6. Kostnað tryggingafélaganna við viðgerðarþjónustu á bifreiðum.
7. Sameiginlega innheimtu á tekjum til þess að standa undir tjónakostnaði við bifreiðatryggingar þannig að tryggingaiðgjöld tengist að einhverju leyti akstri eða eldsneytisnotkun.

Greinargerð.

Í ár hækkuðu iðgjöld bifreiðatrygginga um nærri 100% ef með er talin sérstök hækkun ökumannstryggingar. Fimmtungur þessarar hækkunar átti rætur að rekja til verðlagsbreytinga milli ára, en allt hitt, 4/5, átti aðrar rætur, m.a. breytingar á örorkubótum og dánarbótum og breytingar sem nýju umferðarlögin hafa í för með sér.

Tvöföldun bóta fyrir líkamstjón.

Hvað eftir annað hafa spunnist umræður um hækkun tryggingaiðgjalda á Alþingi. Það má heita árviss viðburður. Í tilefni slíkrar umræðu 1986 skrifaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur sterka ádrepu á þingmenn vegna tryggingaiðgjaldanna og umræðu sem fram

fór um þau á Alþingi. Þar kemur m.a. fram að í kjölfar hæstaréttardóms, sem var kveðinn upp 1984, hækkuðu bætur fyrir líkamstjón verulega, eða tvöfölduðust að jafnaði. Hefur sú hækkun nú verið tekin inn í iðgjaldagrunninn að fullu.

40 krónur af hverjum 100 í ríkissjóð.

Talið er að um 30% af tjónagreiðslum fari til þess að greiða fyrir líkamstjón sem verður í umferðinni, en um 70% til þess að greiða fyrir munatjón. Tryggingafélögin greiða 25% söluskatt af allri þjónustu verkstæðanna. Þess ber þó að geta í þessu sambandi að tryggingafélögin kaupa æ fleiri tjónabíla og er þá ekki greiddur söluskattur.

Þegar tryggingafélögin áætla iðgjöld sín ber þeim að gera ráð fyrir því að þau standi undir þeim tjónum sem þau taka að sér að tryggja. Þegar tryggingafélagið snýr sér að viðskiptamönnunum leggur það síðan 25% ofan á þau iðgjöld til þess að greiða aftur í ríkissjóð. Þegar lagður er saman sá söluskattur sem tryggingafélögin greiða vegna munatjóns og sá söluskattur sem þau innheimta af viðskiptamönnum sínum kemur í ljós að 40% af hverri iðgjaldakrónu sem viðskiptamaður tryggginganna greiðir rennur í ríkissjóð.

Talið er að bifreiðaeigendur greiði með þessum hætti um 800 milljónir króna í ríkissjóð á þessu ári og má gjarnan geta þess í leiðinni að ekkert af þessum peningum fer í vegaframkvæmdir því að undangengin ár hefur ekki farið króna úr ríkissjóði í vegina.

Þriðjungi fleiri tjón.

Þegar sú hækkun er greind sem nú átti sér stað kemur eftirfarandi fram:

1. Vegna verðlagshækkana um 20%.
2. Vegna nýrra umferðarlaga 14%.
3. Aukin tjónatíðni um 37%.

Á sl. ári hækkuðu bílar í verði um 19%, varahlutir um 14% og útseld vinna á verkstæðum um 40–50% að mati Tryggingaeftirlitsins.

Ekki hafa samskipti tryggingafélaganna við bílaverkstæðin verið könnuð sérstaklega, en nauðsynlegt er að kanna hvort þar sé alltaf allrar hagkvæmni gætt. Verður að draga í efa að svo sé.

Furðulegt verður að telja að breytingar tryggingaiðgjaldanna eigi sér stað einu sinni á árinu en ekki oftar þegar mikil verðbólga geisar eins og löngum hefur verið hér á landi.

Þrátt fyrir há tryggingaiðgjöld er talið að 27% tap hafi verið á bifreiðatryggingum hér á landi á sl. ári.

Sameining fremur sem samkeppni.

Það hefur vakið athygli þeirra þingmanna sem ræða um þetta mál að ekki er nægileg samkeppni milli tryggingafélaganna. Þessi samkeppni getur aðeins átt sér stað að ákveðnu marki og þá umfram þær kvaðir sem lögbundnar eru. Auk þess verður að draga í efa að lausn á vanda bifreiðatryggginganna sé fólgin í því að auka herkostnað tryggingafélaganna. Þau félög, sem nú tryggja bíla, eru átta talsins. Miklu vænlegra virðist því að stuðla að sameiningu eða a.m.k. að samstarfi tryggingafélaganna. Margvísleg rök má færa fyrir því að unnt væri að spara verulegar fjárhæðir með því að hafa allar bílatryggingar á einum stað. Og í raun eru sömu rök fyrir einu bílatryggingafélagi og fyrir einu bifreiðaeftirliti sem starfar eftir tilteknum lögbundnum reglum.

Bílar eru veigamikill þáttur þjóðlífsins á Íslandi. Vafalaust mætti draga úr kostnaði við bifreiðatjón með því að bæta umferðarfræðslu og með því að bæta umferðarmannvirki. Annar veigamikill þáttur málsins er efling almenningssamgangna a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu.

Tryggingagjöld eftir akstri.

Í Noregi hefur sá háttur verið lengi á tryggingaiðgjöldum að þau eru greidd eftir eknum kílómetrum, þ.e. því meiri akstur því hærri iðgjöld. Á bak við þessa viðmiðun eru eðlileg rök. Í umræðum utan dagskrár í efri deild fyrir nokkru var því hreyft að hluti af kostnaði tryggingafélaganna yrði innheimtur í bensínverði.

Á árinu 1986 hækkuðu tryggingaiðgjöld fjórum sinnum í Noregi um samtals 47% í 9% verðbólgu. Á síðasta ári hækkuðu tryggingaiðgjöldin um 30% í 8% verðbólgu. Hér er um að ræða stórfelldar raunhækkanir langt umfram verðlag.

Ef borin eru saman tryggingaiðgjöld í Noregi og á Íslandi fyrir sambærilega bíla verður niðurstaðan þessi um þrjár bílategundir, allt ábyrgðartryggingar:

Bifreið	**Noregur**	**Ísland**
Honda Civic	18.904	28.272
Golf 1.6	18.904	28.272
Volvo 740	19.965	38.570

Eins og sést af þessum tölum, sem miðast í Noregi við bíl sem er ekið 12.000 kílómetra, eru iðgjöldin miklu hærri hér en þar. Hluti af skýringunni liggur í mismunandi skattlagningu, hluti í umferðarómenningu hér og lélegum umferðarmannvirkjum sem ekki ráða við allan þann bílaflota sem hellist hér yfir þjóðina. Hluti skýringarinnar liggur í minni einingum m.a. á verkstæðum og hliðstæðri þjónustu — og í litlum tryggingafélögum.

Flutningsmenn telja óhjákvæmilegt að fundin verði skýring á þessum mikla mismun og gerð grein fyrir niðurstöðunni opinberlega.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en var þá ekki afgreidd frá nefnd.

Fylgiskjal I.

Benedikt Jóhannesson:

Iðgjöld ábyrgðartrygginga ökutækja tryggingarárið 1988–1989.
(Álitsgerð til samstarfsnefndar um bifreiðatryggingar, 16. febrúar 1988.)

Nefndin hefur falið mér að meta nauðsynleg iðgjöld í ábyrgðartryggingum ökutækja á komandi tryggingarári. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem mér hafa borist frá einstökum tryggingafélögum svo og upplýsingum sem koma fram í skýrslum Tryggingaeftirlitsins hef ég metið iðgjaldagrunninn fyrir komandi ár. Hliðsjón er höfð af útreikningum undangenginna ára sem unnir voru af Bjarna Þórðarsyni cand. act.

1. Við mat á iðgjaldaþörfinni var beitt ýmsum aðferðum en í fyrstu fylgt þeim leiðum sem notaðar eru við mat á óuppgerðum tjónum í ársskýrslu nr. 13 frá Tryggingaeftirlitinu. Þar er þó bent á að ekki hafi verið til staðar nægilega glöggar upplýsingar um aðgreiningu í muna- og slysatjón til þess að matið sé viðunandi. Þess var því freistað að afla upplýsinga um skiptinguna og fengust upplýsingar frá fimm félögum. Nokkrir ágallar hafa verið á þeim upplýsingum sem borist hafa frá félögunum en þó gefa þær glögglega til kynna að þróun slysatjóna er með talsvert öðrum hætti en munatjóna. Sú aðferð sem notuð er við mat á tjónum af Tryggingaeftirlitinu í skýrslu þess byggir á því

að reikna hvert hlutfall tjóna er greitt á ári hverju á föstu verðlagi. Aðferðin hentar illa við áætlun slysatjóna í lok fyrsta árs því þau greiðast að mjög litlu leyti á fyrsta ári. Hins vegar er aðferðin mjög heppileg við uppgjör munatjóna sem greiðast nær algjörlega á fyrstu tveimur árum eftir að tjónið gerist. Hér er það lagt til grundvallar að 85% munatjóna greiðist á fyrsta ári eftir tjónsatburð. Þetta hlutfall er mjög nærri reynslu félaganna fimm sem upplýsingar lágu fyrir um.

Varðandi slysatjónin var fyrst notuð sú aðferð að metin voru slysatjón ársins 1985 hjá fimm félögum. Uppgjör þess árs er mun lengra komið en ársins 1987. Hjá félögunum fimm reyndust slysatjónin á verðlagi jan. 1988 nema samtals 268,5 millj. kr. (sjá gögn sem afhent voru Tryggingaeftirlitinu 1. febr. 1988). Þessi fimm félög hafa um 82,5% markaðarins þannig að í heild eru slysatjón þessa árs metin 325,5 millj. kr. Vandinn er hins vegar að framreikna þá tölu. Í fyrstu var var þess freistað að nota fjölgun bíla en á það var bent af Tryggingaeftirlitinu að alls ekki væri víst að fjölgun slysa væri línuleg miðað við fjölda bíla. Einnig reyndust nokkrir ágallar á gögnum þannig að horfið var frá því að nota þessa leið.

Ein aðferð við að meta tjón er svonefnd „chain ladder"-aðferð en henni er lýst í ýmsum bókum um tryggingastærðfræði, t.d. í *Introductory Statistics with Applications in General Insurance* eftir Hossack og fleiri. Þar eru tjónin metin miðað við hlutfall heildargreiðslna á seinni árum uppgjörs af greiðslum fyrri ára. Vegna þess að grunsemdir voru um að breytingar hafi orðið á eðli tjóna hin seinni ár þótti eðlilegt að nota aðferðina á þrjú ár í senn. Þannig fæst ákveðið jafnvægi en þó finnast breytingar fremur fljótt. Útreikningar þessir koma fram í töflum sem afhentar verða Tryggingaeftirlitinu. Þar sést að þrátt fyrir að reynt sé að nota þessa bragarbót þá er enn nokkur hlutdrægni (bias) í flestum tilfellum, þ.e. fyrstu spár hafa vanmetið endanleg tjón í flestum tilfellum. Þess er freistað að leiðrétta þennan mismun með aðferðum hliðstæðum þeim sem Tryggingaeftirlitið notar á bls. 93 í ársskýrslu 13. Þannig fékkst endanleg niðurstaða. Eins og aðrar aðferðir er þessi ýmsum göllum undirorpin en þó virðist samanburður á spágildi þessarar aðferðar við fyrri niðurstöður gefa viðunandi útkomu í flestum tilfellum.

Hins vegar verður sú breyting á ábyrgðartryggingu ökutækja að upp er tekin ný trygging, slysatrygging ökumanns og fleiri. Sú trygging mun bæta tjón sem ökumaður og eigandi ökutækis verða fyrir áður en ábyrgðartryggingin tekur við. Þak á bótum úr ökumannstryggingunni er 10 millj. kr. á hvern slasaðan. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér munu tvö tjón á undangengnu ári hafa farið yfir þessa upphæð en með verðbólgu má búast við því að fleiri tjón nái þessu þaki.

Samkvæmt tölum sem Umferðarráð gefur upp hefur hlutfall ökumanna á undanförnum árum farið hækkandi sem hlutfall af slösuðum. Undanfarin þrjú ár eru hlutföllin: 44,5%, 46,5% og 52,4%. Samtals slösuðust á árinu 1987 1038 manns, og sé miðað við að helmingur hinna slösuðu sé ökumenn eru það samtals 519 aðilar. Segjum að 10% farþega sem slasast séu eigendur bifreiða. Það eru samtals 35 aðilar. Samtals munu þá falla undir hina nýju tryggingu 554 aðilar. Reiknum með því að meðalslysatjón í apríl 1988 sé 419.324. Samtals lækka slysabætur í ábyrgðartryggingu um 232.304 millj. kr. Hins vegar verður að taka það með í reikninginn að nokkur stærstu slysatjón ökumanns og eiganda munu eftir sem áður lenda á ábyrgðartryggingunni að hluta. Sú upphæð er hér áætluð 30 millj. kr. Lækkunin vegna nýju tryggingarinnar er því nettó 202.305 millj. kr.

2. Hér er búið að draga frá greidda og áætlaða sjálfsábyrgð sem er metin á 78.732 millj. kr. Þessi sjálfsábyrgð fellur niður samkvæmt nýju lögunum og verður því að bæta við tjónin til þess að finna heildartjón.
3. Breytingar á umferðarlögum hafa þau áhrif að bótasvið rýmkar og hækkanir þess vegna eru metnar um 3,5% af tjónum. Sú upphæð er metin 37.826 millj. kr.
4. Gert er ráð fyrir því að 2,7% iðgjalda ársins verði rekstrarafgangur. Þetta er í samræmi við útreikninga sem lagðir hafa verið fyrir Tryggingaeftirlitið.
5. Samkvæmt mati á afkomu ársins 1987 var stórfellt tap í ábyrgðartryggingum ökutækja. Nemur tapið hundruðum milljóna króna. Þessi afkoma er svo alvarleg að hún stefnir rekstarafkomu félaganna í stórhættu en sýnir jafnframt hve nauðsynlegt er að fyllsta öryggis sé gætt og sterkir sjóðir byggðir upp af tryggingafélögunum til þess að mæta áföllum af þessu tagi. Mér virðist því að lágmarksálag til öryggis sé 5%. Má minna á það að í skýrslu Tryggingaeftirlitsins er tap bifreiðatryggingafélaganna vegna áranna 1984–1986 metið sem hér segir (sem hlutfall af iðgjöldum ársins):

1984	5,5%
1985	6,5%
1986	5,0%

   Útreikningar sem ég hef lagt fyrir Tryggingaeftirlitið benda til þess að þetta hlutfall sé vanmetið þannig að eðlilegra væri að miða við 7–8% öryggisálag.
6. Verðlagsforsendur eru sem hér segir:
   Allt verðlag er metið miðað við mars 1988. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur verðlag á útseldri vinnu verkstæða hækkað um 48,8% frá janúar 1987 til janúar 1988. Á sama tíma hafa varahlutir hækkað um 14,1% og nýir bílar um 18,9%. Vísitala neyslu hefur hækkað um 26,8% og heildarlaun samkvæmt tölum kjararannsóknarnefndar um 43,4% frá 3. ársfjórðungi 1986 til sama ársfjórðungs 1987. Af öllum stærðum var reiknað vegið meðaltal á árinu 1987 og gerð spá fyrir mars 1988. Forsendur eru þær að verðlag hækki jafnt fyrir alla þætti nema varahluti. Á þeim er gert ráð fyrir 20% lækkun frá janúarverðlagi vegna tollalækkana. Miðað við þá útreikninga sem sýndir eru í töflu hér á eftir reiknast mér vegin meðalhækkun verða 20,6% frá meðalverðlagi ársins 1987 til mars 1988.
7. Kostnaðarhlutfall 1987 er reiknað í samræmi við þær tölur sem Tryggingaeftirlitið gaf í ársskýrslu 13. Hækkun á kostnaði er talin fylgja vísitölu neyslu, en líklega væri eðlilegra að miða við hækkun heildarlauna því að rúmur helmingur kostnaðar er laun og launatengd gjöld.
8. Fjármunatekjur eru teknar inn í áætlunina þannig að gert er ráð fyrir því að þær mæti annars vegar hækkunum á verðlagi innan ársins og hins vegar hækkunum á áætluðum tjónum eftir lok tryggingaársins. Auk þess er gert ráð fyrir 10% afvöxtun á tjónum greiddum eftir fyrsta ár. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að félögin geti ávaxtað það fjármagn sem kemur ekki til greiðslu á fyrsta ári með 10% raunvöxtum. Þessir útreikningar miða að sjálfsögðu við það að iðgjaldið sé rétt ákvarðað í upphafi þannig að peningar sem hægt er að ávaxta innheimtist af félögunum. Ef iðgjaldið er of lágt metið myndast ekki nægir sjóðir og þá þýðir ekki að miða við raunávöxtun hvað þá svona háa ávöxtun. Þessi tala er langt umfram það sem félögin náðu á árinu 1986 (3,8%).
9. Iðgjöld ársins eru ákveðin þannig að yfirfærslur í iðgjaldasjóði eru metnar annars vegar á meðalverðlagi ársins 1987 til þess að meta afkomuna það ár. Varðandi iðgjaldaþörfina 1988 er notað verðlag vorið 1988.
   Áætlun um tjón, kostnað og iðgjöld í milljónum króna er því (slysatrygging ökumanns og fleiri innifalin):

Útreikningur á hækkun frá meðalverðlagi 1987 til vors 1988, miðað við 10% afvöxtun.

	1987		*Áætlað 1988*
Greidd tjón	632.726.146		
Áætlað óuppgert	369.292.720		
Sjálfsábyrgð	78.732.952		
Vegna annarra breytinga	37.826.314		
Tjón samtals	1.118.578.132	+ 20,6%	1.349.216.275
Vegna nýrra slysa (ökumannstrygging)			84.000.000
Alls			1.433.216.275
Kostnaður	191.473.340	+ 19,5%	228.807.629
Umboðslaun	65.838.164		121.752.914
Tjón og kostnaður	1.375.889.636		1.783.776.818
Rekstrarafgangur	40.248.126		52.179.820
Öryggisálag	74.533.566		96.629.297
Alls	1.490.671.328		1.932.585.934
Iðgjöld ársins	1.045.050.224		1.932.585.934
Iðgjaldasjóður frá fyrra ári			355.395.119
Iðgjaldasjóður til næsta árs			462.280.067
Bókfærð iðgjöld			2.039.470.882
Hækkunarþörf			97,0%

Hér hefur hækkunarþörf vegna ábyrgðartryggingarinnar og nýju ökumannstryggingarinnar verið reiknuð saman en iðgjaldinu þarf að skipta á tvær tryggingar. Áður hefur verið getið um það að reiknað er með því að 550 ökumenn sem áður féllu undir ábyrgðartryggingu reiknist með hinni nýju tryggingu. Auk þess er gert ráð fyrir því að 200 ökumenn í sök komi undir nýju trygginguna. Samtals eru þetta 750 ökumenn. Þessir 200 „nýju“ tjónþolar eru reiknaðir á 84 millj. kr. en að sjálfsögðu fylgir nokkur kostnaður og umboðslaun hinni nýju tryggingu. Ef tjónin eru rétt metin þá verða þau samtals að upphæð 202 + 84 = 286 millj. kr. en sú upphæð er 20% af tjónum alls fyrir tryggingarnar tvær. Ef iðgjaldaþörfinni er skipt í sama hlutfalli þá er iðgjald samtals í hinni nýju tryggingu 386,5 millj. kr., deilt á 120 þúsund ökumenn gerir þetta iðgjald um 3200 kr. á hverja tryggingu.

Drögum þessa upphæð frá 2039 millj. kr. (reiknuðum bókfærðum iðgjöldum fyrir tryggingarnar tvær). Þá fást 1653 millj. kr. í bókfærð iðgjöld ábyrgðartrygginga. Árið 1987 voru bókfærð iðgjöld 1035 millj. kr. Iðgjaldataxtar ábyrgðartryggingar þurfa því að hækka að meðaltali um 59,7%.

Vegna þess að iðgjaldahækkunin er samsett af þremur þáttum, hækkun vegna of lágrar iðgjaldaskrár undanfarið ár, hækkun vegna verðlagsbreytinga og hækkun vegna lagabreytinga, þá er eðlilegt að sundurgreina þessar hækkanir:

Hækkun vegna of lágrar iðgjaldaskrár u.þ.b. 33,6%.
Þar ofan á hækkun vegna verðhækkana og umboðslauna u.þ.b. 22,6%.
Alls 1,336 x 1,226 = 1,638 eða 63,8%.

Þessar tölur eiga við iðgjöld ársins en vegna mismunandi iðgjaldayfirfærslu þurfa bókfærð iðgjöld að hækka talsvert meira eða um 69,5%. Hækkanir umfram þessar tölur eru vegna nýrra laga.

Sérstaka athygli þarf að vekja á því að breyting á bónusflokkum og tilfærsla milli flokka veldur því að hækkun á grunntöxtum þarf að vera hærri en fyrrnefnd prósenta. Hækkunarþörfin er miðuð við meðaliðgjald, en hækkun á grunntaxta þarf að vera hærri.

Fylgiskjal II.

Sigurjón Pétursson, f.h. samstarfsnefndar íslensku bifreiðatryggingafélaganna:

Iðgjöld ökutækjatrygginga 1. mars 1988.
(Bréf samstarfsnefndar tryggingafélaganna til Tryggingaeftirlitsins.)

Með tilvísun í fyrri samtöl og fundi um ofangreint mál sendir samstarfsnefnd íslensku bifreiðatryggingafélaganna yður greinargerðir og útreikninga Benedikts Jóhannessonar Ph.D. varðandi ofangreint.

Niðurstöður útreikninga Benedikts eru þær að 1. mars næstkomandi þurfa grunntaxtar lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja að hækka um 59,7%, iðgjald fyrir lögboðna slysatryggingu ökumanns og eigenda að verða 3200 kr., framrúðutryggingar að hækka um 38,6% og iðgjöld fyrir húftryggingar að hækka um 28,0% hjá þeim félögum sem endurnýja sínar húftryggingar 1. mars en 34,1% hjá þeim félögum sem endurnýja sínar húftryggingar 1. maí.

Athuganir Benedikts og nefndarinnar leiða enn fremur í ljós að iðgjöld þau sem bifreiðar með skrásetningarnúmerum með A í upphafsstaf eru óeðlilega lág miðað við tjón þau sem þeir valda. Niðurstöður eru þær að færa A bifreiðar af 2. áhættusvæði yfir á 1. áhættusvæði. Jafnhliða þessu er talið rétt að sameina 3. og 2. áhættusvæði í eitt áhættusvæði sem veldur iðgjaldalækkun um 6,9% fyrir 2. áhættusvæði og iðgjaldahækkun fyrir 3. áhættusvæði sem nemur 4,5%.

Förum við þess á leit við Tryggingaeftirlitið að það geri athugasemdir við þessa áformuðu iðgjaldahækkun ef einhverjar eru.

Fylgiskjal III.

Minnisblað til nánari útskýringar á útreikningi samstarfsnefndar bifreiðatryggingafélaganna á hækkunarþörf iðgjalda í lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja 1. mars 1988.

Útreikningarnir miða að því að finna þær breytingar sem gera þarf á gildandi iðgjaldaskrá frá 1. mars 1987 til þess að iðgjaldatekjur á árinu 1988 nægi til að mæta tjónbótum ársins 1988 og rekstrarkostnaði. Matið á iðgjaldaþörfinni er reist á upplýsingum um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað vátryggingarfélaganna á árinu 1987, verðlagsbreytingum sem áhrif hafa á uppgjör tjóna frá meðalverðlagi 1987 til 1. mars 1988 og mati á þeim breytingum sem ný umferðarlög hafa í för með sér.

Mat samstarfsnefndarinnar er sem hér segir (í millj. kr.):

Bókfærð iðgjöld vátryggingarfélaganna 1987		1.035
Tjónabætur 1988:		
Að óbreyttum umferðarlögum	1.305	
Þar af greitt úr nýrri slysatryggingu ökumanns	-202	1.103
Vegna nýrra umferðarlaga:		
Niðurfelling sjálfsábyrgðar		95
Rýmkun bótasviðs		46
Slysatrygging ökumanns		286
Rekstrarkostnaður og fleira		457
Rekstrarafgangur		52
Iðgjaldaþörf 1988		2.039
Hækkun að meðaltali		97,0%
Þar af að óbreyttum umferðarlögum		69,5%

Hækkunarþörf grunntaxta ábyrgðartryggingarinnar er talin 59,7% en til viðbótar kemur ný slysatrygging ökumanns (og eiganda) og er iðgjaldið talið þurfa að nema 3200 kr. fyrir hana. Talan 59,7% kemur þannig fram:

	Millj. kr.	**%**
Bókfærð iðgjöld 1987	1.035	100,0
Tjónabætur ábyrgðartryggingar 1988 miðað við ný lög	1.244	
Rekstrarkostnaður og fleira	357	
Rekstrarafgangur	52	
Iðgjaldaþörf 1988	1.653	159,7
Ný slysatrygging ökumanns og eiganda	386	
Iðgjaldaþörf 1988	2.039	197,0

Hluti tjóna sem áður var greiddur úr ábyrgðartryggingu greiðist nú úr nýrri slysatryggingu ökumanns (og eiganda).

Samanburður á hækkun að óbreyttum umferðarlögum og eftir breytingar á þeim verður sem hér segir samkvæmt niðurstöðum samstarfsnefndarinnar í millj. kr.):

	Millj. kr.	%
Bókfærð iðgjöld	1.035	100,0
Tjónabætur að óbreyttum umferðarlögum	1.305	
Rekstrarkostnaður og fleira	397	
Rekstrarafgangur	52	
Iðgjaldaþörf (óbreytt umferðarlög)	1.754	169,5
Vegna nýrra umferðarlaga	285	16,2
Iðgjaldaþörf 1988	2.039	197,0

Ef miðað er við meðaliðgjöld 1987 um 10.000 kr. (að frádregnum bónus) yrði iðgjaldið 1988 án söluskatts:

Ábyrgðartrygging 10.000 x 1,597	= 15.970
Slysatrygging	3.200
Samtals	19.170

Tekið skal fram að hér er einvörðungu um að ræða útreikninga samstarfsnefndarinnar sem Tryggingaeftirlitið hefur ekki tekið afstöðu til.

Fylgiskjal IV.

Erlendur Lárusson,
Tryggingaeftirlitinu:

Bréf frá Tryggingaeftirlitinu til formanns samstarfsnefndar bifreiðatryggingafélaganna.

Tryggingaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. febr. 1988, varðandi breytingar á iðgjaldaskrám ökutækjatrygginga við endurnýjun á gjalddögum á árinu 1988.

Er hér með staðfest sú niðurstaða að iðgjöld ábyrgðartrygginga ökutækja þurfi að hækka að meðaltali um 60% frá iðgjaldaskrá 1. mars 1987, en um 44% sé samið um 15.000 kr. eigin áhættu. Iðgjald slysatryggingar ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki verði 3200 kr. Jafnframt verði gerðar breytingar á skiptingu áhættusvæða þannig að 2. og 3. áhættusvæði verði sameinuð er hefur í för með sér 6,9% iðgjaldalækkun fyrir 2. áhættusvæði en 4,5% iðgjaldahækkun fyrir 3. áhættusvæði. Ökutæki með skrásetningarbókstaf A flytjist á 1. áhættusvæði. Framrúðutryggingar hækki um 39% og húftryggingar um 28% (gjalddagi 1. mars) og 34% (gjalddagi 1. maí).

Ákvörðun iðgjalda í ábyrgðartryggingum ökutækja er nú háð meiri óvissu en nokkru sinni fyrr. Þessi óvissa er þríþætt.

Í fyrsta lagi þurfti að gera leiðréttingu á gildandi iðgjaldaskrá (1. mars 1987) vegna þróunar slysatjóna frá árunum 1984–1986, bæði vegna breyttra bótareglna og aukinnar

slysatíðni. Grundvallarbreyting verður 1984 (og með fullum þunga frá 1985) á því mynstri tjónagreiðslna, sem stuðst hefur verið við við mat áætlaðs heildartjónakostnaðar. Vísbending um þróunina 1984 og 1985 kom fram í gögnum félaganna við iðgjaldsákvörðun 1987, en það er fyrst í árslok 1987 að áhrifin verða skýr varðandi tjónaárin 1984–1986. Má segja að mun ítarlegri sundurliðanir á slysatjónunum hefðu þurft að liggja fyrir þegar iðgjaldaþörfin á árinu 1987 var metin.

Í öðru lagi reynist árið 1987 mjög tjónaþungt ár og lakara en árin á undan. Mikið launaskrið varð á árinu er bæði hefur áhrif á uppgjör slysatjóna og rekstrarkostnað félaganna. Nánast engar upplýsingar liggja fyrir um það hvort félögin hafi í áætlunum sínum um tjónakostnað á árinu 1987 tekið nægilegt tillit til þessa þáttar og óvíst hvort leiðrétting sé að fullu komin til skila í iðgjaldagrundvelli 1988.

Í þriðja lagi koma til sögunnar ný umferðarlög 1. mars 1988 með miklum breytingum á fébótaábyrgð og bótareglum. Áhrif þeirra á iðgjaldaþörf er ákaflega erfitt að meta nú og því brýn nauðsyn vegna mats á iðgjaldagrundvellinum í framtíðinni að tölulegar upplýsingar liggi fyrir aðgreindar um tímabilið frá 1. mars 1988, í ábyrgðartryggingunni og slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Segja má að skipta megi ábyrgðartryggingum ökutækja í þrjú aðskilin tímabil með tilliti til þróunar tjónakostnaðar, fyrst tímabilinu fyrir 1984, þegar unnt var með tiltölulega lítt sundurliðuðum gagnagrunni að spá um iðgjaldaþörf komandi árs, þá 1984–1987 og fram að 1. mars 1988 (á árinu 1988 þarf að aðgreina mánuðina jan.–febr. frá mars–des.) þegar forsenda mats á iðgjaldaþörfinni er vitneskja um slysatjónin og ekki er lengur unnt að byggja á eldra grunni, og loks tímabilið frá 1. mars 1988 með tilkomu nýrra umferðarlaga, þegar grundvöllur bótagreiðslna er allur annar en áður.

Leggur Tryggingaeftirlitið því mikla áherslu á nauðsyn endurskipulagningar á tölulegri úrvinnslu hjá félögunum en það er alger forsenda þess að unnt verði að meta réttmæti iðgjalda að ári og spá um iðgjaldaþörf í framtíðinni.

Einnig er lögð áhersla á fræðslu um þær breytingar sem eiga sér stað 1. mars 1988 bæði til þeirra sem um tjónauppgjör fjalla hjá félögunum og til þeirra sem rétt eiga á bótum úr hendi félaganna. Hjálagt fylgir yfirlit yfir hina auknu ábyrgð samkvæmt skaðabótareglum hinna nýju umferðarlaga.

Væntir Tryggingaeftirlitið áframhaldandi samstarfs við samstarfsnefnd bifreiðatryggingafélaganna um þessi mál.

Þá vill Tryggingaeftirlitið minna á að hinar nýju iðgjaldaskrár ber að senda eftirlitinu jafnskjótt og þær liggja fyrir.

Aukin ábyrgð samkvæmt skaðabótareglum nýrra umferðarlaga nr. 50/1987.
(Greinargerð Tryggingaeftirlitsins dags. 29. febr. 1988.)

Umferðarlög nr. 50/1987 öðlast gildi 1. mars 1988, jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40/1968, með áorðnum breytingum. Hin nýju umferðarlög hafa ýmis nýmæli í för með sér varðandi fébætur og vátryggingu. Má nefna í því sambandi:

1. *Hlutlæg ábyrgð skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.*

   Hlutlæg ábyrgð (ábyrgð án sakar) gildir um tjón á mönnum og munum sem fluttir eru með ökutæki hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki, með öðrum orðum felld hefur verið niður takmörkun á hinni hlutlægu ábyrgð sem felst í 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, þar sem kveðið er á um að ábyrgðarreglan (hlutlæg ábyrgð), gildi ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum sem ökutækið flytur nema flutt sé gegn gj- ..i.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess, enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ætla má að hugtakið notkun verði skýrt á sama veg og til þess hefur verið. Orsakatengsl þurfa að vera fyrir hendi milli notkunar og tjóns.

Ábyrgðarreglan er mun víðtækari samkvæmt hinum nýju lögum og felur í sér aukna ábyrgð vátryggðs (vátryggingarfélaga) gagnvart viðkomandi tjónþola.

2. *Einfalt gáleysi skv. 2. mgr. 88. gr. (tjónþoli meðábyrgur).*

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, má lækka fébætur og jafnvel láta þær niður falla ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Sú meginbreyting á sér stað með 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Einfalt gáleysi skerðir því ekki bótarétt manns sem slasast eða missir framfæranda. Gáleysi verður að vera nokkuð mikið til þess að vera talið stórkostlegt. Nýmæli 2. mgr. 88. gr. hefur veruleg áhrif á réttarstöðu þess sem fyrir tjóni verður. Má nefna réttarstöðu farþega í ökutæki, gangandi vegfarenda, hjólreiðamanna o.s.frv.

Þess ber að geta í þessu sambandi að 89. gr. hinna nýju umferðarlaga er fjallar um árekstur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja er efnislega samhljóða umferðarlögum, nr. 40/1968, varðandi bætur fyrir tjón af árekstri. Hin nýja regla 2. mgr. 88. gr. (einfalt gáleysi) gildir ekki um líkamstjón ökumanns eða eigenda ökutækja.

3. *Slysatrygging ökumanns o.fl.*

Ökumaður getur ekki reist kröfu á ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga ef hann ætlar að krefja eiganda ökutækisins um bætur vegna slyss eða annars tjóns sem verður meðan hann er við stjórn ökutækisins. Ökumaður verður að geta reist kröfu á grundvelli sakar eða á ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar eða galla. Það er oftast svo að ökumaður sem slasast við akstur á oftast sök og getur því ekki krafið eiganda um bætur (hér er ekki verið að fjalla um árekstur ökutækja).

Hin nýju umferðarlög auka til muna réttarstöðu ökumanns. Samkvæmt 92. gr. skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir vátryggingin fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingarfjárhæð er 10 millj. kr. vegna hvers tjónsatburðar og skal vátryggt hjá sama vátryggingarfélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

a. Slysatrygging ökumanns er vátrygging sem takmarkast við umferðarslys sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis. Vátryggingin gildir fyrir hvern þann sem ökutækinu stjórnar hvort sem það er eigandi eða aðili sem tekið hefur ökutæki ófrjálsri hendi.

Vátryggingin tekur, sem áður segir, einungis til umferðarslysa og falla því utan hennar ýmis tilvik svo sem er óhapp á sér stað við viðgerð á ökutækinu o.fl.

Ökumaður (tjónþoli) þarf ekki að sanna sök á aðila til að njóta þessarar vátryggingar. Án efa skerðir bótagreiðsla samkvæmt þessari vátryggingu, bótarétt er ökumaður (eða aðstandandi) kann að eiga á hendur þeim sem ábyrgð ber vegna slyss. Ökumaður (tjónþoli) getur misst rétt til vátryggingarbóta að einhverju eða öllu leyti samkvæmt reglum vátryggingarréttar.

b. Slysatrygging eiganda ökutækis er viðbótartrygging til handa eiganda ökutækis sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Samkvæmt skilmálum greiðast bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss. Sömu skilmálar gilda um vátryggingu þessa og fyrir slysatryggingu ökumanns.

4. *Hækkun vátryggingarfjárhæða.*
   Vátryggingarfjárhæðir hækka mikið með tilkomu hinna nýju umferðarlaga.
   Samkvæmt gildandi lögum (umferðarlögum, nr. 40/1968) er vátryggingarfjárhæð 38,8 millj. kr. fyrir hvert vélknúið ökutæki sem flytja má fleiri farþega en tíu og 19,4 millj. kr. fyrir önnur ökutæki.
   Samkvæmt 2. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skal vátrygging vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda tryggja allt að 250 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 50 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.
5. *Lögboðin sjálfsábyrgð fellur niður.*
   Með tilkomu hinna nýju umferðarlaga fellur niður lögboðin sjálfsábyrgð þess sem fébótaábyrgð ber á tjóni.
   Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur ákveðið að heimila með reglugerð um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingar ökutækja, nr. 238/1984, að almennt megi áskilja að eigin áhætta vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 15.000 kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, árlega breytt fjárhæð þessari í samræmi við verðlagsbreytingar.

Framanritað í samantekt:

1. Hlutlæg ábyrgð gildir um tjón á mönnum og/eða munum sem fluttir eru með ökutæki hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki.
2. Einfalt gáleysi skerðir ekki bótarétt þess sem slasast eða missir framfæranda sbr. 2. mgr. 88. gr.
3. Slysatrygging ökumanns o.fl., annars vegar skyldutrygging ökumanns og hins vegar viðbótartrygging eiganda sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki.
4. Hækkun vátryggingarfjárhæða.
5. Lögboðin sjálfsábyrgð fellur niður. Vátryggingarfélögum er heimilt samkvæmt reglugerð að bjóða sjálfsábyrgð allt að 15.000 kr.

Nd. 116. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð. Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga af þessu tagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur vitneskja um að fjármálaráðherrar hafa tekið sér vald sem þeir ekki hafa að lögum til að leyfa einstökum aðilum að greiða háar fjárhæðir opinberra gjalda með skuldabréfum til lengri eða skemmri tíma og með mismunandi kjörum að öðru leyti eftir geðþótta ráðherra.

Með þessu hefur verið brotið gegn sjálfri meginstefnu allrar skattalöggjafar að allir þegnar þjóðfélagsins, sem eins stendur á um, hljóti sömu meðferð og þá eingöngu samkvæmt lögum eins og kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins.

Með vitneskju þessa getur Alþingi ekki annað en tekið þetta mál til meðferðar með því að setja í lög skýr ákvæði um innheimtu á opinberum gjöldum og hvernig bregðast megi við þegar um vanskil er að ræða.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að tekið verði á þessu máli með því að gera breytingu á 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Rétt er að vekja athygli á því að þessi breyting mun einnig ná til innheimtu á söluskatti samkvæmt lögum nr. 10/1960 þar sem í 28. gr. þeirra laga er kveðið á um það að ákvæði laga nr. 75/1981 skuli einnig gilda um söluskatt, eftir því sem við á. Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein eru sett skilyrði fyrir því að fjármálaráðherra sé heimilt að leyfa einstökum aðilum að greiða opinber gjöld með skuldaviðurkenningum til lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt greininni skal einungis heimilt að lána opinber gjöld í þeim tilvikum þar sem innheimtuaðili telur að krafan fáist ekki greidd nema með því að semja um greiðslu á henni. Í slíkum tilvikum er fjármálaráðherra heimilt að samþykkja greiðsluskilmála, enda liggi fyrir umsögn Ríkisendurskoðunar. Þá kveður greinin á um að Ríkisendurskoðun gefi Alþingi árlega skýrslur um slíka samninga.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um könnun á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson, Kjartan Jóhannsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar í landinu. Sérstaklega skulu könnuð áhrif skattabreytinga sem urðu í ársbyrjun 1988.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefir orðið mikil aukning á framleiðslu grænmetis og gróðurhúsaafurða hér á landi. Samtals mun útiræktun vera í um 30 ha lands (kartöflu- og rófuakrar ekki með taldir). Um 170.000 m^2 eru undir gleri. Samtals munu um 500 ársverk vera í þessari

búgrein. Samhliða aukinni framleiðslu hefur fjölbreytni aukist. Neysla grænmetis mun nú vera um 28 kg á íbúa á ári og er áætlað að innlend framleiðsla fullnægi um 40% neyslu. Veruleg framþróun hefur því orðið á sviði garðyrkju og ylræktar á undanförnum árum sem m.a. er árangur af umfangsmiklu rannsókna- og tilraunastarfi við Garðyrkjuskóla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Bændaskólann á Hvanneyri.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun stendur þessi búgrein frammi fyrir miklum vanda vegna mjög aukinnar samkeppni frá innfluttri vöru.

Á undanförnum árum hafa tollar á innfluttu grænmeti verið lækkaðir úr 70% í 30%. Þess er einnig að geta að um síðustu áramót var lagður 25% söluskattur á allt grænmeti og hefur hann ekki fengist endurgreiddur líkt og gert er með kjöt, fisk, mjólk og fleiri matvörur.

Svipuðu máli gegnir um pottaplöntur og afskorin blóm. Þar er tollur nú 30%, en var til skamms tíma 80%. Þá er og þess að geta að oft er hægt að fá afganga á mörkuðum erlendis fyrir brot af gangverði og við slíkt er auðvitað ekki hægt að keppa.

Fjármagnskostnaður flestra þeirra landa, sem við okkur keppa, er ekki nema brot af því sem hér er. Má t.d. geta þess að útlánsvextir í Hollandi eru um 6,5% og verðbólga nánast engin. Bankaþjónusta fyrir garðyrkjubændur er mjög góð sökum þess hve þessi atvinnugrein er þýðingarmikil fyrir þjóðarbúið. Gasverð er greitt verulega niður til gróðrarstöðva eða um 20%. Ráðunauta- og tilraunastarfsemi er afar öflug. Einnig er rétt að geta þess að víðast eru þessar greinar ríkisstyrktar á einn eða annan hátt.

Norðmenn styrkja garðyrkju á margvíslegan hátt og vísast hér til meðfylgjandi skýrslu Garðars Árnasonar. Íslenskir garðyrkjubændur hafa ekki óskað eftir slíkum stuðningi. Enn fremur stýra Norðmenn markaði mjög markvisst eftir innlendu framboði þannig að innflutningur markast af ástandi á markaði hverju sinni. Sömu viðhorf eru í Finnlandi.

Víðast í grannlöndum okkar geta garðyrkjubændur fengið hagstæð lán til lengri tíma á viðráðanlegum vöxtum (föstum) fyrir allt að 80% af byggingarkostnaði. Ef byggingarkostnaður hér á landi er borinn saman við byggingarkostnað í grannlöndum okkar er hann okkur mjög óhagstæður. Samkvæmt mati Stofnlánadeildar landbúnaðarins er byggingarkostnaður á m^2 í gróðurhúsi nú í kringum 8000 kr. Til samanburðar má geta þess að byggingarkostnaður í Hollandi og Bretlandi er talinn vera u.þ.b. 2000–2500 kr. á m^2. Í Danmörku er kostnaður talinn um 3000–4000 þús. kr. á m^2 eftir byggingum.

Ef leitað er skýringa er m.a. þess að geta að hér á landi eru gerðar miklu meiri kröfur varðandi vindálag en víðast annars staðar sem þýðir mun meiri notkun á stáli í burðargrindur og styttra á milli glerpósta.

Þá er og 25% söluskattur á stáli til gróðurhúsabygginga, en slíku er ekki til að dreifa í grannlöndum okkar. Þegar við bætist svo miklu hærri fjármagns- og flutningskostnaður er ekki furða þótt þess sjái stað einhvers staðar. Þá eru allar rekstrarvörur miklu dýrari hér en í löndum í kringum okkur og er ekki óalgengt að þar muni 50–100%.

Um blómaframleiðslu erlendis er það að segja að hún hefur í verulegum mæli flust til landa þar sem hitastig er þannig að upphitunarkostnaður er lítill sem enginn. Af slíkum löndum má t.d. nefna Ísrael, Kenía, Suður-Afríku, Kólumbíu, Ekvador o.fl. Í þessum löndum þarf aðeins lítilfjörleg skýli fyrir gróður og vinnulaun eru yfirleitt mjög lág. Nokkuð hefur orðið vart við að evrópsk stórfyrirtæki hafi sett upp útibú í þessum löndum og annars staðar til að styrkja stöðu sína.

Varðandi innflutning hér á landi er rétt að geta þess að aðstaða til skoðunar á heilbrigði plantna er nánast engin og þess eru dæmi að einstakir ræktendur hafa beðið tjón sem nemur hundruðum þúsunda króna því að heilbrigðisvottorð frá ýmsum löndum eru oft næsta lítils virði. Sama gildir einnig varðandi efnainnihald í innfluttu grænmeti; þar má heita að ekkert

eftirlit sé með magni varnarefna. Sjálfsagt er að sett sé upp aðstaða til að kanna þessa hluti og eðlilegt að innflytjendur greiði kostnað sem því fylgir.

Þess má geta í sambandi við innflutning í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi að standist plöntur eða grænmeti ekki skoðun varðandi heilbrigði eða efnainnihald er varan annaðhvort endursend umsvifalaust eða henni eytt á staðnum. Sömu viðhorf eru t.d. í Bandaríkjunum og Japan.

Af fyrrgreindum orsökum er íslensk garðyrkja nú í varnarstöðu. Því er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að rekstrarstaða og þróunarmöguleikar búgreinarinnar verði kannaðir, m.a. verði rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar borin saman við þá aðstöðu sem hliðstæðri framleiðslu er búin í nálægum löndum. Í framhaldi af því verði kannað á hvern hátt megi styrkja stöðu búgreinarinnar, svo sem með lækkun gjalda af aðföngum og fjárfestingarvörum, lækkun orkuverðs, hóflegum fjármagnskostnaði og fleiri slíkum aðgerðum.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir styrki til garðyrkju í Noregi 1988.

Reglugerðir um styrkveitingu eru gefnar út af norska landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt norsku búvörusamningunum. Skipta má þeim styrkjum sem eru til ráðstöfunar í þrjá megin flokka:

1. Framleiðslustyrkir (Distrikts- og kvalitetstilskudd). Reglugerð gefin út 7. mars 1988 og gildir frá 1 jan. 1988.
2. Styrkir til orkusparandi aðgerða (Energitilskudd). Reglugerð sem gildir frá 1. jan. 1987.
3. Styrkir til markaðsstýringar. Samkvæmt reglum (Retningslinjer for anvendelse av avsetningsmidler for perioden 1.7. 1987 til 30.6. 1988) samþykktum af „Markaðsráðinu" (Omsetningsrådet) 21. maí 1987.

Tilgangur þessara styrkja er að treysta tekjugrundvöll framleiðenda, einkum í afskekktum byggðum þar sem atvinnutækifæri eru fá, auka gæði og liðka fyrir sölu framleiðslunnar.

Flestar styrkveitinganna eru m.a. háðar ákveðinni svæðaskiptingu og í þeim tilgangi hefur Noregi verið skipt í þrjú megin svæði: A, B og C. Í grófum dráttum má segja að þéttbýlustu héruðin tilheyri svæði A, t.d. héruðin næst Ósló og stærstu bæjunum, svo sem Björgvin, Þrándheimi, Kristiansand o.fl. B-svæðin nái síðan yfir héruðin þar fyrir utan og C-svæðin til afskekktustu héraðanna, t.d. í Norður-Noregi.

1. *Framleiðslustyrkir:*

Styrkirnir eru ýmist greiddir beint til framleiðenda (sem selja framleiðslu sína í gegnum viðurkennd dreifingarfyrirtæki) eða til viðurkenndra dreifingarfyrirtækja.

Styrkir fást eingöngu út á fyrsta flokks vöru og eru hæstir til landsvæða fjærst þéttbýlustu stöðunum. Enn fremur eru greiddir hærri styrkir fyrir gróðurhúsagrænmeti sem kemur á markað fyrir 1. júlí en það sem kemur síðar á árinu.

Á þá styrki sem snúa beint að framleiðendum er sett ákveðið framleiðsluþak sem miðast við tvö ársverk á hverja garðyrkjustöð. Eftir tegundum er síðan ákveðið hve mikið hvert ársverk gefur af sér í framleiðslu.

a. Framleiðslustyrkir — gróðurhúsagrænmeti:

Framleiðslustyrkir eru veittir fyrir tómata, gúrkur og salat (bæði úr gróðurhúsum og görðum). Miðað er við að eitt ársverk samsvari 37,5 tonnum af tómötum, 55 tonnum af gúrkum og 80.000 stykkjum af salati.

Fyrir tómata og gúrkur fást hærri styrkir fyrir uppskeru sem kemur fyrir 1. júlí. Styrkupphæðin er auk þess háð magni (sjá töflur). Fyrir salat fæst styrkur fyrir allt að 160.000 stykkjum, en hann er helmingi hærri fyrir fyrstu 80.000 stykkin (Allar upphæðir í töflum eru í kr. á kg miðað við gengi 4. nóv. 1988, þ.e. 1 norsk kr. = 7 íslenskar kr.)

Tafla 1.

Framleiðslustyrkir fyrir tómata 1987–1988.

	Fyrir 1. júlí						*Eftir 1. júlí*	
	Að 12,5 t.		Að 25 t.		Að 75 t.			
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	2,00	14,00	1,60	11,20	0,40	2,80	0,40	2,80
Svæði B	4,00	28,00	3,20	22,40	0,80	5,60	0,80	5,60
Svæði C	6,00	42,00	4,80	33,60	1,20	8,40	1,20	8,40

Tafla 2.

Framleiðslustyrkir fyrir gúrkur 1987–1988.

	Fyrir 1. júlí						*Eftir 1. júlí*	
	Að 17,5 t.		Að 55 t.		Að 110 t.			
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	0,60	4,20	0,40	2,80	0,20	1,40	0,20	1,40
Svæði B	1,20	8,40	0,80	5,60	0,40	2,80	0,40	2,80
Svæði C	1,80	12,60	1,20	8,40	0,60	4,20	0,60	0,60

Tafla 3.

Framleiðslustyrkir fyrir salat.

	Að 80.000 stk.		60–100.000 stk.	
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	0,30	2,10	0,15	1,05
Svæði B	0,60	4,20	0,30	2,10
Svæði C	0,90	6,30	0,45	3,15

b. Framleiðslustyrkir — útigrænmeti:

Framleiðslustyrkir eru veittir fyrir hvítkál, blómkál, kínakál og blaðlauk (púrru). Styrkirnir eru m.a. háðir magni og landfræðilegri legu. Framleiðendur með minna en 1000 stk. af kínakáli og samtals 2000 kg af hvítkáli, blómkáli og blaðlauk eru ekki styrkhæfir.

Tafla 4.

Framleiðslustyrkir fyrir hvítkál 1987–1988.
(Gildir fyrir uppskeru fram að 15. sept. á svæðum A og B og allt árið á svæði C.)

	Að 60 t.		60–120 t.	
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	0,30	2,10	0,15	1,05
Svæði B	0,60	4,20	0,30	2,10
Svæði C	0,90	6,30	0,45	3,15

Tafla 5.

Framleiðslustyrkir fyrir blómkál og blaðlauk 1987–1988.

	0–30 t.		30–60 t.	
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	0,60	4,20	0,30	2,10
Svæði B	1,20	8,40	0,60	4,20
Svæði C	1,80	12,60	0,90	6,30

Tafla 6.

Framleiðslustyrkir fyrir kínakál 1987–1988.

	Að 60.000 stk.		60.000–120.000 stk.	
	N. kr.	Ísl. kr.	N. kr.	Ísl. kr.
Svæði A	0,40	2,80	0,20	1,40
Svæði B	0,80	5,60	0,40	2,80
Svæði C	1,20	8,40	0,60	4,20

2. *Styrkir til orkusparandi aðgerða:*

Styrkir eru veittir fyrir ýmiss konar framkvæmdir sem draga úr kyndingarkostnaði. Má þar nefna:

- Kaup á kyndingarbúnaði.
- Breytingar á rörakerfi.
- Þéttingar/breytingar á hurðum og gluggum.

- Endurbyggingu mjórra gróðurhúsa (samkvæmt nánari reglum).
- Kaup og uppsetning skyggingar- eða myrkvunarbúnaðar þegar hann nýtist til orkusparnaðar.
- Kaup og uppsetning lýsingarbúnaðar í Norður-Noregi.
- Nýbyggingar úr einangrandi þekjuefnum þegar samsvarandi flatarmál gróðurhúsa er rifið.
- Endurbygging að hluta eða öllu leyti úr einangrandi þekjuefnum.

Hver einstök garðyrkjustöð getur fengið styrk sem samsvarar 15,35% af kostnaði, samtals allt að 100.000, 200.000 eða 300.000 norskum krónum sl. sjö ár, háð landfræðilegri legu. Ekki eru veittir styrkir til garðyrkjustöðva sem eru í eigu ríkis, sveitarfélaga eða hlutafélaga. Styrkir eru veittir til garðyrkjustöðva/búa sem eru allt að tvö ársverk (samtals húsdýr + garðyrkja).

Tafla 7.

Styrkir til orkusparandi aðgerað.

	Styrkur af kostnaði í %	Hámarksheildarstyrkur sl. sjö ár.
Svæði A	15%	100.000 N.kr. (=700.000 ísl. kr.)
Svæði B	35%	200.000 N.kr. (=1,4 millj. ísl. kr.)
Svæði C	50%	300.000 N.kr. (=2,1 millj. ísl. kr.)

3. *Styrkir til markaðsstýringar:*

Til ráðstöfunar er ákveðin upphæð til að kaupa upp framleiðslutoppa í tómötum, gúrkum, salati úr gróðurhúsum, blómkáli og sumarhvítkáli undan plasti þegar markaðsverðið fer undir viðmiðunarverð „búvörusamninganna". Kaupverðið getur aldrei verið yfir viðmiðunarverðinu.

Þær vörur, sem keyptar eru á þennan hátt, eru t.d. seldar á tilboðsverði í verslunum, lagðar inn í verksmiðjur eða seldar til útflutnings. Þeir sem eiga rétt á slíkum styrkjum eru viðurkenndir dreifingaraðilar, en einnig er leyfilegt að kaupa upp vörur beint af framleiðendum.

4. *Heimildir.*

Þetta yfirlit er unnið upp úr eftirfarandi greinum, sem birtust í *Gartneryrket* 1987 og 1988.

- Nye regler for energispareordningen fra 1. januar 1987. *Gartneryrket* 9.1. 1987 bls. 6.
- Forskrifter for tilskudd til energisparende tiltak i verksthus- soneinndeling. *Gartneryrket* 16.1. 1987 bls. 46.
- 1987: 8,3 mill. kroner i energitilskudd. *Gartneryrket* 11.3. 1988 bls. 157.
- Nye forskrifter for tilskudd til grontsektoren. *Gartneryrket* 25.3 1988 bls. 207.
- Regler for pris- og markedsregulering for tomater, agurker, veksthussalat, blomkål og tidligkål dyrket under plast. *Gartneryrket* 13.5. 1988 bls. 311.

Reykjavík, 7. nóv. 1988.

Garðar R. Árnason
ráðunautur.

Sþ. 118. Svar [70. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um örorkubætur og örorkumat.

Fyrirspurnin var send Tryggingastofnun ríkisins og eru meðfylgjandi svör byggð á greinargerðum frá sjúkratryggingadeild TR, lífeyristryggingadeild TR, endurskoðunardeild TR og tryggingayfirlækni.

1. Hversu margir einstaklingar fá greiddar örorkubætur?

Hjá slysatryggingadeild eru eingöngu tryggðir launþegar við vinnu, nemendur við verklegt iðnnám, stjórnendur aflvéla og ökutækja, útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar, björgunarmenn, íþróttafólk, atvinnurekendur við eigin atvinnurekstur og þeir sem hafa tryggt sig við heimilisstörf. Örorkubætur slysatrygginga eru frábrugðnar örorkubótum lífeyristrygginga að því leyti að 15% örorka nægir til greiðslu örorkubóta og bætur vegna örorku, sem metin er á bilinu 15–49%, eru greiddar út í einu lagi í eitt skipti fyrir öll. Enn fremur eru bætur vegna örorku, sem metin er á bilinu 50–74%, reiknaðar út öðruvísi en gildir um örorkubætur lífeyristrygginga.

Í desember 1987 var fjöldi örorkulífeyrisþega þessi:

Örorkulífeyrisþegar, 75–100% öryrkjar	3.824
Örorkustyrkþegar, 50–74% öryrkjar	2.343
Örorkulífeyrisþegar vegna vinnuslysa:	
50–100% öryrkjar	140
Samtals	6.307

Eftir stendur að gera grein fyrir þeim fjölda sem metinn hefur verið til 15–49% slysaörorku. Er það gert í tveimur eftirfarandi töflum sem sýna fjölda einstaklinga nokkur ár aftur í tímann.

Fjöldi einstaklinga sem fengið hafa eingreiðslu hjá slysatryggingadeild TR (15–49% örorka) árin 1978–1988.

Ár	*Fjöldi slysa*	*Fjöldi eingr.*	*Hlutfall eingr. af fjölda slysa (%)*
1978	1631	58	3,6
1979	1635	66	4,0
1980	1676	73	4,4
1981	1609	45	2,8
1982	1445	80	5,5
1983	1765	81	4,6
1984	1641	80	4,9
1985	1795	100	5,6
1986	1904	90	4,7
1987	2177	155	7,1
(1.1.–4.11.) 1988	1928	150	7,8

Fjöldi einstaklinga sem metinn hefur verið til 15–49% örorku á árunum 1983–1988, skipt eftir tryggingaflokkum.

	1983	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*	(1.1–4.11.) *1988*
Sjálfstæðir atvinnurekendur .	2	0	5	2	2	
Stjórnendur ökutækja	14	13	30	33	57	
Íþróttamenn	1	0	0	1	2	
Launþegar í landi	47	39	44	37	70	
Sjómenn	13	22	16	12	16	
Bændur	2	5	5	4	8	
Heimilisstörf	2	1	0	1	0	
Samtals	81	80	100	90	155	150

2. Hvernig fer örorkumat fram: a. Læknisfræðilegt mat?
b. Er tekið tillit til félagslegra aðstæðna einstaklinga þegar örorka er metin?

a. Læknisfræðilegt mat:

Samkvæmt upplýsingum tryggingayfirlæknis er örorkumat alltaf læknisfræðilegt þar sem lagt er til grundvallar starfsorkutapinu sjúkdómar, andlegir og/eða líkamlegir, eða afleiðingar slysa.

Örorkumat er unnið af læknum Tryggingastofnunar ríkisins. Það er unnið eftir vottorðum heilsugæslulækna, sérfræðinga og sjúkraskýrslum, svo og eigin skoðun tryggingalækna. Þegar slíkt örorkumat hefur verið unnið er það yfirfarið af tryggingayfirlækni eða aðstoðartryggingayfirlækni. Þyki ástæða til nánari skoðunar er aflað frekari gagna og oftast er þá viðkomandi mál lagt fyrir svokallaðan örorkumatsfund sem haldinn er einu sinni í viku. Þann fund sitja allir læknar Tryggingastofnunar ríkisins og félagsmálafulltrúi. Ef óskað er endurskoðunar eftir úrskurð eru mál ætíð tekin upp eins skjótt og auðið er þegar ný gögn hafa borist í viðkomandi máli.

Örorkugreinargerð eða örorkumat skiptist í fjóra meginþætti:

1. Örorka slysatrygginga sem er hreint læknisfræðilegt mat.
2. Örorka lífeyristrygginga þar sem auk hins læknisfræðilega grundvallar matsins er tekið tillit til félagslegra aðstæðna svo sem fjárhagsvanda, atvinnuástands í héraði og fleiri þátta.
3. Svokölluð barnaörorka þar sem einkum eru lögð til grundvallar aukin útgjöld og auka fyrirhöfn forsjármanna barna miðað við heilbrigð börn á sama aldri.
4. Örorkumat fyrir lífeyrissjóði. Í þessari matsgerð er lagt til grundvallar tímabundið eða varanlegt sjúkdómsástand til þeirrar vinnu sem umsækjandi hafði með höndum þegar hann öðlaðist rétt til greiðslu bóta úr lífeyrissjóði.

Nánar um örorkumat slysatrygginga: Örorkumat slysastrygginga er hreint læknisfræðilegt mat. Hér er lagt til grundvallar það starfsorkutap sem viðkomandi hefur orðið fyrir vegna afleiðinga slyss. Sem dæmi má nefna að maður sem missir annað augað mundi hljóta 25% örorku. Hvorki er tekið tillit til þess hvaða störf mundu standa manninum til boða né hverjar efnalegar aðstæður hans eru. Í örorkumati slysatrygginga er m.a. stuðst við ýmis erlend alþjóðleg fræðirit, svo sem rit sænska læknisins John Nordin og hinar nákvæmu leiðbeiningarreglur sem ameríska læknafélagið (American Medical Association) hefur gefið út, *Evaluation of Permanent Impairment.*

Nánar um örorkumat lífeyristrygginga: Örorkumatið er með verulega öðrum hætti en örorkumat slysatrygginga þar sem það er svokallað blandað mat. Það þýðir að grunnurinn undir örorkumatinu er ávallt læknisfræðilegur en tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Þannig er lagt til grundvallar læknisvottorð, skoðun tryggingalæknis og félagsleg staða einstaklings. Einnig liggja iðulega fyrir sjúkraskýrslur viðkomandi sjúklings og ýmsar aðrar faglegar upplýsingar. Sem dæmi mætti nefna mann sem vegna bakveiki væri metinn til 65% örorku þar sem hann fengi starf við sitt hæfi. Væri svo ástatt í heimabyggð hans að ekkert starf væri fyrir hendi við hans hæfi yrði örorkan metin meir en 75% enda verður missir hæfni til tekjuöflunar ávallt háð því um hvaða störf er að ræða.

Nánar um barnaörorku: Heimilt er að meta barn til örorku, stigs I, sem samsvarar 25% af lífeyri, stigs II, sem samsvarar 50% af lífeyri, og stigs III, sem samsvarar 75% af lífeyri. Örorkumat barns er að því leyti ólíkt örorkumati lífeyristrygginga að hér er fyrst og fremst tekið tillit til þeirrar auknu umönnunar eða aukakostnaðar sem foreldrar (forsjármenn) verða fyrir og er þá tekið mið af heilbrigðu barni á sama aldri. Gott dæmi um börn sem þurfa mikla umönnun og valda aukakostnaði eru heilasköðuð börn.

Nánar um örorkumat fyrir lífeyrissjóði: Örorkumat fyrir lífeyrissjóð er að því leyti frábrugðið örorkumati lífeyristrygginga að það tekur fyrst og fremst mið af orkuskerðingu með tilliti til ákveðins starfs, þess starfs sem viðkomandi hefur haft með höndum er hann öðlaðist rétt til bótagreiðslu úr sínum lífeyrissjóði. Þannig getur maður sem er 50% öryrki almennt (fyrir lífeyristryggingar) t.d. vegna bakveiki verið óhæfur til þess starfs sem hann getur fengið greitt fyrir úr lífeyrissjóði. Hér nægir að benda á mann sem er bakveikur, hann getur að jafnaði ekki stundað t.d. sjómennsku eða erfið bústörf.

b. Er tekið tillit til félagslegra aðstæðna einstaklinga þegar örorka er metin?

Eins og fram kemur hér að framan er örorkumat slysatrygginga eingöngu læknisfræðilegt mat. Örorkumat lífeyristrygginga er hins vegar blandað. Grunnurinn undir örorkumatinu er ávallt læknisfræðilegur en tekið er tillit til félagslegra aðstæðna og vinnugetu.

3. Hversu margir einstaklingar eru metnir 75% öryrkjar?

Véltæk skrá yfir örorkumat 50% og hærra er uppfærð á þriggja mánaða fresti. Sú venja hefur skapast að aðeins einu sinni á ári (í ársbyrjun) er fellt út af þessari skrá vegna eftirtalinn orsaka:

Öryrki hefur látist á árinu.

Öryrki hefur náð 67 ára aldri.

Öryrki hefur ekki sinnt því að koma í endurskoðun.

Við síðustu uppfærslu á skránni í september sl. voru þar 3177 karlar og 4550 konur. Þar af voru 2151 karl og 2832 konur með örorkumat meira en 75%.

Af reynslu liðinna ára má með góðri nákvæmni áætla að tölur þessar séu 9% hærri en fjöldi þeirra örorkumata sem telja má í gildi vegna framangreindra ástæðna.

Ekki eru til upplýsingar um fjölda slysaöryrkja sem metnir eru til 75% örorku eða meira. Hins vegar kemur fram í tölum lífeyrisdeildar, sem annast útborganir fyrir hönd slysatryggingadeildar í þessum málum, að fjöldi slysaöryrkja, sem metnir eru til 50–100% örorku, er 140 í desember 1987.

4. Hversu háar fjárhæðir eru greiddar öryrkjum, þar af til þeirra sem hafa 75% örorkumat?

Samkvæmt reikningum lífeyrisdeildar 1987 námu örorkubætur hennar eftirfarandi upphæðum:

Örorkulífeyrir 75–100% öryrkja	356.642.178
Tekjutrygging vegna örorkulífeyris	460.485.064
Uppbót	67.220.254
Vasapeningar	27.348.274
Heimilisuppbót	50.857.619
Bensínstyrkur	17.122.160
Sérstök heimilisuppbót	5.552.376
Örorkustyrkur 50–74% öryrkja	138.559.852
Barnaörorkustyrkur	25.234.670
Bensínstyrkur örorkustyrkþega	4.297.445
Vinnusamningur öryrkja	875.322
Barnalífeyrir	72.998.813
Samtals	1.227.194.027

5. Hversu margir einstaklingar, sem fá greiddar örorkubætur, hafa meira en meðaltekjur:
a. Af þeim sem eru metnir 75% öryrkjar?
b. Af þeim öðrum sem fá greiddar örorkubætur?

Hjá Tryggingastofnun ríkisins eru aðeins upplýsingar um þær tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikning tekjutryggingar. Enginn sem fær fulla tekjutryggingu hefur meðaltekjur.

Örorkubætur slysatrygginga eru samkvæmt lögum óháðar fjárhagsástæðum þeirra sem tryggðir eru. Því hefur slysatryggingadeild TR engar upplýsingar um tekjur slysaöryrkja.

Sþ. 119. Svar [69. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um innflutning á hundum.

Alls bárust ráðuneytinu á tíu árum, þ.e. á árunum 1978–1987, að báðum árum meðtöldum, 192 skriflegar umsóknir um innflutning á hundum. Auk þess bárust ráðuneytinu og yfirdýralækni fjölmargar fyrirspurnir um möguleika á innflutningi þar sem ekki kom til þess að leitað væri eftir undanþáguheimild að fengnum upplýsingum.

Veittar voru 64 undanþágur en 99 umsóknum var synjað skriflega. Undanþágur skiptust þannig milli ára:

	1978	*1979*	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*
Undanþágur	7	8	3	4	8	8	4	5	8	9

Skipting milli aðila:

	Undanþágur
Hjálparsveitir, björgunarsveitir og lögregla (vegna fíkniefnaleitar)	5
Sendimenn erlendra ríkja	27
Íslenskir sendiherrar við heimflutning	4
Aðrir, þar með taldir fatlaðir einstaklingar	28
Samtals	64

Skipting milli landa:

	Leyfi
Bretland	10
Danmörk	16
Noregur	4
Svíþjóð	6
Bandaríkin	17
Frakkland	3
Þýskaland	3
Finnland	1
Sviss	1
Pólland	1
Kanada	1
Holland	1
Samtals	64

Varðandi fyrirspurn um hundasóttkví vísast til meðfylgjandi fréttatilkynningar um það efni.

Fréttatilkynning landbúnaðarráðuneytisins um innflutning gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 74/1962 er bannað að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt. Undanþágur eru heimilar ef yfirdýralæknir samþykkir innflutning og heimilt er að fengnum tillögum hans að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, enda sé þeim haldið í einangrun eins lengi og nauðsyn er talin á.

Á undanförnum árum hafa nokkrar undanþágur verið heimilaðar frá þessu banni, enda hefur þeim dýrum verið haldið í einangrun tiltekinn tíma undir eftirliti yfirdýralæknis.

Nú er svo komið að gæludýrum, ekki síst hundum, hefur fjölgað það mikið að æ erfiðara er að ganga svo frá að einangrun í heimahúsum sé nógu trygg.

Til að tryggja samræmda og trausta framkvæmd á einangrun þeirra dýra, sem undanþágur eru veittar fyrir, hefur landbúnaðarráðuneytið því ákveðið í samráði við yfirdýralækni að heimila ekki frekari undanþágur fyrr en sett hefur verið á stofn einangrunarstöð fyrir gæludýr. Áformað er að reisa stöðina í Hrísey á Eyjafirði og mun hún verða rekin í tengslum

við sóttkvíarstöð fyrir nautgripi sem þar er. Vilyrði hefur fengist fyrir fjárveitingu á næsta ári til að koma rekstrinum af stað. Rekstrarkostnaður verður greiddur með daggjöldum af þeim dýrum sem þar verða vistuð.

Tekið skal fram að með tilkomu einangrunarstöðvarinnar verður í engu breytt þeim kröfum sem gerðar hafa verið þegar innflutningur gæludýra hefur verið heimilaður.

Sþ. 120. Svar [10. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Kristínu Einarsdóttur um undirbúning að nýju álveri við Straumsvík.

1. Hvaða fyrirtæki taka þátt í hagkvæmnikönnun á nýju álveri við Straumsvík (ATLANTAL-verkefninu)?

Hagkvæmnikönnun þessi fer fram á grundvelli samkomulags sem gert var milli fjögurra fyrirtækja í áliðnaði 4. júlí 1988 með aðild og samþykki ríkisstjórnarinnar og fjallaði hún um stofnun samstarfshóps milli þeirra (ATLANTAL-hópsins) til athugunar og viðræðna um möguleika á byggingu nýrrar álbræðslu í Straumsvík við hliðina á álveri Ísals og í samvinnu við það. Fyrirtækin eru þessi:

Swiss Aluminium Ltd.
Zurich, Swiss.

Granges Aluminium AB
Stokkhólmi, Svíþjóð.

Alumined BV
Amstelveen, Hollandi.

Austria Metall AG
Braunau - Ranshofen, Austurríki.

2. Hvað er gert ráð fyrir að athugun þessi kosti og hver greiðir þann kostnað?

Gert er ráð fyrir að hagkvæmniathugunin og annar sameiginlegur kostnaður aðilanna vegna hennar geti numið allt að 1 millj. bandarískra dala eða sem nemur um 47 millj. kr. Fyrirtækin fjögur, sem að könnuninni standa, greiða kostnaðinn að fullu og skiptist hann að jöfnu. Íslenska ríkið tekur ekki á sig beinan útlagðan kostnað af könnuninni.

3. Hvaða verktakar vinna að hagkvæmniathuguninni, hvenær er þeim gert að skila niðurstöðum og hvenær er gert ráð fyrir að niðurstaða ATLANTAL-hópsins liggi fyrir?

Bandaríska verkfræði- og verktakafyrirtækið Bechtel Inc., San Francisco, Bandaríkjunum og kanadíska verkfræðifyrirtækið Lavalin, Montreal, Kanada, vinna hagkvæmniathugunina. Fyrirtækin hafa ráðið Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. sem undirverktaka hér á landi. Ráðgjafarfyrirtækjunum er gert að skila niðurstöðum í ársbyrjun 1989. Stefnt er að því að undirbúningsvinnu samkvæmt samkomulaginu verði lokið fyrri hluta árs 1989 og unnt verði að taka endanlega ákvörðun um málið á árinu 1989.

4. Hvers eðlis er þátttaka íslenskra stjórnvalda og annarra innlendra aðila í hagkvæmniathuguninni?

Íslenska ríkið er ekki beinn þátttakandi í samstarfi fyrirtækjanna samkvæmt samkomulaginu frá 4. júlí sl. en iðnaðarráðherra undirritaði samkomulagið f.h. íslenska ríkisins til samþykkis og sem hagsmunaaðili. Iðnaðarráðherra tilnefndi einn áheyrnarfulltrúa og varamann hans í verkefnisstjórn aðilanna sem starfar að undirbúningi málsins f.h. ATLANTAL-hópsins á grundvelli samkomulagsins frá 4. júlí sl.

5. Hvaða skuldbindingar liggja fyrir milli aðila vegna þessa verkefnis og hugsanlegs framhalds?

Auk gagnkvæmra skuldbindinga álfyrirtækjanna um að hvert þeirra greiði fjórðung af kostnaði við verkefnið hafa fyrirtækin skuldbundið sig til að taka ákvörðun um hvort ráðast skuli í byggingu verksmiðjunnar innan 90 daga frá því að nauðsynlegum undirbúningi er lokið, í síðasta lagi fyrir árslok 1989. Verði ákvörðun tekin um að ráðast í byggingu verksmiðjunnar munu álfyrirtækin ganga til endanlegrar samningsgerðar við ríkisstjórnina og aðra aðila með það að markmiði að fyrsti áfangi bræðslunnar taki til starfa á árinu 1992 og síðari áfanginn 4–6 árum síðar. Íslenska ríkið tók ekki á sig aðrar skuldbindingar en þær að eiga viðræður við fyrirtækin, fylgjast með könnuninni og láta í té nauðsynlegar upplýsingar.

6. Hver er áætluð framleiðslugeta álbræðslunnar á ári fullbyggðrar? Út frá hvaða áfangaskiptingu er gengið varðandi byggingu hennar og hvernig eru einstakir áfangar tímasettir?

Samkvæmt samkomulaginu er áætluð framleiðslugeta fyrsta áfanga álbræðslunnar 90.000–110.000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi álbræðslunnar taki til starfa á árinu 1992. Þá er gert ráð fyrir möguleika á stækkun bræðslunnar í 180.000–220.000 tonn á ári 4–6 árum síðar.

7. Hvaða mengunarvarnarkröfur eru settar sem forsendur í athuguninni? Óskað er eftir að mengunarvarnir séu greindar eftir eðli mengunar.

Álverið mun lúta jafnströngum mengunarvarnarkröfum og gilda um ný álver í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Athugun þess máls mun fara fram á grundvelli gildandi reglna um starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Viðræður við heilbrigðisráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins um starfsleyfi eru hafnar en niðurstöður um einstök atriði liggja ekki fyrir.

8. Hver er áætluð raforkuþörf álbræðslunnar og hvaða raforkuverð er lagt til grundvallar í hagkvæmniathuguninni? Hvernig er það verð rökstutt?

Áætluð raforkuþörf álvers með 90.000 tonna ársframleiðslugetu er um 1300 gwst á ári og raforkuþörf 180.000 tonna álvers 2600 gwst á ári. Ekki hefur verið samið um raforkuverð. Landsvirkjun hefur að undanförnu unnið að útreikningum á orkuverði til nýrrar álbræðslu í

samræmi við þær forsendur varðandi slíka samninga sem gefnar eru í 13. gr. laga um Landsvirkjun. Endanlegt verð ræðst af tímasetningu og stærð áfanga, kaupskyldu, afhendingarspennu og öðrum söluskilmálum, verðbreytingarákvæðum, tímalengd samninga, endurskoðunarákvæðum og fleiri atriðum. Bindandi samningar verða ekki gerðir fyrr en niðurstöður hagkvæmniathugunarinnar liggja fyrir.

9. Hvaða skattgreiðslum og öðrum gjöldum er gert ráð fyrir frá álbræðslunni til íslenska ríkisins og annarra aðila hérlendis í forsendum hagkvæmniathugunarinnar?

Ekki hefur verið samið um fyrirkomulag skattamála fyrirtækisins. Á næstunni munu hefjast viðræður um hugsanleg skattkerfi með þátttöku íslenskra skattyfirvalda. Stefnt er að því að frumniðurstöður um fyrirkomulag skattamála liggi fyrir sem fyrst þannig að styðjast megi við þær sem reikniforsendur í hagkvæmniathuguninni. Frá endanlegum og bindandi samningum yrði gengið síðar m.a. í ljósi niðurstaðna hagkvæmniathugunarinnar.

10. Hvað er gert ráð fyrir miklum mannafla við byggingu a. álbræðslu, b. virkjana, svo og við starfrækslu álbræðslunnar eftir að hún tæki til starfa?

Áætlað er að um 230 ársverk þurfi til að koma á vegum Landsvirkjunar ár hvert að meðaltali á árunum 1989–1992, til viðbótar við vinnu sem þegar er í gangi, til að fullnægja raforkuþörf vegna 90.000–110.000 tonna áfanga í byggingu álvers. Ekki er á þessu stigi hægt að segja með neinni vissu hvað gera má ráð fyrir miklum mannafla við byggingu álbræðslunnar. Fyrstu upplýsingar benda til að um 1500 ársverk þurfi til að byggja fyrsta áfanga álvers með 90.000–110.000 tonna ársframleiðslu. Verði rafskautaverksmiðja jafnframt byggð bætast væntanlega við um 500 ársverk. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er áætlað að rúmlega 430 starfsmenn þurfi til að starfrækja nýja álverið í endanlegri stærð, þ.e. með 180.000 tonna ársframleiðslugetu.

11. Hvenær og í hvaða formi mundu frumvörp um hugsanlega álbræðslu og tengdar virkjanir verða lögð fyrir Alþingi?

Ekki er ljóst nú hvort samkomulag náist við viðræðuaðila sem stóðu að samkomulaginu 4. júlí sl. og því er ekki hægt að svara því hvenær frumvörp yrðu lög fyrir Alþingi. Verði frumvarp um nýja álbræðslu lagt fram yrði það að líkindum í formi heimildarlaga sambærilegra við lögin um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

Í samkomulaginu frá 4. júlí sl. eru fyrst og fremst ákvæði um samstarf fyrirtækjanna fjögurra og óskuðu þau eftir því að með þau ákvæði yrði farið sem viðskiptaleyndarmál þeirra. Var á það fallist og þykir því ekki fært að verða við óskum fyrirspyrjanda um að birta samkomulagið sem þingskjal.

Þar sem kaflaskil urðu í málinu við undirritun samkomulagsins hinn 4. júlí sl. hefur iðnaðarráðherra nú ákveðið að breyta fyrirkomulagi viðræðna og undirbúnings á aukningu álframleiðslu hér á landi á þann hátt sem frá greinir í meðfylgjandi minnisblaði sem iðnaðarráðherra lagði fram í ríkisstjórninni 15. nóvember 1988.

Minnisblað um athugun á hagkvæmni aukinnar álframleiðslu og þjóðhagslegum áhrifum stóriðju.

Með samkomulagi við fjögur álfyrirtæki hinn 4. júlí sl. um athugun á hagkvæmni nýs álvers hér á landi urðu kaflaskil í þeirri könnun á aukinni álframleiðslu sem unnið hefur verið að frá árinu 1986. Ég tel því ástæðu til þess að endurskipuleggja það starf sem nú er unnið á vegum ráðuneytisins að þessu máli. Starfshópur um stækkun álvers, sem upphaflega var skipaður 14. júlí 1986, hefur lokið sínu verki. Í hans stað hef ég skipað ráðgjafarnefnd sem verði mér til ráðuneytis vegna þessarar hagkvæmniathugunar. Ég legg sérstaka áherslu á að þessi athugun miðist við að gerð verði krafa um fullkomnar umhverfisvarnir, um hollustu á vinnustað, um góð samskipti starfsmanna og stjórnenda og að kannað verði hvort hagkvæmt sé að koma á fót fyrirtæki sem vinnur úr bráðnu áli og ef til vill endurvinnslu úrgangsáls. Ráðgjafarnefndin hefur það verkefni að fylgjast með hagkvæmniathugun fyrirtækjanna fjögurra og veita upplýsingar um íslenskar aðstæður sem máli skipta t.d. varðandi verð og afhendingarskilmála á orku og íslensk skattamál. Þá hef ég falið Þjóðhagsstofnun að kanna í samráði við Byggðastofnun og Orkustofnun þjóðhagsleg áhrif aukinnar álframleiðslu. Ég hef skipað nefnd sérfræðinga til að vera stofnununum til ráðuneytis í því verki og til að semja skýrslu um langtímauppbyggingu orkufrekrar stóriðju hér á landi, m.a. með tilliti til æskilegrar atvinnu- og búsetuþróunar.

Í ráðgjafarnefndina vegna hagkvæmniathugunar voru skipaðir:
Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður,
Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri,
Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður,
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri,
Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, mun starfa með nefndinni og markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar mun einnig starfa fyrir hana. Í starfi sínu skal ráðgjafarnefndin hafa náið samráð við þá aðila sem fara með mál sem tengjast þessari athugun, svo sem fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Landsvirkjun, Hafnarfjarðarbæ, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og Vinnueftirlit ríkisins.

Í sérfræðinganefnd um athugun á þjóðhagslegum áhrifum orkufrekrar stóriðju voru skipaðir:
Birgir Árnason hagfræðingur, formaður,
Guðmundur Magnússon prófessor,
Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur,
Haraldur Ólafsson lektor,
Jón Ingimarsson verkfræðingur,
Sigurður Guðmundsson landfræðingur,
Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur,
Þórður Friðjónsson hagfræðingur.

Verkefni nefndarinnar eru einkum að vera Þjóðhagsstofnun til ráðuneytis um könnun á þjóðhagslegum áhrifum aukinnar álframleiðslu og að kanna hugmyndir um langtímauppbyggingu orkufrekrar stóriðju á Íslandi, m.a. með tilliti til þjóðhagslegrar hagkvæmni, æskilegrar búsetuþróunar og uppbyggingar raforkukerfisins.

Nd. 121. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutafélagið skal minnst vera 400.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h.f.).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði gerðar á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: tveir.

b. 3. mgr. orðist svo:

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

c. 5. mgr. orðist svo:

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

a. 2. tl. 2. mgr. orðist svo: Heimilisfang félagsins.
b. 10. tl. 2. mgr. falli niður og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.
c. Í stað orðsins „ágóða“ í 3. mgr. komi: hagnaði.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það sem áskrift hefur fengist fyrir sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. komi: tveir.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo:

Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m. a. flokka án atkvæðisréttar.

9. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. Aftan við c-lið í 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.
b. Í stað orðanna „margra hluta“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: margra hluta eins eða fleiri hluthafa.
c. Síðasti málsl. 4. mgr. falli niður.

11. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið

innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 21. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.
b. Í stað orðsins „Nafnbréf“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Hlutabréf.
c. 3. tl. 3. mgr. falli niður og 4. tl. greinarinnar verði 3. tl.
d. Við 1. tl. 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo:
   Séu hlutabréf án atkvæðisréttar skal auðkenna slíkt greinilega í nafni þeirra eða á annan áberandi hátt.
e. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
   Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess, svo og númer hlutanna sem það tekur til og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

13. gr.

2. málsl. 23. gr laganna falli niður.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:
   Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer eða skráningarnúmer.
b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:
   Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs, númer hlutanna sem hlutabréfið tekur til og nafnverð þeirra.
   Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.
c. Úr 1. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falli niður orðin „sem skráður er á nafn“.

15. gr.

a. Úr 25. gr. laganna falli niður orðin „sem hljóðar á nafn“.
b. Við 25. gr. laganna bætist: Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

16. gr.

Í stað orðanna „35. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna komi: 35. og 37. gr.

17. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo:

Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem ekki verður framseldur öðrum.

18. gr.

Tveir síðustu málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

19. gr.

7. tl. 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Í 32. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

21. gr.

1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr., og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „verðhækkunar eigna“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: færslna í endurmatssjóð.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir málsl. sem orðist svo: Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.
c. Inn komi ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:

   Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.

24. gr.

Í stað orðsins „greiðslu“ í 4. tl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: að leggja.

25. gr.

Í stað orðanna „birta þrisvar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna komi: birta tvisvar, og í stað orðanna „þriggja mánaða“ í sömu málsgrein komi: tveggja mánaða.

26. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn. Ef hluthafar eru fjórir eða færri nægir þó að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.

b. Í stað orðanna „minnst ¼ hlutafjárins“ í 4. mgr. komi: minnst ⅕ hlutafjárins.

28. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 49. gr. laganna:

a. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:

Í félagi, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánföld sú lágmarksfjárhæð sem þarf til að hlutafélag verði stofnað, sbr. 1. gr., skal stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félagi, sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr., skal meirihluti stjórnar vera menn sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu.

29. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.

30. gr.

2. málsl. 1. mgr. 65. gr. laganna orðist svo:

Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

31. gr.

Í stað orðanna „efnahagsreiknings og rekstrarreiknings“ í a-lið 2. mgr. 67. gr. laganna komi: ársreiknings.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 71. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

b. Í stað orðsins „ársreikningur“ í 4. mgr. komi: ársreikningur, ársskýrsla stjórnar.

33. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðist svo:

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra atkvæðisbærra fundarmanna sem samtals fara með minnst ¾ hluta atkvæða í félaginu.

34. gr.

1. málsl. fyrri mgr. 76. gr. laganna orðist svo:

Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.

35. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna komi nýr málsl. sem orðist svo:

Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.

36. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. gr. orðist svo:

Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

37. gr.

Inn í 3. mgr. 88. gr. laganna komi nýr málsliður, sem verði 2. málsliður, svohljóðandi:

Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.

38. gr.

Yfirskrift XII. kafla orðist svo:

Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

39. gr.

Eftirtaldar breytingar verði gerðar á 93.gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

b. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.

c. Í stað orðanna „einum og hálfum mánuði“ í 3. mgr. komi: einum mánuði.

40. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

41. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 97. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi málsliðir sem orðist svo:
Þá fjárhæð sem hækkuninni nemur skal setja í endurmatssjóð. Í endurmatssjóð skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatssjóði má aðeins ráðstafa til:
1) nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2) að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
3) hækkunar á hlutafé,
4) að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
5) að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
6) að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tl. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.

b. Í stað orðanna „liðum 1 eða 3“ í 5. mgr. komi: lið 1.

c. Inn komi ný lokamálsgrein sem verði 7. mgr. og hljóði svo:
Ráðstöfun endurmatssjóðs í því skyni sem um ræðir í liðum nr. 2, 4, 5 og 6 í 2. málsl. 4. mgr. þessarar greinar er heimil frá upphafi árs 1979.

42. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 101. gr. laganna:

a. 1. tl. 3. mgr. orðist svo: Tekjur af aðalstarfsemi.

b. Í 3. mgr. komi inn nýr tl., sem verði 5. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo:
Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

c. 6. tl. 3. mgr., sem verður 7. tl. orðist svo:
Óreglulegar tekjur.

d. Í 4. mgr. komi inn nýr tl., sem verði 2. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo:
Gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

e. 4. tl. 4. mgr., sem verður 5. tl., orðist svo:
Óregluleg gjöld.

f. 5. mgr. orðist svo:
Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 5. lið 4. mgr., svo og þær ráðstafanir sem nefndar eru í 6. lið 4. mgr. þessarar greinar, skal sundurliða eftir tegundum.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 102. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo:
Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:

b. Inn komi nýr tl., er verði 2. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.

Hinn nýi tl. orðist svo:
Hafi við gerð efnahagsreiknings og rekstrarreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, skal gera grein fyrir þeirri aðferð, sem beitt hefur verið.

44. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sem lögð skal fram á aðalfundi.
b. Í lok 2. mgr. komi nýr málsl. sem orðist svo:
Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal ennfremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

45. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 105. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo:
Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags sem leggur engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, þó eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár.
b. Inn komi nýr málsl., er verði 2. málsl., svohljóðandi:
Hlutafélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga.

46. gr.

Fyrri málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:
Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

47. gr.

Í stað orðsins „árságóða“ í 1. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna komi: hagnaðar.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 109. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans“ í 1. mgr. komi: um það efni.
b. 2. mgr. orðist svo:
Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

c. 3. mgr. orðist svo:

Hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skal jafnframt ákveða hver vera skuli gjalddagi hans en gjalddagi skal þó ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

49. gr.

Í stað orðanna „jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum“ í 1. mgr. 110. gr. laganna komi orðin „jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, sbr. 1. mgr. 14. gr.“

50. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

51. gr.

114. gr. laganna orðist svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið, á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist samkvæmt 1. mgr.

52. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan þriggja ára frá lokum lögmælts frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum.
4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.
5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.—6. mgr.

118. gr.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa samkvæmt 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

53. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Er skiptaráðanda hefur borist krafa um skipti samkvæmt 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2.—5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga þar sem greint er á hvern hátt búið sé komið til skipta og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV.—VII. og IX.—XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmeðferð upp frá því.

54. gr.

117. gr. laganna orðist svo:

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit samkvæmt 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins samkvæmt 3. mgr. 115. gr.

55. gr.

118. gr. laganna orðist svo:

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður, eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu, eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum, skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé

málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

56. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu samkvæmt 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

57. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur samkvæmt 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag, sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit samkvæmt 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

58. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Þegar að loknum fundi samkvæmt 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna samkvæmt 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

59. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

60. gr.

123. gr. laganna orðist svo:

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu samkvæmt 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga samkvæmt 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

61. gr.

124. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

62. gr.

125. gr. laganna orðist svo:

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar, og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti samkvæmt 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

63. gr.

Síðari málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo:

Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

64. gr.

Við 4. mgr. 146. gr. laganna bætist við nýr málsl., svohljóðandi:

M.a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

65. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 147. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo:
   Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meirihluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.
b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr. er orðist svo:
   Auk tilkynninga samkvæmt 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa, miðað við 1. júní, nema ráðherra ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.

66. gr.

Í stað orðsins „greiðslur“ í 2. tl. 151. gr. laganna komi: tillög.

Gildistaka laganna o.fl.

67. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 68. og 69. gr.

68. gr.

Ákvæði 1. gr. um hlutafé og ákvæði 12. gr. um að hlutir og hlutabréf skuli hljóða á nafn gilda ekki um félög og útgefin hlutabréf félaga sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978 eða eldri laga.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð er lögin taka gildi en stofnun þess ráðin til lykta á stofnfundi skv. II. kafla laga nr. 32/1978 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði þeirra laga er skráning þess heimil enda sé félagið tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Nú eru eða verða hluthafar í hlutafélögum, skv. 1. eða 2. mgr., fjórir eða færri og er það þá skilyrði þess að fækka megi stjórnarmönnum í einn eða tvo, sbr. 27. gr. laga þessara, að hlutafé nemi a. m. k. þeirri fjárhæð sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 1. gr.

69. gr.

Hafi skilanefnd verið löggilt í félagi fyrir gildistöku þessara laga skulu um störf hennar gilda ákvæði 5. og 6. mgr. 53. gr., sbr. 5. tl. 1. mgr. 50. gr., svo og 54.—60. gr., eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði XIV. kafla laga þessara skal heimilt samkvæmt skriflegri beiðni félagsstjórnar að afmá félag úr hlutafélagaskrá að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að engin starfsemi hafi átt sér stað hjá félaginu á næstu fjórum reikningsárum áður en beiðni berst.
2. Að eigi sé kunnugt um að nokkrar kröfur hvíli á félaginu.
3. Að hluthafar, er ráði yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, lýsi því yfir að þeir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu á öllum kröfum sem kunna að koma fram á hendur félaginu eða í tengslum við slit þess.

Beiðni samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja staðfest endurrit ársreikninga og staðfest endurrit skattframtala fyrir sama tímabil og í 1. tl. 1. mgr. greinir. Þá skal og fylgja ítarleg greinargerð um hvernig eignum félagsins verði ráðstafað til hluthafa ef beiðni verður tekin til greina. Öll útgefin hlutabréf með óslitinni framsalsröð til núverandi hluthafa skulu þeir, sem ábyrgðaryfirlýsingar gefa, einnig afhenda með beiðni eða færa fram aðra óyggjandi sönnun fyrir hlutafjáreign sinni.

Telji ráðherra fullnægt skilyrðum til þess skal félagið afmáð úr hlutafélagaskrá með sömu réttaráhrifum og ef því hefði verið slitið samkvæmt almennum reglum. Skal auglýst í Lögbirtingablaði að félagið hafi verið afmáð úr hlutafélagaskrá og hverjir þeir hluthafar séu sem gengið hafi í ábyrgð fyrir kröfum samkvæmt framansögðu.

Ákvæði þetta skal falla niður að liðnum fjórum árum frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Á 109. löggjafarþingi 1986 var lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög, sem nefnd, skipuð af viðskiptaráðherra 1984, hafði samið. Frumvarp þetta var endurflutt á 110. löggjafarþingi 1987 en varð ekki útrætt þá. Það er nú endurflutt með tveimur smávægilegum efnisbreytingum, þ.e. varðandi 3. mgr. 1. gr. laganna (aðeins vísað í lánskjaravísitölu) og nýja 3. mgr. 20. gr. laganna (tímamörk sett vegna mats á innlausnarverði hlutabréfa), svo og leiðréttingum á örfáum prentvillum. Tölur í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins hafa verið endurreiknaðar.

Gerð verður grein fyrir helstu breytingum á frumvarpi nefndarinnar í athugasemdum við einstakar greinar. Þó skal tekið hér fram til yfirlits, að lágmarksfjárhæð hlutafjár hefur verið hækkuð, þó ekki eingöngu með hliðsjón af verðbólgu. Einnig er veitt heimild til útgáfu hlutabréfa án atkvæðisréttar. Nokkru strangari kröfur eru gerðar um úrlausn mála, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar. Skylda til að skila ársreikningum er ekki lögð fortakslaust á öll hlutafélög, heldur einungis þau, sem leggja engar hömlur á heimild

hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum. Þá skulu hlutafélög auk venjulegra tilkynninga senda hlutafélagaskrá sérstaka tilkynningu um nöfn stjórnarmanna o.fl. miðað við 1. júní ár hvert til að auka áreiðanleika þeirra upplýsinga, sem skráin veitir. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir tímabundnum möguleika til að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en nú er unnt.

Tekið er fram hér á eftir, ef vikið er frá athugasemdum nefndarinnar um annað en tæknilegar smábreytingar, en athugasemdir hennar voru svohljóðandi:

Frumvarp þetta hefur samið nefnd, sem viðskiptaráðherra skipaði hinn 11. janúar 1984 til þess meðal annars „(að) endurskoða lög nr. 32/1978 um hlutafélög og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur, með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað snertir smærri hlutafélög". Í nefndina voru skipaðir: Árni Vilhjálmsson, prófessor, formaður nefndarinnar, Baldur Guðlaugsson, lögmaður, Björn Líndal, lögfræðingur, Gísli Ólafsson, forstjóri, og Guðmundur Skaftason, lögmaður. Hreinn Loftsson, lögfræðingur, var starfsmaður nefndarinnar fram í september 1984, en þá tók við af honum Sigurbjörn Magnússon, fulltrúi. Þá hefur Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, aðstoðað nefndina með því að taka saman ný drög að XIV. kafla laganna um félagsslit.

Lögin frá 1978 eru mun rækilegri en fyrri lög, sem staðið höfðu nær óbreytt frá 1921. Lögin byggðu mjög á árangri norrænnar samvinnu um endurskoðun og samræmingu hlutafélagalöggjafar á Norðurlöndum, sem staðið hafði yfir um langt árabil. Þar kom þó, að leiðir skildu í þessu efni, er Danir gengu í Efnahagsbandalag Evrópu. Var sá kostur valinn við undirbúning lagasetningar hér að hafa einkum dönsku lögin um „aktieselskaber" til hliðsjónar.

Fljótlega eftir setningu laganna varð vart gagnrýni á þau. Að því var helst fundið, að þau væru um of sniðin að þörfum tiltölulega stórra félaga sem væru í eigu tiltölulega margra hluthafa. Í Danmörku hafði það gerst, að samtímis lögunum um „aktieselskaber" tóku gildi hinn 1. jan. 1974 lög um „anpartsselskaber", sem er sérstök gerð hlutafélaga. Þau eru einkum ætluð fyrirtækjum, sem eru tiltölulega smá að því er varðar umsvif og fjölda hluthafa. Gagnrýnin beindist m. a. að því, að kröfur íslensku laganna væru of strangar, þegar hafðar væru í huga þarfir smárra fyrirtækja, sem skipta þó hér á landi tiltölulega meira máli en í nágrannalöndunum. Í byrjun árs 1982 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um „að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög um hlutafélög með hliðsjón af réttarstöðu smárra hlutafélaga."

Frumvarpið, sem varð með minni háttar breytingum að gildandi lögum og lagt var fyrst fyrir Alþingi vorið 1977 og aftur haustið sama ár, virðist hafa falið í sér viðhorf, sem gengu á snið við sjónarmið, sem voru á þessum árum að ná tökunum í nágrannalöndum okkar. Í frumvarpinu var lagt til, að stofnendur og hluthafar félags skyldu vera tíu hið fæsta. Í skýringum við 1. gr. frv. segir um þetta efni: „Tilgangurinn með því að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu er að styrkja hlutafélagsformið m. a. með því að gera erfiðara um vik, að stofnuð séu gervihlutafélög". Ekki er útskýrt, hvað átt er við með gervihlutafélagi. Gefið er í skyn, að ef lágmarkstala hluthafa haldi áfram að vera fimm, gæti eitt hlutafélag, sem stofnað yrði, verið verra að einhverju leyti en annað, þótt hlutafé beggja væri jafnhátt. Frumvarpið gerði ráð fyrir, að lágmark hlutafjár yrði óháð því, hve margir hluthafarnir væru, og reyndar aðeins 1 milljón kr. (gamalla), sem svarar um 220 þús. kr. í desember 1984. Verið gæti, að höfundar frumvarpsins hafi talið í sjálfu sér óréttmætt, að þátttakendur í fámennum félögum ættu kost á að takmarka ábyrgð sína, án tillits til þess, hve áhættusamur reksturinn væri og án tillits til þess, hversu mikið fjármagn þeir legðu í sölurnar. Í almennri greinargerð með frumvarpinu falla orð, sem benda til þess, að með breytingu á hlutafélagalögunum skyldi stuðlað að eflingu stórrekstrar á kostnað smárekstrar, þar sem segir: „Í langflestum íslenskum hlutafélögum eru hluthafar örfáir.

Almenningur leggur ekki fé sitt í hlutafélög, þ. e. kaupir ekki hlutabréf. Þessu þarf að breyta og að því er reynt að stuðla með frumvarpi þessu". Ef til vill hefur ákvæði frumvarpsins um lágmark tíu þátttakenda verið hugsað sem liður í þessari viðleitni.

Við meðferð málsins á Alþingi var ekki fallist á þetta sjónarmið frumvarpsins um fjölda hluthafa. Ákveðið var, að lágmarksfjöldi hluthafa skyldi halda áfram að vera fimm.

Þótt þess væri ekki getið í frumvarpinu, var á þessum árum með lagasetningu verið að lækka kröfuna um lágmarksfjölda hluthafa á hinum Norðurlöndunum. Í lögum um „aktielselskaber" í Danmörku, sem tóku gildi 1. janúar 1974, var ákveðið, að til að stofna hlutafélag þyrfti þrjá stofnendur, en hluthafar þyrftu ekki að vera fleiri en einn. Þrjá þurfti áður. Lögin um „anpartsselskaber", sem tóku gildi á sama tíma, gerðu lágmarkskröfu um aðeins einn stofnanda og að hluthafar þyrftu ekki að vera fleiri en einn. Sænsku hlutafélagalögin, sem sett voru árið 1975, norsku lögin sett árið 1976, svo og finnsku lögin sem sett voru árið 1976, eru öll samhljóða um þetta efni: Þess er ekki krafist, að fleiri en einn þurfi til að stofna hlutafélag og að eiga hlutaféð allt.

Í Þýskalandi, þar sem eru tvenns konar hlutafélög, Aktiengesellschaft og GmbH (Gesellschaft mit beschränkter Haftung), þarf síðan árið 1980 aðeins einn aðila til að stofna og eiga allt hlutaféð í GmbH. Áður þurftu hluthafar að vera a. m. k. tveir við stofnun, en tala hluthafa gat síðar farið niður í einn, án þess að slíta þyrfti félaginu. Í Bretlandi, þar sem líka eru tvenns konar hlutafélög, gildir sú regla um „private company", að stofnendur skulu vera a. m. k. tveir. Samkvæmt lögum mega hluthafar ekki vera færri en tveir, en unnt er að sniðganga þá kröfu með því að einkaeigandi fyrirtækisins skrái einn eða fleiri hluti á nafn fjárhaldsmanns (nominee).

Ein veigamesta breyting á lögunum, sem tillaga er gerð um með frumvarpi þessu, er sú að íslensk lög verði samræmd lögum nágrannalandanna um kröfur að því, er varðar fjölda stofnenda og hluthafa. Lagt er til, að ekki þurfi fleiri en tvo aðila til að stofna hlutafélag og að tala hluthafa geti farið niður í tvo.

Til þess að hægt sé að fá marga menn til að leggja áhættufé í atvinnurekstur, er óhjákvæmilegt, að þeir eigi þess kost að takmarka ábyrgð sína með einhverjum hætti. Hið sama verður ekki sagt fyrirvaralaust um rekstur, sem einn maður hyggst standa að, eða tveir til þrír, sem allir ætla sér að hafa náin afskipti af rekstrinum. Engu að síður skal því haldið fram, að ekki sé efni til þess að meina þeim fæðar þeirra vegna að takmarka ábyrgð sína við eiginfjárframlög þeirra, ef það er gert nægilega ljóst viðsemjendum þeirra á þann hátt, sem tíðkast við rekstur hlutafélaga. Viðbúið er, að lánardrottnar verði ekki eins fúsir að leggja þeim lið eins og væri, ef ábyrgðin væri ótakmörkuð. Ef slíkir atvinnurekendur ætla að gerast svo stórtækir, að þeir, sem falast er eftir láni hjá, telja stefnt í tvísýnu um áhættu, geta þeir neytt þess úrræðis að setja sem skilyrði fyrir lánveitingu, að hluthafarnir veiti persónulega ábyrgð. Slíkrar ábyrgðar er krafist, ef þurfa þykir, hvort sem hlutafélag er smátt eða stórt, á mælikvarða hlutafjár eða hluthafafjölda, og ekki aðeins hér á landi, þar sem lánastofnanir hafa reyndar um langt skeið átt alls kostar við lánþega, vegna skipunar vaxtamála, heldur og víðs vegar erlendis. Á það þykir rétt að minnast, að þessar athugasemdir stinga í stúf við þá dóma, sem felldir eru í frumvarpinu að gildandi lögum um þetta efni, en þar segir svo í almennum athugasemdum: „Þá er það alkunna, að gagnvart velflestum hlutafélögum krefjast lánastofnanir þess, að hluthafar eða a. m. k. stjórn taki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélagsins.Með þessu er kippt burtu einni af grunnstoðum hlutafélaganna, þeirri meginreglu, að hluthafar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélags. Þessu þarf að breyta og reynt er að stuðla að því í frumvarpi þessu." Allt er þó á huldu um, með hverjum hætti stuðlað væri með frumvarpinu að umræddri breytingu.

Fyrir einstakling, sem hyggst standa einn að atvinnurekstri, stendur val um rekstrarform milli þess annars vegar að reka fyrirtækið sem einstaklingsfyrirtæki, með ótakmarkaðri

ábyrgð, og hins vegar sem hlutafélag. Í síðara tilvikinu verður hann, að óbreyttum lögum, að útvega sér fjóra málamyndahluthafa, t. d. með því að gefa þeim smáhluti í félaginu. Hann verður að velja a. m. k. tvo menn með sér í stjórn, að óbreyttum lögum, og halda með hluthöfum a. m. k. einn fund á ári. Álíti frumkvöðullinn sig ekki hafa gagn af ráðum félaga sinna leitast hann við að halda sem fæsta fundi með þeim félögum og tryggja með öðrum hætti, að þeir hafi sem minnst afskipti af rekstrinum. Frá sjónarhóli frumkvöðulsins hlýst af þátttöku málamyndahluthafanna ekkert nema umstang og bein fjárútlát. Á þennan kostnað má líta sem gjald fyrir réttinn til að takmarka ábyrgð frumkvöðulsins, og frá samfélagslegu sjónarmiði má ætla, að um hreina sóun geti oft verið að ræða.

Þegar tveir eða þrír menn hyggjast stofna til atvinnurekstrar gegnir svipuðu máli. Hlutafélagsformið getur þá líka og ekki síður þótt álitlegur kostur í samanburði við t. d. sameignarfélagsform. Frumkvöðlarnir þurfa þá að verða sér úti um málamyndahluthafa, og allt eða flest af því, sem sagt hefur verið að framan um umstang og óhagræði, á hér líka við. Að vísu má vel vera, að hlutafélagsformið verði fyrir valinu ekki einungis til að takmarka ábyrgð eigenda, heldur og til að koma þeirri festu á samskipti aðilanna, sem leiðir af hinum ítarlegu lögbundnu reglum hlutafélagsformsins.

Einn nefndarmanna, Björn Líndal, hefur gert athugun, sem varpar ljósi á, hversu mikið er um það, að hlutafélagsformið sé notað með atbeina málamyndahluthafa (Æskilegar úrbætur á lögum nr. 32/1978 um hlutafélög með hliðsjón af stærð íslenskra hlutafélaga, ritgerð til embættisprófs við Lagadeild Háskóla Íslands, vorið 1981). Athugunin beindist að gerð hlutafélaga, sem stofnuð voru og skráð hjá hlutafélagaskrá árið 1980. Í ljós kom m. a., að af 85 félögum, sem athugunin tók til, reyndust einn eða tveir aðilar eiga 67—99% hlutafjárins í 31 tilviki.

Önnur mikilvæg breyting, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, varðar fjölda stjórnarmanna í hlutafélagi. Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn hlutafélags skipuð þrem mönnum hið fæsta. Gert er ráð fyrir, að þessi regla gildi framvegis sem aðalregla, en ef hluthafar eru fjórir eða færri, nægi þó, að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Þessa breytingu má virða sem eðlilega afleiðingu þess, að kröfur um lágmarksfjölda hluthafa hafi verið færðar niður. Það verður að teljast óeðlileg skipan, þegar hluthafar eru tveir og yfirgnæfandi hluti hlutafjár er í eigu eins manns, að honum sé skylt að velja sér tvo meðstjórnendur, sem hugsanlega gætu myndað meirihluta, sem ynni gegn fyrirætlunum hans. Væri þess þá að vænta að aðaleigandinn veldi til stjórnarsetu menn, sem undirgengjust að lúta boðum hans og bönnum um afskipti af rekstrinum. Eins og þegar hefur verið vikið að, má með sömu rökum gagnrýna þá skipan, sem skylt er að viðhafa á þessum málum samkvæmt gildandi lögum, þegar hluthafarnir fimm eru tilkomnir við það, að valdir hafa verið fjórir málamyndahluthafar til þess eins að fylla töluna fimm.

Á hinum Norðurlöndunum gilda í meginatriðum þær reglur, er nú skal greina. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er aðalreglan sú, að stjórn hlutafélags sé mynduð þrem mönnum, en ef hlutaféð nær ekki einni milljón NOK, einni milljón SEK eða einni milljón FIM mega vera færri en þrír í stjórn, þ. e. annaðhvort einn eða tveir. Í dönsku lögunum um „aktieselskaber" er gerð krafa um a. m. k. þrjá í stjórn. Aftur á móti er meginreglan um dönsku „anpartsselskaber" sú, að sé hlutaféð undir DKK 300 000 megi ákveða, að í stjórn séu tveir eða einn eða jafnvel að engin stjórn sé skipuð og ræki þá framkvæmdastjóri skyldur stjórnar, enda er slíkum félögum ávallt skylt að ráða framkvæmdastjóra. Frá reglunum, eins og þeim hefur hér verið lýst, eru gerðar undantekningar, ef starfsmenn eiga og nýta lögbundinn rétt til að velja menn í stjórn.

Í Bretlandi skulu hlutafélög af gerðinni „public companies" hafa a. m. k. tvo menn í stjórn, en í hinni gerð hlutafélaga, „private companies", nægir að einn skipi stjórn. Meginreglum þýskra laga um GmbH um þetta efni verður ekki lýst í stuttu máli. Stærð

fyrirtækja, eins og hún er mæld með fjölda starfsmanna, ræður miklu um skipan mála. Sem meginregla fyrir fyrirtæki með allt að 500 starfsmenn gildir, að ekki er gerður greinarmunur á stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum. Sömu persónur gegna verkefnum af því tagi, sem þessum aðilum eru ætluð samkvæmt íslenskum rétti. Hlutafélagi skal veita forystu einn eða fleiri slíkir forstöðumenn (Geschäftsführer), valdir á hluthafafundi eða samkvæmt ákvæðum samþykkta.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til um skipan stjórnar hlutafélags, er gengið nokkuð lengra en gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum að því leyti, að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir, að heimild til að hafa færri en þrjá í stjórn, sé bundin skilyrði um fjárhæð hlutafjár, en það skilyrði verður reyndar að teljast vera mjög rúmt að því er varðar Noreg, Svíþjóð og Finnland. Ekki verður komið auga á nein knýjandi rök fyrir því, að farið sé nákvæmlega í spor þessara ríkja um þetta efni. Stjórn hlutafélags er valin af hluthöfum til þess fyrir þeirra hönd að hafa forystu um rekstur fyrirtækis og til þess að veita framkvæmdastjóra leiðbeiningu og aðhald. Ótækt þykir, að fyrir þær einar sakir, að einn eða tveir eigendur hlutafélags hafi lagt í reksturinn tiltölulega mikið áhættufjármagn sé komin ástæða til þess, að þeim sé skylt að kveðja til utanaðkomandi aðila, valinn að geðþótta eigenda, til þess að taka þátt í störfum stjórnar.

Við umræður í nefndinni vaknaði snemma sú spurning, hvort skynsamlegt væri að lögfesta ákvæði um tvenns konar hlutafélög eins og gert hefur verið sums staðar erlendis. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til slíkrar tvískiptingar. Rétt þykir að fara nokkrum orðum um fyrirkomulag í þessum efnum í nokkrum nágrannalanda okkar, svo og um ástæður fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Lögum um hlutafélög er í nágrannalöndum okkar skipað með þrenns konar hætti. Í Danmörku, Þýskalandi og ýmsum öðrum ríkjum Mið-Evrópu eru sérstök, aðgreind lög um hvora tegund hlutafélaga. Í Bretlandi eru aftur á móti sérákvæði um tvær tegundir hlutafélaga, „public companies og „private companies", felld saman í ein allsherjarlög. Svipaður háttur er hafður á í Frakklandi. Loks er svo það fyrirkomulag, sem valið hefur verið í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem gilda ein lög um hlutafélög og öll hlutafélög bera sama heiti, þótt ákvæði laganna um nokkur efni séu ólík eftir vissum einkennum hlutafélaganna, án þess þó að greint sé á milli tveggja skýrt afmarkaðra tegunda hlutafélaga. Lög í þessum ríkjum sættu rækilegri endurskoðun um svipað leyti og íslensku lögin; í Svíþjóð voru sett ný lög árið 1975, í Noregi 1976 og í Finnlandi árið 1978.

Í Danmörku var hafið að greina á milli tvenns konar hlutafélaga, A/S og Aps., með lagasetningu árið 1973, en í Þýskalandi hefur verið greint á milli tvenns konar hlutafélaga síðan seint á 19. öld. Þegar Danir gengu í Efnahagsbandalag Evrópu voru öll ríki bandalagsins með lög um tvenns konar hlutafélög, og munu aðgerðir Dana hafa verið liður í nauðsynlegri samræmingu við löggjöf annarra landa Efnahagsbandalagsins, sem hugðust sameiginlega láta til sín taka löggjöf um hin stærri félög. Af heimildum nefndarinnar verður ráðið, að sérstakar sögulegar skýringar séu á tilurð GmbH í Þýskalandi með lögum árið 1882, nánar tiltekið þær „að fylla í eyðu, sem myndast hafði þar, sem hið flókna AG (Aktiengesellschaft) hentaði ekki sem rekstrarform, og til þess að gefa kost á rekstrarformi með takmarkaðri ábyrgð, sem hæfði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Það var mótað sem félag, sem krefðist aðeins lítils hlutafjár, einfalt væri að stofna, auðvelt að stjórna, hannað fyrir fámennan hóp hluthafa, sem væru í nánum innbyrðis tengslum og krefðust þess ekki, að auðvelt væri að framselja hlutina, en sæktust eftir rúmum heimildum til þess að móta félagið eftir sérstökum hagsmunum þeirra" (R. Mueller o. fl.: The German GmbH, Frankfurt am Main, 1981). Sú leið var með öðrum orðum valin að stofna til sérstakrar gerðar hlutafélaga, sem rúmaði mikla fjölbreytni, fremur en að hrófla við hinum ströngu, miður sveigjanlegu kröfum laganna um AG.

Óhjákvæmilegt þykir, að gerð sé nokkru nánari grein fyrir þeim atriðum, sem greina á milli félagstegundanna tveggja í þeim ríkjum, sem nefnd hafa verið. Látið skal nægja að taka fyrir dönsku Aps.-félögin og hin ensku „private companies“ . Í rauninni skilja mjög mörg atriði á milli, sum mikilvæg, en önnur minniháttar, og er þó álitamál, hvað telja skuli meginatriði. Meðal hins helsta, sem greinir á milli lagaákvæða um A/S og Aps., eru eftirfarandi atriði:

1) Hlutafé í A/S verður að vera a. m. k. DKK 300 000, hjá Aps. er lágmarkið aðeins DKK 80 000.
2) Til að stofna A/S þarf þrjá aðila hið minnsta, en til að stofna Aps. þarf aðeins einn.
3) Hlutabréf í A/S mega hljóða á handhafa, en hjá Aps. skulu þau ávallt hljóða á nafn.
4) A/S er skylt að gefa út hlutabréf, en Aps. ekki. Gefi Aps. út hlutabréf mega almennar reglur viðskiptabréfa ekki gilda um þau.
5) Í A/S má mismunur á atkvæðisrétti hluta með sama nafnverði ekki nema meiru en einum á móti tíu. Hins vegar er Aps. leyfilegt að gefa út atkvæðislausa hluti.
6) Stjórn A/S skal skipuð a. m. k. þrem mönnum, en ef hlutafé Aps. er undir vissu marki, mega vera í stjórn einn eða tveir eða jafnvel enginn eins og áður hefur verið tekið fram.
7) A/S er skylt að leggja hluta hagnaðar í sérstakan varasjóð, engin slík ákvæði eru um Aps.
8) A/S er heimilt að kaupa og eiga allt að 10% útgefinna hlutabréfa, en Aps. er bannað að eiga eigin hlutabréf.
9) Hafi a. m. k. helmingur hlutafjár Aps. tapast, er skylt að gera ráðstafanir til að berja í brestinn með því að lækka eða niðurskrifa hlutaféð og, ef með þarf, að afla viðbótarhlutafjár til þess að koma hlutafénu í a. m. k. það lágmark, sem hlutafé þarf að nema við stofnun hlutafélags, eða slíta félaginu að öðrum kosti. Um A/S eru engin ákvæði af þessu tagi.

Meðal þess, sem greinir hin bresku „public companies“ (plc) frá „private companies“ (ltd.), er helst að nefna:

1) Hlutafé plc verður að nema minnst GBP 50 000, en engar lágmarkskröfur eru gerðar til ltd. um þetta efni.
2) Ltd. má hvorki bjóða hlutabréf sín né skuldabréf til sölu meðal almennings.
3) Ákveða má í samþykktum ltd., að hluthafar njóti ekki forkaupsréttar að nýjum hlutum við hlutafjáraukningu. Þetta er plc óheimilt.
4) Ltd. nýtur rýmri heimilda til að eignast eigin hlutabréf heldur en plc.
5) Einungis ltd., sem talin eru vera smá eða meðalstór, nægir að senda hlutafélagaskrá útdrátt úr ársreikningi sínum. Til skamms tíma máttu hluthafar í ltd. ekki vera fleiri en 50. Nýlega hefur þeirri takmörkun verið aflétt.

Af lýsingunni hér að framan má ráða, að margt geti verið ólíkt með tveim félögum ólíkrar gerðar í þessum löndum, sem eru með tvær tegundir hlutafélaga, t. d. á A/S og Aps. Ætla má, að dæmigert Aps. sé ólíkt dæmigerðu A/S. Á þeim sé stærðarmunur, fleiri hluthafar séu í A/S; þess sé frekar að vænta um A/S, að það leggi ekki hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum. Með hlutabréf sumra A/S (örfárra hundraða) er verslað á kauphingi, en það kemur ekki til greina um Aps. Þar með er þó ekki allt sagt, sem áhugavert er við samanburð A/S og Aps. Sum Aps. leggja ekki hömlur á heimild hluthafa til sölu á hlutabréfum, á meðan sum A/S gera það. Mörg Aps. eru miklu umsvifameiri og hafa yfir að ráða miklu meira fjármagni heldur en hin smærri A/S, sum Aps. eru með fjölmennari stjórn heldur en sum A/S, og þannig mætti lengur telja. Ekki fer þó á milli mála, hvort félagsformið þykir henta betur smærri og meðalstórum fyrirtækjum. Í lok árs 1979 voru í Þýskalandi aðeins 2 139 AG með DEM 88.6 billjónir samanlagt í hlutafé, en 225 209 GmbH með hlutafé samtals að fjárhæð DEM 92.4 billjónir. Í Bretlandi voru um sama leyti 9 163

public companies og 751 642 private companies. Frá því að lögin um Aps. tóku gildi í Danmörku í ársbyrjun 1974, hefur fjölmörgum A/S verið breytt í Aps., og eru Aps. félögin orðin miklu fleiri en A/S.

Hlutafélög í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem ekki er greint á milli tveggja tegunda hlutafélaga, rúma mikla fjölbreytni um tilhögun samþykkta. Um sum efni njóta öll hlutafélög sömu heimilda til að ákveða hvernig þeim skuli skipa. Sem dæmi má nefna, að öllum hlutafélögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er í samþykktum sínum frjálst að ákveða, hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum. Sömuleiðis búa öll hlutafélög við sömu heimildir til að gefa út skuldabréf, sem eftir ákveðnum reglum er hægt að breyta í hlutabréf. Og öllum hlutafélögum er bannað að gefa út handahafahlutabréf. Í Danmörku gilda aftur á móti ólíkar reglur um þessi efni fyrir A/S annars vegar og Aps. hins vegar.

Um önnur efni eru félögum settar skorður, sem ráðast af sérstökum einkennum þeirra. Til dæmis geta einungis þau félög, sem eru með lægra hlutafé en NOK 1 milljón ákveðið, að stjórn félags skuli skipuð færri en þrem mönnum. Þá verða öll félög, sem fara yfir ákveðin stærðarmörk, að kjósa a. m. k. einn löggiltan endurskoðanda (statsautorisert revisor) til að fara yfir ársreikninginn, en þau minni geta komist af með endurskoðanda, sem minni kröfur eru gerðar til (registrert revisor).

Þau sérstöku einkenni hlutafélaga, sem í löggjöf þessara landa eru látin ráða því, hvernig þeim beri að haga samþykktum sínum og gjörðum um tiltekin efni, þegar félögum er á annað borð mismunað, tengjast yfirleitt stærð þeirra. Hið sama meginviðhorf er og í fyrirrúmi í löndum, þar sem hlutafélögum hefur verið skipað í tvo flokka. Munurinn á þessum tveim kerfum er þá fyrst og fremst sá, að á Norðurlöndunum þrem er boðið upp á meiri sveigjanleika. Smæstu hlutafélögunum er leyfilegt allt, sem stærstu félög gera. Munurinn á starfsskilyrðum smárra félaga og stórra er sá, að til hinna smærri eru um sum efni gerðar vægari kröfur. Ekki er annað vitað en að þetta fyrirkomulag hafi reynst bærilega vel, og ekki er vitað að á döfinni séu fyrirætlanir um að víkja frá þessu fyrirkomulagi. Þetta er það fyrirkomulag, sem nefndin var sammála um, að haft skyldi að fyrirmynd við endurskoðun laganna um hlutafélög.

Ef íslenskum hlutafélögum yrði skipað í tvo flokka eftir stærð á svipaðan hátt og hlutafélög í Þýskalandi og Bretlandi skiptast í flokkana AG og GmbH og í „public companies“ og „private companies“, kæmi ekki á óvart, að telja mætti á fingrum sér þau fyrirtæki, sem fylltu flokk hinna stærri fyrirtækja. Jafnframt má benda á, að ef fylgt væri dönsku fyrirmyndinni, gætu öll íslensk hlutafélög engu að síður ákveðið að haga skipulagi sínu á þann hátt, sem Aps.-gerðin mælir fyrir um, nema þess væri krafist, að félagi yrði breytt í A/S gerðina, ef það færi yfir ákveðin stærðarmörk. Virðist því ekki til mikils að vinna, að sett séu sérstök lög fyrir þau fyrirtæki.

Eins og þegar hefur verið tekið fram er lagt til, að stofnendur hlutafélags þurfi að vera tveir hið fæsta og að hluthafar skuli ekki vera færri en tveir. Að þessu leyti víkur sú skipan, sem gerð er tillaga um, frá fyrirkomulagi mála í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Nefndarmenn eru á einu máli um, að réttmætt sé, að einstaklingi sé gert heimilt að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum vegna starfseminnar. Nefndin telur hins vegar, að illa færi á því að kenna slíkt fyrirtæki við félag, jafnvel þótt áskilið væri, að hlutir skyldu ávallt vera tveir eða fleiri. Ef veita skyldi einstaklingi heimild til að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, álítur nefndin, að setja ætti sérstök lög um slík fyrirtæki, fremur en að lagaákvæði um þau skyldu felld inn í lög um hlutafélög, vegna þess hve mörg þau ákvæði laga um hlutafélög eru, sem geta ekki átt við um einstaklingsfyrirtækið, svo sem ákvæði um hluthafafundi og minnihlutavernd. Á meðan einstaklingi stendur ekki til boða að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, þarf hann þó ekki að semja við fleiri en einn aðila um, að

hann gerist hluthafi, til þess að starfsemin geti fallið að kröfum laga um hlutafélög, ef frumvarp þetta verður að lögum. Slík skipan felur í sér verulega framför frá þeirri tilhögun, sem verið hefur.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um allmargar aðrar breytingar á lögunum en þegar hafa verið nefndar. Hér á eftir fer yfirlit um hinar helstu þeirra og eru þá, til að fyllra yfirlit fáist, endurteknar þær tvær breytingartillögur sem þegar hafa verið kynntar.

1) Lagt er til, að lágmarksfjöldi þeirra, sem þarf til að stofna hlutafélag og að eiga hlut í félagi, lækki úr fimm í tvo. (1. og 8. gr. frv.)
2) Gerð er tillaga um, að sú lágmarksfjárhæð, sem hlutafé þarf að nema, til þess að hlutafélag verði stofnað, skuli breytast í hátt við verðlagsbreytingar eins og þær eru mældar með lánskjaravísitölu. Við gildistöku laganna nemi lágmarkið 400 000 kr., sbr. athugasemd við 1. gr. (1. gr. frv.)
3) Ekki verði lengur heimilt að gefa út handhafahlutabréf. Hlutabréf skuli ávallt gefin út til nafnskráðs aðila. (4. og 12. gr. frv.)
4) Reglur um innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélags verði hertar, þannig að í stað þess, að krafist verði innborgunar a. m. k. fjórðungs hlutafjár til þess að hlutafélag fáist skráð, skuli innborgun nema a. m. k. helmingi, en þó aldrei lægri fjárhæð en svarar til þess lágmarks, sem þarf til að stofna hlutafélag. (6. gr. frv.)
5) Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum, geti hluthafi krafist þess, að félagið leysi til sín hlutina, sem um ræðir. (11. gr. frv.)
6) Lagt er til, að sett verði í lögin ákvæði um, að hlutabréf geti tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki hlutafjár. (12. gr. frv.)
7) Lagt er til, að stjórn félags megi skipa einn eða tveir menn, ef hluthafar eru fjórir eða færri. (27. gr. frv.)
8) Í lögum eru ákvæði um, að sé hlutafé félags yfir ákveðnu marki, skuli ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Sams konar ákvæði er um bann við því, að meirihluti stjórnar séu menn, sem eru framkvæmdastjórar í félaginu. Loks er sams konar ákvæði um skilyrði fyrir því, að framkvæmdastjóri félags megi jafnframt vera formaður stjórnar þess. Lagt er til, að sú fjárhæð hlutafjár, sem við skuli miðað, breytist í sama hlutfalli og lágmarkskrafan um hlutafé við stofnun félags. (28. og 29. gr. frv.)
9) Lagt er til, að mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, verði ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra atkvæðisbærra fundarmanna, sem samtals fara með minnst ¾ hluta atkvæða í félaginu, í stað ⅔ hluta mættra hluthafa eins og verið hefur, sbr. athugasemd við 33. gr. frv. (33. gr. frv.)
10) Í stað þess, sem nú er í lögum, að krafist er, að kosnir skuli a. m. k. tveir menn til að endurskoða ársreikning hlutafélags, er lagt til, að kjósa þurfi a. m. k. einn mann. (35. gr. frv.)
11) Í lögunum eru ákvæði um, að skylt sé að kjósa löggiltan endurskoðanda m. a. í tilvikum, þegar hlutafé og/eða annað fjármagn fer yfir ákveðin stærðarmörk. Lagt er til, að þessar viðmiðunarstærðir skuli breytast til hækkunar í hátt við kröfur um lágmarkshlutafé, sbr. lið 2) hér að framan. (36. gr. frv.)
12) Gerð er tillaga um, að ákvæði hlutafélagalaga um ársreikning verði felld að þeim breytingum, sem orðið hafa á reikningsskilareglum hér á landi á síðustu árum. (41., 42. og 43. gr. frv.)
13) Lagt er til, að heimilt verði að ráðstafa endurmatssjóði til að verðbæta lögbundinn varasjóð og frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar. (41. gr. frv.)
14) Gerð er tillaga um, að skylda félags til að úthluta arði, að kröfu tiltölulega lítils minnihluta hluthafa, verði þrengd verulega. (48. gr. frv.)

15) Gerð er tillaga um umtalsverðar breytingar á ákvæðum laganna um slit hlutafélaga. Sett er það skilyrði fyrir heimild til löggildingar skilanefndar, að fyrir liggi, að eignir félags hrökkvi fyrir skuldum þess. Jafnframt er um að ræða endurbætur á verklagsreglum um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga. (50.—62. gr. frv.)
16) Lagt er til, að í stað þess að ráðherra geti veitt aðgang að ársreikningum allra hlutafélaga, verði einungis heimilt að veita almennan aðgang að ársreikningum hlutafélaga, sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum. (63. gr. frv.)

Auk þess vísast til upphafs almennu athugasemdanna hér að framan varðandi viðbótartillögur við tillögur nefndarinnar, er samdi frumvarp þetta. Breytingarnar varða m. a. einfaldari slit á hlutafélögum og heimild til útgáfu hlutabréfa án atkvæðisréttar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um, að hlutir, sem hlutafé skiptist í, skuli ekki vera færri en fimm. Þar sem lagt er til í frumvarpinu, að ekki þurfi fleiri en tvo aðila til að stofna og eiga allt hlutafé í hlutafélagi, er lagt til í a-lið, að hlutafé skuli skipt í tvo eða fleiri hluti. Í almennum athugasemdum hefur verið gerð grein fyrir rökunum fyrir þessari breytingu.

Samvæmt gildandi lögum skal hlutafé nema minnst kr. 20 000. Þessi fjárhæð, umreiknuð með lánskjaravísitölu frá gildistöku ákvæðisins í maí 1978 (68,3) til september 1988 (2254), jafngildir um kr. 660 000. Fjárhæðir í athugasemd við þessa grein hafa verið endurskoðaðar. Ljóst er, að verðlagsbreytingar eins og þær, sem hér hafa orðið, geta mjög rýrt gildi slíkrar viðmiðunar, sem tjáð er í fastri krónutölu. Þótt ætla megi að sú skoðun njóti almenns fylgis, að raungildi lágmarksfjárhæðarinnar haldist nokkurn veginn óbreytt, sýnir reynslan, að fyrir ferst að efna til þeirra breytinga á lögunum að haldið sé í horfinu um kaupmátt hennar. Því er lagt til, að lágmarksfjárhæðinni, sem verður í lögunum við gildistöku, skuli ráðherra breyta í hátt við lánskjaravísitölu. Nægilegrar nákvæmni þykir gætt, þótt fjárhæðinni sé ekki breytt oftar en einu sinni á ári, og að henni verði því aðeins breytt, að samsöfnuð tilefni til hækkunar nemi a. m. k. 20 af hundraði hverju sinni. Loks þykir nógu nákvæmt að fjárhæð lágmarkshlutafjár standi ávallt á heilu hundraði þúsunda króna.

Lagt er til, að við gildistöku ákvæðisins um lágmark hlutafjár skuli fjárhæðin nema kr. 400 000. Játa verður, að óhægt er um vik að koma auga á haldbær rök fyrir því, að ein tiltekin fjárhæð verði hiklaust tekin fram yfir aðra.

Til fróðleiks fer hér á eftir yfirlit um lágmark hlutafjár hlutafélaga í nokkrum nágrannalandanna (miðað við árið 1984) sem hliðsjón er höfð af auk breytinga á lánskjaravísitölu:

		Jafngildi í ísl. krónum 9. september 1988, um það bil
Danmörk:	A/S DEK 300 000	1 960 000
	Aps. DEK 80 000	520 000
Noregur:	NOK 50 000, óbreytt frá 1976	340 000
Svíþjóð:	SEK 50 000, óbreytt frá 1975	360 000
Finnland:	FIM 15 000, óbreytt frá 1978	160 000
Þýskaland:	AG DEM 100 000	2 510 000
	GmbH DEM 50 000	1 260 000
Bretland:	Public company GBP 50 000	3 940 000
	Private company	ekkert lágmark

Með breytingartillögunni í b-lið er lögð áhersla á, að orðið hlutafélag sé í heiti félags réttilega skammstafað hf., fremur en h.f. eins og gefið er í skyn í gildandi lögum, og lagt til, að í sviga skuli settar skammstafanirnar h.f. og h/f.

Um 2. gr.

Í a-lið er gerð tillaga um þá meginbreytingu á lögunum, að til að stofna hlutafélag þurfi tvo eða fleiri aðila í stað þess að krefjast fimm stofnenda eins og gert er í gildandi lögum. Um rökstuðning fyrir þessari tillögu er vísað í almennar athugasemdir.

Í gildandi lögum eru taldir upp þeir aðilar, sem geta verið stofnendur hlutafélags. Í b-lið greinarinnar er gerð tillaga um, að bætt verði við eftirtöldum aðilum: skráðum félögum með takmarkaðri ábyrgð, öðrum hlutafélögum og samvinnufélögum, sameignarfélögum, auk þeirra, sem eru sjálfstæðir skattþegnar og eru þá hlutgeng sem stofnaðilar, og loks samlagsfélögum. Í frv. til gildandi laga um hlutafélög var gert ráð fyrir, að sameignarfélögum yrði meinað að taka þátt í stofnun hlutafélaga; sameignarfélögum, sem eru sjálfstæðir skattþegnar, var bætt við lista hæfra stofnenda við meðferð málsins á Alþingi. Á þeirri afstöðu, sem tekin var í upphaflegu frv., var gefin sú skýring, að „skipulag og form hérlendra sameignarfélaga er mjög laust í reipum, enda er engin heildarlöggjöf til um þau". Dregið er í efa, að í reynd skeri sameignarfélög, jafnvel þau, sem ekki eru sjálfstæðir skattþegnar, sig úr um það, sem máli skipti, að þau verði talin miður hæf sem aðilar að stofnun hlutafélags. Hið sama er fullyrt um þá aðra aðila, sem bætt hefur verið við í upptalningu leyfilegra stofnenda. Taka má fram, að nefndinni, sem samið hefur frumvarp þetta, hefur og verið falið að semja frumvarp til laga um sameignarfélög. Í Danmörku þar sem engin sérstök löggjöf er til um sameignarfélög geta þau engu að síður verið stofnendur hlutafélaga. Hið sama gildir um samlagsfélög.

Með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, þar sem ákveðið var að fella sýslufélög niður, er ákveðið að sýslufélög geti ekki verið meðal stofnenda hlutafélaga.

Í c-lið er lagt til, að niður verði fellt ákvæði um að umbjóðandi lögaðila, sem er stofnandi hlutafélags, beri auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi. Skilja má þetta lagaákvæði þannig, að umboðsmanni sé lögð sú skylda á herðar að standa skil á hlutafjárloforði umbjóðanda, sem verður gjaldþrota eftir að hann hefur undirritað stofnsamning. Þykir hér lengra gengið en svo, að ákvæðið megi standa. Um ábyrgð umboðsmanns mundu þá framvegis gilda almennar réttarreglur.

Um 3. gr.

Í greininni er annars vegar gerð tillaga um skýrara orðalag í ljósi þeirrar atburðarrásar, sem um er að ræða, þegar félag, sem til stendur að stofna, skal yfirtaka fyrirtæki í rekstri, og hins vegar lagt til, að löggiltur endurskoðandi fjalli um gögnin, sem fram eru lögð um viðkomandi fyrirtæki, enda getur verið mikið í húfi fyrir stofnendur, að upplýsingar, sem lagðar skulu fyrir stofnfund um þetta efni, séu sem áreiðanlegastar.

Um 4. gr.

Með tillögunni í a-lið, sem er viðbót við frumvarp nefndarinnar, er gert ráð fyrir því að greina skuli frá heimilisfangi hlutafélags en ekki einungis í hvaða sveitarfélagi það skuli teljast. Eykur þetta gildi þeirra upplýsinga, sem fá má hjá hlutafélagaskrá, sbr. og b-lið 65. gr. frumvarpsins.

Með tillögunni í b-lið er gert ráð fyrir, að ekki verði lengur heimilt að gefa út handhafahlutabréf. Samkvæmt upplýsingum hlutafélagaskrár munu aðeins örfá félög hafa gefið út hlutabréf, sem hljóða á handhafa. Allt er á huldu um, hvaða ástæður hafa legið að baki útgáfu slíkra hlutabréfa. Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að leggja hömlur á heimild manna til viðskipta með slík bréf. Ekki er þó kunnugt um neitt dæmi þess, að hér á landi hafi verið gefin út slík bréf gagngert til þess að auðvelda viðskipti með hlutabréf. Því fer reyndar fjarri, að nauðsynlegt sé eða mikilvægt, að hlutabréf hljóði á handhafa til þess að

viðskipti með þau gangi snurðulaust. Í mörgum ríkjum er virkur hlutabréfamarkaður, innan og utan sérstakra verðbréfakauphinga, þótt útgáfa handhafahlutabréfa sé bönnuð. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur um alllangt skeið verið bannað að gefa út handhafahlutabréf. Í Danmörku er hlutafélögum af gerðinni A/S það heimilt, en Aps. óheimilt. Í Bretlandi er mjög sjaldgæft, að hlutafélög hafi notað rétt, sem þau þó hafa, til að gefa út handhafahlutabréf.

Ekki verður séð, að handhafahlutabréf hafi neina þá kosti, sem geri eftirsóknarvert, að þau megi gefa út. Hins vegar getur tilvist þeirra torveldað lögskylda upplýsingagjöf til skattyfirvalda. Í bréfi skattstjórans í Reykjavík, dags. 18. sept. 1984, segir þannig um þetta efni: „Skattlagningu sem snertir hlutabréf á einhvern hátt verður ekki haldið uppi, nema öll viðskipti, sem varða eignarhald á slíkum bréfum séu auðrakin". Þá gera ákvæði hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa að verkum, að stjórn félags verður að fylgjast með eigendaskiptum handhafahlutabréfa jafnt sem nafnskráðra hlutabréfa. Breytingartillögur sem gerðar eru með frv. þessu, um fjölda stjórnarmanna, sbr. 27. gr., og um skýrslugjöf um eignarhluta hluthafa, sbr. 44. gr., taka í sama streng. Af þessum ástæðum hefur þótt rétt að leggja til, að heimild til útgáfu handhafahlutabréfa verði felld niður.

Með breytingunni, sem lögð er til í c-lið, þ. e. að orðið hagnaður komi í stað orðsins ágóða, er komið á samræmi við orðnotkun í þeim kafla laganna, sem fjallar um ársreikning. Orðið hagnaður er skilgreint í 101. gr. laganna, og þykir ekki fara á milli mála, að með orðinu ágóða í 6. gr. laganna sé átt við hagnað eins og hann er skilgreindur. Aftur á móti er ágóði hvergi skilgreindur í lögunum.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um, að ekki megi stofna hlutafélag, ef á stofnfundi hefur komið fram, að ekki hafi fengist áskrift fyrir nægilega miklu hlutafé, og skal þá þegar endurgreiða það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé. Lagt er til, að tekin skuli af tvímæli um, að halda megi eftir fé fyrir þeim kostnaði, sem hlotist hefur af tilrauninni til að stofna félagið, en þó því aðeins, að gerður hafi verið um þetta efni fyrirvari í stofnsamningi. Þessi viðbót þykir til þess fallin að hvetja aðila til að huga að því í tæka tíð, hvert framhaldið verði, ef stofnun tekst ekki, með því að semja vandlega um, hvaða kostnaður skuli borinn uppi af inngreiddu hlutafé og hvaða kostnaður ekki.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar á reglum, sem gilda um innborgun hlutafjár, sem aðilar hafa skrifað sig fyrir við stofnun félags. Í gildandi lögum er þess krafist, til að félag fáist skráð, að minnst einn fjórði hluti heildarverðs hluta hafi verið greiddur og þó aldrei minna en helmingur þeirrar fjárhæðar, sem lög ákveða sem lágmark hlutafjár, sbr. 1. gr. laganna. Í frumvarpinu er lagt til, að greiða verði a. m. k. helming heildarverðs hlutanna, til að félag fáist skráð, en þó ekki minna en hið lögákveðna lágmark hlutafjár samkvæmt 1. gr. hinna breyttu laga. Að því er fyrra atriðið varðar, þ. e. hækkunina úr fjórðungi í helming, væri lögunum komið í það horf, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. til laga, sem lagt var fyrir Alþingi 1976—1977, og komið á sömu skipan og gildir á öllum hinna Norðurlandanna. Um síðara atriðið gefa dönsk lög fordæmi. Hvorki A/S né Aps. fæst skráð, nema inngreitt hlutafé hafi numið a. m. k. hinu lögbundna lágmarki hlutafjár. Tekið skal fram, að í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að hróflað verði við gildandi ákvæðum um, hvenær hluthafar skuli í síðasta lagi hafa gert fullnaðarskil hlutafjárloforða sinna vegna stofnunar hlutafélags. Um þetta efni, sem um er fjallað í 15. gr. laganna, gera lögin mun vægari kröfur heldur en gert er á hinum Norðurlöndunum.

Ekki er kunnugt um einhlít rök, sem mæli fyrir um það brot hlutafjár, sem skuli hafa verið inngreitt við skráningu. Á meðan ekki er til að dreifa sérstökum ástæðum, sem benda í aðra átt, þykir ekki stætt á, að hér á landi skuli setja markið lægra en gert er á hinum Norðurlöndunum. Þá þykir mega taka Dani til fyrirmyndar um þá kröfu, að til að félag fáist skráð, skuli inngreiðsla hlutafjár hafa numið a. m. k. hinu lögákveðna lágmarki hlutafjár. Álitið er, að með þeirri breytingu sé gengið til móts við þá réttmætu hagsmuni viðsemjenda félagsins, að því megi treysta, að inngreidd hafi verið a. m. k. sú fjárhæð, sem öllum megi vera kunnugt um, hver sé.

Um 7. gr.

Með breytingatillögunni er litið til þess, að nokkur munur geti verið á þeim vöxtum af almennu sparisjóðsinnstæðum, sem innlánsstofnanir greiða. Tekið er af skarið um, að miðað skuli við hæstu vexti, þar sem félagið á heimili, enda þykir vart verða skemmra gengið í vaxtatöku, þar sem um er að ræða vexti af vanskilaskuld.

Um 8. gr.

Lagt er til, að hluthafar skuli vera tveir hið fæsta í stað fimm eins og verið hefur. Um rök fyrir þessu nýmæli er vísað til almennra athugasemda að framan.

Í b-lið er sú viðbót við frumvarp nefndarinnar að heimilað er að gefin séu út hlutabréf án atkvæðisréttar, sbr. og d-lið 12. gr. frumvarpsins og 30. gr. þess. Er þetta nýmæli, því að samkvæmt gildandi lögum skal hverjum hlut fylgja atkvæðisréttur. Að vísu er nú heimilt að gefa út hlutabréfaflokka með aðeins 10% atkvæðisrétti á við almenn hlutabréf. Hlutabréf án atkvæðisréttar eru mjög vinsæl víða í viðskiptalöndum okkar, t. d. í Frakklandi, á Ítalíu og í Þýskalandi. Gefa þau hlutafélögum færi á að afla fjár, án þess að slíkt hafi áhrif á atkvæðahlutföll milli gamalla og nýrra eigenda, auk þess sem almenningi gefst kostur á að kaupa slík hlutabréf til ávöxtunar, sem er oft aðalmarkmiðið með kaupum á bréfunum. Þykir rétt að gefa kost á þessum möguleika hérlendis til að örva atvinnulífið og viðskipti með hlutabréf, auk þess sem fyrirtæki þurfa þá síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé.

Um 9. gr.

Breytingin, sem lögð er til, leiðir af lögfestingu ákvæðis um, að einungis megi gefa út hlutabréf til nafngreindra aðila, sbr. 4. gr. þessa frv.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. lagagreinarinnar eru fyrirmæli um, að í samþykktum skuli vera reglur um frest forkaupsréttarhafa til að greiða kaupverð hlutar, og má þessi frestur þó eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin. Rétt þykir, að forkaupsréttarhafa sé ekki gert að njóta lakari kjara um greiðslufrest heldur en þeirra, sem seljandi er fús að veita þriðja aðila. Því er í a-lið lagt til, að liggi fyrir tilboð frá þriðja aðila, sem forkaupsréttarhafi gengur inn í, skuli ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Með tillögunni í b-lið er ætlunin, að tekin séu af tvímæli um, að sama regla gildi um hóp hluthafa, sem standa sameiginlega að sölutilboði, og um einn hluthafa, að eigi sé unnt að neyta forkaupsréttar að því, er varðar nokkra þeirra hluta, sem tilboðið tekur til, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum.

Í c-lið er lagt til, að niður falli ákvæði í lögunum þess efnis, að hlutafélag skuli bera kostnað, sem hlýst af því, að dómkvaddir matsmenn ákveða kaupverðið, sem forkaupsréttarhafi skal gjalda fyrir hlutabréf. Þykir ekki vera sanngjarnt, að félag skuli undantekningarlaust bera þennan kostnað. Ákvæðið óbreytt stuðlar að því, að aðilar geri óraunhæfar kröfur um verð, seljendur í hærra lagi og kaupendur í lægra lagi, og gæti þetta leitt til ofnotkunar þess úrræðis að vísa málinu til dómkvaddra matsmanna. Þegar ákvæðið væri brott fallið, og samþykktir gengju ekki í aðra átt, mundi sá sem biður um mat þurfa að greiða matskostnað.

Um 11. gr.

Lagagreinin, sem breytingartillagan varðar, kveður m. a. á um, að félagsstjórn, sem hafi til þess heimild í samþykktum, geti synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn, og verður hluthafinn þá að sitja uppi með hlutinn. Ætla má, að menn, sem hafa eignast hlut í félögum með slíku ákvæði í samþykktum sínum, geri sér ekki fulla grein fyrir, hve illa þeir geti orðið settir. Því er lögð til sú breyting, að félag, sem hefur synjað hluthafa um leyfi til sölu, sé skylt að leysa til sín hlutina, sem um ræðir. Jafnframt er kveðið á um, hvernig verð hluta skuli ákveðið, náist ekki um það samkomulag. Rétt þykir, að félagið beri kostnað af matinu, enda sé litið svo á, að félagið hafi stofnað til þess vanda, sem þurft hefur að leysa.

Um 12. gr.

Tillagan í a-lið leiðir af þeirri breytingu, að ekki verði lengur heimilt að gefa út hlutabréf til handhafa, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

B-liður og c-liður þarfnast ekki skýringa.

Í d-lið er breyting á frumvarpi nefndarinnar, sbr. aths. við 8. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að gera þá kröfu, að hlutabréf án atkvæðisréttar séu auðkennd greinilega, í nafni bréfanna eða á annan áberandi hátt, til að girða fyrir það að menn ruglist á þeim og hlutabréfum er njóta fulls eða takmarkaðs atkvæðisréttar.

E-liður felur í sér það nýmæli, að hlutabréf geti tekið til fleiri en eins hlutar í sama flokki. Að slíku fyrirkomulagi getur orðið margs konar hagræði, t. d. sparnaður í pappír og geymslurými. Til að koma í veg fyrir, að slík samantekt hluta í hlutabréf geti orðið til að torvelda viðskipti með hluti, er lagt til, að hluthafi eigi rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf, sem taki til einstakra hluta.

Um 13. gr.

Breytingin leiðir af afnámi heimildar til að gefa út handhafahlutabréf.

Um 14. gr.

Með tveim fyrstu liðum þessarar greinar er gerð tillaga um breytingu á efni og gerð hlutaskrár. Hlutaskrá geymi ávallt a. m. k. tvenns konar yfirlit. Annars vegar er skrá um hluti í númeraröð, þar sem fyrir sérhvern hlut sé tekið fram um nafn eiganda og aðrar upplýsingar um hann, og er þetta yfirlit undirstaða annarra parta hlutaskrár. Hins vegar er svo skrá um hluthafa í stafrófsröð, þar sem tekið sé fram um hlutafjáreign hvers hluthafa. Ef gefin hafa verið út hlutabréf, sem taka til tveggja eða fleiri hluta, skal hlutaskrá í þriðja lagi taka til skrár um slík hlutabréf og veita fyrir hvert hlutabréf upplýsingar um hlutina, sem það nær yfir.

Þá er í tillögunni gerð sú orðalagsbreyting, að í stað þess að í hlutaskrá skuli tekið fram nafn áskrifanda hlutafjár, skuli skráð nafn eiganda hlutar, enda hefur staða hluthafa sem áskrifanda tímabundið gildi. Ennfremur hefur verið felld niður krafa um, að getið sé stöðu, þ. e. atvinnu, hluthafa.

C-liður þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

A-liður þarfnast ekki skýringar.

Með b-lið frumvarpsgreinarinnar er stefnt að því, að eytt verði óvissu um, hvort hlutafélag skuli talið hafa efnt skyldur sínar um greiðslu arðs út á hlutabréf. Þykir réttmætt að telja, að félag hafi lokið arðgreiðslu, ef það greiðir þeim, sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum. Í þessu sambandi skal vakin athygli á c-lið 48. gr. frv., þar sem lagt er til að hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skuli jafnframt ákveða, hver vera

skuli gjalddagi arðsins. Aðili, sem eignast hlut í félagi eftir aðalfund, en áður en arður skal greiddur út, ætti að gerðri þessari breytingu að hafa aðgang að þeim upplýsingum, sem geri honum kleift að gæta hagsmuna sinna að því, er varðar arðgreiðslu.

Um 16. gr.

Í 23. gr. frv. er lagt til, að á 37. gr. laganna verði gerð breyting þess efnis, að hluthafafundur geti veitt stjórn félags heimild til þess að auka hlutaféð með útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð, sem nemur allt að tilteknu hámarki. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri almennu reglu, sem ákvæði er um í 1. mgr. 27. gr., þ. e. að hluthafafundur einn geti ákveðið hækkun hlutafjár. Fyrir er í lögunum sú undantekning, sem um er fjallað í 35. gr. Með viðbótinni sem lögð er til, er einungis vísað til þeirrar undantekningar, sem tekin er fyrir í 37. gr.

Um 17. gr.

Til þess að tryggja sem best, að takast megi að koma út hlutafjárauka, getur þess úrræðis verið neytt að bjóða hina nýju hluti á verði, sem er undir gangverði eða því virði, sem ætlað er, að hugsanlegir kaupendur telji hlutabréfin hafa. Vera má, að hluthafi, sem á áskriftarrétt að hlutafjárauka, geti ekki eða vilji ekki notfæra sér kaupréttinn. Kaupréttur-inn gæti verið seljanlegur, og tíðkast víða erlendis að verslað sé með áskriftarrétt, jafnvel á skipulegum kaupþingum. Hluthafi gæti að vísu forðað sér frá tapi með því að beita kauprétti sínum og selja svo hin nýkeyptu hlutabréf. Þessi háttur gæti hins vegar valdið bæði meiri fyrirhöfn og útlögðum kostnaði en hinn fyrri. Því þykir rétt að leggja til, að þau hlutafélög, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila, verði að gefa hluthöfum sínum kost á að framselja áskriftarrétt sinn.

Vissulega getur á það reynt fyrir önnur félög, að áskriftarréttur sé einhvers virði. Seljanda áskriftarréttar gæti þó í þeim tilvikum ekki verið frjálst að velja kaupanda, og við þær aðstæður, sem þessi félög hafa að öðru leyti búið sér, getur heimild til að selja kaupréttinn haft mjög takmarkað gildi.

Um 18. gr.

Tilgangur 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna er óljós, en gæti verið sá að koma í veg fyrir, að sá sem kaupir hlutabréf velkist í vafa um, hvort áskriftarrétturinn, sem honum er ljóst, að hlutabréfið veitir, hafi verið nýttur. Ef ákvæðið yrði fellt niður, yrði kaupandinn að afla sér fullvissu í þessu efni með því að krefjast þess, að seljandinn legði fram áskriftarvottorð, og yrði útgáfu þess þá getið á hlutabréfinu, enda yrði þá áskriftarrétturinn ekki nýttur, nema því aðeins að áskriftarvottorð yrði afhent félaginu. Þegar haft er í huga, hversu mörg hlutabréf félags geta verið, er ljóst, að ákvæðið óbreytt skyldar til óþarfrar eða lítt þarfrar skriffinnsku.

Síðasti málsl. 2. mgr. 29. gr., sem einnig er lagt til, að numin verði brott, kveður á um, að skráð skuli á hlutabréf, „ef jöfnunarbréf eru gefin út án þess, að notuð hafi verið áskriftarvottorð (sic)“. Ætla verður, að umræddri skráningu á hlutabréf sé ætlað að hafa þær verkanir, að eigandi hlutabréfsins einn eigi rétt til að taka við jöfnunarbréfunum, sem um er að ræða. Vel má þó vera, að hluthafi vilji einungis selja hlutabréfið, en ekki jafnframt réttinn, sem það veitir til væntanlegs jöfnunarbréfs. Meginmáli hlýtur þó að skipta, að sá sem kaupir hlutabréf geti verið viss um, hvort hlutabréfið, sem um er að ræða, veiti honum tilkall til jöfnunarhlutabréfs, sem samþykkt hefur verið að gefa út, en hefur þó ekki verið útbúið. Oft líða margir mánuðir milli þessara atburða. Ef seljandi og kaupandi eru ásáttir um, að kaupin skuli taka til bæði hlutabréfsins, sem til er, og réttarins til væntanlegs jöfnunarbréfs, getur kaupandinn fullvissað sig um, að hann hafi fengið það, sem um hefur

verið samið, með því að fá afhent vottorð það, sem fjallað er um í 1. mgr. lagagreinarinnar. Þegar ekki reynir á, að viðskipti eigi sér stað með hlutabréf á tímanum, sem líður frá því að útgáfa jöfnunarbréfa er ákveðin, og til þess tíma, að þau eru afhent réttum aðila, verður að telja, að ákvæði síðasta málsl. 2. mgr. sé til þess eins að valda ónauðsynlegri skriffinnsku. Því þykir rétt að leggja til, að ákvæðið verði fellt úr lögunum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Sú viðbót við 32. gr. laganna, sem gerð er tillaga um, er um skyldu félagsstjórnar til að tilkynna hluthöfum á sem tryggilegastan hátt um hlutafjáraukningu, sem ákveðin hefur verið og um allt, sem máli skiptir í sambandi við hana. Nauðsyn ákvæðisins helgast af því, að ekki er víst, að allir hluthafar hafi verið viðstaddir hluthafafundinn, sem tók ákvörðunina. Viðbótin er sama efnis og 2. mgr. 36. gr. laganna, þar sem fjallað er um kynningu á þeirri ákvörðun stjórnar, að hún hafi notað rétt sinn til hlutafjáraukningar.

Um 21. gr.

Tillagan er um orðalagsbreytingu. Í málsgreininni, eins og hún er óbreytt, er sagnorðið „skrá“ tvívegis notað um að „fá áskrift fyrir“. Í lögunum er sagnorðið skrá einnig notað um gjörðir embættismanna hlutafélagaskrár, og þykir rétt að bæta úr þessum galla með breytingu á orðalagi.

Um 22. gr.

Lagagreinin, sem um ræðir, fjallar um ákvæði í samþykktum um heimild stjórnar til að hækka hlutafé. Samkvæmt gildandi lögum er heimild stjórnar ótímabundin. Fyrir hluthafa, sem vill vera viðbúinn að taka þátt í slíkri hlutafjáraukningu, getur verið bagalegt að vita ekki, hvenær hann eigi von á að mega eða þurfa taka þátt í hlutafjáraukningu. Því er lagt til, og þykir ekki skemmra verða gengið, að í samþykktir skuli þá jafnframt setja ákvæði um, hve langan frest stjórnin hafi til að nota heimildina og að sá frestur megi ekki vera lengri en fimm ár. Hliðstæðar reglur gilda í Noregi og í Danmörku fyrir A/S. Aps. í Danmörku mega ekki auka hlutafé með þessum hætti.

Um 23. gr.

Með breytingartillögunni í a-lið er gert ráð fyrir, að breyting hafi orðið á 4. mgr. 97. gr. laganna, sem geri að verkum, að endurmatssjóður myndist ekki einungis við verðhækkun eigna, heldur og við mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Með orðalagsbreytingunni, sem gerð er tillaga um, er náð til þessara tvenns konar hátta við myndun endurmatssjóðs.

Með fyrri breytingunni í b-lið er hluthafafundi leyft að veita stjórn félags heimild til að auka hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári að vissu marki, sem tilgreint er í samþykkt hluthafafundar. Þau rök má færa fyrir þessari breytingu, að þegar aðalfundur er haldinn, getur ríkt veruleg óvissa um, hvernig afkoman verði á reikningsárinu. Það er ef til vill ekki fyrr en undir lok reikningsársins, sem ljóst verður, hve miklu verði ráðlegt að úthluta í arð vegna ársins. Þar sem kostir þess að gefa út jöfnunarhlutabréf ráðast mjög af hæfi fyrirtækisins til að úthluta arði, er talið æskilegt, að hluthafafundur geti veitt stjórn félags nokkurn sveigjanleika við ákvörðun um, hve mikið skuli gefið út af jöfnunarhlutabréfum.

Síðari breytingin í b-lið stafar af afnámi heimildar til útgáfu handhafahlutabréfa.

Í c-lið er lagt til, að stjórn félags megi gera á samþykktum þær breytingar, sem leiðir af útgáfu jöfnunarhlutabréfa samkvæmt heimild, sem stjórnin hefur fengið hjá hluthafafundi.

Um 24. gr.

Tillagan er um orðalagsbreytingu, svo að orðið greiðsla verði ekki notað um athöfn, sem ekki felur í sér greiðslu.

Um 25. gr.

Í málsgr., sem fjallar um lækkun hlutafjár, sem ráðstafað skal til annars en að jafna tap, eru fyrirmæli um birtingu áskorunar til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar og ákvæði um kröfulýsingarfrest. Lagt er til, að birtingar skuli vera tvær í stað þriggja samkv. gildandi lögum og að kröfulýsingarfrestur skuli styttur úr þrem mánuðum í tvo mánuði. Reglur um þessi efni yrðu þar með samræmdar reglum, sem gilda við skipti þrotabúa, sbr. og 56. gr. þessa frv., þar sem gerð er tillaga um sams konar breytingu við innköllun skilanefndar.

Um 26. gr.

Óvissa þykir hafa ríkt um, hvort hlutafélag megi með kaupum, jafnt sem með öðrum hætti, eignast meira en 10% af eigin hlutafé, enda selji það síðan hlutabréf þannig, að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Með tillögunni eru tekin af tvímæli í þessu efni með því, að félagi skuli heimilt að eignast með kaupum og eiga um stundarsakir meira en 10% af eigin hlutafé. Ætla má, að slík kaup geti haft talsvert gildi með því að greiða fyrir vandasömum eigendaskiptum.

Um 27. gr.

Í a-lið er gerð tillaga um þá róttæku breytingu frá meginreglu laganna um, að í stjórn skuli eiga sæti fæst þrír menn, að nægjanlegt sé, að stjórnina skipi einn eða tveir menn, ef hluthafar eru fjórir eða færri. Um rökstuðning fyrir þessu nýmæli er vísað í almennar athugasemdir. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um skyldu til að velja varamenn. Þykir rétt, ef stjórn er skipuð einum eða tveim mönnum, að mæla þá fyrir um skyldu til að velja a. m. k. einn varamann.

Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að til þess að skylt sé að beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnar, þegar ekki eru í samþykktum fyrirmæli um slíka aðferð við stjórnarkjör, þurfi að koma fram krafa um það frá hluthöfum, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjárins, í stað ¼ eins og er samkvæmt gildandi lögum. Í hlutafélögum, þar sem stjórn er skipuð þrem mönnum og atkvæðagildi hluta er í réttu hlutfalli við fjárhæð þeirra, geta þeir, sem ráða yfir liðlega ¼ hlutafjár komið manni að í stjórn, ef farið er með atkvæði fyrir alla hlutina á hluthafafundi. Til þess að koma að einum manni í fimm manna stjórn þarf hluthafahópurinn að ráða yfir rúmlega 16 ⅔ hlutafjárins. Með breytingunni, sem gerð er tillaga um, er stefnt að fyllra samræmi á milli kröfunnar um lágmark hlutareignar þeirra, sem krefjast hinnar sérstöku aðferðar við kosningu, og þess atkvæðafjölda, sem þeir þurfa að geta ráðstafað á hluthafafundi til þess að koma að manni í fimm manna stjórn.

Um 28. gr.

Í 49. gr. gildandi laga er ákvæði um, að í félögum, þar sem hlutafé er a. m. k. kr. 300 000, skuli stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Við sama mark hlutafjár er miðað í ákvæði í sömu grein, sem kveður á um heimild framkvæmdastjóra til setu í stjórn. Umgetin fjárhæð hlutafjár er fimmtánfalt hærri en sú lágmarksfjárhæð hlutafjár, sem þarf til að hlutafélag verði stofnað.

Í frumvarpinu er lagt til, að þessu hlutfalli verði haldið óbreyttu, en meginmáli skiptir, að fjárhæðin, sem fimmtánfölduð er, breytist í hátt við lánskjaravísitölu, sbr. 1. gr. frumvarpsins og skýringar við hana. Ætla verður, að við setningu laganna hafi meginhersla verið lögð á umrætt hlutfall, og hefur við umfjöllun nefndarinnar ekki verið komið auga á neinar gildar ástæður til að víkja frá tölugildi hlutfallsins. Í a-lið eru sett fram hin breyttu ákvæði um skyldu félags til að ráða framkvæmdastjóra og í b-lið um heimild framkvæmdastjóra til að sitja í stjórn.

Um 29. gr.

Greinin hefur að geyma tillögu um tvær breytingar. Hin fyrri er um það, hverjir skuli kjósa formann félagsstjórnar. Í gildandi lögum segir, að félagsstjórn skuli kjósa sér formann. Á hinum Norðurlöndunum er heimilt að ákveða í samþykktum, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Hér er lagt til, að íslenskum lögum verði komið í sama horf. Sú skipan, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega, fremur en að stjórnin kjósi hann, felur í sér aukningu á valdsviði hluthafafundar um efni, sem ekki er ástæða til að ætla, að hluthafar séu síður færir um að ráða til lykta en stjórnin. Þær aðstæður eru hugsanlegar, þar sem annar háttur væri fráleitur, t. d. þegar einn aðili á yfirgnæfandi meirihluta hlutafjár, og þeir sem með honum sitja í stjórn, eru þangað komnir að tilhlutan hans. Til að taka af tvímæli um, hvort túlka megi lögin svo, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega, er lagt til, að ákvæði þess efnis standi skýrum stöfum í lögunum.

Síðari breytingartillagan er um viðmiðun, sem höfð skuli um það, hvort kjósa megi framkvæmdastjóra félags sem formann í stjórn sama félags. Samkvæmt gildandi lögum ræður úrslitum, hvort hlutaféð nær því að vera kr. 300 000, þ. e. fimmtánföld sú fjárhæð, sem þarf til að stofna megi félag. Lagt er til, að hlutfallinu verði haldið óbreyttu á þann hátt, sem gerð er grein fyrir í skýringum við 28. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða breytingu á frumvarpi nefndarinnar, sem samdi frumvarp þetta, sbr. athugasemd við 8. gr. frumvarpsins varðandi hluti án atkvæðisréttar.

Um 31. gr.

Í 93. gr. gildandi laga er ársreikningur skilgreindur sem svo, að hann hafi að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Í 39. gr. þessa frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á þessari skilgreiningu, að ársreikningur skuli taka til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og skýringa. Skýringarnar, sem um er að ræða og nánar er gerð grein fyrir í 102. gr. laganna, eru til fyllingar rekstrar- og efnahagsreikningi, og mynda þessir þrír hlutar í rauninni eina órjúfanlega heild. Rétt þykir, að sú fjárhagsskýrsla, sem aðalfundur skal taka afstöðu til, sé ársreikningurinn í heild eins og hann er skilgreindur samkvæmt frumvarpinu.

Um 32. gr.

Tillagan í a-lið leiðir af þeirri tillögu í þessu frv., að afnumin skuli heimild til að gefa út hlutabréf, sem hljóða á handhafa.

Sú breyting, sem gerð er tillaga um í b-lið, stafar af þeirri breytingu, sem um er fjallað í 38. gr. frv., að ársskýrsla, þ. e. ársskýrsla stjórnar, skuli framvegis ekki vera talin hluti ársreiknings.

Um 33. gr.

Hér er gengið nokkru lengra en nefnd sú, er samdi frumvarp þetta, lagði til. Er ekki látið nægja, að mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, sé hægt að taka til úrlausnar á hluthafafundi með samþykki allra mættra hluthafa heldur er krafist að hinir atkvæðisbæru fundarmenn, sem samþykki veita, fari jafnframt með minnst ¾ hluta atkvæða í félaginu. Er þá m. a. höfð hliðsjón af athugasemdum lögmanna um þetta atriði.

Í gildandi lögum er þess krafist, að til þess að mál, sem ekki hefur verið greint í dagskrá, verði tekið til úrlausnar á hluthafafundi, þurfi samþykki ⅔ hluta mættra hluthafa. Úrslit máls, sem með þessum hætti er tekið til meðferðar á hluthafafundi, geta verið þess eðlis, að hafi hluthafi vitað, að málið yrði tekið fyrir, mundi hann hafa mætt á fundinum. Þykir ekki skemmra verða gengið en að áskilja, að samþykki skv. ofansögðu komi til. Tillaga þessi gengur ekki eins langt og gert var með frumvarpinu 1976—1977, þar sem lagt var til, að

samþykki allra hluthafa þyrfti að koma til, þ. e. bæði mættra og hinna, sem eru fjarverandi. Sú tillaga var hins vegar samhljóða ákvæðunum um sama efni í lögum allra hinna Norðurlandanna.

Um 34. gr.

Í 1. málsl. 76. gr. laganna eru taldar upp þær breytingar á félagssamþykktum, sem heimilt er að gera án þess að ákvörðunin sé tekin á hluthafafundi. Lagt er til, að við sé bætt þeirri breytingu á samþykktum, sem leiðir af útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sem stjórn ákveður að fenginni heimild hluthafafundar, sbr. c-lið 23. gr. frumvarpsins.

Um 35. gr.

Í grein þessari er lagt til, að lágmarkstala kjörinna endurskoðenda lækki úr tveim í einn. Æskilegt verður að telja, að sá eða þeir, sem annast um endurskoðun ársreiknings, hafi öðlast þá þekkingu og þjálfun, sem löggiltir endurskoðendur hafa til að bera. Eins og fram kemur í næstu grein frv., hefur þó ekki verið talið fært að ganga lengra í kröfum um afskipti löggiltra endurskoðenda af ársreikningum hlutafélaga heldur en ætlunin var að gera, þegar lögin tóku gildi. Mörg hlutafélög, sem ekki er skylt að kjósa löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikning sinn, munu engu að síður kaupa þjónustu þeirra. Tillagan, sem gerð er í þessari grein, byggir á þeirri skoðun, að félag sem ekki ræður löggiltan endurskoðanda, þurfi ekki að vera betur sett, þótt fengnir séu til verksins tveir ófaglærðir endurskoðendur frekar en einn.

Um 36. gr.

Í 82. gr. laganna er kveðið á um það, hvenær skylt sé, að a. m. k. einn endurskoðandi, sem kosinn er á aðalfundi, sé löggiltur endurskoðandi. Tekið er mið af vissum krónutölum fjármagns, þ. e. annars vegar hlutafjár og hins vegar samtölu skulda og bundins eigin fjár, auk viðmiðunar við fjölda starfsmanna. Vegna þeirrar rýrnunar, sem orðið hefur á verðgildi peninga síðan lögin voru sett, má ætla, að þeim félögum hafi stórum fjölgað, sem skylt er að kjósa löggiltan endurskoðanda. Með a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að þessum málum verði komið í svipað horf eins og var, þegar lögin voru sett. Auk þess er lagt til, að viðmiðunarfjárhæðirnar verði tiltekið margfeldi af lágmarki hlutafjár, samkv. 1. gr. laganna breyttra, sem skal breytt í hátt við breytingar á verðlagi. Þetta ákvæði stuðlar að því að staða félags að því, er varðar kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda, verði ekki fyrir áhrifum af þeirri þróun, sem verður í verðlagsmálum.

Í b-lið er gerð tillaga um breytingu á 2. málsgr. 82. gr., sem fjallar um endurskoðun ársreikninga félaga, sem enn hafa ekki komið fram á sjónarsviðið, þ. e. félaga, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu. Tillagan um, að í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf, skuli kosinn a. m. k. einn löggiltur endurskoðandi, þykir vera grundvölluð á svipaðri hugsun og ákvæðið, sem leyst er af hólmi, þ. e. að félög, sem ætla má, að geti sóst eftir hlutafjárframlögum frá almenningi, skuli sæta svo tryggu eftirliti um gerð ársreikninga, sem kostur er á.

Um 37. gr.

Sú viðbót, sem gerð er tillaga um, er afleiðing þess að annars staðar í frv., þ. e. í 39. gr., er gerð tillaga um, að ársskýrsla stjórnar skuli ekki vera talin hluti ársreiknings. Réttmæti viðbótarinnar helgast af því, að í ársskýrslu hljóta ávallt að vera upplýsingar, sem endurskoðandi er fær um að sannreyna, og að sjálfsagt þykir að endurskoðandi taki afstöðu til þeirra upplýsinga.

Um 38. gr.

Tillagan um breytt kaflaheiti stafar af breytingu á skilgreiningu ársreiknings, sem gerð er tillaga um í 39. gr. þessa frv. Vísað er til þeirrar gr. um nánari skýringar.

Um 39. gr.

Í a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að skilgreiningu á ársreikningi verði breytt á þann veg, að hann taki til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og skýringa, í stað þess, eins og segir í gildandi ákvæði, að ársreikningur hafi að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Í reikningsskilum er litið á rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar sem eina órofa heild. Skýringarnar varða rekstrar- og efnahagsreikning og skal í skýringum beinlínis vísað til þeirra liða rekstrar- og efnahagsreiknings, sem um er að ræða. Ársskýrslan, sem um er fjallað í gildandi lögum, er sérstök skýrsla stjórnar, og þykir rétt, að hún sé auðkennd á þann hátt, sem gerð er tillaga um í b-lið. Meginástæða þess, að ekki þykir við hæfi að telja ársskýrsluna vera hluta ársreiknings, er sú, að skýrslan getur haft að geyma ýmsan fróðleik, sem ekki er á færi endurskoðanda að taka afstöðu til, svo sem spár um þróun markaða og sölu. Ekki þykir stætt á, að ársskýrsla stjórnar sé höfð hluti þess ársreiknings, sem öll ákvæði laganna um endurskoðun skuli taka til. Engu að síður er gert ráð fyrir, að endurskoðandi taki afstöðu til allra þeirra atriða í ársskýrslu stjórnar, sem hann er fær að fjalla um, sbr. 37. gr. frv. Þess er að vænta, að engin breyting verði á þeirri venju, sem myndast hefur, að ársskýrslu stjórnar sé komið fyrir í hefti með hinum eiginlega ársreikningi. Slík hefti eru gjarnan auðkennd sem ársskýrsla viðkomandi fyrirtækis, og mun svo væntanlega verða framvegis.

Í c-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að frestur, sem félag hafi til að leggja ársreikning fyrir endurskoðanda, verði styttur úr einum og hálfum mánuði í einn mánuð fyrir aðalfund. Lágmarksfresturinn samkv. gildandi lögum þykir vera óþarflega langur, m. a. í ljósi þess, að löggiltir endurskoðendur leitast við að ljúka sem mestu af endurskoðunarvinnunni, áður en ársreikningurinn sjálfur verður til. Að gerðri umræddri breytingu yrði fresturinn hinn sami og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Um 40. gr.

Sú breyting, sem um er að ræða, stafar af þeirri breytingu, sem um er fjallað í 39. gr. frv., þ. e. að skýringar á einstökum liðum rekstrar- og efnahagsreiknings skuli taldar vera óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Um 41. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um heimild til að hækka bókfært verð fastafjármuna við nánar tilgreindar aðstæður. Að því leyti, sem þeirri fjárhæð, sem hækkuninni nemur, er ekki samtímis ráðstafað til nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum eða til hækkunar á hlutafé, skal fjárhæðin lögð í sérstakan sjóð, endurmatssjóð, sem nota má síðar í sama skyni. Á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting á reikningsskilum fyrirtækja hér á landi, sem byggjast á ákvæði XI til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Á grundvelli þessarar lagaheimildar eru í reikning, sem venjulega er nefndur endurmatsreikningur, gerðar þær færslur, sem varða endurmatssjóð samkv. lögum um hlutafélög, en að auki eru í þennan reikning gerðar mótfærslur við tekju- og gjaldfærslu vegna verðlagsbreytinga. Með a-lið frumvarpsins er lagt til, að komið verði fyrir í lögum um hlutafélög ákvæði, sem lögfestir þessa skipan mála. Að auki er lagt til að heimilt verði bæði að ráðstafa endurmatssjóði til hækkunar á lögbundnum varasjóði, þ. e. þeim varasjóði, sem um er fjallað í XIII. kafla laganna, og til að verðbæta frjálst eigið fé. Í XIII. kafla laganna er ákvæði um skyldu hlutafélags til að leggja í varasjóð hluta af hagnaði, þangað til varasjóðurinn hefur náð því að nema einum fjórða hluta hlutafjárins. Þótt þessu marki hafi einhverju sinni verið náð, getur hlutfallið milli varasjóðsins og hlutafjár raskast í verðbólgu við það, að hlutafé sé aukið með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Réttmætt þykir, að hlutafélagi sé heimilt að verðbæta tillög, sem það hefur gert í lögbundinn varasjóð með færslu úr

endurmatssjóði. Með þeim hætti yrði félag firrt þeirri skyldu að ráðstafa ávallt vissum hundraðshluta hagnaðar í varasjóð, nái hann ekki tilskyldu marki.

Frjálst eigið fé verður fyrst og fremst til við það, að hagnaði er haldið eftir í félaginu í stað þess, að honum sé úthlutað í arð á árinu, sem hann myndast. Við verðbólgu rýrnar kaupmáttur þeirrar fjárhæðar, sem þannig er geymd. Telja verður sanngjarnt, að raungildi fjárhæðar, sem fyrirtæki er heimilt að úthluta í arð, rýrni ekki fyrir það, að úthlutun hafi verið frestað. Að öðrum kosti gætu forráðamenn fyrirtækis hneigst til þess að úthluta hagnaði fyrr heldur en hagkvæmt þætti með hliðsjón af öðrum hagsmunum félagsins. Þess vegna er lagt til, að heimilt verði að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsþróun með færslu úr endurmatssjóði.

Loks er gert ráð fyrir, að ráðstafa megi endurmatssjóði til að verðbæta tillög í skattalega sjóði eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir. Fjárfestingarsjóður er dæmi um slíkan skattalegan sjóð, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

B-liður þarfnast ekki skýringar.

Með tillögunni í c-lið er orðið við ábendingum frá Félagi löggiltra endurskoðenda og formanni nefndarinnar er frumvarp þetta hefur samið. Ábendingin er fram komin eftir að nefndin hafði skilað frumvarpinu til ráðuneytisins. Með ákvæðinu er upphaf gildistíma umræddra heimilda samræmt gildistöku þeirra ákvæða laga um tekju- og eignarskatt, sem lögðu grundvöll að myndun endurmatssjóða.

Um 42. gr.

Í 101. gr. laganna eru ákvæði um gerð rekstrarreiknings. Í frumvarpsgreininni eru gerðar tillögur annars vegar um lagfæringu á orðalagi og hins vegar um aðlögun lagagreinarinnar að þeim breytingum, sem orðið hafa á gerð reikningsskila hér á landi á síðustu árum. Í flokk síðarnefndu breytinganna falla b-liður og d-liður, þar sem lagt er til, að meðal þeirra liða, sem skuli sérgreindir, séu tekjufærsla eða, eftir atvikum, gjaldfærsla vegna áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

Með tillögunni í a-lið er viðkomandi ákvæði komið í það horf, sem ætla verður, að lýsi betur þeirri meginhugsun, sem liggur að baki ákvæðinu, þ. e. að tekjur af aðalstarfsemi skuli sérgreindar. Það þykir ekki vera við hæfi að nefna í sömu andrá heildartekjur og gjöld, nema því aðeins að með tekjum af aðalstarfsemi væri átt við þá reikningsstærð, sem nefnd hefur verið „bráttóhagnaður", en telja verður, að svo sé ekki.

Með orðalaginu „aðrar óreglulegar tekjur" í 6. tl. 3. mgr. er gefið í skyn, að þær tekjur, sem upp eru taldar í 5. tl., séu líka óreglulegar tekjur. Þar sem svo þarf ekki að vera, er lagt til í c-lið, að orðið „aðrar" verði fellt niður. Svipað tilefni er til breytingartillögunnar í e-lið. Með f-lið greinarinnar er lagt til, að niður verði felldur 1. málsl. 5. mgr. af þeirri ástæðu, að þar er tekið á tæknilegu efni, sem óþarft þykir, að tekið sé fyrir í lögunum, enda er um að ræða efni, sem um gilda almennt viðurkenndar reikningsskilareglur.

Um 43. gr.

Í a-lið er tillaga um orðalagsbreytingu, sem stafar af þeirri breytingu á stöðu skýringa gagnvart ársreikningi, sem um er fjallað í 39. gr. þessa frv.

Eins og vikið er að í skýringum við 42. gr. getur í rekstrarreikningi komið fyrir liðurinn tekjufærsla eða gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga. Liður þessi getur haft úrslitaáhrif á þá niðurstöðu um afkomu, sem rekstrarreikningur sýnir. Sú hefur orðið raunin, að fyrirtæki beita ekki öll sömu aðferð við útreikning þessarar verðbreytingafærslu. Þykir því vera brýnt, að þess verði krafist, að í ársreikningi sé gerð grein fyrir þeirri aðferð, sem beitt hefur verið. Um það er gerð tillaga í b-lið.

Um 44. gr.

Tillögunni í a-lið veldur annars vegar sú tillaga, sem orðuð er í 39. gr., að ársskýrsla stjórnar skuli auðkennd sem slík, og hins vegar sú tillaga í sömu gr., að ársskýrslan verði ekki talin vera hluti ársreiknings. Þar sem ársskýrslu stjórnar skal leggja fyrir aðalfund, eins og verið hefur, er nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram um hana, á sama hátt og tekið er fram um ársreikning, að hann skuli lagður fyrir aðalfund til staðfestingar, sbr. 67. gr. laganna og 31. gr. þessa frv.

Í b-lið er lagt til, að í ársskýrslu stjórnar skuli gefnar upplýsingar um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Sú nauðsyn ber til, að hlutafélagaskrá þarf að geta fylgst með fjölda hluthafa vegna ákvæða laganna um réttindi og skyldur, sem tengjast fjölda hluthafa. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði um fjölda stjórnarmanna, sbr. 27. gr. frv., og ákvæði laganna um afleiðingar þess, að fjöldi hluthafa fari niður fyrir hið lögmæta lágmark. Þá er ennfremur lagt til, að gefnar skuli í ársskýrslu upplýsingar um hlutareign og, eftir atvikum, atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa, sem eiga tiltölulega stóra hluti í félaginu. Ástæða tillögu um þetta nýmæli er sú, að ætla má, að vitneskja um eignaraðild að hlutafélagi geti skipt verulegu máli um áhuga aðila til að eiga eða eignast hluti í félaginu.

Um 45. gr.

Látið skal nægja að vísa til a-liðar 39. gr. frv. og skýringa við hann.

Um 46. gr.

Þær breytingar, sem gerð er tillaga um, varða einungis orðalag. Í lagagreininni, sem um er að ræða, er orðið árságóði notað um niðurstöðu rekstrarreiknings um afkomu. Aftur á móti er í kaflanum um ársreikning notað orðið hagnaður um jákvæðan mismun tekna og gjalda. Þykir betur fara á, að notað sé eitt og sama heiti í lögunum um þetta hugtak. Þar sem allir skattar vegna rekstrarársins eru í 101. gr. laganna taldir meðal gjalda í rekstrarreikningi, eins og vera ber samkvæmt viðurkenndum reikningsskilavenjum, er ekki við hæfi að nefna áætlaða skatta sem frádráttarlið í 1. mgr. 107. gr., eftir að orðið hagnaður hefur verið sett í stað ágóða.

Um 47. gr.

Þessi grein þarfnast ekki annarrar skýringar en þeirrar, sem gefin er í athugasemdum um 46. gr.

Um 48. gr.

Tillagan í a-lið er um orðalagsbreytingu. Með því að þegar er í 103. gr. ákveði um, að stjórn félags skuli í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun taps, og þegar litið er til þess, að samkv. 107. gr. laganna er heimilt, við nánar tilgreindar aðstæður, að úthluta í arð meiru heldur en hagnaði viðkomandi reikningsárs, þykir ekki vera efni til þess að binda ákvörðun hluthafafundar um úthlutun arðs skilyrði á þann hátt, sem gert er í 1. mgr. 109. gr. Meginefni málsliðarins stæði óhaggað: að það sé hluthafafundur einn, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs og að stjórn félags skuli hafa lagt fram tillögu um, hve hárri fjárhæð skuli úthlutað í arð. Í ársskýrslu stjórnar hljóta að koma skýrt fram tengslin á milli arðsins, sem lagt er til, að greiddur verði, og rekstrarafkomu ársins.

Í 2. mgr. 109. gr. laganna er ákvæði um minnihlutavernd, sem þykir ganga óhóflega langt. Ákvæði þetta stingur mjög í stúf við ákvæði laganna um, að ekki megi úthluta meiri arði en félagsstjórn leggi til eða samþykki. Hinn tiltekni minnihluti getur krafist þess, að „fjárhæð, sem minnst svarar til helmings“ ráðstafanlegs hagnaðar á rekstrarárinu verði úthlutað í arð. Eftir orðanna hljóðan virðist kveðið á um, að arðskrafan verði að nema að

minnsta kosti helmingi ráðstafanlegs hagnaðar, en þó ekki hærri fjárhæð heldur en öllum ráðstafanlegum hagnaði. Óeðlilegt þykir, að lítill minnihluti geti á þennan hátt gert slíkan usla í fjármálum fyrirtækis. Ákvörðun um arðsúthlutun er í flokki mikilvægustu ákvarðana, sem teknar eru í hlutafélagi. Náið samhengi er gjarnan á milli afkomu og fyrirætlana um fjáröflun til fjárfestinga í rekstrarfjármunum. Óvænt ákvörðun um arð, sem knúin er fram á þann hátt, sem lýst er í lagagreininni, getur kippt grundvellinum undan heilbrigðri fjármálastjórnun. Af þessum ástæðum er í b-lið lagt til, að réttur minnihluta í þessu efni verði þrengdur verulega. Lagt er til, að hámark þess, sem hinn tiltekni minnihluti geti krafist, að úthlutað sé í arð, verði fjórðungur af ráðstafanlegum hagnaði rekstrarársins og jafnframt, að ekki verði unnt að krefjast þess, að meiru sé úthlutað en sem svarar tveim hundruðustu af eigin fé, í stað fimm hundruðustu eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Vert er að vekja athygli á, að hundraðshlutinn er reiknaður af öllu eigin fé, en ekki aðeins af hlutafé.

Í c-lið er lagt til, að hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skuli jafnframt ákveða, hver skuli vera gjalddagi hans. Það getur varðað hluthafa miklu að vita, hvenær hann megi eiga von á þeim arði, sem þeir leggja til, að úthlutað verði. Gert er ráð fyrir, að tillaga stjórnar um arð taki þá jafnframt til gjalddaga arðsins.

Um 49. gr.

Hér er um nauðsynlega breytingu að ræða vegna mismunandi vaxta af almennum sparisjóðsbókum, sbr. athugasemd við 7. gr. frumvarpsins.

Um XIV. kafla.

Með ákvæðum þessa kafla frumvarpsins eru gerðar tillögur um umtalsverðar breytingar frá reglum XIV. kafla laganna um slit hlutafélaga. Felast breytingar þessar einkum í tvennu. Eru annars vegar sett fyllri skilyrði fyrir heimild til löggildingar skilanefndar til slita á félagi. Er meginskilyrði slíks samkvæmt frumvarpinu að fyrir liggi að eignir félags hrökkvi fyrir skuldum þess, en slíkt skilyrði er ekki í núgildandi lögum og getur það leitt til misnotkunar. Hins vegar er í kafla þessum að finna verklagsreglur um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga, en lítið er af slíkum reglum í núgildandi lögum. Reglum þessum er einkum ætlað að eyða óvissu um þessi efni og ráða bót á verulegum seinagangi, sem að nokkru hefur einkennt framkvæmd slita hlutafélaga. Einstakar efnisreglur um heimildir til að krefjast slita hlutafélags eru að öðru leyti samsvarandi núgildandi lögum, eins og nánar er vikið að í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 113. gr. núgildandi laga.

Um 51. gr.

Fyrri málsgrein þessa ákvæðis er sama efnis og 115. gr. núgildandi laga. Í seinni málsgrein felast hins vegar nýmæli, sem þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 52. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að mestu 114. gr. núgildandi laga, en efnisskipan er nokkuð breytt. Í 5. tl. 1. mgr. er þó að finna ákvæði, sem ekki á sér hliðstæðu í núgildandi lögum, en þar er mælt fyrir um afleiðingar þess að ráðherra synji um eða felli úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.—6. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Nokkrar smábreytingar hafa verið gerðar á eldri útgáfu frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í núgildandi lögum er engin fyrirmæli að finna um það, eftir hverjum reglum fara eigi, er skiptaráðandi annast um slit hlutafélags samkvæmt 3. mgr. 114. gr. þeirra. Er með ákvæði þessu ætlað að ráða bót þar á, og farin sú leið að láta meðferð lúta meginákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt 1. mgr. ber skiptaráðanda að framkominni kröfu samkvæmt 1. eða 2. mgr. 52. gr. frumvarpsins að boða fyrirsvarsmann félags og þann, er slita krefst, til þinghalds vegna framkominnar kröfu, og gilda ákvæði gjaldþrotalaga um það, hver áhrif þess séu að þingsókn falli niður af hálfu annars hvors aðilja. Ástæðulaust þykir að mæla sérstaklega fyrir um frestsveitingu til félags til að koma málum í rétt horf, eins og gert er í niðurlagi 114. gr. núgildandi laga, enda eru slíkir frestir jafnan veittir við meðferð gjaldþrotabeiðna, er rök þykja fyrir þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skiptaráðandi taki afstöðu til þess með úrskurði, hvort orðið skuli við kröfu um slit á félagi, og ef svo er gert, að gefin verði út innköllun til lánardrottna, þar sem tekið sé fram að verið sé að slíta félaginu samkvæmt ákvæðum þessum.

Í 3. mgr. er vísað til tiltekinna greina og kafla gjaldþrotalaga um hvernig hagað skuli meðferð. Er VIII. kafli þeirra laga ekki meðal ívitnaðra ákvæða, en hann fjallar um riftun ráðstafana þrotamanns. Eigi þau ákvæði ekki við, er slitið er gjaldfæru félagi. Í 4. mgr. er að finna reglu um að ef ljóst verður að eignir félags, sem til slita er hjá skiptaráðanda, hrökkvi ekki til greiðslu skulda, megi skiptaráðandi samkvæmt kröfu lánardrottins kveða svo á í úrskurði að bú félagsins sé tekið til gjaldþrotaskipta. Ef svo er gert, kæmu þau ákvæði gjaldþrotalaga, sem ekki er vísað til í 3. mgr., til framkvæmda við skipti á búi félagsins.

Um 54. gr.

Í ákvæði þessu er að finna meginskilyrði frumvarpsins fyrir skilanefndarmeðferð, og mælt fyrir um aðdraganda að kosningu skilanefndar. Ákvörðun um félagsslit með þessum hætti þarf atbeina sama hlutfalls hluthafa og mælt er fyrir um í 2. mgr. 114. gr. núgildandi laga. Að öðru leyti er í ákvæði þessu mælt fyrir um það meginskilyrði skilanefndarmeðferðar, að áður en til löggildingar skilanefndar kemur, hafi verið staðreynt að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé tvímælalaust að eignir félagsins eigi að hrökkva fyrir skuldum þess. Ef gjaldfærni félags er ekki tvímælalaus, og hluthafafundur fellur ekki frá fyrirætlan um slit félagsins, ber samkvæmt niðurlagi 2. mgr. að fela skiptaráðanda að annast um félagsslitin að hætti 3. mgr. 52. gr. frumvarpsins.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um fjölda skilanefndarmanna og tryggður réttur minnihluta hluthafa til að ráða vali a. m. k. eins þeirra, sbr. 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

2. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, en þykir eðlilegt skilyrði, er litið er til viðfangsefnis skilanefndar.

Ákvæði 3. mgr. eru hliðstæð 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

Í 4.—6. mgr. er að finna reglur, sem tryggja eiga eftirlit ráðherra með framvindu meðferðar skilanefndar í ríkara mæli en nú er.

Í 7. mgr. eru fyrirmæli um bótaábyrgð skilanefndarmanna gagnvart hluthöfum í félagi og lánardrottnum þess, og er ábyrgð þessi víðtækari en berum orðum er mælt fyrir um í 120. gr. núgildandi laga.

Um 56. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. um fjölda birtinga innköllunar skilanefndar og kröfulýsingarfrests fela í sér breytingar frá 118. gr. núgildandi laga til samræmis við tilhögun þessara mála við skipti þrotabúa. Í 2. mgr. felast þau nýmæli, að í innköllun eigi skilanefnd jafnframt að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum þegar eftir lok kröfulýsingarfrests til umfjöllunar um lýstar kröfur, eins og skylt er við meðferð þrotabúa. Ákvæðum þessum báðum er ætlað að leiða til hraðari meðferðar skilanefndar.

Í 3. mgr. felst ekki breyting frá gildandi rétti, en æskilegt þykir að lögfesta ákvæði þessa efnis til að girða fyrir tvímæli.

Reglum þeirra kafla gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 4. mgr., verður vart beitt við slit hlutafélaga að gildandi lögum, þótt þær eigi eðli máls samkvæmt við í þeim efnum. Þykir því rétt að lögfesta heimild til notkunar þeirra.

Um 57. gr.

Ákvæði fjögurra fyrstu málsgreina þessarar greinar eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, og er þeim ætlað að eyða óvissu um starfshætti skilanefnda, og jafnframt að tryggja lánardrottnum félags og hluthöfum að óþarfa dráttur verði ekki á starfi skilanefndar. Reglur þessar eru hliðstæðar reglum gjaldþrotalaga um viðkomandi efni.

Í 5. og 6. mgr. eru fyrirmæli um skyldu skilanefndar til að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta, ef fram kemur að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum að loknum kröfulýsingarfresti. Þótt skilyrði 54. gr. frumvarpsins ættu almennt að koma í veg fyrir skilanefndarmeðferð, þegar svo er ástatt, verður ekki útilokað að áður ókunnar kröfur berist í kröfulýsingarfresti, eða að eignir hafi ekki reynst hafa það verðgildi, er í upphafi var ætlað. Reglur þessar eru einkum settar fram til verndar réttindum lánardrottna. Ákvæðum 6. mgr. er ætlað að fyrirbyggja misnotkun heimilda til skilanefndarmeðferðar og leiða til að ráðstöfunum skilanefndar megi rifta, ef bú félags verður síðar tekið til gjaldþrotaskipta og lánardrottnar kjósa þá leið fremur en að beita ábyrgðarreglu 7. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Um 58. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samsvarandi ýmsum dreifðum ákvæðum XIV. kafla núgildandi laga um viðkomandi efni, og þykja ekki þarfnast sérstakrar skýringar.

Um 59. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði, er samsvarar 1. mgr., sem ætlað er að fyrirbyggja drátt á starfi skilanefndar. Telji ráðherra skýringar skilanefndar á drætti óviðunandi, getur hann neytt heimilda 6. mgr. 55. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum fellt úr gildi löggildingu hennar og krafist þess að skiptaráðandi taki við meðferð slitanna.

Ákvæði 2. mgr. samsvara 121. gr. núgildandi laga.

Um 60. gr.

Grein þessi samsvarar 122. og 123. gr. núgildandi laga.

Um 61. gr.

Grein þessi samsvarar að mestu 125. gr. núgildandi laga.

Um 62. gr.

Grein þessi samsvarar 124. gr. núgildandi laga.

Um 63. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um, að ráðherra sé heimilt að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá, þ. m. t. reikningum hlutafélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til, að þessu ákvæði verði breytt á þann veg, að einungis verði heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra félaga, sem ekki leggja hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.

Í 105. gr. gildandi laga er mælt fyrir um, að eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skuli staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist hlutafélagaskrá. Samkvæmt 114. gr. laganna skal hlutafélagi slitið að ákvörðun skiptaréttar, þegar ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú ár. Gætt hefur megnrar óánægju með ákvæði 145. gr. um opinberun ársreikninga. Ráðherra hefur enn ekki notað sér heimild til að veita almennan aðgang að ársreikningum, en óttinn við afleiðingar ákvörðunar hans um opinberun reikninga virðist hafa valdið því, að mikill meirihluti hlutafélaga hefur vanrækt að afhenda hlutafélagaskrá ársreikninga sína. Í bréfi Verslunarráðs Íslands til viðskiptaráðherra, dags. 5. júlí 1983, segir, að allmargir félagar V.Í. hafi haft samband við skrifstofu ráðsins vegna þess, að þeim hafi borist tilkynningar frá hlutafélagaskrá þess efnis, að þar sem þeir hafi ekki fylgt ákvæðum 105. gr. laganna um skil á ársreikningum, verði viðurlögum 114. gr. sömu laga beitt og hlutafélaginu slitið. Síðan segir: „Í öllum tilvikum hafa viðkomandi borið því við, að engin trygging sé fyrir því, að reikningarnir verði ekki hafðir almenningi til sýnis, en heimild er að finna fyrir því í 145. gr. laganna. Var það sameiginlegt álit þessara aðila, að sömu reglur ættu að gilda um meðferð þessara reikninga og gilda um meðferð skattframtala. Á þessu tvennu sé enginn eðlismunur.“ Í bréfinu bar V.Í. fram þá ósk, að 145. gr. laganna yrði komið í svipað horf og hér er lagt til. Um þetta efni farast Sigmari Ármannssyni, lögfræðingi, orð á þessa leið í Tímariti lögfræðinga, 2. tbl. 1980, þegar hann hefur kynnt reglur þær, sem gilda í Danmörku: „Málið horfir hins vegar við með öðrum hætti hér á landi, þar sem hlutafélög eru flest lítil og hluthafar fáir. Það telst til undantekninga, að hlutabréf slíkra félaga fari á almennan markað. Ekki er því ljóst, hvaða tilgangi það þjónar, að óviðkomandi aðilar geti af einskærri forvitni rannsakað rekstur slíkra hlutafélaga og sökkt sér ofan í gögn um félagið, sem varða einkamálefni þess. Viðsemjendum þessara fyrirtækja ætti að vera í lófa lagið að fá nauðsynlegar upplýsingar beint frá forráðamönnum fyrirtækjanna, áður en gengið er til samninga, og eftir atvikum hætt við fyrirhuguð viðskipti, fái þeir ekki fullnægjandi upplýsingar. Nauðsynlegu öryggi í viðskiptalífinu yrði því ekki stefnt í tvísýnu, þó að takmörkuð yrði heimild almennings til þess að kynna sér gögn í fórum hlutafélagaskrárinnar, eins og t. d. ársreikninga og endurskoðunarskýrslur. Vel getur þó verið, að annað eigi að gilda, þegar um tiltölulega stór almenningshlutafélög er að ræða.“ Síðar í sömu grein skrifar Sigmar: „Taka verður tillit til sérkenna íslenskra hlutafélaga og meta verður þær aðstæður, sem skapast í fámennu þjóðfélagi, þar sem allir þekkja alla. Ef hlutafélögin yrðu ein tekin út úr að þessu leyti, yrði einnig um að ræða augljósa mismunun milli félagsforma. Friðhelgi um einkamálefni hlutafélaga eða annarra félaga má ekki rjúfa, slíkt væri að brjóta meginreglur íslensks réttar.“

Að lagagreininni breyttri yrði öllum heimill aðgangur að ársreikningum þeirra hlutafélaga, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf sín. Ætla verður, að þau félög, sem þannig háttar um, vilji veita almenningi sem fyllstar upplýsingar um rekstur sinn til þess bæði að greiða fyrir viðskiptum með hlutabréfin, sem úti standa, og til þess að auðvelda sölu hlutafjárauka. Hlutafélagaskrá þykir henta vel sem miðstöð fyrir slíka upplýsingamiðlun og gæti með tímanum gefið fólki kost á að kaupa endurrit af viðkomandi reikningum. Framvegis sem hingað til er gert ráð fyrir, að ofangreindum hlutafélögum sé skylt að

afhenda hlutafélagaskrá eintak af ársreikningum sínum. Með þeim einum hætti getur hlutafélagaskrá rækt hæfilegt eftirlit með starfsemi hlutafélaga. Af atriðum, sem unnt er að hafa gát á með aðstoð ársreikninga, má nefna: fjölda hluthafa og stjórnarmanna, tillag í lögbundinn varasjóð, úthlutun arðs og breytingar á hlutafé. Á það skal bent, að til að forðast tvíverknað kæmi til greina, að hluthafaskrá semdi við skattstjóra um, að embætti þeirra gerðu, t. d. á grundvelli úrtaka, nauðsynlega athugun á, hvort fylgt væri ákvæðum laga um ýmis efni, sem ársreikningar geyma upplýsingar um, svo sem um úthlutun arðs og um tillög í varasjóð.

Rétt þykir, að gerð sé nokkur grein fyrir þeim reglum, sem gilda í þessum efnum í nokkrum nágrannalandanna. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi, sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð, að hann skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla, að hlutafélög skulu senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar, og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Fyrir lítil og meðalstór „private companies“ eru hins vegar gerðar vissar mikilvægar undanþágur. Félag er lítið, ef það uppfyllir einhver tvö eftirtalinna skilyrða (1981 Act S8):

1) Velta þess fer ekki fram úr GBP 1 400 000 á ári,
2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir GBP 700 000,
3) meðalfjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 50.

Árið 1982 var talið, að í Bretlandi væru um 500 000 lítil hlutafélög. Til þess að geta talist meðalstórt, verður hlutafélag að fullnægja einhverjum tveim eftirtalinna skilyrða: 1) Ársvelta þess fer ekki fram úr GBP 5 750 000; 2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki upp fyrir GBP 2 800 000; 3) fjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 250. Undanþágurnar, sem um er að ræða, ná ekki til banka, tryggingarfélaga og vissra skipafélaga. Lítið hlutafélag getur komist af með að senda hlutafélagaskrá útdrátt úr efnahagsreikningi, sem tekur aðeins til nokkurra mikilvægustu liða reikningsins. Það þarf hvorki að senda inn rekstrarreikning né ársskýrslu stjórnar. Fyrir meðalstórt fyrirtæki nægir, að útdráttur úr efnahagsreikningi svo og útdráttur úr rekstrarreikningi, séu látnir af hendi, og gerðar eru vægari kröfur um meðfylgjandi skýringar heldur en til stærri hlutafélaga.

Í Þýskalandi eru í sjálfum lögunum um GmbH engin ákvæði um skyldu til að afhenda stjórnvöldum ársreikninga hlutafélaga né heldur um birtingu þeirra. Í sérstökum lögum, sem nefnd hafa verið Publizitätsgesetz, eru hins vegar ákvæði, sem taka til hvers konar fyrirtækja, um skyldu til að birta ársreikninga, fari fyrirtæki yfir ákveðin stærðarmörk. Skylda til birtingar tekur til allra fyrirtækja sem uppfylla einhver tvö eftirtalinna skilyrða: Í samfellt þrjú rekstrarár 1) er niðurstöðutala efnahagsreiknings hærri en DEM 125 milljónir, 2) ársala fer fram úr DEM 250 milljónum og 3) að meðaltali vinna fleiri en 5000 menn hjá fyrirtækinu. Bankar og fjárfestingarfélög (Kapitalanlagegesellschaften) njóta þó ekki undanþágu samkvæmt þessari viðmiðun. Og sem aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu mun að því koma, að Þjóðverjar verði að laga reglur sínar um þessi efni að talsvert strangari sameiginlegum reglum bandalagsins.

Mörg önnur ríki hafa gert áþekkan mun á kröfum um upplýsingagjöf og um opinberun ársreikninga, þ. e. bæði eftir gerð og stærð hlutafélags. Sem dæmi má nefna Holland, Frakkland, Austurríki og Sviss.

Um 64. gr.

Hér er um að ræða breytingu á frumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi 1986. Samkvæmt þessu getur ráðherra krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar. Getur aukið öryggi verið fólgið í því að aðili utan stjórnar gefi slíka yfirlýsingu.

Um 65. gr.

Í 147. gr. laganna eru fyrirmæli þess efnis, að tilkynning um breytingu á samþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skuli undirrituð af öllum stjórnarmönnum. Til að forðast vandræði, sem gætu hlotist af forföllum eða fjarvistum stjórnarmanna, er lagt til, að látið verði nægja, að slíkar tilkynningar skuli undirritaðar af meirihluta stjórnar eða af prókúruhafa. Telja verður, að með þessum breytta hætti yrði gætt nægilegs öryggis um áreiðanleika tilkynningar.

Í b-lið er um að ræða nýmæli miðað við tillögur nefndarinnar, er samdi lagafrumvarp þetta. Miðar það að því, að sem áreiðanlegastar upplýsingar liggi fyrir hverju sinni í hlutafélagaskrá, m. a. um heimilisföng félaga og stjórnarmanna, en mikið er leitað til skrárinnar um hvers kyns upplýsingagjöf, m. a. af hálfu opinberra aðila og lögmanna.

Um 66. gr.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu, sem ekki þarfnast nánari skýringar.

Um 67.—68. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 69. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um, hver verði áhrif þessa frumvarps, ef að lögum verður, á starfsemi skilanefnda sem þegar hafa verið löggiltar til að slíta félögum við gildistöku laganna. Er ætlunin með ákvæði þessu að reglur frumvarpsins um aðgerðir vegna lausnarbeiðni skilanefndarmanns og andláts komi þegar til framkvæmda, svo og þau úrræði ráðherra að geta áminnt skilanefnd og fellt löggildingu hennar úr gildi. Að öðru leyti ættu verklagsreglur 56.—62. gr. að koma til framkvæmda við störf þegar löggiltra skilanefnda að því leyti, að þær gildi um þá þætti meðferðar, sem eru óloknir við gildistöku laganna, en hrófli í engu við þegar loknum þáttum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er byggt á tillögu skiptaráðenda og gerir ráð fyrir möguleika um nokkurra ára skeið á einfaldari aðferð til slita á hlutafélögum en er í gildandi lögum. Nokkur hluti þeirra um 6000 hlutafélaga, sem skráð eru hér á landi, hafa í reynd hætt starfsemi og má telja, að til bóta sé að gefa kost á slitum þeirra með tiltölulega einföldum hætti. Hin einfalda skipan félagsslita samkvæmt ákvæði þessu getur haft verulegan sparnað í för með sér, jafnt fyrir eigendur viðkomandi hlutafélags og hið opinbera.

Sþ. 122. Fyrirspurn [116. mál]

til fjármálaráðherra um eindaga söluskatts.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvort og hvenær hyggst fjármálaráðherra nýta heimild IV. kafla ákvæðis til bráðabirgða í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að eindagi söluskatts skuli vera allt að 20 dögum eftir gjalddaga hans?

Sþ. 123. Fyrirspurn [117. mál]

til fjármálaráðherra um sölu spariskírteina ríkissjóðs.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hve mikið hefur selst af spariskírteinum ríkissjóðs:
   a. í ágúst,
   b. í september,
   c. í október,
   d. í nóvember (fram til 20. nóv.)?
2. Hafa óseld skírteini hlaðist upp hjá bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og hver var eign þeirra í lok hvers áðurgreinds mánaðar (miðað við 20. nóv.)?
3. Hvaða áhrif hafði vaxtalækkunin í október á skráða ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á verðbréfaþingi Íslands?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 124. Fyrirspurn [118. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun vaxta á spariskírteinum.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvenær verður næsta skref tekið til lækkunar vaxta á spariskírteinum ríkissjóðs?

Sþ. 125. Fyrirspurn [119. mál]

til viðskiptaráðherra um lánstraust Íslands erlendis.

Frá Geir H. Haarde.

Hyggst viðskiptaráðherra láta kanna hver áhrif yfirlýsing forsætisráðherra um að Íslendingar standi „nær þjóðargjaldþroti heldur en líklega nokkru sinni fyrr“ hefur á lánstraust Íslands erlendis?

Er viðskiptaráðherra samþykkur þessari yfirlýsingu?

Sþ. 126. Fyrirspurn [120. mál]

til viðskiptaráðherra um skýrslu OECD um efnahagsástandið á Íslandi.

Frá Geir H. Haarde.

1. Með hvaða hætti hyggst viðskiptaráðherra bregðast við þeirri yfirlýsingu forsætisráðherra að skýrsla OECD um efnahagsástandið á Íslandi sé „þýðingar á tillögum og skýrslum sem eru ritaðar í kerfinu hér heima af mönnum sem fylgja allt annarri stefnu á þessu sviði en ríkisstjórnin“, sbr. dagblaðið Tíminn 17. nóvember sl.?
2. Ætlar viðskiptaráðherra að láta rannsaka hvort tilvitnuð ummæli og þær aðdróttanir, sem í þeim felast, eigi við rök að styðjast?
3. Telur viðskiptaráðherra eðlilegt að Ísland kosti áfram fjármunum til aðildar að alþjóðlegri stofnun sem forsætisráðherra telur seka um svo ámælisverð vinnubrögð?

Sþ. 127. Fyrirspurn [121. mál]

til utanríkisráðherra um varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Frá Geir H. Haarde.

Hver er staða mála varðandi hugsanlega aðild Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að gerð varaflugvallar fyrir millilandaflug hér á landi?

Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir frekari undirbúningi að gerð slíks flugvallar með þátttöku Mannvirkjasjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 128. Fyrirspurn [122. mál]

til menntamálaráðherra um lög um bann við ofbeldiskvikmyndum og lög um vernd barna og unglinga.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 22. apríl 1987 til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983?
2. Hvað líður heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna?
3. Hyggst menntamálaráðherra flytja frumvarp til að samræma þessi lög að því er tekur til banns við ofbeldiskvikmyndum fyrir lok ársins 1988?

Sþ. 129. Fyrirspurn [123. mál]

til samgönguráðherra um Vestmannaeyjaferju.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvað líður athugun á smíði nýrrar ferju á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar?

Sþ. 130. Fyrirspurn [124. mál]

til heilbrigðisráðherra um sölu á sælgæti og sætum drykkjum.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að lagafyrirmæli og reglugerðir um söluturna og kvöldsölustaði verði endurskoðuð með heilbrigðissjónarmið í huga og að spornað verði við slíkri sölustarfsemi í námunda við skóla og aðra samkomustaði æskufólks?
2. Er fyrirhugað að setja reglur hér á landi um hvar heimilt sé að stilla upp sælgæti og sætum drykkjum í verslunum?

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um nýtingu innlendra orkugjafa á vegum sveitarfélaga og ríkisins.

Flm.: Ólöf Hildur Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna orkunotkun fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga þar sem fram komi hlutfall notkunar á a. olíu, b. raforku og c. jarðvarma. Að niðurstöðum fengnum verði gerð áætlun um notkun innlendrar orku til upphitunar í byggingum á vegum ríkis og sveitarfélaga og jafnframt verði leitað leiða til að samræma verðlagningu innlendra orkugjafa.

Greinargerð.

Öllum er kunnugt um þá mismunun sem gætir í verðlagningu á orku til húshitunar hér á landi. Þessi verðlagning veldur óeðlilegum mun á búsetuskilyrðum einstaklinga og einnig eru sveitarfélög af þessum sökum misvel búin til að sinna skyldum sínum lögum samkvæmt. Þau sveitarfélög, sem ekki hafa aðgang að jarðvarma, nýta nú að verulegu leyti olíu til upphitunar á sundlaugum, íþróttahúsum, skólum o.fl.

Það hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að á meðan um er að ræða mikla umframorkugetu í framleiðslu rafmagns að fyrirtæki og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga noti innflutta orku til upphitunar.

Flest sveitarfélög reka skóla, íþróttahús, sundlaugar, heilsugæslu o.fl. Þessir rekstrarþættir verða oft þungir í skauti, ekki síst vegna þess að orka til upphitunar er mjög dýr.

Lægra verð á innlendri orku mundi gera þessum sveitarfélögum kleift að skipta yfir í jarðvarma eða rafmagn, sem er þjóðhagslega hagkvæmt, þar sem þá þyrfti ekki að flytja inn olíu til upphitunar þessara húsa auk þess mundi það létta rekstur margra sveitarfélaga

verulega og gera þeim þar með mögulegt að halda uppi betri og meiri þjónustu við íbúa sína en nú er.

Íslensk stjórnvöld hafa til þessa talið sér fært að skipta auðlindum landsins niður á þegna þjóðfélagsins. Nægir þar að nefna nýtingu fiskistofna og landgæði til búskapar. Hins vegar vekur það furðu að stór hluti orkuöflunar er afhentur einstaka sveitarfélögum og stofnunum án tillits til afkomumöguleika annarra sem ekki hafa jafngreiðan aðgang að þessum auðlindum.

Nauðsynlegt er að athuga með hvaða hætti þessum auðlindum verði skipt jafnt milli þegna landsins og ekki óeðlilegt að jöfnun orkukostnaðar í stofnunum ríkis og sveitarfélaga verði fyrsta skrefið að jöfnu orkuverði fyrir alla landsmenn.

Ed. 132. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6 til 16 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað. Stærð skólahúsnæðis grunnskóla fyrir nemendur í 1.–10. bekk skal miða við að fjöldi nemenda í skólanum fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur.

3. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, aðstöðu til að neyta málsverðar og njóta hvíldar, snyrtiherbergjum, skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

4. gr.

1.–4. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskólum og öðrum grunnskólum, sem starfrækja mötuneyti, samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar og annað starfsfólk við framreiðslu eða umsjón skólamáltíða eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við skóla með nemendum færri en 30 og starfsfólk með uppeldisfræðimenntun til að annast nemendur í grunnskólum fyrir eða eftir eiginlegan skólatíma, svo og starfsfólk til aðstoðar í mötuneytum.

5. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a.	í 1. bekk	(6 ára)	1200 mínútur =	30 stundir.
b.	í 2. bekk	(7 ára)	1200 mínútur =	30 stundir.
c.	í 3. bekk	(8 ára)	1280 mínútur =	32 stundir.
d.	í 4. bekk	(9 ára)	1280 mínútur =	32 stundir.
e.	í 5. bekk	(10 ára)	1400 mínútur =	35 stundir.
f.	í 6. bekk	(11 ára)	1400 mínútur =	35 stundir.
g.	í 7. bekk	(12 ára)	1440 mínútur =	36 stundir.
h.	í 8. bekk	(13 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 9. bekk	(14 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 10. bekk	(15 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.

Í 1.–6. bekk er skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund og með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Nemendur skulu eiga þess kost að dveljast í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá kl. 8–9 að morgni, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis.

6. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í 1. og 2. bekk, þ.e. 6 og 7 ára barna, hvers grunnskóla fari ekki yfir 14 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 16. Á sama hátt skal við það miðað að meðaltal nemenda í 3.–10. bekk fari ekki yfir 18 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 20.

7. gr.

74. gr. laganna (XII. kafli) fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr. laganna:

a. Orðin „eða forskóla, sbr. 74. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. Á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra og að uppfylltum skilyrðum sem menntamálaráðuneytið setur um starfsáætlun, menntun kennara og annan aðbúnað barnanna.

9. gr.

5. mgr. 76. gr. laganna orðast svo:

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr. nema hvað verja má einni stund á viku á hverja 20 nemendur í 1.–10. bekk grunnskóla til reglubundins náms á skólasafni undir leiðsögn kennara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1990–1991 og sömuleiðis ákvæði 7. gr. um niðurfellingu almennrar heimildar um rekstur forskóla. Fram að þeim tíma verður upphaf skólaskyldu við 7 ára aldur.

Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1991–1992. Fram að þeim tíma gilda eftirfarandi ákvæði:

Fyrir skólaárið 1989–1990:

a.	6 ára börn		880 mínútur =	22 stundir.
b.	í 1. bekk	(7 ára)	1000 mínútur =	25 stundir.
c.	í 2. bekk	(8 ára)	1080 mínútur =	27 stundir.
d.	í 3. bekk	(9 ára)	1200 mínútur =	30 stundir.
e.	í 4. bekk	(10 ára)	1280 mínútur =	32 stundir.
f.	í 5. bekk	(11 ára)	1360 mínútur =	34 stundir.
g.	í 6. bekk	(12 ára)	1400 mínútur =	35 stundir.
h.	í 7. bekk	(13 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 8. bekk	(14 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 9. bekk	(15 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.

Fyrir skólaárið 1990–1991:

a.	í 1. bekk	(6 ára)	1000 mínútur =	25 stundir.
b.	í 2. bekk	(7 ára)	1080 mínútur =	27 stundir.
c.	í 3. bekk	(8 ára)	1200 mínútur =	30 stundir.
d.	í 4. bekk	(9 ára)	1280 mínútur =	32 stundir.
e.	í 5. bekk	(10 ára)	1360 mínútur =	34 stundir.
f.	í 6. bekk	(11 ára)	1400 mínútur =	35 stundir.
g.	í 7. bekk	(12 ára)	1440 mínútur =	36 stundir.
h.	í 8. bekk	(13 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 9. bekk	(14 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 10. bekk	(15 ára)	1440–1480 mínútur =	36–37 stundir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt, lítillega breytt.

Brýn þörf er á því að samræma betur vinnudag barna og foreldra hérlendis. Gera þarf vinnudag barna í skóla samfelldan, lengja kennslutíma yngstu árganganna og öll börn verða að hafa tækifæri til þess að matast í skólanum. Enn fremur er nauðsynlegt að börnin eigi þess kost að dveljast í skólanum utan kennslustunda og njóta þar umsjár kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun. Grunnskólar þurfa að verða einsetnir heilsdagsskólar þar sem vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld. Nauðsynlegt er að fækka nemendum í hverjum bekk þannig að nám og kennsla komi að sem bestum notum. Það er einkum mikilvægt í yngstu bekkjunum. Einnig þarf að gæta þess að skólar verði ekki of stórir eða fjölmennir.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lögbundin verði fræðsluskylda 6 ára barna á skólaárinu 1989–1990, en skólaskylda 6 ára barna verði lögbundin á skólaárinu 1990–1991. Enn fremur að kennslutími yngri árganga verði lengdur í áföngum sem miði að einsetnum heilsdagsskóla fyrir öll börn þar sem nemendur eiga einnig kost á viðveru utan kennslustunda í þroskandi umhverfi og umsjá fullorðinna. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til hvíldar, einkum fyrir yngri börn og aðstöðu fyrir öll börn til að matast. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur í yngstu bekkjunum verði að meðaltali 14 en 18 að meðaltali í öðrum bekkjum.

Frumvarpið er lagt fram til að gera nauðsynlegar breytingar á grunnskólalögunum í þágu barna, foreldra og kennara. Breyting á samfélagsháttum á síðustu áratugum hefur leitt til þess að breyttar og vaxandi kröfur eru nú gerðar til kennara og skóla. Til þess að þeir geti svarað þessum kröfum og veitt þá þjónustu sem börn og foreldrar þurfa verður að breyta lögum og jafnframt að verja nægilegu fé til nauðsynlegra umbóta.

Undanfarin ár hafa umtalsverðar breytingar orðið á kennslu yngri barna (5/6–12 ára) í mörgum löndum Evrópu. Breytingarnar hafa aðallega falist í því að færa starf skólanna nær raunverulegum þörfum barna og fjölskyldna þeirra eins og þær birtast í nútímaþjóðfélagi og því varðað bæði starfið sjálft og starfstíma skólanna en einnig ýmsa aðra þætti.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fjalla um og endurmeta markmið, stefnur og vandamál við kennslu þessara aldurshópa í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þetta hefur verið meginverkefni menningarmálanefndar Evrópuráðsins frá árinu 1983 en þá var hafist handa við „Verkefni nr. 8, nýbreytnistarf í grunnskólum í Vestur-Evrópu". (Project Nr. 8, Innovation in Primary Education in Western Europe.) Íslendingar hafa átt aðild að þessu verkefni og er Sigríður Jónsdóttir námsstjóri fulltrúi okkar, en hún hefur unnið í starfshópi sem fjallar um tilraunastarf nokkurra skóla í Evrópu sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt vegna nýbreytni í starfi.

Víðast hvar er megináherslan lögð á að lengja skólatíma yngstu barnanna og bjóða þeim jafnframt upp á dagvist fyrir eða eftir hinn eiginlega skólatíma. Þannig hefur áherslan hvarvetna verið að koma á og þróa heilsdagsskóla þar sem nemendur geta dvalist frá morgni og fram eftir degi við nám og leik í þroskandi og öruggu umhverfi með öðrum börnum og í umsjá fullorðinna. Mikil áhersla er lögð á að öll börn fái að þroskast með sínum eðlilega hraða bæði til líkama og sálar. Því er víðast reynt að hafa skóla yngri barna fámenna, allt frá skólum með um eða innan við 100 nemendur, t.d. í svonefndum grenndarskólum í Svíþjóð, til skóla með um 300–400 nemendur. Jafnframt er reynt að hafa bekki ekki of fjölmenna þannig að hægt sé að veita einstaklingsbundna kennslu.

Víða er reynt með ýmsum ráðum að koma á heimilislegum blæ í þessum skólum, t.d. með því að blanda saman árgöngum þar sem þau eldri „fóstra" þau yngri, og gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi búnað og umhverfi til að fegra og gera heimilislegra. Séð er fyrir líkamlegum jafnt sem andlegum þörfum nemenda meðan þau dveljast í skólanum eftir

því sem framast er unnt, líkt og á góðum heimilum. Þannig hafa mörg samfélög brugðist við breytingum sem orðið hafa á högum barna í nútímaþjóðfélagi með því að bæta þjónustu við þau.

Helstu breytingar, sem orðið hafa á högum barna í öllum löndum Evrópu, eru fyrst og fremst stóraukin atvinnuþátttaka beggja foreldra utan heimilis.

Almenn atvinnuþátttaka kvenna hérlendis hefur aukist mjög á sl. 20 árum svo að nánast má líkja við félagslega byltingu. Árið 1960 stunduðu um 20% giftra kvenna einhverja vinnu utan heimilis en árið 1985 var sú hlutdeild komin upp í 83,1%.

Fjölskyldugerðin hefur einnig breyst á þessum tíma. Stórfjölskyldan er löngu horfin og kjarnafjölskyldur eru jafnvel minni en áður því að fæðingum fer fækkandi. Fleiri eru í óvígðri sambúð, hjónaskilnuðum hefur fjölgað um helming á sl. 25 árum úr u.þ.b. 5 í 10 á hver 1000 hjón á hverju ári. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi, en þar eru einstæðar mæður í meiri hluta. Þessi síðastnefndi hópur stendur einna verst í þjóðfélaginu og er talið að stór hluti hans búi við afkomu sem er undir fátæktarmörkum. Er það ekki síst vegna þeirra lágu launa sem konur almennt fá en þær eru ekki nema hálfdrættingar á við karla í launum þrátt fyrir langan vinnudag.

Félagsleg staða einstæðra foreldra er mjög erfið hér á landi og það bitnar fyrst og fremst á börnum.

Tafla 1.

Meðalfjöldi í hverri fjölskyldugerð.

	1964		*1985*	
	Fjöldi fjölskyldna	*Meðalstærð fjölskyldna*	*Fjöldi fjölskyldna*	*Meðalstærð fjölskyldna*
Hjónabönd án barna	10.303	2,00	19.204	2,00
Hjónabönd með börnum	24.074	4,49	25.919	3,93
Óvígð sambúð án barna	606	2,00	938	2,00
Óvígð sambúð með börnum ...	1.453	4,19	4.632	3,59
Faðir með börn	254	2,50	453	2,23
Móðir með börn	3.420	2,55	6.274	2,33
Kjarnafjölskyldur alls	40.110	3,63	57.420	3,04
Einhleypingar	44.350	1,00	67.235	1,00

Heimild: Hagstofa Íslands, hér tekið úr „Gróandi þjóðlíf", bls. 185.

Fjölskyldan og heimilið voru áður sterkar félagslegar einingar sem mynduðu stoð og athvarf fyrir nokkuð stóran hóp einstaklinga og þar fór uppeldi barna að verulegu leyti fram. Ætla má að fjölskyldutengslin hafi að ýmsu leyti verið sterkari þá en nú og tengt traustum böndum hina ólíku aldurshópa. Nú þarf fámenn kjarnafjölskyldan að sinna hlutverkum sem margir sinntu áður.

Langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiða til fjarvista foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra en vaxandi fjöldi heimila þarfnast vinnuframlags tveggja til framfærslu.

Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri.

Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að um 40% 7–12 ára barna eru meira eða minna ein heima á daginn. Aðstaða einstæðra foreldra til að sinna börnum sínum er til m na erfiðari en annarra. Fram kemur t.d. í skýrslu landlæknis, „Mannvernd" frá því í

desember 1987, að um fjórðungur barna einstæðra foreldra 7 ára og yngri og um 64% 7–12 ára gangi sjálfala á daginn.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna. Einkum hafa menn áhyggjur af því að mikil sjónvarps- og myndbandanotkun geri börn að óvirkum þiggjendum og margir óttast neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem þannig berst að ómótuðum barnshugum.

Mikið af myndefni því, sem börn horfa á, er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa þannig móðurmál sitt. Tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd. Kennarar hafa jafnframt veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanemenda í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfræði og stafsetningu.

Sú streita, sem leiðir af miklu vinnuálagi og ófullnægjandi tilfinningatengslum, hefur lítið verið rannsökuð hérlendis en í þeim rannsóknum, sem þó hafa verið gerðar, hefur hún fundist hjá börnum ekki síður en fullorðnum.

Segja má að mörg heimili séu vanbúin til að gegna hefðbundnu uppeldishlutverki vegna breyttra félagslegra aðstæðna og foreldrar hafa þegar gert eindregnar kröfur til samfélagsins um að það taki í ríkara mæli þátt í uppeldi barna. Langt er frá að það hafi brugðist við sem skyldi og er nú mikill skortur víða um land á samastað fyrir börn þar sem þau geta unað við nám, leik og hvíld í öruggu, uppeldislega jákvæðu umhverfi.

Lykill að því að stuðla að velferð fjölskyldunnar er að sjálfsögðu að minnka vinnuálag á foreldrum og gera þeim kleift að lifa af dagvinnulaunum sínum. Jafnframt þarf að finna viðunandi lausnir á húsnæðisvandanum sem er mikill streituvaldur og hvati að auknu vinnuálagi. Slíkar ráðstafanir mundu einar sér gefa fjölskyldum meiri tíma til samvista en þær hafa nú.

Á hinn bóginn eru síauknar kröfur gerðar í nútímaþjóðfélagi um menntun og þekkingu og ætla má að þær verði síst minni í framtíðinni.

Flestir eru sammála um að sú ráðstöfun hafi verið rétt að hefja kennslu fyrir 6 ára börn í grunnskólum og flestir eru einnig sammála um að kennslutíma þeirra þurfi að lengja.

Óþrjótandi forvitni og námfýsi ungra barna er þörf sem verður að svara og það getur skipt sköpum fyrir barn hvort, hvernig og hvenær slíkri þörf er svalað eða henni sinnt.

Fræðsluskylda og skólaskylda.

Í grunnskólalögunum er heimildarákvæði í 74. gr. þar sem segir:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans.“

Þessa heimild hafa flest sveitarfélög nýtt sér nú þegar og hefur skólasókn 6 ára gamalla barna verið 95% eða meiri allt frá því að reglulegt forskólahald hófst 1970 og er nú um 98%.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna því að kennslutími er afar misjafn, allt frá nokkrum dögum í senn á hverju ári upp í samfellda kennslu í 34 vikur á ári. Er það einkum í dreifbýli sem erfitt hefur verið að veita samfellda kennslu fyrir 6 ára börn.

Því er í þessu frumvarpi lagt til að fræðsluskylda verði þegar næsta haust lögbundin fyrir 6 ára börn og verði það áfangi á leið til skólaskyldu þeirra sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að tekin verði upp árið 1990.

Árið 1907 voru í fyrsta sinn sett almenn fræðslulög hérlendis sem kváðu á um skólaskyldu barna frá 10 ára til 14 ára aldurs. Var heimilunum ætluð önnur fræðsla barnanna og þau áttu að koma nokkurn veginn læs og skrifandi í skólann.

Heimild var í þessum lögum til þess að færa skólaskyldu niður í 7 ára aldur þó að hún væri almennt ekki notuð.

Í fræðslulögum 1926 var svo prófskylda færð niður í 8 ára aldur og myndaði það aukna þörf fyrir kennslu yngri barna sem varð til þess að börn voru send fyrr í skóla en áður.

Á árinu 1936 voru síðan sett ný fræðslulög þar sem skólaskylda var færð niður í 7 ára aldur um allt land.

Um áratuga skeið voru þó reknir smábarnaskólar eða tímakennsla stunduð fyrir fjölda barna allt frá 5 ára aldri þar til þau hófu nám í barnaskólum. Allt frá árunum upp úr 1950 var þó alvarlega farið að huga að því að taka upp kennslu 6 ára barna í skólunum og vorið 1964 voru fyrst haldin tveggja vikna vornámskeið við alla skóla Reykjavíkur og sóttu þau yfir 90% allra barna sem urðu skólaskyld á árinu. Þessum námskeiðum var haldið áfram allt til 1970 þegar almenn forskólakennsla 6 ára barna hófst í Reykjavík.

Heimildarákvæði til kennslu 5 og 6 ára barna hafði þó verið í lögum allt frá 1946 (54. gr. laga nr. 34/1946). Þrýstingur foreldra og forráðamanna 6 ára barna var sívaxandi á árunum fyrir 1970 áður en forskólakennsla h fst og lýsti sér með fjölgun umsókna um innritun 6 ára barna í 7 ára bekk og aukinni aðsókn að tímakennslu og smábarnaskólum.

Síðan forskólakennsla hófst hefur verið mikil umræða bæði meðal foreldra og kennara um lengingu þess tíma sem yngri börn sækja skólann og nauðsyn þess að skólarnir sinni bæði aukinni kennslu- og umönnunarskyldu, einkum gagnvart yngri börnunum. Jafnframt hafa starfshópar og nefndir sinnt frekari athugun á kennslu, námsskrám, gerð náms- og kennslugagna og mörgum öðrum þáttum forskólans og tengingu hans við grunnskólann.

Í nóvember 1979 var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins *„til að gera úttekt á vandamálum forskólans, marka stefnu og gera tillögur um aðgerðir á næstu árum“. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í desember 1981 (skýrsla Forskólanefndar menntamálaráðuneytisins, desember 1981).* Nefndin lagði til m.a. að lögfest verði fræðsluskylda 6 ára barna en taldi rétt að stefna ákveðið að því að taka upp skólaskyldu þessa aldurshóps. Einnig taldi nefndin að fella bæri niður almennt heimildarákvæði til handa sveitarfélögum að starfrækja forskóla fyrir 5 ára börn.

Starfshópur um forskóla sem skipaður var haustið 1982 samkvæmt tillögum frá forskólanefnd lagði til í mars 1984 og í ágúst 1986 að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Þetta var gert eftir samráð og samstarf við alla fræðslustjóra í landinu sem voru sammála um að gera 6 ára börn skólaskyld.

Nefndin taldi það *„mjög brýnt að viðurkenna þennan aldurshóp sem fyrsta námsár skólans með full réttindi bæði hvað varðar námsgögn og aðra þjónustu sem veitt er í skólum. Slík viðurkenning er m.a. forsenda þess að unnt sé að vinna að heildstæðu, samfelldu námi frá skólabyrjun. Ef taka á mið af þörfum í nútímaþjóðfélagi ber að sjálfsögðu að stefna að heilsdagsskóla fyrir öll börn.“*

Í frumvarpi til laga um grunnskóla (354. mál), sem lagt var fram á þingi 1987, var lagt til að fræðsluskylda verði fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Skólaskyld samkvæmt því frumvarpi voru börn og unglingar frá 7–15 ára aldurs.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um menntastefnu á Íslandi, sem gefin var út á íslensku í ágúst 1987, eru ekki gerðar beinar tillögur um breytingar á skólaskyldu en þó gerðar athugasemdir við það hve losaralegt skipulag ríki hérlendis í málefnum forskólans og umönnun barna sem enn eru ekki skólaskyld.

Heildarstefna Kennarasambands Íslands í skólamálum, skólastefna, va samþykkt á 4. fulltrúaþingi sambandsins í júní 1987. Í henni er lögð áhersla á fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, en ekki mælt með því að 5 ára börn séu tekin í grunnskólann. Í nágrannalöndum okkar er þessu varið á ýmsan hátt. Í Svíþjóð er t.d. fræðsluskylda fyrir 6 ára börn og í Bretlandi hefst skólaskylda við 5 ára aldur.

Rétt þykir að hið opinbera marki skýra stefnu varðandi þátttöku í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna. Slík stefnumörkun auðveldar bæði uppbyggingu dagvistarheimila og skóla og menntun fóstra og kennara.

Ekki er tímabært að taka 5 ára börn inn í grunnskólann meðan aðbúnaði 6 ára barna og reyndar annarra aldurshópa er enn svo ábótavant sem raun ber vitni. Menntun grunnskólakennara hefur ekki verið miðuð við að kenna 5 ára börnum en menntun fóstra miðar hins vegar að því að sinna þessum aldurshópi, enda fær hann nú mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum.

Það þykir því ekki réttlætanlegt að bjóða 5 ára börnum lakari aðbúnað og þjónustu en þeim býðst nú þegar á dagvistarheimilum. Er þá höfð í huga tímalengd dvalar á hverjum degi, fjöldi barna í umsjá hvers fullorðins og mikil útivinna foreldra sem þurfa á öruggri gæslu barna að halda.

Enn fremur má búast við því að mikil eftirspurn yrði á þéttbýlissvæðum eftir skólarými fyrir 5 ára börn, meiri en í dreifbýli. Slíkt gæti aukið enn frekar á þann aðstöðumun sem þegar er of mikill milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Flestum nágrannaþjóðum okkar hefur tekist að samræma vinnudag barna og foreldra að verulegu leyti. Á Norðurlöndum, í flestum öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum fara börn til skóla á morgnana kl. 8 eða 9 og dveljast þar til kl. 2 eða 4 síðdegis. Það er venja að börnin geta matast í skólanum, annaðhvort með því að kaupa þar heita máltíð, brauð eða annað létt fæði eða neyta þar nestis að heiman. Stundum gefst yngri börnum þess kostur að fara heim í hádeginu í fylgd fullorðinna til að borða ef aðstæður leyfa. Algengt er að skólinn beri ábyrgð á börnum meðan þau dveljast þar og er nemendum ekki ætlað að fara út af lóð skólans meðan á skólatíma stendur. Þessu banni er framfylgt og það virt. Yngri börnin eru gjarnan eitthvað skemur í skólanum en þau eldri og er vinnudegi þeirra jafnan lokið er heim kemur en þau eldri þurfa fremur að sinna einhverju heimanámi.

Þessi háttur hefur verið hafður á um margra ára eða áratuga skeið meðal nágrannaþjóða okkar óháð því hvort fjarvistir beggja foreldra frá he mili eða aðrar félagslegar aðstæður krefðust þess. Það er því verulegt umhugsunarefni hvers vegna þetta fyrirkomulag hefur ekki verið tekið upp hérlendis, einkum þegar litið er til þeirra félagslegu aðstæðna sem hefur verið lýst hér að framan og varða hag barna.

Lenging kennslutíma og hámarksfjöldi nemenda í bekk.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lengja í áföngum kennslutíma barna frá 6–12 ára sem miði að einsetnum heilsdagsskóla. Börnum 6 og 7 ára er ætlað að vera samtals 30 kennslustundir á viku í skóla eða 20 klst.; 8 og 9 ára börnum er ætlað að vera 32 kennslustundir á viku eða 21 klst. og 20 mín.; 10 og 11 ára börnum 35 kennslustundir á viku eða 23 klst. og 20 mín. og 12 ára börnum er ætlað að vera 36 kennslustundir á viku í skóla eða 24 klst. Gert er ráð fyrir að allar kennslugreinar verði kenndar á þessum tíma, einnig list- og verkmennt og líkamsrækt. Vinnudegi barna er því lokið er heim kemur, a.m.k. yngri barna. Auk kennslutíma verður svo að ætla eðlileg stundahlé og matartíma sem lengir dvöl barna í skólanum. Síðan þykir nauðsynlegt að börn geti dvalist í skólanum utan kennslutíma í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun, á morgnana frá kl. 8–9, í hádeginu og síðdegis eftir að skóla lýkur allt til kl. 17. Ætlast er til þess að börnin geti þá unnið, leikið sér eða hvílt sig, allt eftir þörfum. Gera þarf ráð fyrir starfsfólki til að sinna börnum á þessum tímum.

Tafla 2.

Aldur	*Kennslu-tími mín.*	*Stunda-hlé mín.*	*Matar-hlé mín.*	*Heildar-dvöl klst./mín.*
6 ára	240	36	90	6,06
7 ára	240	36	90	6,06
8 ára	256	38	90	6,24
9 ára	256	38	90	6,24
10 ára	280	42	90	6,52
11 ára	280	42	90	6,52
12 ára	288	43	90	7,01
13 ára	296	44	90	7,10
14 ára	296	44	90	7,10
15 ára	296	44	90	7,10

Samkvæmt þeim hugmyndum, sem settar eru fram í þessu frumvarpi, má ætla að börn dvelji a.m.k. 6 klst. í skóla á degi hverjum ef með eru talin eðlileg stundahlé og matarhlé. Ef börnin nýta sér þá viðveru sem skólanum er ætlað að bjóða þeim upp á gæti dvöl þeirra orðið eitthvað lengri.

Fjöldi grunnskólakennara og forsvarsmanna barna, sem flutningsmenn ræddu við vegna þessa frumvarps, lögðu þunga áherslu á mikilvægi þess að fækka nemendum í einstökum bekkjardeildum grunnskólans. Sumir töldu það jafnvel brýnustu einstaka aðgerð til úrbóta í málefnum skólans. Má í þessu sambandi vísa til nýlegrar könnunar sem gerð var meðal grunnskólakennara af Þórólfi Þórlindssyni prófessor á vegum menntamálaráðuneytisins. Í henni kom fram að 23,75% aðspurðra töldu að nemendur ættu að vera færri en 15 í hverri bekkjardeild; 37,33% töldu að nemendur ættu að vera 15–17; 28,14% töldu að nemendur ættu að vera 18–20. Það eru því 89,22% grunnskólakennara sem telja að fækka þurfi í bekkjardeildum frá því sem nú er. Svör í þessari könnun bárust frá 83,9% aðspurðra.

Flestir þeirra, sem flutningsmenn ræddu við, töldu að við núverandi aðstæður væri ekki unnt að sinna sem skyldi öllum nemendum í fjölmennum bekkjardeildum með 20–28 nemendum. Reyndin væri sú að kennslan miðaðist fyrst og fremst við getu meðal nemenda en þeir sem þyrftu sérstaka aðstoð kennarans yrðu einfaldlega út undan. Ekki væri hægt fyrir einn kennara að veita einstaklingsbundna aðstoð í fjölmennum bekkjardeildum. Þeir sem þannig njóta ekki kennslu í samræmi við námshæfileika sína og verða út undan geta misst bæði áhuga og tök á námi og yfirgefið skólann með skerta sjálfsímynd. Slíkt er í fyllsta ósamræmi við markmið og anda grunnskólalaganna og stríðir gegn betri vitund kennara. Það er því tvímælalaust bæði nemendum og kennurum í hag að fækkað sé í bekkjardeildum. Brýnast er þetta í yngstu bekkjum skólans þegar börn eru að hefja skólanám.

Bæði forskólanefnd og starfshópur um forskóla lögðu til lengingu á kennslu 6 ára barna, nefndin allt að 20 kennslustundir á viku og starfshópurinn 20 kennsl stundir á viku að lágmarki. Jafnframt lögðu báðir vinnuhóparnir til að hámarksfjöldi nemenda í bekk verði 16–18 miðað við einn kennara. Enn fremur að börn eigi kost á dvöl í skólanum utan kennslutíma frá kl. 8–9 á morgnana, í hádegi og frá kl. 4–5 síðdegis.

Gert er ráð fyrir því að boðið sé upp á viðfangsefni sem hæfi þroskastigi og áhuga hvers og eins. Í skýrslu forskólanefndar er fjallað um það hvort ætla megi 6 ára barni að hafa úthald til að stunda nám í skóla hálfan daginn fimm daga vikunnar. Fullyrða má að barn á þeim aldri hafi ekki þol til að sitja kyrrt og hljótt svo lengi enda slíkt ekki ætlunin. Miklu nær er að bera skólavist 6 ára barna saman við dvöl á dagvistarheimili þar sem börn eru daglega allt að 9 klst. á dag. Börn verða vitaskuld að fá útrás fyrir hreyfiþörf og leikþörf og taka verður mið af takmarkaðri einbeitingarhæfni þeirra. Námið verður að miðast við þroskastig barnsins; það er meginforsenda þess að svo ung börn geti notið og nýtt lengri skóladvöl. Meginskilyrði er þó að námshópar séu ekki of stórir þannig að veita megi einstaklingsbundna umönnun.

Sem dæmi má taka að 5 og 6 ára börn eru skólaskyld í Bretlandi og sækja þar skóla frá kl. 9–15:30 fimm daga vikunnar. Ekkert bendir til þess að þessi skóladagur sé þeim almennt ofviða.

Þegar skóladagur yngstu barnanna verður þannig lengdur skapast möguleikar á því að samræma kennslu yngstu aldurshópanna, þ.e. 6, 7 og 8 ára barna.

Í fámennum skólahverfum í dreifbýli þar sem samgönguerfiðleikar eru þarf að leita annarra lausna. Ýmislegt kemur þar til greina til að leysa vanda yngri barna, t.d. að hafa færri en fimm skóladaga í viku, en lengja daglegan skólatíma. Einnig mætti nefna vor- eða haustnámskeið ásamt bréfaskóla eða fjarkennslu yfir vetrarmánuði, skólasel o.fl. Mikilvægt er þó að öll börn sitji við sama borð án tillits til búsetu.

Einsetning í grunnskólum.

Einsetning í grunnskólum er eitt af frumskilyrðum fyrir því að samfelldur heilsdagsskóli komist á.

Á árunum 1983–1985 starfaði vinnuhópur undir forustu Salome Þorkelsdóttur alþingismanns sem skipaður var af þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur. Aðalviðfangsefni hópsins var að athuga tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta mætti þau tengsl. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu um störf sín og gerði tillögur í tveimur liðum í lok skýrslu sinnar (sjá viðauka 2). Í könnunum, sem nefndin gerði meðal skólastjóra og foreldra í grunnskólum í eykjavík og Reykjanesi, kom fram skýr ósk um að komið verði á samfelldum skóladegi sem fyrst en samfelldur skóladagur var þar skilgreindur sem samfelld viðvera fremur en samræmdur vinnudagur barna og foreldra. Efst á lista skólastjóra og foreldra yfir þau atriði sem talin voru stuðla að því að koma á samfelldum skóladegi var einsetning skóla, 97% skólastjóra og 90% foreldra töldu það meginatriði.

Einsetningu fylgir aukinn kostnaður í bráð og er nauðsynlegt að reyna að gera sér eins glögga grein fyrir honum og unnt er. Hins ber þó að gæta að hér er um byrjunarkostnað að ræða og bættur aðbúnaður barna í skólum er góð fjárfesting ef til framtíðar er litið. Hann mun skila sér í betri menntun og betri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra sem byggja landið.

Jón Torfi Jónasson dósent hefur unnið að því að kanna og áætla þennan kostnað. Hefur það verið hluti af vinnu hans sem framkvæmd var fyrir tilstuðlan skólamálahóps framtíðarspárnefndar forsætisráðherra. Greinargerð sem er hluti af niðurstöðum hans og var skrifuð vorið 1988 er birt sem viðauki 1 hér að aftan með góðfúslegu leyfi höfundar.

Jón Torfi hefur að beiðni flutningsmanna gert afar grófa áætlun og sundurliðun á þeim kostnaði sem þetta frumvarp gæti haft í för með sér. Hann hefur gengið út frá svipuðum forsendum og koma fram í greinargerð hans í viðauka 1.

Áætlunina ber þó alls ekki að túlka of nákvæmlega. Margir kostnaðarliðir eru óvissir og byggjast á viðmiðunum sem eru álitamál. Enn aðrir hafa ekki verið teknir með í þessa áætlun þar sem ekki er hægt að meta þá að svo stöddu.

Hins vegar er þessi kostnaðaráætlun að öllum líkindum rúmlega fremur en naumlega reiknuð. Hún gefur sannarlega nokkra vísbendingu um kostnaðarliði vegna óumflýjanlegra breytinga á grunnskólanum, breytinga sem í raun hefði átt að gera fyrir löngu. Ef til vill venur hún okkur einnig á að hugsa um þarfir grunnskólans í réttum stærðargráðum hvað kostnað varðar. Þess vegna er hún mjög gagnleg.

I. Almennur rekstrarkostnaður.

Rekstrarkostnaður grunnskóla 1989 er áætlaður um 3,9 milljarðar króna (sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarp 1989, þskj. 75, bls. 241).

Vikulegur kennslustundafjöldi 6–15 ára er samkvæmt reglugerð 288 stundir (sjá töflu 3. Hér er miðað við að allar stærðir séu jafnar, m.a. árgangsstærðir, bekkjarstærðir o.fl. Alls kyns tilfallandi kostnaður er ekki dreginn frá því hann kemur á viðbótartímann líka, a.m.k. að einhverju leyti). Kostnaður á hverja stund er þá um 13,5 milljónir króna. Hér er allur kostnaður ríkisins reiknaður með þannig að þessar tölur eru alveg í efri mörkum. Í viðauka 1 (JTJ) er talið að viðbótarstund 1987 kosti 0,2 milljónir króna (þ.e. 6,8 milljónir króna fyrir árið í stað 13,5 milljóna króna) en þar er fyrst og fremst miðað við launakostnað við kennsluna — og upphæðin því líklega í lægri mörkum. Þar sem hér er um að ræða viðbót við kerfi sem fyrir er þá má setja þessa upphæð nær lægri mörkunum. Hér verður miðað við 8 milljónir króna fyrir hverja viðbótarstund.

Hér er miðað við að ástandið sé eins að öðru leyti en hvað varðar breyttan stundafjölda (sjá töflu 3.). Þá má búast við eftirfarandi aukningu í rekstrarkostnaði ríkisins (í milljónum króna):

Árið 1989–1990 er ráðgerð 25 stunda aukning	8 x 25 =	200
Árið 1990–1991 er ráðgerð 14 stunda aukning	8 x 14 =	112
Árið 1991–1992 er ráðgerð 11 stunda aukning	8 x 11 =	88
		400

Hér er látið sem allar stundir séu jafndýrar. Svo er þó ekki.

Heildaraukning í rekstrarkostnaði, þegar lögin hafa komið til framkvæmda, verður um 400 milljónir króna vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Rekstrarkostnaður ríkisins vegna grunnskóla, sem nú er áætlaður um 3,9 milljarðar króna, yrði nær 4,3 milljörðum króna eftir að einsetningu er komið á. Kostnaður vegna gæslu og matar er ekki talinn með hér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fækkun nemenda í bekkjum miðað við það sem nú er. Ef meðalstærð bekkja er nú nálægt 22 (þessi tala kann að vera of lág, en hún er byggð á meðalfjölda nemenda í bekk í þeim skólum sem upplýsingar hafa fengist um), en skal vera 18 (14 hjá 6 og 7 ára börnum) þá fjölgar bekkjum um 22%. Miðist öll kennsla áfram við bekkjareiningar krefst sú breyting ein sér væntanlega um 22% viðbótar í rekstrarkostnaði. Þar á móti kemur að vísu einhver fækkun í árgöngum. Hér verður miðað við tæplega 20% aukningu í rekstrarkostnaði sem vex þá úr 4,3 milljörðum króna í 5,2 milljarða króna. Viðbót vegna fækkunar í bekkjum er því um 0,9 milljarðar króna.

Gæslukostnaður vegna veru barna utan skólatíma er ekki reiknaður hér, enda mjög óljóst hve mikið mun reyna á slíkt fyrirkomulag eða hver bæri þennan kostnað.

II. Launakostnaður vegna matartíma.

Launakostnaður vegna mataraðstöðu er töluverður. Miðað við að ein manneskja á fjögurra tíma vakt anni um 100 manns, enda sé maturinn að einhverju leyti fyrir fram tilbúinn þá verður kostnaðurinn fyrir grunnskólann:

41.000/100 x 4 x 500 x 5 x 34 = 140 milljónir króna.

(Fjöldi grunnskólanemenda, stærð hóps, tímar á dag, laungjöld, dagar vikunnar, kennsluvikur.)

Sé þessari aukningu skipt á þrjú ár er um að ræða 47 milljónir króna á ári.

Gera má ráð fyrir einhverri niðurgreiðslu matar. Ekki er reiknaður stofnkostnaður vegna matartíma í skólum, en hann ræðst algerlega af því fyrirkomulagi sem notað verður.

III. Stofnkostnaður vegna kennsluaðstöðu.

Skólastofur vantar vegna einsetningar. Í viðauka 1 (skrifaður vorið 1988) með frumvarpinu áætlar Jón Torfi Jónasson dósent að um 450 stofur vanti svo allar bekkjardeildir hafi aðstöðu samtímis. Samkvæmt því þarf að bæta við um 150 stofum á ári næstu þrjú árin svo þessu marki verði náð. Sérstakur kostnaður vegna þessa ræðst af þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir um byggingu skólahúsnæðis. Ef giskað er á að nálægt 100 stofur verði tilbúnar á hverju ári samkvæmt þeim framkvæmdahraða, sem nú er, þá vantar enn 50 stofur á ári. Á árinu 1987 kostaði hver stofa nálægt 4 milljónum króna. Sú tala framreiknuð til 1989 er nálægt 6,5 milljónum króna; 50 stofur á ári kosta því nálægt 325 milljónum króna á ári.

Í viðauka rökstyður Jón Torfi að allar þessar stofur þurfi þrátt fyrir fyrirséða fækkun í árgöngum. Koma þar m.a. kröfur um sérstofur af ýmsu tagi og kröfur um fækkun í bekkjardeildum.

Stofnkostnað vegna fækkunar í bekkjardeildum er erfiðara að reikna en hann fæst með því að telja þær stofur sem til eru, bæta við 450 og reikna 22% (til þess að fá fjölda stofanna). Séu til 1400 stofur, bætt við 450 vegna einsetningar, þá verða þetta um 407 stofur. Síðan er margfaldað með 6,5 til þess að fá stofnkostnaðinn. Þá verða þetta um það bil 407 x 6,5 = 2,6 milljarðar króna til viðbótar. Verði ekki miðað við einsetningu þá þarf mun færri stofur, en fer þó eftir skólum og umdæmum og hvernig tvísetningu yrði háttað.

Tafla 3.

Breytingar á fjölda kennslustunda samkvæmt frumvarpi.

	*Reglugerð**	*Þrep 1*	*Þrep 2*	*Þrep 3*	*Viðb.1*	*Viðb.2*	*Viðb.3*	*Viðb.*
1. bekkur 6 ára	18	22	25	30	4	3	5	12
2. bekkur 7 ára	22	25	27	30	3	2	3	8
3. bekkur 8 ára	22	27	30	32	5	3	2	10
4. bekkur 9 ára	26	30	32	32	4	2	0	6
5. bekkur 10 ára	29	32	34	35	3	2	1	6
6. bekkur 11 ára	32	34	35	35	2	1	0	3
7. bekkur 12 ára	34	35	36	36	1	1	0	2
8. bekkur 13 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
9. bekkur 14 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
10. bekkur 15 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
Samtals	288				25	14	11	50

* Stjtíð. B nr. 212/1984. Reglugerðin gefur til kynna færri kennslustundir á viku en grunnskólalögin kveða á um. Því verður viðbót sem svarar einni kennslustund fyrir þrjá elstu bekkina í þessu frumvarpi ef miðað er við reglugerð en engin viðbót ef miðað er við lögin.

IV. Samantekt.

Heildarviðbót miðað við fjárlagafrumvarp:

	Rekstur kennsla	*Rekstur matur*	*Stofn-kostnaður*	*Samtals*
Vegna skólaársins 1989–1990	200	47	325	572
Vegna skólaársins 1990–1991	112+200	94	325	731
Vegna skólaársins 1991–1992	88+112+200	140	325	865

Sú rekstrarviðbót fyrir hvert ár þar á eftir sem þá hefur komið ofan á þann rekstur sem nú er: 400 + 140 = 540 millj. kr.

Auk gæslu- og matarkostnaðar verður þetta einhvers staðar nálægt þessum tölum (í millj. kr.):

	Rekstur	*Stofn-kostnaður*
Vegna einsetningar	540	+ 975
Vegna fækkunar í bekkjum	900	+ 2600

Slys á börnum.

Mikið skortir á að nógu vel sé almennt hugað að frumþörfum vaxandi barna eins og t.d. næringarþörf. Er undir hælinn lagt hvernig börnin bera sig að því að sinna henni í fjarveru foreldra en almennt er engin aðstaða til þess í skólum. Mikið áhyggjuefni eru einnig tíð slys á börnum. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heiminum. Hins vegar er börnum hérlendis búin meiri slysahætta en börnum í nágrannalöndum okkar bæði í umferðinni og í heimahúsum. Er ástæða til að ætla að skortur á umsjá fullorðinna og sundurslitin stundaskrá valdi þar mestu. Vinnudagur foreldra og barna hérlendis er ekki samræmdur. Stundaskrá og kennslutímar grunnskólabarna eru allt of oft ósamfelld og útheimta margar ferðir þeirra á degi hverjum til og frá skóla og börn hafa yfirleitt hvorki tök á því að fá mat í skólanum né hafa þau almennt aðstöðu til að matast þar.

Það er ótrúlegt skeytingarleysi um tíma og virðingarleysi gagnvart velferð barna að bjóða þeim upp á þann vinnudag í skóla sem við höfum látið viðgangast, fullorðna fólkið í samfélaginu. Við mundum tæplega bjóða fullorðnu fólki upp á slíkt, enda njóta flestir fullorðnir þess að hafa mötuneyti eða aðstöðu til að neyta nestis á vinnustað og finnst það sjálfsagt.

Í skýrslu landlæknis um barna- og unglingaslys á Íslandi frá því í september 1985 má finna eftirfarandi upplýsingar:

Í könnun Bjarna Torfasonar læknis, sem gerð var 1979, kom í ljós að slys á gangandi vegfarendum voru algengust meðal barna og unglinga og var hámarkið í 5–9 ára aldurshópnum. Í athugun Guðrúnar R. Briem á umferðarslysum á gangandi vegfarendum í Reykjavík 1981–1982 kom í ljós að 50% slysa á gangandi börnum 14 ára og yngri verða vegna þess að þau hlaupa skyndilega út á akbraut í veg fyrir ökutæki. Meðalaldur þeirra var 8 ár.

Á aldrinum 5–12 ára urðu 80% slysa eftir kl. 12:40 og 55% eftir kl. 14:20. Sú ályktun var því dregin að slys á leiðinni í skólann væru ekki algeng. Enn fremur að börn slasast fremur eftir skólatímann þegar þau eru að leik. Tæp 80% slysa á börnum verða á akbraut en 12% á gangbraut. Nær 60% barnanna slasast alvarlega og barn, sem slasast, er yfirleitt eitt á ferð eða með öðrum börnum.

Í könnun Bjarna Torfasonar kom fram að langflestir, sem slösuðust á reiðhjólum, voru á aldrinum 5–14 ára. Afleiðingar reiðhjólaslysa meðal barna eru m.a. tíð höfuðslys en 65% allra höfuðslysa í umferð verða á börnum 14 ára og yngri.

Slys á börnum verða helst þegar þau eru eftirlitslaus, án umsjónar fullorðinna, en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um aðstæður þeirra barna sem verða fyrir slysum. Brýnt er efla rannsóknir á umferðarslysum til að greina áhættuþætti og renna stoðum undir markvissa fræðslu. Hins vegar vitum við nú þegar nóg til þess að hafa ríka ástæðu til að bæta öryggi barna okkar og samræmdur vinnudagur barna og foreldra hlýtur að vera mikilvægur liður í því.

Mataræði barna.

Allt of fáar neyslukannanir hafa verið framkvæmdar hérlendis. Þó má draga nokkurn lærdóm af þeim sem hafa verið gerðar.

Á árunum 1977–1978 fór fram neyslukönnun meðal 10–14 ára skólabarna í Reykjavík á vegum manneldisráðs. Niðurstöður hennar voru eftirfarandi:

1. *Heildarneysla fisks og brauðmetis hefur minnkað um 30% frá því á árinu 1938, kjötneysla hefur heldur aukist.*
2. *Sykurneysla hefur aukist gífurlega, aðallega vegna þess að neysla sælgætis, sætabrauðs og gosdrykkja hefur aukist og samsvarar um fjórðungi af heildarneyslunni, en árið 1938 var neysla þessara tegunda um 5% af heildarneyslu.*
3. *Grænmetis-, ávaxta- og mjólkurneysla hefur aukist mikið.*
4. *Fæðan er rýr af járni, D-vítamíni og B-vítamíni (folinsýru).*
5. *Allt að fjórðungur daglegrar neyslu kemur frá söluskálum.*

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurborgar lét gera svipaða athugun 1973, en hún sýndi m.a. að 17,2% nemenda neyttu ekki morgunverðar áður en þeir fóru í skólann og 35,7% höfðu ekki með sér nesti. Engar nýjar kannanir hafa verið gerðar í þessum efnum sem flutningsmenn vita um en margir telja að þetta ástand fari enn versnandi í grunnskólum, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, og sé þó lakast í elstu bekkjum grunnskólanna og sumum framhaldsskólanna.

Íslensk börn hafa um tvisvar sinnum fleiri skemmdar og viðgerðar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Samt verjum við álíka stórum hluta opinberra útgjalda til tannlæknaþjónustu og aðrir og erum fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa. Tíðar tannskemmdir stafa fyrst og fremst af lélegri tannhirðu en ekki síður af hinni miklu sykur- og sælgætisneyslu Íslendinga. Nærri lætur að hver maður neyti að meðaltali um 53 kg af sykri á ári og eru börnin og unglingarnir með ansi drjúgan skerf á sinni könnu miðað við líkamsþyngd.

Í könnun manneldisráðs 1977–1978 voru þessi ráð m.a. gefin til úrbóta:

1. *Meiri áróður ber að reka fyrir heilnæmum neysluvenjum á heimilum.*
2. *Mötuneytum verður að koma upp í heimangönguskólum. Þar eiga börn og unglingar að fá heilnæma máltíð ásamt vítamínum. Ýmis smærri sveitarfélög sinna þessu, en mörg stærri sveitarfélög hafa ekki komið málinu í framkvæmd.*
3. *Söluskálar (sjoppur) eru að verða ein aðaldreifingarstöð matvæla. Mikilvæg krafa er að þar séu á boðstólum sæmilegar fæðutegundir, s.s. brauð, grænmeti, ávextir og mjólk. Ef eigendur söluskála axla ekki þá ábyrgð sem rekstri þeirra er samfara ber að vanda betur til úthlutunar söluleyfa.*

Vert er að vekja athygli á 2. lið en þar er þegar lögð áhersla á nauðsyn þess að börn geti matast í skólum. Þessi könnun er þó framkvæmd fyrir tíu árum en allt of lítið hefur þokast í þessum efnum síðan.

Eins og áður er getið kom fram í könnunum, sem vinnuhópur um tengsl fjölskyldu og skóla gerði meðal skólastjóra, foreldra og nemenda í grunnskólum í Reykjavík og

Reykjanesi, skýr ósk um að komið verði á samfelldum skóladegi sem fyrst, en samfelldur skóladagur var þar skilgreindur sem samfelld viðvera fremur en samræmdur vinnudagur barna og foreldra.

Þau atriði, sem skólastjórar töldu að mundu stuðla að því að hægt yrði að koma á samfelldum skóladegi, voru eftirfarandi:

- *einsetning* (97%)
- *skólasafn — lesstofa* (94%)
- *máltíðir í skóla* (86%)
- *skólanesti* (78%)
- *fámennir skólar* (66%)
- *viðmiðunarstundaskrá fyrir heildir* (61%)
- *sveigjanlegt skólastarf* (50%)

Það sem foreldrar álitu að mundi auka líkur á samfelldum skóladegi voru eftirfarandi atriði:

- *einsetning skóla* (90%)
- *skólasafn — lesstofa* (90%)
- *skólanesti afgreitt í skólanum* (79%)
- *máltíðir frambornar í skóla* (77%)
- *fámennir skólar (færri en 500 nemendur)* (76%)
- *óskir kennara um samfellda kennsluskrá* (75%)
- *starfsemi foreldra- og kennarafélaga* (68%)

Enn fremur bentu foreldrar á aðra þætti sem betur mættu fara:

- *byggja fleiri og smærri skóla*
- *upplýsa foreldra betur um skólamál*
- *miða rými í skólum við barnafjölda*
- *auka skilning á því að skóli er vinnustaður barna*
- *bæta skipulag í skólum*
- *auka gæslu utan kennslustunda*
- *koma á kerfi „matmæðra" sem tækju að sér 6–8 nemendur í mat í hádeginu*
- *bæta kjör kennara og gera vinnutíma þeirra samfelldan*
- *fjölga starfsfólki skóla*
- *útbúa notalegt afdrep þar sem nemendur geta dvalist ef þeir þurfa að bíða*
- *efla skólasöfn og lesaðstöðu fyrir nemendur*
- *vinna stundaskrár í tölvu*
- *miða stundaskrár við nemendur en ekki við kennara.*

Hvað nemendum í 7.–9. bekk við kom, en þeir voru einnig spurðir, vildu 81,3% geta fengið mat í skólanum, 83,6% vildu eiga þess kost að kaupa nesti í skólanum og 54,6% vildu líka geta farið heim til sín í hádeginu. Það fór greinilega ekki á milli mála að nemendur vildu gjarnan borða mat í hádeginu og lái þeim hver sem vill!

Í skýrslu frá vinnuhópnum segir í 3. kafla um skólanesti og skólamáltíðir:

„Enda þótt fæstir mæli á móti því að skólamáltíðir eða afgreiðsla nestis í skólum auki líkur á samfelldum skóladegi virðast vera skiptar skoðanir um hvernig best verði staðið að framkvæmdum. Rökstyðja má þörf fyrir líkamlega næringu í skólum með fleiru en samfelldum skóladegi. Neyslukannanir sýna m.a. að skólanemendur skortir viss nauðsynleg næringarefni. Ákveðin stýring á mataræði í skólum gæti tryggt holla og rétt samsetta fæðu."

Enn fremur:

„Varla er hægt að segja að íslensk börn og unglingar líði af hungri en augljóst er að nemendur, sem t.d. vegna útivinnu foreldra verða að sjá um matseld upp á eigin spýtur, eru að ýmsu leyti betur settir ef þeir eiga aðgang að næringu í skólanum.

Þá má nefna þau rök að á vinnustöðum gildir almennt sú regla að starfsfólk eigi aðgang að mat og aðstöðu til að matast. Skóli er vinnustaður nemenda og séu þeim ætluð sömu réttindi að þessu leyti og fullorðnum eiga þeir kröfu á sambærilegri aðstöðu til að matast.

Óskir um að skólar sinni þessum málum eru mjög ákveðnar bæði frá foreldrum og skólamönnum. Skoðanir eru hins vegar skiptar um fyrirkomulag, t.d. hvort eigi að sjá nemendum fyrir heitum máltíðum eða nestispökkum. Heitar máltíðir gera kröfu um sérstaka aðstöðu og starfsfólk. Fengist hefur mikilvæg reynsla af tilraun með nestispakka í skólum Reykjavíkur. Af þeirri tilraun má ráða að nemendur hafi ekki nýtt sér möguleikann á nestispakka í eins ríkum mæli og upphaflega var vænst. Má e.t.v. skýra þetta á þann veg að pakkarnir hafi fyrst og fremst verið notaðir sem morgunverður í venjulegum nestistímum en ekki sem hádegisverður.“

Einnig:

„Af sömu ástæðu varð fyrirkomulagið líklega ekki til þess að auka samfelldni eins og vonir stóðu til. Enn fremur er ljóst að lipur afgreiðsla á skólanesti eða máltíðum krefst skipulags, vinnu og umsjónar sem kennarar eru ekki reiðubúnir að skilgreina sem hluta af starfi sínu nema sérstaklega sé umbunað fyrir þá vinnu.“

Oddur Helgason forstjóri gefur eftirfarandi upplýsingar um tilraunir Mjólkursamsölunnar til að leysa nestisvanda barna í leikskólum, dagheimilum og grunnskólum:

„Í rekstri leikskóla og dagheimila er gert ráð fyrir að börn séu nestuð að heiman. Þar er því engin kæligeymsla fyrir nestið. Afleiðingin var sú að börnin fengust ekki til að hafa mjólk að heiman því að hún var orðin volg og ólystug á matmálstímanum og því höfðu þau með sér sæta drykki. Á síðustu tveimur árum hafa mjólkursamlög um allt land því boðið öllum leikskólum og dagheimilum kælikistur að láni. Þær eru komnar í notkun á langflestum stöðum og 90–100% barnanna neyta nú mjólkur þar.

Það er ákaflega mikilvægt að börn á þeim aldri venjist ekki af mjólkurneyslu og þeim sama sið þurfa þau að halda þegar þau ganga síðan upp í grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðasta ári var tekin upp niðurgreiðsla á skólamjólk til grunnskólanema, 3 kr. á ¼ lítra nýmjólkur, og hefur haldist óbreytt síðan. Þátttaka hefur verið dræm víðast hvar en góð í einstaka skólum. Meðaltal er 10–15%.

Mjólkursamsalan gerði tilraun með kaldar skólamáltíðir fyrir fjórum árum. Sú tilraun gekk ekki; nú eru einungis samlokur seldar í nokkra skóla. Ef til vill hefur nestið ekki fallið að smekk nemenda en önnur meginástæða er að í skólakerfinu er ekki gert ráð fyrir slíku og starfið lendir að mestu á skólastjórum sem aukið vinnuálag. Tengja þyrfti líka nám í heilsufræðum við fyrirkomulag og val á skólanesti.“

Í raun hljóta allir að vera sammála um að það sé sjálfsagt réttlætismál barna að þeim sé tryggður samfelldur vinnudagur, holl og góð næring og öryggi gagnvart slysum. Flutningsmenn telja að skref sé stigið í rétta átt með þeim breytingum á grunnskólalögunum sem hér eru lagðar til. Ýmsar fleiri breytingar hefði þó mátt gera en aðeins hefur verið tekið á því sem brýnast þótti. Rétt þykir að grunnskólalögin séu endurskoðuð reglulega og er lagt til að slík endurskoðun fari fram að 5 árum liðnum.

Eins og fram kemur í þessari greinargerð telja flutningsmenn að nú verði ekki lengur beðið eftir því að koma betri skipan á málefni grunnskólans. Til þess þarf átak stjórnvalda og samvinnu allra þeirra sem telja sig ábyrga fyrir farsælli framtíð barna.

Kjörorð þessa átaks gætu verið:

„Öll börn eru á ábyrgð okkar allra.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að lögleidd verði bæði fræðsluskylda og skólaskylda 6 ára barna. Gert er ráð fyrir því að fræðsluskylda verði lögbundin strax og lög þessi taka gildi, þ.e. á skólaárinu 1989–1990 en skólaskylda hins vegar ekki fyrr en á skólaárinu 1990–1991 eins og segir í bráðabirgðaákvæði.

Nauðsynlegt þykir að gefa aðlögunartíma fyrir skóla og þá einkum skóla í dreifbýli til að búa sig undir það að 6 ára börn erði skólaskyld.

Auk áskilins aðlögunartíma eru síðan jafnframt undanþáguákvæði í 5., 7. og 8. gr. grunnskólalaganna sem nota má þegar aðstæður leyfa ekki að 6 ára börn sæki skóla eins og ákvæði um skólaskyldu bjóða.

Um 2. gr.

Ástæða þykir til þess að taka skýrt fram í lögum um gerð eða breytingar skólamannvirkja hver æskileg stærð skólahúsnæðis eigi að vera.

Eins og fram kemur í greinargerð eru kennarar og skólamenn almennt þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna. Þetta á ekki síst við um skóla fyrir yngri börnin. Smærri skólar hafa reynst bæði nemendum og kennurum manneskjulegri og betri vinnustaðir. Auðveldara er að skapa þar heimilislegri aðstæður og mæta má ýmsum tæknilegum ókostum smærri skóla með aukinni samvinnu og samstarfi skóla og kennslumiðstöðvar og skóla innbyrðis.

Hér er miðað við tveggja hliðstæðna skóla, þ.e. þar sem tvær bekkjardeildir eru í hverjum árgangi. Lagt er til grundvallar það meðaltal nemenda í bekkjardeild sem frumvarpið gerir ráð fyrir eða 14 börn í 1. og 2. bekk og 18 börn í 3.–10. bekk. Í slíkum skóla yrðu því 344 börn.

Um 3. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram í meginskilgreiningu á skólahúsnæði að þar eigi nemendur að geta neytt málsverðar og hvíldar. Aðstaða til hvíldar er einkum nauðsynleg fyrir yngstu nemendurna þar sem kennslutími þeirra verður lengdur. Ekki er alls staðar nauðsynlegt að hafa sérstakt húsnæði sem eingöngu er notað til að neyta nestis eða málsverða. Víða má nota sali sem einnig þjóna öðrum tilgangi en gera þarf ráð fyrir því jafnframt að þar sé hægt að matast.

Um 4. gr.

Líklegt er að skólar velji ýmist að bjóða nemendum upp á heitar máltíðir, léttar, kaldar máltíðir eða að nemendur neyti nestis að heiman í skólanum.

Nauðsynlegt er því að kveða skýrt á um ráðningar og stöðu þess starfsfólks sem ætlað er að sjái um mötuneyti og framreiðslu eða umsjón skólamáltíða.

Einnig þarf að kveða skýrt á um ráðningar þeirra sem sinna börnum utan kennslustunda.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að samræma betur vinnudag barna og foreldra og rétt þykir einnig námsins vegna að lengja kennslutíma yngri barna, þ.e. fram að 13 ára aldri.

Jafnframt er einnig mikilvægt að börnin eigi kost á því að dveljast í skólanum utan kennslustunda og þá í þroskandi og öruggu umhverfi og í umsjá fólks með uppeldisfræðilega menntun. Misjafnt getur verið hve lengi börn dveljast í skólanum á hverjum degi en nauðsynlegt er að það sé ævinlega ljóst og í samráði við bæði börn, foreldra og kennara hve

lengi hverju barni er ætlað að dveljast í skólanum utan kennslustunda. Lenging kennslutímans er ráðgerð í áföngum til að leyfa aðlögun að þeim breyttu kröfum sem slíkt hefur í för með sér, en þeim áföngum er nánar lýst í bráðabirgðaákvæði.

Sú lenging, sem hér er ráðgerð, krefst þess í raun að skólar verði einsetnir heilsdagsskólar og víða þarf að bæta við einhverju kennslurými til þess að svo geti orðið. Jafnframt eigi öll börn kost á því að matast í skólanum.

Gert er ráð fyrir styttri kennslutíma fyrir yngri börnin en þau eldri en í kennslutíma eru að sjálfsögðu meðtaldar allar kennslugreinar, þar á meðal list- og verkmennt og líkamsrækt. Einnig má reikna með því að lengri kennslutími dragi mjög úr nauðsyn heimanáms, einkum hjá yngri bekkjardeildum, þannig að þegar börnin koma heim úr skóla er vinnudegi þeirra lokið.

Þegar frumvarp þetta verður að lögum má gera ráð fyrir því að dagleg skóladvöl grunnskólanemenda verði a.m.k. 6 klst. á dag að meðtöldum eðlilegum stundahléum og matarhléum.

Rétt þykir að taka fram að ákvörðun um breytingar á kennslutíma séu teknar af skólastjóra í fullu samráði við kennara.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hámarksfjöldi barna í hverjum bekk verði takmarkaður og þá einnig að meðaltal verði lægra en nú er.

Einkum þykir mikilvægt að fjöldi nemenda í yngri bekkjum (6 og 7 ára) sé takmarkaður til þess að hægt sé að veita þeim einstaklingsbundna kennslu. Jafnframt þykir ástæða til þess að tryggja með lögum að eldri bekkjardeildir séu ekki fjölmennar þannig að einnig megi bjóða þeim upp á viðfangsefni sem samsvara þroskastigi hvers og eins eins og lögin gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Lagt er til að þegar skólaskylda 6 ára barna verður lögbundin verði 74. gr. felld niður og þar með almennt heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að starfrækja forskóla fyrir 5 ára börn. Síðasta málsgrein greinarinnar flyst þá yfir í 75. gr. Þessi ákvörðun er í samræmi við þá stefnu sem hér er mörkuð varðandi þátttöku hins opinbera í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna og nánar er rökstudd í greinargerð.

Fimm ára börn eiga nú völ á mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum og þykir rétt að vanda fremur til aðbúnaðar þeirra aldurshópa sem þegar eru í grunnskóla en að auka við nýjum árgangi og bjóða honum upp á lakari kost en hann á völ á.

Um 8. gr.

Hér er fellt úr ákvæði til samræmingar en einnig aukið við ákvæði sem áður var í 74. gr. Er það fyrst og fremst til að tryggja áframhaldandi rekstur gróinnar stofnunar eins og skóla Ísaks Jónssonar.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að allir nemendur grunnskóla eigi tilskilinn rétt til reglubundins náms á skólasafni. Enn fremur er fellt niður að slíkt þurfi að vera hópnám heldur geti nemendur og kennarar ákvarðað hvernig slíkt nám fer fram.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér eru skilgreindir þeir áfangar sem rétt þykir að verði í þróun grunnskólans í átt að einsetnum heilsdagsskóla með samfelldri kennslu fyrir nemendur.

Viðauki 1.

Jón Torfi Jónasson dósent:

Einsetning í grunnskólum.
(Skrifað vorið 1988.)

Oft er rætt um mikilvægi samfellds skóladags eða jafnvel einsetningar í skólum sem m.a. fæli í sér samfelldan skóladag. Í skýrslu starfshóps undir forsæti Salome Þorkelsdóttur alþingismanns var fyrri kosturinn einkum gerður að umtalsefni. Hér verður ræddur sá síðari, þ.e. einsetinn grunnskóli.

Röksemdir fyrir einsetningu í skóla eru margvíslegar, en sameiginlegt inntak þeirra er að við einsetningu gjörbreytist aðstaða til skólastarfs. Hér verða nefndar nokkrar.

Einsetinn skóli:
- opnar leiðir fyrir fjölbreyttara skólastarf,
- auðveldar skipulag vinnutíma kennara,
- auðveldar að ná til kennara utan kennslutíma til vinnufunda,
- gefur meiri festu fyrir börn útivinnandi foreldra,
- hefur alla kosti samfellds skóladags.

Við einsetningu í skóla skapaðist allt annað viðhorf til skólastarfs og skipulag þess yrði mun sveigjanlegra. Í fyrsta lagi yrði ramminn um skólastarfið auðveldari viðfangs, skólinn hæfist á tilteknum tíma á hverjum degi, en auðveldara væri að ráðskast með það hvenær nemendur hættu. Þetta þýddi m.a. að mun auðveldara væri að innleiða ýmsar nýjungar í skólastarfið, m.a. að taka upp ný vinnubrögð (sbr. heimavinnu í skóla) eða nýjar námsgreinar, tímabundið utan námsskrár. Rökin fyrir einsetningu eru mörg og sterk, en verða ekki skoðuð nánar hér. Fremur verður leitast við að skoða og meta þau rök sem helst hafa heyrst gegn þessu fyrirkomulagi.

Helstu rökin gegn einsetningu eru:
- stofnkostnaður yrði mun meiri en við tvísetningu og óeðlilega mikill,
- fleiri kennara þyrfti og yki það kostnaðinn,
- léleg nýting húsnæðis þar sem það yrði einungis nýtt hluta úr degi,
- fyrirsjáanleg fækkun nemenda mælir gegn fjárfestingu,
- erfiðara verður að skipuleggja skólastarfið þannig að kennarar fái eftirvinnu æski þeir þess.

Athugum nú þessi rök.

Stofnkostnaður. Helsti kostnaðarliðurinn er fjölgun skólastofa þannig að hver bekkur hafi sína heimastofu. (Það má hugsa sér aðrar leiðir en þær kæmu í sama stað niður — eða

svipað.) Hvað vantar margar skólastofur nú á grunnskólastigi? Þessu verður svarað hér með vísbendingum eingöngu vegna þess að mörg álitamál koma upp. Tökum dæmi: Í 21 skóla í Reykjavík eru 480 deildir. Fjöldi almennra stofa er 338 en sérstofur af ýmsu tagi eru 192. Miðað við þessar tölur vantar þessa skóla 142 stofur ef hver deild ætti að hafa sína eigin almennu stofu í einsetnum skóla. Án þess að teygja sig mjög langt má telja 27 af þessum 192 stofum almennar (hugsanlega helmingi fleiri, en þá er ákveðin fórn færð). Með þessu móti fást 365 almennar stofur og þá vantar 115 almennar stofur í þessa skóla.

Sjá eftirfarandi töflu:

	Deildir	*Almennar stofur*	*Sérstofur*	*Stofur sem vantar**
Reykjavík (21 skóli):				
Aðferð 1	480	338	192	142
Aðferð 2	480	365	165	115
Reykjanes:				
Aðferð 1	489	270	176	228
Aðferð 2	489	314	132	175
Vesturland:	172	136		36

* Deildir og almennar stofur.

Fjöldi nemenda í þessum skólum er nálægt 12.000 (1985–1986) eða um 30% nemenda á öllu landinu. Þetta þýðir að 3,8 stofur vantar fyrir hvert prósent nemenda sem þýðir um 380 almennar stofur ef svipað ástand er á landinu öllu. En það eru fleiri hliðar á þessu máli. Í fyrsta lagi má minna á að til eru fleiri stofur í þessum skólum en sem nemur fjölda bekkjardeilda, en fáir eru tilbúnir til þess að fórna öllum sérstofunum fyrir einsetningu. Það er því tómt mál um að tala. En ef svo væri þyrfti ekki að bæta við mörgum stofum. Á hinn bóginn má segja sem svo að ef sérstofurnar eru svo nauðsynlegar sem raun ber vitni og hlutfall milli sérstofa og almennra stofa í þeim skólum, sem teknir eru inn í þetta dæmi, er nálægt 6:10 virðist nauðsynlegt að margfalda þá tölu, sem áður var nefnd, með samsvarandi stuðli, þ.e. 1,6. En jafnvel þótt ekki væri gengið svo langt heldur notaður hálfur sérstofustuðull (t.d. 3:10) til þess að nálgast núverandi hlutfall væri ekki nóg að bæta við 380 stofum heldur 380 x 1,3 = 49 stofum. (Hér er byggt á tölum frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur haustið 1987. Allar samantektir, einfaldanir og ágiskanir eru þó höfundar.) Ekki eru teknir inn í þessar tölur nýjustu skólabyggingar í Reykjavík — svo sem Grandaskóli og Foldaskóli, en þeir breyta þessu eitthvað.

Í áðurnefndri skýrslu um samfelldan skóladag kom fram að í Reykjavík var lægst hlutfall nemenda í einsetnum skóla (10%). Næstlægst var þetta hlutfall á Vesturlandi. Ef þar eru taldar allar almennar stofur og sérstofur bóklegra greina teknar með vantar þar 36 stofur til einsetningar. (Þessar tölur eru byggðar á upplýsingum frá Fræðsluskrifstofu Vesturlands, haustið 1987.) Miðað við að í þessu umdæmi séu um 7% nemenda vantar u.þ.b. fimm stofur fyrir hvert prósent nemenda sem þýðir að það vanti 500 stofur á landinu öllu ef sama ástand ríkti. Í Reykjanesumdæmi eru 498 bekkjardeildir, 446 stofur og þar af 270 almennar stofur. (Þessar tölur eru fengnar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, haustið 1987.) Strangt til tekið vantar þá 228 stofur. (Miðað við að rúmlega fjórðungur nemenda landsins er í þessu umdæmi þýddi það að nálægt níu stofur þyrfti á hvert prósent nemenda.) Á sama hátt og gert var í umfjöllun um Reykjavík og Vesturland má reikna hluta sérstofa sem almennar stofur. Sé fjórðungur sérstofanna reiknaður þannig vantar 184 stofur á Reykjanesi svo að hægt sé að einsetja (eða rúmlega sjö stofur fyrir hvert prósent nemenda).

Samkvæmt skýrslu nefndar Salome Þorkelsdóttur voru ofangreind þrjú umdæmi verst sett hvað varðaði einsetningu í skóla (þ.e. lægst hlutföll nemenda í einsetnum skólum). Þrátt

fyrir mörg álitamál má því ætla að milli 400 og 500 stofur þyrfti til viðbótar svo að hægt væri að koma við fullkominni einsetningu. (Þetta er byggt á tölum um fjölda bekkjardeilda og stofa frá Reykjavík, Reykjanesi og Vesturlandi en reiknað með að allt að fimmtungur núverandi sérstofa yrði notaður sem almennar stofur.) Ef miðað er við 450 stofur sem hver kostar um 4 milljónir króna kostar þessi viðbót um 1,8 milljarða króna. Dreift á fjögur ár er hér um að ræða 450 milljónir króna á ári. Á fjárlögum 1987 er u.þ.b. 200 milljónum króna varið til skólabygginga fyrir grunnskólann en þar með er talið íþróttahúsnæði og fleira sem kemur þessu máli ekki beint við. Annað eins kemur frá sveitarfélögunum, en sú upphæð er oft hærri þegar á reynir. Ef stefna ætti að einsetningu grunnskólans innan fjögurra ára þýddi það því um 150 milljónir króna til viðbótar á ári (150 frá ríki + 150 frá sveitarfélögum + 150 viðbót = 450).

Það ætti að vera ljóst af því sem að framan er sagt að þegar til lengri tíma er litið vantar meira skólahúsnæði en þær almennu stofur sem nauðsynlegt er að hafa vegna einsetningar. En vilji menn einsetningu mætti komast langt á fjórum árum sé þessu verkefni gefinn forgangur með því að reisa 120–140 skólastofur á ári.

Í þeim tölum, sem hér voru nefndar, var gert ráð fyrir mun lægra hlutfalli sérstofa en nú er algengt. Sú einsetning, sem hér er talað um, væri því varla viðunandi til lengdar. Einnig er margt sem bendir til þess að annars konar húsnæði sé eftirsóknarvert fyrir yngstu árgangana en hentar þeim sem eldri eru og taka mætti mið af því þegar bætt er við húsnæði. Raunhæft er að ætla að í mörgum tilvikum verði 5–8 ára börn saman í skóla upp úr miðjum næsta áratug og ef gerð væri gangskör að því að leysa húsnæðisvanda vegna einsetningar væri vel til fundið að gera það með þessa aldurshópa sérstaklega í huga. En það er vissulega full ástæða til þess að taka mið af fækkun nemenda og nýta húsnæðið á fleiri en einn veg þegar fram í sækir. Vegna vandkvæða, sem skapast vegna mishraðrar uppbyggingar hverfa, má vel hugsa sér að einhver hluti þess húsnæðis, sem um er rætt, sé bráðabirgðahúsnæði sem jafnvel mætti flytja á milli staða eins og nú er gert í einhverjum mæli.

Aukinn launakostnaður kennara er oft nefndur í sambandi við einsetningu. Á því máli eru tvær hliðar. Ef ekki er gert ráð fyrir neinni viðbótarkennslu er ekki nauðsynlega um neinn viðbótarkostnað að ræða. Þótt sumir aldurshópar hafi færri kennslustundir en sem nemur kennsluskyldu kennara í fullu starfi eru fjöldamargir kennarar í hlutastarfi. Dæmið lítur svona út:

Kennslustundafjöldi kennara í fullu starfi er 29 stundir á viku en við beina kennslu bætast allar aðrar starfsskyldur hans og vinnuvikan er 46 stundir á veturna. Nokkrir árgangar barna (þ.e. 6–9 ára) eru færri tíma í skólanum en sem nemur vinnuskyldu kennara í fullu starfi auk þess sem hluti kennslustunda barnanna er hjá sérhæfðum kennurum, t.d. í handavinnu og leikfimi. Skólatími barna er þessi (Stjtíð. B, nr. 212/1984):

6 ára	breytilegur
7 ára	22 stundir
8 ára	22 stundir
9 ára	26 stundir
10 ára	29 stundir
11 ára	32 stundir
12 ára	34 stundir
13 ára	35 stundir
14 ára	35 stundir
15 ára	31–35 stundir

(Sex ára börn hafa ekki skólaskyldu en áætluð er í opinberum útreikningum ein kennslustund á viku á hvert barn. Skólatími þeirra er því breytilegur eftir umdæmum og fer

eftir fjölda barna í hverjum bekk. Samkvæmt upplýsingum frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur eru 17–18 kennslustundir á viku algengu skólatími sex ára barna á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er hann yfirleitt mun styttri.)

Síðan má benda á að stór hluti kennara er í hlutastarfi að eigin ósk. Þegar athugað var starfshlutfall 3100 kennara í skrá menntamálaráðuneytisins um starfandi skólastjóra og kennara 1985–1986 fengust eftirfarandi hlutfallstölur. Í þessum tölum er aðeins miðað við þá sem eru settir eða skipaðir, stundakennarar eru ekki taldir með:

Í fullu starfi eru	63%
Í ⅔ úr starfi eru	15%
Í hálfu starfi eru	22%

Þegar á heildina er litið ætti því styttri starfsdagur yngstu hópanna ekki að valda sérstökum vandræðum hvað varðar skipulag vinnutíma kennara. Einsetning ætti því ekki endilega að eyðileggja möguleika kennara á eftirvinnu, en það hefur verið nefnt sem rök gegn henni. Það er því raunar ekkert sem bendir til þess að einsetning þyrfti út af fyrir sig að þýða breytingu á launakostnaði, enda þótt ýmislegt sem fylgdi í kjölfarið yrði væntanlega til þess að hækka þann lið, t.d. virðist eðlilegt að lengja skóladag yngstu aldurshópanna.

Þar kemur að hinni hlið launamála kennara. Setjum svo að árgangur sé um 4000 nemendur. Ef fjöldi nemenda er um 20 í meðalbekk eru um 200 bekkir í árgangi. Setjum svo að hver klukkustund kosti 1000 krónur í launum og vegna viðbótarrekstrarkostnaðar. Ein viðbótarstund fyrir árganginn kostar því 200.000 kr. Miðað við 34 kennsluvikur er hér um að ræða 6,8 milljónir króna á ári fyrir hverja viðbótarstund í árgangi. Sé bætt við tveim stundum á dag 5 daga vikunnar verður viðbótin fyrir þann árgang 68 milljónir króna. En sé dæmið sett upp á almennari hátt og reiknað með að 60 vikustundum sé bætt við í heildina, þannig að flestar fari þó til yngstu árganganna þá verður það viðbótarkostnaður við rekstur sem nemur 408 milljónum króna á ári.

Hvað varðar rök, sem lúta að lélegri nýtingu húsnæðis, er það að segja að ef starfsdagur í einsetnum skóla verður jafnstuttur og nú er raunin er það áhyggjuefni. Hins vegar má benda á margar leiðir til þess að nýta húsnæði skólanna. Í fyrsta lagi er sjálfsagt að lengja skóladag yngstu hópanna. Enn fremur má hugsa sér að nemendum væri í auknum mæli búin vinnuaðstaða í skólanum og starfsdagur í skólanum þannig lengdur þótt það fæli ekki alltaf í sér lengingu skóladags í venjulegum skilningi þess orðs. Það mætti einnig hugsa sér að hluti af nýju húsnæði yrði byggður með önnur not fyrir augum, t.d. stofur sem auðvelt væri að tengja saman og nota fyrir stærri hópa eða annað skólastarf svo sem námsflokka, fræðslustarf stofnana, ýmiss konar kvöldnámskeið, miðstöðvar fjarkennslu o.fl.

Það getur varla farið á milli mála að kostir einsetningar réttlæta þann stofnkostnað sem nauðsynlegur yrði og það húsnæði sem bættist við mundi verða vel nýtt jafnvel þótt fyrirsjáanleg sé nokkur fækkun nemenda. Launakostnaður mundi hugsanlega aukast í kjölfar einsetningar en ekki vegna hennar, en launakjör einstakra kennara ættu ekki að versna fyrir bragðið.

Viðauki 2.

Samfelldur skóladagur barna á grunnskólastigi.
(Fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur og svar menntamálaráðherra, 114. mál, 110. þings.)

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag?*
2. *Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag?*

Um efni fyrri spurningarinnar eru ekki til nýrri upplýsingar en þær sem fram koma í skýrslu nefndar er fyrrverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, skipaði til að fjalla um samfelldan skóla og tengsl heimila og skóla. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og heildartillögum í janúar 1986. Í framhaldi af störfum þessarar nefndar var skipuð önnur til að huga sérstaklega að samfelldum skóladegi í grunnskólum Reykjavíkur. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum.

Skilgreining á „samfelldum skóladegi" skiptir máli. Venja er að skilgreina samfelldan skóladag sem *samfellda viðveru*, þ.e. að nemendur þurfa aðeins að fara tvær ferðir á dag milli skóla og heimilis. Í þessu felst að þegar nemendur fara heim í hádegi er ekki um samfelldan skóladag að ræða.

Sumum foreldrum, kennurum og skólastjórum finnst eftirsóknarvert að börn komi heim í hádegismat og vilja skilgreina skóladag samfelldan þótt um fleiri en tvær ferðir sé að ræða á dag milli skóla og heimilis ef ekki eru aðrar eyður í stundatöflu. Hefur þá gjarnan verið talað um *samfelldan vinnutíma*.

Samkvæmt könnunum, sem gerðar voru á vegum fyrrnefndu nefndarinnar, má ætla að samfelldur skóladagur í merkingunni samfelld viðvera sé sem hér segir:

REYKJAVÍK (24 skólar, alls 12.709 nemendur).
Samfelld viðvera: 7 skólar eða 29% skóla með 3268 nemendum eða 26%.

REYKJANES (27 skólar alls, nemendur 10.454).
Samfelld viðvera: Að miklu leyti í 17 skólum (63%) með 7666 nemendum eða 73%.

VESTURLAND (17 skólar, nemendur alls 2851).
Samfelld viðvera: Í 9 skólum (flestir heimavistarskólar) 53% hjá 1020 nemendum eða 36%.

VESTFIRÐIR (23 skólar, nemendur alls 1863).
Samfelld viðvera: Í 13 skólum að mestu eða í 57% skóla hjá 1154 nemendum eða 62%.

NORÐURLAND VESTRA (20 skólar, nemendur alls 2041).
Samfelld viðvera: Í 16 skólum eða 80% skóla að mestu með 969 nemendum eða 47%.

NORÐURLAND EYSTRA (35 skólar, nemendur alls 4758).
Samfelld viðvera: Í 18 skólum eða 51% skóla með 1018 nemendum eða 21%.

AUSTURLAND (27 skólar, nemendur alls 2375).
Samfelld viðvera: Að mestu í 19 skólum eða 70% með 659 nemendum eða 28%.

SUÐURLAND (33 skólar, nemendur alls 3937).
Samfelld viðvera: Að mestu í 21 skóla eða 64% skóla með 1478 nemendum eða 38%.

Eins og þessar upplýsingar bera með sér er hlutfall skóla og hlutfall nemenda sem njóta samfelldrar viðveru mjög mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Hlutfallið hækkar verulega ef spurt er um samfelldan vinnutíma. Má ætla að á landinu öllu sé samfelldur vinnutími í u.þ.b. 85% skóla og að u.þ.b. 60% nemenda hafi samfelldan vinnutíma.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan nefndin um samfelldan skóladag og tengsl heimila og skóla lét kanna stöðuna, má sjá ýmis merki þess að ástandið hafi batnað. Reykjavíkurnefndin lét athuga sérstaklega stöðuna í grunnskólum borgarinnar skólaárið 1986–1987 (sjá fylgiskjal I). Þar kemur m.a. fram að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk, er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Aukaferðum milli heimilis og skóla fjölgar eftir því sem ofar kemur í grunnskólann. Í heild njóta rúmlega 70% grunnskólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin í tæp 83%.

Seinni spurningunni er ógjörningur að svara beint. Ef tryggja á samfellda viðveru fyrir alla nemendur grunnskóla þarf fjárfrekar aðgerðir. Þá þyrfti t.d. að koma upp íþróttaaðstöðu og mötuneyti við hvern skóla, fjölga starfsliði vegna gæslu o.fl. Samfelldri viðveru verður því varla komið á í einu vetfangi í öllum skólum landsins.

Ætla má að skemmri tíma taki að koma á samfelldum vinnutíma og í reynd hefur mjög þokast í þá átt á síðustu árum. Það sem líklega ræður úrslitum er stöðugleiki í kennaraliði og almenn aðstaða í skólum, svo sem skólasöfn.

Samfelld viðvera kennara í skólum er þó líklega mikilvægasta forsendan fyrir bæði samfelldri viðveru nemenda og samfelldum vinnutíma. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að skapa slíkar forsendur og jafnframt haft hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1986 sem hér fara á eftir:

1. Stefnt verði að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum með því að:

1.1. Bæta skipulag og stundaskrárgerð.
Aukin tölvueign skóla gerir kleift að hagnýta þá tækni við stundaskrárgerð.
Við skipulag skólastarfsins verður nemandinn, tími hans og vinna að vera í brennidepli.
Þegar kennarar skipta vinnu sinni milli skóla verða þeir skólar sem í hlut eiga að hafa samráð um skiptinguna.
Fastur viðverutími kennara í skólum eykur líkur á samfelldni hjá nemendum.

1.2. Taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar.
Miða stærð skóla eða stærð skipulagseininga innan skóla við 400–600 nemendur eða færri.
Hafa skóla einsetna eða því sem næst.
Gera ráð fyrir vinnuaðstöðu nemenda og kennara utan fastra kennslustunda.
Gera ráð fyrir aðstöðu til að afgreiða og neyta skólanestis eða aðstöðu til að framreiða og neyta skólamáltíða.
Stuðla þarf að frekari þróun í hönnun færanlegs skólahúsnæðis.
Hraða uppbyggingu aðstöðu fyrir list- og verkgreinar.

1.3. Efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda.
Tryggja verður hverjum skóla lágmarksbókakost.
Auka þarf fjölbreytni gagna á skólasöfnum og gera þau að eins konar miðstöð skólastarfsins.
Koma þarf upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

1.4. Gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma.
Ráða þarf sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárreiður vegna nestispakka.
Sjái nemendur og kennarar um skólanesti eða skólamáltíðir verður að umbuna þeim fyrir vinnu sína.
Til að auka líkur á að skólanesti eða máltíðir verði almennt notaðar og þar með auknar líkur á samfelldni þarf að stilla verði í hóf.
Skólamatur verður að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur og falla að síbreytilegum smekk nemenda.

1.5. Skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt.
Athuga þarf möguleika á að haga skipulagi starfsins þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tíma.
Fella verður kennslu í list- og verkgreinum inn í aðra kennslu þannig að bæði viðvera og verkefni myndi eðlilega heild.
Losa þarf um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan eykur samfelldni.

Fylgiskjal I.

Samfelldur skóladagur í Reykjavík.
Forsendur og skýringar.

Á meðfylgjandi yfirliti er það talinn *samfelldur skóladagur* þegar nemandi þarf ekki, samkvæmt stundaskrá, að fara nema fimm ferðir í skólann á viku eða eina ferð á dag. Ferðir í skóla umfram þetta mark eru í yfirlitinu nefndar aukaferðir.

Kennsla í sérgreinum hindrar oft samfelldni. Sérgreinastofur, svo sem fyrir handmennt, myndmennt og tónmennt, rúma einfaldlega ekki á réttum tíma þann stundafjölda sem þar þarf að koma fyrir.

Sú sérgrein, sem þó er algengasta hindrunin, er leikfimi. Litlu salirnir, sem ekki rúma nema einn leikfimihóp í senn (tvær hálfar bekkjardeildir), hindra samfelldni í flestum tilvikum.

Hins vegar er það ekki talin aukaferð í skóla í yfirlitinu þegar nemendum er ekið í annan skóla til leikfimikennslu vegna þess að ekki er búið að byggja íþróttahús, enda er þá um bráðabirgðatilhögun að ræða. Þetta gildir m.a. um Foldaskóla og Selásskóla. Þá er það heldur ekki talin aukaferð þegar íþróttahúsið liggur of langt frá skólanum til að hægt sé að flétta leikfimitímana inn í stundaskrá hjá öllum bekkjardeildum. Þetta á við um Öldusels-skóla og Laugalækjarskóla.

Það er talin aukaferð hjá öllum nemendum þegar skólar gefa klukkustundar matarhlé um hádegi, t.d. Hagaskóli og Réttarholtsskóli. Þetta skýrir háa tíðni fimm aukaferða á viku hjá nemendum unglingadeilda (7., 8. og 9. bekkjar).

Ljóst er að tekist hefur að bæta verulega stundaskrá nemenda í grunnskólum borgarinnar að því er samfelldni varðar og hafa skólastjórar lagt sig mjög fram um það. Ekki er líklegt að öllu lengra verði komist í því efni. Þeir annmarkar, sem enn hindra samfelldni, felast því mestmegnis í ytri aðstæðum, þ.e. of þröngu sérgreinahúsnæði og vöntun á aðstöðu og starfskröftum til fullnægjandi hádegismatar. Þá þyrfti einhver aukning á heimiluðu kennslumagni að koma til.

Fylgiskjal II.

Daglegur fjöldi ferða hjá nemendum í forskóla og 1.–9. bekk í grunnskólum í Reykjavík veturinn 1986–1987.

Forskóli (5 og 6 ára): 1602 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100,0%
1. bekkur: 1478 nemendur.	
Þar af 1456 með samfelldan skóladag eða	98,5%
Þar af 22 með 1 aukaferð á viku eða	1,5%
2. bekkur: 1342 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100,0%
3. bekkur: 1281 nemandi.	
Þar af 1038 með samfelldan skóladag eða	81,0%
Þar af 132 með 1 aukaferð á viku eða	10,3%
Þar af 111 með 2 aukaferðir á viku eða	8,7%
4. bekkur: 1292 nemendur.	
Þar af 926 með samfelldan skóladag eða	71,7%
Þar af 212 með 1 aukaferð á viku eða	16,4%
Þar af 44 með 2 aukaferðir á viku eða	3,4%
Þar af 110 með 3 aukaferðir á viku eða	8,5%
5. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 836 með samfelldan skóladag eða	64,4%
Þar af 264 með 1 aukaferð á viku eða	20,3%
Þar af 154 með 2 aukaferðir á viku eða	11,9%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3,4%
6. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 902 með samfelldan skóladag eða	69,5%
Þar af 88 með 1 aukaferð á viku eða	6,8%
Þar af 132 með 2 aukaferðir á viku eða	10,2%
Þar af 154 með 3 aukaferðir á viku eða	11,8%
Þar af 22 með 4 aukaferðir á viku eða	1,7%
7. bekkur: 1303 nemendur.	
Þar af 555 með samfelldan skóladag eða	42,6%
Þar af 198 með 1 aukaferð á viku eða	15,2%
Þar af 176 með 2 aukaferðir á viku eða	13,5%
Þar af 66 með 3 aukaferðir á viku eða	5,0%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3,4%
Þar af 264 með 5 aukaferðir á viku eða	20,3%

8. bekkur: 1359 nemendur.
Þar af 508 með samfelldan skóladag eða 37,4%
Þar af 322 með 1 aukaferð á viku eða 23,7%
Þar af 115 með 2 aukaferðir á viku eða 8,4%
Þar af 69 með 3 aukaferðir á viku eða 5,1%
Þar af 46 með 4 aukaferðir á viku eða 3,4%
Þar af 299 með 5 aukaferðir á viku eða 22,0%
9. bekkur: 1241 nemandi.
Þar af 344 með samfelldan skóladag eða 27,7%
Þar af 391 með 1 aukaferð á viku eða 31,5%
Þar af 69 með 2 aukaferðir á viku eða 5,6%
Þar af 184 með 4 aukaferðir á viku eða 14,8%
Þar af 253 með 5 aukaferðir á viku eða 20,4%
Samtals: 13.494 nemendur.
Þar af 9509 með samfelldan skóladag eða 70,5%
Þar af 1629 með 1 aukaferð á viku eða 12,1%
Þar af 801 með 2 aukaferðir á viku eða 5,9%
Þar af 399 með 3 aukaferðir á viku eða 2,9%
Þar af 340 með 4 aukaferðir á viku eða 2,5%
Þar af 816 með 5 aukaferðir á viku eða 6,1%

Viðauki 3.

Helstu heimildir.

Bjarni Torfason: *Umferðarslysin og afleiðingar þeirra.* (Heilbrigðisskýrslur 984. Fylgirit nr. 1.)
Bolli Þór Bollason: „Hlutur kvenna á vinnumarkaðnum." *Morgunblaðið* 25. mars 1987.
Byggð og atvinnulíf 1985. Byggðastofnun desember 1986.
Fátækt á Íslandi. Ráðstefna haldin í Reykjavík í mars 1986 af samtökum félagsmálastjóra.
Frumvarp til laga um grunnskóla, 354. mál 109. löggjafarþings.
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur: Könnun varðandi morgunverð og nesti nemenda. *Skólaskýrsla barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1973–74.*
Guðrún R. Briem: *Umferðarslys á gangandi vegfarendum í Reykjavík samkvæmt lögregluskýrslum 1981–82.*
Hafdís Hrönn Ottósdóttir: *Konan — vinnan — kjörin.* Kandídatsritgerð í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, september 1987.
Ísland 2010. Gróandi þjóðlíf. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins 1987. (Sérrit 1.)
„Kennarar telja brýnt að ekki séu fleiri en 20 nemar í bekk. Könnun á högum og viðhorfum grunnskólakennara." *Morgunblaðið* 19. febrúar 1988.
Kristinn R. Guðmundsson: „Höfuðáverkar." *Læknablaðið* 1969 (5. tbl.), 1983, bls. 131–137.
Kvennalistinn: *Stefnuskrá í landsmálum 1987.*

Magnús R. Gíslason: „Svört skýrsla um tannheilsumál Íslendinga.“ *Morgunblaðið* 26. október 1984.
Manneldisráð: *Mataræði skólabarna í Reykjavík. Könnun Manneldisráðs 1977–78.* (Heilbrigðisskýrslur 1981. Fylgirit nr. 1).
Með fólki. Tímarit um uppeldismál. SAMFOK janúar 1988.
Oddur Helgason, Mjólkursamsölunni, persónulegar upplýsingar.
Ólafur Ólafsson: *Barna- og unglingaslys á Íslandi.* Landlæknisembættið september 1985.
Ólafur Ólafsson: *Mannvernd.* Landlæknisembættið desember 1987.
Skólastefna Kennarasambands Íslands 1987.
Skóli Ísaks Jónssonar 50 ára, 1926–1976. Skóli Ísaks Jónssonar 1979.
Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar um menntastefnu á Íslandi. Menntamálaráðuneytið ágúst 1987.
Skýrsla forskólanefndar menntamálaráðuneytisins. Desember 1981.
Skýrsla frá landlæknisembættinu/lögreglunni í Reykjavík.
Skýrsla heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um íslenska heilbrigðisáætlun. Lögð fyrir Alþingi 1986–87, 435. mál.
Tillögur starfshóps um forskóla, 15. mars 1984 og 15. ágúst 1986.
Vinnuhópur um tengsl heimila og skóla: *Samfelldur skóladagur. Tengsl heimila og skóla.* Menntamálaráðuneytið 1984.

Sþ. 133. Svar [91. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi H. Garðarssyni um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins.

Fram til 1. september 1986, en þá tóku gildi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, keyptu lífeyrissjóðirnir skuldabréf beint af byggingarsjóðunum tveimur. Eftir lagabreytinguna 1986 eru skuldabréfaviðskiptin með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins, en fjármagninu er síðan skipt milli byggingarsjóðanna samkvæmt lánsfjárlögum.

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting skuldabréfakaupa milli sjóðanna 1986, 1987 og samkvæmt lánsfjárlögum fyrir 1988. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

	1986	*1987*	*Lánsfjárlög 1988*
Byggingarsjóður ríkisins	1.730	3.705	(4.750)
Byggingarsjóður verkamanna	580	490	(1.360)
	2.310	4.195	(6.110)

Hér á eftir fylgir yfirlit frá Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup einstakra sjóða árin 1986 og 1987, auk upplýsinga fyrir tímabilið frá janúar til októberloka 1988.

Húsnæðisstofnun ríkisins:

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.
(11. febrúar 1987.)
Janúar til desember 1986.

Lífeyrissjóðir:	*Heildarkaup*	*Keypt í des.*
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	18.800	
ASB og BSFÍ	2.800	
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	4.000	3.000
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	5.700	
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	1.490	400
Lífeyrissjóður Austurlands	38.000	10.000
Lífeyrissjóðurinn Björg	31.000	5.000
Lífeyrissjóður blaðamanna	8.100	3.700
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	16.500	1.000
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	24.000	
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarm. í Hafnarfirði	4.600	4.600
Lífeyrissjóður byggingarmanna	52.000	10.000
Lífeyrissjóður bænda	20.600	
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	123.000	
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	34.000	5.000
Lífeyrissjóður Félags íslenskra hljómlistarmanna	3.700	1.350
Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	2.000	1.000
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna	900	500
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	16.000	
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	2.500	2.000
Lífeyrissjóður garðyrkjumanna	1.300	
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	41.600	5.825
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	8.600	
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðarinnar	32.000	
Lífeyrissjóður Iðju, Akureyri	1.650	650
Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja	800	
Lífeyrissj. ísl. stj.starfsm. Keflavíkurflugvelli	5.000	
Lífeyrissjóður Kaupfélags Eyfirðinga	10.500	3.000
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	8.500	3.000
Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra	4.000	
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	5.200	1.200
Lífeyrissjóður lækna	19.000	
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	9.200	
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	28.000	
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	12.800	5.000
Lífeyrissjóður múrara	11.000	
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	960	
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	41.000	8.500
Lífeyrissjóður Rangæinga	15.000	
Lífeyrissjóður Sameiningar, Akureyri	59.000	7.000

	Heildarkaup	*Keypt í des.*
Lífeyrissjóður sjómanna	190.600	
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	8.000	3.000
Lífeyrissjóður slökkviliðsm. Keflavíkurflugvelli	8.500	
Lífeyrissjóður Sóknar	61.000	
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	12.000	6.000
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	3.400	1.400
Lífeyrissjóður starfsmanna í veitingahúsum	10.000	3.000
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	13.221	13.221
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	375.250	*152.500
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1.000	
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	12.700	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	4.000	1.000
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	12.700	2.000
Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík	7.300	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi	8.000	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	55.000	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga Norðurlands vestra	23.240	4.800
Lífeyrissjóður verkamanna, Hvammstanga	10.200	1.000
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	5.000	
Lífeyrissjóður verksmiðja SÍS, Akureyri	9.000	
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	47.100	
Lífeyrissjóður verkstjóra	34.600	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	168.000	
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	100.257	5.413
Lífeyrissjóður Vestmanneyinga	52.700	3.500
Lífeyrissjóður Vesturlands	36.100	5.000
Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra	3.000	
Samvinnulífeyrissjóðurinn	76.500	16.000
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	118.000	
Eftirlaunasjóðir:		
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	4.900	700
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	8.250	8.250
Eftirlaunasjóður Landsbanka Íslands og Seðlabanka	45.000	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	12.000	6.500
Eftirlaunasjóður starfsm. fél. Olíuf. Skeljungs	10.480	1.700
Eftirlaunasjóður starfsm. Olíuverslunar Íslands	1.900	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	11.800	11.800
	2.310.148	328.509

* 103.000.000 eru vegna kaupa sem fóru í gegnum ríkissjóð. 49.500.000 voru keypt beint af stofnuninni.

Lokauppgjör á lífeyrissjóðunum fyrir árið 1986 eftir að búið var að keyra síðustu keyrslu bókhaldsins.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða:
(5. janúar 1988).

Tímabilið janúar til desember 1987.

Nafn lífeyrissjóðs	*Heildarkaup*	*Kaup í des. 1987*
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	19.300	
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	15.000	4.300
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	10.000	10.000
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	4.260	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	17.000	
Eftirlaunasjóður starfsm. Landsb. og Seðlab.	74.000	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Skeljungs	15.470	1.100
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	10.450	
Lífeyrissjóður apótekara/lyfjafræðinga	25.301	5.000
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	4.760	2.000
Lífeyrissjóður Austurlands	70.000	20.000
Lífeyrissjóðurinn Björg	37.500	4.500
Lífeyrissjóður blaðamanna	16.100	1.300
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	19.000	
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	34.000	2.000
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarmanna	7.260	2.710
Lífeyrissjóður byggingarmanna	80.000	
Lífeyrissjóður bænda	130.000	30.000
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	205.000	50.000
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	40.000	6.000
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	2.100	500
Lífeyrissjóður Félags ísl. hljómlistarmanna	6.024	2.600
Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	6.000	
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna	1.100	1.100
Lífeyrissjóður Félags starfsf. í veitingah.	6.000	6.000
Lífeyrissjóður FÍSK	11.000	4.000
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	19.000	
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	6.500	4.500
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	69.600	15.000
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	15.000	4.000
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðar	56.500	9.500
Lífeyrissjóður Iðju, Akureyri	800	
Lífeyrissjóður Kaupfélags Eyfirðinga	46.000	5.000
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	12.425	2.200
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	6.000	1.000
Lífeyrissjóður lækna	89.633	10.000
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	12.600	
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	80.000	15.000
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	16.000	4.100
Lífeyrissjóður múrara	19.225	7.000
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	2.347	
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	45.000	25.000
Lífeyrissjóður Rangæinga, Hellu	19.700	
Lífeyrissjóðurinn Sameining	68.000	

	Heildarkaup	*Kaup í des. 1987*
Lífeyrissjóður sjómanna	264.000	21.000
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	12.000	
Lífeyrissjóður slökkviliðsm. Keflav.flugv.	8.500	
Lífeyrissjóður Sóknar	82.200	
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju	13.200	
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	5.500	
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	50.161	
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	532.000	
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1.000	
Lífeyrissjóður starfsm. Vestmannaeyjakaupst.	2.480	
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	23.000	
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	8.000	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	7.000	
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	15.725	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Grindavíkur	7.900	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfél. Norðurl. vestra	26.555	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurlands	40.000	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurnesja	93.000	
Lífeyrissjóður verkamanna	13.000	
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	40.000	
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	67.900	
Lífeyrissjóður verkstjóra	43.000	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	761.000	
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	114.533	
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	70.250	
Lífeyrissjóður Vesturlands	38.500	
Samvinnulífeyrissjóðurinn	213.752	
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	190.000	
	4.195.111	

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.
(1. nóv. 1988.)

Janúar til október 1988.

Nafn lífeyrissjóðs	*Heildarkaup*	*Kaup í des. 1988.*
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	41.000	4.200
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	5.000	
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	7.000	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	8.150	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbankans	67.400	
Eftirlaunasjóður starfsm. Landsb. og Seðlab.	120.000	
Eftirlaunasjóður starfsm. Olíuverslunar Ísl.	21.300	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Skeljungs	15.480	1.250
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	10.879	
Lífeyrissjóður apótekara/lyfjafræðinga	24.000	3.000
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	3.500	

	Heildarkaup	*Kaup í des. 1988.*
Lífeyrissjóður Austurlands	60.000	
Lífeyrissjóðurinn Björg	48.000	10.000
Lífeyrissjóður blaðamanna	18.320	5.000
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	22.000	2.000
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	39.000	5.000
Lífeyrissjóður byggingarmanna	120.000	
Lífeyrissjóður bænda	160.000	90.000
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	270.000	20.000
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	49.000	10.000
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	4.000	
Lífeyrissjóður Félags ísl. hljómlistarmanna	1.900	
Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	10.000	
Lífeyrissjóður Félags starfsf. í veitingah.	21.000	
Lífeyrissjóður FÍSK	8.000	
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	45.250	20.000
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	3.000	
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	118.000	20.000
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	27.500	3.000
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðarinnar	52.000	
Lífeyrissjóður Iðju á Akureyri	4.860	
Lífeyrissjóður KEA	45.700	
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	18.527	7.700
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	11.500	1.000
Lífeyrissjóður lækna	140.000	15.000
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	21.500	6.000
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	150.000	
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	17.000	2.000
Lífeyrissjóður múrara	27.300	5.000
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	2.000	
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	37.000	20.000
Lífeyrissjóður Rangæinga, Hellu	28.200	
Lífeyrissjóðurinn Sameining	121.000	10.000
Lífeyrissjóður sjómanna	504.000	33.000
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	12.450	
Lífeyrissjóður slökkviliðsm. Keflav.flugvelli	30.000	
Lífeyrissjóður Sóknar	110.000	20.000
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	17.400	2.500
Lífeyrissjóður starfsm. Áburðarverksm.	10.700	
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	5.000	2.000
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	39.000	
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	633.000	66.000
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1.000	
Lífeyrissjóður starfsm. Vestmannaeyjakaupst.	2.128	
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	13.000	
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	10.000	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	8.000	
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	11.850	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Grindavíkur	6.825	

	Heildarkaup	*Kaup í des. 1988.*
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Norðurl. v.	12.600	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurlands	42.000	
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurnesja	120.000	
Lífeyrissjóður verkamanna	9.000	1.000
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	63.000	
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	91.500	20.000
Lífeyrissjóður verkstjóra	48.400	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	908.000	108.000
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	116.219	10.786
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	114.715	16.500
Lífeyrissjóður Vesturlands	30.700	3.500
Samvinnulífeyrissjóðurinn	200.000	15.000
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	216.000	
	5.411.753	558.436

Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um ökunám og ökukennslu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta endurskoða reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983, sbr. reglugerð nr. 448 31. október 1983 og nr. 116 29. febrúar 1988, með það að markmiði að settar verði reglur um starfsemi ökuskóla, gerðar strangari kröfur til ökukennara og prófdómenda og að kunnátta nýliða í akstri verði aukin og bætt.

Greinargerð.

Umferðin hefur orðið þyngri og háskalegri með hverju ári og krafist æ meiri fórna. Þrátt fyrir ný umferðarlög og margvíslegan áróður hefur sú geigvænlega þróun haldið áfram á þessu ári. Það sem af er þessu ári, þ.e. til 23. nóvember, hafa 25 manns dáið í umferðarslysum. Þar af eru 13 manns 30 ára og yngri og 7 af þeim undir 20 ára aldri. Allt árið 1987 urðu dauðaslys í umferðinni 22.

Allir þurfa að gæta sín í umferðinni, ungir sem gamlir, en reynslan sýnir að mesta hættan er bundin við fyrstu árin eftir að ökuréttindum er náð. Samkvæmt líkindareikningi eiga 20–25 piltar af hverjum 500 á aldrinum 17–18 ára það á hættu að slasast lífshættulega í umferðinni, örkumlast eða jafnvel deyja. Á þessum aldri eiga 10–12 stúlkur af hverjum 500 hið sama á hættu.

Fleiri tölur þarf ekki að nefna. Við hljótum að leita orsaka og úrræða.

Ökukennslan hlýtur að ráða miklu um aksturslag unga fólksins og góð ökukennsla er það veganesti í orðsins fyllstu merkingu sem stjórnvöldum ber að tryggja. Almenningur hefur ekki verið nægilega kröfuharður í þeim efnum og stjórnvöld hafa sofið á verðinum. Þeir sem hafa knúið á um úrbætur eru fyrst og fremst ökukennarar sjálfir sem hafa ítrekað krafist endurskoðunar og endurskipulagningar bæði ökukennslu og ökukennaranáms.

Rétt er að minna á nefndarálit allsherjarnefndar neðri deildar við afgreiðslu umferðarlaganna í apríl 1987, en þar standa m.a. þessi orð: „Nefndin telur nauðsyn á að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám annaðhvort í sérstökum lögum eða reglugerð þar sem ítarlegar verði fjallað um menntun ökukennara og námsefni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs, en mun strangari ákvæði gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum en hér á landi.“

Ef bornar eru saman þær kröfur sem gerðar eru til íslenskra ökukennara og starfssystkina þeirra á Norðurlöndunum kemur í ljós að þar sem fæstra námsstunda er krafist undir ökukennarapróf er þó um fjórfalt fleiri stundir að ræða en hjá íslenskum ökukennurum. Þeir síðarnefndu geta öðlast ökukennararéttindi með 80 stunda námi en Danir þurfa að stunda slíkt nám í 315–550 stundir. Norðmenn læra til ökukennaraprófs í 1174 stundir, Finnar telja sig þurfa einni stund betur og hafa áform um að fjölga þeim enn frekar og Svíar telja ekki duga minna en tuttugu og tvisvar sinnum þann stundafjölda sem íslenskir ökukennarar þurfa til réttindanámsins, eða 1800 stundir að lágmarki.

Ótrúlegt er að það sé svona margfalt flóknara og erfiðara að kenna akstur í grannlöndunum. Kennslustundafjöldinn er vitanlega ekki fyrir öllu, en augljóslega þarf að endurskoða alla tilhögun og áherslur í ökukennaranámi hér á landi, ekki síst með tilliti til breyttra aðstæðna í umferðinni. Fáir munu fagna slíkri endurskoðun meira en ökukennarar sjálfir sem hafa ýmsar tillögur fram að færa í þeim efnum.

Enn mikilvægara er þó að taka ökunámið sjálft fastari tökum en þar er augljóslega pottur brotinn. Algengast er að unglingar taki ökupróf um leið og aldur leyfir. Oft hefur viðkomandi fengið að grípa í stýri hjá ættingjum og vinum og telur sig jafnvel færan í flestan sjó aðeins sé eftir að fá örfáa tíma hjá ökukennara og uppáskrift embættis. Strákum er það jafnvel metnaðarmál að þurfa sem fæsta tíma.

Ökunám og ökupróf koma vissulega við pyngjuna og umhugsunarvert er hvort það á ekki sinn stóra þátt í því hvað nýliðar í akstri eru oft illa undirbúnir. Ökutíminn kostar nú 1401 kr., bóklegt námskeið, þar sem mynd og læknisvottorð eru innifalin, kostar 4000 kr. og prófgjaldið er 1500 kr. Heildarkostnaðurinn getur því verið á bilinu 15.000–40.000 kr. eftir fjölda ökutíma. Algengast mun vera að kostnaðurinn nemi 27.000–30.000 kr. og má nærri geta að það munar um minna hjá lágtekjufólki.

Mikill þrýstingur er á ökukennara um að hafa ökutímana sem fæsta. Yfirvöld eru þeim lítill bakhjarl og afleiðingin er sú að unga fólkið er sent út í umferðina með heldur merglítið veganesti.

Nýliðar í akstri hafa sjaldnast hlotið almennilega þjálfun í akstri við mismunandi aðstæður, s.s. í bleytu, hálku, lausamöl eða snjó, við lélegt skyggni, móti kvöldsól eða í svartamyrkri. Borgarbarnið kann ekki að aka utan malbiks og landsbyggðarbarnið kann ekki að aka í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Ungir bílstjórar aka margir allt of nálægt næsta bíl, aksturslagið er skrykkjótt og hraðinn oftast meiri en lítt þjálfaðir ökumenn ráða við. Þeir reikna yfirleitt með bestu aðstæðum og ætla ekkert svigrúm til óvæntra atvika. Og því miður virðist ábyrgðartilfinningin í lágmarki. Þetta ástand er engan veginn sæmandi og kallar á tafarlausar úrbætur. Ökunám á ekki að vera fólgið í biturri reynslu. Setja þarf reglur um lágmarksfjölda ökutíma og búa svo um hnútana að nemendur fái þjálfun í akstri við fjölbreytilegar aðstæður, t.d. á sérhönnuðum akbrautum. Mjög er athugandi að færa hluta ökukennslunnar inn í framhaldsskólana. Þá þarf að taka til gaumgæfilegrar athugunar hvort ástæða er til að hækka ökuprófsaldur eða veita bráðabirgðaskírteini og setja skilyrði um akstur undir eftirliti reynds ökumanns fyrst eftir ökupróf.

Fjölmargt fleira mætti að sjálfsögðu gera til þess að stuðla að bættri umferðarmenningu, t.d. er nauðsynlegt að efla rannsóknir á umferðarslysum svo að auðveldara verði að greina

orsakir og bæta úr vandanum. Auka þarf og samræma kennslu í umferðarmálum bæði í grunnskólum og í framhaldsskólum. Auka þarf og bæta fræðslu í fjölmiðlum sem oft hafa reynst drjúgir í áróðri gegn umferðarslysum en því miður einnig haft áhrif á hinn veginn þar sem iðulega er ýtt undir hraðadýrkun í margvíslegu fjölmiðlaefni. Þá gætu tryggingafélög stuðlað að meiri aðgát nýliða í akstri, t.d. með því að verðlauna þá sem aka fyrstu tvö árin án þess að valda tjóni. Einnig er nauðsynlegt að hafa öfluga umferðargæslu.

Fjölmargar ábendingar varðandi þessi mál hafa komið fram í ræðu og riti sem sjálfsagt er að hafa til hliðsjónar við framkvæmd þessarar tillögu til þingsályktunar. Skal þar sérstaklega bent á samantekt ráðstefnu um ökukennslu og umferðarmenningu sem haldin var 18. nóvember 1987, en setning á bls. 78 í því riti leggur til lokaorð þessarar greinargerðar:

„Það er afleitt að fá lélega kennslu í mannkynssögu, en það getur verið lífshættulegt að fá lélega ökukennslu.“

Nd. 135. Frumvarp til laga [128. mál]

um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Foreldri, sem óskar leyfis frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. gr.

Foreldri skal hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 18 mánuði áður en að leyfistökunni kemur. Foreldri skal tilkynna vinnuveitanda með þriggja mánaða fyrirvara hvort óskað er leyfis skv. ákvæðum 1. gr. og þá jafnframt hvenær foreldri hyggst hefja störf að nýju.

3. gr.

Ákvæði þessara laga skerða í engu ákvæði gildandi laga um fæðingarorlof.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umönnun og uppeldi barna fyrstu æviár þeirra hafa lengstum verið í höndum kvenna. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist verulega og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppeldi ungra barna leggur þeim á herðar. Tilgangur þessa frumvarps er að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barns án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

Frumvarpið kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna en bent er á að í þeim efnum eru lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta ákaflega brýnar. Frumvarpið beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Í skýrslu Byggðastofnunar, *Byggð og atvinnulíf 1985*, útg. í desember 1986, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 59% hærri laun á ársverk en konur árið 1985. Nýrri skýrsla er ekki tiltæk en ekkert bendir til breytinga í þessu efni. Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn því að margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir því að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðnum. Þetta veldur því að konum reynist erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur ásamt öðru í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frumvarpið miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Frumvarpið hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér.

Frumvarp þetta var áður flutt á 109. löggjafarþingi og var þá að loknum umræðum og umfjöllun í nefnd vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún beitti sér fyrir þessu réttindamáli. Síðan hefur ekkert gerst og því er frumvarpið nú endurflutt.

Sþ. 136. Fyrirspurn [129. mál]

til landbúnaðarráðherra um mengun við fiskeldi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða afskipti hefur landbúnaðarráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra af:
   a. veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi,
   b. eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi,
   c. rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?
2. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?
3. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?
4. Hafa verið settar reglur til að koma í veg fyrir erfðamengun villtra fiskstofna frá eldisstofnum?
5. Hvaða áform eru uppi á vegum ráðuneytisins vegna ofangreindra þátta?

Greinargerð.

Í byrjun yfirstandandi þings bar fyrirspyrjandi fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra (13. mál) um mengun við fiskeldi. Svar ráðherra liggur fyrir á þskj. 36. Þar kemur m.a. fram að landbúnaðarráðuneytið og fleiri aðilar fjalli um vissa þætti er snerta mengun frá fiskeldisstöðvum. Um leið og vísað er til svars heilbrigðisráðherra er þessi fyrirspurn hér fram borin til að fá sem skýrasta mynd af málinu í heild.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 137. Fyrirspurn [130. mál]

til samgönguráðherra um mengun við fiskeldi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver eru afskipti Siglingamálastofnunar og samgönguráðuneytis af veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi, eftirliti varðandi mengun frá fiskeldisstöðvum og rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?
2. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?
3. Hvaða áform eru uppi á vegum samgönguráðuneytisins vegna ofangreindra þátta eða annarra sem snerta fiskeldi og mengunarhættu því tengda?

Greinargerð.

Í byrjun yfirstandandi þings bar fyrirspyrjandi fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra (13. mál) um mengun við fiskeldi. Svar ráðherra liggur fyrir á þskj. 36. Þar kemur m.a. fram að samgönguráðuneytið (Siglingamálastofnun) og fleiri aðilar fjalli um vissa þætti er snerta starfsleyfi fiskeldisstöðva og mengun frá fiskeldi. Um leið og vísað er til svars heilbrigðisráðherra er þessi fyrirspurn hér fram borin til að fá sem skýrasta mynd af málinu í heild.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um úrbætur í atvinnumálum kvenna.

Flm.: Unnur Kristjánsdóttir, Ólöf Hildur Jónsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til að gera tillögur til úrbóta á atvinnumöguleikum og starfsskilyrðum þeirra kvenna sem vinna við iðnað, landbúnað og sjávarútveg á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar en sjávarútvegsráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra skipi einn nefndarmann hver.

Nefndin starfi á vegum félagsmálaráðuneytis og skal skila áliti eigi síðar en 1. júní nk.

Greinargerð.

Sú fólksfækkun, sem hefur orðið víða á landsbyggðinni, er fyrst og fremst í sveitum og þéttbýlisstöðum með einhæft atvinnulíf. Á mörgum svæðum með fjölbreytt atvinnulíf og hátt þjónustustig hefur íbúum hins vegar fjölgað.

Athyglisvert er að þegar bornir eru saman þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni kemur í ljós að fólksfækkun er ekki síður á stöðum þar sem meðallaun eru mjög há, enda oft um að ræða bæi þar sem sjávarútvegur er aðalatvinnuvegurinn.

Alkunna er að nær eingöngu konur vinna einhæf störf ófaglærðs verkafólks í frumvinnslu á Íslandi. Í þeim byggðarlögum þar sem þjónustustig er lágt eru möguleikar kvenna til atvinnu því nær eingöngu innan frumvinnslugreina.

Ljóst er að tæknivæðing í frumvinnslugreinum eykst mikið á næstu árum. Má þar benda á að innan tíðar verður notkun tölva orðin ríkur þáttur í störfum innan iðnaðar og fiskvinnslu. Í landbúnaði er líklegt að auk vöruþróunar á hefðbundnum framleiðsluvörum komi nýjar framleiðslugreinar, svo sem silungseldi. Þessi aukna fjölbreytni mun krefjast þess að starfsmenn í þessum greinum þurfi fræðslu og hvatningu til að takast á við ný verkefni.

Á síðustu árum hefur verið boðið upp á ýmiss konar aðstoð og fræðslu fyrir konur í því skyni að auka atvinnulegt sjálfstæði þeirra. Þá hefur einnig verið gert átak í starfsfræðslu fyrir ófaglært verkafólk í fiskvinnslu og iðnaði, en lítið hefur verið gert til að auka möguleika kvenna til að öðlast starfsframa innan frumvinnslugreina og til að auka þátttöku þeirra í þjónustustörfum sem tengjast þessum starfsgreinum.

Áhugi kvenna á að bæta atvinnustöðu sína er mikill. Árangur af námskeiðum fyrir konur, t.d. í stofnun og stjórnun fyrirtækja, hefur oft verið ótrúlegur. Með þessari tillögu er bent á leið til að auka fjölbreytni atvinnumöguleika þeirra kvenna sem hafa litla nú.

Sþ. 139. Skýrsla [132. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins 1987–1988.

1. Um Alþjóðaþingmannasambandið.

Alþjóðaþingmannasambandið (Inter-Parliamentary Union) mun á næsta ári fagna 100 ára starfsafmæli. Það var stofnað á árinu 1889 fyrir atbeina Bretans William Randal Cremer og Frakkans Frederic Passy með það að markmiði að stuðla að bættri sambúð ríkja og friðsamlegri lausn deilumála.

Sambandið hefur frá upphafi beitt sér mjög í alþjóðlegri friðarviðleitni og átti m.a. þátt í stofnun Alþjóðadómstólsins í Haag sem starfar nú innan vébanda Sameinuðu þjóðanna.

Í gildandi starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins segir að markmið sambandsins sé að stuðla að persónulegum tengslum milli fulltrúa hinna ýmsu þjóðþinga og sameina þá í átaki til að efla og treysta fulltrúalýðræði í aðildarríkjunum. Einnig að vinna að friði og alþjóðlegri samvinnu í heiminum á grundvelli markmiða Sameinuðu þjóðanna.

Alþjóðaþingmannasambandið hefur beitt sér sérstaklega til að vernda mannréttindi þingmanna. Sérstök nefnd á vegum samtakanna hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga.

Sérstakar þjóðdeildir í 109 þingum eiga nú aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu. Ástæða er til að nefna að aðeins hluti þeirra er þjóðkjörinn með sama hætti og tíðkast hér á landi og í öðrum vestrænum ríkjum. Þrátt fyrir þetta hefur sambandið reynst ákjósanlegur vettvangur fyrir formleg og óformleg skoðanaskipti um alþjóðamál og þau vandamál sem helst eru á döfinni í samskiptum ríkja.

Unnt er að taka upp á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins sérhvert alþjóðlegt vandamál sem ætla má að hægt sé að leysa fyrir atbeina þjóðþinganna. Sambandið beitir sér einnig fyrir bættum vinnuaðferðum og nýjungum í þinghaldi og innan vébanda þess starfa sérstök samtök skrifstofustjóra þjóðþinga.

Stofnanir Alþjóðaþingmannasambandsins eru þing, ráð, framkvæmdanefnd og aðalskrifstofa sem hefur aðsetur í Genf og lýtur stjórn framkvæmdastjóra sambandsins. Því starfi gegnir nú Frakkinn Pierre Corneillon.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til skiptis í aðildarlöndunum. Það mega sækja allt að 8 fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Atkvæðisréttur er þar misjafn og hafa smæstu ríkin 9 atkvæði en hin stærstu 22 atkvæði. Heimilt er að skipta atkvæðum ríkis ef skoðanamunur er í sendinefnd þess um afstöðu til máls sem til meðferðar er.

Ráðið er hin formlega stjórn samtakanna og sitja tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild í því. Það kýs forseta samtakanna til þriggja ára í senn og ákveður fjárhags- og starfsáætlun hvers árs. Í forsetakjörinu hefur hver fulltrúi í ráðinu eitt atkvæði. Á síðasta fundi ráðsins í september sl. var Senegalinn Daouda Sow, forseti þingsins í Senegal, kosinn forseti Alþjóðaþingmannasambandsins. Tók hann við af Hans Stercken frá Vestur-Þýskalandi, formanni utanríkismálanefndar vestur-þýska þingsins.

Framkvæmdanefndin, skipuð 13 fulltrúum, hefur umsjón með daglegri starfsemi sambandsins og kemur fram fyrir hönd ráðsins milli funda þess. Í framkvæmdanefndinni situr nú einn norrænn þingmaður, Daninn Ivar Nörgaard.

Á þingum sambandsins starfa fjórar fastanefndir og eiga allar þjóðdeildir rétt á að sækja fundi þeirra. Að jafnaði koma aðeins tvær nefndir saman á hverju þingi til að fjalla um fyrirliggjandi umræðuefni þingsins og drög að ályktunum. Venjan er sú að kjörnar eru undirnefndir með fulltrúum 10–15 ríkja til þess að fjalla um ályktanadrög og freista þess að

Kveðið er á um það í starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins að sérhver þjóðdeild skuli gefa þingi sínu reglulega skýrslu um starfsemina og um starf sambandsins. Hyggst deildin reyna að koma á þeirri reglu að skýrsla um starfsemi hennar verði kynnt Alþingi árlega. Sömuleiðis hyggst deildin beita sér fyrir því á næstunni að henni verði settar sérstakar starfsreglur eins og einnig er kveðið á um í reglum sambandsins.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum til starfsemi sinnar. Rennur hún til greiðslu árgjalds til sambandsins, ferðakostnaðar fulltrúa á þingum þess og annars kostnaðar sem af þátttöku leiðir. Á árinu 1987 voru 1524 þúsund krónur veittar til deildarinnar en 1840 þúsund krónur á árinu 1988. Fjárveiting ársins 1987 var aðeins nýtt að hluta þar eð starfsemi deildarinnar lá niðri framan af árinu vegna alþingiskosninga og undirbúnings þeirra.

3. Samstarf við aðrar deildir innan sambandsins.

Þeir fulltrúar norrænu þinganna, sem þátt taka í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins, eiga með sér náið samstarf. Norrænir þingmenn halda reglulega fundi á þingum sambandsins, en einnig hafa fulltrúar norrænu þjóðdeildanna hist reglulega fyrir þingin til að bera saman bækur sínar og undirbúa sig undir þingstörfin.

Norrænu þjóðdeildirnar skiptast á um að stýra þessu samstarfi og sá danska deildin um það á liðnu starfsári en á komandi ári taka Norðmenn við. Íslandsdeildin sá síðast um þetta samstarf á árinu 1986.

Íslandsdeildin hefur einnig tekið þátt í samstarfi Vesturlanda innan Alþjóðaþingmannasambandsins, hins svokallaða Tólf plús hóps sem kenndur er við aðildarríkin tólf í Evrópubandalaginu. Þar koma saman fulltrúar flestra ríkja Vestur-Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Í þessum hópi ráða menn ráðum sínum um störfin innan sambandsins og þau mál sem á dagskrá eru. Sama gera aðrir ríkjahópar eins og t.d. Asíuríki, ríki Austur-Evrópu o.fl. Einnig hittast aðilar að alþjóðasamböndum stjórnmálaflokka með óformlegum hætti meðan á þingum sambandsins stendur.

Vesturlandahópurinn heldur venjulega samráðsfundi fyrir hvert þing ýmist á þingstaðnum eða í öðru ríki eftir hentugleikum hverju sinni. Fyrir þingið í Bangkok hittist hópurinn á fundarstað, en fyrir Gvatemala þingið var hist í Washington á leið til þingsins og sóttu formaður og ritari þann fund. Til undirbúnings þinginu í Sofíu hélt Tólf plús hópurinn vinnufund í Ósló en þangað fór enginn frá Íslandsdeildinni.

Á liðnu starfsári fór norska þjóðdeildin með formennsku í Tólf plús hópnum og var formaður hennar, Carl F. Lowzow, jafnframt formaður hópsins og talsmaður hans gagnvart öðrum ríkjahópum á þinginu. Spánverjar höfðu þetta verkefni áður með höndum en á næsta starfsári tekur portúgalska þjóðdeildin við formennskunni.

4. Ályktanir og störf síðustu þinga Alþjóðaþingmannasambandsins.

Skal nú vikið að málefnum þeim sem rædd hafa verið á undanförnum þremur þingum sambandsins. Meginregla er að umræðuefni á hverju þingi eru ákveðin í lok næsta þings á undan og skulu þau hverju sinni vera á verksviði tveggja af fjórum fastanefndum sambandsins. Geta allar þjóðdeildir gert tillögur um umræðuefni.

Til viðbótar aðalumræðuefnunum tveimur getur hvert þing tekið á dagskrá eitt viðbótarefni sem snertir sérstaklega atburði líðandi stundar eða talið er óvenjulega mikilvægt. Allar þjóðdeildir geta síðan lagt fram drög að ályktunum um dagskrárefnin eða sent frá sér svokölluð minnisblöð (memoranda) um málin annaðhvort í eigin nafni eða sameiginlega með fleirum.

Á hverju þingi eru því samþykktar tvær eða þrjár ályktanir, oftast í mjög löngu máli. Ekki eru tök á að birta ályktanir síðustu þinga í skýrslu þessari, en þær eru hins vegar

aðgengilegar þingmönnum hjá ritara Íslandsdeildarinnar. Þess í stað verður sagt frá hverri þeirra fyrir sig í stuttu máli og greint frá úrslitum í atkvæðagreiðslum þar sem þær hafa farið fram.

Þingið í Bangkok.

Á þingi sambandsins í Bangkok dagana 12.–17. október 1987 voru meginumræðuefnin annars vegar mannréttindamál og vandamál flóttamanna í tengslum við þau og hins vegar framkvæmd yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæði nýlendna og baráttan gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Viðbótarumræðuefnið snerist um hvernig binda mætti enda á stríðið milli Írans og Íraks og tryggja öruggar siglingar á Persaflóa á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 598 (1987).

Svo fór að um síðastnefnda efnið tókst að ná samstöðu milli Írana og Íraka. Var það mál manna að formaður pólítísku nefndarinnar, Spánverjinn Miguel A. Martinez, sem þá var einnig formaður í Tólf plús hópnum, hefði unnið mikið afrek með því að fá alla aðila til að fallast á texta ályktunarinnar. Telja ýmsir að þessi ályktun hafi verið mikilvægt framlag til þess að koma á vopnahléi milli aðila sem tókst nokkrum mánuðum síðar.

Ályktunin um mannréttindamál og vandamál flóttamanna var samþykkt án atkvæðagreiðslu, en deilur urðu um hina meginályktunina um sjálfstæði nýlendna og baráttuna gegn kynþáttaaðskilnaði. Þótti bæði Marokkóbúum og Indónesíumönnum að sér vegið með ályktuninni vegna tilvísana í ástandið í Vestur-Sahara og á austurhluta Tímor. Breytingartillögur þeirra voru þó felldar. Einnig olli orðalag varðandi Púertó Ríkó, Gvam og bandarísku og bresku Jómfrúreyjarnar miklum ágreiningi sem og afstaðan sem tekin var til tilkalls Argentínumanna til Falklandseyja auk fleiri atriða.

Þessi ályktun var á endanum samþykkt með 791 atkvæði gegn 122 en 207 greiddu ekki atkvæði. Íslandsdeildin var í hópi þeirra sem greiddu ekki atkvæði.

Í Bangkok var að venju lögð fram skýrsla fastrar milliþinganefndar sambandsins um málefni einstakra þingmanna víða um heim sem orðið hafa fyrir mannréttindabrotum, verið misþyrmt vegna pólitískra skoðana, fangelsaðir án dóms og laga eða horfið sporlaust. Var gerð ályktun um mál hvers og eins og því beint til viðkomandi ríkisstjórna að gera hreint fyrir sínum dyrum, upplýsa um afdrif þingmanna sem horfið hafa og tryggja öðrum full réttindi. Ríkin, sem hér áttu hlut að máli, eru Chile, Kólumbía, Indónesía, Sómalía, Svasíland, Tyrkland og Víetnam.

Þingið í Gvatemala.

Meginumræðuefni á þinginu í Gvatemalaborg 11.–16. apríl sl. voru annars vegar afvopnunarmál á grundvelli aukins trausts í samskiptum ríkja og hins vegar umhverfisvernd, hagþróun og varðveisla náttúruauðlinda og menningararfleifðar.

Viðbótarumræðuefnið var valið með tilliti til þess hvar þingið var haldið og fjallaði um horfur á friði, lýðræði og efnahagslegri og félagslegri framþróun í Mið-Ameríku. Fór fram atkvæðagreiðsla í ráðinu um hvort taka skyldi þetta efni á dagskrá eða málefni Palestínumanna á vesturbakka Jórdanar svo sem einnig var tillaga um. Greiddi Íslandsdeildin atkvæði með því að taka málefni Mið-Ameríku á dagskrá.

Góð samstaða tókst um ályktanir varðandi öll umræðuefnin á þinginu og voru þær samþykktar án atkvæðagreiðslu.

Að venju var fjallað um mannréttindabrot gegn einstökum þingmönnum og var að hluta um að ræða sömu aðila og fjallað var um á þinginu á undan og var ályktunum beint til ríkisstjórna Chile, Kólumbíu, Alþýðuríkisins Jemen (Suður-Jemen), Hondúras, Indónesíu, Sómalíu, Tyrklands og Víetnam.

Þingið í Sofíu.

Meginumræðuefnin á þinginu í Búlgaríu 16.–24. september sl. voru að venju tvö. Annars vegar hvernig efla mætti alþjóðlegt samstarf í mannúðarmálum og samræma löggjöf í einstökum löndum alþjóðlegum mannréttindaviðmiðunum. Hins vegar hvernig hrinda mætti í framkvæmd ályktunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæði nýlendusvæða, afnám nýlendustefnu og kynþáttaaðskilnaðar.

Fyrri ályktunin var samþykkt án atkvæðagreiðslu en hin síðari með 878 atkvæðum gegn fjórum, en 141 sat hjá. Öll atkvæði Íslandsdeildarinnar féllu með ályktuninni. Þessi ályktun var svipaðs efnis og ályktun Bangkok-fundarins, en farið var nokkru mildari höndum um ýmis þau atriði sem mestum deilum ollu á þeim fundi. Náðist því betri samstaða um ályktunina í þetta sinn.

Aukaályktun þessa fundar fjallaði um uppreisn almennings gegn hernámi Ísraelsmanna á arabískum landsvæðum. Í þessari ályktun er Ísraelsstjórn fordæmd mjög harkalega og Palestínumönnum veittur afdráttarlaus stuðningur.

Eins og vænta mátti var hart deilt um þetta mál bæði í þeirri nefnd er um það fjallaði sem á þinginu sjálfu. Atkvæði féllu þannig að ályktunin var samþykkt með 636 atkvæðum gegn 139 en 211 sátu hjá. Hinum níu atkvæðum Íslandsdeildarinnar var skipt þannig að fimm atkvæði Geirs H. Haarde féllu á móti tillögunni en Ólafur Þ. Þórðarson, sem fór með fjögur atkvæði, sat hjá.

Á þinginu var einnig samþykkt með afbrigðum sérstök aukaályktun þar sem fagnað var friðarviðræðum Írana og Íraka.

Loks voru samþykktar ályktanir um mál einstakra þingmanna og þeim beint til ríkisstjórna Chile, Kólumbíu, Gíneu-Bissá, Hondúras, Indónesíu, Malasíu, Sómalíu og Tyrklands.

5. Næstu fundir Alþjóðaþingmannasambandsins.

Regluleg þing sambandsins á árinu 1989 verða haldin í Búdapest í marsmánuði og London í september. Verður þá jafnframt minnst 100 ára afmælis samtakanna. Að auki er gert ráð fyrir ráðstefnu um ferðamál í Haag í apríl, fundi um þátttöku kvenna í stjórnmálum í Madrid í október og ráðstefnu í Harare í Simbabve einhvern tíma á árinu um baráttuna gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni. Þá hefur verið ráðgerður fundur í Búkarest með þingmönnum frá ríkjum þeim sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum, en óvíst er hvort af honum verður á árinu. Hafa vestræn ríki viljað fresta þessum fundi um óákveðinn tíma vegna ástandsins í Rúmeníu.

Ákveðið hefur verið að vorþing Alþjóðaþingmannasambandsins 1990 verði í Nikósíu á Kýpur og að þingið haustið 1992 verði í Madrid. Íslandsdeildin telur koma til álita að þing sambandsins verði haldið í Reykjavík einhvern tíma á næstu árum, en um það liggja þó engar ákvarðanir fyrir.

Alþingi, 24. nóvember 1988.

Geir H. Haarde.	Geir Gunnarsson.	Júlíus Sólnes.
Kristín Einarsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sighvatur Björgvinsson.

Ólafur Ólafsson, ritari.

Nd. 140. Frumvarp til laga [133. mál]

um búminjasafn.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Stofna skal búminjasafn er hafi aðsetur á Hvanneyri.

2. gr.

Hlutverk búminjasafns er að safna munum, minjum og hvers konar heimildum er snerta íslenskan landbúnað, varðveita og hafa til sýnis almenningi. Kosta skal kapps um að varðveita hæfilegt sýnishorn véla, tækja og verkfæra og hvers konar annarra búminja sem eru að hverfa eða hætt er að nota vegna breyttra þjóðhátta.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn safnsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðminjasafns, Búnaðarfélags Íslands, Bændaskólans á Hvanneyri og Bændaskólans á Hólum. Einn stjórnarmaður skal skipaður án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann safnsins eftir tillögu stjórnar þess til sex ára í senn.

Stjórn safnsins ræður safnverði og aðra starfsmenn eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Stjórn búminjasafns og forstöðumanni ber að hafa náið samráð við Þjóðminjasafnið um varðveislu minja og skipulag og starfshætti safnsins.

Þjóðminjasafni er heimilt að varðveita búminjar á búminjasafninu ef það telur varðveislu muna og minja nægilega trygga þar.

6. gr.

Forstöðumaður búminjasafns skal annast kennslu í búnaðarsögu og véla- og verkfærafræði við Bændaskólann á Hvanneyri.

7. gr.

Kostnaður við rekstur búminjasafns greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi búminjasafns.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1989.

Greinargerð.

Bændaskólinn á Hvanneyri verður 100 ára, 3. maí á næsta ári, nánar tiltekið á krossmessu. Skólinn hefur alla tíð haft mikil áhrif á þróun landbúnaðar á Íslandi og haft forustu um nýjungar í landbúnaði sem nemendur frá skólanum hafa fylgt eftir til framfara í sveitum landsins.

Skólinn hefur ávallt verið undir stjórn hæfustu manna sem af eldmóði hafa mótað uppbyggingu skólans. Hann hefur því hlotið viðurkenningu og virðingu landsmanna og á erlendum vettvangi. Þar er nú starfandi búvísindadeild og enn fremur bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stefnt er að því að starfsemi á rannsóknasviði landbúnaðar verði flutt að Hvanneyri í vaxandi mæli.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum frá Bændaskólanum er nú þegar vísir að verkfærasafni við skólann sem mikill áhugi er á og hefur raunar vakið almenna athygli á ýmsum landbúnaðarsýningum. Sökklar undir verkfærasafn eru til við hlið verkfærahúss Bændaskólans og bíða frekari framkvæmda.

Þegar þingmenn Vesturlands heimsóttu skólann á sl. hausti kom fram í umræðum um málefni skólans áhugi á því að tryggja betur möguleika á að koma upp búminjasafni á Hvanneyri sem rekið væri í tengslum við skólann, þar á meðal við kennslu.

Samkvæmt beiðni 1. þm. Vesturlands sendi skólinn greinargerð um sögu safnhugmynda og framkvæmda á því sviði á Hvanneyri frá fyrstu tíð. Þessi ítarlega greinargerð skólans fylgir hér með ásamt bréfi skólastjórans, dags. 11. nóv. sl.

Þingmenn Vesturlands hafa því ákveðið að flytja þetta frumvarp til laga um stofnun búminjasafns er hafi aðsetur á Hvanneyri. Málið er flutt í neðri deild en þingmenn Vesturlands í efri deild munu fylgja málinu áfram í þeirri deild.

Það væri ánægjulegt ef Alþingi afgreiddi þetta frumvarp sem lög á þessu þingi og þau tækju gildi á 100. afmælisári Bændaskólans á Hvanneyri.

Fylgiskjal I.

Bændaskólinn á Hvanneyri:

Hvanneyri, 11. nóvember 1988.

Hr. Alexander Stefánsson alþm.
Alþingi.

Efni: Greinargerð um búminjasafn — verkfærasafn, samkvæmt beiðni þinni.

Sendi hjálagt greinargerð um verkfærasafn sem dr. Bjarni Guðmundsson hefur tekið saman.

Eins og fram kemur hafa Bændaskólinn og nú á síðustu árum bútæknideild RALA haft í frammi ýmsa tilburði til að koma hér upp safni. Eins og fram kemur í greinargerð Bjarna er til grunnur með steyptum sökklum undir safnskála. Það væri vissulega ánægjulegt ef hægt væri að ýta þessu áfram. Þá er tvennt sem kemur upp í hugann:

1. Lög um búminjasafn á Hvanneyri.
2. Fjárveiting til að byggja skála yfir safnið.

Búminjasafn á Hvanneyri hefur mikla þýðingu vegna kennslu í véla- og verkfærafræði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og tengist starfsemi bútæknideildar RALA.

Ég vil lýsa ánægju minni með þá athygli og þann áhuga sem alþingismenn Vesturlandskjördæmis sýna málefnum Bændaskólans á Hvanneyri.

Virðingarfyllst,

Sveinn Hallgrímsson.

Fylgiskjal II.

Dr. Bjarni Guðmundsson:

Verkfærasafnið á Hvanneyri.

Inngangur.

Á Hvanneyri hefur um árabil verið til nokkurt safn gamalla tækja og búvéla. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma fótum undir safnið en enn hefur engin þeirra heppnast að fullu. Ekki þarf að hafa mörg orð um notagildi verkfærasafns. Sú bylting, sem orðið hefur í búnaðarháttum á liðnum áratugum, á sér fyrst og fremst rót í breyttri verktækni. Vélar, verkfæri og áhöld í ýmsum myndum hafa komið fram. Hvert af öðru hafa þau rutt hinum eldri úr vegi svo að áður en varði urði til „gömul" tæki. Mikla sögu má lesa úr þróun landbúnaðarverkfæranna á þessari öld. Heilleg verður atvinnusaga þjóðarinnar ekki án hennar. Sú saga er enn aðeins að litlu leyti skráð.

Víða hefur bútæknisöfnum verið komið upp erlendis og virðist vaxandi áhugi vera á bútæknisögunni eins og öðru því er snertir rætur nútímans.

Hér á eftir verður fjallað um fáeina þætti er varða málefni verkfærasafnsins á Hvanneyri, m.a. í tilefni af því að á liðnum vetri hrundu nokkrir áhugamenn þar málinu lengra fram en áður hafði gerst í einum áfanga.

Forsagan.

Í byrjun þessarar aldar fóru að berast til landsins verkfæri til landbúnaðar. Ekki síst var það á bændaskólunum sem verkfærin voru reynd. Skólastjórar og kennarar höfðu þar forgöngu, oft vegna tengsla sinna við nágrannalöndin og dvalar þar. Frá skólunum barst tæknin síðan út um sveitirnar. Þá má ekki gleyma því að allmikið var um innlenda verkfærasmíð á tímabili, einkum jarðyrkjuverkfæri. Þar fór Torfi í Ólafsdal fremstur. Með merku riti Árna G. Eylands um búvélar og ræktun[1] var saga bútækni á Íslandi fram undir 1950 skráð í mikilvægum atriðum.

Í gegnum árin hafa ýmis verkfæri „orðið til" á Hvanneyri, verkfæri sem á sínum tíma hafa komið þangað til fyrstu reynslu. Flest hinna eldri eru frá tíma Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra (1907–1936), en Halldór var mikill áhugamaður um verktækni og hvers kyns nýjungar á því sviði.[2] Raunar voru forverar hans, þeir Sveinn Sveinsson og Hjörtur Snorrason, einnig forgöngumenn á sviði heyskapartækni. Á skólastjóraárum sínum öndverðum (um 1896) reyndi Hjörtur til dæmis fyrstu heyvinnuvélarnar sem til landsins komu, sláttuvél og rakstrarvél.[1] Þær eru nú löngu glataðar en verkfæri eru til frá tíð Halldórs, svo og frá Ólafsdal eins og nánar verður vikið að.

Lagasetning 1940 — verkfærasafn.

Árið 1940 tóku gildi ný lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins (lög nr. 64 1940). Tuttugasta grein laganna var þannig:

„Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við Bændaskólann á Hvanneyri undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverslanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri sem ekki fást á annan hátt."

Í greinargerð með frumvarpinu sagði svo um þessa grein:

„Breytingar á þeim vélum og áhöldum sem bændur þurfa að nota í starfi sínu eru á síðari tímum nokkuð örar og margvíslegar. Nýjar hugmyndir koma oft fram á því sviði, ný verkfæri eru flutt inn og smíðuð innan lands o.s.frv. Að fylgjast með öllu þessu er fróðlegt og nauðsynlegt, einkum fyrir alla þá sem leiðbeiningastörf hafa með höndum. Er því mjög æskilegt að koma upp verkfærasafni þar sem unnt er að fylgjast með öllum nýjungum og breytingum í verkfæragerð. Telur nefndin (er frumvarpið samdi) heppilegt að slíkt safn sé á þeim bændaskólanum sem er nær höfuðstaðnum. Líklegt telur nefndin að unnt sé að fá sýnishorn í safnið frá ýmsum þeim verksmiðjum og verslunum sem smíða eða selja verkfæri og má ætlast til þess að verkfæranefnd geri sitt til að svo verði, en annars þarf nokkra fjárupphæð til þess að kaupa í safnið þau áhöld sem ekki fást á annan hátt.“[3]

Með þessari ákvörðun Alþingis var verkfærasafnið á Hvanneyri lögfest sem nýmæli í byrjun hinnar raunverulegu vélaaldar til sveita, fyrst og fremst að því er skilið verður *til þess að kynna nýjustu landbúnaðarverkfæri á hverjum tíma*. Eðlilegur hluti safnsins hlaut hins vegar með tímanum að verða nokkurt safn eldri verkfæra. Safnið var tengt starfi verkfæranefndar er reyna skyldi „ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum ...“ með verkfæratilraunum við „ ... búnaðarskólann á Hvanneyri nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annars staðar ...“ eins og í lögunum sagði.

Ekki er nákvæmlega vitað í hvaða mæli verkfæranefnd sinnti verkfærasafninu. Hins vegar komst safnið inn á fjárlög ársins 1942 með 1000 kr. framlagi úr ríkissjóði. Hélst það óbreytt allt til fjárlagaársins 1957 að upphæðin var hækkuð í 2000 kr. Stóð svo til og með fjárlagaárinu 1967. Eftir það var ekki um sérgreinda upphæð til safnsins að ræða. Öll þessi ár var framlagið reiknað Hvanneyrarskóla í samræmi við ákvæði laganna frá 1940. Með nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins), voru hins vegar engin ákvæði um verkfærasafn, þar með var það horfið úr tölu lögbundinna stofnana.

Ríkisframlagið árin 1942–1967 dró verkfærasafnið á Hvanneyri ekki langt og ekki er fullljóst hvernig framlaginu var ráðstafað. Víst er þó að ekki komst safnið á legg sem formleg og áþreifanleg stofnun við skólann með þeim hætti er áðurnefnd lög sögðu fyrir um. Guðmundur Jónsson skólastjóri var þó áhugasamur um málið og viðaði að sér nokkrum merkum verkfærum og áhöldum. Mörg þau verkfæri er skólinn eignaðist og nemendur kynntust og lærðu að handleika, varðveittust og urðu með öðru, er frá leið, vísir að verkfærasafni á skólastaðnum.

Úttekt á Hvanneyri 1972.

Vegna skólastjóraskipta á Hvanneyri 1. september 1972 fól landbúnaðarráðuneytið þeim Jóni Guðmundssyni, bónda á Hvítárbakka, og Bjarna Arasyni, héraðsráðunaut í Borgarnesi, að gera úttekt á eignum skólans. Fór hún fram þá um haustið. Í ítarlegri úttektarskýrslu þeirra félaga segir svo um verkfærasafnið:

„Á Hvanneyri er til mikið safn gamalla landbúnaðartækja. Hér er um að ræða vélar og áhöld sem eru orðin úreld og hafa fallið úr notkun vegna þess, svo sem ýmiss konar jarðvinnslu- og heyvinnutæki er hestum var beitt fyrir, svo og margs konar handverkfæri. Þá eru í þessu safni gamlar dráttarvélar og tæki við þær. Ekki verður dregið í efa að hér er saman komið stærsta safn sinnar tegundar á landinu og að þetta safn hefur mikið sögulegt gildi.

Safn þetta er að nokkru geymt í verkfærahúsinu (gamla) og að nokkru í skemmunni, en sum tækin standa úti undir beru lofti. Aðstaða til geymslu þessara gripa er engan veginn eins og þyrfti að vera þar sem þeir eru ekki varðir gegn skemmdum sem skyldi og engin aðstaða er til að skoða þá.

Mikil þörf er á að bæta hér um og sýna þessu einstæða safni þann sóma að koma því í húsnæði þar sem varðveisla þess væri tryggð og aðstaða væri fyrir hendi til að skoða gripina. Þá þyrfti jafnframt að skrá safnið á viðeigandi hátt en úttektarmenn töldu sig ekki hafa aðstöðu til þess við þær kringumstæður sem voru fyrir hendi."

Skömmu síðar lét Bændaskólinn gera skrá yfir vélar og tæki í safninu. Var hún byggð á spjaldskrá sem Guðmundur Jónsson skólastjóri hafði tekið saman. Skráðir safnmunir árið 1973–1974 reyndust vera 47 að tölu.

Þáttur vélasjóðs.

Með endurskoðuðum jarðræktarlögum, sem lögfest voru 1972, voru felld niður ákvæði laganna um vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélasjóður hafði þá um árabil annast rekstur á skurðgröfum auk annarra verkefna. Með breyttum tímum varð hans ekki lengur þörf. Vélasjóður átti verðmætar eignir. Skyldi andvirði helmings þeirra lagt í sérstakan sjóð er Búnaðarfélag Íslands varðveitti. Skyldi sjóðnum varið til þess að „styrkja tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum búnaðarþings ... „ eins og í lögunum segir.

Að frumkvæði Haralds Árnasonar vatnsvirkjaráðunautar, þá framkvæmdastjóra vélasjóðs, fékkst heimild landbúnaðarráðherra til þess að verja nokkru af eignum vélasjóðs til þess að kaupa gamlar búvélar og verkfæri og safna þeim saman. Til verksins réðst Karl Auðunsson sem þá var elsti starfsmaður vélasjóðs. Vélasjóður átti verkstæðisbragga í Garðaflóa við Akranes. Braggann keypti Karl og þangað safnaði hann hinum gömlu tækjum og bjó þau til varðveislu.[4)]

Árangurinn af starfi Karls Auðunssonar mátti svo fyrst sjá á þróunarsýningu atvinnuveganna í Laugardalshöll síðsumars þjóðhátíðarárið 1974, en þar voru m.a. sýnd gömul verkfæri sem hann hafði safnað og lagfært. Á sýninguna fóru einnig nokkrar gamlar búvélar frá Hvanneyri. Að sýningu lokinni voru verkfærin síðan flutt að Hvanneyri en þar var þá ekkert geymsluhús til, frekar en áður, er hæfði þessum verðmætum. En með þessu átaki vélasjóðs og þróunarsýningunni 1974 hafði verkfærasafnið vakið athygli margra.

Tilraun til átaks 1976.

Heimamönnum á Hvanneyri rann til rifja umkomuleysi verkfærasafnsins, sérstaklega eftir það framtak vélasjóðs sem að framan var rakið. Veturinn 1976 lögðu því nokkrir starfsmenn Bændaskólans og bútæknideildar RALA á Hvanneyri erindi fyrir búnaðarþing varðandi verkfærasafnið. Búnaðarþing tók vel í erindið og afgreiddi það með svofelldi ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um það við landbúnaðarráðuneytið að kannaðar verði leiðir til að efla og reka það safn landbúnaðartækja sem til var komið með lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Jafnframt felur þingið stjórninni að gangast fyrir söfnun frjálsra fjárframlaga til þess að unnt verði að reisa geymsluskála fyrir safnið á Hvanneyri þegar á þessu ári."

Greinargerðin með ályktuninni sýnir nánar hvað þingið hafði í huga um hlutverk safnsins og hvernig vinna mætti að málinu:

„Vegna þess að þau lagaákvæði, er lutu að stofnun og rekstri bútækjasafns á Hvanneyri, eru ekki lengur í gildi, virðist óhjákvæmilegt að koma í lög að nýju ákvæðum er tryggi hinn upphaflega tilgang. Í fljótu bragði skoðað virðist sú leið eðlilegust að setja sérstaka grein í lög um búnaðarfræðslu þar sem safnið væri tengt búnaðarskólanum á Hvanneyri sem kennslustofnun öðrum þræði. Yrðu þá safninu að sjálfsögðu settar sérstakar reglur sem kvæðu á um aðild búnaðarskólanna og Þjóðminjasafnsins að stjórn þess og

rekstri. Aðrar leiðir geta e.t.v. komið til greina er geri rekstur safnsins mögulegan þótt þær að því er virðist hljóti að vera erfiðari og óeðlilegri.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að tryggja stöðu safnsins í lögum og óvíst hvenær opinber fjárframlög til uppbyggingar þess liggja á lausu. Á hinn bóginn þolir málið ekki langa bið þar eð tæki þau og vélar sem safnað hefur verið liggja nú undir skemmdum. Nauðsynlegt er því að hefjast þegar handa um byggingu geymsluhúss fyrir munina á Hvanneyri en bíða ekki eftir því að framtíðarskipan safnsins sé ráðin. Þar sem slíkt húsnæði á ekki að þurfa að verða mjög dýrt má telja líklegt að unnt sé að ná saman með frjálsum framlögum því fé sem til þarf. Eru búnaðarsamtök, svo og innflytjendur landbúnaðartækja, líklegir aðilar til að vilja leggja þessu menningarmáli lið með fjárframlögum, en fleiri koma vafalaust til greina."

Með ályktuninni lagði búnaðarþing fyrst og fremst áherslu á hið sögu- og menningarlega hlutverk safnsins, svo sem eðlilegt var í ljósi breyttra tíma og aðstæðna. Jafnframt benti þingið á að rétt væri að fleiri aðilar en ríki stæðu undir framtakinu, þar á meðal búnaðarsamtökin.

Enn önnur tilraun 1979.

Fátt gerðist í málefnum safnsins eftir ályktun búnaðarþings 1976. Lengst af var þó munað eftir verkfærasafninu í fjárbeiðnum skólans til fjárveitingavaldsins. Liðu svo nokkur ár. Þeir Jónas Jónsson, þá ritstjóri tímaritsins Freys, og Haraldur Árnason vatnsvirkjaráðunautur lögðu mál verkfærasafnsins fyrir búnaðarþing 1979 sem afgreiddi það með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að leita eftir samvinnu við Stéttarsamband bænda um að hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvélasafns á Hvanneyri.

Miðað verði við að safnið komist á fót á 90 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Í greinargerð var vísað til afgreiðslu búnaðarþings á málinu veturinn 1976, en þar segir:

„Þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum þykir sjálfsagt að freista þess á nýjan leik að kannað verði til þrautar hvort ekki sé unnt að stofna búvélasafn á Hvanneyri og tengja stofnun þess merku afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Stjórn Búnaðarfélagsins ákvað á fundi sínum 12. mars 1979 að senda ályktun þessa „... til Stéttarsambands bænda og skólastjórans á Hvanneyri og mælast til þess að þeir tilnefni sinn manninn hvor til þess að ræða um frekari framkvæmdir í málinu við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, Harald Árnason".

Stéttarsamband bænda tók málið upp á stjórnarfundi 22. mars sem tilmæli um að sambandið tilnefndi einn mann í nefnd „ ... sem skal hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvéla- og verkfærasafns á Hvanneyri". Magnús Sigurðsson á Gilsbakka var tilnefndur en til vara Jón Kr. Magnússon á Melaleiti.

Um svipað leyti var Bjarni Guðmundsson tilnefndur í nefndina fyrir Bændaskólann á Hvanneyri. Var nefndin þá fullskipuð.

Hafist handa.

Nefndin, undir forsæti Haralds Árnasonar, hélt fyrsta fund sinn á Hvanneyri 11. apríl 1979. Þar var m.a. ákveðið að skrifa fjárbeiðnibréf til búvélainnflytjenda, búnaðarsambandanna og Stéttarsambands bænda.

Fyrstu svörin komu frá Stéttarsambandi bænda sem á aukafundi sínum á Hótel Sögu 25.–26. apríl um vorið samþykkti „ ... *að taka þátt í að koma upp húsi yfir véla- og verkfærasafn á Hvanneyri með framlagi að upphæð 1,5 millj. kr*".

Fram kom hjá framsögumanni, Grími B. Jónssyni í Ærlækjarseli, og fleiri fundarmönnum að með fjárframlaginu væri jafnframt verið að minnast 90 ára afmælis Bændaskól-

ans á Hvanneyri. Skömmu síðar var tilkynnt um 500.000 kr. framlag til húsbyggingarinnar frá Kaupfélagi Borgfirðinga. Í báðum þessum samtökum naut málið Magnúsar á Gilsbakka.

Nefndin lét í samvinnu við heimamenn á Hvanneyri kanna helstu kosti varðandi húsgerð og skipulag. Var staðnæmst við tvo þeirra: að byggja sérstaka skemmu og að byggja við verkfærahúsið nýja. Með hliðsjón af skipulagi á staðnum, samtengingu verkfærasafns og húsnæðis til bútæknikennslu skólans, svo og framkvæmdakostnaði, var sú ákvörðun tekin af báðum aðilum í október 1979 að byggja við verkfærahúsið svo að þar skapaðist rými fyrir verkfærasafn. Áætlað var að sú viðbót mundi kosta um 29 millj. gamalla kr., en sérstök skemma, 320 fermetrar að stærð, var hins vegar talin kosta um 34 millj. gkr.

Jafnframt var gengið út frá því að skólinn ræki safnið áfram en viðbætur, safnauki og viðgerðir verkfæra yrðu kostaðar af sérstökum fjárveitingum.

Seinni hluta sumars 1980 var hafist handa og þá um haustið var lokið við sökkla að viðbyggingunni. Nam byggingarkostnaðurinn alls 7.623.350 gkr.

Framlög bárust frá ýmsum aðilum, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

1979:	Stéttarsambandi bænda	1.500.000 gkr.
	Kaupfélagi Borgfirðinga	500.000 gkr.
	Búnaðarsambandi Kjalarnessþings	50.000 gkr.
	Búnaðarsambandi Snæfellinga	50.000 gkr.
	Búnaðarsambandi Strandamanna	50.000 gkr.
	Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga	50.000 gkr.
	Búnaðarsambandi Austurlands	100.000 gkr.
1980:	Búnaðarsambandi Borgarfjarðar	250.000 gkr.
	Þjóðhátíðarsjóði	2.000.000 gkr.
		(Í nýjum kr.)
1981:	Búnaðarsambandi Vestfjarða	3.500 kr.
	Búnaðarsambandi Suðurlands	3.000 kr.

Framlög þessi nægðu fyrir framkvæmdunum haustið 1980. Góð orð um framlög höfðu raunar fengist frá fleiri aðilum, m.a. fyrir áhuga og lempni Haralds Árnasonar. Nauðsynlegt var talið að næsti áfangi framkvæmda yrði sá að reisa veggi viðbyggingarinnar og koma um leið einu þaki yfir allt húsið. Bundu menn vonir við að fá framlag frá ríki til þess verks og reiknað var með framkvæmdinni í fjárlagatillögum skólans. Oftar en einu sinni var sótt um frekara framlag úr Þjóðhátíðarsjóði, hvorugt bar árangur. Í fáum orðum sagt verkið lá þar með niðri og hefur svo staðið allt til þessa: *sökklar húss verkfærasafnsins austan við verkfærahús Bændaskólans bíða frekari framkvæmda.*

Safnið verður til.

Vorið 1987 var hafist handa um lagfæringar á nokkrum vélum safnsins í tilefni af landbúnaðarsýningunni BÚ '87, en þar átti að koma upp sérstakri sögudeild. Þangað fóru vélar og verkfæri úr safninu. Um haustið var ákveðið að verja enn frekari tíma til lagfæringa á safngripum. Forgöngu um það hafði Grétar Einarsson deildarstjóri með öðrum starfsmönnum bútæknideildar, þeim Sigurði Axel Benediktssyni og Haraldi Benediktssyni sem önnuðust verkið. Gamlar eldri dráttarvélar voru gerðar upp í frumgerð sína, sumar jafnvel gerðar gangfærar, auk þess sem fáein verkfæri voru pússuð upp.

Í verkfærahúsi Bændaskólans var útbúið horn á tveimur hæðum til þess að stilla gripum þessum upp þannig að gestir og gangandi gætu virt þá fyrir sér. Þessi vísir að eiginlegu safni var tilbúinn í maímánuði 1988. Var þá hægt að segja *að komið væri upp verkfærasafn á Hvanneyri.*

Sumarið 1988 vakti safnhornið á Hvanneyri verulega athygli hinna mörgu gesta er þangað komu. Ýmsir hinna eldri hittu þar fyrir gamla kunningja og yngri kynslóðinni þótti forvitnilegt og spennandi að sjá hin fornu tól, ekki síst dráttarvélarnar.

Reynsla hins fyrsta sumars safnsins sýnir ótvírætt hver þörf er á að verkfærasafn sé til og það sé opið almenningi á aðgengilegum stað. Segja má að aðeins eitt verkfæri úr safninu hafi áður verið til sýnis að jafnaði á skólastaðnum. Það var tveggja hesta plógur, smíðaður í Ólafsdal um aldamótin. Plógurinn var gerður upp árið 1986 í umsjá Hilmars Hálfdánarsonar og Trausta Eyjólfssonar, kennara á Hvanneyri. Plógurinn stendur nú í aðalanddyri skólahúss Bændaskólans. Að vísu hefur þúfnabaninn margfrægi einnig verið í alfaraleið staðargesta, skólanum til hóflegs vegsauka.

Kynning — söfnun.

Svo sem þegar er getið hafa vélar og verkfæri úr safninu á Hvanneyri verið lánuð á ýmsar sýningar. Þegar er nefnd þróunarsýningin í Laugardalshöll 1974, en árið 1968 munu fáein gömul verkfæri frá Hvanneyri hafa verið til sýnis á landbúnaðarsýningunni í Reykjavík. Nokkur verkfæri voru og sýnd á landbúnaðarsýningunni á Selfossi 1978.

Fjáröflunarnefndin frá 1979 birti grein um safnið í tímaritinu Frey og nauðsyn þess að halda til haga gömlum verkfærum.[5)] Nokkur viðbrögð urðu og ábendingar komu um verkfæri en ekki var unnt að taka við þeim sakir húsnæðisleysis. Sum þessara verkfæra fást á safnið þegar úr rætist með húsnæði þess. Vorið 1988 var birt grein um safnið í blaði Hvanneyringa, Hve-nær, en blaði þessu var m.a. dreift á öll býli í landinu.[6)] Þá fékk safnið ágæta umfjöllun í útvarpi vorið 1988. Allt hefur þetta ýtt undir áhuga manna á safninu. Áþreifanlegt dæmi um þann áhuga er m.a. myndarleg peningagjöf 25 ára búfræðinga frá Hvanneyri til safnsins á liðnu sumri. Vonandi verður léttara að vinna málinu framgang á næstu árum en verið hefur.

Þótt hér hafi einkum verið fjallað um vélar og verkfæri sem safngripi má geta þess að nokkuð hefur verið gert af því á Hvanneyri að halda til haga myndum, veggspjöldum, bæklingum og öðrum gögnum um búvélar frá ýmsum tímum. Þar átti Ólafur Guðmundsson mikinn hlut að máli er hann starfaði sem framkvæmdastjóri verkfæranefndar ríkisins og síðar deildarstjóri bútæknideildar RALA. Allt er þetta safn óskráð enn auk þess sem mikið verk er óunnið við að taka saman frekari gögn er snerta þróun verkfæra og verktækni í íslenskum landbúnaði.

Nokkrar heimildir:

1. Árni G. Eylands, 1950. *Búvélar og ræktun.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 475 bls.
2. Guðmundur Jónsson, 1939. *Hvanneyrarskólinn fimmtíu ára,* 251 bls.
3. *Stjórnartíðindi,* 1939. A-deild, bls. 141.
4. Haraldur Árnason, 1973. Verkfæraráðunauturinn. *Búnaðarrit,* 87. árg., bls. 121.
5. Bjarni Guðmundsson, 1979. Hyggið að gömlu vélunum! Ábending um eflingu væntanlegs búvélasafns. *Freyr,* 75(14), 456–458.
6. Haraldur Benediktsson og Sigurður Axel Benediktsson, 1988. Búvélasafn á Hvanneyri. *Hve-nær,* 4. árg., bls. 26–27.

Nd. 141. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á bráðabirgðaákvæðum laganna:

a. Í stað orðanna „30. júní 1989“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I kemur: 31. desember 1989.
b. Í stað orðanna „30. apríl 1989“ í ákvæði til bráðabirgða II kemur: 31. október 1989.
c. Í stað ártalsins „1989“ í ákvæði til bráðabirgða III kemur: 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hefur verið ákveðið að fresta gildistöku virðisaukaskatts um hálft ár eða til 1. janúar 1990. Ástæður að baki tillögu þessari um frestun gildistökunnar eru einkum tvær. Annars vegar er ljóst að lengri tíma þarf til undirbúnings að kerfisbreytingunni en gert var ráð fyrir í upphafi. Hins vegar þykir fjárhagsstaða ríkissjóðs ekki leyfa að skattkerfisbreytingin nái fram að ganga hinn 1. júlí 1989 eins og að var stefnt. Þá má nefna að það er að ýmsu leyti óheppilegt að breytingin eigi sér stað á miðju ári. Má í því sambandi benda á að breytingin krefst aukauppgjörs hjá öllum skattskyldum aðilum. Að auki er ljóst að á fyrri hluta næsta árs mun starfslið á skattstofum verða upptekið við undirbúning fyrstu álagningarinnar og uppgjör samkvæmt hinu nýja staðgreiðslukerfi. Vafasamt er að ætla að skattkerfið ráði við bæði þessi verkefni í einu sem eru mjög viðamikil og flókin hvort um sig.

Nd. 142. Frumvarp til laga [135. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1989 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1988 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1988.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1989 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1988. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1989 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 2,2% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1988 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1989. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 88/1987. Í

endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1988 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 235 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari og jafnframt að skatthlutfall hækki úr 1,1% í 2,2%. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða lögum nr. 88/1987 verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1989 að öðru leyti en því að skatthlutfall verði 2,2% í stað 1,1% áður. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 410 millj. kr., en innheimta 425 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Sþ. 143. Fyrirspurn [136. mál]

til iðnaðarráðherra um viðhorf ríkisstjórnarinnar til skipasmíðaiðnaðarins.

Frá Halldóri Blöndal.

Telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að bæta rekstrarstöðu skipasmíðaiðnaðarins og treysta samkeppnisgrundvöll hans?

Sþ. 144. Fyrirspurn [137. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar og vinnslu.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hversu mörg rækjuvinnsluleyfi hafa verið veitt frá 1. janúar 1984 og hversu mikil er afkastageta þeirra rækjuvinnslustöðva?
2. Hafði ráðherra hliðsjón af lögunum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, þegar rækjuvinnsluleyfi voru veitt?
3. Hversu mikil var úthafsrækjuveiðin frá 1. janúar 1984 til þessa dags, ár hvert, og hver var leyfilegur kvóti sjávarútvegsráðuneytisins?

Sþ. 145. Fyrirspurn [138. mál]

til sjávarútvegsráðherra um takmörkun rækjuveiða á næsta ári.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvernig verður brugðist við fyrirsjáanlegum samdrætti í úthafsrækjuveiðum á næsta ári varðandi veiðikvóta og rækjuvinnsluleyfi?

Sþ. 146. Fyrirspurn [139. mál]

til forsætisráðherra um þjóðargjaldþrot.

Frá Halldóri Blöndal.

Telur forsætisráðherra að þjóðargjaldþrot blasi við að óbreyttri stjórnarstefnu?

Sþ. 147. Fyrirspurn [140. mál]

til samgönguráðherra um opinbera ferðamálastefnu.

Frá Unni Stefánsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var á síðasta Alþingi um mótun opinberrar ferðamálastefnu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 148. Fyrirspurn [141. mál]

til menntamálaráðherra um framtíðarhlutverk héraðsskólanna.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni.

1. Er ætlun ráðherra að hafa forgöngu um að móta stefnu um framtíðarhlutverk héraðsskólanna?
2. Ef svo er, hvenær er þá að vænta tillagna um þessi efni, sbr. þingsályktunartillögu á síðasta löggjafarþingi (199. mál) sem samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar 7. maí sl.?

Nd. 149. Frumvarp til laga [142. mál]

um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1981 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	32.361	51.167
01	Forsætisráðuneyti	44.024	50.222
02	Menntamálaráðuneyti	792.673	945.168
03	Utanríkisráðuneyti	56.850	69.967
04	Landbúnaðarráðuneyti	235.954	278.755
05	Sjávarútvegsráðuneyti	85.020	94.845
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	228.433	346.174
07	Félagsmálaráðuneyti	173.363	178.039
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.820.090	2.386.107
09	Fjármálaráðuneyti	584.737	240.706
10	Samgönguráðuneyti	549.013	621.668
11	Iðnaðarráðuneyti	242.981	275.668
12	Viðskiptaráðuneyti	407.305	426.188
13	Hagstofa Íslands	3.930	4.615
14	Ríkisendurskoðun	4.950	5.735
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	195.791	154.271
	Samtals	5.457.475	6.129.295

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	5.406.015	6.186.237
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	8.120	16.993
13	Ýmsar tekjur	100.645	100.926
	Mismunur	÷57.305	÷174.861
	Samtals	5.457.475	6.129.295

2. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1982 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	51.067	85.295
01	Forsætisráðuneyti	64.209	72.416
02	Menntamálaráðuneyti	1.179.097	1.538.876
03	Utanríkisráðuneyti	78.557	123.422
04	Landbúnaðarráðuneyti	348.003	394.032
05	Sjávarútvegsráðuneyti	122.452	139.953
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	328.911	573.155
07	Félagsmálaráðuneyti	252.696	246.508
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.895.276	3.503.377
09	Fjármálaráðuneyti	710.037	423.873
10	Samgönguráðuneyti	828.697	957.985
11	Iðnaðarráðuneyti	260.177	341.626
12	Viðskiptaráðuneyti	506.729	849.076
13	Hagstofa Íslands	5.795	6.920
14	Ríkisendurskoðun	7.049	9.014
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	270.518	213.332
	Samtals	7.909.270	9.478.860

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	7.842.417	10.029.838
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	12.004	39.796
13	Ýmsar tekjur	112.845	258.726
	Mismunur	÷57.996	÷849.500
	Samtals	7.909.270	9.478.860

3. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1983 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	73.261	140.260
01	Forsætisráðuneyti	86.925	99.088
02	Menntamálaráðuneyti	1.866.541	2.659.074
03	Utanríkisráðuneyti	130.928	242.965
04	Landbúnaðarráðuneyti	573.500	666.910
05	Sjávarútvegsráðuneyti	169.039	222.617
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	517.597	972.718
07	Félagsmálaráðuneyti	492.747	623.123
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.946.564	6.310.069
09	Fjármálaráðuneyti	1.162.585	640.138
10	Samgönguráðuneyti	1.212.141	1.627.671
11	Iðnaðarráðuneyti	460.838	1.527.193
12	Viðskiptaráðuneyti	884.645	1.159.698
13	Hagstofa Íslands	9.102	11.278
14	Ríkisendurskoðun	10.755	14.467
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	375.790	799.522
	Samtals	12.972.958	17.716.791

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	12.778.580	15.481.950
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	24.040	82.097
13	Ýmsar tekjur	204.695	718.253
	Mismunur	÷34.357	+1.434.491
	Samtals	12.972.958	17.716.791

4. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1984 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	127.672	176.456
01	Forsætisráðuneyti	117.887	117.293
02	Menntamálaráðuneyti	2.885.735	3.181.396
03	Utanríkisráðuneyti	228.774	298.871
04	Landbúnaðarráðuneyti	697.220	917.394
05	Sjávarútvegsráðuneyti	222.668	349.620
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	800.885	1.079.566
07	Félagsmálaráðuneyti	703.329	718.016
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	6.760.050	7.804.573
09	Fjármálaráðuneyti	762.415	796.668
10	Samgönguráðuneyti	1.983.655	2.164.948
11	Iðnaðarráðuneyti	1.068.843	1.129.128
12	Viðskiptaráðuneyti	1.034.756	883.017
13	Hagstofa Íslands	14.005	15.176
14	Ríkisendurskoðun	17.272	16.699
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	858.300	824.768
	Samtals	18.283.466	20.473.589

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	17.440.682	20.975.891
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	75.400	122.134
13	Ýmsar tekjur	378.695	989.921
	Mismunur	+388.689	÷1.614.357
	Samtals	18.283.466	20.473.589

5. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1985 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	176.992	258.660
01	Forsætisráðuneyti	124.450	134.542
02	Menntamálaráðuneyti	3.965.178	4.981.895
03	Utanríkisráðuneyti	295.914	352.861
04	Landbúnaðarráðuneyti	958.516	1.472.473
05	Sjávarútvegsráðuneyti	713.622	922.840
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.300.485	1.674.543
07	Félagsmálaráðuneyti	1.336.002	1.817.217
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10.096.962	11.289.484
09	Fjármálaráðuneyti	1.242.862	1.196.813
10	Samgönguráðuneyti	2.381.195	2.545.607
11	Iðnaðarráðuneyti	1.161.542	1.234.975
12	Viðskiptaráðuneyti	785.908	1.063.370
13	Hagstofa Íslands	18.188	24.471
14	Ríkisendurskoðun	24.622	26.061
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1.496.365	1.621.365
	Samtals	26.078.803	30.617.177

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	24.550.942	27.343.683
12	Fjármunatekjur	747.900	1.299.903
13	Aðrar tekjur	37.100	102.825
	Mismunur	+742.861	+1.870.766
	Samtals	26.078.803	30.617.177

6. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1986 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	269.878	312.080
01	Forsætisráðuneyti	144.659	182.772
02	Menntamálaráðuneyti	5.656.585	6.576.975
03	Utanríkisráðuneyti	411.227	496.466
04	Landbúnaðarráðuneyti	1.359.795	1.763.490
05	Sjávarútvegsráðuneyti	987.673	1.053.230
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.719.865	2.069.413
07	Félagsmálaráðuneyti	2.287.279	2.380.568
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	14.102.671	15.131.203
09	Fjármálaráðuneyti	1.485.508	1.581.137
10	Samgönguráðuneyti	3.045.903	3.021.827
11	Iðnaðarráðuneyti	1.387.407	6.360.932
12	Viðskiptaráðuneyti	922.158	1.412.796
13	Hagstofa Íslands	37.501	39.800
14	Ríkisendurskoðun	33.445	34.626
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3.839.809	3.957.117
	Samtals	37.691.363	46.374.432

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	34.670.297	36.713.300
12	Fjármunatekjur	3.141.100	3.207.525
13	Aðrar tekjur	42.600	256.038
	Mismunur	÷162.634	+6.197.569
	Samtals	37.691.363	46.374.432

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningum fyrir árin 1981–1986. Ríkisreikningurinn fyrir 1981 var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta sameinaðs þings í febrúar 1986, en reikningurinn fyrir 1982 á sama hátt með bréfi í febrúar 1987. Ríkisreikningar fyrir árin 1983–1985, með athugasemdum og tillögum yfirskoðunarmanna og svörum fjármálaráðherra, svo og ríkisreikningur fyrir árið 1986 með skýrslu yfirskoðunarmanna um endurskoðun hans, verða lagðir fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 150. Frumvarp til fjáraukalaga [143. mál]

fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1981 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	18.806
01	Forsætisráðuneyti	6.198
02	Menntamálaráðuneyti	152.495
03	Utanríkisráðuneyti	13.117
04	Landbúnaðarráðuneyti	42.801
05	Sjávarútvegsráðuneyti	9.825
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	117.741
07	Félagsmálaráðuneyti	4.676
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	566.017
10	Samgönguráðuneyti	72.655
11	Iðnaðarráðuneyti	32.687
12	Viðskiptaráðuneyti	18.883
13	Hagstofa Íslands	685
14	Ríkisendurskoðun	785
	Samtals	1.057.371

2. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1982 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	34.228
01	Forsætisráðuneyti	8.207
02	Menntamálaráðuneyti	359.779
03	Utanríkisráðuneyti	44.865
04	Landbúnaðarráðuneyti	46.029
05	Sjávarútvegsráðuneyti	17.501
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	244.244
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	608.101
10	Samgönguráðuneyti	129.288
11	Iðnaðarráðuneyti	81.449
12	Viðskiptaráðuneyti	342.347
13	Hagstofa Íslands	1.125
14	Ríkisendurskoðun	1.965
	Samtals	1.919.128

3. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1983 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	66.999
01	Forsætisráðuneyti	12.163
02	Menntamálaráðuneyti	792.533
03	Utanríkisráðuneyti	112.037
04	Landbúnaðarráðuneyti	93.410
05	Sjávarútvegsráðuneyti	53.578
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	455.121
07	Félagsmálaráðuneyti	130.376
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.363.505
10	Samgönguráðuneyti	415.530
11	Iðnaðarráðuneyti	1.066.355
12	Viðskiptaráðuneyti	275.053
13	Hagstofa Íslands	2.176
14	Ríkisendurskoðun	3.712
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	423.732
	Samtals	5.266.280

4. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1984 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	48.784
02	Menntamálaráðuneyti	295.661
03	Utanríkisráðuneyti	70.097
04	Landbúnaðarráðuneyti	220.174
05	Sjávarútvegsráðuneyti	126.952
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	278.681
07	Félagsmálaráðuneyti	14.687
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.044.523
09	Fjármálaráðuneyti	34.253
10	Samgönguráðuneyti	181.293
11	Iðnaðarráðuneyti	60.285
13	Hagstofa Íslands	1.171
	Samtals	2.376.561

5. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1985 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	81.668
01	Forsætisráðuneyti	10.092
02	Menntamálaráðuneyti	1.016.717
03	Utanríkisráðuneyti	56.947
04	Landbúnaðarráðuneyti	513.957
05	Sjávarútvegsráðuneyti	209.218
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	374.058
07	Félagsmálaráðuneyti	481.215
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.192.522
10	Samgönguráðuneyti	164.412
11	Iðnaðarráðuneyti	73.433
12	Viðskiptaráðuneyti	277.462
13	Hagstofa Íslands	6.283
14	Ríkisendurskoðun	1.439
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	125.000
	Samtals	4.584.423

6. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1986 er veitt:		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	42.202
01	Forsætisráðuneyti	38.113
02	Menntamálaráðuneyti	920.390
03	Utanríkisráðuneyti	85.239
04	Landbúnaðarráðuneyti	403.695
05	Sjávarútvegsráðuneyti	65.557
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	349.548
07	Félagsmálaráðuneyti	93.289
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.028.532
09	Fjármálaráðuneyti	95.629
11	Iðnaðarráðuneyti	4.973.525
12	Viðskiptaráðuneyti	490.638
13	Hagstofa Íslands	2.299
14	Ríkisendurskoðun	1.181
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	117.308
	Samtals	8.707.145

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árin 1981–1986. Þeir leggja til að aukafjárveitingar verði veittar fyrir öllum umframgjöldum sem ríkisreikningar téð ár sýna, sbr. 1.–6. gr. frumvarpsins, að undanskildum alþingiskostnaði.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um eflingu hafbeitar á Íslandi.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að efla beri laxahafbeit á Íslandi og felur ríkisstjórninni að vinna að því að þessi atvinnuvegur sitji við sama borð og aðrar útflutningsgreinar. Í því sambandi er sérstaklega áréttað:

1. Að starfsskilyrði hafbeitar hérlendis verði í samræmi við það sem gerist almennt í fiskeldi, enda verði staða atvinnuvegarins í heild stórbætt.
2. Að hagnýtar rannsóknir á sviði kynbóta verði stóreflidar. Enn fremur verði rannsakað eftir því sem unnt er gönguferill og uppeldisskilyrði lax.
3. Komið verði á afurðalánakerfi, sniðnu fyrir hafbeit, sem geri fyrirtækjunum kleift að fjármagna reksturinn fram að sölu afurðanna.
4. Söluskattur og aðflutningsgjöld af stofn- og rekstrarkostnaði hafbeitarstöðva verði endurgreiddur eins og í öðrum útflutningsgreinum.

Greinargerð.

Hvergi í heiminum eru aðstæður eins góðar og á Íslandi til að stunda hafbeit í atvinnuskyni. Byggist það fyrst og fremst á þeirri staðreynd að bannað er að veiða lax í sjó við Ísland. Að auki eru aðstæður til seiðaeldis á Íslandi hinar ákjósanlegustu þar sem nóg er til af fersku vatni, svo ekki sé minnst á jarðhita. Hafbeitarlax er í raun villt afurð og ber að

selja hana sem slíka. Á þann hátt getum við skapað okkur sérstöðu á mörkuðum og verið betur undirbúin fyrir stóraukna samkeppni.

Samanborið við önnur lönd, sem stunda hafbeit, bendir allt til þess að Ísland hafi sérstöðu í þessari atvinnugrein. Hafbeit hefur verið stunduð í smáum stíl hér á landi frá því árið 1961 og benda rannsóknir til þess að 8–15% endurheimtur séu raunhæf viðmiðun.

Við stöndum á tímamótum á þessu sviði. Nokkur fyrirtæki hafa uppi áform um stórfellda hafbeitarstarfsemi og önnur sem hafa mikla reynslu í hafbeit eiga við fjárhagserfiðleika að etja þar sem ekki fæst sú fyrirgreiðsla sem eðlileg getur talist.

Rekstrarlán.

Meðal starfsskilyrða í hafbeit er aðgangur að afurðalánakerfi eins og önnur útflutningsfyrirtæki hafa. Fiskeldisfyrirtæki á Íslandi sem lagt hafa megináherslu á hafbeit eiga ekki kost á því að fá afurðalán. Hefðbundin fiskeldisfyrirtæki geta nú fengið 37,5% af tryggingarverðmæti framleiðslu sinnar sem engan veginn er talið nóg, en hafbeit hefur enn sem komið er ekki fengið viðurkenningu á starfsemi sinni og þar með ekki fengið lán. Orsökin er að öllum líkindum sú að stöðvarnar sleppa veðhæfum seiðum í hafið í stað þess að selja þau og þurfa að bíða í eitt til tvö ár þar til þau koma aftur og skila tekjum. Vandamálið er fólgið í því að veðin eru þar með ekki áþreifanleg eða í vörslu t.d. lántaka, heldur óskilgreind í hafinu. Leysa þarf þetta vandamál sérstaklega fyrir hafbeitarfyrirtæki vegna sérstöðu þeirra, en að öðru leyti vísast til niðurstöðu starfsskilyrðanefndar fiskeldis um sama efni fyrir hefðbundin fiskeldisfyrirtæki.

Sþ. 152. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um íslenskunámskeið fyrir almenning.

Flm.: Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta undirbúa og halda íslenskunámskeið fyrir almenning í sjónvarpi. Gera skal ráð fyrir því að fólki gefist kostur á að rifja upp beygingarfræði íslenskrar tungu, fá æfingu í réttritun og ritleikni, þjálfun í framsögn og kennslu í talmáli. Slík námskeið skulu haldin reglulega í sjónvarpi. Kostnaður vegna þessa skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Öllum má vera ljóst að móðurmálið á í vök að verjast. Áhrif erlendra tungumála á málfar Íslendinga eru ógnvænleg, einkum þó enskrar tungu. Enskuslettur verða sífellt algengari í ræðu og riti. Fólki verður æ tamara að grípa til enskra orða og hugtaka í máli sínu á kostnað góðra og gildra íslenskra orða sem virðast flestum gleymd. Með sjónvarps- og fjölmiðlabyltingunni hafa orðið þáttaskil því að í hinum mikilvæga fjölmiðli, sjónvarpinu, heyrist ensk tunga jafnvel oftar en íslensk. Svo virðist sem það þyki ekki lengur fínt að nota íslensk orð í verslun og viðskiptum og er sú þróun ekki síður alvarleg. Ensk heiti á íslenskum fyrirtækjum ryðja sér til rúms. Í sumum atvinnugreinum er nánast eingöngu töluð enska. Hið sama má segja um ýmsar frístundagreinar. Ef ekki er að gert hlýtur sú hætta að vofa yfir að íslenskunnar bíði sömu örlög og gelískunnar á Írlandi.

Mikill ruglandi er kominn á setningaskipan, bæði í talmáli og ritmáli, þar sem enskan gerir víða vart við sig. Allir þekkja hið knúsaða stofnanamál og ofnotkun nafnorða. Þá virðist málkennd fara hrakandi. Beygingarvillur og einfaldar ritvillur eru mjög áberandi

bæði í ræðu og riti. Algengt er að fólk misskilur gömul hugtök og orðskviði og ruglar þeim saman, oft á grátbroslegan hátt. Ef við snúmst ekki til varnar og spyrnum við fæti má búast við því að töluð íslenska kunni að líða undir lok á næstu öld.

Íslenska er erfitt tungumál, enda beygingarkerfi hennar talsvert flóknara en flestra þjóðtungna Evrópulanda. Þótt íslenskukennsla í skólum landsins sé yfirleitt góð virðist hún hrökkva skammt. Málfræðiundirstaðan vill gleymast og fólk ryðgar í beygingar- og stafsetningarreglum. Þess vegna er full þörf á því að bjóða almenningi upp á sérstök upprifjunarnámskeið í íslensku og reyna þannig að stuðla að bættu málfari. Hér yrði sjónvarpið áhrifaríkast. Þáttaröð í sjónvarpi á besta útsendingartíma þar sem aðalatriði beygingar- og setningakerfis íslensku yrðu skýrð gæti komið miklu til leiðar. Enn fremur þyrfti að fara yfir helstu réttritunarreglur og notkun orðtaka og málshátta. Þá er nauðsynlegt að fjalla um mismun á talmáli og ritmáli og veita þjálfun í framsögn. Nauðsynlegt er að tryggja að ávallt verði á boðstólum hentugar og hagkvæmar handbækur um íslenskt mál fyrir almenning, m.a. stafsetningarorðabækur, samheitaorðabækur, safn málshátta og orðtaka og safn dæma um málnotkun svo að eitthvað sé nefnt.

Með áróðri fyrir vönduðu íslensku máli í ræðu og riti og samstilltu þjóðarátaki til þess að hefja móðurmálið til vegs og virðingar að nýju má koma í veg fyrir að íslenskukunnáttu þjóðarinnar hraki frekar en orðið er. Það þarf að skapa það ástand að þeir sem sletta erlendum orðum að óþörfu séu taldir hlægilegir. Enn fremur þarf að skapa þá almennu virðingu fyrir móðurmálinu að menn skammist sín fyrir slæmt mál og óþörf málglöp.

Sþ. 153. Fyrirspurn [146. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Hvernig hefur upplýsingaskyldu lífeyrissjóða um árlegt áætlað ráðstöfunarfé verið fullnægt með tilliti til réttindastöðu lífeyrissjóðsfélaga gagnvart lánsmöguleikum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins samkvæmt lögum þar um?

Beðið er um upplýsingar fyrir árin 1986, 1987, 1988 og 1989, sundurliðað eftir sjóðum.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 154. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð, sbr. 93. gr., eða kaup, sbr. 94. gr.

2. gr.

Á eftir 92. gr. laganna kemur ný grein, 93. gr., er orðast svo (töluröð annarra greina breytist samkvæmt því):

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af íbúð með því að selja honum eignarhlut í íbúð fyrir allt að 15% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn, enda lækki leigugjald sem því nemi. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein hefur farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 56/1988, breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, var komið á fót nýjum kosti í húsnæðismálum landsmanna, kaupleiguíbúðum. Tilgangur þessarar lagasetningar er að auka sveigjanleika húnæðiskerfisins með hliðsjón af mismunandi þörfum fólks eftir aldri, búsetu og félagslegri stöðu. Með kaupleigufyrirkomulaginu er verið að stuðla að auknu framboði leiguhúsnæðis og meiri jöfnuði milli séreignar- og leiguhúsnæðis. Veigamikill þáttur í lögum um kaupleiguíbúðir er að opna möguleika í húsnæðiskerfinu fyrir almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Grundvallarþáttur kaupleigufyrirkomulagsins er að íbúar eiga kost á að velja um leigu eða kaup með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Við undirbúning frumvarps um kaupleiguíbúðir komu fram óskir frá nokkrum félagasamtökum, sem starfa að húsnæðismálum, um að bæta við einum möguleika í kaupleigukerfinu, þ.e. sölu á hlutareign gegn afnotarétti af íbúðinni.

Í almennum kaupleiguíbúðum er heimilt að bjóða kaupleiguíbúðir á þeim forsendum að leigjendur kaupi skuldabréf framkvæmdaaðila og eignist 30% hlut í íbúðinni. Þegar um er að ræða aldraða eða öryrkja er heimilt að selja leigjendum 15% hlut í eigninni. Hlutareign var hins vegar ekki lögfest í félagslega hluta kaupleigukerfisins þar sem ekki náðist samstaða þáverandi stjórnarflokka um það.

Húsnæðissamvinnufélög og ýmis félagasamtök, sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að eiga og reka leiguhúsnæði í þágu félagsmanna sinna, hafa óskað eftir því við

stjórnvöld að heimilað verði að leigjendur í félagslegum kaupleiguíbúðum eigi þess kost að kaupa sér 15% hlutareign í íbúðinni sem veiti ótímabundinn afnotarétt af íbúðinni.

Í félagsmálaráðuneytinu hefur verið unnið að undirbúningi heildarendurskoðunar félagslegs hluta húsnæðislánakerfisins og er þeirri vinnu senn lokið. Fljótlega verður skipuð nefnd sem fær það verkefni að gera tillögur um endurbætur á félagslega íbúðalánakerfinu. Segja má að með tilkomu félagslegra kaupleiguíbúða hafi verið gerðar vissar endurbætur á félagslega íbúðalánakerfinu og má í því sambandi benda sérstaklega á ákvæði um endurskoðun vaxtakjara með hliðsjón af tekjuþróun einstaklinganna. Þær tiltölulega litlu breytingar á félagslegum þætti kaupleiguíbúðanna, sem frumvarpið leggur til, eru mjög mikilvægar fyrir lánamöguleika félagasamtaka sem vilja geta boðið félagsmönnum sínum leiguhúsnæði með hlutareign. Með frumvarpinu er jafnframt stuðlað að meira samræmi milli hins almenna og félagslega hluta kaupleigukerfisins.

Ljóst er að heildarendurskoðun félagslega íbúðalánakerfisins er tímafrekt verk og niðurstöður ekki í sjónmáli. Brýnt er að efla möguleika félagasamtaka til að koma á fót leiguhúsnæði með hlutareign og því er nauðsynlegt að gera strax þær breytingar sem frumvarpið mælir fyrir um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laga nr. 56/1988, sem ná til kaupleiguíbúða, er að auka kosti og sveigjanleika húsnæðislánakerfisins með því að íbúar geti valið um leigu eða kaup á íbúðinni. Hér er lagt til að íbúar í félagslegum kaupleiguíbúðum eigi einnig kost á að kaupa eignarhlut í leiguíbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt af íbúðinni. Valið stendur þá um þrjá kosti þegar um félagslegar kaupleiguíbúðir er að ræða:

- leigu á íbúð með kauprétti,
- leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt af íbúðinni,
- kaup á íbúð.

Um 2. gr.

Hér er um sams konar fyrirkomulag að ræða og heimilað er í lögum um almennar kaupleiguíbúðir, sbr. g-lið 4. gr. laga nr. 56/1988, þ.e. að framkvæmdaaðili félagslegra kaupleiguíbúða geti selt leigutaka eignarhluta í íbúð til tryggingar á ótímabundnum afnotarétti af íbúð með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu.

Lagt er til að framkvæmdaaðila sé heimilt að selja leigjanda í félagslegri kaupleiguíbúð eignarhluta er nemi allt að 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

Enda þótt meginreglan sé sú að leigutaki samkvæmt þessari grein tryggi sér ótímabundinn afnotarétt af íbúðinni og leigusamningur verði því óuppsegjanlegur af hálfu framkvæmdaaðila á það ekki við ef um verulegar vanefndir leigutaka verður að ræða.

Þar sem kaupandi eignarhlutans verður annar sameigenda húsnæðisins ber hann ábyrgð á rekstri þess og viðhaldi í samræmi við eignarhluta sinn. Um réttarsamband sameigenda að öðru leyti vísast til almennra reglna eignarréttarins.

Við kaup leigutaka á eignarhluta í íbúð lækkar leigugjald hans. Sú lækkun á annars vegar rætur að rekja til þess hluta ábyrgðar á rekstri og viðhaldi húsnæðis sem leigutaki greiðir nú í samræmi við eignarhluta sinn. Hins vegar lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Afnotaréttur leigutaka, sem kaupir eignarhluta, er persónulegur og geta því ekki aðrir notað sér þann rétt. Falli leigutaki frá eða hætti afnotum af íbúð skal eignarhlutinn

endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessari meginreglu þegar um hjón er að ræða og annað fellur frá, þau skilja, gera kaupmála eða annað hjóna situr í óskiptu búi.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Ed. 155. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem fjallar um skipan eiturefnanefndar. Nefndarmenn voru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 29. nóv. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Guðrún Agnarsdóttir.

Stefán Guðmundsson.

Sþ. 156. Fyrirspurn [148. mál]

til fjármálaráðherra um tryggingafræðilega athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvenær var síðast gerð tryggingafræðileg úttekt á fjárhag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og lög kveða á um að gerð skuli á fimm ára fresti?
2. Hver var niðurstaða síðustu úttektar?
3. Hafi slík úttekt ekki farið fram, hyggst fjármálaráðherra þá beita sér fyrir því að hún verði framkvæmd?
4. Hvert er mat ráðherra á skuldbindingum ríkissjóðs vegna greiðslu verðbóta á lífeyri opinberra starfsmanna?
5. Hversu stórt hlutfall lífeyrisgreiðslna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur verið greitt af ríkissjóði eða stofnunum og fyrirtækjum ríkisins á tímabilinu 1981–1987 að báðum árum meðtöldum?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 157. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallað til viðræðu Jón Ármann Héðinsson, stjórnarformann Íslenskra getrauna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 1988.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.
Ólöf Hildur Jónsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 158. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um að setja upp lýsingu á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.

Flm.: Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við að setja upp lýsingu við Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur og leggja hana fyrir Alþingi eigi síðar en við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Greinargerð.

Þegar hefur verið lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um tvöföldun Reykjanesbrautar af þingmönnum Borgaraflokksins, tillaga sem er alls góðs makleg og flutningsmaður styður sem lokatakmark.

Fyrir nokkrum árum stóð flutningsmaður að tillögu um að kanna hagnýtt gildi þeirra hugmynda sem uppi hafa verið um rafknúna járnbraut frá Reykjavík til Suðurnesja og austur fyrir fjall. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu, en slík könnun þyrfti að fara fram.

Báðar þessar tillögur, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar og rafknúin járnbraut frá Reykjavík t.d. að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eiga því miður allt of langt í land, m.a. vegna mikils kostnaðar.

Talið er að umferð um Reykjanesbraut sé farin að nálgast 10.000 bifreiðar á sólarhring, sem segir ekki alla söguna, því að í raun eru aðeins tveir „toppar“, þ.e. umferðin er langmest árla morguns og síðdegis á brottfarar- og komutímum flugvéla á Keflavíkurflugvelli svo og við upphaf og lok vinnutíma á Keflavíkurflugvelli, en þar starfar mikill fjöldi Íslendinga hjá innlendum og erlendum aðilum.

Slysatíðni á Reykjanesbraut er mikil og flest slysanna mjög alvarleg, enda hraði mikill og aðstæður ekki alltaf eins og best verður á kosið.

Það er skoðun flutningsmanns að fullkomin lýsing við veginn sé fljótvirkasta og ódýrasta lausnin í sjónmáli til þess að draga úr slysatíðninni. Það hefur sýnt sig að þar sem lýsing hefur verið bætt á hættulegum umferðarslóðum hefur slysum fækkað.

Unnt er að vinna þetta verk í áföngum, t.d. mætti byrja á því að lýsa upp gatnamót. Það væri mikil bót ef gatnamótin við Grindavíkurveg, Voga og Kúagerði yrðu lýst.

Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, má áætla kostnaðinn við þetta verk, þ.e. frá Hafnarfirði að Innri-Njarðvík, um 85.000.000 króna.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um umhverfisráðuneyti.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að stofnað verði sérstakt ráðuneyti umhverfismála sem fari með:

a. rannsóknir og stjórn náttúruauðlinda,
b. náttúruvernd,
c. umhverfisfræðslu,
d. skipulagsmál,
e. mengunarvarnir og
f. alþjóðleg samskipti um umhverfismál.

Undir þetta ráðuneyti verði fluttar stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta. Stefnt skal að setningu löggjafar um yfirstjórn umhverfismála fyrir lok yfirstandandi þings.

Greinargerð.

Umhverfismál eru stór og viðamikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins.

Umhverfismál á Íslandi falla að einhverju leyti undir flest öll ráðuneytin. Afleiðingin er óstjórn og skörun. Aðkallandi er að sameina öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti til að tryggja virka og hagkvæma stjórn og markvissa umhverfisvernd.

Mjög mikilvægt er að aðskilja mat á og eftirlit með auðlindum landsins annars vegar og hagnýtingu auðlindanna hins vegar. Hið síðarnefnda á heima í ráðuneyti eða ráðuneytum atvinnumála, en hið fyrrnefnda í sérstöku ráðuneyti umhverfismála. Á þann hátt verður umfjöllun og ákvarðanataka um nýtingu auðlindanna opin og síður hætta á hagsmunatengslum við eftirlit.

SKIPAN UMHVERFISRÁÐUNEYTIS OG VERKSVIÐ

1. **Lífríkisdeild.**
   a. *Lífríki hafsins.* Mat á stærð auðlindar og tillögur um stjórn, t.d. stærð ákveðinna fiskistofna og mögulega veiði úr þeim. Þetta starf er nú unnið á Hafrannsóknastofnun.
   b. *Lífríki ferskvatns.* Rannsóknir á og eftirlit með stofnum ferskvatnsfiska og öðrum lífverum ferskvatns, nú unnið á Veiðimálastofnun.
   c. *Spendýr, fuglar og önnur landdýr.* Mat á og eftirlit með stofnstærðum dýra, svo sem rjúpu, ref og hreindýrum og tillögur um aðferðir við stjórnun stofnstærða ef talin er þörf á að fjölga t.d. æðarfugli, fækka t.d. rottum eða vernda ákveðnar dýrategundir eins og örninn. Enginn einn aðili hefur nú þetta verksvið en það er að hluta til unnið

af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnun, (hvalir og selir), menntamálaráðuneyti (fuglafriðunarnefnd og hreindýrafulltrúi), veiðistjóraembætti Búnaðarfélagsins og hjá meindýraeyðum sveitarfélaganna.

d. *Gróður og jarðvegur.* Flokkun og rannsóknir á gróðurlendum Íslands og mat beitarþols. Gróðurvernd og vinna að endurheimt fyrri landgæða. Þetta er starfssvið Landgræðslu ríkisins, og einnig vinna eftirtaldir aðilar að þessu verkefni að hluta: grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar, Skógrækt ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og landnýtingarráðunautur Búnaðarfélagsins.

2. **Jarðefna- og orkudeild.**
   a. *Berggrunnur og laus jarðefni.* Mat og flokkun á námum og eftirlit með nýtingu.
   b. *Ferskvatn, heitt og kalt.* Rannsóknir á magni og eftirlit með nýtingu.
   c. *Orkulindir.* Rannsóknir á orkulindum, þ.e. orku á jarðhitasvæðum, í fallvötnum, vindi, sjávarföllum, sól og e.t.v. fleiru ásamt tillögum til nýtingar. Þessi störf eru nú aðallega unnin hjá Orkustofnun, en einnig hjá jarðfræðideild Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnun (setlög í sjó) og Náttúruverndarráði.
3. **Friðlýsinga- og fræðsludeild.**
   a. *Náttúruminjar.* Flokkun og skráning náttúruminja og friðlýsing þeirra til náttúrufriðunar og/eða útivistar. Þetta er nú eitt af meginverkefnum Náttúruverndarráðs.
   b. *Fornleifar.* Skráning, rannsóknir, flokkun og friðlýsing fastra fornleifa. Þetta starf er nú unnið á fornleifadeild Þjóðminjasafns. Á margan hátt eru sambærileg vinnubrögð við skráningu og friðlýsingu fornleifa og náttúruminja og mikilvægt að hvorar tveggju séu skráðar og kortlagðar áður en svæðaskipulag er gert.
   c. *Friðlýst svæði.* Eftirlit og rekstur friðlýstra svæða í umsjón ríkisins er nú fyrst og fremst unnið af Náttúruverndarráði, en einnig Þingvallanefnd og Geysisnefnd.
   d. *Umhverfisfræðsla.* Umhverfisvernd verður ómarkviss og handahófskennd nema almenningur þekki umhverfi sitt, hafi verið fræddur um það og hafi lært að virða það. Umhverfisfræðsla er hér sett í sömu deild og umsjón með friðlýstum svæðum vegna þess að slík svæði eru góður vettvangur umhverfisfræðslu og Náttúruverndarráð er sú ríkisstofnun sem nú sinnir helst fræðslu fyrir almenning um umhverfismál og náttúruvernd.
4. **Landmælinga- og skipulagsdeild.**
   a. *Landmælingar og kortagerð.* Loftljósmyndun, grunn- og sérkortagerð. Góð kort eru forsenda góðs skipulags og niðurstöður þeirra náttúrufarskannana, sem unnar eru í öðrum deildum ráðuneytisins, þarf að kortleggja áður en skipulag er gert eða landnýting ákveðin. Þetta er fyrst og fremst það starf sem nú er unnið hjá Landmælingum Íslands, en kortagerð er einnig á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Orkustofnun og víðar.
   b. *Skipulag.* Landsskipulag, svæðaskipulag og landnýtingaráætlun eru nú unnin hjá Skipulagi ríkisins.
   c. *Starfsleyfisveitingar og eftirlit með mannvirkjagerð.* Nú er þetta fyrst og fremst framkvæmt hjá Hollustuvernd ríkisins og Náttúruverndarráði.
5. **Mengunarvarnadeild.**
   a. *Mengunarvarnir í lofti, láði og legi.* Mengun virðir ekki landamæri og berst t.d. úr lofti í jarðveg, í vatn og í haf því er eðlilegt að allar mengunarvarnir og eftirlit með starfsemi, sem hefur mengun í för með sér, séu undir einni yfirstjórn. Nú er unnið að mengunarvörnum hjá mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, Geislavörnum ríkisins, eiturefnanefnd og Siglingamálastofnun auk utanríkisráðuneytisins sem hefur með að gera mengun frá hernum.

b. *Endurnýting og endurvinnsla.* Ekki er um að ræða neitt markvisst starf á þessum vettvangi á vegum stjórnvalda. Brýnt er að koma á endurnýtingu flestra hluta og endurvinnslu þess sem unnt er og þess vegna er hér sérstaklega tekið fram að það eigi að vera verksvið umhverfisráðuneytis að gera tillögur um fyrirkomulag á því sviði.

FRAMKVÆMD

Eins og fram kemur í ofanskráðu yfirliti er flest af því sem kæmi til kasta umhverfisráðuneytis nú þegar unnið á vegum íslenska ríkisins og því er ekki gert ráð fyrir „nýju bákni", heldur fyrst og fremst tilflutningi og samræmingu. Því er þó ekki að leyna að þörf er á átaki til úrbóta á mörgum sviðum umhverfismála. Það er trú flutningsmanna að með þeirri skipan mála sem hér er stungið upp á verði slíkt átak frekar gert en við núverandi aðstæður þar sem þessi mikilvægi málaflokkur er sem hornreka í flestum ráðuneytum. Einnig ætti það að vera mun hagkvæmara að sambærileg störf séu unnin undir einni stjórn en ekki dreifð um allt stjórnkerfið eins og nú á sér stað t.d. hvað varðar mengunarvarnir.

Sú skipulagsbreyting, sem hér um ræðir, er eftirfarandi:

- Hafrannsóknastofnun flyst úr sjávarútvegsráðuneyti en skiptist á milli deilda númer 1a, 1b og 2a í ráðuneyti umhverfismála, sbr. hér að ofan.
- Veiðimálastofnun flyst frá landbúnaðarráðuneyti.
- Rannsóknastarfsemi Náttúrufræðistofnunar flyst öll undir umhverfisráðuneyti (safnið yrði áfram undir menntamálaráðuneyti) en skiptist þar á milli deilda 1c, 1d og 2a.
- Deild sjávarspendýra hjá Hafrannsóknastofnun og veiðistjóraembættið sameinast dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar undir deild 1c í hinu nýja ráðuneyti og þangað fara líka hreindýraeftirlit og starfsemi fuglafriðunarnefndar.
- Landgræðsla ríkisins flyst öll undir ráðuneyti umhverfismála, þá deild þess sem hefur með að gera gróður og jarðvegseftirlit og hefur númerið 1d hér að ofan. Þar sameinast Landgræðslunni grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar, mestur hluti Skógræktar ríkisins, nokkuð af starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, t.d. gróðurkortagerðin, og landnýtingarráðunautur Búnaðarfélagsins.
- Orkustofnun flyst frá iðnaðarráðuneyti og er meginuppistaða í jarðefna- og orkudeild hins nýja ráðuneytis.
- Náttúruverndarráð flyst frá menntamálaráðuneyti en starfsemi þess skiptist á milli deilda númer 2a, 3a, 3c, 3d og 4c.
- Umsjón með rannsóknum og skráningu fastra fornleifa flyst undir umhverfisráðuneyti en önnur starfsemi Þjóðminjasafns er áfram undir menntamálaráðuneyti.
- Þingvallanefnd og Geysisnefnd eru lagðar niður en stjórnun þessara svæða sem og annarra friðlýstra svæða fellur undir deild 3c.
- Landmælingar Íslands flytjast frá samgönguráðuneyti og skipulagsstjórn ríkisins frá félagsmálaráðuneyti.
- Eiturefnanefnd er lögð niður en starfsemi hennar sett undir mengunarvarnadeild, þ.e. deild með númerið 5a hér að ofan, en þangað flytjast líka mengunarvarnadeildir Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar og Geislavarna ríkisins. Þessi deild umhverfisráðuneytis tekur líka að sér samskipti við erlenda aðila varðandi mengun en utanríkisráðuneytið hefur haft með það að gera.

Augljóst er að slíkar breytingar á stjórnkerfinu, sem stefnt er að með þessari tillögu til þingsályktunar, verða ekki gerðar í einu vetfangi. Á undanförnum árum hefur verið unnið að tillögum um breytingar á íslenska stjórnkerfinu og einnig hefur verið keypt meira húsnæði fyrir Stjórnarráðið og ríkisstofnanir. Sú starfsemi og þær stofnanir og deildir, sem hér hafa verið upp taldar, má flytja í umhverfisráðuneyti á sama hátt og Hagstofunni er skákað á milli ráðuneyta við stjórnarmyndun. Ef einnig væri leitast við að koma þeim undir

sama þak eða a.m.k. nálægt hver annarri ætti samnýting aðstöðu og samvinna á milli þeirra að aukast af sjálfu sér og sameining stofnana sem nú heyra undir mörg ráðuneyti að þykja sjálfsögð þegar fram líða stundir.

Virðingarleysi manna fyrir náttúrunni birtist m.a. í ofnýtingu auðlinda, eyðingu gróðurs, útrýmingu dýrategunda, mengun og öðrum náttúruspjöllum og ógnar nú tilvist okkar. Núlifandi kynslóðir hafa bæði getu og þekkingu til þess að snúa vörn í sókn til betra mannlífs í sátt við umhverfið. Slík sókn verður að vera markviss og skipulögð til þess að skila árangri. Að því miðar þessi tillaga.

Sþ. 160. Fyrirspurn [151. mál]

til dómsmálaráðherra um bifreiðaskoðun í Hafnarfirði.

Frá Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni.

Er fyrirhugað að hætta skoðun bifreiða í Hafnarfirði með þeirri breytingu sem hefur orðið á umferðarlögum og varðar Bifreiðaskoðun Íslands hf.?

Sþ. 161. Svar [107. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Óla Þ. Guðbjartssonar um skiptingu gjaldeyristekna þjóðarinnar eftir kjördæmum.

Spurt er um skiptingu gjaldeyristekna þjóðarinnar eftir kjördæmum árin 1984, 1985, 1986 og 1987.

Á þeim árum, sem hér um ræðir, hafa gjaldeyristekjur þjóðarinnar í heild verið sem hér segir (í millj. kr.):

	1984	*1985*	*1986*	*1987*
Vöruútflutningur alls	23.557	33.750	44.968	53.053
þar af sjávarafurðir	15.833	25.232	34.627	40.322
Þjónustuútflutningur	10.738	16.069	18.157	20.413
Útflutningur vöru og þjónustu alls	34.295	49.819	63.125	73.466
Hlutur sjávarútvegs af				
a. vöruútflutningi	67,2%	74,8%	77,0%	76,0%
b. útflutningi vöru og þjónustu	46,2%	50,6%	54,9%	54,9%

Þegar komið er að skiptingu framangreindra heildarstærða eftir kjördæmum vandast málið. Þetta á bæði við um vöruútflutning og þjónustuútflutning. Ef frá er talinn útflutningur kísiljárns sem verið hefur 3–4% af vöruútflutningi þessi ár og útflutningur á áli sem verið hefur 9–10% undanfarin þrjú ár en var 14,5% á árinu 1984 má segja að öruggar heimildir séu ekki til um gjaldeyristekjur eftir kjördæmum.

Hins vegar má fá nokkra vísbendingu um skiptingu sjávarafurðaframleiðslunnar eftir kjördæmum með því að líta á hlutfallslega skiptingu aflaverðmætis eftir kjördæmum. Fiskifélag Íslands safnar reglulega skýrslum um móttekinn afla einstakra vinnslustöðva og

birtir mjög ítarlegar upplýsingar um þetta efni í riti sínu *Útvegur*. Nýjustu upplýsingar er að finna í *Útvegi* 1987 sem út kom í júní 1988. Þar eru birtar tölur um árið 1987 en sambærilegar tölur um fyrri ár er að finna í fyrri árgöngum þess rits. Eftirfarandi tölur um hlutfallslega skiptingu aflaverðmætis eftir landshlutum koma þar fram.

	1984	*1985*	*1986*	*1987*
Suðurland	11,6%	9,8%	7,8%	8,4%
Reykjavík, Reykjanes	20,3%	17,3%	17,8%	19,6%
Vesturland	9,6%	8,7%	8,5%	8,6%
Vestfirðir	12,9%	10,0%	10,3%	9,2%
Norðurland vestra	7,5%	7,9%	8,2%	8,6%
Norðurland eystra	12,6%	13,2%	13,1%	14,6%
Austurland	14,9%	14,9%	11,5%	10,7%
Erlendis	10,6%	18,2%	22,9%	20,3%

Landshlutaskiptingin, sem hér er fylgt, fellur ekki að kjördæmaskiptingunni eins og um er beðið í fyrirspurninni. Sú afmörkun landshluta, sem Fiskifélagið fylgir, er sem hér segir:

Suðurland: Vestmannaeyjar til og með Þorlákshöfn.
Reykjavík og Reykjanes: Grindavík til og með Reykjavík.
Vesturland: Akranes til og með Búðardal.
Vestfirðir: Barðaströnd til og með Veiðileysu.
Norðurland vestra: Strandir til og með Siglufirði.
Norðurland eystra: Ólafsfjörður til og með Vopnafirði.
Austurland: Bakkafjörður til og með Hornafriði.

Ekki er að finna frekari upplýsingar en nú hafa verið raktar um skiptingu gjaldeyristekna eftir kjördæmum. Ræður þar mestu að skipulagning skýrslugerðarinnar um útflutning er ekki með þeim hætti að þessar upplýsingar séu tiltækar fyrirhafnarlítið. Útflutningsskýrslur greina aðeins frá nafni útflytjenda en ekki framleiðanda vöru og þyrfti því að safna þeim upplýsingum sérstaklega. Einnig þyrfti að tilgreina framleiðslustað ef framleiðandi starfar á fleiri en einum stað. Einnig koma upp álitamál um staðsetningu fiskiskipaútgerða, samgöngufyrirtækja og margt fleira mætti nefna.

Vissulega er unnt að höggva á slíka hnúta og gefa sér ýmsar forsendur sem einfalda málið. En jafnvel þótt slíkt sé gert vakna upp spurningar um kostnað við þessa skýrslugerð með hliðsjón af gagnsemi þeirra upplýsinga sem þannig fengjust. Ef ætlunin er að nota mælikvarða af þessu tagi til þess að meta mikilvægi hvers kjördæmis fyrir þjóðarheildina þá er sitthvað við þann mælikvarða að athuga. Nefna má í þessu sambandi að tilkostnaður fylgir útflutningsstarfseminni eins og hverri annarri atvinnustarfsemi og hluti þessa tilkostnaðar er kaup á innfluttum rekstrarnauðsynjum. Einnig má nefna að iðnaður eða hver sú atvinnustarfsemi, sem sinnir heimamarkaði og er í heilbrigðri samkeppni við innfluttan varning, sparar gjaldeyri og hefur því í raun hliðstæð áhrif á gjaldeyrisstöðuna og útflutninginn. Að öllu samanlögðu er athygli vakin á því að þessar tölur um skiptingu gjaldeyristekna þjóðarinnar segja takmarkaða sögu um mikilvægi hvers kjördæmis fyrir þjóðarbúið.

Ed. 162. Lög [57. mál]

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 59.

Sþ. 163. Fyrirspurn [152. mál]

til forsætisráðherra um herferð gegn kinda- og hrossakjöti.

Frá Pálma Jónssyni.

Hefur forsætisráðherra beint þeim tilmælum til viðskiptaráðherra að hann dragi til baka hótun sína um að efna til herferðar meðal almennings um að hann hætti að kaupa afurðir sauðfjár og hrossa?

Sþ. 164. Fyrirspurn [153. mál]

til fjármálaráðherra um reglur um afhendingu áfengis á kostnaðarverði.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um afhendingu áfengis frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á kostnaðarverði til stofnana og einstaklinga?
2. Hverjir hafa slík fríðindi og hvers vegna?

Ed. 165. Frumvarp til laga [154. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Margrét Frímannsdóttir, Ólöf Hildur Jónsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

1.–3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Skólahverfi er sú eining er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi séu íbúar færri en 20 þúsund. Sveitarfélögum með fleiri en 20 þúsund íbúa skal skipta niður í fleiri en eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a. Þar sem sveitarfélag með færri en 20 þúsund íbúa rekur grunnskóla eða hluta hans án samvinnu við önnur sveitarfélög.
b. Þar sem hluti sveitarfélags með fleiri en 20 þúsund íbúa rekur tvo eða fleiri grunnskóla.
c. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku árganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1. ef íbúar eru fleiri en 20 þúsund,
2. ef það skiptist landfræðilega milli a.m.k. tveggja skólahverfa,
3. ef árgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

2. gr.

1. og 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum). Í Reykjavík skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Í sveitarfélagi með fleiri en 20 þúsund íbúa, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fara fleiri en ein skólanefnd með málefni þeirra. Við það skal miðað að eigi séu til jafnaðar fleiri en 15 þúsund íbúar að baki hverrar skólanefndar. Í fámennari sveitarfélögum, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Skólanefnd sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra eftir því sem hún telur haganlegt.

3. gr.

7. og 8. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Í skólanefndum í Reykjavík skulu kennarafulltrúar vera tveir og einn fulltrúi foreldra í skólahverfinu með málfrelsi og tillögurétti.

Skólastjórar skólahverfisins og yfirkennarar í forföllum þeirra eiga rétt á setu á skólanefndarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að loknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum árið 1990.

Greinargerð.

Þótt ekki séu allir á eitt sáttir um stefnu í skólamálum hljóta þó flestir að vera sammála um að mikilvægt sé að farsælt samstarf takist með foreldrum og skólamönnum. Áhugi foreldra og aðhlynning að skólastarfi eru afar mikilvæg og geta skipt sköpum um gengi barna og ungmenna í námi og starfi. Ef fjarlægðin milli foreldra og annarra velunnara nemenda og yfirstjórnar skólamála í skólahverfi er of mikil minnka möguleikar á samstarfi þessara aðila. Yfirsýn skólayfirvalda yfir hinn eiginlega starfsvettvang verður einnig minni eftir því sem fjöldi nemenda er meiri og skólahverfið er stærra.

Tilgangur þessa frumvarps er að færa yfirstjórn skólamála, í þessu tilviki starf skólanefndar, nær vettvangi, auka lýðræði og áhrif íbúa skólahverfis á stjórn skóla og auðvelda þannig samstarf einstakra skóla og skólanefnda og gera það markvissara en nú er.

Það er álit flutningsmanna að með þessum hætti aukist líkur á því að málefni einstakra skóla fái betri umfjöllun og afgreiðslu fyrr en nú er og einnig að íbúar einstakra íbúðahverfa geti haft aukin áhrif á þróun skólamála í sínu nánasta umhverfi. Enn fremur er brýnt að aðilum máls verði gert auðveldara að bregðast sameiginlega við einstökum þáttum skólastarfs, en jafnframt að hafa aukin áhrif á velfarnað og þróun skólastarfs almennt í fræðsluumdæmi Reykjavíkur.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á almennum ákvæðum nokkurra greina grunnskólalaga en við blasir að það mun, ef að lögum verður, fyrst um sinn aðeins hafa áhrif á skipan skólamála í Reykjavík.

Flutningsmenn hafa við samningu frumvarpsins einkum haft þann vanda Reykvíkinga í huga að Reykjavík er eitt skólahverfi samkvæmt grunnskólalögum. Þeir telja þó að sami vandi geti birst í öðrum byggðarlögum og kunni jafnvel þegar að hafa gert það. Því eru þeir fúsir að lækka viðmiðunartöluna 20 þúsund, sem nefnd er í 1. og 2. gr. frumvarpsins, t.d. í 10 þúsund ef aðrir þingmenn telja það til bóta.

Vandinn, sem hér um ræðir, felst í núgildandi ákvæði grunnskólalaga (16. gr.) sem heimilar ekki að einu sveitarfélagi sé skipt í fleiri en eitt skólahverfi. Þessi skipan í Reykjavík hefur m.a. leitt til þess að samskipti milli skóla og skólayfirvalda verða afar þung í vöfum.

Fræðsluráð, sem lögum samkvæmt er jafnframt skólanefnd skólahverfisins í Reykjavík, hefur átt æ erfiðara með að fá innsýn í starfsemi einstakra skóla. Það liggur í hlutarins eðli að eftir því sem skólum fjölgar í skólahverfi verður erfiðara að hafa yfirsýn yfir vanda einstakra skóla og að halda jafnt nánu samstarfi við skólana og aðstandendur nemendanna. Fundir með skólastjórum skólahverfisins vilja fá á sig ráðstefnusvip og eru þess vegna næsta sjaldan haldnir. Hætta er á að fræðsluyfirvöld fjarlægist þannig smám saman hið daglega skólastarf.

Erfitt hefur verið fyrir íbúa Reykjavíkur að hafa bein tengsl við skólastarfið í borginni á seinni árum, enda eru grunnskólar í Reykjavík um 30 talsins ef allt er talið. Nú er því svo komið að mörgum foreldrum finnst þeir harla lítið vita um skólastarf almennt í borginni og enn minni áhrif hafa á stefnu og framkvæmd skólahalds í skólahverfinu.

Miðað við þær upplýsingar, sem til eru um fjölda nemenda, aðstandendur þeirra og fjölda skóla, liggur í augum uppi að breytingar eru nauðsynlegar og löngu tímabærar.

Reykjavík hefur að ýmsu leyti goldið stærðar sinnar gagnvart löggjafanum og kemur það m.a. fram í grunnskólalögum, svo ágæt sem þau annars eru að flestu leyti.

Reykjavík er langfjölmennasta fræðsluumdæmi landsins með 93.425 íbúa (desember 1987) og 14.221 nemendur í 29 grunnskólum (október 1988). Margir þessara skóla eru mjög fjölmennir. Seljaskóli og Hólabrekkuskóli eru þeirra fjölmennastir með 1426 og 1015 nemendur og innan við 10 skólar eru með færri en 300 nemendur. Eigi að síður telst Reykjavík eitt skólahverfi, en eins og áður hefur komið fram fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar í Reykjavík.

Til samanburðar er fámennasta fræðsluumdæmið, Vestfirðir, með 1802 nemendur og Norðurland eystra, sem er fjölmennast utan höfuðborgarsvæðisins, með 4736 nemendur. Í þessum umdæmum hefur yfirleitt hver skóli sína skólanefnd ef Akureyri er undanskilin. Á Norðurlandi eystra eru 28 skólanefndir utan Akureyrar en þar er sami háttur á og í Reykjavík, þ.e. ein skólanefnd. Sama fyrirkomulag er einnig í Kópavogi sem hefur 15.037 íbúa og Hafnarfirði sem hafði 13.780 íbúa (desember 1987).

Með fyrrgreindum upplýsingum er þó ekki nema hálf sagan sögð. Íbúum Reykjavíkur hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og borgin hefur þanist út yfir mjög stórt svæði. Þannig eru nú þrjú íbúðahverfi í byggingu í Grafarvogi og ráðgerð eru þrjú íbúðahverfi í Borgarholti. Í heild verður 17 til 20 þúsund manna byggð í nýju íbúðahverfunum í Grafarvogi og Borgarholti.

Það er því augljóslega löngu orðið úrelt fyrirkomulag og getur ekki með nokkrum sanni talist fullnægjandi lengur að ætla Reykjavík að vera áfram eitt skólahverfi með einni skólanefnd.

Auk áðurgreindra atriða eru fleiri sem þarf að huga að og vega þungt varðandi breytingar í Reykjavík. Þar er átt við reiknireglur um heildarstundafjölda, áætlanagerð og uppgjörsreglur varðandi rekstrarkostnað skóla í skólahverfinu samkvæmt reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla, nr. 213/1975. Nemendafjöldi í bekk er reiknaður út á grundvelli alls skólahverfisins og er miðað við ákvæði 46. gr. laganna um meðaltals- og hámarksfjölda nemenda í einstakri bekkjardeild. Þetta leiðir m.a. til þess að hlutfall nemenda á hvern kennara verður ætíð í hámarki í Reykjavík þó að meðaltal nemenda í bekkjardeildum borgarinnar í heild sé lágt og reyndar lægra en lög segja til um. Af sömu ástæðum er mismunur milli einstakra skóla varðandi fjölda nemenda í bekkjardeildum einnig töluverður í Reykjavík. Víða í hinum dreifðari byggðum landsins er þetta leyst með því að tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman.

Annað, sem einnig þarf að taka tillit til, varðar reglur um endurskoðun áætlana fyrir rekstrarkostnað skóla, en í reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla segir í 7. gr.:

„Í síðasta lagi þrem vikum áður en kennsla hefst að hausti skal skólastjóri og skólanefnd endurskoða áður gerða áætlun um rekstrarkostnað skóla og áætlaða kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis."

Þessi endurskoðun og aðgerðir, sem krafist er samkvæmt reglugerðinni, eru ekki unnar með þessum hætti í Reykjavík enda illframkvæmanlegar við núverandi aðstæður að mati flutningsmanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Reykjavík verði skipt niður í sex til átta skólahverfi eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins, sbr. 16. gr. laganna. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík skal hún kosin úr hópi íbúa viðkomandi skólahverfis. Hér eru einungis gerðar tillögur um breytingar varðandi Reykjavík, en eins og áður segir eru flutningsmenn tilbúnir að ræða sams konar breytingar fyrir önnur skólahverfi ef um það koma ábendingar. Gert er ráð fyrir að skólanefndir þær, sem stofnaðar verða samkvæmt frumvarpi þessu, fái sömu stöðu og skólanefndir í öðrum fræðsluumdæmum hafa nú samkvæmt lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sú breyting gerð að skylt er að skipta sveitarfélögum með fleiri en 20 þúsund íbúa niður í fleiri en eitt skólahverfi. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Ekkert sveitarfélag annað en Reykjavík hefur fleiri en 20 þúsund íbúa. Því kemur breytingin einungis til með að varða Reykjavík.

Reykjavík er nú eitt skólahverfi með eina skólanefnd. Fræðsluráð Reykjavíkur á samkvæmt gildandi lögum jafnframt að fara með hlutverk skólanefndar. Þetta fyrirkomulag má rekja aftur til laga um fræðslu barna, nr. 34/1946, en með þeim lögum voru fræðsluráðin sett á stofn. Í 26. gr. þeirra laga er eftirfarandi ákvæði:

„Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir."

Ljóst er að þetta fyrirkomulag gat gilt á þeim tíma sem lög þessi voru sett þegar Reykjavík var kaupstaður með innan við tíu skóla. Nú skipta skólarnir þar tugum og nemendur í grunnskóla voru 14.221 í október sl. Löngu er því tímabært að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skólahverfið Reykjavík í 42 ár.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir þeirri breytingu að við kosningu í skólanefndir í Reykjavík skuli skólanefndarmenn kosnir úr hópi íbúa viðkomandi skólahverfis. Ákvæðið varðar einungis Reykjavík. Það skýrir sig sjálft þar sem breytingarnar varða fyrst og fremst það skólahverfi. Í skólahverfum úti á landi kemur það af sjálfu sér að íbúar á staðnum veljist í skólanefnd.

Í greininni er sett fram viðmiðunartala varðandi fjölda íbúa að baki hverri skólanefnd í Reykjavík. Talan 15 þúsund er sett fram sem æskileg viðmiðun um hámark íbúa.

Um 3. gr.

Flutningsmönnum þykir ástæða til að setja inn í 18. gr. laganna ákvæði um setu fulltrúa foreldra úr skólahverfinu í skólanefnd. Þetta nýmæli er löngu tímabært. Áhrif foreldra á skólastarf þurfa að aukast. Verði þetta frumvarp að lögum geta foreldrar haft bein og aukin áhrif á yfirstjórn skólahverfis síns.

Um 4. gr.

Ljóst er að hér er um töluverðar breytingar að ræða í Reykjavíkurumdæmi sem þarf að undirbúa vandlega og fjalla um af vandvirkni af þar til bærum aðilum. Einnig munu breytingarnar hafa í för með sér einhvern kostnaðarauka. Ekki er áformað að þær komi til framkvæmda fyrr en við næstu sveitarstjórnarkosningar árið 1990. Þannig ætti að gefast góður tími til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að mæta breytingunum.

Ed. 166. Frumvarp til laga [155. mál]

um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.

Flm.: Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið með lögum þessum er að tryggt verði nægilegt lánsfé til húsbygginga, einkum íbúðarhúsa, hjá sérstökum húsnæðislánastofnunum handa þeim sem ekki eiga rétt til húsnæðislána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðislánastofnanir eða húsbankar, sem verða starfræktir samkvæmt lögum þessum, þurfa leyfi félagsmálaráðherra til þess að veita veðlán til íbúðarhúsabygginga á grundvelli sölu á húsbréfum, sbr. 14. gr.

2. gr.

Nafn og samþykktir fyrir húsnæðislánastofnun eru háð samþykki félagsmálaráðherra. Breytingar á samþykktum, nema þær stafi af laga- eða reglugerðarbreytingum, eru háðar samþykki félagsmálaráðherra.

Samruni eða skipting húsnæðislánastofnana getur átt sér stað með samþykki félagsmálaráðherra. Slík ákvörðun skal tekin á aðalfundi stofnunar og er háð sama meiri hluta atkvæða og þarf til að breyta samþykktum.

3. gr.

Húsnæðislánastofnanir, sem starfa samkvæmt leyfi félagsmálaráðherra, hafa einar rétt til þess að nota nöfnin *húsnæðislánastofnun* og *húsbanki*. Í lögum þessum er nafnið *stofnun* notað sem stytt heiti fyrir slíkar stofnanir.

Stofnanir þessar hafa einar rétt til að gefa út og selja húsbréf á frjálsum markaði til þess að geta veitt veðlán til íbúðarhúsa.

Stjórn og starfsemi.

4. gr.

Stjórn stofnunar skal kjörin á aðalfundi hennar eða vera að hluta tilnefnd til ákveðins tíma. Hún er ábyrg fyrir því að starfsemi stofnunar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, svo og samþykktir hennar. Í stjórninni skal vera fulltrúi fyrir skuldunauta stofnunar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa einn fulltrúa í stjórn stofnunar.

Enginn stjórnarmanna má vera ráðinn til starfa við stofnunina.

Ef stofnun er rekin sem hlutafélag skal einnig fylgt ákvæðum laga um hlutafélög.

Allt starfsfólk stofnunar er bundið þagnarskyldu um öll innri mál hennar, svo og um öll útlán.

5. gr.

Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með starfsemi stofnunar og fylgist með því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum, svo og samþykktum hennar; enn fremur að ekki sé farið yfir mörk útlána og nægjanlegar tryggingar fyrir útgáfu húsbréfa séu fyrir hendi.

Stjórn stofnunar skal veita félagsmálaráðherra allar upplýsingar um starfsemi hennar sé þess óskað.

Kostnaður af eftirliti félagsmálaráðherra skal borinn af stofnuninni.

6. gr.

Félagsmálaráðherra getur heimilað stofnun að efna til samstarfs við hliðstæðar erlendar húsnæðislánastofnanir, m.a. með því að hinar erlendu stofnanir geti öðlast eignaraðild að innlendum húsnæðislánastofnunum.

Um lánveitingar.

7. gr.

Í samþykktum stofnunar skal nánar skilgreint hvernig útlánum skuli háttað og hvers konar húsbyggingar séu lánshæfar.

8. gr.

Stofnun ákveður sjálf matsverð fasteignar á grundvelli fasteigna- og brunabótamats, svo og ætlaðs söluverðs hennar. Matsverðið skal ákveðið áður en lánveiting fer fram.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ákvörðun matsverðs og lánveitingar.

Heimilt er að veita veðlán til byggingar áður en framkvæmdir hefjast og miðast þau þá við væntanlegt matsverð fasteignar. Slík veðlán skulu háð því að lögð sé fram bankaábyrgð fyrir veðinu eða önnur jafngóð trygging. Ef matsverð fasteignar er ekki nægjanlegt þegar frestur til að ljúka byggingarframkvæmdum er runninn út og veðlánið er ekki innan þeirra marka, sem sett eru í 9. gr., er lánið allt fallið í gjalddaga.

9. gr.

Lánveitingar til húsbygginga skulu ekki nema hærra hlutfalli af matsverði fasteignar en hér segir:

1. Lán til byggingar íbúðarhúsnæðis mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
2. Lán til kaupa á íbúðarhúsnæði mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
3. Viðbótarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði, sem er með áhvílandi lánum, mega nema allt að 35% af matsverði fasteignar. Samanlagt mega lánin ekki fara yfir 80% af matsverði.
4. Lán til byggingar eða kaupa á sumarbústað mega nema allt að 50% af matsverði fasteignar.
5. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á fasteignum skv. 1.–4. lið má veita innan þess ramma sem þar greinir. Lánið má þó ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn. Taka má tillit til eigin vinnu en slíkt skal háð samþykki stofnunar.
6. Lán til byggingar leiguíbúða mega nema allt að 85% af matsverði fasteignar. Ef leiguíbúð er seld til annarra nota fellur lánið allt í gjalddaga.
7. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á leiguíbúðum má ekki vera hærra en nemur 90% af hinum raunverulega kostnaði; taka má tillit til eigin vinnu samþykki stofnun það.
8. Lán skv. 5. lið má því aðeins veita að lánsupphæðin nemi minnst 5% af matsverði íbúðar eftir að endurbótum er lokið. Aðeins má taka tillit til vinnu sem er innt af hendi innan árs frá því að lánstilboð hefur verið gefið.

9. Ef sveitarstjórn veitir sérstaka ábyrgð á lántöku fyrir endurbótum á fasteignum og umhverfi þeirra, þar sem um er að ræða endurnýjun bæjarhverfis eða útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, má veita lán umfram þau mörk sem sett eru í 5. og 7. lið. Slík lán mega ekki vera hærri en nemur hinum raunverulega kostnaði af endurbótunum sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn.
10. Lán skv. 1.–9. lið mega ekki vera lægri að raunupphæð en 100.000 kr. Þessi upphæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.
11. Ef eigandi íbúðar eða maki hans er ellilífeyrisþegi eða nýtur örorkubóta er heimilt að víkja frá ákvæðum í 10. lið.

Um lánskjör og lánstíma.

10. gr.

Allar lánveitingar stofnunar byggjast á sölu húsbréfa, sbr. 14. gr. Við lánveitingar skal því taka tillit til sölugengis þeirra á hverjum tíma.

Raunvextir veðlána skulu vera breytilegir í samræmi við mismunandi sölugengi húsbréfa. Öllum lánstilboðum skulu fylgja upplýsingar um áætlaða raunvexti lánsins.

Heimilt er að verðtryggja lán með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við verðlagsþróun. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hvernig skuli haga verðtryggingu húsnæðislána.

Heimilt er að setja greiðslumark lána með afkomutryggingu þannig að samið sé fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði (vexti, afborgun og framlag til varasjóðs og rekstrar) eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumark fylgir verðlagsþróun. Ef lántakandi getur ekki staðið við greiðslumark vegna tímabundins atvinnuleysis, veikinda, örorku, slysa eða annars, sem skert hefur tekjur hans án þess að við hafi verið ráðið, greiðist mismunur á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda með afkomutryggingarbótum.

11. gr.

Lánveitingar geta verið með eftirfarandi hætti:

1. Jafngreiðslulán (annuitet) þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til varasjóðs og rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann.
2. Raðlán þar sem um er að ræða jafnar afborganir, en vextir og framlag til varasjóðs og rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma.
3. Blönduð lán þar sem heildarlánveiting er að hluta til jafngreiðslulán og að hluta til raðlán.

Heimilt er að haga afborgunarröð þannig að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

12. gr.

Lánstími veðlána skv. 11. gr. skal vera sem hér segir:

1. 40 ár fyrir lán til byggingar leiguíbúða og til húsnæðissamvinnufélaga.
2. 30 ár fyrir lán til byggingar á einbýlishúsi eða eignaríbúð í fjölbýlishúsi sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
3. 30 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á leiguhúsnæði.
4. 20 ár fyrir lán til kaupa á notaðri íbúð í einbýlis- eða fjölbýlishúsi.
5. 20 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á eignaríbúðum.
6. 15 ár fyrir lán til byggingar sumarbústaða sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
7. 10 ár fyrir lán til annarra hluta, þar með talin lán til viðhalds og breytinga á sumarbústöðum.

13. gr.

Lán má ekki veita til bygginga sem brjóta í bága við byggingarreglugerð og skipulagsreglur viðkomandi sveitarfélags.

Ef notkun byggingar breytist innan tveggja ára frá því að lán til hennar var veitt samkvæmt skilmálum 12. gr., þannig að lánstími miðað við breytta notkun hefði átt að vera styttri, er allt lánið fallið í gjalddaga. Ákvæði hér um skulu vera í veðskuldabréfum lána ásamt kröfu um að lántakandi tilkynni stofnun ef notkun fasteignar breytist.

Ef notkun byggingar er ekki einhlít og um er að ræða bæði leigu- og eignaríbúðir er heimilt að ákvarða lánsmörk og lánstíma sérstaklega fyrir hvern hluta byggingar í samræmi við notkun hans.

Húsbréf.

14. gr.

Stofnun getur staðið að útgáfu húsbréfa sem eru skráð á nafn eða handhafa.

Félagsmálaráðherra getur heimilað að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um útgáfu húsbréfa.

Húsbréf, sem eru í umferð, skulu vera tryggð með veðskuldabréfum sem lántakendur undirrita og þess gætt að heildarnafnverð húsbréfa sé ekki hærra en samanlagt nafnverð allra veðskuldabréfa.

Innlausn húsbréfa fer fram með útdrætti (happdrættisbréf) eða við lok gildistíma bréfanna.

Heimilt er að nota svokölluð rafeindabréf, þ.e. húsbréf sem eingöngu eru skráð, seld og keypt með tölvuboðum.

Varasjóður.

15. gr.

Fjárhagsskuldbindingar stofnunar, umfram þá tryggingu sem felst í 3. mgr. 14. gr., skulu tryggðar á eftirfarandi hátt:

1. Stofnanir, þar sem lántakendur eru gerðir samábyrgir fyrir öllum skuldbindingum hennar allt að ⅔ hlutum matsverðs fasteignar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 5% af nafnverði allra húsbréfa stofnunarinnar sem eru í umferð.
2. Stofnanir, þar sem lántakendur eru án samábyrgðar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 10% af nafnverði allra húsbréfa sem eru í umferð.
3. Varasjóði stofnunar skal skipt niður í allsherjarvarasjóð og varasjóð fyrir hverja röð af húsbréfum sem stofnunin setur í umferð. Heimilt er að reikna með allsherjarvarasjóðnum við uppgjör á því hvort nægjanlegar tryggingar séu að baki hverri röð af húsbréfum.

Reikningshald og endurskoðun.

16. gr.

Reikningar stofnunar skulu sýna nákvæma fjárhagsstöðu og allar skuldbindingar. Endurskoðaðir ársreikningar skulu birtir opinberlega í einu eða fleiri dagblöðum á þann hátt er félagsmálaráðherra samþykkir.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt fyrirmælum sem félagsmálaráðherra setur.

Sérstök ákvæði.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar banka eða sparisjóða mega ekki taka sæti í stjórn stofnunar nema með sérstöku leyfi félagsmálaráðherra.

18. gr.

Ef stjórn stofnunar fer ekki að lögum eða samþykktum hennar eða rýrir verulega tryggingar húsbréfa stofnunar með aðgerðum sínum að mati félagsmálaráðherra getur hann fyrirskipað að stofnunin verði leyst upp.

19. gr.

Ef stjórn, framkvæmdastjórn eða endurskoðendur stofnunar þverskallast við fyrirmælum félagsmálaráðherra um að leiðrétta það sem er í ósamræmi við ákvæði 8.–13. og 15.–17. gr. getur ráðherra beitt þá aðila dagsektum.

20. gr.

Þessi lög öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Það sem hefur einkennt íslenska húsnæðislánakerfið mörg undanfarin ár er óstöðugleiki og sífelld fjárvöntun. Húsnæðislánakerfið er algerlega á vegum ríkisins og hefur sem slíkt alla tíð verið bitbein stjórnmálamanna sem eru sífellt að gera á því breytingar. Það fjármagn, sem húsnæðislánakerfið byggir á, kemur aðallega frá ríkissjóði með beinum framlögum í fjárlögum, oft gegnum erlendar lántökur, og í seinni tíð frá lífeyrissjóðunum gegnum skuldabréfakaup þeirra af byggingarsjóðum ríkisins.

Það hefur því ætíð verið mikið áhættuspil að leggja út í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á Íslandi, einkum hjá launafólki. Það hefur aldrei verið hægt að treysta því að nægilegt fjármagn til útlána sé tryggt fyrir hvert ár í senn. Því hafa myndast langar biðraðir og húsbyggjendur og íbúðarkaupendur hafa ekki getað reitt sig á húsnæðislánin í fjármálalegum forsendum sínum fyrir íðbúðarkaupum eða húsbyggingum. Þetta hefur verið áberandi síðustu árin, einkum eftir að sú breyting varð að lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðunum var slegið saman. Á árinu 1986 kom þannig til samkomulag um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem hefur aukið fjárstreymi til hans svo um munar. Samkvæmt því skyldu allir sjóðfélagar, sem höfðu 20 mánaða lífeyrissjóðsréttindi í þeim lífeyrissjóðum sem samþykktu að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fá lán hjá Húsnæðisstofnun. Aðrir, þ.e. þeir sem ekki höfðu slík réttindi, voru ekki taldir skipta máli. Þannig var ætlað að loksins hefði fundist leið til að tryggja rekstur húsnæðislánakerfisins með ríflegu fé til útlána og koma til móts við íbúðarkaupendur með hærri lánum en áður höfðu þekkst.

Ef hugað er að mismunandi aðstöðu fólks til öflunar á íbúðarhúsnæði er ljóst að mikil gjá er milli þeirra sem höfðu komið sér upp þaki yfir höfuðið áður en almenn verðtrygging húsnæðislána var tekin upp um 1980 og hinna sem eru að festa kaup á íbúð nú. Áður var það ekki óalgengt að fólk gæti komið sér upp stórum einbýlishúsum á fáeinum árum sem næst skuldlausum. Verðbólgan sá um að eyða byggingarskuldunum. Þeir sem nú eru að byggja eða kaupa íbúð eiga aðeins kost á lánum með fullri verðtryggingu. Eignarhlutfall þeirra fer ekki hraðvaxandi eins og áður, heldur er jafnvel hætta á að það minnki með tímanum. Þannig eru þegar mörg dæmi þess að fólk hefur átt í erfiðleikum með sölu á íbúðum með miklum verðtryggðum lánum, t.d. í verkamannabústaðakerfinu, einfaldlega vegna þess að söluverð þeirra heldur ekki í við verðtryggðu lánin. Áhvílandi lán með uppfærðum verðbótum eru orðin mun hærri en markaðsverð íbúðarinnar. Þetta er einkum bagalegt úti á landsbyggðinni þar sem verðmæti fasteigna er mun minna en gerist t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þess eru mörg dæmi að fasteignir í dreifbýli seljist ekki með öðrum hætti en þeim að

kaupandi tekur að sér að halda áfram að greiða af áhvílandi lánum án nokkurrar greiðslu til fyrri eiganda.

Þessi hætta ágerist eftir því sem lánshlutfall verðtryggðra lána eykst. Það er fyrirsjáanlegt að mikil hætta er á því að allar minni íbúðir, sem verða byggðar og keyptar á næstu árum með fullum húsnæðismálalánum (þau geta nú numið allt að 3,3 millj. kr.), muni ekki halda verðgildi sínu í takt við lánskjaravísitölu. Þannig gæti skapast það ástand að stór hluti fólks sitji í íbúðum sem það getur ekki selt vegna þess að skuld við Byggingarsjóð ríkisins er meiri en söluverð íbúðarinnar. Það má því segja að Byggingarsjóður ríkisins eigi allar slíkar íbúðir. Fólkið er í raun orðið að leiguliðum hjá ríkinu. Það á ekkert í íbúðinni þótt hún sé þinglýst á nafn viðkomandi, en hefur samning um afnot af henni næstu 40 árin meðan það stendur í skilum. Sjálfseignarstefnan margrómaða er í reynd hrunin.

Þrátt fyrir þessa augljósu vankanta á núverandi húsnæðislánakerfi hefur umræðan nær eingöngu snúist um biðraðirnar, þ.e. hvernig eigi að sjá til þess að hægt sé að afgreiða þessi lán með hengingaról til allra umsækjenda sem fyrst. Umsóknirnar hrannast upp því fólk verður að hafa þak yfir höfuðið hvort sem lánin eru óheppileg eða ekki. Það á ekki annarra kosta völ. Allar aðgerðir stjórnvalda og hagsmunaaðila hafa því einkum einkennst af því að útvega meira fjármagn til kerfisins og reyna að finna leiðir til þess að stytta biðraðirnar. Þannig var á síðasta þingi samþykkt frumvarp þess efnis að skilgreina betur forgangshópa til húsnæðislána og takmarka aðgang þeirra sem eiga miklar eignir fyrir.

Ekki virðist þessi ráðstöfun hafa gagnað. Þannig voru um 9500 umsóknir óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í upphafi árs 1988. Það mun taka um þrjú ár að afgreiða þessar umsóknir og biðtíminn eftir lánum er því um tvö og hálft til þrjú ár. Á þessu ári hafa borist að meðaltali um 420 umsóknir á mánuði eða 3790 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins. Á sama tíma hafa verið afgreidd að meðaltali um 270 lánsloforð á mánuði eða samtals 2700 fyrstu tíu mánuði ársins 1988. Ekkert bendir því til þess að tekist hafi að stemma stigu við hinum mikla flaum umsókna eða finna leiðir til þess að auka fjárstreymi til kerfisins svo hægt sé að stytta biðtímann eftir lánum.

Tvöfalt húsnæðislánakerfi.

Þeirri skoðun hefur oft verið hreyft að bankakerfið eigi að taka að sér húsnæðislánin, bankarnir geti algerlega séð um öll húsnæðislán og þurfi ríkið ekki að skipta sér frekar af þeim. Flutningsmenn telja að slíkt kerfi muni aldrei geta gengið í þessu fámenna þjóðfélagi. Bankarnir eiga fullt í fangi með að sinna lánum til atvinnurekstrar og veita lán til skamms tíma til að fjármagna kaup á alls kyns neysluvörum, bílum, heimilistækjum og Spánarferðum svo eitthvað sé nefnt. Þeir veita einnig skammtímalán vegna húsbygginga og íbúðakaupa og munu þurfa að halda því áfram hvaða húsnæðislánakerfi yrði svo sem fundið upp. Það að veita langtímaveðlán, allt að 40 ára lán, vegna fasteigna samræmist illa þeim bankarekstri sem landsmenn þekkja til. Þá hefur þeirri spurningu heldur ekki verið svarað: Hvar eiga bankarnir að finna eða skapa það fjármagn sem óseðjandi húsnæðislánkerfið þarfnast? Má benda á það að bankarnir mundu aðallega geta sinnt þeim sem hafa góða afkomu og ættu auðveldara með að greiða hina háu markaðsvexti af húsnæðislánum bankanna. Eftir sem áður verður nauðsynlegt að ríkisvaldið sinni málefnum þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þannig verða félagslegar íbúðir áfram að vera undir verndarvæng ríkisins og eins verður það að sinna ungu fólki sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að standa undir miklum lánum með markaðsvöxtum.

Flutningsmenn leggja því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og

Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Eru flutningsmenn að undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í þessu skyni. Þar segir um hlutverk hins sameinaða byggingarsjóðs ríkisins.

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir öryrkja.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.“

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum, til 1) íbúða fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, 3) til byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) til byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) til að takast á við sérstök verkefni félagsleg, tæknileg og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmenn hafa fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps. Starfsemi hennar og fjárþörf umfram það sem endurgreiðslur lána tryggja verður eftir sem áður fjármögnuð með ríkisframlögum og skuldabréfaútgáfu. Ljóst er að því aðeins er hægt að veita hagstæð lán til ofangreindra forgangshópa.

Í öðru lagi þarf að sinna þeim sem ekki koma til með að eiga aðgang að Húsnæðisstofnun. Það er sá hópur sem þegar á íbúð og hefur væntanlega fengið lán á hagstæðum kjörum hjá Húsnæðisstofnun áður. Þetta munu vera rúmlega 60% þeirra sem eru á almennum fasteignamarkaði. Hér er um að ræða íbúðareigendur sem ætla að stækka við sig eða minnka við sig, breyta eða lagfæra íbúðir sínar og þurfa að flytja milli staða og selja og kaupa íbúð þess vegna, svo dæmi séu tekin.

Til þess að tryggja aðgang þessa hóps að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telja flutningsmenn að nauðsynlegt sé að koma upp sérstökum húsnæðislánastofnunum, húsbönkum, sem hafi það hlutverk eingöngu að veita slík lán. Slíkir húsbankar verða að lúta lögmálum þess fjármagns- og viðskiptakerfis sem landsmenn búa við, en með heppilegri löggjöf má ætla að þeir geti haft jákvæð áhrif á þróun fjármála í landinu, einkum lánskjör og stefnumótun í verðtryggingar- og vaxtamálum. Flutningsmenn gera ráð fyrir því að bankarnir, tryggingafélög, hagsmunasamtök launþega og lífeyrissjóðirnir muni koma upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum. Mikilsvert er að vel til takist. Almenningur verður að geta borið fullt traust til slíkra lánastofnanna ef á að vísa honum að hluta til frá húsnæðislánakerfi ríkisins yfir til sjálfstæðra stofnana.

Það lagafrumvarp, sem hér er lagt fram og skilgreinir starfsemi slíkra húsbanka, er byggt á erlendum fyrirmyndum. Slíkir húsbankar eru víða starfandi í nágrannalöndum okkar og hafa gefið góða raun. Húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna virðist yfirleitt vera í góðum farvegi og hinar örvæntingafullu ráðstafanir, sem sífellt er verið að gera á Íslandi til þess að bjarga gjörónýtu húsnæðislánakerfi okkar, óþekktar með öllu. Stjórnmálamenn nágrannalandanna þurfa ekki að hafa mikil afskipti af húsnæðislánamálum, um þau hefur ríkt friður

og ró um áratugaskeið, jafnvel um aldir. Þannig hefur danska húsnæðislánakerfið lítið breyst frá því að fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar um miðja síðustu öld. Það vekur nokkra furðu að Íslendingar skuli ekki hafa borið gæfu til þess að nýta sér danska húsnæðislánakerfið meðan þeir voru í ríkjasambandi við Danmörku.

Um húsbanka.

Það form sjálfstæðra húsnæðislánastofnana, sem þetta lagafrumvarp gerir ráð fyrir, er byggt á ævagömlum hugmyndum Friðriks mikla Prússakonungs, en hann setti það fram í stjórnartíð sinni til að auðvelda borgarastéttinni að eignast eigið húsnæði. Fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Þýskalandi um miðbik átjándu aldar. Danir tóku þessar hugmyndir til sín og gerðu tilraun til þess að stofna húsnæðislánastofnun í Danmörku seint á átjándu öld. Það var þó ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar að húsnæðislánastofnanir, þar sem lántakendur mynda með sér félagsskap til að fara með og ábyrgjast húsnæðislán þeirra, komu þar til sögunnar. Dönsku húsnæðisstofnanirnar hafa þróast og breyst gegnum árin, en grundvallarhugmyndin er hin sama, þ.e. lántakendur ábyrgjast sameiginlega öll útlán stofnunarinnar og eru jafnframt félagar í henni. Í seinni tíð hefur þó verið heimilt að húsbankar séu reknir í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum í frumvarpinu.

Húsbankarnir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa (obligationer) sem þeir hafa einkarétt til að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er um að ræða venjuleg skuldabréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á fjármagnsmarkaðnum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina þannig að nægt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán húsbankans byggja algerlega á sölu húsbréfanna verður að vera jöfnuður milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg að röð húsbréfa er sett á markað með reglulegu millibili (blokemission) og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsóknir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum er óþekkt fyrirbrigði í Danmörku. Lánsumsókn er venjulega afgreidd og lánið veitt innan viku frá því að hún barst.

Dönsku húsbréfin njóta mikils trausts meðal almennings. Algengt er að gefa börnum húsbréf í skírnar- og fermingargjafir. Það eru þó fyrst og fremst bankar og tryggingafélög sem geyma lausafé sitt í húsbréfum. Húsbréfin eru auglýst til sölu í öllum bönkum og peningastofnunum. Gengi þeirra, þ.e. söluverð og raunvextir, er skráð á viðskiptasíðum dagblaðanna á hverjum degi. Ef óheppileg þróun söluverðs húsbréfa er fyrirsjáanleg kemur danski seðlabankinn yfirleitt til aðstoðar og kaupir húsbréf í miklu magni.

Í seinni tíð hefur bankakerfið í Evrópu í æ ríkara mæli farið inn á bein tölvuviðskipti. Þetta hefur gert nauðsynlegt að skilgreina og heimila svokölluð rafeindabréf (elektroniske obligationer). Rafeindahúsbréf eru aðeins til í tölvukerfi stórbankanna, tryggingafélaga og verðbréfasala svo dæmi séu nefnd. Þau ganga kaupum og sölum á venjulegan hátt, en eru aldrei skráð á pappír. Þannig er hægt að selja eða kaupa mikið magn af húsbréfum á svipstundu.

Aðalatriði þessa húsnæðislánakerfis er það að lánsumsækjandi sendir inn umsókn og fær húsnæðislán til margra ára. Hann skrifar undir veðskuldabréf fyrir öllu láninu handa stofnuninni. Þessi veðskuldabréf ásamt varasjóði stofnunarinnar er sú trygging sem liggur að baki húsbréfanna. Þess vegna er nauðsynlegt að veðskuldabréfin séu gefin út af stofnuninni og á ábyrgð hennar. Það er ekki hægt að treysta óviðkomandi aðilum að gefa út slík veðskuldabréf og ætla stofnuninni að vera einhver skiptimiðstöð fyrir veðskuldabréf og

húsbréf. Húsbréfin eru þannig hin eiginlegu verðmæti sem lántakandinn fær að láni. Í seinni tíð hefur orðið sú breyting að stofnunin sér sjálf um sölu húsbréfanna fyrir lántakanda sem verður því ekkert var við húsbréfin. Hann fær beinharða peninga að láni. Áður var þó algengara að lántakandinn yrði sjálfur að selja húsbréfin sem stofnunin afhenti honum við móttöku veðskuldabréfsins. Eftir sem áður er stofnunin óháð utanaðkomandi fjármagni sem lagt er til hennar á beinan hátt.

Til að koma upp íslenskum húsbönkum er talið ráðlegt að nota hlutafélagaformið þótt það sé ekki einhlítt. Eðlilegt er að lífeyrissjóðirnir hafi frumkvæði að stofnun húsbanka í samvinnu við bankakerfið.

Lánskjör.

Það sem hefur í mörg ár gert lánveitingar illframkvæmanlegar á Íslandi er verðbólgan. Með almennri verðtryggingu útlána, sem hófst um 1980, hefur verið reynt að gera útlán almennt og sér í lagi löng veðskuldalán óháð verðbólgunni. Lánskjaravísitalan var tekin upp 1. júní 1979 í samræmi við svokölluð Ólafslög frá sama ári. Um fátt hefur verið meira deilt í umræðu um efnahagsmál á Íslandi en lánskjaravísitöluna og áhrif hennar. Hún hefur að margra dómi reynst hinn mesti bölvaldur í íslensku efnahagslífi, en aðrir telja að hún sé forsenda fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Þróun efnahagsmála eftir að lánskjaravísitalan kom til sögunnar hefur hins vegar ekki verið sérlega hagstæð ef litið er á breytingar á nokkrum þekktum efnahagsstærðum síðustu tíu árin.

Í töflu 1 er sýnd þróun gjaldeyrisvísitalna, þ.e. vestur-þýsks marks (DM), bandarísks dals (USD), ensks punds (BPD) og danskrar krónu (DKK), og enn fremur þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, launavísitölu og kaupgjaldsvísitölu tímabilið 1979 til 1988. Allar vísitölurnar eru hundraðastilltar miðað við júní 1979, en þá var lánskjaravístalan fyrst skráð. Gengisvísitölurnar eru reiknaðar miðað við meðalgengi hvers árs, en aðrar vísitölur eru júnítölur hvers árs.

Tafla 1.

Þróun verðlags á Íslandi 1979–1988.

	1979	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*	*1988*
DM	100	138	166	266	505	576	739	986	1116	1252
USD	100	136	206	356	710	899	1178	1166	1097	1209
BPD	100	150	195	291	507	564	723	808	849	1008
DKK	100	127	152	222	406	456	590	760	844	934
Lánskjaravísitala	100	180	245	359	656	885	1144	1448	1687	2051
Byggingarvísitala	100	158	239	370	672	786	1037	1294	1534	1751
Launavísitala	100	152	232	353	558	716	747	1215	1598	2060
Kaupgjaldsvísitala		152	228	336	530	604	785	968		

Tölurnar í þessari töflu segja alla söguna. Fram til 1985 virðist allt með felldu og gengisskráning breytast í takt við verðlagsþróunina. Upp úr því fer allt úr böndum og verðlag innan lands geysist fram miðað við nágrannalöndin. Svo virðist sem gengið sé nú vitlaust skráð sem nemur tugum prósenta. Á þennan hátt virðist lánskjaravísitalan hafa haft

óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf landsmanna, einkum útflutningsfyrirtæki sem ramba nú flest á barmi gjaldþrots. Hefðu einstaklingar og atvinnufyrirtæki fengið að taka erlend lán beint í þeim erlendu gjaldmiðlum, sem taflan sýnir, væri skuldastaðan allt önnur og betri en með innlendum lánum á lánskjaravísitölu.

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki. Enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Misgengishópurinn, sem varð að þola stórhækkun lánskjaravísitölu umfram kaupgjaldsvísitölu á árunum 1983–1984, hefur enn ekki fengið leiðréttingu sinna mála hvað húsnæðislánin áhrærir. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki mikið hagstæðari. Kaupmáttaraukningin 1987 sýnir þó hagstæða útkomu árið 1988. Það að breyta lánskjaravísitölunni, þannig að launin vegi þyngra eða allt að 70% í vísitölunni, virðist vera stórhættulegt. Má búast við því að lánskjaravísitalan taki kipp upp á við þegar samningar verða á ný frjálsir á næsta ári og haldi áfram að skrúfa upp verðbólguna sem aldrei fyrr. Sjálfvirk tenging vísitalna við mikilvæga þætti efnahagslífsins svo sem fjárskuldbindingar og laun er afar óheppileg og verðbólguhvetjandi. Augljóslega verður að leita leiða til þess að tryggja kaupmátt og fjárskuldbindingar með öðrum hætti en beinum vísitölutengingum.

Í frumvarpinu er því einungis gert ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja lán en jafnframt bent á aðra valkosti. Nágrannaþjóðirnar hafa ekki nema að litlu leyti farið inn á þá braut að verðtryggja lán. Finnar voru einir Norðurlandaþjóðanna með almenna verðtryggingu fjárskuldbindinga fram til 1967 er þeir tóku sína lánskjaravísitölu úr sambandi. Efnahagsástand í Finnlandi er nú betra en það var áður og verðbólga mjög lítil. Í Danmörku er boðið upp á vísitölutengd lán í einhverjum mæli. Eru þau þá tengd við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu. Yfirleitt er fólki ráðið frá því að taka slík lán og fremur hvatt til að taka venjuleg skuldabréfalán með afföllum. Vísitölubundin lán eru talin koma helst til greina þar sem hægt er að tengja rekstur fasteignar við sömu vísitölu. Þannig má hugsa sér að nota vísitölubundin lán til byggingar leiguíbúða þar sem húsaleigan fylgir sömu vísitölu.

Húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána (rentetilpasningslån) ryðja sér til rúms í nálægum löndum. Þau byggja á því að fyrir t.d. 40 ára veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. fimm ára í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er á ný samið um fasta vexti til næstu fimm ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og svo koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við 40 ára lánstíma og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað á t.d. fimm ára fresti. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir.

Í töflu 2 eru yfirlit sem sýna vexti og afföll af skuldabréfum fyrir vaxtaaðlögunarlán sem stærsta húsnæðislánastofnun Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, býður þýskum húsbyggjendum og íbúðarkaupendum á lánamarkaði í Frankfurt.

Tafla 2.

Vextir og kaupgengi vaxtaaðlögunarskuldabréfa.
(Lánamarkaður í Frankfurt, 20. október 1987.)

Lánstími 30 ár			Vaxtaaðlögunartímabil				
			Kaupgengi skuldabréfs				
Nafn-vextir	Upphafleg afborgun	Árleg greiðslubyrði	5 ár	7 ár	8 ár	10 ár	15 ár
4,0%	1,78%	5,78%					
4,5%	1,54%	6,14%	90,71				
5,0%	1,51%	6,51%	92,70				
5,5%	1,38%	6,88%	94,71	90,27			
6,0%	1,26%	7,26%	96,73	92,82	90,59		
6,5%	1,16%	7,66%	98,76	95,39	93,37	91,57	
7,0%	1,06%	8,06%	100,79	97,97	96,17	94,78	91,41
7,5%	0,97%	8,47%		100,57	99,00	98,01	95,32
„Raunvextir" að viðbættu 0,5% lántökugjaldi			7,15%	7,75%	8,05%	8,15%	8,45%

Samkvæmt þessari töflu eru raunvextir vaxtaaðlögunarlána frá 7,15% að 8,45% á ári. Raunvaxtahugtakið er þó mjög villandi, a.m.k. eins og það hefur verið túlkað hér á landi. Raunvextirnir í töflu 2 eru reiknaðir út miðað við kaupgengi skuldabréfanna. Það er ekki tekið tillit til verðbólgu með öðrum hætti. Raunvextir á Íslandi eru hins vegar miðaðir við ávöxtun á lánskjaravísitölulánum. Samkvæmt töflu 1 er ljóst að slíkir raunvextir eru allt aðrir og hlutfallslega hærri en raunvextir samkvæmt hinni venjulegu skilgreiningu nágrannalandanna.

Það er forvitnilegt að dönsku húsnæðislánastofnanirnar hafa fengið heimild til þess að veita dönsk húsnæðislán í löndum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hafa þær hafið starfsemi í Portúgal, Þýskalandi og Wales. Danska húsnæðislánakerfið virðist þannig ráða auðveldlega við heimamarkaðinn og geta bætt á sig húsnæðislánum til annarra landa. Í viðræðum, sem annar flutningsmanna átti við fulltrúa Kreditforeningen Danmark, kom fram að vel gæti komið til greina að stofnunin veitti húsnæðislán til Íslands annaðhvort í samvinnu við hliðstæða íslenska stofnun eða með því að stofna útibú á Íslandi. Eftir verðlagsþróuninni að dæma hefði ekki verið ónýtt að geta tekið dönsk húsnæðislán í staðinn fyrir íslensk lán með lánskjaravísitölu.

Að lokum er rétt að minnast á lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Þau eru byggð á bandarískri fyrirmynd en einnig er farið að tala um afborgunartryggingu í nálægari löndum svo sem í Danmörku. Lántakandi, sem fær t.d. 25 ára veðlán, semur um það við húsbankann að sett sé greiðslumark á lánið, þ.e. mánaðarleg eða árleg greiðslubyrði af láninu, vextir, afborgun, hugsanleg verðtrygging o.fl., fari ekki upp fyrir greiðsluþol hans miðað við þær tekjur sem hann hefur við upphaf lánstímans. Samhliða greiðslumarkssláninu er keypt afkomutrygging þannig að tryggingafélag tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og greiðsluþoli lántakanda við atvinnumissi, veikindi, missi maka eða annað óvænt sem hefur áhrif á afkomu lántakandans. Oft er afkomutryggingin tekin á þann hátt að lánstíminn er lengdur, t.d. úr 25 árum í 35 ár, án þess að greiðslubyrði vegna lánsins sé minnkuð. Mismunurinn, þ.e. það sem greiðslubyrðin hefði átt að minnka um, er iðgjaldið sem lántakandinn greiðir fyrir afkomutrygginguna. Þannig er á einfaldan og hagkvæman hátt komið í veg fyrir að lántakandinn lendi í greiðsluerfiðleikum sem því miður er að verða regla fremur en undantekning hjá stórum hópi íslenskra lántakenda.

Það er skoðun flutningsmanna að væru einhverjar af þeim hugmyndum sem hér hefur verið lýst notaðar til að bæta húsnæðislánakerfi landsmanna mundi stórt skref verða stigið í þá átt að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við búum við í húsnæðislánamálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra geti veitt heimild til starfsemi sérstakra húsbanka sem fást eingöngu við lánveitingar til húsbygginga, aðallega íbúðarhúsa. Slíkir húsbankar koma til með að sinna þeim sem ekki eiga rétt til lána úr Byggingarsjóði ríkisins sem eingöngu er ætlaður til lána fyrir félagslegar íbúðarbyggingar og stofnanir.

Um 2. gr.

Húsbankar, sem starfa samkvæmt þessum lögum, verða að haga starfsemi sinni í samræmi við þær reglugerðir sem félagsmálaráðherra setur um húsnæðislánastofnanir. Nauðsynlegt er að tryggja rækilega hagsmuni lántakenda og veita þeim þá vernd sem er nauðsynleg til að húsnæðislánakerfi landsmanna gangi snurðulaust. Á sama hátt verður að tryggja að húsnæðislánastofnanir fái traustan rekstrargrundvöll og bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu.

Um 3. gr.

Miðað við að húsbankar verði háðir eftirliti félagsmálaráðherra er eðlilegt að þeir hafi einkarétt á því að nota heitið „húsbanki“ eða „húsnæðislánastofnun“. Enn fremur er nauðsynlegt að einkaréttur húsbanka til útgáfu á húsbréfum sé ótvíræður. Húsbréfin verða að njóta sambærilegs trausts kaupenda og t.d. verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar starfi í líkingu við bankaráð og stjórnir hlutafélaga. Talið er eðlilegt að fulltrúi lántakenda eigi sæti í stjórninni og félagsmálaráðherra, með hliðsjón af eftirlitshlutverki hans, geti einnig skipað fulltrúa í stjórnina.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nánar á um eftirlitshlutverk félagsmálaráðherra. Nauðsynlegt er talið að slíkir húsbankar starfi undir ströngu eftirliti félagsmálaráðherra þar sem um er að ræða langtímaveðlán til íbúðarbygginga fyrir allan almenning. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig rekstri húsbanka skuli háttað þannig að fullt samræmi sé milli slíkra stofnana.

Um 6. gr.

Erlendar húsnæðislánastofnanir hafa í vaxandi mæli tekið upp samstarf og hafið tilraunir með lánveitingar í öðrum löndum. Í breytingu, sem var gerð á dönsku húsbankalögunum 1986, er veitt heimild til þess að húsnæðislánastofnanir í Danmörku geti veitt húsnæðislán til landa sem eiga aðild að OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Aðild að samstarfi erlendra húsnæðislánastofnana getur bæði veitt aðgang að margþættum upplýsingum og gögnum varðandi húsnæðislánamál almennt og einnig leitt til þess að erlent fjármagn fengist til húsnæðislána á Íslandi á mjög hagstæðum kjörum.

Um 7. gr.

Í samþykktum húsnæðislánastofnunar er gert ráð fyrir að gæðakröfur til bygginga séu skilgreindar, enn fremur að þar verði ákvæði um að byggingar skuli vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Um 8. gr.

Matsverð fasteigna, sem húsnæðislánastofnun byggir veðhæfni þeirra á, er ákveðin af og á ábyrgð stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti sett nánari reglur um það hvernig mati á veðhæfni fasteigna skuli háttað. Nauðsynlegt er þó að húsnæðislánastofnanir hafi tiltölulega frjálsar hendur við ákvörðun matsverðs innan þess ramma sem félagsmálaráðherra setur. Þannig er hugsanlegt ef fleiri en einn húsbanki verður starfræktur samkvæmt þessum lögum að einhver samkeppni geti skapast á grundvelli matsverðsins. Umsækjendur um lán til fasteigna munu þá leita eftir lánstilboðum frá starfandi húsbönkum og hugsanlega taka því tilboði sem gerir ráð fyrir hæstu matsverði að öðrum þáttum undanskildum.

Huga þarf sérstaklega að vandamálum íbúðareigenda á landsbyggðinni vegna mjög mismunandi fasteignaverðs á landinu. Finna þarf leiðir til þess að fólk festist ekki í fjötrum vegna verðlítilla fasteigna á afskekktum stöðum og eins að tryggja það að minni veðhæfni fasteigna úti á landi í sumum tilvikum skerði ekki möguleika á húsnæðislánum. Stundum verður þó að gera ráð fyrir að koma verði til lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í stað þess að veita framkvæmdalán, eins og tíðkast hefur af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins, gerir jafnvægisskilyrðið, þ.e. að jafnvægi sé á milli útgáfu húsbréfa og útlána, það nauðsynlegt að veitt sé bráðabirgðaveðlán gegn bankatryggingu miðað við væntanlegt matsverð fasteignar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er hámark lánshlutfalls miðað við matsverð fasteignar skilgreint fyrir hinar mismunandi tegundir fasteigna. Til þess að örva byggingu leiguíbúða, sem mikil þörf er fyrir, er gert ráð fyrir hæsta lánshlutfalli til þeirra. Þá eru skilyrði um lágmarksupphæð lána. Enn fremur er gert ráð fyrir lánum til fegrunar á umhverfi og til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og jafnvel endurnýjunar heilla bæjarhverfa í þeim tilvikum að sveitarstjórn sér sér hag í því að slíkar framkvæmdir eigi sér stað.

Um 10. gr.

Hér er lýst uppruna þess fjármagns sem er notað til útlána. Það er fengið með sölu húsbréfa á frjálsum markaði. Húsbréfin eru skilgreind sem hver önnur verðbréf eða spariskírteini sem hafa ákveðið sölugengi á hverjum tíma. Kemur það til með að endurspeglast í þeim lánskjörum sem stofnunin getur boðið. Til greina getur komið að lántakendur annist sjálfir sölu á húsbréfunum, þ.e. að húsbankinn afhendi lántakanda jafnmikið magn húsbréfa og lánsupphæðin segir til um. Ef sölugengi húsbréfanna er 90% fær lántakandinn 90% af lánsupphæðinni til ráðstöfunar. Hér er því í raun um að ræða lán með afföllum. Það er hins vegar meginatriði þessarar lagagreinar að lánveitingar séu ekki endilega verðtryggðar, þótt það sé heimilt.

Nú er algengara að lántakandi fái hreint peningalán, þ.e. að húsbankinn sér um að selja húsbréfin. Með þeim hætti er hægt að setja upp fjölbreyttari lánskjör. Lánin og þar með húsbréfin geta verið vísitölutryggð. Þá er einnig hægt að nota vaxtaaðlögunarlán eins og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan. Húsbréfin þurfa þá aðeins að hafa gildistíma til jafns við umsamið vaxtatímabil, þ.e. á bilinu 3–10 ár.

Afkomutrygging vegna húsnæðislána er nýmæli sem lauslega hefur verið athugað af nokkrum aðilum hérlendis. Svo virðist sem líftryggingafélög í Bandaríkjunum selji lántakendum húsnæðislána afkomutryggingar sem tryggja að þeir lendi ekki í greiðsluerfiðleikum vegna atvinnumissis, heilsuleysis, slysa o.s.frv. Í Danmörku er einnig í undirbúningi að bjóða afborgunartryggingar (terminsforsikring) sem verka á svipaðan hátt.

Um 11. gr.

Það þykir rétt að skilgreina sjálft lánsformið í lögunum. Yfirleitt hafa jafngreiðslulán tíðkast hérlendis. Þau hafa þann ókost í för með sér að endurgreiðsla lánsins er mjög hæg í fyrstu. Raðlán, þar sem afborgun lánsins er föst upphæð en vextirnir bætast síðan við þannig að heildargreiðslan er breytileg og lækkandi þegar líður á lánstímann, þekkist einnig. Með því að blanda þessum lánsformum saman er hægt að ná fram hagstæðari endurgreiðslu lánsins sem getur komið bæði lántakanda og stofnuninni til góða.

Um 12. gr.

Hér er lánstími veðlána skilgreindur eftir notkun bygginga sem lánað er til. Lánstíminn er lengstur fyrir leiguíbúðir til þess að húsaleiga geti verið sem lægst. Með því að taka upp skynsamlegri húsnæðislán en þau sem byggja á lánskjaravísitölu er hægt að hafa lánstímann skemmri en gerist í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins án þess að greiðslubyrði aukist að mun.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er að hafa ákveðnar reglur um notkun og gerð þeirra bygginga sem lánað er til. Hugsanlegt er að tæknideild húsnæðislánastofnunar verði að segja til um hvort bygging standist tæknilegar kröfur og skipulagsreglur áður en lán er veitt.

Um 14. gr.

Húsbréfunum hafa verið gerð allgóð skil í umsögn um 10. gr. Hér er nánar kveðið á um með hvaða hætti húsbréfin tengjast veðskuldabréfum lántakenda sem þeir undirrita og afhenda húsbankanum. Nafnverð allra slíkra veðskuldabréfa skal a.m.k. vera jafnhátt nafnverði allra húsbréfa sem eru í umferð. Þessi jafnaðarkrafa er undirstöðuatriði varðandi lánveitingar sem byggjast á húsbréfum.

Húsbréfin geta verið mismunandi. Happdrættisbréf eru seld með föstum vöxtum. Sölugengi þeirra fer eftir raunvaxtakröfu markaðarins hverju sinni. Vextir af húsbréfunum eru greiddir handhöfum um leið og vextir af veðlánum eru greiddir til húsbankans. Samanlögð afborgun þeirra lána sem byggjast á happdrættisbréfunum er hverju sinni notuð til þess að endurgreiða húsbréf sem eru dregin út. Þannig fær handhafi bréfs, sem hefur verið dregið út, nafnverð þess endurgreitt án tillits til þess söluverðs sem hann greiddi fyrir bréfið á sínum tíma. Ef um er að ræða pappírslaus bréf, þ.e. rafeindabréf, er upphæðin færð inn á reikning skráðs handhafa sjálfkrafa.

Vísitölutryggð bréf eru ekki dregin út til greiðslu, heldur hafa þau sama gildistíma og veðlánið sem byggist á þeim. Fær handhafi slíkra húsbréfa vexti og afborgun greidd í takt við greiðslur af veðlánunum. Skammtímabréf eru notuð vegna vaxtaaðlögunarlána og fylgja samningstíma vaxta. Þau eru ekki dregin út til greiðslu heldur innleyst við lok samningstíma vaxta.

Ef lántakandi vill greiða upp lán sitt hjá stofnun verður hann að afhenda henni jafnmikið magn húsbréfa úr þeirri röð bréfa sem seld var til að mynda lánið og svarar til þess er hann skuldar af höfuðstól lánsins.

Um 15. gr.

Húsnæðislánastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er gert skylt að hafa varasjóð til þess að tryggja fjárskuldbindingar sínar, einkum húsbréfin. Gerður er greinarmunur á mismunandi húsnæðislánastofnunum, þ.e. stofnunum sem eru félög lántakenda og húsbönkum sem eru reknir sem hlutafélög.

Varasjóðir húsnæðislánastofnana eða húsbanka verða að svara til 5% af skuld lántakenda við stofnunina hverju sinni ef um félag lántakenda er að ræða en 10% af skuld

lántakenda ef um hlutafélag er að ræða. Varasjóðirnir myndast með lántökugjöldum, varasjóðsgreiðslum, sem eru hluti af föstum greiðslum lántakenda og refsivöxtum vegna vanskila. Allar eignir stofnunar teljast til varasjóðs hennar.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Talið er að ekki fari saman afskipti af stjórn húsnæðislánastofnana og venjulegra bankastofnana.

Um 18. gr.

Hér er enn hert á eftirlitshlutverki félagsmálaráðherra sem er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hinna fjölmörgu lántakenda sem eru í húfi.

Um 19. gr.

Sektarákvæði greinarinnar gerir félagsmálaráðherra kleift að tryggja það að farið sé eftir fyrirmælum hans.

Um 20. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 167. Fyrirspurn [156. mál]

til utanríkisráðherra um atkvæðagreiðslur á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Um hvaða mál, sem varða mannréttindi og afvopnun, hafa Norðurlandaþjóðirnar fimm verið ósammála í atkvæðagreiðslum á þingi Sameinuðu þjóðanna á sl. 10 árum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á loðnuvertíðinni 1988–1989.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir upphaf yfirstandandi loðnuvertíðar var heildarloðnukvótinn fyrir tímabilið frá júlí til október ákveðinn 500 þús. lestir. Þegar tekið hafði verið tillit til endanlegs afla á síðustu vertíð

komu 398 þús. lestir í hlut Íslands en 102 þús. lestir í hlut Noregs. Veiðar bæði íslenskra og norskra skipa gengu illa í sumar og enda þótt norskum skipum væri 28. júlí heimilað að stunda veiðar á allt að 40 þús. lestum af loðnu í íslenskri lögsögu til 10. ágúst 1988, varð heildarafli Norðmanna í sumar aðeins rétt um 12 þús. lestir samtals og var sá afli fenginn bæði í lögsögu Íslands og Jan Mayen.

Að loknum frekari rannsóknum á stærð loðnustofnsins nú í október var ákveðin 360 þús. lesta aukning heildaraflamagnsins og eiga Norðmenn skv. 2. mgr. 4. gr. samkomulags Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 rétt á 15% hlutdeild í því viðbótarmagni eða 54 þús. lestum.

Norðmenn óskuðu eftir veiðiheimildum innan íslenskrar lögsögu og að höfðu samráði við hagsmunaaðila hér á landi var gert samkomulag um að veita norskum skipum heimild til veiða á 54 þús. lestum. Jafnframt var gert ráð fyrir því að Norðmönnum yrðu leyfðar veiðar á þeirri hlutdeild sem þeir ættu kæmi aftur til aukningar á heildarveiðimagninu að loknum stofnstærðarmælingum í janúar 1989. Samkomulag þetta er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Fyrir árin 1986, 1987 og 1988 var gert samkomulag við Norðmenn um heimildir til loðnuveiða innan lögsögu Íslands. Þær heimildir miðuðust við tímabilið 1. janúar til 15. febrúar ár hvert og voru veiðar auk þess síðasta árið ekki leyfðar vestan 13° V sunnan 64° 30' N. Samkomulagið gerir ráð fyrir að veiðar geti hafist 5. desember en veiðiheimildir falli úr gildi 15. febrúar. Veiðar verða jafnframt bannaðar vestan 13° V sunnan 64° 30' N.

Með þingsályktunartillögu þessari er þess farið á leit að Alþingi heimili staðfestingu samkomulagsins.

Fylgiskjal.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 1. desember 1988.

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å vise til drøftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for våre to regjeringer om norsk interesse for å fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i desember 1988/februar 1989. Drøftelsene har funnet sted på grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1988–89 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan bekrefte at man under de nevnte drøftelser er blitt enig om følgende:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 5. desember 1988 til 15. februar 1989 inntil 54.000 tonn lodde, og også den del som tilfaller Norge ved eventuell ytterlige forhøjelse af totalfangsten, med den begrensning at loddefiske i området sør for 64°30' N, vest for 13°00' V er forbudt.
2. Slik tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellem våre to regjeringer, sem trer midlertidig i kraft

ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, Herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Per Aasen
ambassadør

Hans Eksellense
Utenriksminister Jón Baldvin Hannibalsson
Reykjavík.

Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 1. desember 1988.

Herra sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. í dag, sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í desember 1988-febrúar 1989. Viðræðurnar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafla 1988–1989 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 5. desember 1988 til 15. febrúar 1989 allt að 54.000 lestir loðnu, auk þess afla sem fellur í hlut Noregs komi til frekari aukningar á heildarafla, þó með þeirri takmörkun að loðnuveiðar eru bannaðar á svæði sunnan 64°30' N vestan 13°00' V.
2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þ. á m. um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína."

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hr. sendiherra
Per Aasen
Norska sendiráðið
Reykjavík.

Nd. 169. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. orðast svo: Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni.
b. Orðin „eða lengingu á lánstíma“ í 3. tölul. 3. mgr. falla niður.
c. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi: Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1988“ í 4. mgr. 22. gr. laganna kemur: 31. desember 1989.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988 falla ákvæði V. kafla þeirra úr gildi um næstu áramót. Þessi kafli laganna fjallar um gjald af erlendum lánum, leigusamningum o.fl. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að framhald verði á gjaldtöku þessari á næsta ári og er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af henni verði 200 m.kr. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram en samkvæmt því fellur V. kafli laga nr. 10/1988 ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1989, sbr. 2. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er í a-lið lagt til að heimild til þess að undanþiggja lánssamninga vegna kaupa á atvinnuflugvélum og kaupskipum gjaldskyldu verði gerð ótvíræð.

Í b-lið er í öðru lagi lagt til að heimild til þess að undanþiggja skuldbreytingarlán gjaldskyldu verði gerð rýmri en hún nú er með því að fella niður skilyrði um að nýja lánið sé ekki til lengri tíma en hið eldra.

Í c-lið er loks lagt til að heimilt verði að undanþiggja gjaldtöku lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina.

Um 2.–3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 170. Frumvarp til laga [159. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

Ríkisreikningur fyrir árið 1979 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum, í þús. gkr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	1 505 668	1 979 460
01	Forsætisráðuneyti	2 746 429	2 855 316
02	Menntamálaráðuneyti	32 368 107	38 436 331
03	Utanríkisráðuneyti	2 188 285	2 838 183
04	Landbúnaðarráðuneyti	10 636 697	12 191 360
05	Sjávarútvegsráðuneyti	4 596 894	5 144 389
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11 135 492	14 883 582
07	Félagsmálaráðuneyti	7 740 889	8 559 593
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	67 097 230	87 998 244
09	Fjármálaráðuneyti	8 164 514	9 286 023
10	Samgönguráðuneyti	19 191 120	21 326 269
11	Iðnaðarráðuneyti	7 394 531	10 621 149
12	Viðskiptaráðuneyti	20 067 120	24 888 126
13	Hagstofa Íslands	182 473	188 384
14	Ríkisendurskoðun	220 301	247 537
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 050 669	7 702 078
	Mismunur	6 664 370	
	Samtals	208 950 789	249 146 024

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	205 591 745	242 796 436
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	557 444	334 999
13	Ýmsar tekjur	2 801 600	4 904 404
	Mismunur		1 110 185
	Samtals	208 950 789	249 146 024

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp efnislega samhljóða þessu var lagt fram á 105. löggjafarþingi 1982–83 (þskj. 431, Ed.) en varð ekki útrætt. Í athugasemdum með því frumvarpi segir svo: „Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1979, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.“

Sþ. 171. Frumvarp til fjáraukalaga [160. mál]

fyrir árið 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1979 er veitt:

		Þús. gkr.
00	Æðsta stjórn ríkisins, að undanskildu Alþingi	146 887
01	Forsætisráðuneyti	108 887
02	Menntamálaráðuneyti	6 068 224
03	Utanríkisráðuneyti	649 898
04	Landbúnaðarráðuneyti	1 554 663
05	Sjávarútvegsráðuneyti	547 495
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 748 090
07	Félagsmálaráðuneyti	818 704
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20 901 014
09	Fjármálaráðuneyti	1 121 509
10	Samgönguráðuneyti	2 135 149
11	Iðnaðarráðuneyti	3 226 618
12	Viðskiptaráðuneyti	4 821 006
13	Hagstofa Íslands	5 911
14	Ríkisendurskoðun	27 236
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	651 409
	Samtals	46 532 700

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp efnilega samhljóða þessu var lagt fram á 105. löggjafarþingi 1982–83 (þskj. 430, Sþ.) en varð ekki útrætt. Í athugasemdum með því frumvarpi segir svo: „Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1979. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1979 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.“

Ed. 172. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sbr. þó 2. gr., skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til skattskyldra tekna og eigna skv. 1. gr. teljast þó ekki tekjur og eignir Ríkisábyrgðasjóðs, Byggðasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Séu sjóðir þessir hluti af eða tengdir annarri skattskyldri starfsemi samkvæmt lögum þessum skal fjárhagur þeirra greinilega aðskilinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs. Við gildistöku laga þessara fellur 11. gr. laga nr. 13/1975 úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Með skattframtali á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs skulu aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1988.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1987. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1973 til 1987. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1973 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1988 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1988 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1989, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1988, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1973, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III.

Aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt lögum þessum, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981 í fyrsta sinn vegna ársins 1988 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1987.

IV.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1988 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tekjur og eignir opinberra fjárfestingarlánasjóða, svo og stofnlánasjóða og veðdeilda, sem stofnuð eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og reknar eru í tengslum við innlánsstofnanir, hafa til þessa ekki verið skattskyldar til tekjuskatts og eignarskatts. Undanþáguákvæði þessi hafa allt frá gildistöku laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, verið nokkuð umdeild, enda hafa þau í för með sér augljósa skattalega mismunun. Í kjölfar þeirra breytinga á lánastarfseminni, sem rutt hefur sér til rúms á nýliðnum árum, hefur þessi mismunun aukist. Þá hefur borið á því að veðdeildir bankanna hafi aukið nokkuð umsvif sín frá því sem áður var í skjóli þessarar undanþágu.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fjárfestingarlánasjóðir, aðrir en þeir sem um ræðir í 2. gr., verði skattskyldir með sama hætti og bankar og sparisjóðir. Meginmarkmið frumvarpsins er að jafna stöðu lánastofnana í þessum efnum. Breytingunni er að auki ætlað að auðvelda framkvæmd og eftirlit með skattheimtunni. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst að opinberir fjárfestingarlánasjóðir, svo og stofnlánasjóðir og veðdeildir sem starfa í tengslum við innlánsstofnanir, verða með þeim takmörkunum, sem um ræðir í 2. gr., skattskyldir samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á sama hátt og viðskiptabankar og sparisjóðir. Með hugtakinu opinber fjárfestingarlánasjóður eða stofnlánasjóður er í frumvarpi þessu átt við sjóði, stofnanir eða fyrirtæki sem eru stofnuð með lögum eða með heimild í þeim í því skyni að veita fjárfestingarlán til atvinnugreina eða opinberra framkvæmda og undanþegin hafa verið tekjuskatti og eignarskatti til þessa.

Samkvæmt núgildandi lögum eru stofnanir þessar yfirleitt undanþegnar skattskyldu með tvennum hætti. Annars vegar skv. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 2. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, og hins vegar samkvæmt sérstökum ákvæðum er undanþiggja einstakar stofnanir af þessu tagi opinberum gjöldum og sköttum.

Verði frumvarp þetta að lögum ná ofangreind undanþáguákvæði ekki lengur til þessara stofnana. Af því leiðir að þær verða skattlagðar eftir sömu reglum og gilda um innlánsstofnanir samkvæmt lögum nr. 65/1982, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og gilda ákvæði þeirra að öllu leyti um skattlagninguna eftir því sem við á.

Sem dæmi um sjóði og veðdeildir, sem skattskyldar verða, má nefna Framkvæmdasjóð Íslands, Orkusjóð, Hafnabótasjóð, Ferðamálasjóð, Fiskveiðasjóð, Fiskræktarsjóð, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð Íslands, Iðnþróunarsjóð, Landflutningasjóð, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Lánasjóð sveitarfélaga og veðdeildir innlánsstofnana.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þessa frumvarps hafa hvorki áhrif á gildandi lagaákvæði um skattfrelsi Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, lífeyrissjóða né opinberra tryggingar- og jöfnunarsjóða sem njóta skattfrelsis samkvæmt svipuðum lagaheimildum og minnst er á hér að framan. Má í þessu sambandi nefna tryggingarsjóð sparisjóða og viðskiptabanka, opinbera verðjöfnunarsjóði o.s.frv. Hér er ekki um að ræða fjárfestingarlánasjóði eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpi þessu og því tekur skattskyldan ekki til þeirra séu þeir undanþegnir skv. 4. gr. tekjuskattslaga eða sérlögum sem um þá kunna að gilda.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að Ríkisábyrgðasjóður, Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, og Byggingarsjóður verkamanna verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögunum. Hér er um tæmandi talningu að ræða á þeim fjárfestingarsjóðum sem undanþegnir eru skattskyldu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I–IV.

Þar sem í frumvarpi þessu felst skattlagning á stofnanir og fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt skattlagningu og hafa því e.t.v. ekki hagað bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra eigna sem þessir aðilar hafa eignast fyrir gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu. Sama á við um stofn til verðbreytingarfærslu. Ákvæðin eru efnislega samhljóða þeim bráðabirgðaákvæðum sem sett voru við gildistöku laga nr. 65/1982, svo og núgildandi tekjuskattslaga, og vísast til þeirra um skýringar.

Nd. 173. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

1704.1000	1806.3100	2009.3001			3003.9004
1704.9001	1806.3201	2009.3009	2106.9011	2203.0001	
1704.9002	1806.3209	2009.4001	2106.9019	2203.0009	3004.5004
1704.9003	1806.9009	2009.4009	2106.9021		3004.9004
1704.9004		2009.5001	2106.9022	2204.2101	
1704.9005	1905.2000	2009.5009	2106.9029	2204.2901	3302.1002
1704.9009	1905.3000	2009.6001	2106.9031	2204.3000	
		2009.6009			
1805.0001	2009.1101	2009.7001	2201.1000	2206.0000	
1805.0009	2009.1109	2009.7009			
	2009.1901	2009.8001	2202.1001	2208.9009	
1806.1000	2009.1909	2009.8009	2202.1009		
1806.2001	2009.2001	2009.9001	2202.9001	2209.0000	
1806.2009	2009.2009	2009.9009	2202.9009		

B. Af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

3303.0001	3307.4900		7217.3900	8414.5101	8450.1200
3303.0002	3307.9002	7213.1001		8414.5901	8450.1900
	3307.9009	7213.2001	7313.0000	8414.6001	8450.2000
3304.1000		7213.3101		8414.8001	8450.9000
3304.2000	3922.1000	7213.3901	7314.2000		
3304.3000	3922.2000	7213.4101	7314.3000	8418.1001	8451.1000
3304.9100	3922.9001	7213.4901	7314.4100	8418.2100	8451.2100
3304.9900	3922.9009	7213.5001	7314.4200	8418.2200	8451.2900
			7314.4900	8418.2900	8451.3001
3305.1001	6806.1000	7214.2001	7314.5000	8418.3001	
	6806.2000	7214.3001		8418.4001	8452.1000
3305.1009	6806.9001	7214.4001	7324.1000	8418.6101	
3305.2000	6806.9009	7214.5001	7324.2100	8418.6901	8479.8901
3305.3000		7214.6001	7324.2900		
3305.9000	6910.1000		7324.9000	8421.1201	8481.1000
	6910.9000	7217.1100		8421.3901	8481.2000
3307.1000		7217.1900	7418.2000		8481.3000
3307.2000	7019.3101	7217.2100		8422.1100	8481.4000
3307.3000	7019.3901	7217.2900	7615.2000		8481.8000
3307.4100	7019.9009	7217.3100		8450.1100	8481.9000

	8518.4000	8520.9001	8528.1009	8536.4900	8544.3000
8509.2000	8518.5000	8520.9009	8528.2009	8536.5000	8544.4100
8509.3000	8518.9000			8536.6100	8544.4900
8509.8000		8521.1009	8529.1009	8536.6900	8544.5100
8509.9000	8519.1000	8521.9009	8529.9009	8536.9000	8544.5900
	8519.2100				8544.6000
8516.4009	8519.2900	8522.1000	8535.1000	8537.1000	8544.7000
8516.5000	8519.3100	8522.9000	8535.2100	8537.2000	
8516.6001	8519.3900		8535.2900		9007.1000
8516.6002	8519.4000	8527.1100	8535.3000	8538.1000	9007.1900
8516.6009	8519.9100	8527.1900	8535.4000	8538.9000	9007.2100
8516.7901	8519.9901	8527.2100	8535.9001		9007.2900
8516.7909	8519.9909	8527.2900	8535.9009	8543.8001	9007.9100
		8527.3100		8543.9001	9007.9200
8518.2100	8520.1000	8527.3200	8536.1000		
8518.2200	8520.2000	8527.3900	8536.2000	8544.1100	
8518.2900	8520.3100	8527.9009	8536.3000	8544.1900	
8518.3000	8520.3900		8536.4100	8544.2000	

C. Af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum skal greiða 10% vörugjald:

2523.1000	3920.9902	4407.2101	4411.2101	4413.0009	5702.4200
2523.2100		4407.2109	4411.2109		5702.4900
2523.2900	3921.1201	4407.2201	4411.2901	4418.1000	5702.5100
2523.3000	3921.1202	4407.2209	4411.2909	4418.2000	5702.5200
2523.9000	3921.9003	4407.2301	4411.3101	4418.3000	5702.5900
		4407.2309	4411.3109	4418.5000	5702.9100
3918.1001	3925.2000	4407.9101	4411.3901	4418.9001	5702.9200
3918.1002	3925.3000	4407.9109	4411.3909	4418.9009	5702.9900
3918.9001	3925.9000	4407.9201	4411.9101		
3918.9002		4407.9209	4411.9109	4504.1002	5703.1001
	4008.1101	4407.9901	4411.9901		5703.1009
3919.9001	4008.2101	4407.9909	4411.9909	4601.2000	5703.2001
					5703.2009
3920.1002	4016.9100	4408.1000	4412.1101	4814.1000	5703.3001
3920.2001	4016.9919	4408.2000	4412.1109	4814.2000	5703.3009
3920.3001		4408.9000	4412.1201	4814.3000	5703.9001
3920.4101	4403.1000		4412.1209	4814.9000	5703.9009
3920.4202	4403.2000	4409.1000	4412.1901		
3920.6101	4403.3100	4409.2000	4412.1909	4815.0000	5704.1000
3920.6201	4403.3200		4412.2101		5704.9000
3920.6301	4403.3300	4410.1001	4412.2109	5701.1000	
3920.6901	4403.3400	4410.1009	4412.2901	5701.9000	5705.0001
3920.7101	4403.3500	4410.9001	4412.2909		5705.0009
3920.7301	4403.9100	4410.9009	4412.9101	5702.1000	
3920.7901	4403.9200		4412.9109	5702.2000	5805.0000
3920.9101	4403.9900	4411.1101	4412.9901	5702.3100	
3920.9201		4411.1109	4412.9909	5702.3200	5904.1000
3920.9301	4407.1001	4411.1901		5702.3900	5904.9100
3920.9401	4407.1009	4411.1909	4413.0001	5702.4100	5904.9200

5905.0000	6814.1000	7006.0000	7211.2900	7506.1000	9401.9000
			7211.3000	7506.2000	
6801.0000	6815.9101	7007.1900	7211.4100		9402.1000
	6815.9901	7007.2900	7211.4900	7606.1101	9402.9000
6802.1000			7211.9000	7606.1109	
6802.2109	6901.0000	7008.0000		7606.1201	9403.1001
6802.2209			7212.1000	7606.1209	9403.1009
6802.2309	6902.1000	7009.9100	7212.2101	7606.9101	9403.2001
6802.2909	6902.2000	7009.9200	7212.2109	7606.9109	9403.2002
6802.9109	6902.9000		7212.2901	7606.9201	9403.2003
6802.9209		7016.1000	7212.2909	7606.9209	9403.2009
	6904.1000	7016.9009	7212.3001		9403.3001
6802.9309	6904.9000		7212.3009	7610.1000	9403.3009
6802.9909		7210.1100	7212.4001	7610.9002	9403.4000
	6905.1000	7210.1200	7212.4009	7610.9009	9403.5001
6803.0000	6905.9000	7210.2001	7212.5001		9403.5009
		7210.2009	7212.5009	7804.1101	9403.6001
6807.1001	6907.1000	7210.3101	7212.6001	7804.1109	9403.6002
6807.9001	6907.9000	7210.3109	7212.6009	7804.1901	9403.6009
		7210.3901		7804.1909	9403.7001
6808.0000	6908.1000	7210.3909	7308.3001		9403.7002
	6908.9000	7210.4100	7308.3009	7905.0000	9403.7009
6809.1101		7210.4900	7308.9001		9403.8001
6809.1901	7003.1100	7210.5001	7308.9009	8004.0001	9403.8002
6809.9001	7003.1900	7210.5009		8004.0009	9403.8003
	7003.2000	7210.6001	7409.1100		9403.8009
6810.1100	7003.3000	7210.6009	7409.1900	9401.1000	9403.9000
6810.1900		7210.7001	7409.2100	9401.2000	
6810.9100	7004.1000	7210.7009	7409.2900	9401.3000	9404.1000
6810.9900	7004.9000	7210.9000	7409.3100	9401.4000	9404.2100
			7409.3900	9401.5000	9404.2900
6811.1000	7005.1000	7211.1100	7409.4000	9401.6100	9404.9000
6811.2001	7005.2100	7211.1200	7409.9000	9401.6900	
6811.9001	7005.2900	7211.1900		9401.7100	
6811.9009	7005.3000	7211.2100	7419.9905	9401.7900	
		7211.2200		9401.8000	

2. gr.

Í stað 3. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fyrsti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag samkvæmt 4. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga, hið sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 20. desember 1988 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II.

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum, sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 8. desember 1988 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 8. desember 1988 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987.

III.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um afhendingu eða sölu vöru sem vörugjaldsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar vörugjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

IV.

Vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember 1988 skulu framteljendur skila tveimur vörugjaldsskýrslum, annarri vegna gjaldskyldrar framleiðslu og sölu frá 1. nóvember til og með 8. desember 1988 en hinni vegna gjaldskyldrar framleiðslu og sölu frá og með 8. desember 1988 og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af gjaldskyldum aðilum um skiptingu framleiðslu og sölu milli þessara tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðustu áramót urðu verulegar breytingar á álagningu vörugjalds samfara breytingum á öðrum aðflutningsgjöldum. Ýmis eldri vörugjöld, mismunandi há, voru felld niður og í staðinn tekið upp eitt almennt gjald. Gjaldið var fellt niður af ýmsum stórum vöruflokkum og jafnframt var það lækkað í 14%. Í dag er gjaldið lagt á fáa vöruflokka og vegur þar þyngst

sælgæti, öl og gosdrykkir. Auk þess er gjaldið lagt á snyrtivörur og nokkrar tegundir heimilistækja, svo sem þvottavélar, ísskápa og hljómflutningstæki og fáar tegundir byggingarvara, svo sem hreinlætistæki, raflagnaefni og steypustyrktarjárn. Skatthlutfallið er eitt, 14%, og leggst það á framleiðsluverð innlendrar vöru og tollverð innfluttrar vöru að viðbættu 25% álagi fyrir heildsöluálagningu.

Hin margþætta kerfisbreyting skapaði mjög mikla óvissu um innheimtu gjaldsins svo og samdráttur í almennri veltu á þessu ári en þessi tekjustofn er mjög næmur fyrir sveiflum í innlendri eftirspurn. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir að vörugjaldið skilaði um 1.700 m.kr. Tekjur í ár af vörugjaldi hafa á hinn bóginn orðið langtum minni eða aðeins 1.200 m.kr. samkvæmt síðustu tekjuáætlunum.

Í frumvarpi til fjárlaga 1989 er gert ráð fyrir að vörugjald skili 2,7–2,8 milljörðum króna. Verður því ekki hjá því komist að víkka gjaldstofninn og hækka gjaldið og er þetta frumvarp því lagt fram.

Í frumvarpi þessu er lagt til að skattstofnin stækki og jafnframt verði það lagt á í þremur gjaldflokkum sem verði 25% af sælgæti, öli og gosdrykkjum, 20% af heimilistækjum og byggingarvörum, sem voru vörugjaldsskyld samkvæmt núgildandi vörugjaldslögum, og 10% af timbri og sementi, ýmsum byggingarvörum, húsgögnum og innréttingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að vörugjald verði innheimt af vörum sem flokkast undir nánar tilgreind tollskrárnúmer samkvæmt tollalögum.

Í A-lið greinarinnar flokkast sælgæti, öl og gosdrykkir og er lagt til að vörugjald af þessum vörutegundum hækki úr 14% í 25%.

Þær vörur, sem taldar eru upp í B-lið greinarinnar, bera nú 14% vörugjald en lagt er til að það hækki í 20%. Er hér m.a. um að ræða eftirtalda vöruflokka: ilmvötn og snyrtivörur, hreinlætistæki, steypustyrktarjárn, einangrunarefni, raflagnaefni og ýmis hreinlætistæki, svo sem þvottavélar, ísskápar, hljómflutningstæki, sjónvörp, útvörp og myndbandstæki.

Í C-lið eru taldar ýmsar byggingarvörur, sement, timbur og vörur úr því svo og innréttingar og húsgögn. Er hér lagt til að nýr gjaldflokkur verði með 10% vörugjald. Til að samræmi verði í gjaldtöku af sams konar vörum er gert ráð fyrir að vörur úr öðrum efnum en timbri og sementi verði vörugjaldsskyldar, svo sem ýmsar vörur úr plasti, gúmmíi og járni sem gegna sama hlutverki við byggingu húsa. Kemur það m.a. í veg fyrir ýmis vandkvæði í flokkun vara til gjaldskyldu og auðveldar innheimtu gjaldsins.

Um 2. gr.

Í lögum um vörugjald er vísað í lög um söluskatt varðandi ákvörðun álags og dráttarvaxta vegna vangoldins vörugjalds. Í greininni er lagt til að viðurlagaákvæði þessi verði tekin upp í vörugjaldslög í því skyni að gera lögin skýrari í þessum efnum. Efnislega felur þetta þó ekki í sér neina breytingu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 174. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem borist hafa ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. des. 1988.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.
	Skúli Alexandersson.	

Ed. 175. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
3. Brandt, Martha Dís, nemi á Húsavík, f. 3. október 1969 í Reykjavík.
4. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnessýslu.
5. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
6. Canete, Adoracion, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 á Filippseyjum.
7. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
8. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
9. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
10. Davidson, Janet Shelagh, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. júlí 1933 í Englandi.
11. Gallagher, Kristinn Jósep, nemi í Keflavík, f. 3. janúar 1974 í Reykjavík.
12. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
13. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.
14. Joensen, Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.
15. Kjartan Már Sveinsson, bréfberi í Reykjavík, f. 26. ágúst 1957 í Reykjavík.
16. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
17. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
18. Luchoro, Christina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
19. Melsen, Herluf, bifvélavirki í Kópavogi, f. 10. maí 1951 í Danmörku.
20. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Cayman-eyjum.

21. Nardeau, Martial Lucien Robert, tónlistarmaður í Kópavogi, f. 5. ágúst 1957 í Frakklandi.
22. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
23. Pajdak, Lech, verkfræðingur í Kópavogi, f. 10. maí 1957 í Póllandi.
24. Robelo, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi á Eskifirði, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
25. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
26. Rowney, Angela, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1950 í Englandi.
27. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
28. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
29. Thompson, Iris Edda, nemandi á Þingeyri, f. 14. október 1972 í Bandaríkjunum.
30. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
31. Vadeboncoeur, Michelle, hlaðfreyja í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

Nd. 176. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Friðjón Þórðarson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Lögreglumenn, hvort sem þeir eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn er gegna borgaralegri skyldu.

Engan má ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. janúar 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár. Heimilt er að ráða til lögreglustarfa menn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Ákvæði varðandi próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna; þó skulu þeir sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

2. gr.

2. mgr., er verður 4. mgr., 5. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, er flutt til að ná fram tveimur mikilvægum breytingum.

Í fyrsta lagi að tryggja það að eftir 1. janúar 1990 verði enginn ráðinn eða skipaður lögreglumaður nema hann hafi áður lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Þó er heimilt að

lausráða menn til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur. Þessi breyting kemur heldur ekki í veg fyrir að unnt sé að ráða menn án prófs frá Lögregluskólanum til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Þá er ekki gert ráð fyrir að þetta ákvæði nái til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna né varalögreglumanna.

Með þessari breytingu vilja flutningsmenn frumvarpsins að það verði gert að fastri reglu að lögreglumenn hefji starfsferil sinn með því að fá grunnmenntun í Lögregluskólanum. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja menntun lögreglumanna. Með því yrði ráðin bót á óviðunandi ástandi sem nú ríkir. Talsverður hluti af lögregluliði í stærstu lögregluumdæmum er án starfsmenntunar og lætur nærri að um einn þriðji hluti lögreglumanna, sem nú sinna útköllum í Reykjavík, sé án þessarar menntunar. Hlutfallið er enn lakara á Keflavíkurflugvelli.

Nokkur hópur þeirra manna, sem starfa í Reykjavík, hefur aðeins notið kennslu á fárra daga námskeiði sem nægir ekki til annars en að kynna þeim um hvað starfið snýst. Hætt er við að þessir menn hafi litla eða enga þekkingu á þeim lögum og reglum sem þeir eiga að starfa eftir né heldur undirstöðuþekkingu í sálarfræði sem löggæslumönnum er nauðsynleg. Líkur eru á því að störf þeirra verði ófullnægjandi og umkvörtunarefni.

Það er þó lakara að þeir menn, sem ekki hafa lokið námi frá Lögregluskólanum, hafa ekki þá þekkingu á lögum sem þarf til að tryggja grundvallarréttindi borgaranna, t.d. réttindi handtekinna manna. Aukinn fjöldi kærumála á hendur lögreglumönnum rökstyður þetta.

Þetta ástand getur orðið til þess að hinn almenni borgari glatar því trausti sem hann hefur haft á lögreglunni og réttarríkinu. Það er skylda ríkisvaldsins á hverjum tíma að stuðla að því að í landinu starfi vel menntað og vel þjálfað lögreglulið. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar að undanförnu til að efla starf Lögregluskóla Íslands og er það samdóma álit sérfróðra manna að skólinn geti nú veitt góða og nauðsynlega menntun sem geri lögreglumenn mun hæfari til að takast á við stöðugt flóknari og erfiðari verkefni í síbreytilegu þjóðfélagi.

Í öðru lagi gerir frumvarp þetta ráð fyrir breytingum á bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum sem slasast eða verða fyrir öðru tjóni vegna starfs síns. Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim tilvikum að lögreglumenn hafa orðið fyrir alvarlegum áverkum vegna starfa sinna. Má þar nefna barsmíðar, spörk og hvers konar líkamsmeiðingar. Ofbeldi virðist fara vaxandi, svo og notkun ýmissa hættulegra vopna svo sem barefla og hnífa.

Lögreglumenn, sem hafa orðið fyrir alvarlegum líkamsmeiðingum og hlotið örorku eða örkuml af, hafa orðið að sækja mál sín um skaðabætur á hendur þeim er meiðslunum hafa valdið. Málaferli hafa oft tekið langan tíma og oftar en ekki hefur niðurstaðan orðið sú að tjónvaldar hafa ekki reynst borgunarmenn. Þá fyrst kemur að bótaskyldu ríkissjóðs. Þetta hefur valdið mörgum lögreglumönnum miklum erfiðleikum, fjárhagstjóni og röskun á heimilishögum.

Með þessu frumvarpi er ríkissjóði gert að bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Ríkinu er þarna lögð sú skylda á herðar að bæta tjón samkvæmt mati og það getur síðan höfðað mál á hendur tjónvaldi.

Nauðsynlegt er talið að skilgreina betur í lögunum ábyrgð ríkissjóðs, m.a. vegna dóma sem fallið hafa í skaðabótamálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein frumvarpsins er samhljóða 1. málsl. núverandi 1. mgr. 5. gr. laganna og 3. mgr. er samhljóða 2. og 3. málsl. Efnisbreyting frumvarpsins kemur því fram í 2. mgr. Þar verður sú breyting á frá núgildandi lögum að lögreglumenn verða ekki ráðnir til fastra starfa nema því aðeins að þeir hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Þó er gerð undantekning með sumarafleysingamenn sem ráðnir eru til starfa á tímabilinu 15. maí til 30. september. Þá ná þessi ákvæði ekki til starfsmanna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna. Héraðslögreglumenn eru þeir sem hafa lögreglustarf að aukastarfi. Eingöngu er þörf fyrir héraðslögreglumenn utan Reykjavíkur þar sem jafnan starfa fáir lögreglumenn. Héraðslögreglumenn eru kallaðir til aðstoðar fullgildum lögreglumönnum við sérstakar aðstæður, svo sem vegna dansleikja um helgar og útihátíða á sumrin. Héraðslögreglumenn eiga að hafa lokið sérstöku námskeiði við Lögregluskólann.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting frá núgildandi lögum að réttur lögreglumanna til bóta úr ríkissjóði vegna meiðsla eða tjóns, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns, verður ótvíræður. Vegna túlkunar á greininni í núgildandi lögum hafa lögreglumenn orðið að stefna tjónvaldi fyrst, og ekki fyrr en dómur er fallinn í máli og í ljós hefur komið að greiðslugeta tjónvalds er engin kemur til kasta ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að kveða fastar á um bótaskyldu ríkissjóðs.

Um 3. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Sþ. 177. Fyrirspurn [164. mál]

til iðnaðarráðherra um orkufrekan iðnað.

Frá Jóni Kristjánssyni og Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hefur iðnaðarráðuneytið gert til þess að leita samstarfs við erlenda aðila um orkufrekan iðnað, aðrar en að kanna hagkvæmni þess að stækka álverið í Straumsvík eða byggja nýtt álver þar?
2. Er í gangi kynningarstarfsemi sem byggist á því að orkufrek iðnfyrirtæki verði reist annars staðar en í Straumsvík eða á öðrum hugmyndum en vinnslu á áli?

Sþ. 178. Fyrirspurn [165. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til fyrirtækja.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hyggst ríkisstjórnin gangast fyrir lækkun á raforkuverði til fyrirtækja? Ef svo er, hvernig og hvenær?

Sþ. 179. Fyrirspurn [166. mál]

til viðskiptaráðherra um erlendar lántökur til fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hvað hefur viðskiptaráðuneytið veitt heimild til mikillar erlendrar lántöku til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja og stofnana á yfirstandandi ári?
   Í svari óskast heimildir flokkaðar eftir atvinnugreinum, fyrirtæki og stofnanir nefnd og hve mikil heimild var veitt til hvers fyrirtækis og stofnunar.
2. Á grundvelli hvaða samþykktar í ríkisstjórn hafa heimildirnar verið veittar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 180. Fyrirspurn [167. mál]

til viðskiptaráðherra um breytingar á lánskjaravísitölu.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hvernig hefur núverandi lánskjaravísitala breyst á árunum 1984–1988?
2. Hvernig hefði lánskjaravísitalan breyst á sama tíma ef hún hefði verið samsett eins og stjórnvöld hafa ákveðið að hún verði frá 1. janúar nk.?
3. Hver væri munurinn á afborgunum á tveimur skuldabréfum útgefnum 1. janúar 1984 að upphæð 1 millj. kr., sem bæru 5% vexti, og greiða ætti af með jöfnum afborgunum 1. jan. 1985, 1. jan. 1986, 1. jan. 1987, 1. jan. 1988 og 1. jan. 1989, ef annað bréfanna hefði verið verðtryggt með núgildandi lánskjaravísitölu en hitt með vísitölunni sem gilda á frá 1. jan. nk.?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 181. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um niðurfellingu vegabréfsáritana vegna Frakklandsferða Íslendinga.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Kristín Halldórsdóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því við frönsku ríkisstjórnina að hún felli niður skyldu Íslendinga til að fá vegabréfsáritun vegna Frakklandsferða.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af sendinefnd Alþingis á þingi Evrópuráðsins ásamt varamönnum og er í samræmi við eindreginn vilja þings Evrópuráðsins um að lönd innan þess njóti sams konar undanþágu frá vegabréfsáritun í Frakklandi eins og gildir um ríkin tólf í Evrópubandalaginu, auk Sviss og Liechtenstein.

Forseti þings Evrópuráðsins, Louis Jung, hefur reynt að fá ríkisstjórn Frakklands til að aflétta áritunarskyldunni og með því framfylgt ályktunum ráðsins. Til að árangur náist er mikilvægt að vilji ríkisstjórna þeirra landa, sem í hlut eiga, komi einnig fram með formlegum hætti.

Franska ríkisstjórnin tók árið 1986 ákvörðun um skyldu til vegabréfsáritunar og var það öryggisráðstöfun vegna hættu á hryðjuverkum. Undanþága er veitt fyrir fjórtán framangreind ríki en tillaga þessi er nú flutt til að stuðla að því að afnumin verði mismunun gagnvart öðrum ríkjum Evrópuráðsins. Sams konar tillögur eru einnig fluttar um þessar mundir á þjóðþingum þeirra landa sem eins stendur á um og Ísland að þessu leyti.

Sþ. 182. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún hrindi í framkvæmd ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi þess í Ilulissat í júlí 1988 og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal.

Greinargerð.

Hinn árlegi fundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn í Ilulissat (Jakobshavn) á Grænlandi 15.–20. júlí 1988.

Ráðið var stofnsett í september 1985 í Nuuk á Grænlandi. Undirbúning að stofnun þess önnuðust þingmannanefndir kjörnar af Alþingi Íslendinga, Lögþingi Færeyinga og Landsþingi Grænlendinga.

Hlutverk þingmannaráðsins er að annast samstarf þjóðþinga Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga og vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið var samþykkt á Alþingi 19. desember 1985. Ráðið hefur einungis tillögurétt til landanna þriggja, eins eða fleiri.

Fulltrúar í íslensku þingmannanefndinni eru kjörnir af Alþingi til eins árs í senn. Einn fulltrúi frá hverjum þingflokki á sæti í þeirri nefnd.

Hinir árlegu fundir eru haldnir í löndunum þrem til skiptis: Grænlandi, Íslandi og Færeyjum. Júlífundurinn var fjórði fundur ráðsins, en annar fundur þess á Grænlandi. Þennan fund sátu af hálfu Alþingis þingmennirnir Friðjón Þórðarson, sem er formaður Íslandsdeildar ráðsins, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Á fundinum var fjallað um sameiginleg hagsmunamál Íslands, Færeyja og Grænlands, m.a. á sviði menningarmála, samgöngumála, hafréttar- og umhverfismála o.fl., og nokkrar samþykktir gerðar, sbr. fylgiskjöl.

Fundurinn í Ilulissat fór fram með hefðbundnum hætti. Það er venja að formaður er valinn frá því landi þar sem fundurinn er haldinn hverju sinni.

Formaður stjórnarinnar er nú Preben Lange, Grænlandi, en meðstjórnendur Friðjón Þórðarson, Íslandi, og Hans Jacob Debes, Færeyjum.

Í almennum umræðum var lögð áhersla á að efla þetta samstarf þar sem svo miklir sameiginlegir hagsmunir eru í húfi, t.d. hvað varðar nýtingu auðlinda hafsins og umhverfis-

mál. Enn fremur voru fundarmenn einhuga um að leitast við að efla samgöngur og viðskipti milli landanna.

Á hinn bóginn kom það greinilega fram að tilgangslítið væri að koma saman einu sinni á ári og samþykkja margar ályktanir sem lítt væru kynntar og enn minna farið eftir.

Á fundinum í Ilulissat voru samþykktar þær ályktanir sem prentaðar eru á fskj. I og ákveðið að þær yrðu lagðar fyrir þing og stjórn í hverju landi fyrir sig. Sendinefndir hvers lands skuldbundu sig til þess að sjá um að svo yrði gert, sbr. tilmæli ráðsins (nr. 1) á fskj. II.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur ráðsins verði haldinn á Íslandi í júnímánuði á næsta ári.

Fylgiskjal I.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins
frá fundi þess í Ilulissat á Grænlandi í júlí 1988.

1.
Geislavirkur úrgangur undir hafsbotni.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands að þær beiti sér kröftuglega gegn því að geislavirkum úrgangi verði komið fyrir undir hafsbotni eins og áformað er.

2.
Notkun freons.

Þeim tilmælum er beint til stjórnvalda að innflutningur og notkun úðabrúsa með freoni sem þrýstiefni verði bönnuð og unnið verði áfram að frekari aðgerðum til þess að takmarka notkun freons og annarra efna sem eyða ósonlaginu.

3.
Loftflutningar með plúton.

Þeim tilmælum er beint til stjórnvalda að loftflutningar með plúton yfir vestnorræn land- og hafsvæði verði bannaðir sem og millilendingar með efnið á því svæði.

4.
Eftirlit með mengun hafsins.

Vestnorræna þingmannaráðið hefur þungar áhyggjur af vaxandi mengun sjávar frá iðnvæddum löndum og þeirri ógn við umhverfið sem stafar af aukinni slysahættu vegna hernaðarumsvifa á höfunum.

Ráðið beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands að þær komi sameiginlega á fót skrifstofu er samræmi það starf sem þegar er verið að vinna að við mælingar á mengun á vestnorrænum hafsvæðum og eigi jafnframt frumkvæði að öflugra starfi á þessu sviði. Skrifstofan komi upplýsingum beint til stjórnvalda í hverju landi um sig.

Vestur-Norðurlönd setja þessa samstarfsskrifstofu á stofn í þeim tilgangi að viðhalda og vernda umhverfi í vestnorrænum löndum.

Ráðið beinir þeim tilmælum til landanna hvers um sig að ræða nánara skipulag, þátttakendur og verk- og valdsvið slíkrar samstarfsskrifstofu.

5.

Skiptiferðir fyrir ungt fólk.

Vestnorræna þingmannaráðið ítrekar fyrri samþykkt sína um skipulagðar skiptiferðir fyrir ungt fólk og beinir jafnframt þeim tilmælum til stjórnar ráðsins að það hrindi í framkvæmd ályktun ráðsins nr. 3/1987, svohljóðandi:

„Vestnorræna þingmannaráðið hvetur landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands til að ræða hvernig auðvelda megi ungu fólki að ferðast um vesturhluta Norðurlanda, hugsanlega með hinn svokallaða „norræna farseðil“ (Nordrejsekortet) sem fyrirmynd og enn fremur að kanna hvort samræma megi þessa tvenns konar ferðamáta.“

6.

Námsdvöl.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórnar Færeyja, landsstjórnar Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að á hverju ári verði á fjárlögum landanna gert ráð fyrir styrk handa námsmanni eða vísindamanni til að dveljast um eins árs skeið í öðru hvoru hinna landanna.

7.

Markaðssamstarf.

Vegna þeirra miklu breytinga, sem væntanlegar eru á markaðsaðstæðum í Vestur-Evrópu, er æskilegt að löndin þrjú, Ísland, Grænland og Færeyjar, hefji nánara samstarf í útflutningsmálum.

Vestnorræna þingmannaráðið telur æskilegt að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hefji virkt samstarf í viðræðum við Evrópubandalagið um gerð nýrra viðskiptasamninga.

Fylgiskjal II.

Vestnorræna þingmannaráðið:

Tilmæli til sendinefnda og stjórnvalda vestnorrænu landanna þriggja.
(Samþykkt í Ilulissat í júlí 1988.)

I.

Sendinefndir á fundi ráðsins bera hver um sig ábyrgð á því að ályktanir ráðsins séu teknar á dagskrá í hverju þjóðþingi fyrir sig.

II.

Í ljósi þess að framkvæmd ályktana ráðsins hefur ekki verið vandkvæðalaus, bæði meðferð þeirra og kostnaður við þær og með hliðsjón af þeim slæmu áhrifum sem þetta hefur á framtíð ráðsins og starfsemi þess, hvetur ráðið ríkisstjórn Íslands, landsstjórn Grænlands og landsstjórn Færeyja til að gera átak í að hrinda ályktunum í framkvæmd og veita nauðsynlegt fjármagn í því skyni. Vakin er athygli á slæmum afleiðingum þess að löggjafar- og framkvæmdarvald í hverju landi um sig fylgi ekki eftir ítrekuðum ályktunum ráðsins. Verði það ekki gert nær starfsemi ráðsins ekki þeim tilgangi sem henni var ætlaður við stofnun þess.

Nd. 183. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.
Ragnar Arnalds var fjarstaddur.

Alþingi, 6. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Kristín Halldórsdóttir.
Árni Gunnarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Matthías Bjarnason.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um mat á heimilisstörfum.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson, Hreggviður Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólnes, Ingi Björn Albertsson, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að fela Þjóðhagsstofnun að gera úttekt á verðmætagildi heimilisstarfa í þjóðfélaginu í heild og meta gildi þeirra með tilliti til þjóðartekna eins og þær eru reiknaðar í dag.

Greinargerð.

Hið opinbera hefur um langan tíma litið fram hjá efnahagsgildi heimilanna fyrir þjóðfélagið og þeir sem þessi störf stunda njóta ekki jafnrar stöðu hjá hinu opinbera á við þá þegna sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Fram til þessa hafa þessi störf aðallega verið unnin af konum og hefur vanmatið því aðallega beinst að þeim sem heild. Ætla má af þeim sökum að litið sé á konur sem ódýrt og óæðra vinnuafl, en það gæti verið ein skýringin á því hve konur eiga almennt erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum þrátt fyrir jafnréttislögin og yfirleitt vinna þær lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu.

Þjóðarframleiðslan mælir hagsæld þjóðarinnar fyrst og fremst á mælikvarða markaðsbúskaparins. Þannig er undanskilin nær öll vinna sem unnin er án þess að gjald komi fyrir og vega heimilisstörf þar þyngst á metunum. Þessi óverðlagða vinna liggur utan garðs í þjóðhagsreikningum þótt mönnum sé ljóst að þessar athafnir skipti miklu þegar meta skal hagsæld fólksins í landinu.

Gerð þjóðhagsreikninga hefur þann tilgang að meta árangur efnahagsstarfsemi í landinu á liðnum tíma og í öðrum löndum, en samkvæmt skilgreiningunni við þessa útreikninga er þáttur ólaunaðrar vinnu ekki talinn með efnahagsstarfseminni þó að mikilvægi þessara athafna sé óumdeilt meðal flestra hagfræðinga Vesturlanda.

Í nútímaþjóðfélagi þar sem allt er metið til fjár og allt miðast við að þjóna þörfum markaðarins er ekki nema eðlilegt að hin óverðlögðu heimilisstörf njóti lítillar virðingar. Spyrja má hvort þeir sem stunda heimilisstörf þurfi að mynda þrýstihóp til þess að ná fram jafnri stöðu hjá hinu opinbera á við útivinnandi þegna þjóðfélagsins. Það hlýtur að vera krafa jafnréttisþjóðfélags að hið opinbera mismuni ekki þegnum sínum fjárhagslega eftir því hvort þeir kjósa að sinna störfum á heimilinu eða utan þess.

Nd. 185. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (13. gr.)

Nú vill örorkumatsþoli, sbr. 12. og 34. gr. þessara laga, ekki una örorkustigi því er tryggingayfirlæknir hefur úrskurðað honum og getur hann þá skotið máli sínu með skriflegri beiðni til yfirmatsnefndar örorkumats. Tryggingayfirlæknir sendir þá öll gögn málsins til yfirmatsnefndar.

Í yfirmatsnefnd skulu eiga sæti þrír menn, skipaðir með þessum hætti:

a. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður nefndarinnar.
b. Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins tilnefnir einn mann úr röðum starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Hann skal vera lögfræðingur.
c. Tryggingaráð tilnefnir einn mann. Skal hann vera félagsfræðingur eða félagsráðgjafi með reynslu af starfi í þágu öryrkja og öryrkjasamtaka.

Tilnefning í nefndina gildir í fjögur ár. Varamenn í yfirmatsnefnd skulu tilnefndir með sama hætti og aðalmenn.

Nefndinni er heimilt að afla sér sérfræðiþjónustu þegar þörf þykir. Nefndin kallar örorkumatsþola, tryggingayfirlækni, tryggingalækna og fleiri fyrir þegar hún telur það nauðsynlegt í þágu örorkumatsins. Yfirmatsnefndinni skal búin starfsaðstaða í Tryggingastofnun ríkisins og greiðir stofnunin allan kostnað af störfum hennar. Yfirmatsnefnd skal tryggður aðgangur að öllum gögnum Tryggingastofnunar ríkisins sem varða matsþola.

b. (14. gr.)

Örorkumati skv. 34. gr. laga þessara getur matsþoli eða greiðsluaðili samkvæmt örorkumatinu, svo sem vátryggingafélag, skotið til yfirmatsnefndar. Í slíkum tilfellum getur yfirmatsnefndin reiknað sér þóknun sem rennur til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um áfrýjunarrétt vegna úrskurðar örorkustigs hefur verið flutt sex sinnum áður, síðast á 110. löggjafarþingi. Upphaflega var það flutt sem stjórnarfrumvarp 1982–1983, en síðan sem þingmannafrumvarp á þingunum 1983–1988.

Frumvarp það, sem nú er lagt fram, er byggt á fjölmörgum umsögnum og viðræðum við lækna og aðra þá er málið varðar. Það er öllum ljóst að óeðlilegt er að einn maður beri ábyrgð á öllu mati á örorku í landinu og sjúklingar eigi engan rétt á að fá endurmat á úrskurði hans. Um langt skeið hefur sú gagnrýni verið uppi að við úrskurð örorku sé tekið of lítið tillit til félagslegra aðstæðna, atvinnustöðu, búsetu og annarra þeirra þátta sem 12. gr. almannatryggingalaga gerir ráð fyrir og matið sé alla jafna eingöngu læknisfræðilegt. Ljóst er að aðrir þættir í lífi fólks hafa áhrif á afkomumöguleika þess og augljóst að tveir einstaklingar með sömu fötlun geta haft gjörólíka aðstöðu til að sjá sér og sínum farborða. Kemur þar til menntun, búseta og atvinnuskilyrði og ótal margt fleira. Þar sem aðeins einn maður, tryggingayfirlæknir, metur örorku verður matið óhjákvæmilega fyrst og fremst

læknisfræðilegt og þess vegna hafa lögin oftlega ekki náð þeim tilgangi sínum að öllum fötluðum sé tryggt lífsviðurværi. Ágreiningur er því algengur, en hingað til hafa hinir fötluðu ekki getað leitað eftir endurskoðun á örorkumati. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra margsinnis hafa fengið slík erindi án þess að geta úr þeim leyst.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er tilraun til að ráða bót á þessu og ætti ekki að þurfa að vera um það pólitískur ágreiningur. Það er varla sæmandi að sjúklingar og þeir sem við fötlun búa eigi sér ekki málskotsrétt um kjör sín eins og aðrir þegnar þessa lands.

Eitt atriði er í þessu frumvarpi sem ekki var í hinum fyrri, en það er að tekið er fram að yfirmatsnefndin tekur til örorkumats á almennri örorku skv. 12. gr. almannatryggingalaga en einnig tekur hún til örorkumats mál vegna slysa sem bætt eru skv. 34. gr. laganna og geta þá bæði matsþoli og vátryggingafélag leitað eftir yfirmati nefndarinnar.

Megintilgangur frumvarpsins er að það réttleysi, sem menn hafa búið við varðandi örorkumat, verði afnumið og málsskotsréttur hinna fötluðu tryggður.

Sþ. 186. Fyrirspurn [172. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslukortaviðskipti.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Er ráðherra kunnugt um að viðskiptabankarnir hafi keypt greiðslunótur af kaupmönnum með talsverðum afföllum, allt að 30%?
2. Ef svo er, hvert er viðhorf ráðherra til slíkra viðskipta?
3. Hvað líður undirbúningi frumvarps um greiðslukorta- og afborgunarviðskipti sem boðað er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar?

Ed. 187. Frumvarp til laga [110. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
3. Brandt, Martha Dís, nemi á Húsavík, f. 3. október 1969 í Reykjavík.
4. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnessýslu.
5. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
6. Canete, Adoracion, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 á Filippseyjum.
7. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
8. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
9. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
10. Davidson, Janet Shelagh, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. júlí 1933 í Englandi.
11. Gallagher, Kristinn Jósep, nemi í Keflavík, f. 3. janúar 1974 í Reykjavík.
12. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
13. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.
14. Joensen, Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.

15. Kjartan Már Sveinsson, bréfberi í Reykjavík, f. 26. ágúst 1957 í Reykjavík.
16. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
17. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
18. Luchoro, Christina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
19. Melsen, Herluf, bifvélavirki í Kópavogi, f. 10. maí 1951 í Danmörku.
20. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Cayman-eyjum.
21. Nardeau, Martial Lucien Robert, tónlistarmaður í Kópavogi, f. 5. ágúst 1957 í Frakklandi.
22. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
23. Pajdak, Lech, verkfræðingur í Kópavogi, f. 10. maí 1957 í Póllandi.
24. Robelo, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi á Eskifirði, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
25. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
26. Rowney, Angela, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1950 í Englandi.
27. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
28. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
29. Thompson, Iris Edda, nemandi á Þingeyri, f. 14. október 1972 í Bandaríkjunum.
30. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
31. Vadeboncoeur, Michelle, hlaðfreyja í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 188. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um staðfestingu tveggja Norðurlandasamninga um viðurkenningu starfsréttinda kennara.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda Norðurlandasamninga sem undirritaðir voru í Reykjavík 29. september 1986:

1. Samning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í **grunnskólum**.
2. Samning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í **framhaldsskólum**.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 6. mars 1982 var undirritaður Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Hann var staðfestur fyrir Íslands hönd 22. júní 1982 og tók gildi 1. ágúst 1983. Hinn 3. mars 1982 var undirritað samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað

fyrir almenna kennara (bekkjarkennara). Hann var fullgiltur fyrir Íslands hönd 22. júní 1982 og tók gildi 29. maí 1984.

Þeir samningar sem fjallað er um í þingsályktunartillögu þessari eru framhald af samkomulaginu um bekkjarkennara en hann var gerður á grundvelli ályktunar Norðurlandaráðsins nr. 19/1979. Samningarnir voru undirritaðir í Reykjavík 29. september 1986. Þeir eru birtir sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Samningarnir eru í sama formi og samkomulagið frá 3. mars 1982 og efnisþættir samninganna í meginatriðum hinir sömu. Í þeim er fjallað um **greinakennaramenntun** í grunnskólum og framhaldsskólum sem sé eigi skemmra en fjögurra ára nám og opinberlega viðurkennd sem slík í einhverju aðildarlandanna og veiti réttindi til starfa sem kennari í almennum **bóklegum greinum**.

Þá er í samningunum talað um nám sem sé eigi skemmra en þriggja ára og opinberlega viðurkennt í einhverju aðildarlandanna sem kennaramenntun fyrir grunnskóla eða framhaldsskóla og veiti réttindi til starfa sem kennari í almennum **list- og verkmenntagreinum eða íþróttum**. Í grunnskólasamningnum er einnig sérákvæði um **sérkennaramenntun**.

Í 2. gr. beggja samninganna er ákvæði sem lýtur að almennum list- og verkmenntagreinum eða íþróttum og er hægt að úrskurða um réttindi ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Í samningunum er kveðið á um gagnkvæman starfsrétt norrænna kennara innan Norðurlandanna að uppfylltum menntunarskilyrðum í viðkomandi kennslugrein og að því tilskildu að markmið menntunar hlutaðeigandi kennara samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Í 3. gr. samninganna segir að kennarar skuli hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

Samningar þessir eru gerðir í fullvissu þess að kostur á frjálsum skiptum grunnskóla- og framhaldsskólakennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfs í hlutaðeigandi löndum. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin því þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu þeirra.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli
Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara* og sérkennara í grunnskólum.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

- sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritað var 6. mars 1982,
- sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum sem undirritað var 3. mars 1982,
- sem telja að kostur á frjálsum skiptum grunnskólakennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfs í þessum löndum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

* Í Finnlandi: ämneslärare.

1. grein

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en fjögurra ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem **greinakennaramenntun** fyrir grunnskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í efri bekkjum grunnskóla (7.–9./10. bekk) í **almennum bóklegum greinum,** hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem greinakennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en þriggja ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir grunnskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í almennum **list- og verkmenntagreinum eða íþróttum** (t.d. heimilisfræðum, íþróttum, tónmennt, handíðum, myndmennt), hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem kennari í þeim greinum í sérhverju aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Hver sá sem lokið hefur námi sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir grunnskóla samkvæmt gildandi samningi og **sérkennaramenntun** sem veitir réttindi til kennslu á hlutaðeigandi stigum grunnskóla hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem sérkennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að markmið sérkennaramenntunar hans samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

2. grein

Sá sem lokið hefur styttra kennaranámi í almennum list- og verkmenntagreinum eða íþróttum en kveðið er á um hér að framan getur hlotið úrskurð um kennsluréttindi í viðtökulandi ef sérstakar ástæður þykja til. Um mál sem ákvæði þessarar greinar taka til skal fjallað svo sem tíðkast um undanþágur.

3. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem ráðinn er að grunnskóla í öðru aðildarlandi skal hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

4. grein

Kennari sem hlotið hefur réttindaviðurkenningu samkvæmt þessum samningi skal að meginreglu eiga rétt á að sækja um og fá starf sem kennari í öðru aðildarlandi, enda þótt umsækjandi sé ekki ríkisborgari í því landi.

Kennarastarf í einu aðildarlandanna skal í öðru aðildarlandi, þar sem starfinu er haldið áfram, lagt að jöfnu við samsvarandi starf innt af hendi í síðarnefndu landi.

5. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem fengið hefur starf í öðru aðildarlandi skal að meginreglu standa jafnt kennurum í síðarnefndu landi að því er varðar rétt til launa og eftirlauna** svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

** Sjá „Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu eftirlaunaréttinda samkvæmt reglum um eftirlaun ríkisstarfsmanna“ frá 18. desember 1973.

6. grein

Sérhvert aðildarlandanna skal eftir undirritun þessa samnings — eftir því sem unnt er — hlutast til um breytingar á gildandi innlendum reglum í samræmi við meginreglur þær sem lýst er í 1.–5. grein.

7. grein

Aðalstjórnvöldum skólamála í aðildarlöndunum ber að fylgjast með þróun vinnumarkaðar kennara í hlutaðeigandi löndum og tilkynna Norrænu vinnumarkaðsnefndinni ef sérstakra aðgerða er þörf.

Aðalstjórnvöldum skólamála ber að skiptast stöðugt á upplýsingum um atriði sem máli skipta til að meta þróunina á vinnumarkaði kennara í aðildarlöndunum.

8. grein

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. grein

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til íslenska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um að slík tilkynning hafi borist og um efni hennar.

Uppsögnin tekur aðeins til þess samningsaðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að íslenska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

10. grein

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í íslenska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 29. september 1986 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli
Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

– sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritað var 6. mars 1982,

- sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum sem undirritað var 3. mars 1982,
- sem telja að kostur á frjálsum skiptum framhaldsskólakennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfs í þessum löndum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. grein

Hver sá sem lokið hefur námi eigi skemmra en fjögurra ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem **greinakennaramenntun** fyrir framhaldsskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í **almennum bóklegum greinum** á því skólastigi hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem greinakennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en þriggja ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir framhaldsskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari á því skólastigi í almennum **list- og verkmenntagreinum eða íþróttum,** (t.d. íþróttum, tónmennt, handíðum, myndmennt, vefjarfræði) hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem kennari í þeim greinum í sérhverju aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Í Danmörku er verkmenntun í höndum skóla sem eru einkastofnanir og sjálfstæðar um ráðningu kennara.

2. grein

Sá sem lokið hefur styttra kennaranámi í almennum list- og verkmenntagreinum eða íþróttum en kveðið er á um hér að framan getur hlotið úrskurð um kennsluréttindi í viðtökulandi ef sérstakar ástæður þykja til. Um mál sem ákvæði þessarar greinar taka til skal fjallað svo sem tíðkast um undanþágur.

3. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem ráðinn er að framhaldsskóla í öðru aðildarlandi skal hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

4. grein

Kennari sem hlotið hefur réttindaviðurkenningu samkvæmt þessum samningi skal að meginreglu eiga rétt á að sækja um og fá starf sem kennari í öðru aðildarlandi, enda þótt umsækjandi sé ekki ríkisborgari í því landi.

Kennarastarf í einu aðildarlandanna skal í öðru aðildarlandi, þar sem starfinu er haldið áfram, lagt að jöfnu við samsvarandi starf innt af hendi í síðarnefndu landi.

5. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem fengið hefur starf í öðru aðildarlandi skal að meginreglu standa jafnt kennurum í síðarnefndu landi að því er varðar rétt til launa og eftirlauna* svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

* Sjá „Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu eftirlaunaréttinda samkvæmt reglum um eftirlaun ríkisstarfsmanna" frá 18. desember 1973.

6. grein

Sérhvert aðildarlandanna skal eftir undirritun þessa samnings — eftir því sem unnt er — hlutast til um breytingar á gildandi innlendum reglum í samræmi við meginreglur þær sem lýst er í 1.–5. grein.

7. grein

Aðalstjórnvöldum skólamála í aðildarlöndunum ber að fylgjast með þróun vinnumarkaðar kennara í hlutaðeigandi löndum og tilkynna norrænu vinnumarkaðsnefndinni ef sérstakra aðgerða er þörf.

Aðalstjórnvöldum skólamála ber að skiptast stöðugt á upplýsingum um atriði sem máli skipta til að meta þróunina á vinnumarkaði kennara í aðildarlöndunum.

8. grein

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. grein

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til íslenska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um að slík tilkynning hafi borist og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess samningsaðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að íslenska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

10. grein

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í íslenska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 29. september 1986 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Sþ. 189. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem gerður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Árið 1984 samþykkti Norðurlandaráð ályktun til norrænu ráðherranefndarinnar um að láta gera athugun á því með hvaða hætti unnt væri að veita svokölluð „mjúk“ lán, þ.e. vaxtalaus lán til langs tíma, til þróunarverkefna og fjárfestinga í þróunarlöndum.

Þessi ályktun byggðist m.a. á þörfinni fyrir að auka fjárstreymi til þróunarlanda og jafnframt þeirri viðleitni að norrænir framleiðendur og verktakar standi betur að vígi í samkeppninni um verkefni sem þarfnast slíkrar fjármögnunar.

Ráðherranefndin lét athuga málið frá hinum ýmsu hliðum og komst loks að þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir og lögð var í tillöguformi fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1988. Sú tillaga gerir ráð fyrir stofnun sjóðs sem sé í nánum tengslum við Norræna fjárfestingarbankann (NIB). Tillagan var samþykkt á þinginu með smávægilegum breytingum. Í framhaldi af því samþykkti ríkisstjórn Íslands aðild að sjóðnum á sl. vetri.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að sjóðstofnun yrði lokið og starfsemi hæfist á miðju sumri 1988. Í samræmi við það hafði ríkisstjórn Íslands fyrirvara á um fyrstu greiðslu þar til eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1989. Skipuð var bráðabirgðastjórn í maí með einum fulltrúa og varafulltrúa frá hverju Norðurlandanna.

Fljótlega eftir að bráðabirgðastjórnin tók til starfa varð ljóst að ekki tækist að ljúka undirbúningi á svo skömmum tíma. Stofnsamningur um stofnun norræns þróunarsjóðs (Nordic Development Fund, skammst. NDF) var undirritaður í Stokkhólmi 3. nóvember sl., ásamt samþykktum fyrir sjóðinn. Gildistöku var frestað til 1. janúar 1989 eða þar til staðfesting allra landanna lægi fyrir. Samningurinn og samþykktirnar eru birtar sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Orðalag samningsins gengur út frá tillögu ráðherranefndarinnar og umræðum í Norðurlandaráði:

- Í 1. gr. stendur að sjóðurinn sé stofnaður til að örva efnahagskjör og þjóðfélagslegar framfarir í þróunarlöndunum með því að taka þátt í að fjármagna með sérstaklega hagstæðum kjörum verkefni í þróunarlöndunum þar sem samnorrænna hagsmuna er að gæta.
- 2. gr. gerir ráð fyrir því að sjóðurinn sé lögpersóna.
- Í 3. og 4. gr. er vísað til samþykktanna og skilyrt að breytingar skuli leggja fyrir norrænu ráðherranefndina.
- Skv. 5. gr. vistast sjóðurinn hjá Norræna fjárfestingarbankanum.
- 6. gr. undanþiggur sjóðinn öllum sköttum.
- 7., 8., og 9. gr. fjalla um gildistöku samningsins, endurskoðun og uppsögn.
- Í samþykktum fyrir sjóðinn, sem fylgja samningnum, er nánar kveðið á um skipulag og starfsemi sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir að framlag Íslands til stofnfjár sjóðsins verði 900 þús. SDR, eða jafngildi 54 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir framlagi að upphæð 11,2 millj. kr. sem er sá hluti sem greiða ber á næsta ári.

Flutt verður frumvarp til laga vegna ákvæða í samningnum um undanþágu frá sköttum m.m. en með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samningsins.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um stofnun norræns þróunarsjóðs.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að efla norræna þróunarsamvinnu, sem hefur að markmiði að styðja efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndunum, og hafa í því skyni orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, skal stofnaður með því markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

2. gr.

Sjóðurinn skal hafa stöðu lögpersónu.

3. gr.

Starfsemi Sjóðsins fer eftir þeim samþykktum sem fylgja samningi þessum. norræna ráðherranefndin getur ákvarðað að breyta samþykktum þessum.

4. gr.

Samningsaðilar leggja fram stofnfé Sjóðsins.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norrænu ráðherranefndarinnar, að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins.

Upphæð stofnfjár, tækifæri til að leggja fram viðbótarstofnfé og skiptingin milli þátttökulandanna skal ákveðin í 2. gr. samþykktanna.

5. gr.

Starfsstöð Sjóðsins skal vera í höfuðstöðvum Norræna fjárfestingarbankans.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera laus undan greiðsluhöftum og öðrum stefnumarkandi lánaráðstöfunum sem geta hindrað eða torveldað starfsemi Sjóðsins í framkvæmd.

Fjármagn og tekjur Sjóðsins skulu vera undanþegnar skattlagningu. Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal Sjóðurinn vera undanþeginn stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

7. gr.

Norræna ráðherranefndin tekur í síðasta lagi hinn 1. desember 1991 afstöðu til áframhaldandi starfsemi Sjóðsins.

Norræna ráðherranefndin getur ákvarðað að leysa skuli Sjóðinn upp samkvæmt þeirri tilhögun sem greinir í 10. gr. samþykktanna.

8. gr.

Samningurinn og samþykktirnar, sem greinir í 3. gr., taka gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu um samþykki sitt á samningnum.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til sænska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir öðrum samningsaðilum og stjórn Sjóðsins um móttöku tilkynningarinnar og efni hennar. Uppsögnin tekur í fyrsta lagi gildi við lok þess reikningsárs sem kemur á eftir því ári sem uppsögnin átti sér stað í og í fyrsta lagi að liðnum 5 árum eftir gildistöku þessa samnings.

Taki norræna ráðherranefndin ekki ákvörðun um, eftir að samningsaðili hefur sagt samningnum upp, að leysa Sjóðinn upp, skal hún taka ákvörðun, í síðasta lagi áður en uppsögnin öðlast gildi, á hvern hátt skal útkljá samskipti Sjóðsins og þess aðila sem hættir aðild. Tryggja skal að aðili sem hættir aðild sé áfram ábyrgur á sama hátt og aðrir aðilar fyrir skuldbindingum Sjóðsins sem voru fyrir hendi þegar hann hætti aðild.

10. gr.

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest endurrit hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 3. nóvember 1988 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

SAMÞYKKTIR FYRIR NORRÆNAN ÞRÓUNARSJÓÐ

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi dagsettum 3. nóvember 1988 ákveðið að stofna norrænan þróunarsjóð.

Markmið.

1. gr.

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, hefur að markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

Stofnfé.

2. gr.

Stofnfé Sjóðsins er 100 millj. SDR.

Fimmta hluta stofnfjárins (20 millj. SDR) skal greiða í Sjóðinn í síðasta lagi 1. janúar 1989 samkvæmt gengi SDR á innborgunardeginum.

SDR er skilgreint í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá 1. janúar 1981. Ef þessari skráningu verður breytt mun stjórnin fylgja þeirri ákvörðun sem stjórn Norræna fjárfestingarbankans tekur um það að hve miklu leyti bankinn skuli fylgja hinum nýju reglum.

Af stofnfé til starfsemi Sjóðsins er hluti danska ríkisins 20,0 millj. SDR, finnska ríkisins 20,3 millj. SDR, íslenska ríkisins 0,9 millj. SDR, norska ríkisins 21,5 millj. SDR og sænska ríkisins 37,3 millj. SDR. Framlög ríkjanna eru afhent Sjóðnum til ráðstöfunar á gjafagrundvelli.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norrænu ráðherranefndarinnar að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins. Aukningin skiptist milli ríkjanna samkvæmt því hlutfalli sem á hverjum tíma gildir um samnorrænar fjárfestingar.

Þess er vænst að ráðstöfunarfé Sjóðsins verði ávaxtað á tryggilegan hátt og afraksturinn verði notaður til starfsemi Sjóðsins.

Starfsemi.

3. gr.

Sjóðurinn veitir vaxtalaus lán til þróunarlanda í verkefni sem styrkja þróun. Við lánveitingar til annarra ríkja en þeirra sem eru fullvalda skal Sjóðurinn jafnan krefjast ríkisábyrgðar eða tryggingar sem hann metur gildar.

Sjóðurinn skal einbeita sér að fátækum löndum og aðeins í undantekningartilvikum veita lán til annarra landa en þeirra sem hafa lágar tekjur og lægri meðaltekjur.

Við þátttöku Sjóðsins í fjármögnun verkefna ber að taka tillit til greiðslugetu móttökulandsins.

Sjóðurinn getur og gert aðrar þær ráðstafanir sem tengjast starfsemi hans og eru nauðsynlegar eða æskilegar til að ná markmiðum hans.

4. gr.

Reikningshald Sjóðsins skal vera í SDR. Reikningsárið fylgir almanaksárinu.

Ársskýrsla Sjóðsins og ársreikningar skulu sendir norrænu ráðherranefndinni.

Stjórn.

5. gr.

Með málefni Sjóðsins fer stjórn, framkvæmdastjóri og annað starfslið sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi hans.

6. gr.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum. Hvert ríkjanna tilnefnir mann í stjórnina til allt að fimm ára. Hvert ríki tilnefnir á sama hátt varamann fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs. Fulltrúar landanna skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórninni.

Stjórnin kemur saman til fundar eftir ákvörðun formanns eða þegar tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórinn fara þess á leit.

Stjórnin er ályktunarhæf þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða atkvæðisbærir varamenn eru mættir. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði, en varamaður er aðeins atkvæðisbær í fjarveru stjórnarmanns. Ákvörðun stjórnarinnar er því aðeins gild að enginn atkvæðisbær stjórnarmaður sé andvígur henni.

Stjórnin setur sér sjálf fundarsköp.

Fulltrúi Norræna fjárfestingarbankans situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

7. gr.

Stjórnin fer með vald um málefni Sjóðsins, en getur í þeim mæli er hún telur heppilegt falið framkvæmdastjóranum það eða Norræna fjárfestingarbankanum.

Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur Sjóðsins og fylgir þeim meginreglum og fyrirmælum sem stjórnin hefur sett.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til mest fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn má ekki vera stjórnarmaður eða varamaður í stjórn. Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

8. gr.

Til að skuldbinda Sjóðinn undirskrifa tveir af eftirfarandi: stjórnarmenn, varamenn, framkvæmdastjórinn eða þeir sem stjórnin hefur veitt umboð til þess.

Önnur ákvæði.

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal fylgjast með því að starfsemi Sjóðsins sé rekin í samræmi við samþykktirnar. Eftirlitsnefndin er ábyrg fyrir endurskoðun og sendir árlega endurskoðunarskýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar.

Hlutverki eftirlitsnefndar gegnir sú eftirlitsnefnd sem norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að annast endurskoðun Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Nú hyggst norræna ráðherranefndin leysa upp Sjóðinn og skal ráðherranefndin þá velja menn til að annast það verk. Ekki er unnt að leysa Sjóðinn upp og endurgreiða eða ráðstafa stofnfénu fyrr en skuldbindingartími gagnvart lánum eða öðrum rekstri er liðinn.

Ed. 190. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Gallagher, Elísabet, barn í Keflavík, f. 12. maí 1975 í Reykjavík.
2. Gallagher, Kristín Valgerður, barn í Keflavík, f. 12. september 1978 í Reykjavík.

Nd. 191. Frumvarp til laga [110. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 7. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
3. Brandt, Martha Dís, nemi á Húsavík, f. 3. október 1969 í Reykjavík.
4. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnessýslu.
5. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
6. Canete, Adoracion, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 á Filippseyjum.
7. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
8. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
9. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
10. Davidson, Janet Shelagh, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. júlí 1933 í Englandi.
11. Gallagher, Elísabet, barn í Keflavík, f. 12. maí 1975 í Reykjavík.
12. Gallagher, Kristinn Jósep, nemi í Keflavík, f. 3. janúar 1974 í Reykjavík.
13. Gallagher, Kristín Valgerður, barn í Keflavík, f. 12. september 1978 í Reykjavík.
14. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
15. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.

16. Joensen, Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.
17. Kjartan Már Sveinsson, bréfberi í Reykjavík, f. 26. ágúst 1957 í Reykjavík.
18. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
19. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
20. Luchoro, Christina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
21. Melsen, Herluf, bifvélavirki í Kópavogi, f. 10. maí 1951 í Danmörku.
22. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Caymaneyjum.
23. Nardeau, Martial Lucien Robert, tónlistarmaður í Kópavogi, f. 5. ágúst 1957 í Frakklandi.
24. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
25. Pajdak, Lech, verkfræðingur í Kópavogi, f. 10. maí 1957 í Póllandi.
26. Robelo, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi á Eskifirði, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
27. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
28. Rowney, Angela, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1950 í Englandi.
29. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
30. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
31. Thompson, Iris Edda, nemandi á Þingeyri, f. 14. október 1972 í Bandaríkjunum.
32. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
33. Vadeboncoeur, Michelle, hlaðfreyja í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 192. Frumvarp til laga [175. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Styrkir, sem nemendur njóta, samkvæmt lögum þessum eru:

a. ferðastyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar,
b. fæðisstyrkir er samsvari áætluðum hlut launakostnaðar í heildarfæðiskostnaði nemanda í skólamötuneyti,
c. húsnæðisstyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem ekki eiga kost á heimavist og miðast þeir við helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar,
d. sérstakir styrkir sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna nefnd sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna. Þá skal nefndin úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra nemenda.

Tillögur nefndarinnar skulu grundvallaðar á ítarlegum upplýsingum um ferðakostnað, fæðiskostnað og húsnæðiskostnað nemenda sem og á öðrum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar kunna að vera hverju sinni.

Námsstyrkjanefnd er skipuð sem hér segir:

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu samtaka framhaldsskólanemenda, eða eftir reglum sem ráðherra setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd að verja hluta af árlegri fjárveitingu með eftirfarandi hætti:

a. Að veita einstökum nemendum viðbótarstyrki ef efnaleysi torveldar þeim nám.
b. Að veita einstökum nemendum styrki þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. þessara laga ef þröngur efnahagur eða aðrar gildar ástæður torvelda þeim nám.

Einnig er námsstyrkjanefnd heimilt að skerða eða fella niður styrki til einstakra nemenda ef þeir njóta umtalsverðra tekna samhliða námi sínu eða ef aðrar gildar ástæðir mæla með fráviki frá meginreglum.

6. gr.

Menntamálaráðuneyti setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1988–1989 að telja.

Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir verulegri aukningu á fjármunum til stuðnings nemendum í framhaldsskólum landsins. Fer því vel á því að nú sé tekið á lagafrumvarpi um breytingar á lagaákvæðum um jöfnun námskostnaðar. Hér er flutt stjórnarfrumvarp um þetta efni.

Með bréfi dagsettu 18. febrúar 1987 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 69 frá 17. maí 1972, um jöfnun námskostnaðar. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Tómas Ingi Olrich framhaldsskólakennari, formaður, Haraldur Ólafsson lektor og Þórður Skúlason sveitarstjóri. Með nefndinni starfaði Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti og einnig sat Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í sama ráðuneyti, nokkra fundi nefndarinnar. Í skipunarbréfi menntamálaráðherra segir: „Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um breytt fyrirkomulag námsstyrkja með tilliti til þeirra breytinga á framhaldsnámi, sem orðið hafa síðan lögin voru sett.“

Tilgangur laga nr. 69/1972 er að jafna með styrkveitingum úr ríkissjóði aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum. Einnig eru í lögum þessum ákvæði sem heimila að veita styrki vegna efnaleysis námsmanna. Styrkir voru fyrst veittir samkvæmt lögunum 1972. Í reglugerð nr. 278 frá 1973, sem menntamálaráðuneytið setti um framkvæmd laganna, segir að rétt til námsstyrkja hafi þeir framhaldsskólanemendur „sem verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili“. Frá setningu laganna hefur framhaldsskólum fjölgað mikið og er nú hægt að stunda framhaldsnám í öllum kjördæmum landsins. Nemendum hefur fjölgað að sama skapi. Námsframboð innan framhaldsskólanna, einkum hinna stærri, hefur orðið fjölbreyttara og sérhæfðara. Úthlutunarnefnd jöfnunarstyrkja hefur orðið að leggja mat á hvað teljast skuli „sambærilegt nám“, en það orkar oft tvímælis. Fjölgun framhaldsskólanema og aukin sérhæfing skólanna hefur viðhaldið þörfinni fyrir jöfnunarstyrki. Fjöldi styrkþega fyrstu árin eftir setningu laganna var tæplega 3000, en hefur nú á síðari árum verið 2300 til 2400. Hlutfall styrkþega af heildarfjölda framhaldsskólanema hefur lækkað mun meira.

Nefndin aflaði sér gagna um helstu kosti og galla gildandi kerfis, bæði með viðræðum við starfsmenn menntamálaráðuneytis og með því að kveðja stjórnendur nokkurra framhaldsskóla sér til ráðuneytis. Lögin hafa reynst einföld í framkvæmd og vita nemendur í stórum dráttum hver réttur þeirra er og hvers þeir mega vænta. Námsstyrkjanefndin, sem gerir tillögur um árlega fjárveitingu og úthlutar styrknum til nemenda, hefur nokkurt svigrúm til að leysa einstaklingsbundin vandamál. Í lögunum eru afdráttarlaus ákvæði um rétt til styrks eftir búsetu. Þessi ákvæði leiða af sér nokkurn ósveigjanleika í framkvæmd þar sem ekki er hægt að taka nema lítið tillit til efnahags nemandans eða þeirrar aðstöðu sem hann býr við á námsstað. Megingalli á framkvæmd laganna er sá að fjárveitingar hafa aldrei náð því markmiði laganna að jafna að fullu þann kostnaðarmun sem búseta veldur. Næst því marki komust styrkveitingar árið 1975 þegar meðalstyrkupphæð nam 26.500 kr. (miðað við verðlag í árslok 1987). Meðalupphæð á styrkþega sl. tvö ár hefur verið 12.000–12.500 kr. og hefur ekki í annan tíma orðið lægri, en í gildandi fjárlögum voru ætlaðar 25 millj. kr. til þessa verkefnis eins og í fjárlögum ársins 1987. Yfirlit um þróun námsstyrkja á árunum 1975–1987 er prentað með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að gildandi lög um jöfnun námskostnaðar framhaldsskólanema hafi þjónað tilgangi sínum vel að ýmsu leyti og beri því að styðjast áfram við grundvallaratriði þeirra. Í lagafrumvarpi því sem nefndin hefur samið er leitast við að setja lögunum með afdráttarlausari hætti en áður var gert það markmið að veita styrk þeim nemendum sem efnaleysi torveldar nám. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem miða að því að styrkir fylgi fjárþörf á hverjum tíma. Að öðru leyti þjónar frumvarpið þeim tilgangi að laga lögin að breyttum aðstæðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta grein fjallar um tilgang laganna sem er sá að veita námsstyrki til að draga úr fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum.

Í gildandi lögum er heimildarákvæði sem gerir það mögulegt að veita efnalitlum nemendum sérstaka styrki. Hér er sambærilegt ákvæði tekið inn í 1. gr. samhliða ákvæði um jöfnun á aðstöðumun vegna búsetu.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um hverjir eiga rétt til stuðnings samkvæmt lögum þessum og hverjir ekki, og er þar m.a. miðað við framkvæmd gildandi laga. Efnislegar breytingar frá gildandi lögum eru í raun ekki aðrar en þær sem beinlínis leiðir af breytingum á framhaldsskólakerfinu á undanförnum árum. Rétt er þó að benda á að ákvæði um skerðingu, eða niðurfellingu styrkja vegna verulegra launatekna samhliða námi, eða af öðrum ástæðum, er nú tekið upp í 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru mikilvægustu nýmæli frumvarpsins. Í gildandi lögum eru ekki taldar sérstaklega þær tegundir styrkja, sem veittar eru samkvæmt lögunum, heldur voru slík ákvæði sett í reglugerð.

Hér eru hins vegar skilgreindar fjórar mismunandi tegundir styrkja og kveðið á um sérstaka kostnaðar viðmiðun hverrar þeirra.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um skipun og verksvið nefndar sem gerir tillögur um námsstuðning og tekur mið af 3. og 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er að mestu efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er nokkur áherslumunur og er námsstyrkjanefnd gefið nokkurt svigrúm til að vega og meta ástæður til styrkveitinga, þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í frumvarpinu.

Í síðari málsgrein er fjallað um heimild til að skerða eða fella niður styrki. Í gildandi lögum (a-lið, 3. mgr., 2. gr.) er ákvæði um skerðingu styrkja til þeirra nemenda sem hafa fast eða samningsbundið kaup á námstímanum. Ákvæði frumvarpsins er efnislega samhljóða varðandi þetta, en opnar jafnframt leið til að bregðast við undantekningartilvikum.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Yfirlit um þróun námsstyrkja á árunum 1975 til 1987.

Upphæðir á einstakling eru færðar til verðlags í nóvember 1987 en þá er vísitala framfærslukostnaðar 28.409 stig

Ár	Fjárlög þús.kr.	Úthlutun (skekkja)	Fjöldi styrkþ.	Fæðisst./ húsnæðisst.	Meðalupph. á styrkþ.	Fr.vísit. í mars
1975	110.000	108.172	2.900		26.490	400
1976	130.000	130.809	2.860		25.428	511
1977	170.000	172.240	2.820		24.930	696
1978	215.000	218.381	2.700		23.737	968
1979	295.000	279.790	2.700		22.035	1.336
1980	420.000	432.394	2.700		21.122	2.154
1981	6.300	6.392	2.670		20.039	3.394
1982	9.450	9.193	2.720		19.480	4.929
1983	14.175	14.113	2.630	4.000/3.000	17.593	8.665
1984	17.720	17.583	2.490	5.500/3.500	15.416	13.013
1985	20.000	20.330	2.470	7.000/4.000	13.982	16.723
1986	20.000	21.526	2.300	8.000/4.000	12.503	21.265
1987	25.000	24.600	2.280	9.000/5.000	12.496	24.529

Upphæð á nemanda er þannig fundin, að meðalstyrkur (heildarúthlutun deilt með fjölda styrkþega) ár hvert er framreiknaður með hlutfallinu milli vísitölu marsmánaðar það ár og núgildandi vísitölu (nóv. 87).

Rétt er að fram komi, að á fyrri hluta þess tímabils sem hér um ræðir var hlutfallslegt vægi skólategunda talsvert ólíkt því sem nú er. Nemendur héraðsskóla, iðnskóla, húsmæðraskóla og búnaðarskóla fengu þá 35 – 40% af heildarfjölda greiddra styrkja, en af heildarstyrkupphæð komu aðeins 20 – 25% í þeirra hlut.

Þessi munur skýrist annars vegar af því að nemendur þessara skóla voru margir í heimavistum og fengu því ekki húsnæðisstyrk, og hins vegar af því að meðalstarfstími skólanna var styttri en annars staðar.

Hlutfall nemenda þessara skóla af heildarfjölda styrkþega hefur nú lækkað mjög mikið, og þarf að hafa í huga, þegar bornar eru saman meðalstyrkupphæðir frá mismunandi tíma (sjá töflu).

Skólategund	1973	1974	1975	1986
Búnaðarskólar	3,17	4,25	3,28	4,39
Héraðsskólar	22,48	19,64	19,14	7,89
Húsmæðraskólar	5,33	6,32	4,38	0,72
Iðnskólar	4,11	7,83	8,59	5,47
	35,09	38,04	35,39	18,47
Hlutfall af heildarfjárhæð	20,92	23,67	23,76	

Sþ. 193. Svar [121. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde um varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Hver er staða mála varðandi hugsanlega aðild Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að gerð varaflugvallar fyrir millilandaflug hér á landi?

Atlantshafsbandalagið hefur lýst áhuga á að fram fari forkönnun á mögulegum staðsetningum flugvallar sem þjónað geti sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Hefur bandalagið samþykkt fjárveitingu til slíkrar forkönnunar.

Óskir hafa komið fram um að forkönnun þessi taki til staðsetninga á Íslandi og á Grænlandi. Að lokinni forkönnun verður tekin afstaða til þess hvort og hvar flugvöllur yrði byggður. Dönsk stjórnvöld hafa samþykkt að forkönnun fari fram á Grænlandi.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki samþykkt að forkönnun á vegum Atlantshafsbandalagsins fari fram á Íslandi, en nokkrar viðræður fóru fram milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda í árslok 1986 og ársbyrjun 1987. Í febrúar 1987 ákvað þáverandi samgönguráðherra að íslensk forkönnun yrði gerð á hugsanlegum varaflugvallarmöguleikum hér á landi. Líklegt er að sú könnun geti komið að verulegu gagni ef forkönnun á vegum eða í samráði við Atlantshafsbandalagið yrði leyfð.

Utanríkisráðherra hefur á undanförnum vikum átt samtöl við aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og yfirflotaforingja bandalagsins, Saclant, um þetta mál og hefur eftirfarandi m.a. komið fram:

— Varaflugvöllur af þeirri gerð sem um er rætt yrði fullkominn millilandaflugvöllur.
— Ef varaflugvöllur yrði byggður hér á landi á vegum Atlantshafsbandalagsins yrði rekstur hans á friðartímum eingöngu í höndum íslenskra flugmálayfirvalda.
— Varaflugvöllur yrði eingöngu mannaður Íslendingum og algjörlega undir íslenskri stjórn á friðartímum.
— Engin þörf yrði á búsetu eða varðgæslu varnarliðsmanna við völlinn.
— Varnarliðið mundi einungis nota varaflugvöll ef Keflavíkurflugvöllur lokaðist.

Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir frekari undirbúningi að gerð slíks flugvallar með þátttöku Mannvirkjasjóðsins?

Þetta mál er nú til vandlegrar athugunar í utanríkisráðuneytinu og liggur næst fyrir að taka þarf ákvörðun um hvort heimiluð verði forkönnun í samvinnu við Atlantshafsbandalagið með svipuðum hætti og dönsk stjórnvöld hafa heimilað að því er Grænland varðar. Sú ákvörðun verður tekin þegar niðurstöður þessara athugana liggja fyrir.

Nd. 194. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum áfengi sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín telst áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.

2. gr.

Í stað „flugvéla“ í 3. mgr. 4. gr., sbr. lög nr. 7/1985, kemur: loftfara.

3. gr.

Í stað „skal hreppstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: skal lögreglumaður eða hreppstjóri.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt.

Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sveitarfélagi sem í hlut á og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í sveitarfélaginu.

Atkvæðagreiðsla, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal fara fram er þriðjungur kjósenda eða meiri hluti hlutaðeigandi sveitarstjórnar krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu eða samþykkt að leggja niður útsölu og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

5. gr.

1. mgr. 1. tölul. 11. gr. laganna orðast svo:

Lyfsalar og læknar sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu það áfengi sem talið er í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnarnefndar, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Þriggja manna nefnd, sem dómsmálaráðherra skipar, skal dæma um það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnarráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og skal þá framlengja fyrra leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati dómsmálaráðherra.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmálaráðherra getur sett almennar

reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Skulu leyfishafar endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirliti eftir reglum sem ráðherra setur.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengisvarnarráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

7. gr.

3. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

a. Í stað „vínveitingaleyfi“ í 4. málsl. 2. mgr. 20. gr. kemur: leyfi.
b. Í stað „vínveitingar“ í 4. mgr. sömu greinar kemur: veitingar áfengis.

9. gr.

a. 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Áfengisvarnarnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Ráðherra skipar formann áfengisvarnarnefndar að fengnum tillögum áfengisvarnarráðs en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af sveitarstjórn. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því að hlutaðeigandi sveitarstjórn greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði.

b. Í stað 3. og 4. mgr. sömu greinar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er í samþykkt um stjórn sveitarfélags að fela nefnd eða ráði, sem fjallar um félagslega aðstoð sveitarfélags við íbúa þess, jafnframt hlutverk áfengisvarnarnefndar.

10. gr.

Í stað „vínte gundir“ í 1. mgr. 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 52/1978, komi: áfengistegundir.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, var réttarstöðu sveitarfélaga breytt þannig að þau hafa öll sömu réttarstöðu og verða sýslunefndir lagðar niður frá ársbyrjun 1989 að telja.

Í áfengislögum, nr. 82/1969, kemur mismunandi staða sveitarfélaga fram á þremur stöðum, þ.e. í 10. gr. þar sem kveðið er á um útsölustaði áfengis, í 12. gr. þar sem fjallað er um leyfi veitingastaða til áfengisveitinga og í 30. gr. um áfengisvarnarnefndir.

Nauðsyn ber til að breyta ákvæðum þessum og færa þau til samræmis við aðstæður nú. Er frumvarp þetta flutt í því skyni. Jafnframt er lagt til að breytt verði þeirri skipan að dómsmálaráðherra veiti veitingastöðum leyfi til áfengisveitinga. Er lagt til að það vald verði fært til lögreglustjóra í samræmi við þá þróun að færa verkefni frá miðstjórn til staðbundinna yfirvalda.

Með lögum nr. 38/1988 var áfengislögunum breytt þannig að frá 1. mars 1989 verður sala og veitingar áfengs öls ekki lengur óheimil. Áfengt öl verður þá heimilt að selja í

áfengisútsölum og í veitingahúsum sem leyfi hafa til áfengisveitinga. Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði áfengislaganna þeirri skipan og verði hugtakið „áfengi“ þá jafnan notað, en í nokkrum ákvæðum laganna er nú notað hugtakið „vín“ sem ekki á lengur við miðað við hinar breyttu aðstæður.

Auk þeirra breytinga sem hér hafa verið raktar felur frumvarpið í sér nokkrar minni háttar breytingar á áfengislögunum sem getið verður nánar í athugasemdum við einstakar greinar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin miðar að því að skilgreina sterka drykki annars vegar og létt vín hins vegar með tilliti til þess að áfengt öl verður nú löglegt.

Um 2. gr.

Lagt er til að í 5. gr. laganna verði hugtakið „loftfar“ notað í stað hugtaksins „flugvél“, en flugvél er ein tegund loftfara eins og það hugtak er skilgreint samkvæmt loftferðalögum.

Um 3. gr.

Í 5. gr. áfengislaganna er vikið að viðbrögðum hreppstjóra þegar skip strandar og hefur meðferðis áfengi. Rétt er að lögreglumanna almennt verði hér getið auk hreppstjóra.

Um 4. gr.

Með sveitarstjórnarlögunum frá 1986 hefur verið gerð breyting á réttarstöðu sveitarfélaga og hafa kaupstaðir eigi lengur sérstöðu meðal sveitarfélaganna. Í 10. gr. áfengislaganna er heimild til að setja á stofn áfengisútsölu bundin við kaupstaði. Er lagt til að greininni verði breytt á þann veg að heimild til að setja á stofn útsölustaði áfengis miðist við sveitarfélög þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt. Eru það þau sveitarfélög sem skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga mega nefnast bær.

Um 5. gr.

Breytingin felur í sér að rætt er um áfengi en ekki vín.

Um 6. gr.

Samkvæmt 12. gr. áfengislaganna er dómsmálaráðherra heimilað að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Má þannig ekki veita leyfi ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd er leyfisveitingu mótfallin.

Vegna breyttra aðstæðna frá því heimild til að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga var fyrst lögtekin á árinu 1954 þykja ekki vera efni til að þessar leyfisveitingar skuli áfram vera í höndum ráðherra og ráðuneytis. Er gert ráð fyrir að um slík leyfi fari samkvæmt almennum reglum og að leyfisveiting flytjist til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Er eðlilegt að veitingavald í þeim efnum verði í höndum lögreglustjórnarinnar svo sem er einnig um almenn veitingaleyfi. Jafnframt er lögð áhersla á ábyrgð sveitarstjórna að þessu leyti með því að áfram er gert ráð fyrir því að óheimilt verði að veita áfengisleyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Þar sem sýslunefndir verða lagðar niður frá ársbyrjun 1989 að telja er gert ráð fyrir því að allar sveitarstjórnir hafi umsagnaraðild, hver innan síns umdæmis, auk áfengisvarnarnefnda þar sem þær starfa, sbr. ákvæði 9. gr. frumvarpsins og gildistökuákvæði.

Frumvarpsgreinin felur að auki í sér nokkrar aðrar breytingar. Lagt er til að skipunartími matsnefndar þeirrar, sem dæmir um hvort veitingastaður fullnægi skilyrðum til að fá leyfi til áfengisveitinga, verði fjögur ár, en í núgildandi lögum er ekki ákvæði um skipunartíma nefndarinnar. Þá eru ákvæði sem ákvarða stöðu veitingamanns þegar sótt er um endurnýjun leyfis eða nýr maður tekur við rekstri veitingastaðar þann tíma sem umsókn er til meðferðar. Í reynd hefur verið litið svo á að fyrra leyfi gildi meðan svo stendur á, en rétt er að lögfesta þá skipan.

Með því að útgáfa leyfa flyst samkvæmt frumvarpinu frá dómsmálaráðuneyti í hendur lögreglustjóra er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Jafnframt er lagt til að til lögreglustjóra flytjist sú heimild sem ráðherra hefur nú til að fella niður leyfi ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur.

Ákvæði greinarinnar, sem að öðru leyti eru í meginatriðum í samræmi við gildandi lagaákvæði, þarfnast ekki skýringa. Rétt er þó að taka fram að lagt er til að Samband veitinga- og gistihúsa verði umsagnaraðili við setningu reglugerða um áfengisveitingar.

Um 7. gr.

Lagt er til að fellt verði niður sérákvæði 19. gr. áfengislaganna um lögregluskýrslur til dómara og um dómsrannsókn. Um það efni fer nú samkvæmt almennum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

Um 8. gr.

Með hliðsjón af því að áfengt öl hefur verið heimilað þykir rétt að nota ekki framar hugtökin „vínveitingar“ og „vínveitingaleyfi“.

Um 9. gr.

Lagt er til að áfram verði miðað við það að áfengisvarnarnefndir starfi í öllum sveitarfélögum, kosnar af sveitarstjórn en formaður skipaður af ráðherra að fengnum tillögum áfengisvarnarráðs. Fellt er hins vegar niður ákvæði um fjölda nefndarmanna, hlutfallskosningar og skipunartíma, en um það efni mundi fara eftir almennum ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Þá er lagt til að ákvæði 3. og 4. mgr. 30. gr. áfengislaganna um heimild ráðherra til að fela félagsmálaráði störf áfengisvarnarnefndar að nokkru eða öllu leyti verði breytt. Verði ákvæðið almenns eðlis þannig að í samþykkt um stjórn sveitarfélags megi ákveða að nefnd eða ráði, sem fjallar um félagslega aðstoð sveitarfélags við íbúa þess, skuli falið hlutverk áfengisvarnarnefndar. Er slík skipan í samræmi við ákvæði 58. gr. sveitarstjórnarlaga um sameiningu nefnda.

Um 10. gr.

Breyting þessi leiðir af því að áfengt öl hefur verið heimilað.

Um 11. gr.

Lagt er til að gildistaka þeirra breytinga, sem í frumvarpinu felast, verði 1. janúar nk. Meginbreyting frumvarpsins varðar efni 12. gr. áfengislaganna og heimild til að leyfa áfengisveitingar á veitingastöðum. Er rétt að sú breyting komi til framkvæmda áður en heimild til að veita áfengt öl tekur gildi 1. mars nk. Þá er þess og að gæta að sýslunefndir eru lagðar niður frá næstu áramótum að telja og geta þær því eigi lengur verið umsagnaraðilar.

Nd. 195. Frumvarp til laga [177. mál]

um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Geir H. Haarde, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður menningarmála. Skal sjóðurinn varðveittur í Seðlabanka Íslands og skulu tekjur af sérstökum eignarskatti renna óskiptar í sjóð þennan jafnóðum og þær innheimtast. Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn sjóðsins.

2. gr.

Framkvæmdasjóði menningarmála skal varið til framkvæmda við menningarstofnanir. Meðan byggingu Þjóðarbókhlöðu er ekki lokið skal sú framkvæmd hafa forgang við fjárveitingar úr sjóðnum. Af öðrum framkvæmdum, sem fá skulu fjárveitingu úr sjóðnum, skal nefna: Endurbygging Þjóðleikhúss, endurbygging Þjóðminjasafns, innrétting Þjóðskjalasafns og bygging tónlistarhúss. Alþingi skal við afgreiðslu fjárlaga ár hvert ráðstafa fé úr sjóðnum.

3. gr.

Frá og með gjaldárinu 1990 skal leggja á sérstakan eignarskatt er renna skal óskiptur til framkvæmda á sviði menningarmála samkvæmt því sem nánar greinir í lögum þessum.

4. gr.

Sérstakur eignarskattur skv. 3. gr. skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 3.505.560 kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í samræmi við breytingar á henni frá og með gjaldárinu 1989. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.
b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan samkvæmt ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

5. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts og eftir því sem við á.

6. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

7. gr.

Fara skal með þennan sérstaka eignarskatt á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar skv. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglugerð samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma fyrst til framkvæmda við álagningu gjalda á gjaldárinu 1990 miðað við eignarskattsstofn í árslok 1989.

Greinargerð.

Á sviði menningarmála blasa nú við stór og fjárfrek verkefni sem a.m.k. sum hafa verið vanrækt of lengi. Reynslan sýnir að erfitt er að fá fjármagn eftir venjulegum leiðum á fjárlögum og því er nauðsynlegt að fara aðrar leiðir.

Vorið 1986 voru samþykkt á Alþingi „lög um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu", nr. 49/1986. Samkvæmt þeim lögum var ákveðið að á gjaldaárunum 1987, 1988 og 1989 skyldi leggja á sérstakan eignarskatt er renna skyldi óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar. Með samþykkt þessara laga átti að vera tryggt að unnt yrði að ljúka þessu mannvirki á þessum þremur árum. Því miður hefur reynslan orðið sú að fjármálaráðuneytið hefur reynt að seilast í þessa peninga til almennra útgjalda ríkissjóðs. Engu að síður er ljóst að með samþykkt þessara laga komst á ný verulegur skriður á byggingu þjóðarbókhlöðunnar þótt framkvæmdum muni ekki ljúka á árinu 1989.

Lögin um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu munu falla úr gildi í árslok 1989, þ.e. þau fjárlög sem nú eru til meðferðar á Alþingi eru síðustu fjárlög á gildistíma þessara laga. Frumvarp það sem hér er flutt gerir ráð fyrir því að hinn sérstaki eignarskattur verði áfram innheimtur og að tekjur af þessum skatti renni í sérstakan sjóð sem hafi víðtækara hlutverk en byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu. Rétt er að taka fram að flutningsmenn gera ráð fyrir að eignarskattsinnheimta verði eftir samþykkt þessa frumvarps sambærileg við það sem nú er, þ.e. lýst er andstöðu við þá hækkun eignarskatts sem boðuð er. Er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur framkvæmdasjóður menningarmála sem fái tekjur af þessum skatti og sjóðurinn fjármagni síðan ýmis brýn verkefni á sviði menningarmála. Þau verkefni, sem nú blasa helst við, eru þessi:

Þjóðarbókhlaða. Ljúka þarf byggingu þjóðarbókhlöðu sem fyrst. Þjóðarbókhlaðan var samþykkt í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar — er eins konar gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín og því ekki vansalaust að þessi framkvæmd skuli ekki hafa gengið betur. Því er ráðgert að hún hafi forgang við fjárveitingu úr sjóðnum þar til byggingunni er lokið.

Þjóðleikhúsið. Mjög hefur skort á að viðhaldi Þjóðleikhúsbyggingarinnar væri sinnt sem skyldi. Er nú svo komið að húsið þarfnast gagngerða endurbóta. Hafa verið gerðar áætlanir um hvað nauðsynlegt er að gera við húsið. Kostnaður er mjög mikill.

Þjóðminjasafn. Þjóðminjasafnsbyggingin liggur undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi. Sérstök nefnd hefur unnið að áætlun um viðgerðir á húsinu og uppbyggingu safnsins að öðru leyti til aldamóta. Núverandi bygging þarfnast gagngerðrar viðgerðar og áætlanir eru uppi um viðbyggingu til að bæta aðstöðu safnsins.

Þjóðskjalasafn. Nýtt hús var keypt fyrir Þjóðskjalasafnið fyrir fáum árum, þ.e. hús gömlu mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg. Aðbúnaður Þjóðskjalasafnsins hefur verið afar bágborinn og voru þessi húsakaup hugsuð til að bæta þar úr og til að auðvelda safninu að gegna því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt nýlegum lögum. Ríkisendurskoðun hefur

gert skýrslu um þessi húsakaup. Þar kemur fram að hér hefur verið um hagstæð kaup að ræða og að húsið geti hentað vel starfsemi Þjóðskjalasafnsins. Hins vegar skorti fjármagn til innréttinga og nauðsynlegt sé að gera áætlun um það verk.

Tónlistarhús. Þörfin á sérstöku tónlistarhúsi hefur lengi verið ljós. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur lengi búið við mjög ófullkomnar aðstæður í Háskólabíói og ýmiss konar annað tónleikahald hefur verið á hrakhólum. Samtök um byggingu tónlistarhúss hafa verið stofnuð af áhugasömum einstaklingum og hafa þau unnið gott starf til undirbúnings byggingu tónlistarhúss. Ljóst er að ríkisvaldið verður að koma myndarlega við sögu með fjárframlögum ef tónlistarhús á að verða að veruleika. Því er gert ráð fyrir að veitt verði fjármagn úr framkvæmdasjóði menningarmála til þessa verkefnis.

Hér hafa verið tilgreind stór verkefni sem nú blasa við á sviði menningarmála. Vafalaust mætti nefna fleira en ljóst er að mikil þörf er á sjóði sem þessum sem hafi fastan og öflugan tekjustofn. Talið er að hinn sérstaki eignarskattur muni á árinu 1989 gefa í tekjur 240 millj. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stofnun framkvæmdasjóðs menningarmála. Til að forðast ásælni fjármálaráðuneytisins í tekjustofn þennan er skýrt tekið fram að tekjur af hinum sérstaka eignarskatti skuli lagðar í sjóðinn jafnóðum og þær innheimtast. Enn fremur að sjóðurinn skuli varðveittur í Seðlabanka Íslands og að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn hans.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau helstu verkefni sem nú blasa við þessum sjóði, en jafnframt að Alþingi skuli við afgreiðslu fjárlaga ákveða hvernig fé úr sjóðnum skuli ráðstafað til einstakra verkefna.

Um 3. gr.

Í þessari grein er sú stefna mörkuð að frá ársbyrjun 1990 skuli leggja á sérstakan eignarskatt er renna skuli óskiptur til framkvæmda á sviði menningarmála.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Eina undantekningin er þó sú að í ákvæðið um að ellilífeyrisþegar skuli ekki greiða þennan skatt er bætt örorkulífeyrisþegum. Frumvarp um það efni liggur nú fyrir Alþingi á þskj. 85 varðandi breytingu á lögum nr. 49/1986 og eru flutningsmenn Halldór Blöndal o.fl. Þá er viðmiðunartölu varðandi eignarskattsstofn breytt í samræmi við breytingar á skattvísitölu.

Um 5.–7. gr.

Greinar þessar eru efnislega í samræmi við 3.-5. gr. laga nr. 49/1986 og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar á meðal nánari skilgreiningu á þeim verkefnum sem njóta skuli framlaga úr sjóðnum.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að lög þessi taki gildi 1. jan. 1990, þ.e. þegar lögin nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, falla úr gildi.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um aðstoð við leigjendur.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að greidd húsaleiga lágtekjufólks verði annað tveggja frádráttarbær frá tekjuskatti eða bætt með húsaleigustyrkjum.

Greinargerð.

Þegar lögin um staðgreiðslu skatta og breytingin á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru samþykkt á síðasta þingi var ekki tekið á málum þess stóra hóps fólks sem leigir húsnæði á hinum frjálsa markaði. Hins vegar gera lögin ráð fyrir bótum til handa þeim sem byggja eða kaupa húsnæði án tillits til efnahags þeirra.

Það er deginum ljósara að þeir sem taka húsnæði á leigu eru þeir sem ekki hafa ráð á að kaupa eða standa í byggingu eigin húsnæðis. Þá er það jafnframt ljóst að þetta sama fólk eyðir stórum hluta ráðstöfunartekna sinna í greiðslu húsaleigu. Hingað til hefur ekkert verið gert af ríkisvaldsins hálfu til að létta byrðar þessa fólks þó að vitað sé að húsaleiga fyrir þriggja herbergja íbúð er nú 40.000 kr. eða meira á mánuði. Tölur um greidda húsaleigu liggja ekki fyrir vegna ónógra gagna og skorts á eftirliti skattyfirvalda. Hingað til hefur það verið undir hælinn lagt hvort leigutekjur eru gefnar upp til skatts eða ekki. Fyrir utan hið flókna kerfi sem því er samfara að tiltaka á skattframtali greidda húsaleigu hefur engin hvatning verið fyrir leigutaka að gera grein fyrir þessum húsaleigugreiðslum. Hagnaður leigutakans er enginn enda er oft um það samið á milli leigusala og leigutaka að leigutaki gefi ekki upp til skatts greidda húsaleigu eða að uppgefin leiga nemi aðeins broti af hinni raunverulegu leigu.

Með því að gera húsaleigu frádráttarbæra frá skatti eða með því að styrkja þá sem taka húsnæði á leigu vinnst tvennt. Annars vegar er komið til móts við þetta fólk og hins vegar er tryggt að húsaleiga verði rétt fram talin af hálfu leigusala.

Í tillögunni er gert ráð fyrir tveimur möguleikum til að ná markmiði hennar. Að gera húsaleigu frádráttarbæra beint frá tekjuskatti líkt og gert er með sjómannafrádrátt eða að leigutökum verði greidd ákveðin fjárhæð í formi styrkja líkt og nú er gert með vaxta- og húsnæðisbætur. Ríkisstjórninni er falið að meta út frá lagatæknilegum sjónarmiðum hvor leiðin verði valin.

Ekki er gerð tillaga um hvaða fjárhæð frádrátturinn eða bæturnar eigi að nema en miða mætti við húsnæðiskostnað eins og hann er í grunni framfærsluvísitölunnar.

Sþ. 197. Fyrirspurn [179. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirk viðvörunarskilti á Reykjanesbraut vegna hálku.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hefur verið kannað hvort unnt sé að setja upp sjálfvirk viðvörunarskilti vegna hættu á hálku á Reykjanesbraut eða á öðrum þjóðvegum?

Nd. 198. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Launamanni skv. 2. tölul. 4. gr. ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 20. janúar ár hvert, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Á skattkorti skulu, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs, svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta samkvæmt 1. mgr. falli niður, enda gildi áður útgefin skattkort það ár sem skattkortaútgáfan fellur niður, þó ekki skattkort skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. Þó skal gefa út skattkort til þeirra aðila er ekki hafa áður fengið skattkort en öðlast hafa rétt til þess.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. mgr. fellur niður.

b. Í stað „20%“ í 6. mgr. kemur: 50%.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Skattstjóra er heimilt að ákveða að laun hvers almanaksmánaðar séu hærri en 1/12 hluti árlegs endurgjalds, enda liggi fyrir samþykkt greinargerð launamannsins. Skattar, sem þannig greiðast sjaldnar, mega þó ekki vera hærri á síðari hluta ársins en fyrri hluta þess.

5. gr.

Í stað orðanna „innan tíu virkra daga frá tilkynningu“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar.

6. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Innan 15 daga frá og með dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

7. gr.

Við 1. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Ef greiðsla samkvæmt þessari málsgrein reynist of há skal sá hluti hennar sem leiðir til inneignar ekki taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. 34. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er tóku gildi um síðustu áramót lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessum lögum var breytt með lögum nr. 90/1987 í samræmi við tillögur *milliþinganefndar um staðgreiðslu*. Þrátt fyrir þetta var ljóst að gera þyrfti einhverjar breytingar á lögunum, í ljósi reynslunnar, þegar að loknu fyrsta staðgreiðsluárinu. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru allar tæknilegs eðlis og hafa fyrst og fremst þann tilgang að gera lögin skýrari og framkvæmd staðgreiðslunnar liprari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að sjálfstæðum atvinnurekendum verði gert skylt að tilkynna við upphaf staðgreiðsluárs áætlaðar tekjur sínar á því ári. Árlega setur ríkisskattstjóri sérstakar viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald sem einstaklingum í atvinnurekstri ber að fara eftir við ákvörðun launa.

Í núgildandi ákvæði kemur fram að ríkisskattstjóri setji árlega reglur um framkvæmd þess. Á fyrsta staðgreiðsluári, sem nú er að ljúka, setti ríkisskattstjóri þær reglur að sjálfstæðum atvinnurekendum bæri að senda greinargerð til skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi háttur verði lögbundinn framvegis. Er það einkum gert til að festa framkvæmdina, svo og að gjaldendum sé þessi háttur betur ljós.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að gefa út skattkort árlega. Útgáfa skattkorta ár hvert er bæði dýr og viðamikil. Samkvæmt þessari grein er ríkisskattstjóra veitt heimild til að ákveða að útgáfa skattkorta falli að mestu leyti niður. Margir launagreiðendur hafa lýst yfir áhyggjum af því að ný skattkort verði gefin út árlega, þar sem það valdi mikilli fyrirhöfn og umstangi að skipta um skattkort. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar verði auglýst ef ekki verði af útgáfu skattkorta. Enn fremur er kveðið á um að ríkisskattstjóra sé ætíð skylt að auglýsa ef breytingar verða á persónuafslætti og skatthlutfalli á staðgreiðsluári.

Um 3. gr.

Samkvæmt a-lið þessarar greinar er fellt niður ákvæði er bindur gildistíma námsmanna-skattkorts við þrjá mánuði. Í ljós hefur komið að hér er um of þrönga reglu að ræða sem hefur í för með sér að ákveðinn fjöldi námsmanna lendir í skattgreiðslum sem síðar hefur orðið að endurgreiða samkvæmt heimild í 18. gr. laganna um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hefur þessi þrönga regla haft í för með sér þó nokkur óþægindi fyrir námsmenn og breyting þessi því lögð til.

Í b-lið greinarinnar er fjallað um skattkort með uppsöfnuðum persónuafslætti en þau eru til að vega upp takmarkaðar heimildir til að flytja ónýttan persónuafslátt milli mánaða sem fram kemur í 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Á fyrsta staðgreiðsluári var launamanni veitt heimild til að sækja um slíkt skattkort ef hann hefði ekki nýtt meira en 20% af persónuafslætti þegar komið var fram yfir mitt staðgreiðsluár. Reynslan hefur sýnt að 20% eru of lág mörk og því er lagt til að þau verði hækkuð verulega eða upp í 50%.

Um 4. gr.

Með þessari grein er ætlað að rýmka þau mörk sem einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur hafa til að skila staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sínu. Ýmiss konar

atvinnurekstur, t.d. smábátaútgerð, er árstíðabundinn og því sanngjarnara fyrir þá aðila að mega skila skatti á þeim árstíma sem tekjuöflunin varir í stað þess að jafna greiðslum yfir allt árið. Í greininni er gert ráð fyrir því að skattstjóra verði unnt að ákvarða að skil verði sjaldnar og þá hærri í hvert sinn.

Um 5. gr.

Með orðalagi þessarar greinar ætti að vera alveg ljóst hve langur kærufrestur til skattstjóra sé. Orðalagið „virkra daga“ hefur valdið misskilningi og jafnvel óþarfa ágreiningi, svo sem hvort laugardagar teljist virkir dagar.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að málskotsheimild til ríkisskattstjóra verði lengd frá því sem nú er, enda þykir hún vera óhæfilega stutt.

Um 7. gr.

Tilgangur með 38. gr. staðgreiðslulaga er að koma í veg fyrir vísitölureikning á eftirstöðvar tekjuskatts og útsvars af þeim tekjum sem ekki eru staðgreiðsluskyldar. Ákvæði þetta miðar að því að ofgreiðsla skv. 38. gr., sem leiðir til inneignar, taki ekki breytingum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um könnun á afbrotaferli fanga.

Flm.: Guðmundur Ágústsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera könnun á afbrotaferli fanga í íslenskum fangelsum þar sem einkum væri leitast við að grafast fyrir um ástæður afbrotanna.

Könnun þessi taki einnig til aðbúnaðar og starfsaðstöðu í íslenskum fangelsum og reynt verði að varpa ljósi á áhrif fangelsisvistar á hlutaðeigandi aðila.

Greinargerð.

Með könnun þessari á afbrotum, föngum og fangelsum og áhrifum fangelsunar á hlutaðeigendur er tilgangur flutningsmanna að skýra betur en nú liggur fyrir ýmis mikilvæg atriði fangelsismála hér á landi. Ef könnun þessi yrði gerð gæti hún veitt mjög mikilvægar upplýsingar sem aftur gætu orðið grundvöllur að nýrri stefnu í viðbrögðum við afbrotum hér á landi.

Hver einstaklingur, sem tapast á afbrotabraut, er dýrmætur, ekki síst svo fámennri þjóð sem Íslendingar eru, og því er til mikils að vinna að framkvæmd refsivistar verði ekki afbrotamönnum til enn meiri óheilla heldur betrunar og uppbyggingar að nýju.

Ed. 200. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 20. maí sl. að tillögu fyrrverandi ríkisstjórnar. Bráðabirgðalögunum hefur verið breytt tvívegis, fyrst 31. maí vegna nokkurrar óvissu um skilning á 8. gr. laganna og síðan í september eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum. Þá voru gerðar verulegar breytingar á lögunum með nýjum bráðabirgðalögum (sbr. 8. mál). Þannig eru aðeins fáar greinar upphaflegu laganna enn í gildi.

Meiri hl. nefndarinnar telur eðlilegast að frumvarp þetta verði afgreitt á þann hátt að inn í það verði felldar þær breytingar sem gerðar hafa verið á efni þess síðar og flytur breytingartillögur í samræmi við það á sérstöku þingskjali. Meiri hl. nefndarinnar telur því ekki ástæðu til að afgreiða 21. mál.

Um efnisatriði frumvarpsins að öðru leyti vísast til nefndarálits um 8. mál.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins hefur fyrirvara um þær greinar frumvarpsins sem eftir standa óbreyttar frá því í maí sl.

Alþingi, 8. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 201. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, MF, JE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

   Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

   Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

   Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

   Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.
4. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

Ed. 202. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið í tengslum við umfjöllun sína um 20. og 21. mál. Nefndin hefur fjallað um þessi mál á átta fundum og til viðtals við nefndina komu: Gunnar Hilmarsson frá Atvinnutryggingarsjóði, Guðmundur Malmquist frá samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna, Eyjólfur Jónsson, Guðmundur Þ Jónsson og Daði Ólafsson frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Ágúst Einarsson og Ágúst V. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Árni Benediktsson frá Félagi Sambands fiskframleiðenda, Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Eiríkur Valsson frá Sölustofnun lagmetis, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árni Kolbeinsson frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Haraldur Sumarliðason og Þórleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Ólafur Davíðsson og Víglundur Þorsteinsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Halla Holton frá Hildu, Aðalsteinn Helgason frá Álafossi, Ágúst Eiríksson frá Árbliki, Jón Ragnar Björnsson, fulltrúi loðdýraræktenda, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Sigurgeir Sigurðsson og Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hákon Sigurgrímsson, Haukur Halldórsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Guðjón Kristjánsson og Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Haraldur Hannesson og Ragnhildur Guðmundsdóttir frá

BSRB, Ari Skúlason, Örn Friðriksson og Ragna Bergmann frá ASÍ, Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Halldór Árnason frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Lárus Ögmundsson og Snorri Olsen frá fjármálráðuneyti og Þórður Ólafsson frá bankaeftirlitinu. Með nefndinni starfaði Sveinn Agnarsson frá Ríkisendurskoðun.

Frumvarp þetta er til staðfestingar bráðabirgðalögum sem út voru gefin hinn 28. september sl. er ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum. Bráðabirgðalögunum fylgdi svohljóðandi rökstuðningur:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða þegar aðgerðir til að koma í veg fyrir stöðvun mikilvægra útflutningsfyrirtækja, styrkja afkomu atvinnuvega, draga úr verðbólgu, lækka vexti og koma þannig í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi og leggja grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagslífinu."

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar telur að útgáfa þessara bráðabirgðalaga hafi verið nauðsynleg og óhjákvæmileg eins og sakir stóðu í lok september og lítur á útgáfu laganna sem mikilvægt skref í þeirri viðleitni að halda atvinnulífinu gangandi, lækka vexti og minnka verðbólgu. Ýmsum markmiðum hefur þegar verið náð, svo sem lækkun verðbólgu og lækkun vaxta. Ljóst er þó að á ýmsum sviðum var ástand í efnahagslífi bæði hjá fyrirtækjum og í ríkisfjármálum sýnu lakara en upplýsingar lágu fyrir um þegar lögin voru sett.

Samhliða afgreiðslu þessa máls eru afgreidd bráðabirgðalög sem út voru gefin 20. maí og 31. maí í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Nokkrar greinar í II. kafla frumvarpsins breyta bráðabirgðalögunum frá því í maí. Meiri hl. nefndarinnar telur eðlilegast að þær greinar verði felldar brott úr þessu frv. en teknar upp í frumvarpið um staðfestingu maílaganna og flytur breytingartillögur í því skyni.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 8. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Ed. 203. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, MF, JE).

1. Við 3. gr. Við greinina bætist nýr málsliður svohljóðandi:
   Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.
2. 12.–16. gr. falli brott.
3. 20. gr. orðist svo:
   Við 9. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

ná um þau samstöðu. Takist það eru þau afgreidd án atkvæðagreiðslu á þinginu. Annars koma þau til atkvæða í nefndinni og síðan á þinginu sjálfu.

Auk hinna reglubundnu þinga Alþjóðaþingmannasambandsins gengst sambandið á hverju ári fyrir nokkrum sérstökum ráðstefnum og fundum um afmörkuð málefni. Þannig hittast t.d. þingmenn ríkja sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum á sérstökum ráðstefnum með reglulegu árabili á vegum sambandsins. Einnig hefur sambandið haldið ráðstefnur um afvopnunarmál, umhverfismál, heilbrigðis- og fólksfjölgunarvandamál svo að fátt eitt sé nefnt.

Sú venja hefur skapast á þingum sambandsins að konur sem þau sitja halda með sér sérstakan vinnufund og ráða ráðum sínum. M.a. fyrir atbeina þessa hóps var starfsreglum sambandsins breytt á síðasta þingi til að tryggja að ávallt sitji a.m.k. tvær konur í framkvæmdanefnd sambandsins.

Þá hefur einnig komið saman óformlega á mörgum undanförnum þingum sérstakur hópur áhugamanna um málefni aldraðra. Þeir fundir hafa verið haldnir að frumkvæði bandaríska fulltrúadeildarþingmannsins Claude Pepper sem sjálfur er 88 ára að aldri og var fyrst kjörinn á Bandaríkjaþing árið 1936.

Loks má nefna að á þingunum koma saman til formlegs fundar þingmenn ríkja sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum og ráðstefnunni um samvinnu og öryggi í Evrópu. Eru þar ræddar leiðir til að stuðla að bættri sambúð og aukinni samvinnu þessara ríkja og þjóðþinga þeirra.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Alþingi Íslendinga hefur um árabil tekið þátt í starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins og hafa þingflokkar átt kost á senda fulltrúa á þing þess í samræmi við þingstyrk hverju sinni. Þátttaka Íslandsdeildarinnar hefur þó verið breytileg eftir aðstæðum. Þannig sat enginn Íslendingur vorþing sambandsins 1987, en það var haldið í Managva í Nikaragva skömmu fyrir alþingiskosningarnar í apríl.

Snemma á síðasta þingi tilnefndu allir þingflokkar einn þingmann til að sitja í Íslandsdeildinni þetta kjörtímabil. Þessir þingmenn eru: Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokki, Ólafur Þ. Þórðarson frá Framsóknarflokki, Sighvatur Björgvinsson frá Alþýðuflokki, Geir Gunnarsson frá Alþýðubandalagi, Júlíus Sólnes frá Borgaraflokki og Kristín Einarsdóttir frá Kvennalista. Einnig tók Karl Steinar Guðnason þátt í starfi deildarinnar fyrir hönd Alþýðuflokks áður en formlegar tilnefningar bárust og sat eitt þing sambandsins.

Geir H. Haarde var kjörinn formaður deildarinnar en ritari hennar er Ólafur Ólafsson, deildarstjóri í skrifstofu Alþingis.

Þrjú regluleg þing sambandsins hafa verið haldin á tímabilinu og sóttu fulltrúar Íslandsdeildarinnar þau öll. Hins vegar var engin þátttaka af hálfu Alþingis í aukaráðstefnum á vegum samtakanna.

Regluleg þing voru haldin í Bangkok í Tælandi haustið 1987, Gvatemalaborg vorið 1988 og í Sofíu í Búlgaríu sl. haust. Formaður deildarinnar og ritari sóttu öll þingin. Þingið í Bangkok sóttu auk þeirra Ólafur Þ. Þórðarson, Geir Gunnarsson og Karl Steinar Guðnason. Sighvatur Björgvinsson og Júlíus Sólnes sóttu þingið í Gvatemala auk formanns og ritara en þau Ólafur Þ. Þórðarson og Kristín Einarsdóttir þingið í Sofíu. Skiptu þingmenn með sér að sitja í ráði sambandsins með formanni.

Fundi sambands skrifstofustjóra þjóðþinga, sem haldnir eru sjálfstætt samtímis þingum Alþjóðaþingmannasambandsins, sóttu í Bangkok Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri Alþingis og í Gvatemalaborg Helgi Bernódusson deildarstjóri.

Formaður Íslandsdeildarinnar tók þátt í almennum umræðum á öllum þingunum. Hann var einnig einn þingforseta á þinginu í Sofíu. Kristín Einarsdóttir tók og til máls í almennum umræðum á þinginu í Sofíu.

Ed. 204. Frumvarp til laga [182. mál]

um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

I. KAFLI
Dómstólar í héraði.

1. gr.

Héraðsdómstólar fara með dómstörf, hver í sínu umdæmi, í opinberum málum og einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð.

2. gr.

Héraðsdómstólar eru 8 og nefnast þeir héraðsdómar. Þeir eru kenndir við umdæmi sín, sem eru: Reykjavík, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Reykjanes. Lögsagnarumdæmi þeirra og aðsetur eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar að mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Reykjavík.
2. Héraðsdómur Vesturlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna að mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Borgarnesi.
3. Héraðsdómur Vestfjarða. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna að mörkum milli Stranda- og Húnavatnssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Ísafirði.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Húnavatnssýslu að austurmörkum Skagafjarðarsýslu og Siglufjarðarkaupstaðar. Dómstóllinn hefur aðsetur á Sauðárkróki.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Ólafsfjarðarkaupstaðar að austurmörkum Þingeyjarsýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Akureyri.
6. Héraðsdómur Austurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu að mörkum milli Austur- og Vestur- Skaftafellssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Egilsstöðum.
7. Héraðsdómur Suðurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna að vesturmörkum Árnessýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Selfossi.
8. Héraðsdómur Reykjaness. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Árnessýslu að mörkum milli Kópavogskaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Dómstóllinn hefur aðsetur í Hafnarfirði.

Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

3. gr.

Með reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, má skipta hverju lögsagnarumdæmi í tvær eða fleiri þinghár sem hver hafi tiltekinn fastan þingstað.

Héraðsdómur skal halda regluleg dómþing á föstum þingstöðum innan umdæmis síns eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Rétt er héraðsdómara að halda önnur dómþing þar sem hentugt þykir innan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál.

4. gr.

Dómarar við héraðsdómstóla nefnast héraðsdómarar. Við héraðsdóm Reykjavíkur skulu vera 21 héraðsdómari, við héraðsdóm Vesturlands 1, við héraðsdóm Vestfjarða 1, við héraðsdóm Norðurlands vestra 1, við héraðsdóm Norðurlands eystra 3, við héraðsdóm Austurlands 1, við héraðsdóm Suðurlands 3 og við héraðsdóm Reykjaness 7. Þar sem héraðsdómarar eru þrír eða fleiri við dómstól má skipta honum í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli. Um heimild dómara til að kveðja meðdómsmenn til setu í dómi fer eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði og laga um meðferð opinberra mála.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn við dómstól skipar dómsmálaráðherra einn þeirra dómstjóra héraðsdómsins til 6 ára í senn að fenginni tillögu þeirra. Láti dómstjóri af störfum við dómstólinn áður en starfstímabili hans lýkur skal nýr dómstjóri skipaður til næstu 6 ára. Nú verður sæti dómstjóra laust eða hann forfallast um stundarsakir og fer þá sá dómari með dómstjórn sem elstur er að embættisaldri við dóminn.

Dómstjórar héraðsdóma hafa yfirstjórn þeirra með höndum og bera á henni ábyrgð. Þeir fara með fyrirsvar héraðsdómsins út á við. Þeir úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar og skipa þeim í deildir ef héraðsdómur er deildaskiptur.

5. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara. Engan má skipa héraðsdómara, nema hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur að hann geti gegnt stöðunni.
2. Hafi náð 30 ára aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði bús síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.
5. Hafi íslenskan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða prófi við annan háskóla sem metið er jafngilt lögum samkvæmt.
7. Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélags. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum.

Dómsmálaráðherra skipar dómnefnd til fjögurra ára í senn sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Í nefndinni sitja þrír menn og tilnefnir Hæstiréttur einn nefndarmann og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Dómarafélag Íslands tilnefnir einn nefndarmann úr hópi héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefnir þriðja nefndarmanninn úr hópi starfandi lögmanna. Sömu aðilar tilnefna varamenn í nefndina. Nefndin skal gefa dómsmálaráðherra skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um störf nefndarinnar.

6. gr.

Dómsmálaráðherra getur löggilt fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir sem dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, fela honum. Sá einn getur hlotið slíka löggildingu sem fullnægir skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 5. gr.

Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn, ákveður dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur héraðsdómara til þess að fara með og dæma einstök mál (setudómara) þar sem allir hinir reglulegu dómarar við héraðsdómstól þann, er málið ber undir, hafa vikið dómarasæti.

Ef mál er sérstaklega umfangsmikið getur dómsmálaráðherra að ósk dómstjóra eða héraðsdómara skipað sérstakan dómara til að fara með það.

Nú verður sæti héraðsdómara laust, hann forfallast eða fær leyfi frá störfum. Er þá dómsmálaráðherra rétt að setja dómara í hans stað um stundarsakir, en þó ekki um lengri tíma í senn en 12 mánuði, nema dómari megi ekki gegna starfi sínu vegna veikinda.

Dómarar skv. 1.–3. mgr. skulu fullnægja ákvæðum 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. Þó má, ef sérstaklega stendur á, gera undantekningar frá skilyrðum 2. og 7. tölul.

8. gr.

Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Dómstjóri veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning skv. 2. mgr. eigi komið að haldi eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómararembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt, sem í 3. mgr. segir, um dómara skv. 7. gr. eða fulltrúa dómara, getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er þeim, sem skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því að hún var gerð.

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

9. gr.

Haldast skulu sérreglur laga um félagsdóm, kirkjudóm, landsdóm og siglingadóm.

II. KAFLI
Umboðsvald í héraði.

10. gr.

Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó 12. gr.

11. gr.

Landið skiptist í 26 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp.

Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Neskaupstaður, 18. Eskifjörður, 19. Höfn í Hornafirði, 20. Vík í Mýrdal, 21. Hvolsvöllur, 22. Vestmannaeyjar, 23. Selfoss, 24. Keflavík, 25. Keflavíkurflugvöllur, 26. Hafnarfjörður, 27. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–27. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

12. gr.

Með þau verkefni, sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum, fara lögreglustjórinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, ásamt þeim störfum sem honum eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga.
2. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau, sem falla innan marka 1. og 2. tölul., fer sýslumaðurinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

13. gr.

Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.

Sýslumaður skipar hreppstjóra í sveitarfélögum utan aðsetursstaðar síns þar sem hann telur þess þörf. Hann getur einnig skipað forstöðumann skrifstofu skv. 1. mgr. í stöðu hreppstjóra, í því sveitarfélagi þar sem skrifstofan er. Sýslumaður veitir hreppstjóra lausn frá starfi.

Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns hver í sínu sveitarfélagi. Fara þeir með störf í umboði sýslumanns eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum eða reglugerðum.

14. gr.

Forseti Íslands skipar sýslumenn. Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra. Sýslumaður á Keflavíkurflugvelli heyrir þó undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.

Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.

15. gr.

Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sinna.

Dómsmálaráðherra getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verkefnum. Heimilt er að skipa sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðgengill sýslumanns, enda fullnægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem dómsmálaráðherra telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.

III. KAFLI
Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara taka héraðsdómstólar og sýslumenn við þeim viðfangsefnum sem falin eru hvorum um sig skv. 1. og 10. gr.

Að því leyti sem einstök lög fela borgardómara í Reykjavík, borgarfógeta í Reykjavík, sakadómara í Reykjavík, bæjarfógetum og lögreglustjórum utan Reykjavíkur eða öðrum valdsmönnum störf, sem ekki teljast til dómstarfa skv. 1. gr., skulu þau koma í hlut sýslumanna frá gildistöku laganna.

18. gr.

Þeir sem skipaðir eru borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar, yfirborgardómari, yfirborgarfógeti og yfirsakadómari í Reykjavík og sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í embætti héraðsdómara í Reykjavík. Nú óska fleiri þeirra eftir skipun í embætti héraðsdómara en heimild er fyrir í 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum í Reykjavík um allt að 5 embætti, en eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti sem losna fyrr en dómarar verða 21 talsins í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Þeir sem skipaðir eru borgarfógetar í Reykjavík við gildistöku laga þessara og neyta eigi forgangsréttar síns samkvæmt framanskráðu geta, ef þeir svo kjósa, tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík, en halda skulu þeir sömu launakjörum og héraðsdómarar, þótt starfsheiti þeirra breytist. Sá sem skipaður er í embætti yfirborgarfógeta í Reykjavík skal hafa forgang til skipunar í embætti sýslumanns í Reykjavík.

Þeir sem við gildistöku laga þessara eru skipaðir bæjarfógetar, héraðsdómarar og sýslumenn utan Reykjavíkur skulu njóta forgangsréttar til skipunar í embætti héraðsdómara við þann dómstól sem með lögum þessum er falið dómsvald í umdæmi þeirra. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Nú kjósa fleiri að neyta forgangsréttar síns en dómarar eru í viðkomandi lögsagnarumdæmi skv. 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum um eitt á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi og um tvö á Reykjanesi. Eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti, sem losna í hverju lögsagnarumdæmi, fyrr en fjöldi héraðsdómara verður í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Ef dómaraembættum fjölgar við héraðsdóma Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands samkvæmt þessari grein, er dómsmálaráðherra eigi skylt að skipa dómstjóra við dómstólana.

Við skipun héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þarf eigi að leita álits dómnefndar skv. 2. mgr. 5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í embætti bæjarfógeta og sýslumanna við gildistöku laga þessara og neyta ekki forgangsréttar síns til skipunar í embætti héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skulu sjálfkrafa verða sýslumenn á aðsetursstað sínum, sbr. 11. gr. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

19. gr.

Nú hefur mál verið þingfest fyrir gildistöku laga þessara fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og dómur er ekki upp kveðinn, og skal þá málið sjálfkrafa teljast rekið áfram fyrir viðkomandi héraðsdómi. Sú breyting haggar ekki gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir gildistöku laga þessara.

20. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972.
2. Lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.
3. Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, nr. 56/1976.
4. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954.
5. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómstörfum, o.fl., nr. 79/1919.
6. 1. mgr. 2. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18/1949.
7. 1. mgr. 2. gr. laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949.
8. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o.fl., nr. 3/1973.
9. 2. gr. laga nr. 26/1918 um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
10. 2. gr. laga nr. 61/1919 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
11. Lög nr. 58/1919 um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
12. 4. gr. laga nr. 48/1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
13. 4. gr. laga nr. 45/1941 um bæjarstjórn á Akranesi.
14. 4. gr. laga nr. 60/1944 um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
15. 2. gr. laga nr. 57/1947 um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
16. 4. gr. laga nr. 17/1949 um bæjarstjórn í Keflavík.
17. 2. gr. laga nr. 109/1949 um bæjarstjórn í Húsavík.
18. 2. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
19. 2. gr. laga nr. 16/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
20. 2. gr. laga nr. 17/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.
21. 2. gr. laga nr. 18/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.
22. 2. gr. laga nr. 19/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
23. 2. gr. laga nr. 20/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.
24. 2. gr. laga nr. 83/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
25. 2. gr. laga nr. 86/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
26. 2. gr. laga nr. 8/1978 um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.
27. 2. gr. laga nr. 34/1983 um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.
28. Lög nr. 31/1877 um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufélög.
29. Lög nr. 27/1887 um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.
30. Lög nr. 3/1896 um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.
31. 1. og 2. gr. laga nr. 43/1973 um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.
32. Lög nr. 77/1907 um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.

21. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, sem hér segir:

a. 29.–33. gr., 35. og 72. gr., svo og 1. og 2. mgr. 38. gr. falli brott.
b. 1. mgr. 42. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómstól skulu fylgja dómsmálabækur til afnota í einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð. Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti sem tíðkast hefur, þar á meðal úrskurði sem upp eru kveðnir þegar í stað um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð um kröfur þær, sem fram hafa komið og þau efni önnur sem í IX. kafla greinir,

vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfestingu matsgerða o.s.frv. Þá skal fylgja hverjum héraðsdómstól dómabók, þar sem skráðir eru dómar og úrskurðir, aðrir en þeir sem áður greinir.

22. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, sem hér segir:

a. 4. gr. falli brott.

b. 2. mgr. 5. gr. falli brott, en 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Eftir ákvörðun dómstjóra geta þrír héraðsdómarar farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

c. 7. gr. hljóði svo:

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar dómstjóri viðkomandi héraðsdóms eða héraðsdómari þar sem dómstjóri er eigi, en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

d. 2. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Um greiðslu til meðdómenda fer skv. 8. tölul. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

e. 1. mgr. 15. gr. falli brott.

f. 17. gr. falli brott.

g. 1. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómi skal fylgja þingbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda og dómabók þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

h. 1. mgr. 32. gr. hljóði svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan Reykjavíkurumdæmis, en þar fer sérstakur lögreglustjóri með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

i. 3. mgr. 73. gr. falli brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af níu manna nefnd, sem fyrrverandi dómsmálaráðherra, Jón Sigurðsson, skipaði í lok september 1987, en í henni sátu:

Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Magnús Þ.Torfason, fyrrverandi hæstaréttardómari, Pétur Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti, Bogi Nilsson rannsóknarlögreglustjóri, Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Friðjón Guðröðarson sýslumaður, Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti og Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri.

Ritari nefndarinnar var Ólafur K. Ólafsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Við meðferð málsins í ráðuneyti áður en frumvarpið var lagt fram var sú breyting gerð frá tillögum nefndarinnar að bætt var við héraðsdómstól fyrir Norðurland vestra, en nefndin lagði til að einn héraðsdómstóll væri fyrir allt Norðurland.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Hinn 27. apríl 1988 skipaði svo dómsmálaráðherra milliþinganefnd til að fjalla um frumvarpið en í henni sátu alþingismennirnir Eiður Guðnason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir og Guðmundur Ágústsson. Var Eiður Guðnason formaður nefndarinnar og hélt hún alls 5 fundi.

Nefndin varð sammála um orðalagsbreytingar á 8. og 13. gr. frumvarpsins og jafnframt leiðrétti hún prentvillur í 18. og 21. gr. Þá kom fram í nefndinni tillaga frá Guðrúnu Helgadóttur um að embætti sýslumanns á Keflavíkurflugvelli heyri framvegis undir dómsmálaráðherra og var meiri hluti nefndarinnar hlynntur tillögunni, en ákveðið var að senda hana sérstaklega til dómsmálaráðherra þar eð samþykkt hennar hefði óhjákvæmilega í för með sér breytingu á öðrum lögum. Aðrar tillögur komu ekki fram í nefndinni en þrír nefndarmenn gerðu fyrirvara um afstöðu sína til frumvarpsins. Tveir nefndarmanna skiluðu sameiginlegu séráliti sem fylgir með frumvarpi þessu sem fylgirit.

Í þessu frumvarpi hefur verið tekið tillit til breytingartillagna nefndarinnar við 8., 13., 18. og 21. gr. fyrra frumvarps.

Stutt sögulegt yfirlit.

Hugmyndin um aðskilnað ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald er venjulega rakin til franska heimspekingsins Montesquieu, sem rökstuddi nauðsyn og ágæti þeirrar skipanar í riti sínu „Um anda laganna“ („De l'esprit des lois“) sem út kom árið 1748. Hugmyndin varð að veruleika eftir þær stjórnarfarsbyltingar, sem urðu á 18. og 19. öld, þegar einveldisstjórnir liðu undir lok í mörgum ríkjum og lýðræði var komið á.

Umboðsstjórn ríkisvaldsins í héraði og dómsvald voru aðskilin hér á landi frá því að ríkisvaldi í nútímaskilningi var komið á og fram á einveldistíma Danakonunga.

Umboðsmenn framkvæmdarvaldsins hér á landi voru auk hirðstjóra og eftirmanna þeirra fyrst og fremst sýslumenn og er þeirra fyrst getið sem embættismanna konungs hérlendis í Gamla sáttmála, Járnsíðu og Jónsbók. Þeir voru í fyrstu 12 eða 13. Sýslumenn voru lögreglustjórar og innheimtumenn konungstekna, þeir önnuðust fullnægju dóma og sáu um þingfararmál auk fleiri starfa. (Sjá nánar um þetta efni rit Steingríms Gauts Kristjánssonar: *Stjórnsýsla ríkisins í héraði í fortíð, nútíð og framtíð.* Útg. í Reykjavík 1987.)

Sýslumenn nefndu menn í héraðsdóma og lögðu mál fyrir þá. Dómum héraðsdóma mátti síðan áfrýja til Lögréttu, en dómum Lögréttu mátti skjóta til konungs. Árið 1314 var einnig heimilað að skjóta stórmálum beint til konungs. Þá gátu lögmenn landsins, en þeir voru tveir, nefnt menn í héraðsdóma í stað sýslumanna, en í slíkum tilvikum gat Lögrétta ekki breytt dómi undirréttar heldur einungis athugað hann og lagt til að málinu yrði skotið til konungs. Í Lögréttu áttu sæti 36 menn, 3 úr hverju hinna 12 þinga og voru þeir nefndir til setu af lögmönnum og sýslumönnum. Í hverju dómsmáli dæmdu ýmist 6, 12 eða 24 menn eftir mikilvægi mála og eftir nánari ákvörðun og tilnefningu lögmanna. Sum mál komu ekki fyrir dóm í héraði, en gengu beint til Lögréttu. Voru það einkum hin stærri mál.

Þess skal getið að fyrir kom að konungar skipuðu lögmenn jafnframt sýslumenn, en því var kröftuglega mótmælt af Alþingi.

Árið 1563 var ákveðið að stofna nýjan dómstól hér á landi og mátti skjóta þangað málum frá Lögréttu. Þessi dómstóll, yfirrétturinn, starfaði á Alþingi eins og Lögrétta og var æðsti umboðsmaður konungs hér á landi formaður hans. Dómendur voru upprunalega 24, en þeim var fækkað á 18. öld. Starfsemi þessa áfrýjunardómstóls var óregluleg framan af, en sýslumenn voru oft nefndir til þess að sitja í honum og var það í samræmi við Alþingisdóm frá árinu 1579.

Í konungstilskipun frá árinu 1622 er gert ráð fyrir að sýslumenn eigi að „administrere og betjene Retten“, þ.e. að sýslumenn eigi að hafa með höndum almenna dómsmálastjórn, sjá um að mál hljóti rétta meðferð og úrlausn, annast þjónustu við dómendur og sjá um að þeir geti rækt störf sín greiðlega. Virðist svo sem þetta sé staðfesting á almennum skilningi á hlutverki umboðsmanna konungsvaldsins varðandi dómsmál á þessu tímabili.

Réttarfarsreglur Jónsbókar, sem byggðust á aðskilnaði umboðsstjórnar og dómsvalds í stórum dráttum, voru í gildi fram yfir aldamótin 1700. Þá voru gengnir í garð einveldistímar,

og konungar ríkisins sameinuðu alla þætti ríkisvaldsins í sínum höndum. Í samræmi við það var farið að framkvæma hér á landi réttarfarsákvæði norsku laga Kristjáns V. frá árinu 1688, en þau afnámu hina hefðbundnu aðgreiningu framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Í erindisbréfi Níelsar Fuhrmanns amtmanns dagsettu 30. maí 1718 er kveðið á um að amtmanni beri að sjá til þess að í réttarfarsmálefnum skuli farið eftir norsku lögum og var þetta síðan ítrekað í erindisbréfi stiftamtmanns frá 1720 og í konungsbréfum frá 1732 og 1734.

Við gildistöku norsku laga voru nefndadómarnir, sem fyrir var mælt um í Jónsbók, lagðir niður, en yfirrétturinn starfaði þó áfram sem fjölskipaður dómur. Í héraði urðu sýslumenn einir dómarar, en í stað Lögréttudóma tóku lögmennirnir við dómstörfunum. Lögréttumenn urðu þingvottar.

Með tilskipun 11. júlí 1800 var dómaskipan gerbreytt. Yfirrétturinn var lagður niður og lögþingin eða lögþingisréttirnir, en svo voru dómstólarnir á Alþingi nefndir, sem lögmennirnir sátu í. Jafnframt var tekið fram að Alþingi á Þingvöllum skyldi lagt niður. Í stað yfirréttarins og lögþinganna var stofnaður landsyfirréttur í Reykjavík. Var það áfrýjunardómstóll er starfaði allt árið. Dómum hans mátti skjóta til Hæstaréttar í Kaupmannahöfn.

Þetta skipulag hélst uns ákveðið var með heimild í 10. gr. sambandslaganna frá 1918 og lögum nr. 22/1919, sem gildi tóku árið 1920, að stofna Hæstarétt Íslands og leggja Landsyfirrétt niður. Urðu dómstig þá tvö í stað þriggja.

Eftir að einveldi var lagt niður í ríki Danakonunga varð það ríkjandi pólitísk stefna að aðgreina þætti ríkisvaldsins í þeirri stjórnskipan, sem við tók, enda kenning Montesquieu um þrígreiningu þess einn af hornsteinum þeirrar hugmyndafræði sem tók við af einveldinu. Í grundvallarlögum Dana frá 1849 var kveðið á um endurskoðun réttarfars í anda nýrra hugmynda og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar loks komið á með lögum frá 1916 sem tóku gildi 1. október 1919. Sömu áform voru uppi í hinu forna sambandsríki okkar Noregi og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar komið þar á með lögum frá 1894 sem tóku gildi í áföngum á næstu árum þar á eftir. Eftir að hertogadæmin komust undir þýska stjórn 1864 var lögfest þar þýskt réttarfar sem byggðist á fullum aðskilnaði dómsvaldsins frá öðrum þáttum ríkisvaldsins.

Um leið og breytingin varð í Danmörku voru uppi svipaðar hugmyndir hér á landi. Meiri hluti þingnefndar, sem skipuð var í samræmi við þingsályktun frá 1914, lagði árið 1916 til fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. Lagði meiri hlutinn sem skipaður var þeim Jóni Jónatanssyni, Jóni Magnússyni og Jósef Björnssyni til að landinu yrði skipt upp í sex lögdæmi með einum héraðsdómara í hverju lögdæmi og skyldu þeir vera „sem sjálfstæðastir og óháðastir bæði umboðsvaldinu og almenningi“. Á móti yrði sýslumannsembættum verulega fækkað.

Minni hluti nefndarinnar, en hann skipuðu þeir Halldór Daníelsson og Skúli Thoroddsen, segir í áliti sínu, „að í sjálfu sér væri það mikilsverð og æskileg framför, ef fundið yrði ráð til þess að greina umboðsvald frá dómsvaldi svo, að hagkvæmt væri fyrir alla hlutaðeigendur. Minni hlutinn væri og á þeirri skoðun eins og meiri hlutinn, að ef ráðist yrði í slíka breytingu mundi það skipulag, sem nefndin bendir á, yfirleitt vera líklegasta lausnin á því máli, og að tæplega yrði önnur leið fundin, er að minnsta kosti í aðaldráttum ætti betur við eða auðveldari yrði í framkvæmd, eftir því, sem til hagar hér á landi.“ Þrátt fyrir þessa ályktun lagði minni hlutinn til að ekki yrði ráðist í breytingu á dómstólaskipan að svo stöddu þar eð „hvorki hafi komið í ljós þörf á slíkri breytingu eða óskir um hana. Meðan greining umboðsvalds og dómsvalds sé enn sem komið er, hvorki þingi né þjóð neitt áhugamál, þyki minni hlutanum það of snemmt að gera tillögur um að ráða til slíkrar gjörbreytingar á stjórnarfari landsins.“

Álit nefndarinnar var sérprentað og gefið út árið 1916 og er það um margt merkilegt rit.

Niðurstaða Alþingis varð sú að ekki var ráðist í breytingar á dómstólaskipan og umboðsstjórn í héraði að svo stöddu.

Í nútímaréttarfari er gerður munur á einkamálum og opinberum málum. Opinber mál er þau sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt. Yfirleitt er sérstökum óháðum embættismönnum, saksóknurum, falin meðferð ákæruvalds. Frá þessu eru þó til undantekningar og hugtakið „opinber mál“ er nokkru víðtækara. Öll önnur dómsmál teljast einkamál. Þær meginreglur gilda um þessa tvo flokka dómsmála að í opinberum málum eru það embættismenn sem ákveða hvort mál skuli höfðað, þeim ber að leita allra ráða til að afla gagna og þeim ber að sanna sekt sökunauts. Í einkamálum eru það aðilarnir, sem ýmist eru einstaklingar eða persónur að lögum, sem ákveða hvaða kröfur skuli gerðar, hvaða gögn lögð fram og hvort á þeim er byggt.

Í opinberum málum er gerður munur á rannsóknarréttarfari og ákæruréttarfari. Í rannsóknarréttarfari, sem rekja má til starfsaðferða dómstóla kaþólsku kirkjunnar, er dómarinn í senn rannsóknarmaður, ákærandi og dómari. Í ákæruréttarfari er dómarinn hlutlaus aðili, en ákærandi flytur mál gegn hinum ákærða.

Munur á opinberum málum og einkamálum var lengi óljós, og svo var enn samkvæmt réttarfarsreglum norsku laga Kristjáns V. Smám saman varð þó slíkur munur gerður, aðallega fyrir venju, og á 18. öld var rannsóknarréttarfar tekið upp í opinberum málum stig af stigi. Má segja að hér á landi hafi það verið komið á að fullu um aldamótin 1800. Hélst það síðan óbreytt í höfuðdráttum til ársins 1951 þegar sett voru lög um meðferð opinberra mála. Þó var þá enn haldið í meginreglur rannsóknarréttarfarsins. Sérstakur saksóknari fékk ákæruvald hér á landi 1961 og með stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins árið 1976 var dregið mjög úr rannsóknarhlutverki dómstóla, en þó ber réttarfar í opinberum málum hér á landi enn nokkur merki rannsóknarréttarfars sem nú er víðast aflagt í nágrannaríkjum okkar.

Aðgreining dómsvalds og stjórnsýslustarfa hefur verið á dagskrá öðru hverju frá 1916 hér á landi og má þar t.d. nefna þingsályktunartillögu sem Björn Fr. Björnsson o.fl. fluttu á Alþingi 1965–1966, en þar segir m.a. „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála.“

Reyndar má segja að komið hafi verið á aðgreiningu dóms- og stjórnsýslustarfa í Reykjavík í verulegum mæli. Með lögum nr. 26/1917 var bæjarfógetaembættinu í Reykjavík skipt í bæjarfógetaembætti og tollstjóraembætti og tók sú skipan gildi 1. apríl 1918. Með lögum nr. 67/1928 var bæjarfógetaembættinu skipt í lögreglustjóraembætti og lögmannsembætti og tók það gildi 1. janúar 1929. Með lögum nr. 67/1939 var lögmannsembættinu skipt í lögmannsembætti og sakadómaraembætti og tók það gildi 1. janúar 1940. Loks var lögmannsembættinu enn skipt með lögum nr. 65/1943 og borgarfógetaembættið stofnað en lögmannsheitið lagt niður. Frá þessum tíma hefur lögsaga á héraðsdómstigi í Reykjavík verið í höndum þriggja embætta, þ.e. borgardómaraembættisins, borgarfógetaembættisins og sakadómaraembættisins, en lögreglustjórn og tollstjórn, sem eru ótvíræð umboðsstörf, hafa verið skilin frá dómstólunum. Enn fara dómstólarnir þó með nokkur umboðsstörf, einkum borgardómaraembættið og borgarfógetaembættið. Með lögum nr. 52/1973 bættist svo nýr héraðsdómstóll með aðsetri í Reykjavík við, en það er sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum. Nær lögsaga hans til landsins alls hvað þann málaflokk varðar.

Utan Reykjavíkur gegna sýslumenn og bæjarfógetar hins vegar enn hlutverki lögreglustjóra og innheimtumanna ríkissjóðs jafnframt því að þeir eru dómarar. Að vísu hefur verið komið á fót embættum héraðsdómara við embætti bæjarfógeta á Akureyri, í Vestmanna-

eyjum, á Selfossi, í Keflavík, Hafnarfirði og í Kópavogi, en þar er þó ekki um „sjálfstæða" dómstóla að ræða í venjulegri merkingu þess hugtaks.

Á árunum 1975–1981 voru fimm sinnum lögð fram á Alþingi stjórnarfrumvörp um „lögréttuskipan", en þau fjölluðu um nýtt dómstig og talsverðar breytingar á réttarfari. Var í upphafi gert ráð fyrir tveimur lögréttudómstólum, en síðar var gert ráð fyrir að lögréttudómstóll væri aðeins einn. Frumvörp þessi urðu ekki útrædd.

Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þar segir m.a. að leiki vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um refsivert athæfi, skuli mál hans útkljáð af óháðum dómstóli. Í október 1987 var tekið fyrir hjá mannréttindanefnd Evrópuráðsins mál manns sem búsettur er á Akureyri. Hafði hann verið dæmdur í undirrétti og í Hæstarétti fyrir brot á umferðarlögum. Í samræmi við gildandi lög var mál hans tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, en hann starfar á ábyrgð og undir stjórn bæjarfógeta sem jafnframt er yfirmaður lögreglunnar. Málið var kært til mannréttindanefndarinnar á þeirri forsendu að mál sakbornings hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara.

Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið væri tækt til efnismeðferðar, en það þýðir að nefndin telur líkur á að brotið hafi verið gegn mannréttindasáttmálanum. Má segja að með því sé réttarfar Íslendinga í opinberum málum komið undir smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og hlýtur það að leiða til aukins þrýstings um umbætur á dómstólakerfi og réttarfari hérlendis.

Um greinarmun á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi.

Sú hugmyndafræði, sem evrópskar reglur um skipan dómstóla hafa verið byggðar á, er talin eiga upphaflega rætur að rekja til rómversks réttar. Grundvallarlögmál Rómarréttar í þessum efnum hafa í aldanna rás verið staðfærð og aðlöguð með ýmsum hætti að upphaflegri réttarskipan í germönskum löndum, en með þeim hætti varð endanlega til á 18. og 19. öld sá grundvöllur sem enn er við lýði og er sameiginlegur réttarfarskerfum landa á norðanverðu meginlandi Evrópu og Norðurlöndum. Um margt byggist réttarfarskerfi Íslands líkt og í öðrum umræddum löndum enn á ævagömlum grunni, en sú aðlögun, sem áður er nefnd, hefur samræmt eldri kenningar af erlendum uppruna við þá skipan réttarfarsmála hverrar þjóðar sem fyrir var. Auk þess hefur kennisetningin um þrígreiningu ríkisvaldsins haft veruleg áhrif frá því að hún kom fram.

Öldum saman hafa fræðimenn fengist við að afmarka inntak hugtaksins „dómsvald" og m.a. hafa þeir í þeirri viðleitni þurft að taka afstöðu til þess hvaða málefni eigi að leggja til úrlausnar dómstóla og hvaða mál skuli sæta úrlausn annarra stofnana ríkisvaldsins og þá fyrst og fremst úrlausn framkvæmdarvaldshafa. Þessar fræðilegu skilgreiningar hafa m.a. orðið grundvöllur að því hvernig núgildandi lög, jafnt hér á landi sem annars staðar í Vestur-Evrópu, afmarka viðfangsefni dómstóla og skilgreina hvað telja skuli dómsathöfn, gagnstætt því hvað telja skuli yfirvaldsathöfn. Sú afmörkun, sem nú er byggt á hér á landi, er í stórum dráttum hin sama og annars staðar í nágrannaríkjunum.

Af fornri löggjöf má ráða að helsta hvöt þess að samfélög hafa komið dómstólum á fót sé nauðsyn þess að koma í veg fyrir að menn leiti réttar síns með sjálftöku (gertæki). Þegnarnir hafa litið svo á að eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins sé að halda friði í samfélaginu með starfi dómstóla. Snemma komst sú skipan á í þróuðum samfélögum að í stað þess að menn brygðust við missætti með ofbeldi væri þeim gert skylt að viðlagðri refsingu að leita viðurkenningar og fullnustu réttinda sinna fyrir dómi. Þetta á jafnt við þegar menn hafa þurft að afla atbeina dómstóla til að fullnægja réttindum á sviði einkaréttar og þegar menn hafa viljað bregðast við refsiverðum verknaði gegn sér. Þá hefur atbeina dómstóla verið krafist til þess að meta sök og refsingu. Þessi skipan mála kemur m.a. fram í

þjóðveldislögum Íslendinga og í lögum nágrannalanda okkar frá sama tímabili. Frá fornu fari hefur þannig verið á því byggt að ef einstaklingur eða stofnun nær ekki réttindum sínum með fúsum og frjálsum vilja þess sem þau þarf að sækja til verði eigi við því brugðist á annan hátt en að leita atbeina dómstóla.

Af síðasttöldu ástæðunni hefur m.a. hugtakið „dómsvald“ eigi talist réttilega skilgreint með þeim þrönga hætti að með því sé einungis átt við vald til að leysa úr ágreiningi einstaklinga. Aðrar ástæður en réttarágreiningur geta verið því til fyrirstöðu að aðili fáist ekki til þess að veita rétti annars aðila fullnustu. Vilja- og getuleysi til þess að efna réttmæta kröfu annars aðila gæti valdið því að hún nái ekki fram að ganga þótt eigi séu höfð uppi andmæli við efni kröfunnar. Frá fornu fari hefur því verið talið, jafnt hérlendis sem í nágrannaríkjum okkar í Vestur-Evrópu að við slíkar aðstæður þurfi að afla fulltingis dómstóla jafnt til þess að afla staðfestingar á réttmæti kröfu og til að fullnægja henni að dómi uppkveðnum. Hefur fræðilegur grunnur þessarar skilgreiningar m.a. styrkst af þeim viðhorfum, sem verið hafa ríkjandi allt frá upphafi nítjándu aldar að ávallt verði að virða rétt þess aðila sem sótt er á um fullnustu kröfu til þess að hafa uppi andmæli, ef hann svo kýs. Af þessari ástæðu hefur hugtakið „dómsvald“ um langa tíð ekki eingöngu tekið til úrlausnar um réttarágreining manna í þröngum skilningi heldur hefur hugtakið einnig haft í sér fólgið vald til að knýja fram efndir réttinda eða það sem stundum er nefnt „fullnustuvald“. „Dómsvald“ felur því í sér bæði úrlausnarvald um eiginlegan réttarágreining og vald til að knýja fram fullnustu réttinda sem eigi er ágreiningur um.

Framangreind skilgreining á dómsvaldi hefur um langan tíma verið viðurkennd í lögfræði Vestur-Evrópuríkja og er meðal hornsteina í stjórnskipan þeirra. Á henni hefur byggst skipting viðfangsefna dómstóla annars vegar og framkvæmdarvalds (umboðsvalds) hins vegar. Hefur verkaskiptingin í stórum dráttum verið á þann veg háttað, að það er hlutverk dómstóla í einkamálum að kveða á um réttindi manna, að stofna til nýrra réttinda og að fella réttindi niður, hvort sem er með dómi eða fullnustugerð. Hlutverk dómstóla í opinberum málum er á hinn bóginn að ákvarða um sekt sakborninga og eftir atvikum að ákveða refsingu þeirra. Í hlut framkvæmdarvaldsins hefur hins vegar komið að halda uppi vernd réttinda einstaklinga og stofnana, hvort sem er með opinberri staðfestingu (skráningu) eða með almennu lögregluvaldi.

Sumir málaflokkar hafa allt að einu verið á markalínu milli þessara tveggja þátta ríkisvaldsins. Í umfjöllun erlendra fræðimanna hefur þessum málaflokkum t.d. verið gefið samheitið „jurisdictio voluntaria“ á latínu og „frivillig retspleje“ á dönsku. Er þar byggt á kenningum Rómarréttar, þótt heitið taki nú að sumu leyti til annarra atriða en áður var. Í þýskri og norrænni lögfræði hefur verið gengið út frá því að þau verkefni, sem felld eru undir þetta heiti, geti hvort heldur átt undir dómstóla eða framkvæmdarvald. Meginþorri umræddra verkefna varða skráningu eða tryggingu réttinda, t.d. með þinglýsingu, lögbókandagerð (notarialgerð) eða skráningu í firmaskrá eða vörumerkjaskrá. Löggjöf hefur falið dómstólum að hafa ýmis slík viðfangsefni með höndum, t.d. þinglýsingar, en önnur, t.d. hlutafélagaskrá, hafa verið lögð undir yfirvöld. Hefur verið álitið að engin teljandi fræðileg rök mæli með því að þessi viðfangsefni komi í hlut annars aðilans fremur en hins. Er það því ekki í blóra við grundvallarreglur um skipan dómsvalds að verkefni af þessum meiði séu vistuð hjá framkvæmdarvaldi fremur en dómsvaldi.

Fræðikenningar og löggjöf hafa eins og að framan greinir falið dómstólum ákveðin verkefni. Það hefur verið talin grundvallarregla að einkaréttarlegri kröfu verði eigi fullnægt, nema með atbeina dómstóla og frávik frá þeirri reglu hafa eigi tíðkast, t.d. að ákveðnir þættir dómsvaldsins verði færðir í hlut einstakra manna eða framkvæmdarvaldshafa. Hér verður þó að hafa í huga að gildandi réttarfarsreglur hafa skeytt ýmsar framkvæmdarathafnir

við dómsvald í þeim skilningi sem hér um ræðir. Er þetta einkum áberandi á sviði fullnustugerða, þótt ýmis dæmi finnist um þetta á öðrum sviðum dómsathafna. Þessar framkvæmdarathafnir koma til dæmis fyrir á sviði skiptaréttar, þar sem handhöfum dómsvalds er ekki eingöngu falið að veita viðurkenningu og fullnustu réttinda á hendur búi, heldur einnig að annast ýmsa umsýslu við búskipti. Á sviði fógetaréttar kemur þetta einnig fram í þeirri mynd að dómstólnum er ekki aðeins falið að kveða á um fullnusturéttindi heldur einnig að fylgja þeirri úrlausn eftir með valdbeitingu, ef með þarf. Uppboðsrétti er ekki eingöngu falið að mæla fyrir um heimild manna til fullnustu með nauðungarsölu eigna, heldur einnig að framkvæma þá sölu. Skýringin á því að löggjöf hefur falið þessum dómstólum bæði að fara með dómsvald í eiginlegum skilningi og fara með framkvæmdarathafnir er einfaldlega sú að við setningu viðkomandi réttarfarslaga þóttu ekki aðrir tiltækir til þess að taka við framkvæmd, þegar dómsathöfnum dómstóla sleppti. Þótt eldri löggjöf hafi skipað málum með þessum hætti hefur allt að einu þótt ljóst hvar mörkin hafa legið á þessum sviðum milli eiginlegra dómsathafna umræddra dómstóla annars vegar og framkvæmdarathafna þeirra hins vegar. Dæmi þessa má glöggt sjá af nýlegri löggjöf á þessum vettvangi, sem hefur leitast við að einangra hlutverk dómstóla við meðferð dómsvalds, en láta framkvæmd að öllu leyti í hendur annarra. Af þessum meiði eru til dæmis gjaldþrotalögin, nr. 6/1978. Þó hefur miðað hægara í hérlendri löggjöf að þessu leyti en í nágrannalöndunum þar sem víðast er langt komið því verki að færa framkvæmd eða umsýslu á þessum sviðum úr höndum dómstóla, ýmist til umboðsmanna framkvæmdarvaldsins eða utanaðkomandi aðila (executores, administrators).

Ýmis framkvæmdarvaldsstörf falin dómstólum.

Hér að framan hefur verið rætt um verkefni sem eru á mörkum framkvæmdarvalds og dómsvalds en oft hafa verið talin til dómstarfa, t.d. skráning ýmissa réttinda. Einnig eru dæmi um verkefni sem ótvírætt eru á verksviði framkvæmdarvaldsins en sem falin hafa verið dómstólum. Dómstólum hefur t.d. verið falið að framkvæma borgaralegar hjónavígslur, ýmsar leyfisveitingar, löggildingu á gerðabókum, útnefningu matsmanna og oddamanna í gerðardóma, lögbókandagerðir, uppskrift dánarbúa o.fl. Þetta hefur tíðkast í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu þrátt fyrir að þar hafi dómsvald í meginatriðum verið skilið frá framkvæmdarvaldi. Á undanförnum árum hefur hins vegar þeirri skoðun vaxið fylgi að alfarið beri að fjarlægja þessi verkefni frá dómstólum þar eð þau auki álag á starfslið þeirra og hindri dómstólana í því að sinna meginverkefnum sínum sem skyldi.

Um þetta efni hefur verið fjallað á vettvangi Evrópuráðsins á undanförnum árum og á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins hinn 16. september 1986 var samþykkt tillaga þar sem m.a. er mælt með því við aðildarríkin að slík verkefni sem að framan greinir verði flutt frá dómstólum til úrlausnar annarra aðila. (Meðmæli nr. R (86) 12).

Meginefni frumvarpsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir m.a. „að sett verði lög um aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds og unnið að endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins". Er frumvarpið liður í framkvæmd þeirrar stefnu.

Meginatriði í frumvarpinu eru þau að settir verði á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Framvegis verði sýslustjórn í héraði í höndum embættismanna með embættistitilinn „sýslumaður" um leið og embættistitillinn „bæjarfógeti" verði lagður niður.

Lagt er til að héraðsdómstólar í Reykjavík verði sameinaðir í einn dómstól þar á meðal hluti borgarfógetaembættisins, en borgarfógetaembættið verði að öðru leyti embætti

sýslumanns í Reykjavík er fari með verkefni á sviði umboðsstjórnar á sama hátt og önnur sýslumannsembætti, að öðru leyti en því að lögreglustjórn og tollstjórn eru í höndum sérstakra embætta.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að sýslumenn hafi áfram með höndum núverandi verkefni að öðru leyti en hvað varðar dómstörf sem færast til héraðsdómstóla. Þess ber sérstaklega að geta að sú nefnd, sem samdi frumvarp þetta, telur æskilegt og horfa til sparnaðar í opinberri stjórnsýslu að sýslumenn fari áfram með innheimtu opinberra gjalda. Ráðgert er að auki að fjöldi nýrra verkefna færist til sýslumanna, en sú tilfærsla kallar á breytingu ýmissa laga. Er því lögð áhersla á að frumvarp þetta verði að lögum á því þingi sem nú situr, en tíminn fram að gildistöku laganna verði síðan notaður til að gera nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum.

Umfangsmestu breytingarnar, sem lögfesting þessa frumvarps kallar á að gerðar verði á öðrum lögum, eru á sviði réttarfarslöggjafar, en einnig þarf að breyta öðrum lögum er fjalla um viðfangsefni sýslumanna. Með frumvarpi þessu fylgja þrjú önnur frumvörp. Er þar um að ræða frumvarp til laga um breytingar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, frumvarp til laga um lögbókandagerðir (notarialgerðir) og frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra. Tvö fyrstnefndu frumvörpin eru byggð á því að þinglýsingar og lögbókandagerðir verði framvegis í höndum sýslumanna sem yfirvaldsathafnir. Síðastnefnda frumvarpið leiðir m.a. af því að sýslunefndir verða lagðar niður í síðasta lagi í árslok 1988 samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Þá er áformuð gerð frumvarps til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem leggi til að sýslumenn fari með ákveðna þætti ákæruvalds í umboði ríkissaksóknara. Enn fremur má vænta innan tíðar frumvarps til lögtakslaga sem hefur þá breytingu í för með sér að sýslumenn fari með lögtaksgerðir sem valdsmannsathöfn en ekki dómsathöfn. Þá er gert ráð fyrir að fyrir liggi á komandi hausti frumvörp til nýrra laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. (nú lög nr. 3/1878), um aðför (nú lög nr. 19/1887), um nauðasamninga (nú lög nr. 19/1924), um kyrrsetningu og lögbann (nú lög nr. 18/1949), um nauðungaruppboð (nú lög nr. 57/1949) og um gjaldþrotaskipti (nú lög nr. 6/1978). Verður í frumvörpum þessum gengið út frá verulegum breytingum frá núverandi tilhögun þannig að héraðsdómstólar fari eftirleiðis einungis með dómstörf á þessum sviðum, en sýslumenn og eftir atvikum sérstaklega ráðnir umsjónarmenn (executores, administrators) fari með öll önnur verkefni í þessu sambandi. Er sú ráðagerð í samræmi við þá löggjafarstefnu sem lýst hefur verið hér að framan. Loks má nefna í þessu sambandi að endurskoða þarf lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, ef af breytingum á dómstólaskipan verður í samræmi við þetta frumvarp.

Auk framangreindra atriða eru áform um að ýmis verkefni, sem einstök ráðuneyti fara nú með, færist til sýslumanna, t.d. leyfisveitingar til lögskilnaðar þar sem eigi er ágreiningur um skilnaðarkjör, en þær eru nú á verksviði dómsmálaráðuneytisins. Sama er að segja um málefni varðandi forsjá barna og umgengnisrétt barna og foreldra. Þá verður lagt til að sýslumönnum verið falið úrskurðarvald í sveitarstjórnarmálum, en ráð er fyrir því gert í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, að félagsmálaráðuneytið geti falið umboðsmönnum framkvæmdarvaldsins í héraði það verkefni. Frekari athugun er áformuð á því hvaða verkefni önnur megi færa úr stjórnarráðinu til sýslumanna, m.a. varðandi leyfisveitingar o.fl. Um leið verður kannað hvaða heimildir skuli lögleiða um áfrýjun stjórnsýsluúrskurða sýslumanna til ráðuneytis, en fyrir slíkri skipan eru mörg fordæmi í nágrannaríkjunum og þykir hún horfa til aukins réttaröryggis almennings.

Í þeirri verkaskiptingu sem ráðgerð er milli héraðsdómstóla og sýslumanna með framangreindum lagabreytingum er byggt á því meginmarkmiði að sú þjónusta, sem

stofnanir þessar veita almenningi, verði í eins ríkum mæli og unnt er í höndum sýslumanna þannig að eigi þurfi að leita hennar um langan veg. Er og í frumvarpinu gengið út frá aukinni þjónustu við almenning frá því sem nú er, m.a. með ákvæði 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins um sérstakar skrifstofur sýslumanna í þéttbýliskjörnum utan aðseturstaða þeirra. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómarar haldi regluleg dómþing á föstum þingstöðum innan lögsagnarumdæmis síns.

Með tilkomu héraðsdómstólanna má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur, en nú eru allmörg mál, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, dæmd fyrir dómstólum í Reykjavík, með samkomulagi aðilja um varnarþing hvað einkamál varðar, en samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað opinber mál varðar. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdómstóla og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og ákvæði þetta ber með sér er lagt til að héraðsdómar fari með dómstörf í héraði jafnt í einkamálum sem í opinberum málum. Sérstaklega er tekið fram að dómstörf við skipti, fógetagerðir og uppboð falli hér undir, en í almennum athugasemdum í þessari greinargerð eru boðaðar breytingar á lagaákvæðum þar að lútandi þannig að verulegur hluti starfa við skipti, fógetagerðir og uppboð haldist hjá sýslumönnum eins og nánar er lýst í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að settir verði á fót átta héraðsdómstólar og eru lögsagnarumdæmi þeirra nánar skilgreind í greininni. Umdæmin fylgja kjördæmum að öðru leyti en að Norðurland er eitt umdæmi og hluti af Reykjaneskjördæmi, þ.e. Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarnes- og Kjósarhreppar eru í sama lögsagnarumdæmi og Reykjavík. Lögsagnarumdæmin eru tilgreind í greininni með tilvísan til marka núverandi lögsagnarumdæma, en nánar lýst er lagt til að skiptingin verði sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi: Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur og Mosfellsbær í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.
2. Héraðsdómur Vesturlands. Lögsagnarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Akraneskaupstaður og Ólafsvíkurkaupstaður.
3. Héraðsdómur Vestfjarða. Lögsagnarumdæmi: Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvíkurkaupstaður.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra. Lögsagnarumdæmi: Húnavatnssýsla, Siglufjarðarkaupstaður, Skagafjarðarsýsla.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra. Lögsagnarumdæmi: Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Húsavíkurkaupstaður.
6. Héraðsdómur Austurlands. Lögsagnarumdæmi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Eskifjarðarkaupstaður.
7. Héraðsdómur Suðurlands. Lögsagnarumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Vestmannaeyjakaupstaður og Selfoss.

8. Héraðsdómur Reykjaness. Lögsagnarumdæmi: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Keflavíkurflugvöllur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðakaupstaður, Bessastaðahreppur í Kjósarsýslu og Kópavogskaupstaður.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál, enda valdi það ekki verulegum drætti á því. Þetta ákvæði samsvarar 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðherra skipti lögsagnarumdæmum héraðsdómstóla í einstakar þinghár með reglugerð, en fastur þingstaður verði í hverri dómþinghá. Er hér gengið út frá því að þinghár fylgi að mestu umdæmaskiptingu sýslumanna. Með því móti yrðu þinghár að mestu óbreyttar frá því sem nú er mælt fyrir um í 72. gr. laga nr. 85/1936, en það ákvæði fellur brott skv. 21. gr. frumvarpsins.

Dómþinghár nú eru kaupstaðir annars vegar og sýslur hins vegar, en forsendur eru víða brostnar fyrir þeirri aðgreiningu þannig að eðlilegt er að kaupstaðir og aðliggjandi landssvæði séu í sömu dómþinghá og að afmörkun dómþingháa sé að öðru leyti hagað eftir staðháttum, íbúafjölda og málaþunga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að héraðsdómur skuli hafa reglubundið þinghald á föstum þingstöðum innan umdæmis síns. Lagt er til að kveðið verði á í reglugerð um regluleg þinghöld héraðsdóms, en gert er ráð fyrir að reglubundin þinghöld séu utan aðsetursstaðar dómsins. Þannig mundi t.d. héraðsdómari frá Héraðsdómi Suðurlands þinga reglulega í Vestmannaeyjum.

Dæmi um slíka skipan má t.d. finna í Skotlandi og í norðurhéruðum Kanada, þar sem dómarar ferðast reglubundið til þingstaða utan aðsetursstaðar síns og halda þar dómþing. Málum er þá stefnt þar inn og réttarhöld fara fram.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdómari geti haldið dómþing utan hinna föstu þingstaða, t.d. ef taka þarf skýrslu af sjúkum manni eða málið snýst um mjög staðbundið atriði. Heimildin er bundin því að slíkt þyki heppilegt til að upplýsa mál og getur því dómari eigi flutt þinghöld til aðsetursstaðar héraðsdóms með tilvísan til þessa ákvæðis. Hins vegar væri hægt að flytja þinghöld til aðsetursstaðar héraðsdóms með samkomulagi aðila og samþykki dómara.

Um 4. gr.

1. mgr. fjallar um fjölda dómara. Nefndin sem frumvarpið samdi gerði í frumvarpsdrögum ráð fyrir því að tala dómara væri ekki fastákveðin, heldur væri hámarks- og lágmarkstala á sama hátt og nú er gert í lögum nr. 74/1972. Eftir að athugasemdir höfðu verið gerðar um þetta atriði samþykkti nefndin að leggja til að fjöldi héraðsdómara verði fastákveðinn með lögunum.

Við borgardómaraembættið, borgarfógetaembættið, sakadóm Reykjavíkur og sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum starfa nú 27 dómarar, en lagaheimild er fyrir alls 29 dómurum samkvæmt lögum nr. 74/1972. Í 18. gr. er kveðið á um það, að þeir sem gegna embættum borgarfógeta við gildistöku laganna geti tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík ef þeir svo kjósa. Af þeim átta dómurum, sem nú gegna þeim embættum, fást fjórir við málefni, sem framvegis munu heyra undir sýslumann í Reykjavík. Er því búist við því að einhverjir þeirra kjósi fremur að halda áfram störfum við sömu málaflokka og hingað til. Fjöldi héraðsdómara í Reykjavík yrði því væntanlega við gildistöku laganna á bilinu 23 til 27. Vonir standa til að álag á héraðsdóm Reykjavíkur minnki við tilkomu styrkra

héraðsdóma utan Reykjavíkur, en talsverður fjöldi dómsmála, sem rekin eru í Reykjavík, koma frá öðrum lögsagnarumdæmum. Þá standa vonir til þess að hægt verði að fækka dómsmálum með aukinni sáttameðferð, sbr. athugasemdir við 10. gr.

Hér á landi er fjöldi dómara talinn hár miðað við fólksfjölda, en málafjöldi er einnig talinn óvenjulega mikill. Má til samanburðar nefna að í Kaupmannahöfn eru 33 héraðsdómarar auk yfirmanns dómstólsins. Þar starfar að vísu sérstakur sjó- og verslunardómur og landsréttur dæmir í sumum tilvikum mál á undirréttarstigi.

Nefndin sem frumvarpið samdi er þeirrar skoðunar að breytingar á dómstólaskipaninni í Reykjavík ásamt þeim breytingum á réttarfarslöggjöf, sem fyrirhugaðar eru, ættu að leiða til fækkunar héraðsdómara í Reykjavík. Er því lagt til að fjöldi héraðsdómara í Reykjavík verði ákveðinn 21 dómari, en í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um allt að fimm dómaraembætti í Reykjavík ef svo margir af þeim dómurum, sem skipaðir eru dómarar við embættin í Reykjavík við gildistöku laganna, óska eftir skipun sem dómarar við héraðsdóm Reykjavík.

Lagt er til að við héraðsdóm Vesturlands starfi einn héraðsdómari. Á Vesturlandi starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa sem bæði fara með dómsmál og önnur störf við hin fjögur embætti sýslumanna og bæjarfógeta er sem hér segir: Akranes tveir, Borgarnes tveir, Stykkishólmur tveir eða samtals sex fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Vesturlandi óska eftir að neyta forgangsréttar til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Vestfjarða starfi einn héraðsdómari. Á Vestfjörðum starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en tveir löglærðir fulltrúar starfa við embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði og einn fulltrúi starfar við embætti sýslumanns á Patreksfirði eða samtals þrír fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af fjórum skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Vestfjörðum óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Norðurlands vestra starfi einn héraðsdómari. Í umdæminu starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa sem starfa við embættin eru sem hér segir: á Blönduósi einn, á Sauðárkróki tveir, samtals þrír. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilt að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á að fleiri en einn af samtals þremur skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Norðurlandi vestra óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Norðurlands eystra starfi þrír héraðsdómarar. Nú starfa tveir héraðsdómarar við embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri, en auk þeirra eru stöðugildi löglærðra fulltrúa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta í lögsagnarumdæminu sem hér segir: á Akureyri fimm, á Húsavík tvö og hálft stöðugildi, samtals sjö og hálft stöðugildi. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en þrír af samtals fimm skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Norðurlandi eystra óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Austurlands starfi einn héraðsdómari. Á Austfjörðum starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa, sem bæði fara með dómsmál og önnur störf við embætti sýslumanna og bæjarfógeta er sem hér segir: á Seyðisfirði einn, á Eskifirði tveir, á Höfn einn, samtals fjórir

fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af fjórum skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Austurlandi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Suðurlands starfi þrír héraðsdómarar. Þar starfa nú tveir héraðsdómarar, annar við embætti sýslumanns á Selfossi og hinn við embætti bæjarfógeta í Vestmannaeyjum. (Heimild fyrir einum eða tveimur). Á Hvolsvelli starfar nú einn löglærður fulltrúi, á Selfossi þrír og í Vestmannaeyjum einn eða samtals fimm fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna, að fleiri en þrír af samtals sex skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Suðurlandi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Loks er lagt til að við héraðsdóm Reykjaness starfi sjö héraðsdómarar. Nú starfa tveir héraðsdómarar í Keflavík (heimild fyrir einum eða tveimur), þrír héraðsdómarar í Hafnarfirði (heimild fyrir einum til fimm) og tveir héraðsdómarar í Kópavogi (heimild fyrir einum til þremur) eða samtals sjö héraðsdómarar í lögsagnarumdæminu. (Hámarksheimild skv. lögum nr. 74/1972 eru 10 héraðsdómarar). Löglærðir fulltrúar eru fjórir í Keflavík, tveir á Keflavíkurflugvelli, sjö í Hafnarfirði og fimm í Kópavogi. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um allt að tvö dómaraembætti, ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en sjö af tíu skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Reykjanesi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Samtals er lagt til að 38 héraðsdómarar starfi við héraðsdómstólana í landinu. Nú eru undirréttardómarar hér á landi samtals 64, þ.e. 27 dómarar í Reykjavík, 25 sýslumenn og bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og 11 héraðsdómarar, en auk þess kveða löggiltir fulltrúar við embættin upp dóma, en þeir eru alls í 70,5 stöðugildum. Sá fjöldi héraðsdómara, sem frumvarpið leggur til er hinn sami og samanlagður fjöldi dómara í Reykjavík og fjöldi héraðsdómara við embættin í Keflavík, Hafnarfirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og á Selfossi, en þess er að geta að sökum breytinga á verkefnum dómstóla er í raun fjölgað um þrjú til fjögur dómaraembætti, þ.e. að verkefni þriggja til fjögurra borgarfógeta í Reykjavík flytjast til embættis sýslumanns. Þá munu löglærðir fulltrúar starfa við héraðsdómstólana og sýslumannsembættin, en ekki er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í heild sökum ákvæða laganna, heldur muni þeir flytjast milli embætta.

Í 1. mgr. er einnig heimild til þess að skipta héraðsdómstól í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra. Þetta á við héraðsdómstóla í fjölmennustu umdæmunum. Sé slíkt fyrirkomulag notað er gert ráð fyrir að dómarar flytjist reglulega milli deilda þannig að þeir fái sem fjölbreyttust viðfangsefni til úrlausnar.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram í því skyni að taka af öll tvímæli, að þótt dómarar við héraðsdómstól verði fleiri en einn, breytist ekki núverandi reglur um að einn dómari fari með hvert mál. Heimildir til kvaðningar meðdómsmanna standa þó óbreyttar.

Í 3. mgr. er tekið fram að héraðsdómarar starfi sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

Í 4. mgr. eru ákvæði um forstöðumenn dómstóla, þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn. Hafa þeir titilinn „dómstjóri" samkvæmt frumvarpinu og skal dómstjóri skipaður til sex ára í senn úr hópi dómara og að fenginni tillögu þeirra. Ekkert er því til fyrirstöðu að endurskipa dómstjóra.

Í 5. mgr. eru ákvæði um verksvið dómstjóra. Dómstjóri fer með fyrirsvar héraðsdóms, hann hefur yfirumsjón með rekstri hans í samstarfi við ráðuneyti, t.d. varðandi fjármál og

starfsmannaráðningar. Hann skiptir verkefnum með héraðsdómurum við dóminn og skipar dómurum í deildir, ef héraðsdómur er deildaskiptur. Eðli málsins samkvæmt hlýtur rekstur stærstu dómstólanna að vera það umfangsmikill að dómstjórar þurfi að fá sérstaka aðstoðarmenn við rekstrarstjórn svo sem við fjármál og starfsmannamál, en meginverkefni dómstjóra er að sjálfsögðu úrlausn dómsmála.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um almenn skilyrði til skipunar í embætti héraðsdómara séu í sömu lögum og fjalla um héraðsdóma, en þau ákvæði er nú að finna í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Skilyrðunum er breytt að því leyti að aldursskilyrði er hækkað í 30 ár og er það gert í því skyni að tryggja reynslu manna áður en þeir taka við svo mikilvægu starfi. Sjöunda tölulið er breytt með tilliti til breytinga sem orðið hafa á opinberum embættum og mönnun þeirra frá því að núverandi ákvæði um þetta efni voru sett með lögum nr. 100/1950.

Í 2. mgr. er nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi sérstaka dómnefnd sem fjalli um umsóknir um embætti héraðsdómara. Í nefndinni skulu sitja þrír menn og er einn tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Annar nefndarmaður skal tilnefndur úr hópi héraðsdómara og þriðja nefndarmaðurinn skal tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Nefndin skal gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

Í 3. mgr. er dómsmálaráðherra heimilað að setja nánari reglur um störf nefndarinnar.

Tillaga um slíka dómnefnd hefur áður komið fram, en það var í stjórnarfrumvarpi, sem fram var lagt á Alþingi 1975–1976. Í athugasemdum við það frumvarp eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga, sem hyggja á starfsferil sem dómara, til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um löggilta fulltrúa við héraðsdómstóla. Hér er átt við dómarafulltrúa sem fara með hluta af valdi dómstólsins undir umsjón héraðsdómara. Lengi hefur tíðkast að fulltrúar dómara taki þátt í dómstörfum „á ábyrgð" hins reglulega dómara. Á síðari árum hefur stöðum dómara verið fjölgað og heyrst hafa raddir um að dómarar einir ættu að kveða upp dóma. Á hitt er að líta að fulltrúastörf við dómstóla hafa reynst góður undirbúningur fyrir önnur dómarastörf og fulltrúastöður hafa þótt eðlilegar við það sambland dóms- og stjórnsýslustarfa, sem tíðkast hafa við embætti sýslumanna. Fulltrúastöður tíðkast við dómstóla á Norðurlöndum og jafnframt löggildingar til ákveðinna dómstarfa. Ekki hefur reynt á sérstaka „ábyrgð" dómara á fulltrúum sínum og þykir rétt að þar um gildi almennar reglur. Því er lagt til í 2. mgr. að dómstjóri ákveði starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni. Er með þessu orðalagi haft í huga að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa, en nú er víðast reyndin. Þar á meðal fái fulltrúar þjálfun jafnt við úrlausn einkamála sem opinberra mála sem höfðuð eru fyrir héraðsdómstólnum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um skipun setudómara, en það er skilyrði fyrir því að dómari sé skipaður til þess að fara með einstakt mál að héraðsdómari eða allir héraðsdómarar þar sem fleiri dómarar eru við dómstól hafi vikið dómarasæti.

2. mgr. samsvarar efnislega 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Slík skipun verður þó eigi gerð nema að ósk dómstjóra eða héraðsdómara þar sem dómari er aðeins einn við dómstól.

Í 3. mgr. er ákvæði um setningu héraðsdómara um stundarsakir sökum forfalla hins reglulega dómara.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins er að öllu leyti samhljóða núverandi 35. gr. laga nr. 85/1936. Samhengis vegna þykir rétt að flytja ákvæði þetta úr þeim lögum þar sem reglur um embættisgengi, skipun og setningu héraðsdómara er að finna í I. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er tekið fram að reglum 1.–8. gr. sé ekki ætlað að raska skipan sérdómstóla á dómstigi undirréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga. Er þetta gert í því skyni að taka af öll tvímæli.

Um 10. gr.

Heitið „umboðsvald“ í fyrirsögn II. kafla er af sumum talið úrelt og vísa til valds sem leitt var af valdi einveldiskonunganna. Það var hins vegar notað um staðbundna stjórnsýslu framkvæmdarvalds ríkisins sem verið hefur í höndum sýslumanna samkvæmt lögum eða venju og er því haldið í fyrirsögn. Hins vegar er orðið „stjórnsýsla“ notað síðar í kaflanum. Nefnd eru sem dæmi þrenns konar stjórnsýslustörf í greininni, en þar er um að ræða störf sem sýslumenn hafa löngum farið með og eru umfangsmikil. Í ákvæðinu er vísað sérstaklega til 12. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um umboðsstjórn í Reykjavík.

Það ræðst af gildandi lögum á ýmsum sviðum hverju sinni hver þau viðfangsefni eru, sem koma í hlut umboðsmanna ríkisvaldsins í héraði. Hefði því ekki sjálfstæðan tilgang að telja upp í frumvarpi þessu hver þau störf eru nánar til tekið bæði þar sem nú þegar er kveðið á um að sýslumenn fari með tiltekin störf í einstökum lögum og eins með því að breyta þarf allmörgum lögum eins og áður segir í þeim tilgangi að færa störf til sýslumanna frá öðrum stofnunum ríkisvaldsins og afmarka þau frekar. Við gerð þessa frumvarps hefur hins vegar verið gengið út frá því að eftirfarandi störf verði hin helstu í höndum sýslumanna með eða án breytinga gildandi laga:

1. Lögreglustjórn, að því leyti sem hún lýtur ekki stjórn rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur fara hver um sig með lögreglustjórn í umdæmum sínum samkvæmt gildandi lögum auk lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Að þessu leyti felst ekki ráðagerð um breytingar, nema sem leiðir af breyttu umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík skv. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Nefndin sem samdi frumvarp þetta hefur á fundum sínum rætt möguleika á því að lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, verði breytt í framhaldi af lögfestingu frumvarps þessa, sem m.a. hefði í för með sér aukna heimild lögreglustjóra til sáttagerðar vegna refsiverðrar háttsemi, en það úrræði kæmi að talsverðu leyti í stað núgildandi heimilda til slíkra sátta fyrir sakadómi. Yrði hér um að ræða umfangsmikla tilfærslu starfa frá dómstólum til lögreglustjóra sem yrði til þess fallin að opna möguleika til að leysa mál af þessum toga með einföldum hætti. Eins og nú háttar lýkur verulegum hluta mála, sem koma til kasta sakadóma, einmitt með sáttagerð fyrir dómi.

Í lögreglustjórn felst, auk almennra starfa á þeim vettvangi, útlendingaeftirlit, þar á meðal útgáfa vegabréfa auk útgáfu ýmissa leyfa sem nefnd eru hér nánar síðar.

2. Tollstjórn.

Samkvæmt gildandi lögum fara bæjarfógetar og sýslumenn með tollstjórn, hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur, en tollstjóri í Reykjavík hvað það umdæmi varðar. Hér eru ekki ráðgerðar neinar breytingar aðrar en þær sem leiða af nýmælum í 11. og 12. gr. frumvarpsins um umdæmismörk tollstjórans í Reykjavík.

3. Meðferð ákæruvalds í umboði ríkissaksóknara.

Eins og málum er nú háttað gefur ríkissaksóknari út allar ákærur í opinberum málum og mætir hann eða starfsmenn hans til þinghalda að því marki sem það er skylt. Veruleg umræða hefur undanfarið verið um þá tilhögun gildandi laga að ríkissaksóknara sé óskylt að sækja þing í umtalsverðum fjölda opinberra mála sem hefur í för með sér að viðkomandi dómara sé einungis ætlað að kynnast sjónarmiðum ríkissaksóknara af ákæruskjali. Kemur iðulega upp sú staða að verjandi mæti fyrir sakborning í málum sem þessum og flytur þar vörn fyrir dómi án þess að málið sé sótt í eiginlegum skilningi af hálfu ákæruvaldsins. Málsmeðferð sem þessi er mjög í andstöðu við áðurnefndar ríkjandi hugmyndir um ákæruréttarfar sem smám saman hefur þó verið innleitt hér á landi eins og að framan greinir. Að auki hefur þetta lagt að óþörfu ýmsa verkþætti á herðar viðkomandi dómara sem tengjast rekstri mála. Eins og aðstæður eru nú getur ríkissaksóknari ekki breytt þessu verklagi fyrir sitt leyti án verulegrar fjölgunar starfsliðs.

Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, telur m.a. af framangreindum ástæðum æskilegt að lögum um meðferð opinberra mála verði breytt á þann veg að sýslumenn fari hver í sínu umdæmi (í Reykjavík lögreglustjóri) með ákæruvald í umboði ríkissaksóknara. Er gert ráð fyrir að sú heimild taki ekki eingöngu til að sýslumenn sæki þing í opinberum málum og flytji þau, heldur einnig að þeim verði falin útgáfa ákæru í nánar tilteknum málaflokkum. Slík störf eru í eðli sínu nátengd almennri lögreglustjórn og er hliðstæð tilhögun þessara mála víða í nágrannaríkjum okkar.

4. Innheimta tekna ríkissjóðs að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa innheimt tekjur ríkissjóðs í umdæmum sínum. Framkvæmdastjórar og annað starfslið sveitarfélaga hafa innheimt tekjur sveitarsjóða. Í nokkrum sveitarfélögum hefur þeirri skipan verið komið á að settar hafa verið á fót sameiginlegar gjaldheimtur ríkis og sveitarfélaga sem annast hafa innheimtu tekjuskatts og tengdra gjalda til ríkissjóðs, en sýslumenn og bæjarfógetar í þeim sveitarfélögum, í Reykjavík tollstjóri, hafa þó áfram annast innheimtu söluskatts, tolla og ýmissa annarra gjalda til ríkissjóðs. Við lögfestingu á staðgreiðslu skatta á síðasta vori var byggt á því fyrirkomulagi að skattayfirvöld mundu annast bæði álagningu og innheimtu tekjuskatts, en frá því var síðan horfið, einkum að kröfu sveitarstjórnarmanna. Hefur starfandi sýslumönnum, bæjarfógetum og gjaldheimtum verið falið að innheimta staðgreiðsluskatta á árinu 1988. Meðal innheimtuaðilanna er ný gjaldheimta á Suðurnesjum.

Uppi eru ráðagerðir um að fjölga sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga, en einnig er gert ráð fyrir annarri skipan ef samkomulag verður um það milli fulltrúa ríkisins og viðkomandi sveitarstjórna. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa fært fyrir því rök að hagkvæmasta fyrirkomulag á innheimtu staðgreiðsluskatta sé að embætti þeirra hafi hana með höndum og benda þeir m.a. á að búið sé að tengja tölvubúnað embætta þeirra við innheimtukerfi ríkisins og þar sé fyrir hendi bæði húsnæði og starfslið sem hvort eð er þurfi að starfa við innheimtu annarra gjalda til ríkissjóðs. Slíkt yrði þó að sjálfsögðu að vera gert með þeim hætti að sveitarfélög hafi afskipti af innheimtunni og fái aðstöðu til að taka þátt í

stjórnun hennar. Nýjar gjaldheimtur muni hins vegar kosta ærið fé í stofnkostnaði og rekstri. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, leggur eindregið til að sú skipan verði lögfest að þau sýslumannsembætti sem nú innheimta staðgreiðslu skatta haldi því áfram, enda sé það fjárhagslega hagkvæmur kostur og hægt verði að tryggja áhrif sveitarstjórna á stjórn innheimtunnar.

5. Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratrygginga.

Bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur hafa nú með höndum þá starfsemi sem hér um ræðir og yrði því ekki gerð nein breyting að þessu leyti. Eftir sem áður væri sú sérstaða í Reykjavík að Tryggingastofnun færi sjálf með útborgun bóta. Sýslumannsembætti fara með málefni héraðssamlaga og er ekki gerð tillaga um breytingu á því fyrirkomulagi.

6. Leyfisveitingar samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.

Utan Reykjavíkur fara bæjarfógetar og sýslumenn nú með vald til veitingar ýms konar opinberra leyfa. Í Reykjavík eru þessi verkefni ýmist í höndum lögreglustjóra eða borgarfógetaembættisins.

Þau leyfi, sem hér um ræðir, eru einkum til atvinnustarfsemi af ýmsum toga og sérstakar heimildir lögreglustjóra, t.d. til skemmtanahalds, notkunar skotvopna, aksturs bifreiða o.fl. Auk þessara viðfangsefna, sem eftir sem áður yrðu í höndum sýslumanna og eftir atvikum lögreglustjórans í Reykjavík, hvað umdæmi hans varðar, er eins og áður segir ráðgert að ýmsum lögum verði breytt í tengslum við lögfestingu þessa frumvarps í því skyni að færa vald til útgáfu ýmissa leyfa úr höndum ráðuneyta til sýslumanna. Af þeim málefnum má nefna sem dæmi vínveitingahúsaleyfi, en útgáfa þeirra er nú í höndum dómsmálaráðuneytis.

7. Sifjamálefni.

Eftir gildandi lögum fara bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur og í Reykjavík embætti borgardómara með ýmis viðfangsefni á þessu sviði. Má þar nefna borgaralegar hjónavígslur, meðferð beiðna um skilnað að borði og sæng og veitingu skilnaðarleyfa. Veiting leyfa til lögskilnaðar er hins vegar í höndum dómsmálaráðuneytisins. Á vegum dómsmálaráðuneytisins er áformað að endurskoða löggjöf, sem um þessi málefni fjallar, í því skyni að flytja verkefni frá dómsmálaráðuneyti til sýslumanna hvað sifjamálefni varðar.

8. Málefni barna.

Málefni þessi eru að gildandi lögum að talsverðu leyti í höndum dómsmálaráðuneytisins, t.d. úrlausn ágreinings um forsjá barna og umgengnisrétt foreldra við þau. Bæjarfógetar og sýslumenn fara nú með ákveðna þætti þessara málefna, t.d. uppkvaðningu yfirvaldsúrskurða um meðlag og framfærslu barna. Með sama hætti og áður greinir um sifjamál, hefur sú skoðun komið fram á fundum nefndarinnar, sem samdi frumvarp þetta, að æskilegt sé að samið verði frumvarp til breytinga á barnalögum og eftir atvikum annarri löggjöf, sem flytji þessi viðfangsefni að miklu eða öllu leyti til sýslumannsembætta, enda sé tryggt að þau eigi aðgang að sérfræðilegri aðstoð við úrlausn þeirra, ef þörf er á.

9. Lögræðismálefni.

Málefni á þessum vettvangi eru líkt og sifja- og barnamál ýmist í höndum dómsmálaráðuneytisins eða bæjarfógeta og sýslumanna. Má til dæmis nefna yfirfjárráð, eftirlit með meðferð fjár ómyndugra og skipun lögráðamanna. Úrlausn þessara mála mætti alfarið færa undir embætti sýslumanna og yrði eftirlit ríkisvaldsins með þeim við það mun virkara en nú.

10. Utankjörfundaratkvæðagreiðslur.

Breyting yrði ekki á núverandi skipan mála í þessu sambandi þannig að sýslumenn fari með þessi verkefni eins og þeir og bæjarfógetar hafa gert til þessa.

11. Lögbókandagerðir (notarialgerðir).

Þessar gerðir hafa til þessa verið í höndum sýslumanna og bæjarfógeta, í Reykjavík í höndum borgarfógetaembættisins. Í fræðikenningum hefur ekki verið eining um það hvort telja eigi þessar gerðir til valdsmannsgerða eða dómsathafna. Hér á landi hefur þó jafnan verið gengið út frá því að hér sé ekki um dómsathöfn að ræða, en almenn löggjöf er ekki fyrir hendi um þessar gerðir. Í framangreindri samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins er einnig mælt með því að lögbókandagerðir verði fluttar frá dómstólum.

Eins og áður segir er áformað að leggja fram sérstakt frumvarp til laga um lögbókandagerðir þar sem kveðið er á um að hér sé um valdsmannsgerðir að ræða, sem sýslumenn muni fara með. Verða í því frumvarpi í fyrsta sinn settar fram tillögur hér á landi um almennar reglur er varða umræddar gerðir. Hins vegar raska reglur slíks frumvarps ekki þeim málaflokkum þar sem gerðir þessar eiga sér stað, en þar er einkum um að ræða staðfestingu erfðaskráa, afsagnargerðir, opinbera vottun skjala og útdrátt happdrættismiða og skuldabréfa.

12. Skráning firma og annarra félaga en hlutafélaga.

Ekki er með frumvarpi þessu ráðgerð breyting frá núverandi skipan, sem felur sýslumönnum og bæjarfógetum, í Reykjavík borgarfógetaembættinu, skráningu firma, sameignarfélaga, samlagsfélaga og samvinnufélaga. Þessari starfsemi fylgir útgáfa verslunarleyfa af ýmsum gerðum. Slík viðfangsefni yrðu því í höndum sýslumanna að breyttri skipan.

13. Þinglýsingar.

Samkvæmt þinglýsingalögum, nr. 39/1978, telst þinglýsing dómsathöfn og getur komið til þess að þinglýsingardómari kveði upp úrskurð um ágreining á þessu sviði, sem kæra má til Hæstaréttar, sem þó er fátítt. Þessi tilhögun hefur verið tekin upp hér á landi að danskri fyrirmynd. Þinglýsingar eru þó í eðli sínu ekki annað en opinber skráning réttinda, sem á mörgum hliðstæðum sviðum telst yfirvaldsaðgerð, t.d. skráning vörumerkja, einkaleyfa og hlutafélaga. Forsenda þess að þinglýsingar hafi hér á landi talist dómsathöfn er að nokkru skýrð hér að framan í umfjöllun um muninn á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi. Eins og þar greinir hefur þetta viðfangsefni ásamt „notarialgerðum" þótt eiga undir þann flokk viðfangsefna sem í fræðikenningum hefur verið nefndur latneska heitinu „jurisdictio voluntaria". Það einkennir viðfangsefni þessi að engin eðlislæg einkenni þeirra gefa til kynna að þau eigi fremur að teljast til dómstarfa en yfirvaldsaðgerða. Þinglýsingar munu vera talsvert algengari hér landi miðað við íbúafjölda en í nágrannaríkjunum. Eru þær í eðli sínu þáttur í þjónustu sem almenningur þarf að sækja til yfirvalda með greiðum hætti. Er því nauðsynlegt að mæta þeim þörfum með því að tryggja sem best nálægð þessarar þjónustu við þá sem hennar þurfa að leita. Eins og áður greinir, er áformað að leggja til lagabreytingu um þetta efni, þannig að framvegis teljist þetta yfirvaldsaðgerð sem sýslumenn fari með að breyttri skipan. Með þeirri breytingu yrði samkvæmt áðursögðu ekki brotið gegn grundvallarreglum um skilsmun dómsvalds og framkvæmdarvalds.

14. Viðfangsefni við búskipti.

Í fyrri umfjöllun í greinargerð þessari hefur verið vikið að því að samkvæmt gildandi lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sem eru frá árinu 1878, hefur dómstól, er nefnist skiptaréttur, ekki eingöngu verið falið að fara með dómsvald á þessu sviði, heldur

einnig ýmis umsýslu- og umboðsstörf sem tengjast því. Þótt auðvelt sé að aðgreina annars vegar dómsathafnir við búskipti og hins vegar umsýslu- og umboðsstörf er rótin að núverandi skipan mála hér á landi sú að við setningu laganna voru ekki fyrir hendi sjálfstæð embætti framkvæmdarvaldsins eða starfsstéttir, sem gátu sinnt því hlutverki að annast bústjórn eða skiptastjórn. Samtímalöggjöf í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu tók hins vegar um margt mið af öðrum aðstæðum. Nú á dögum gegnir öðru máli hér á landi. Nú er aðgangur að sérfræðingum til þess að sinna störfum við skiptastjórn, auk þess sem frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til þess að sýslumannsembættin verða hrein stjórnsýsluembætti.

Af hálfu dómsmálaráðuneytis er í undirbúningi gerð frumvarps til nýrra skiptalaga sem ráðgert er að komi fram í kjölfar lögfestingar þessa frumvarps. Miðað er við að verkum verði þar skipt milli sýslumanna, héraðsdómstóla og skiptastjóra með eftirfarandi hætti:

Sýslumannsembætti fari með eftirfarandi verkefni:

1. Viðtöku dánartilkynninga og skrásetningu mannsláta.
2. Eftirlit með málefnum dánarbúa frá andláti fram að því að eiginleg búskipti hefjast.
3. Veitingu bráðabirgðaheimilda til að ráðstafa eignum áður en eiginleg búskipti hefjast, t.d. til að hefja fé af bankareikningi.
4. Uppskrift og virðingu eigna, ásamt könnun skulda, þar sem þess gerist þörf.
5. Skipun sérstakra lögráðamanna fyrir ófjárráða erfingja, ef með þarf.
6. Veitingu leyfa til setu í óskiptu búi.
7. Veitingu leyfa til einkaskipta á búi.
8. Eftirlit með einkaskiptum ef ófjárráða erfingjar eiga hlut að máli.
9. Aðild að kröfu um opinber skipti dánarbús ef erfingjar hefjast ekki handa sjálfir um skipti, ljúka þeim ekki innan lögbundinna tímamarka o.fl.
10. Viðtöku einkaskiptagerða og athugun þeirra.
11. Innheimtu erfðafjárskatts.
12. Útgáfu heimildarskjala að loknum skiptum, t.d. yfirlýsinga um yfirfærslu eignarréttinda á grundvelli arftöku.

Héraðsdómstólar fari með eftirfarandi verkefni:

1. Uppkvaðningu úrskurða um heimild til skipta á búum horfinna manna.
2. Dómsmeðferð ágreiningsefna, sem rísa við búsmeðferð í höndum sýslumanna, undir einkaskiptum eða við opinber skipti.
3. Úrlausn kröfu um opinber skipti dánarbús.
4. Skipun skiptastjóra til að fara með opinber skipti.
5. Eftirlit með opinberum skiptum skiptastjóra og viðtaka skilríkja um skiptin þegar þeim hefur verið lokið.

Í hlut skiptastjóra komi eftirfarandi viðfangsefni við opinber skipti dánarbúa:

1. Að fara með fyrirsvar fyrir dánarbú, m.a. í dómsmálum.
2. Að gefa út innköllun í dánarbú ef þess gerist þörf.
3. Að halda skiptafundi með erfingjum og/eða skuldheimtumönnum til ákvörðunartöku um hagsmuni bús.
4. Framkvæmd ákvarðana skiptafundar m.a. um sölu eigna.
5. Umsýsla með fjármuni bús og reikningshald.
6. Gerð úthlutunargerðar við lok búskipta.
7. Greiðsla fjárkrafna, útborgun arfs og greiðsla erfðafjárskatts.
8. Útgáfa heimildarskjala við lok opinberra skipta.

Í frumvarpi til nýrra skiptalaga mundi dregið verulega úr þeim tilvikum, þar sem lögskylt er nú að viðhafa opinber skipti, t.d. sökum ófjárráða erfingja. Þess í stað verði einkaskipti undir virku eftirliti sýslumanna aðalreglan.

Með framangreindum hætti næðist það markmið að aðgreina dómstörf á þessu sviði frá umsýslu- og umboðsstörfum. Í reynd hefði slík tilhögun í för með sér að sýslumenn færu með yfirgnæfandi hluta viðfangsefna varðandi skipti dánarbúa, enda eru opinber skipti mjög fátíð utan Reykjavíkur samkvæmt fyrirliggjandi skýrslum frá embættum sýslumanna og bæjarfógeta. Að auki yrði eins og áður segir dregið úr núverandi lagaskyldu til opinberra skipta við vissar aðstæður. Sýslumenn myndu því í stórum dráttum sem valdsmenn hafa með höndum sömu verkefni og nú er við skipti að því þó frátöldu að dómsvald varðandi búskiptin væri hjá héraðsdómstólum.

Búskipti við skilnað hjóna lúta að mestu leyti sömu reglum og skipti dánarbúa og á því framangreind lýsing við þann málaflokk að breyttu breytanda.

Núverandi reglur um gjaldþrotaskipti samkvæmt lögum nr. 6/1978 og um nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 19/1924 eru verulega frábrugðnar gildandi lögum um skipti dánarbúa með því að skiptaréttur fer almennt ekki með umsýslu- eða umboðsstörf við aðstæður þær, sem lögin fjalla um, heldur eingöngu með dómsvald. Komið hafa fram raddir um að nauðsyn beri til að endurskoða umrædd lög, þó að tilefni þess sé ekki sá aðskilnaður dómsvalds og stjórnsýslustarfa sem frumvarp þetta miðar að. Þessi viðfangsefni ættu undir héraðsdómstóla að breyttri skipan án þátttöku sýslumanna.

15. Fullnustugerðir.

Eins og áður segir áformar dómsmálaráðuneytið að beita sér fyrir endurskoðun laga um fógetagerðir. Þeirri endurskoðun er ætlað að taka mið af tillögum þessa frumvarps um nýja skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði, en frumvörp til nýrra laga um þessi efni munu væntanlega koma fram í áföngum. Þar yrði ekki um ein heildarlög að ræða. Komið hefur fram, að fyrirhuguð endurskoðun muni byggjast á eftirfarandi sjónarmiðum:

Greina má fógetagerðir samkvæmt gildandi lögum í flokka með ýmsum hætti. Einfaldast er í þessari umfjöllun að láta við það sitja að greina milli þeirra fógetagerða, sem annars vegar fara fram án undangengins dóms eða réttarsáttar (innsetningargerðir, lögtaksgerðir, kyrrsetningar, lögbannsgerðir og útburðargerðir) og hins vegar gerða, sem fram fara á grundvelli dóms eða sáttar (fjárnámsgerðir, gerðir til fullnustu skyldu samkvæmt dómi, löggeymslugerðir og vörslusviptingargerðir). Eins og áður hefur komið fram í umfjöllun um muninn á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi hefur valdið til að fullnægja skyldu talist um aldir vera dómsvald, án tillits til þess, hvort fullnustugerð fer fram á grundvelli dóms eða ekki. Þær grundvallarreglur, sem þar er byggt á, eru með þeim hætti að örðugt er að flytja vald til þessara aðgerða í ríkum mæli til valdsmanna (sýslumanna), nema brotið verði gegn þeirri hugmyndafræði sem er undirstaða réttarkerfisins.

Hins vegar er hér um að ræða, með svipuðum hætti og varðar búskipti, að löggjöf hefur ekki eingöngu falið dómstólum (fógetarétti) að fara með þá þætti, sem verða taldir meðferð dómsvalds í sögulegum skilningi, heldur hefur hún einnig falið þeim að fara með umsýslustörf við þessar aðgerðir. Unnt er að skipa málum við breytingu löggjafarinnar með þeim hætti að sú umsýsla verði í höndum sýslumanna, en dómsvald í höndum héraðsdómstóla. Samkvæmt því yrði meðferð einstakra málaflokka með eftirfarandi hætti:

Lögtaksgerðir.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er ætlunin að láta semja frumvarp til nýrra laga um lögtaksgerðir er leysi af hólmi núgildandi lögtakslög frá árinu 1885. Verður frumvarpið við það miðað að ákvæði þessa frumvarps verði að lögum. Meginefni frumvarpsins er að fækka mjög núverandi lögtaksheimildum þannig að réttur til þessara gerða taki aðeins til opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Gerðir þessar yrðu taldar valdsmannsgerðir og yrðu því í höndum sýslumanna, en undanfari þeirra yrði líkt og nú uppkvaðning úrskurðar héraðsdóm-

stóls um lögtaksheimild. Sérstakar reglur myndu hins vegar gilda um heimildir gerðarþola til þess að bera lögmæti lögtaksgerðar undir héraðsdómstóla, bæði að efni og formi, en í núgildandi lögtakslögum, nr. 29/1885, er að finna þess háttar heimild hvað efnishlið lögtaksgerðar varðar.

Framangreind breyting yrði að sönnu í nokkurri andstöðu við margnefndar kenningar um afmörkun hugtaksins dómsvald. Þær kröfur, sem ráðgert er að komi framvegis til með að njóta lögtaksréttar, eru hins vegar sérstaks eðlis. Álagning opinberra gjalda styðst ávallt við sérstakar lagaheimildir og fer fram með þeim hætti að gjaldanda er kynnt hún og nýtur hann heimilda til stjórnsýslulegrar kæru gjaldanna auk þess að geta borið réttmæti álagningar undir dómstóla. Staðreynd er og að sveitarfélög og opinberar stofnanir, sem innheimta kröfur með lögtaksgerðum samkvæmt gildandi lögum, hafa um áratuga skeið fengið starfsmenn sína sérstaklega löggilta sem fulltrúa viðkomandi héraðsdómara til að gera lögtak, en eftir sem áður greitt þeim laun og borið kostnað af þessu verkefni. Slíkt getur tæpast samrýmst því að um dómstörf sé að ræða. Erlendis hefur víða verið farið inn á þá braut, sem hér er ráðgerð, þ.e. að telja þessar gerðir til yfirvaldsathafna. Stinga því umræddar hugmyndir eigi í stúf við framkvæmdina í ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu. Verður heldur ekki litið fram hjá því í þessu sambandi að umtalsvert hagræði er af því að vald til framkvæmdar lögtaksgerða tengist með nánum hætti innheimtu viðkomandi krafna að öðru leyti, en að auki er það eðli þessara gerða að þær krefjast návistar gerðarþola sem ekki yrði með góðu móti komið við að breyttri skipan héraðsdómstóla.

Aðrar fógetagerðir án undangengins dóms.

Hér er um að ræða svonefndar beinar fógetagerðir og kyrrsetningar- og lögbannsgerðir. Framkvæmd þeirra er nú í höndum héraðsdómstóla þar sem þolanda gerðarinnar gefst kostur á að hafa uppi andmæli gegn framgangi hennar. Dómurinn kveður þó ekki eingöngu á um hvort gerð fari fram eða ekki, heldur fylgir hann þeirri ákvörðun eftir, ef með þarf, t.d. með því að taka hlut með valdbeitingu úr vörslum gerðarþolans eða bera hann og muni hans úr húsnæði. Ekki verður séð að fært sé að taka úr höndum dómstóla að kveða á um hvort krafa um gerð nái fram að ganga, en öðru máli gegnir hins vegar um að framfylgja þeirri ákvörðun. Slíkt viðfangsefni ber meiri keim af valdbeitingu af hendi ríkisvaldsins sem almennt er í höndum lögreglu. Verður því væntanlega lagt til í frumvarpi til nýrra laga um þessi efni að framkvæmd síðastnefnda þáttarins verði í höndum sýslumanna, en dómsmeðferð verði áskilin að öðru leyti.

Framkvæmd aðfarar samkvæmt aðfararheimild (dómi, réttarsátt o.fl.).

Þær gerðir, sem hér um ræðir, eru samkvæmt gildandi lögum fjárnámsgerðir til fullnustu fjárkrafna og aðfarargerðir til fullnustu skyldu samkvæmt dómi, t.d. til rýmingar húsnæðis, til útgáfu heimildarbréfa o.fl., auk löggeymslu- og vörslusviptingargerða. Vegna þeirrar breytingar, sem ráðgerð er á lögtaksheimildum frá núverandi skipan, má telja sennilegt að kröfur um annað en opinber gjöld, sem nú njóta lögtaksréttar, verði að breyttum lögum aðfararhæfar að undangenginni einfaldri dómsmeðferð. Ýmsir kostir eru fyrir hendi um breytingar á skipan aðfarar samkvæmt dómum. Ákvörðun um að aðför fari fram til að fullnægja kröfu verður að vísu óhjákvæmilega að teljast dómsathöfn, en að öðru leyti eru aðstæður hér um margt svipaðar þeim sem áður er lýst um frekari framvindu fógetagerða án undangengins dóms. Líkt og um lögtaksgerðir á það viðhorf hér við að vegna þarfar á návist gerðarþola getur aðgerð sem þessi ekki ávallt átt sér stað á starfsstöð þess, sem hana framkvæmir, hvað þá ef gerðarþoli hefst við fjarri þeim stað. Þótt endanleg ákvörðun um stefnumörkun við endurskoðun laga um þetta efni liggi ekki fyrir er ljóst að umtalsverður hluti framkvæmdar aðfarargerða samkvæmt dómi muni verða verkefni

sýslumanna sem yfirvaldsaðgerðir, þótt héraðsdómstóll yrði áður að kveða á um að aðför megi gera hverju sinni. Sú dómstólameðferð getur orðið með einföldum og greiðum hætti, en einnig er hér möguleiki af þessum sökum að fjölga heimildum til aðfarargerðar án undangengins dóms. Má því vænta þess að talsverður hluti þeirra starfa, sem nú eiga sér stað fyrir fógetarétti við þessar gerðir, verði falinn sýslumönnum sem valdsmönnum

16. Nauðungarsala eigna.

Núgildandi lög um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, fela héraðsdómstólum framkvæmd nauðungarsölu, auk dómsvalds til meðferðar krafna um slíkt og úrlausnar um ágreining. Framkvæmd nauðungaruppboðs er hins vegar með þeim hætti að í reynd er steypt saman eiginlegum dómstörfum annars vegar og umsýslu hins vegar sem auðveldlega má greina að.

Í megindráttum felst dómsvald í þessu sambandi í því að kveða á um hvort skilyrðum sé fullnægt fyrir kröfu um nauðungaruppboð hvort sem vörnum er haldið uppi eða ekki. Það felst einnig í úrlausn ágreiningsefna sem rísa í tengslum við framkvæmd uppboðs eða ráðstöfun söluandvirðis. Telja má meira eða minna öll önnur verk á þessu sviði umsýslu, t.d. auglýsingu uppboðs, ákvörðun söluskilmála, sendingu tilkynninga og síðast en ekki síst framkvæmd sjálfrar sölunnar.

Oft hefur verið um það rætt hvort ákjósanlegt sé að uppboðssala sé eina úrræðið sem komið verði við til að knýja fram fullnustu fjárkrafna. Hefur til dæmis verið á það bent að með uppboðssölu fáist ekki eðlilegt endurgjald fyrir eign. Auk þess er það á almannavitorði að krafa og auglýsing um nauðungaruppboð er algeng innheimtuaðferð, enda þótt fyrirfram sé ljóst að til uppboðssölu muni ekki þurfa að koma. Þetta hefur meðal annars lagt verulegt og óþarft álag á dómstóla og er nauðsynlegt að ráða bóta á því við endurskoðun laganna um nauðungaruppboð.

Sú leið hefur verið farin í ýmsum ríkjum að afskipti dómstóla af nauðungarsölu eru fyrst og fremst fólgin í því að fjalla um kröfu þess efnis og kveða á um hvort nauðungarsala megi fara fram. Auk þess er dómstólum svo falið að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa í tengslum við eftirfarandi aðgerðir. Að öðru leyti er sérstaklega ráðnum umsjónarmönnum (executores) falið að annast söluna í samráði við veðhafa og eiganda viðkomandi eignar, en slíkir umsjónarmenn gera síðan tillögur um úthlutun söluverðsins sem lagðar eru fyrir dómstól til að gefa kost á andmælum. Tilhögun sölu við þessar aðstæður er ekki lögbundin, heldur sett á vald viðkomandi umsjónarmanns að ákveða hana. Þeir geta hvort heldur leitast við að selja eign með frjálsum samningum eða fengið atbeina yfirvalds, opinbers uppboðshaldara, til þess að koma eigninni í verð. Við væntanlega endurskoðun laga um nauðungaruppboð verður leitast við að nálgast þessari tilhögun. Reynsla erlendis hefur þótt sýna að mjög fátítt er að gripið sé til þess að hefjast handa um nauðungarsölu, en hverfa síðan frá þeirri aðgerð þar eð önnur lausn hafi fengist. Er aðgerðum sem þessum því ekki beitt fyrr en önnur tiltæk úrræði hafa reynst árangurslaus. Verður ekki séð að neinar sérstakar aðstæður hér á landi leiði til annarrar niðurstöðu að breyttum lögum. Ætla mætti því að þessi tilhögun yrði til þess að draga úr því álagi sem á síðustu árum hefur aukist stórlega vegna beiðna um nauðungarsölu eigna. Sá ókostur kann hins vegar að fylgja þessari leið að í fámennari dómumdæmum gæti reynst örðugt að finna hæfa menn til þess að gegna hlutverki umsjónarmanns um nauðungarsölu. Þessi leið er heldur ekki nothæf við nauðungarsölu lausafjár sem trúlega yrði að selja á uppboðum eins og hingað til.

Í væntanlegu frumvarpi munu verða ráðgerð þau verkaskipti milli héraðsdómstóla og sýslumanna að hinir fyrrnefndu taki fyrir kröfur um nauðungarsölu og úrskurði hvort þær nái fram að ganga eða ekki. Að genginni slíkri úrlausn væri afskiptum þeirra af málinu lokið, nema ágreiningur risi á síðari stigum sem krefðist dómsmeðferðar. Sýslumenn mundu hins vegar gegna hlutverki opinbers uppboðshaldara, jafnt við nauðungarsölu sem annars konar

uppboð og þeir hefðu því með höndum svipaðar undirbúningsaðgerðir fyrir uppboð og nú tíðkast. Hugsanlegt er að fela mætti sýslumönnum í einstökum tilvikum hlutverk umsjónarmanns, enda væru þeir þá eigi vanhæfir sökum aðildar embætta þeirra að kröfum þeim sem eru tilefni beiðni um nauðungarsölu.

17. Lögskráning skipshafna.

Þessu viðfangsefni gegna nú bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur og tollstjóri í Reykjavík. Engin breyting er ráðgerð í þeim efnum.

18. Valdsmannstörf í landamerkjamálum.

Samkvæmt lögum nr. 41/1919 hvílir sú skylda á héraðsdómurum, sem fá vitneskju um ágreining um landamerki eða um að merkjaskrá hafi eigi verið þinglýst, að kalla aðila á dómþing og bóka kröfur þeirra. Héraðsdómari skal síðan leita sátta með aðilum. Vænta má breytinga á þessari skipan þannig að þetta hlutverk komi í hlut sýslumanna sem yfirvalda.

19. Úrskurðir um sveitarstjórnarmálefni.

Samkvæmt lögum nr. 8/1986 er félagsmálaráðherra heimilt að fela staðbundnum umboðsmönnum framkvæmdvaldsins þennan málaflokk. Lagt er til að sýslumönnum verði falið þetta hlutverk, ef frumvarp þetta verður að lögum, en um leið væri rétt að setja almenn skilyrði fyrir áfrýjun úrskurða um sveitarstjórnarmálefni til félagsmálaráðuneytis.

20. Formennska í staðbundnum stjórnum, nefndum og ráðum ríkisvaldsins.

Hér er um að ræða fjölbreytileg viðfangsefni sem eðlilegt er að verði alfarið hlutverk sýslumanna. Slíkt ræðst þó af þeim ákvæðum einstakra laga, sem mæla fyrir um slík stjórnvöld. Er því ljóst að þörf er sérstakrar athugunar á hinum ýmsu lögum og viðeigandi breytinga í því skyni að koma þessari skipan á til fulls.

21. Önnur stjórnsýslustörf ríkisins.

Verulega margbreytt störf geta talist til stjórnsýslustarfa ríkisins í héraði umfram þau sem sérstaklega hafa verið nefnd hér á undan. Er bæði um að ræða verkefni sem þegar eru ákveði um í lögum og einnig verkefni sem eðlilega falla að verksviði sýslumanna í framtíðinni til hagræðis og sparnaðar. Sem dæmi um mál í síðarnefnda flokknum má nefna möguleika á því að fela sýslumönnum ýmis konar sáttastörf bæði í staðbundnum vinnudeilum og sem aðdraganda að dómsmeðferð mála. Margs konar eftirlit er lagt á ríkisvaldið með einstökum lögum án þess að nægilega sé séð fyrir því hvernig best verði að eftirlitinu staðið. Má telja slíkt nærtækt viðfangsefni staðbundinna umboðsmanna framkvæmdarvaldsins. Þá er sennilegt að með breyttri skipan sýslumannsembætta komi í auknum mæli til þess við setningu nýrra laga að þau verði miðuð við tilvist staðbundinna umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héraði og þeim verði falin framkvæmd laganna að hluta eða að öllu leyti. Sú hefur orðið reynslan bæði í Danmörku og Noregi eftir að lögfestur var aðskilnaður milli dómsvalds og umboðsvalds.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um aðsetur sýslumanna. Umdæmi sýslumanna eru ekki afmörkuð í greininni, heldur er þar kveðið á um að utan Reykjavíkur og fjögurra nágrannabyggða sem verða í sama stjórnsýsluumdæmi, skiptist landið í 26 umdæmi. Eru síðan aðsetursstaðir sýslumanna taldir upp. Lagt er til að umdæmi sýslumanna verði nánar ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanns og sveitarstjórna. Eigi megi þó leggja niður stjórnsýsluumdæmi né fjölga þeim nema með lögum.

Svipuð ákvæði er að finna í dönskum lagaákvæðum varðandi lögsagnarumdæmi dómstóla (retskreds), þar sem breyta má umdæmunum með reglugerð, en hvorki leggja þau niður né fjölga þeim nema með lögum.

Breyttar aðstæður hljóta að kalla á breytingar á umdæmaskipun. Sem dæmi má nefna Svalbarðsstrandarhrepp við Eyjafjörð, sem nú er tengdur stuttri og greiðfærri samgönguæð við Akureyri, en íbúarnir eiga engu að síður samkvæmt núgildandi umdæmaskipan að sækja þjónustu til sýslumanns á Húsavík.

Um 12. gr.

Umdæmi lögreglustjóra, tollstjóra og sýslumanns í Reykjavík nær samkvæmt greininni einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps, enda þægilegra fyrir íbúa þessara sveitarfélaga að sækja þjónustu þessara embætta til Reykjavíkur en til Hafnarfjarðar.

Eins og greint hefur verið frá hér að framan var upphaflegu bæjarfógetaembætti í Reykjavík skipt í áföngum og urðu þannig til sérstök embætti tollstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík. Ekki er gerð tillaga um sameiningu þessara embætta með neinum hætti, heldur gert ráð fyrir að þau haldist með óbreyttu sniði. Þó gætu ýmis ný verkefni sýslumanna, sem getið er í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins verið falin þessum „eldri „ embættum, einkum embætti lögreglustjóra. Hins vegar eru þau nýmæli í frumvarpinu að gerð er tillaga um stofnun embættis sýslumanns í Reykjavík. Er því ætlað að taka við umboðsstörfum núverandi dómstóla í Reykjavík, þ.e. borgardómaraembættisins, borgarfógetaembættisins og sakadómsembættisins auk þorra þeirra nýju viðfangsefna sem ráðgert er að flytjist úr stjórnarráði til sýslumanna. Þetta embætti hefði enn fremur með höndum þau viðfangsefni varðandi búskipti, fógetagerðir og uppboð sem ætlunin er að leggja í hendur yfirvalda. Gert er ráð fyrir að hið nýja sýslumannsembætti í Reykjavík muni byggjast að verulegu leyti á núverandi embætti borgarfógeta, en þó þannig að viðfangsefni sem að breyttum lögum munu teljast dómsathafnir verði í höndum héraðsdóms Reykjavíkur.

Leitast er við að telja í þessu ákvæði frumvarpsins meginatriði verkaskiptingar milli umræddra þriggja embætta í Reykjavík. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, enda ræðst núverandi verkaskipting að mestu af fyrirmælum einstakra sérlaga, sem eftir atvikum getur orðið þörf á að endurskoða að þessu leyti, áður en til gildistöku laganna kemur. Er hér einnig gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra leysi ef með þarf úr vafatilvikum um það hvert þessara þriggja embætta fari með einstök málefni.

Um 13. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skrifstofur sýslumanns utan aðsetursstaðar hans, en hlutverk þeirra er að tryggja bætta þjónustu sýslumannsembætta. Þjónustuna er unnt að veita þótt höfuðstöðvar embættisins séu í nokkurri fjarlægð og má þar benda á möguleika sem opnast hafa með hagnýtingu nýrrar tækni. Má þar nefna notkun á tölvuneti Pósts og síma og notkun „telefax"-tækja, sem m.a. gerir unnt að senda á skammri stundu útfyllt umsóknareyðublöð og afgreiðslur umsókna ásamt veðbókarvottorðum og fleiri skjölum milli aðalskrifstofa sýslumanna og umboðsskrifstofa þeirra.

Eins og áður segir er frumvarp til breytinga á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, lagt fram með þessu frumvarpi, en nauðsynlegt er að breyta þeim m.a. í framhaldi af gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er m.a. tekið fram að embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli heyri undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Band-

aríkjanna frá 5. maí 1951. Athygli er vakin á því að við gildistöku laga þessara taka héraðsdómstólar við dómstörfum að því er varðar varnarsvæðin.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður skuli fullnægja sömu almennum hæfisskilyrðum og héraðsdómarar að öðru leyti en aldursskilyrðum.

Um 15. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Ákvæði 2. mgr. um skiptingu sýslumannsembætta í deildir á við stærstu embættin.

Um 16. gr.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. júlí 1990. Er þetta nauðsynlegt til aðlögunar við breytta skipan, bæði vegna fyrirsjáanlegra þarfa við útvegun húsnæðis, vegna nauðynlegrar lagasetningar og til þess að kynna og móta nægilega þá skipan sem frumvarp þetta á að leiða til.

Skapa þarf hinum nýju héraðsdómum starfsaðstöðu og sérstaklega er húsnæði fyrir sameinaðan dómstól í Reykjavík stórt verkefni. Er afar mikilvægt að koma húsnæðis- og annarri starfsaðstöðu héraðsdómstólanna í viðunandi horf fyrir gildistöku laganna. Heppilegt þykir að lögin taki gildi í byrjun júlímánaðar, en þá stendur yfir réttarhlé dómstóla. Með því að hafa gildistökuna sumarið 1990 gefst tími fyrir löggjafarvaldið til að fjalla á tveimur löggjafarþingum um breytingar á réttarfarslöggjöf og öðrum lögum sem af samþykkt þessa frumvarps leiða.

Um 17. gr.

Fyrri málsgrein þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í seinni málsgreininni er sett sérstök regla um vistun ýmissa viðfangsefna samkvæmt sérlögum sem hafa að geyma fyrirmæli um að menn með ýmsum embættisheitum gegni störfum sem framvegis verða talin verkefni sýslumannna.

Um 18. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um breytingu starfsheita og tilflutning einstakra embættismanna, sem leiðir af myndun nýrra héraðsdómstóla og breyttri tilhögun umboðsstjórnar í héraði. Ákvæði þetta skýrir sig að mestu sjálft, en rétt er að vekja sérstaka athygli á að flest embætti, sem sett eru á fót með þessum lögum, munu skipast sjálfkrafa af mönnum sem gegna dómara- eða sýslumannsembættum við gildistöku þeirra.

Í 1. og 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga dómarastöðum tímabundið ef fleiri óska að neyta forgangsréttar til skipunar í héraðsdómarastöðu, en fjöldi embætta er skv. 4. gr. Má um þetta vísa til athugasemda við 4. gr. um nánari skýringar.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um meðferð mála sem þingfest hafa verið, en dómur hefur ekki gengið í fyrir 1. júlí 1990 fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, en þeir dómstólar verða allir lagðir niður með lögum þessum og í stað þeirra farið með sömu mál fyrir héraðsdómstólum. Er hér lagt til að sú leið verði farin að slík ódæmd mál flytjist sjálfkrafa til hinna nýju héraðsdómstóla í því horfi sem þau eru á umræddum tímamörkum. Að því leyti sem meðferð máls er lengra komin en einungis að hafa verið þingfest, er sérstaklega tekið fram, að þessi breyting hafi ekki áhrif á þýðingu fyrri meðferðar. Stæði því öll fyrri gagnaöflun óröskuð, þar á meðal skýrslur sem teknar hafa verið af málsaðiljum eða vitnum.

Ekki er kveðið með hliðstæðum hætti á um afdrif búskipta, fógetagerða eða nauðungaruppboða, sem krafa hefur komið fram um fyrir gildistöku laganna, og heldur ekki um

meðferð sérstakra ágreiningsmála fyrir hlutaðeigandi dómstólum sem byrjuð er á umræddu tímamarki. Reglur um þau efni koma væntanlega fram í frumvörpum til nýrra laga um viðkomandi svið réttarfarsins.

Um 20. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um brottfall nokkurra laga og einstakra greina í lögum. Mikilverðust þessara ákvæða er þau, sem varða réttarfarslög, en af þeim meiði eru fyrstu 8 tölul. ákvæðisins. Í 9.–27. tölul. er lagt til að felldar verði niður greinar úr lögum er varða kaupstaðarréttindi einstakra staða sem fjalla um bæjarfógeta og lögsagnarumdæmi. Loks er í síðustu 5 tölul. lagt til að felld verði niður lög sem fjalla um sýsluskipan, en það leiðir af gildistöku sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Um 21. gr.

Í þessu ákvæði eru gerðar þær breytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, sem brýnast teljast í tengslum við lögfestingu þessa frumvarps og leiða þær af fyrirmælum I. kafla frumvarpsins.

Þær eru í meginatriðum fólgnar í eftirfarandi:

Í a-lið eru felld niður ákvæði um atriði sem samsvarandi reglur eru settar um í I. kafla frumvarpsins.

Í b-lið eru gerðar breytingar á texta 42. gr. laganna, þannig að felld eru brott fyrirmæli um sérstakar þingbækur vegna mismunandi héraðsdómstóla, sem ekki verða lengur til, ef frumvarp þetta verður að lögum. Efnislegar breytingar eru ekki gerðar að öðru leyti á ákvæðinu. Einnig felst í þessu að felld eru niður fyrirmæli um bækur þinglýsingardómara, en það ákvæði var ranglega fært milli málsgreina í greininni við útgáfu síðasta lagasafns.

Um 22. gr.

Hér eru gerðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem varða dómara, þinghöld o.fl. Breytingarnar eru í einstökum atriðum fólgnar í eftirfarandi:

Í a-lið eru felld niður sérstök fyrirmæli 4. gr. laganna um það hverjir fari sem dómarar með opinber mál í héraði, enda taka reglur I. kafla frumvarpsins til þeirra mála.

Í b-lið eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 5. gr. laganna vegna breyttra starfsheita héraðsdómara og þeirrar breytingar að framvegis geti fleiri en einn héraðsdómari verið skipaður í hverju lögsagnarumdæmi.

Í c-lið felst ekki önnur breyting á skipun kirkjudóms en sú að nauðsynlegt er að laga reglur um forsæti dómsins að fyrirmælum I. kafla frumvarpsins.

Í d-lið er gerð breyting á 2. mgr. 12. gr. laganna sem virðist hafa yfirsést að gera við setningu laga nr. 28/1981.

Í e-lið eru ákvæði 1. mgr. 15. gr. laganna um störf fulltrúa héraðsdómara felld niður, enda óþörf vegna ákvæða 6. gr. frumvarpsins.

Í f-lið er mælt fyrir um brottfall á 17. gr. laganna sem er óþörf.

Í g-lið eru reglur 1. mgr. 18. gr. laganna um þing- og dómabækur samræmdar breyttri skipan héraðsdómstóla.

Í h-lið er gerð breyting á 1. mgr. 32. gr. laganna, sem kveður á um hverjir teljist lögreglustjórar, en breyting þessi er afleiðing af þeim breytingum sem leiða af 10.–12. gr. frumvarpsins.

Í i-lið er loks fellt niður ákvæði, sem gagngert tekur mið af því að sami embættismaður geti í senn verið bæði lögreglustjóri og sakadómari.

Fylgiskjal I.

Skýrsla

dóms- og kirkjumálaráðherra um meðaltalsfjölda viðfangsefna sýslumannsembætta árin 19801–1987 og um skiptingu þeirra milli sýslumannsembætta og héraðsdómstóla ef lögfest verður frumvarp um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og fylgifrumvörp þess.

Nokkrar athugasemdir vegna samantektar á meðaltalsfjölda viðfangsefna sýslumanna og dómstóla 1980–1987.

1. Ekki má draga teljandi ályktanir af heildarfjölda ósambærilegra viðfangsefna, þegar litið er til niðurstöðutalna frambúðarviðfangsefna sýslumanna og héraðsdómstóla. Tölurnar sýna ekki þann verulega mun á vinnu, sem er milli til dæmis þinglýsingar eða viðtöku dánartilkynningar annars vegar og uppkvaðningar dóms í munnlega fluttu einkamáli hins vegar. Samtölur á hverju blaði koma þó að haldi til innbyrðis samanburðar á umfangi starfa einstakra embætta, hvort sem er sýslumannsembætta eða héraðsdómstóla.
2. Þessi samantekt er unnin eftir upplýsingum, sem fengust frá sýslumönnum og bæjarfógetum á sérstökum eyðublöðum síðla árs 1987. Þau viðfangsefni, sem könnunin tók til, eru fyrst og fremst dómsmál og önnur dómstörf samkvæmt núgildandi lögum, en þó slæddust einnig með stjórnsýslustörf, hvað hjónavígslur og hjónaskilnaði varðar. Það fer hins vegar fjarri að könnunin gefi rétta mynd af núverandi og væntanlegum stjórnsýslustörfum sýslumanna almennt, þar sem hvergi er vikið til dæmis að innheimtu opinberra gjalda, lögreglumálum, firmaskráningu, lögbókendagerðum o.fl., sem eru og munu verða umtalsverður hluti viðfangsefna sýslumannsembætta.
3. Þegar meðaltalstölur voru reiknaðar hverju sinni var svo sem séð verður ekki farin sú leið að tiltaka meðaltöl með aukastöfum, heldur ýmist hækkað eða lækkað í næstu heila tölu, eftir því hvort reiknuð útkoma var yfir eða undir hálfum. Þetta kemur almennt ekki að sök, þar sem meðaltalið hlýtur að jafnast út. Hins vegar er þetta vandamál, þar sem heildarfjöldi tiltekinna viðfangsefna var milli 1 og 4 yfir viðkomandi 8 ára tímabil. Þótt slíkt kunni að gefa skakka mynd, var sú leið farin að telja slík verk að meðaltali 1 á ári á því tímabili.
4. Upplýsingar, sem þessi samantekt er unnin úr, voru ekki fullkomnar. Þannig vantaði í fyrsta lagi með öllu upplýsingar um starfsemi embættis lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, en dómsmálafjöldi þar er væntanlega nánast enginn, ef frá eru talin opinber mál. Í öðru lagi hefur ein blaðsíða orðið viðskila úr svörum embættis bæjarfógeta í Hafnarfirði, en sú síða varðar málefni, sem voru hverfandi fátíð í öðrum umdæmum. Í þriðja lagi er algengt að ekki hafi verið hirt um að gefa upp tölur um ákveðna fyrirspurnarliði, sem leiðir því til að meðaltal er ýmist tilgreint sem „0“ í viðkomandi tilvikum eða sem stórlega lægri fjöldi en rétt ætti að vera. Þeir liðir, sem þetta á einkum við, eru eftirfarandi:
   (1) Úrskurðir í opinberum málum.
   (2) Sölur fasteigna á nauðungaruppboðum voru í einstökum tilvikum aðeins taldar sem „endanlegar sölur“, þ.e. annað eða þriðja nauðungaruppboð. Þetta hefur í för með sér að meginþorrann vantar af heildarfjöldanum, því almennt má gera ráð fyrir að fyrsta nauðungarsala sé um tífalt algengari en önnur eða þriðja. Þessi ágalli á upplýsingum snýr einkum að embættum á Reykjanesi.
   (3) Beiðnir um lausafjáruppboð eru í sumum tilvikum ótaldar.
   (4) Fjölda andlátstilkynninga vantaði frá sumum embættum.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA DÓMSMÁLA O.FL. VIÐ EMBÆTTI SÝSLUMANNA OG BÆJARFÓGETA 1980—1987

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Vesturland				
	Akranes	Borgarnes	Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla	Dalasýsla	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	17	4	13	1	35
sáttir	80	25	47	17	169
úrskurðir	1	0	1	0	2
EINKAMÁL:					
Dómar:					
munnlega flutt mál	5	3	3	1	12
skriflega flutt mál	146	71	40	2	259
sáttir	5	1	2	0	8
hafin mál	2	1	3	1	7
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	41	17	60	2	120
sölur (1., 2. og 3.)	17	1	21	1	40
lausafé:					
beiðnir	11	0	0	0	11
sölur	0	1	1	0	2
sérstök ágreiningsmál	1	0	1	0	2
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	1	0	1
gjaldþrotaskipti	3	1	3	1	8
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	26	0	23	0	49
eignalaus bú	2	1	4	0	7
seta í óskiptu búi	1	5	6	0	12
einkaskipti	0	7	9	0	16
opinber skipti	0	1	1	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	1	0	1
búskipti milli hjóna	0	1	0	0	1
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	1	0	1

	Akranes	Borgarnes	Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla	Dalasýsla	Samtals
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	153	57	91	6	307
lögtök	45	32	68	1	146
vörslusviptingar	1	0	1	0	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	1	0	2
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	0	3
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	2	1	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	2.088	1.121	1.961	281	5.451
SJÓPRÓF:	1	0	2	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	3	1	1	0	5
HJÓNASKILNAÐIR:	13	5	12	2	32
(SAMTALS:	2.664	1.361	2.381	316	6.722)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Vestfirðir				
	Barða-strandar-sýsla	Ísa-fjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	8	18	4	1	31
sáttir	26	72	12	3	113
úrskurðir	5	4	0	1	10
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	3	8	1	1	13
skriflega flutt mál	62	171	31	1	265
sáttir	2	2	1	0	5
hafin mál	3	8	2	1	14
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	28	114	10	1	153
sölur (1., 2. og 3.)	4	36	4	1	45
lausafé:					
beiðnir	0	94	2	1	97
sölur	2	6	1	0	9
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	0	1
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	1	1	0	2
gjaldþrotaskipti	1	7	1	1	10
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	15	26	0	8	49
eignalaus bú	1	14	1	1	17
seta í óskiptu búi	4	14	1	2	21
einkaskipti	5	14	2	5	26
opinber skipti	0	1	1	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	1	0	1	2
búskipti milli hjóna	0	1	1	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	1	1	0	2
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	97	175	24	4	300
lögtök	21	169	9	5	204
vörslusviptingar	0	2	1	0	3
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	0	0	1
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3
innsetningar- og útburðargerðir	0	2	0	0	2
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	6	1	0	0	7
ÞINGLÝSINGAR:	1.119	2.128	510	284	4.041
SJÓPRÓF:	2	4	1	1	8
HJÓNAVÍGSLUR:	1	3	1	1	6
HJÓNASKILNAÐIR:	8	15	3	1	27
(SAMTALS:	1.424	3.115	627	325	5.491)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Norðurland vestra: Húnavatnssýsla	Skagafjarðarsýsla	Siglufjörður	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	7	9	2	18
sáttir	25	37	19	81
úrskurðir	1	2	0	3
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	3	2	1	6
skriflega flutt mál	71	0	3	74
sáttir	2	2	1	5
hafin mál	6	3	1	10
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	11	11	6	28
sölur (1., 2. og 3.)	2	2	1	5
lausafé:				
beiðnir	23	37	36	96
sölur	1	2	1	4
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	1
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	1	1	1	3
gjaldþrotaskipti	4	1	1	6
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	29	32	17	78
eignalaus bú	5	3	3	11
seta í óskiptu búi	7	7	5	19
einkaskipti	11	11	9	31
opinber skipti	1	2	1	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0
búskipti milli hjóna	0	0	0	0
slit félaga	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	60	61	57	178
lögtök	52	26	25	103
vörslusviptingar	1	0	1	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	2	1	1	4
lögbannsgerðir	1	1	0	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	0	0	1
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.132	1.248	540	2.920
SJÓPRÓF:	1	1	1	3
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	4
HJÓNASKILNAÐIR:	9	9	4	22
(SAMTALS:	1.470	1.514	738	3.722)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Norðurland eystra			
	Ólafsfjörður	Akureyri Eyjafjarðarsýsla	Þingeyjarsýsla	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	3	50	13	66
sáttir	26	291	65	382
úrskurðir	1	0	2	3
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	1	34	3	38
skriflega flutt mál	3	683	55	741
sáttir	1	11	3	15
hafin mál	1	25	8	34
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	11	127	36	174
sölur (1., 2. og 3.)	1	50	12	63
lausafé:				
beiðnir	2	351	48	401
sölur	0	23	2	25
sérstök ágreiningsmál	1	0	0	1
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	0	3	1	4
gjaldþrotaskipti	0	10	1	11
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	8	122	0	130
eignalaus bú	2	41	12	55
seta í óskiptu búi	3	37	22	62
einkaskipti	2	34	21	57
opinber skipti	0	2	2	4
úrskurðir um lát horfinna	1	1	0	2
búskipti milli hjóna	0	1	1	2
slit félaga	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	2	2
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	12	447	87	546
lögtök	11	523	91	625
vörslusviptingar	0	1	1	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	8	1	10
lögbannsgerðir	0	1	1	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	4	1	6
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	391	6.563	1.868	8.822
SJÓPRÓF:	1	4	1	6
HJÓNAVÍGSLUR:	1	8	1	10
HJÓNASKILNAÐIR:	2	26	16	44
(SAMTALS:	487	9.481	2.377	12.345)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Austurland				
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Nes-kaupstaður	Austur-Skaftafells-sýsla	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	4	13	6	5	28
sáttir	35	89	73	49	246
úrskurðir	0	1	0	1	2
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	3	3	1	2	9
skriflega flutt mál	27	43	18	32	120
sáttir	2	2	3	1	8
hafin mál	2	3	2	2	9
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	19	49	5	15	88
sölur (1., 2. og 3.)	3	1	1	5	10
lausafé:					
beiðnir	23	56	8	1	88
sölur	2	2	1	1	6
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	1	1	0	1	3
gjaldþrotaskipti	2	2	1	1	6
nauðasamningar	0	1	0	1	2
dánarbú:					
andlátstilkynningar	14	36	12	12	74
eignalaus bú	5	5	1	2	13
seta í óskiptu búi	5	10	5	3	23
einkaskipti	8	10	3	4	25
opinber skipti	0	2	1	1	4
úrskurðir um lát horfinna	0	1	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	1	0	1	2
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	1	1
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	42	83	25	38	188
lögtök	31	98	14	18	161
vörslusviptingar	2	1	0	1	4
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	1	1	1	4
lögbannsgerðir	0	1	0	1	2
innsetningar- og útburðargerðir	0	0	0	0	0
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.049	1.895	559	824	4.327
SJÓPRÓF:	2	1	1	3	7
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	2	6
HJÓNASKILNAÐIR:	5	3	3	3	14
(SAMTALS:	1.288	2.416	745	1.032	5.481)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Suðurland				
	Vestur-Skafta-fellssýsla	Rangár-vallasýsla	Árnes-sýsla	Vestmanna-eyjar	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	1	6	34	16	57
sáttir	1	37	136	121	295
úrskurðir	1	1	3	1	6
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	1	2	19	8	30
skriflega flutt mál	3	62	260	165	490
sáttir	0	2	7	6	15
hafin mál	1	2	14	10	27
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	2	40	126	69	237
sölur (1., 2. og 3.)	1	12	19	44	76
lausafé:					
beiðnir	1	0	244	93	338
sölur	0	1	1	5	7
sérstök ágreiningsmál	0	0	1	1	2
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	1	2	1	4
gjaldþrotaskipti	1	1	8	1	11
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	0	22	60	23	105
eignalaus bú	0	4	5	4	13
seta í óskiptu búi	2	6	12	7	27
einkaskipti	3	9	25	10	47
opinber skipti	0	1	3	2	6
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	1	1
búskipti milli hjóna	0	0	1	1	2
slit félaga	0	0	1	0	1
sérstök ágreiningsmál	0	1	1	0	2
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	3	52	331	227	613
lögtök	2	27	410	174	613
vörslusviptingar	0	1	1	9	11
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	1	0	1
kyrrsetningar	0	1	3	1	5
lögbannsgerðir	0	1	1	0	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	1	4
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	1	2
ÞINGLÝSINGAR:	305	1.183	4.558	1.858	7.904
SJÓPRÓF:	0	0	1	9	10
HJÓNAVÍGSLUR:	1	1	2	1	5
HJÓNASKILNAÐIR:	1	2	34	23	60
(SAMTALS:	331	1.480	6.325	2.893	11.029)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

Reykjanes

	Keflavík o.fl.	Hafnarfjörður o.fl.	Kópavogur	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	56	83	47	186
sáttir	274	549	200	1.023
úrskurðir	5	5	0	10
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	44	73	19	136
skriflega flutt mál	1.034	1.058	402	2.494
sáttir	18	0	35	53
hafin mál	40	0	47	87
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	469	729	360	1.558
sölur (1., 2. og 3.)	25	16	9	50
lausafé:				
beiðnir	0	0	0	0
sölur	5	44	17	66
sérstök ágreiningsmál	4	0	1	5
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	3	1	2	6
gjaldþrotaskipti	31	25	19	75
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	71	0	0	71
eignalaus bú	21	11	0	32
seta í óskiptu búi	23	42	15	80
einkaskipti	23	50	22	95
opinber skipti	2	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	1	0	0	1
búskipti milli hjóna	1	0	4	5
slit félaga	0	0	1	1
sérstök ágreiningsmál	1	0	1	2
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	1.075	1.405	629	3.109
lögtök	714	2.179	1.086	3.979
vörslusviptingar	31	15	21	67
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	7	18	12	37
lögbannsgerðir	4	2	1	7
innsetningar- og útburðargerðir	5	10	10	25
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	3	0	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	7.737	12.860	6.471	27.068
SJÓPRÓF:	9	5	1	15
HJÓNAVÍGSLUR:	4	6	9	19
HJÓNASKILNAÐIR:	31	46	64	141
(SAMTALS:	11.771	19.232	9.505	40.508)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987
SAMANTEKT

Landið allt utan Reykjavíkur

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
OPINBER MÁL:								
dómar	35	31	18	66	28	57	186	421
sáttir	169	113	81	382	246	295	1.023	2.309
úrskurðir	2	10	3	3	2	6	10	36
EINKAMÁL:								
dómar:								
munnlega flutt mál	12	13	6	38	9	30	136	244
skriflega flutt mál	259	265	74	741	120	490	2.494	4.443
sáttir	8	5	5	15	8	15	53	109
hafin mál	7	14	10	34	9	27	87	188
UPPBOÐ:								
fasteignauppboð:								
þingfestingar	120	153	28	174	88	237	1.558	2.358
sölur (1., 2. og 3.)	40	45	5	63	10	76	50	289
lausafé:								
beiðnir	11	97	96	401	88	338	0	1.031
sölur	2	9	4	25	6	7	66	119
sérstök ágreiningsmál	2	1	1	1	0	2	5	12
SKIPTI:								
greiðslustöðvanir	1	2	3	4	3	4	6	23
gjaldþrotaskipti	8	10	6	11	6	11	75	127
nauðasamningar	0	0	0	0	2	0	0	2
dánarbú:								
andlátstilkynningar	49	49	78	130	74	105	71	556
eignalaus bú	7	17	11	55	13	13	32	148
seta í óskiptu búi	12	21	19	62	23	27	80	244
einkaskipti	16	26	31	57	25	47	95	297
opinber skipti	2	2	4	4	4	6	2	24
úrskurðir um lát horfinna	1	2	0	2	1	1	1	8
búskipti milli hjóna	1	2	0	2	2	2	5	14
slit félaga	0	0	0	0	0	1	1	2
sérstök ágreiningsmál	1	2	0	2	1	2	2	10

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
FÓGETAGERÐIR:								
fjárnám	307	300	178	546	188	613	3.109	5.241
lögtök	146	204	103	625	161	613	3.979	5.831
vörslusviptingar	2	3	2	2	4	11	67	9
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	1	0	1
kyrrsetningar	2	1	4	10	4	5	37	63
lögbannsgerðir	3	3	2	2	2	2	7	21
innsetningar- og útburðargerðir	3	2	1	6	0	4	25	41
löggeymslur	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	3	7	0	0	0	2	3	15
ÞINGLÝSINGAR:	5.451	4.041	2.920	8.822	4.327	7.904	27.068	60.533
SJÓPRÓF:	3	8	3	6	7	10	15	52
HJÓNAVÍGSLUR:	5	6	4	10	6	5	19	55
HJÓNASKILNAÐIR:	32	27	22	44	14	60	141	340
(SAMTALS:	6.722	5.491	3.722	12.345	5.481	11.029	40.508	85.298)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Vesturland

	Akranes	Borgarnes	Sýslumenn Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	Dalasýsla	Samtals	Héraðsdómur Vesturlands
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	35
sáttir	80	25	47	17	169	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	2
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	12
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	259
sáttir	0	0	0	0	0	8
hafin mál	0	0	0	0	0	7
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	120
sölur (1., 2. og 3.)	17	1	21	1	40	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	11
sölur	0	1	1	0	2	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	1
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	8
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0
dánarbú:						
andlátstilkynningar	26	0	23	0	49	0
eignalaus bú	2	1	4	0	7	0
seta í óskiptu búi	1	5	6	0	12	0
einkaskipti	0	7	9	0	16	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	1
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Akranes	Borgarnes	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	Dalasýsla	Samtals	Vesturlands
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	153	57	91	6	307	0
lögtök	45	32	68	1	146	0
vörslusviptingar	1	0	1	0	2	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	1	0	2	0
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	0	3	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	2.088	1.121	1.961	281	5.451	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	3	1	1	0	5	0
HJÓNASKILNAÐIR:	13	5	12	2	32	0
(SAMTALS:	2.431	1.259	2.248	308	6.246	476)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA

Vestfirðir

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Barða-strandar-sýsla	Ísafjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals	Vestfjarða
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	31
sáttir	26	72	12	3	113	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	10
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	13
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	265
sáttir	0	0	0	0	0	5
hafin mál	0	0	0	0	0	14
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	153
sölur (1., 2. og 3.)	4	36	4	1	45	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	97
sölur	2	6	1	0	9	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	2
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	10
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0
dánarbú:						
andlátstilkynningar	15	26	0	8	49	0
eignalaus bú	1	14	1	1	17	0
seta í óskiptu búi	4	14	1	2	21	0
einkaskipti	5	14	2	5	26	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	2
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Barða-strandar-sýsla	Ísafjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals	Vestfjarða
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	97	175	24	4	300	0
lögtök	21	169	9	5	204	0
vörslusviptingar	0	2	1	0	3	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	0	0	1	0
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3	0
innsetningar- og útburðargerðir	0	2	0	0	2	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	7
ÞINGLÝSINGAR:	1.119	2.128	510	284	4.041	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	8
HJÓNAVÍGSLUR:	1	3	1	1	6	0
HJÓNASKILNAÐIR:	8	15	3	1	27	0
(SAMTALS:	1.304	2.678	570	315	4.867	624)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA
Norðurland vestra

	Sýslumenn				
	Húnavatns-sýsla	Skaga-fjarðar-sýsla	Siglu-fjörður	Samtals	Héraðsdómur Norðurlands vestra
OPINBER MÁL:					
dómar	0	0	0	0	18
sáttir	25	37	19	81	0
úrskurðir	0	0	0	0	3
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	0	0	0	0	6
skriflega flutt mál	0	0	0	0	74
sáttir	0	0	0	0	5
hafin mál	0	0	0	0	10
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	0	0	0	0	28
sölur (1., 2. og 3.)	2	2	1	5	0
lausafé:					
beiðnir	0	0	0	0	96
sölur	1	2	1	4	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	1
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	3
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	6
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	29	32	17	78	0
eignalaus bú	5	3	3	11	0
seta í óskiptu búi	7	7	5	19	0
einkaskipti	11	11	9	31	0
opinber skipti	0	0	0	0	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0
búskipti milli hjóna	0	0	0		0
slit félaga	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0

	Sýslumenn				Héraðsdómur Norðurlands vestra
	Húnavatns-sýsla	Skaga-fjarðar-sýsla	Siglu-fjörður	Samtals	
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	60	61	57	178	0
lögtök	52	26	25	103	0
vörslusviptingar	1	0	1	2	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	2	1	1	4	0
lögbannsgerðir	1	1	0	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	0	0	1	0
löggeymslur	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.132	1.248	540	2.920	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	4	0
HJÓNASKILNAÐIR:	9	9	4	22	0
(SAMTALS:	1.339	1.442	684	3.465	257)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Austurland

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Neskaup-staður	Austur-Skaftafells-sýsla	Samtals	Austurlands
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	28
sáttir	35	89	73	49	246	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	2
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	9
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	120
sáttir	0	0	0	0	0	8
hafin mál	0	0	0	0	0	9
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	88
sölur (1., 2. og 3.)	3	1	1	5	10	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	88
sölur	2	2	1	1	6	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	3
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	6
nauðasamningar	0	0	0	0	0	2
dánarbú:						
andlátstilkynningar	14	36	12	12	74	0
eignalaus bú	5	5	1	2	13	0
seta í óskiptu búi	5	10	5	3	23	0
einkaskipti	8	10	3	4	25	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Neskaup-staður	Austur-Skaftafells-sýsla	Samtals	Austurlands
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	42	83	25	38	188	0
lögtök	31	98	14	18	161	0
vörslusviptingar	2	1	0	1	4	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	1	1	1	4	0
lögbannsgerðir	0	1	0	1	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	0	0	0	0	0	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.049	1.895	559	824	4.327	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	7
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	2	6	0
HJÓNASKILNAÐIR:	5	3	3	3	14	0
(SAMTALS:	1.203	2.237	699	964	5.103	378)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Norðurland eystra

	Sýslumenn				
	Ólafs-fjörður	Akureyri Eyjafjarðar-sýsla	Þingeyjar-sýsla	Samtals	Héraðsdómur Norðurlands eystra
OPINBER MÁL:					
dómar	0	0	0	0	66
sáttir	26	291	65	382	0
úrskurðir	0	0	0	0	3
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	0	0	0	0	38
skriflega flutt mál	0	0	0	0	741
sáttir	0	0	0	0	15
hafin mál	0	0	0	0	34
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	0	0	0	0	174
sölur (1., 2. og 3.)	1	50	12	63	0
lausafé:					
beiðnir	0	0	0	0	401
sölur	0	23	2	25	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	1
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	4
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	11
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	8	122	0	130	0
eignalaus bú	2	41	12	55	0
seta í óskiptu búi	3	37	22	62	0
einkaskipti	2	34	21	57	0
opinber skipti	0	0	0	0	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	2
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	2

	Ólafsfjörður	Sýslumenn Akureyri Eyjafjarðarsýsla	Þingeyjarsýsla	Samtals	Héraðsdómur Norðurlands eystra
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	12	447	87	546	0
lögtök	11	523	91	625	0
vörslusviptingar	0	1	1	2	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	8	1	10	0
lögbannsgerðir	0	1	1	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	4	1	6	0
löggeymslur	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0		0
ÞINGLÝSINGAR:	391	6.563	1.868	8.822	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	6
HJÓNAVÍGSLUR:	1	8	1	10	0
HJÓNASKILNAÐIR:	2	26	16	44	0
(SAMTALS:	461	8.179	2.201	10.841	1.504)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Suðurland

	Sýslumenn					
	Vestur-Skaftafellssýsla	Rangárvallasýsla	Árnessýsla	Vestmannaeyjar	Samtals	Héraðsdómur Suðurlands
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	57
sáttir	1	37	136	121	295	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	6
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	30
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	490
sáttir	0	0	0	0	0	15
hafin mál	0	0	0	0	0	27
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	237
sölur (1., 2. og 3.)	1	12	19	44	76	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	338
sölur	0	1	1	5	7	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	4
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	11
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0
dánarbú:						
andlátstilkynningar	0	22	60	23	105	0
eignalaus bú	0	4	5	4	13	0
seta í óskiptu búi	2	6	12	7	27	0
einkaskipti	3	9	25	10	47	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	6
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0	1
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Vestur-Skaftafellssýsla	Rangárvallasýsla	Árnessýsla	Vestmannaeyjar	Samtals	Suðurlands
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	3	52	331	227	613	0
lögtök	2	27	410	174	613	0
vörslusviptingar	0	1	1	9	11	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	1	0	1	0
kyrrsetningar	0	1	3	1	5	0
lögbannsgerðir	0	1	1	0	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	1	4	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2
ÞINGLÝSINGAR:	305	1.183	4.558	1.858	7.904	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	10
HJÓNAVÍGSLUR:	1	1	2	1	5	0
HJÓNASKILNAÐIR:	1	2	34	23	60	0
(SAMTALS:	320	1.360	5.600	2.508	9.788	1.241)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Reykjanes

	Sýslumenn				Héraðsdómur
	Keflavík o.fl.	Hafnarfjörður o.fl.	Kópavogur	Samtals	Reykjaness
OPINBER MÁL:					
dómar	0	0	0	0	186
sáttir	274	549	200	1.023	0
úrskurðir	0	0	0	0	10
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	0	0	0	0	136
skriflega flutt mál	0	0	0	0	2.494
sáttir	0	0	0	0	53
hafin mál	0	0	0	0	87
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	0	0	0	0	1.558
sölur (1., 2. og 3.)	25	16	9	50	0
lausafé:					
beiðnir	0	0	0	0	0
sölur	5	44	17	66	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	5
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	6
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	75
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	71	0	0	71	0
eignalaus bú	21	11	0	32	0
seta í óskiptu búi	23	42	15	80	0
einkaskipti	23	50	22	95	0
opinber skipti	0	0	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	5
slit félaga	0	0	0	0	1
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	2

	Sýslumenn				Héraðsdómur
	Keflavík o.fl.	Hafnarfjörður o.fl.	Kópavogur	Samtals	Reykjaness
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	1.075	1.405	629	3.109	0
lögtök	714	2.179	1.086	3.979	0
vörslusviptingar	31	15	21	67	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	7	18	12	37	0
lögbannsgerðir	4	2	1	7	0
innsetningar- og útburðargerðir	5	10	10	25	0
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	7.737	12.860	6.471	27.068	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	15
HJÓNAVÍGSLUR:	4	6	9	19	0
HJÓNASKILNAÐIR:	31	46	64	141	0
(SAMTALS:	10.050	17.253	8.566	35.869	4.639)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA
SAMANTEKT
MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987
Sýslumenn

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
OPINBER MÁL:								
dómar	0	0	0	0	0	0	0	0
sáttir	169	113	81	382	246	295	1.023	2.309
úrskurðir	0	0	0	0	0	0	0	0
EINKAMÁL:								
dómar:								
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	0	0	0
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	0	0	0
sáttir	0	0	0	0	0	0	0	0
hafin mál	0	0	0	0	0	0	0	0
UPPBOÐ:								
fasteignauppboð:								
þingfestingar	0	0	0	0	0	0	0	0
sölur (1., 2. og 3.)	40	45	5	63	10	76	50	289
lausafé:								
beiðnir	0	0	0	0	0	0	0	0
sölur	2	9	4	25	6	7	66	119
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0	0	0
SKIPTI:								
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	0	0	0
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	0	0	0
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0	0	0
dánarbú:								
andlátstilkynningar	49	49	78	130	74	105	71	556
eignalaus bú	7	17	11	55	13	13	32	148
seta í óskiptu búi	12	21	19	62	23	27	80	244
einkaskipti	16	26	31	57	25	47	95	297
opinber skipti	0	0	0	0	0	0	0	0
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	0	0	0
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	0	0	0
slit félaga	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0	0	0
FÓGETAGERÐIR:								
fjárnám	307	300	178	546	188	613	3.109	5.241
lögtök	146	204	103	625	161	613	3.979	5.831
vörslusviptingar	2	3	2	2	4	11	67	91
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	1	0	1
kyrrsetningar	2	1	4	10	4	5	37	63
lögbannsgerðir	3	3	2	2	2	2	7	21
innsetningar- og útburðargerðir	3	2	1	6	0	4	25	41
löggeymslur	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	5.451	4.041	2.920	8.822	4.327	7.904	27.068	60.533
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	0	0	0
HJÓNAVÍGSLUR:	5	6	4	10	6	5	19	55
HJÓNASKILNAÐIR:	32	27	22	44	14	60	141	340
(SAMTALS:	6.246	4.867	3.465	10.841	5.103	9.788	35.869	76.179)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA UTAN REYKJAVÍKUR MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Héraðsdómstólar

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
OPINBER MÁL:								
dómar	35	31	18	66	28	57	186	421
sáttir	0	0	0	0	0	0	0	0
úrskurðir	2	10	3	3	2	6	10	36
EINKAMÁL:								
dómar:								
munnlega flutt mál	12	13	6	38	9	30	136	244
skriflega flutt mál	259	265	74	741	120	490	2.494	4.443
sáttir	8	5	5	15	8	15	53	109
hafin mál	7	14	10	34	9	27	87	188
UPPBOÐ:								
fasteignauppboð:								
þingfestingar	120	153	28	174	88	237	1.558	2.358
sölur (1., 2. og 3.)	0	0	0	0	0	0	0	0
lausafé:								
beiðnir	11	97	96	401	88	338	0	1.031
sölur	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	2	1	1	1	0	2	5	12
SKIPTI:								
greiðslustöðvanir	1	2	3	4	3	4	6	23
gjaldþrotaskipti	8	10	6	11	6	11	75	127
nauðasamningar	0	0	0	0	2	0	0	2
dánarbú:								
andlátstilkynningar	0	0	0	0	0	0	0	0
eignalaus bú	0	0	0	0	0	0	0	0
seta í óskiptu búi	0	0	0	0	0	0	0	0
einkaskipti	0	0	0	0	0	0	0	0
opinber skipti	2	2	4	4	4	6	2	24
úrskurðir um lát horfinna	1	2	0	2	1	1	1	8
búskipti milli hjóna	1	2	0	2	2	2	5	14
slit félaga	0	0	0	0	0	1	1	2
sérstök ágreiningsmál	1	2	0	2	1	2	2	10

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
FÓGETAGERÐIR:								
fjárnám	0	0	0	0	0	0	0	0
lögtök	0	0	0	0	0	0	0	0
vörslusviptingar	0	0	0	0	0	0	0	0
aðför skv. 2. kafla l. 18/1887	0	0	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	0	0	0	0	0	0	0
lögbannsgerðir	0	0	0	0	0	0	0	0
innsetningar- og útburðargerðir	0	0	0	0	0	0	0	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	3	7	0	0	0	2	3	15
ÞINGLÝSINGAR:	0	0	0	0	0	0	0	0
SJÓPRÓF:	3	8	3	6	7	10	15	52
HJÓNAVÍGSLUR:	0	0	0	0	0	0	0	0
HJÓNASKILNAÐIR:	0	0	0	0	0	0	0	0
(SAMTALS:	476	624	257	1.504	378	1.241	4.639	9.119)

Fylgiskjal II.

Milliþinganefnd um frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði

Til Halldórs Ásgrímssonar, dómsmálaráðherra,
Dómsmálaráðuneytinu, Arnarhváli
Reykjavík.

Frá Eiði Guðnasyni, Alþingi.

Reykjavík, 20. október 1988

Nefndarálit

Hinn 27. apríl 1988 skipaði Jón Sigurðsson dómsmálaráðherra milliþinganefnd til þess að fjalla um frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem lagt var fram til kynningar og tekið til fyrstu umræðu á Alþingi síðastliðið vor.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir alþingismenn:
Eiður Guðnason, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar,
Friðjón Þórðarson,
Ólafur G. Einarsson,
Páll Pétursson,
Guðrún Helgadóttir,
Kristín Halldórsdóttir og
Guðmundur Ágústsson.

Með nefndinni störfuðu Björn Friðfinnsson aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Markús Sigurbjörnsson, settur prófessor og Skúli Guðmundsson deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Nefndin hefur haldið fimm fundi.

Nefndin fór yfir frumvarpið frá orði til orðs og ræddi einnig aðrar tillögur, sem fram hafa komið í þessum efnum og stefna að sama marki.

Meðal gagna sem dreift var í nefndinni var endurrit af umræðum á Alþingi síðastliðið vor, blaðagreinar sem birtst hafa um frumvarpið, kostnaðaráætlun dómsmálaráðuneytis að því er varðar þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo og umsagnir Sýslumannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands. Einnig var lagt fram í nefndinni til kynningar frumvarp til nýrra aðfararlaga, sem ætlunin er að leggja fram á Alþingi í haust.

Á fund nefndarinnar komu Gaukur Jörundsson umboðsmaður Alþingis og Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Á fjórða fundi nefndarinnar, miðvikudaginn 14. september voru lagðar fram breytingartillögur og leiðréttingar frá formanni og breytingartillaga frá Guðrúnu Helgadóttur við 14. gr. um að lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli heyri framvegis undir dómsmálaráðherra.

Nefndin er sammála breytingartillögum formanns. Þær fylgja með þessu nefndaráliti. Meirihluti nefndarinnar er hlynntur breytingartillögu Guðrúnar Helgadóttur, en formaður lagði til að hún yrði ásamt með greinargerð látin fylgja nefndaráliti þessu til dómsmálaráðherra, þar sem ljóst væri að samþykkt hennar hefði óhjákvæmilega í för með sér breytingu á öðrum lögum. Aðrar breytingartillögur komu ekki fram á fundum nefndarinnar.

Málið var endanlega afgreitt á fimmta og síðasta fundi nefndarinnar þriðjudaginn 18. október, 1988.

Meirihluti nefndarinnar, fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Borgaraflokks, Samtaka um Kvennalista og annar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lýstu stuðningi við meginstefnu frumvarpsins. Tveir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara og munu skila sérstakri greinargerð um málið. Rétt er að fram komi að í sumum þingflokkanna hafa einstakir þingmenn fyrirvara um afstöðu til málsins.

Hér með sendist yður, hr. dómsmálaráðherra, ofangreint álit nefndarinnar, sem af óviðráðanlegum ástæðum er nokkru seinna á ferðinni en formaður hefði helst kosið.

Ólafur G. Einarsson er samþykkur þessu áliti nefndarinnar, en hann sinnir opinberum erindum erlendis um þessar mundir og getur því ekki ritað nafn sitt hér að neðan.

Undir þetta nefndarálit rita:

Eiður Guðnason.
Guðrún Helgadóttir,
með fyrirvara.
Kristín Halldórsdóttir.
Guðmundur Ágústsson.
Friðjón Þórðarson,
með fyrirvara
og vísan til sérálits.
Páll Pétursson,
með fyrirvara
og vísan til
sérálits.

Milliþinganefnd um dómstólafrumvarp.

Breytingartillögur nefndarinnar.

I.

8. gr. hljóði þannig:

Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

Forseti Hæstaréttar veitir áminningu, þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Dómstjóri veitir áminningu, þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning skv. 2. mgr. eigi komið að haldi eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt sem í 3. mgr. segir, um dómara skv. 7. gr. eða fulltrúa dómara, getur dómsmálráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er hverjum þeim, er skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar enda höfði hann málið innan sex mánaða frá því er hún var gerð.

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

II.

2. mgr. 13. gr. hljóði þannig:

Sýslumaður skipar hreppstjóra í sveitarfélögum, þar sem hann telur þess þörf. Hann getur skipað forstöðumann skrifstofu skv. 1. mgr. í stöðu hreppstjóra, í því sveitarfélagi þar sem skrifstofan er. Sýslumaður veitir hreppstjórum lausn frá starfi.

III.

Í lokamálslið 2. málsgreinar 18. greinar bætist við upptalningu: Norðurland vestra (á eftir Vestfjarða).

IV.

Í b. lið 21. greinar 2. línu komi við skipti í stað viðskipti.

Greinargerð með tillögum þessum.

Um I.

Þessi breyting er gerð til samræmis við breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði, sem samþykkt var í maí s.l. (lög nr. 55/1988).

Um II.

Bent hefur verið á, að hreppstjórar eru nú eigi í öllum sveitarfélögum og að þeirra sé ekki þörf á aðseturstað sýslumanns eða í nágrannabyggðum. Lagt er til að það verði lagt í vald sýslumanns að ákveða, hvar hann telur þörf á aðstoð hreppstjóra við stjórnsýslustörf sín.

Um III.

Hér hefur fallið niður í upptalningu að minnast á Norðurland vestra og er lagt til að úr því verði bætt.

Um IV.

Hér er um leiðréttingu á prentvillu að ræða.

Breytingartillaga Guðrúnar Helgadóttur (gerð 14. sept. 1988)

1.

2. málsl. 1. mgr. 14. gr. falli niður.

Greinargerð.

Við umfjöllun milliþinganefndar þeirrar sem setið hefur að störfum um ofangreint frumvarp hef ég lagt á það mikla áherslu að embætti sýslumanns á Keflavíkurflugvelli heyri undir dómsmálaráðuneytið eins og önnur sýslumannsembætti landsins.

Ljóst er að þessi breyting krefðist breytingar á lögum um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna nr. 106 17. desember 1954 og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, staðfestri 31. des. 1969.

Núverandi utanríkisráðherra hefur oftar en einu sinni lýst samþykki sínu fyrir þessari breytingu og full ástæða er til að ætla að þingmeirihluti kynni að vera fyrir henni. Ég tel því að nauðsynlegt sé að fá úr því skorið hvort svo sé, og mun þess vegna flytja breytingartillögu þess efnis, þegar frumvarpið verður lagt fram að nýju.

SÉRÁLIT

Við undirritaðir fulltrúar í milliþinganefnd um frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði höfum undirritað nefndarálitið með fyrirvara. Teljum við rétt að færa nokkur rök fyrir sérstöðu okkar í örstuttu máli.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands byggir á þrígreiningu ríkisvaldsins. Í 2. gr. hennar segir, að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum fari með framkvæmdarvaldið. Dómendur fari með dómsvaldið.

Þessum meginreglum er fylgt í flesum vestrænum menningarríkjum. En þær hafa þróast mishratt og nokkuð á mismunandi veg í hverju ríki fyrir sig, svo sem eðlilegt má telja. Í grg. frv. bls. 13 er t.d. tekið svo til orða um mörg ríki Vestur-Evrópu, að „þar hafi dómsvald í meginatriðum verið skilið frá framkvæmdarvaldi."

Í stuttu sögulegu yfirliti í greinargerð með frv. er sagt frá því, hvernig þessi mál hafa þróast hér á landi. Segja má, að sú skipan, sem hér hefur komist á, sé á margan hátt eðlileg, ódýr og hagkvæm lítilli þjóð í stóru landi.

Það skal þó skýrt tekið fram, að við teljum sjálfsagt að hafa vakandi auga á þessum málum öllum og leita breytinga til bóta að vandlega yfirveguðu ráði, ef hagkvæmt getur talist hyggilegt.

Á sama hátt er skylt að hafa í huga, að Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Í annað stað verður jafnan að hafa hugfast, að við viljum umfram allt kappkosta að byggja réttarfar okkar og dómstólakerfi upp á þann veg, að allir landsmenn geti notið friðar og öryggis og náð rétti sínum með skjótum hætti.

Sú breyting, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, mun kosta ærið fé og reynast miklu dýrari en látið er í veðri vaka. Ýmsir mætir menn löglærðir hafa bent á, að ná mætti sama árangri á miklu ódýrari hátt, t.d. með því að bæta við nokkrum héraðsdómurum við embætti, þar sem á vantar. Þeir segja, að fullur eða nægur aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds sé þegar kominn á á höfuðborgarsvæðinu öllu, svo og annars staðar á landinu þar sem sérstakir héraðsdómarar starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Yrði þá stefnt að því að sjálfstæðir héraðsdómarar, sem nú þegar starfa víða, fari með mál þeirra sem sæta ákæru. Á nokkrum stöðum þyrfti að löggilda héraðsdómara í þessu skyni. Þetta má gera án mikils kostnaðar.

Þá hefur verið bent á ýmsar fleiri leiðir sem fara mætti að sama marki með minni tilkostnaði en samþykkt þessa frv. hefur í för með sér.

Okkar fámenna þjóð nýtur enn þeirrar gæfu að afbrot eru eigi tíð. Og mála sannast er það að Hæstirétti Íslands er bezt trúandi til þess að hafa héreftir sem hingað til eftirlit með dómum, enda geti menn áfrýjað málum sínum þangað til öryggis. Þannig má búa um hnútana, að þjóðin fái haldið réttarheföum sínum sem vel hafa reynzt smáþjóð — og samtímis haft yfirdóm, sem gæti fulls öryggis manna um réttlæti og mannréttindi.

Skylt er að geta þess, að í frv. eru ýmis ákvæði, sem horfa til bóta að okkar dómi án þess að þau verði nánar rædd í þessu áliti.

Með hliðsjón af framanrituðu bendum við á og leggjum til, að ekki verði rasað um ráð fram í þessum efnum. Allar breytingar af þessu tagi er rétt og skylt að vega og meta vandlega með hag og heill einstaklinga og alþjóðar fyrir augum.

Reykjavík, í okt. 1988.

Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.

Ed. 205. Breytingartillögur [20. mál]

við brtt. á þskj. 201 [Aðgerðir í efnahagsmálum].

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Við 1. Fyrri málsl. 5. mgr. falli brott.
2. Við 2. Í stað orðanna „til 1. mars 1989“ komi: fram til gildistöku laga þessara.
3. Við 3. Í stað orðanna „til 28. febrúar 1989“ komi: fram til gildistöku þessara laga.
4. Við 4.
   a. Í stað orðanna „til 15. febrúar 1989“ í fyrri málslið komi: fram til gildistöku þessara laga.
   b. Seinni málsliður orðist svo: Frá því er lög þessi taka gildi er heimilt að segja upp kjarasamningum með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

Ed. 206. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 19. gr.

a. Í stað orðanna „til 15. febrúar 1989“ í fyrri mgr. komi: þar til lög þessi taka gildi.
b. Í stað „15. febrúar 1989“ í seinni mgr. komi: gildistöku þessara laga.

Ed. 207. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í september hafa ekki komið að neinu haldi. Útflutningsgreinarnar eru reknar með vaxandi halla og fyrirtæki í samkeppnisgreinum sömuleiðis, auk þess sem hlutdeild þeirra í markaðnum hefur farið minnkandi og heldur áfram að minnka. Það hefur ekki þýðingu að nefna tölur í þessu sambandi, þær úreldast áður en búið er að reikna þær út. Þó er óhætt að fullyrða að við óbreytt rekstrarskilyrði muni tap sjávarútvegsins á næsta ári nema milljörðum króna. Stöðvun og gjaldþrot fjölda fyrirtækja blasir því við eins og þegar er reyndar komið í ljós.

Miðað við óbreyttar forsendur er veruleg byggðaröskun óhjákvæmileg og gera má ráð fyrir atvinnuleysi er tekur til þúsunda manna. Ógjörningur er að sjá fyrir afleiðingar þess ef rekstrarstöðvun í sjávarútvegi verður almenn.

Minni hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á sérstökum þingskjölum sem hér skal gerð grein fyrir.

Sjávarútvegsráðherra hefur m.a. lýst yfir á þingi Sjómannasambands Íslands og í viðræðum við stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að endurgreiðsla á láni Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins muni falla á ríkissjóð. Einsýnt er að hafa lagatextann í samræmi við það.

Minni hl. tekur fram að ekki er hægt að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja né tryggja eðlilegan rekstur þeirra nema almenn rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina séu þannig að vel rekin fyrirtæki skili hagnaði. Því er ekki til að dreifa nú. Þvert á móti hefur langvarandi hallarekstur etið upp eigið fé fyrirtækjanna svo að mörg þeirra eru ekki lengur rekstrarhæf, jafnvel þótt almenn rekstrarskilyrði yrðu viðunandi. Við þessar aðstæður verður að horfast í augu við þá staðreynd að gengi krónunnar er fallið en lögum samkvæmt ber Seðlabankanum að taka ákvarðanir um gengi krónunnar sem „miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina". Í lögunum er sú skylda lögð á Seðlabankann að „tryggja" rekstrargrundvöll enda hefur reynslan hvarvetna verið sú að það hefur jafnan haft skelfilegar afleiðingar ef gengi gjaldmiðils hefur verið skráð of hátt og hækkandi til langframa. Um hitt markmiðið, að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, þarf ekki að hugsa meðan gjaldeyririnn er á útsölu.

Jafnframt því sem nauðsynlegt er að leiðrétta gengið er óhjákvæmilegt að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og losa um greiðslustöðuna þannig að þeim sé gert kleift að skipta tapinu á mörg ár með skuldbreytingu. En forsendan er auðvitað sú að fyrirtækin geti skilað hagnaði. Með slíkum aðgerðum er unnt að ná viðspyrnu á nýjan leik og leggja grunn að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En það er að sjálfsögðu forsenda batnandi lífskjara og áframhaldandi uppbyggingar.

Verði gengið fellt er nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjar heimilanna.

Ekki er fyrir það að synja að mörg fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum eiga í mjög miklum erfiðleikum af ýmsum toga sem bætast ofan á þá almennu örðugleika sem nú eru í atvinnugreinunum í heild.

Minni hl. leggur áherslu á nauðsyn þess að með breytingu á skattalögum verði fyrirtækjum auðveldað að skipuleggja fjárfestingu sína fram í tímann og mæta sveiflum. Það yrði annað tveggja gert með greiðslum í verðjöfnunarsjóð á nafni viðkomandi fyrirtækis eða

heimild til að geyma fé á bundnum reikningum sem kemur til skattlagningar þegar það er tekið út.

Minni hl. getur ekki fallist á Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina eins og markmið hans er skilgreint í frumvarpinu og eins og stjórn hans er skipuð, sem brýtur í bága við þingræðishefð og er til þess fallið að vekja tortryggni eins og margsinnis hefur komið fram á opinberum vettvangi, ekki síst meðal starfsfólks í fyrirtækjum í sjávarútvegi eða samkeppnisgreinum. Stofnun nýs Atvinnutryggingarsjóðs er auk þess viðbót við sjóðakerfið og hefur óþarfa kostnað í för með sér.

Minni hl. leggur til að í stað Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina verði stofnuð sérstök rekstrardeild við Byggðastofnun er hafi sjálfstæðan fjárhag og það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir.

Minni hl. getur ekki fallist á að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs séu skertar. Á hinn bóginn er eðlilegt að rekstrardeild fái heimild til innlendrar lántöku allt að 600 millj. kr. sem endurgreiðist af ríkissjóði og verði hluti af framlagi hans.

Minni hl. leggur áherslu á nauðsyn þess að komið verði á fót opnum hlutabréfamarkaði hér landi. Til að stuðla að því leggja þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Samtaka um kvennalista til að stofnaður verði hlutafjársjóður við Byggðastofnun er hafi sjálfstæðan fjárhag og afli tekna með sölu aðildarbréfa. Sjóðurinn skal síðan kaupa hlutabréf í fyrirtækjum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra eða samruna fyrirtækja. Nauðsynlegt er að veltuhraði í slíkum hlutafjársjóði sé sem mestur og því er ákveðið að hlutabréf séu boðin til sölu innan fjögurra ára. Ávöxtun aðildarbréfanna fer eftir því hvaða arð hlutabréfaeignin í heild gefur. Erlendis hefur góð reynsla fengist af slíkum hlutabréfasjóðum.

Atvinnuástand er víða ótryggt og verulegt atvinnuleysi ýmist orðið eða blasir við. Þess vegna leggja þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Samtaka um kvennalista til að skipaðar verði atvinnunefndir í kjördæmunum er fylgist með þróun atvinnumála og verði Byggðastofnun til ráðuneytis um verkefni rekstrardeildar.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 9. des 1988.

Halldór Blöndal, frsm.	Júlíus Sólnes.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 208. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Halldóri Blöndal, Júlíusi Sólnes,
Danfríði Skarphéðinsdóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt á þremur árum með greiðslum úr ríkissjóði.

2. Í stað 3.–9. gr. komi fimm nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (3. gr.)
      Stofna skal rekstrardeild við Byggðastofnun sem hafi það að markmiði að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar og samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir.
      Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag.
   b. (4. gr.)
      Stofnfé deildarinnar skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990, en 600 millj. kr. aflað með innlendu lánsfé er endurgreiðist úr ríkissjóði.
      Deildinni er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.
      Rekstrardeild Byggðastofnunar tekur við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.
   c. (5. gr.)
      Rekstrardeild er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 millj. kr. af lausaskuldum útflutnings- og samkeppnisgreina. Í því skyni er deildinni heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra.
   d. (6. gr.)
      Rekstrardeild skal undanþegin öllum opinberum gjöldum, hverju nafni sem þau nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem deildin veitir eða tekur skulu undanþegin stimpilgjaldi.
   e. (7. gr.)
      Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 2.–5. gr. laga þessara.

Ed. 209. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Halldóri Blöndal og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (10. gr.)
      Stofna skal hlutafjársjóð við Byggðastofnun. Skal hann afla tekna með sölu aðildarbréfa og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr.
      Hlutafjársjóður skal hafa sjálfstæðan fjárhag.
   b. (11. gr.)
      Hlutafjársjóður skal kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Hlutabréfin skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk fyrirtækis eða fyrirtækið njóta forkaupsréttar.
      Aðildarbréf skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum.
      Hlutafjársjóði skal tilkynnt um eigendaskipti aðildarbréfa.
      Hlutafjársjóður gefur reglulega út gengi á aðildarbréfum.

2. Á undan 10. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Í hverju kjördæmi landsins skal starfa atvinnumálanefnd. Hver atvinnumálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum, tveimur tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur af Vinnuveitendasambandi Íslands og formanni tilnefndum af ríkisstjórninni. Atvinnumálanefndir skulu fylgjast með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssviði sínu og vera stjórn Byggðastofnunar til ráðuneytis um verkefni sjóðsins.

Ed. 210. Breytingartillögur [20. mál]

við brtt. á þskj. 201 [Aðgerðir í efnahagsmálum].

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 1. Fyrri málsl. 5. mgr. falli brott.
2. Við 2. Í stað „til 1. mars 1989“ komi: fram til gildistöku laga þessara.
3. Við 3. Í stað „til 28. febrúar 1989“ komi: fram til gildistöku laga þessara.
4. Við 4.
   a. Í stað „til 15. febrúar 1989“ í fyrri málslið komi: fram til gildistöku laga þessara.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Frá og með gildistöku laga þessara er heimilt að segja upp kjarasamningum með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

Ed. 211. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 4. gr. Síðari mgr. falli brott.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Frá og með 1. apríl 1989 er óheimilt að tengja fjárskuldbindingar við hvers kyns vísitölur.

Ed. 212. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Í stað 3.–5. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (3. gr.)
      Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð deild við Byggðastofnun. Sérstakur forstöðumaður skal ráðinn til að veita deildinni forstöðu. Hlutverk sjóðsins er að treysta eiginfjárstöðu og veita lán til

endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum og fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði í föst lán til langs tíma.

b. (4. gr.)

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánveitingar úr Atvinnutryggingarsjóði að fengnum tillögum sérstakrar samstarfsnefndar lánastofnana og banka. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og endurskoðar reikninga hans. Hún gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi sjóðsins.

c. (5. gr.)

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1200 millj. kr. Þar af greiðast 600 milljónir króna úr ríkissjóði á árunum 1989–1991. Að auki skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem ríkissjóður tekur að láni hjá Atvinnuleysistryggingasjóði á árunum 1988–1990.

Ríkissjóður endurgreiðir lánið samkvæmt sérstöku samkomulagi milli stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og fjármálaráðherra.

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt fyrir hönd Atvinnutryggingarsjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins.

2. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðinu „útflutningsfyrirtækja“ í 1. málsl. komi: og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði.
   b. Á eftir orðinu „útflutningsgreinum“ í 2. málsl. komi: og í samkeppnisiðnaði.
   c. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Sjóðnum skal heimilt að taka lán til að koma í veg fyrir neikvætt greiðsluflæði.
3. Við 7. gr. Greinin falli brott.
4. Við 9. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Þar skal kveða nánar á um hvaða atvinnustarfsemi skuli falla undir verksvið sjóðsins.
5. Við 19. gr.
   a. Í stað „til 15. febrúar 1989“ í 1. málsl. komi: fram til gildistöku laga þessara.
   b. Í stað „15. febrúar 1989“ í 2. málsl. komi: gildistöku laga þessara.

Ed. 213. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Ríkisstjórnin skal útvega 250 millj. kr. til að veita fjölskyldum og einstaklingum, sem eru í miklum nauðum, aðstoð til skuldbreytinga á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, banka og sparisjóða.

Ed. 214. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að óbreyttu munu lög um bann við ofbeldiskvikmyndum falla úr gildi um næstu áramót. Frumvarp þetta er flutt til að tryggja að lögin gildi ótímabundið og áfram verði í gildi bann við ofbeldiskvikmyndum.

Ed. 215. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

2. málsl. 42. gr. laganna orðast svo:
Ákvæði III. og VIII. kafla laganna auk ákvæða 7. og 8. gr. skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Þrátt fyrir 4., 5., 6., 8., 9., 12. og 13. tölul. 41. gr. skulu þau ákvæði þar tilgreindra laga, er fjalla um fjármál og kostnaðarskiptingu þeirra skóla, sem þar er fjallað um, og hlutverk og skipan skólanefnda þeirra, halda gildi sínu fram til 1. janúar 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til laga um framhaldsskóla var samið var gert ráð fyrir breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að á móti auknum kostnaði ríkisins við rekstur framhaldsskóla kæmu lægri útgjöld vegna reksturs grunnskólans. Lög um breytta verkaskiptingu hafa ekki náð fram að ganga og er málið til meðferðar í ríkisstjórn. Vegna þessa þykir nauðsynlegt að fresta gildistöku III. og VIII. kafla til 1. janúar 1990. Eðlilegt þykir að 7. og 8. gr. fylgi III. og VIII. kafla, enda ekki grundvöllur fyrir breyttu starfi skólanefnda fyrr en þeir kaflar hafa tekið gildi. Með vísan til ofangreinds er kveðið á um það í 2. málsl. 1. gr. laga þessara að þau lagaákvæði áður gildandi laga um fjármál framhaldsskóla og kostnaðarskiptingu, sem og skipan og hlutverk skólanefnda, haldi gildi sínu þar til lögin um framhaldsskóla koma að fullu til framkvæmda.

Sþ. 216. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um endurskoðun laga og reglugerða um rekstur heilbrigðisstofnana.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Guðni Ágústsson, Guðmundur H. Garðarsson, Geir Gunnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um rekstur hvers konar heilbrigðisstofnana á vegum hins opinbera.

Endurskoðunin skal ná til allra heilbrigðisstofnana, hvort sem þær eru reknar af sveitarfélögum eða ríki ellegar sem sjálfseignarstofnanir með styrk úr ríkissjóði.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum um aukna hagkvæmni í rekstri án þess að í nokkru sé slakað á kröfum um eins góða þjónustu þessara stofnana eins og tök eru á.

Greinargerð.

Mikil og jákvæð þróun hefur orðið í uppbyggingu og rekstri hvers konar heilbrigðisstofnana hér á landi á undanförnum árum. Langflestar þessara stofnana eru reknar samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og reglugerðum í tengslum við þá löggjöf. Þau lög eru um störf allra heilbrigðisstétta í landinu og flestar tegundir heilbrigðisstofnana, svo sem sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Kostnaðarskipting samkvæmt þessum lögum er 85% frá ríki og 15% frá sveitarfélögum til byggingar og reksturs þessara stofnana.

Það lætur því að líkum að hér er um að ræða langstærsta útgjaldalið fjárlaga á hverju ári. T.d. eru útgjöldin áætluð á næsta fjárlagaári 29,6 milljarðar kr. til heilbrigðis- og tryggingamála eða 38,88% útgjalda A-hluta ríkissjóðs.

Þá er rétt að minna á verulega breytingu sem unnið hefur verið að undanfarin ár á þessum vettvangi, en það er að hverfa frá daggjaldakerfi og reka stofnanir þess í stað á föstum fjárlögum. Sú þróun er að vísu enn í miðjum klíðum.

Loks er þess að geta að veruleg aukning er fyrirsjáanleg í þessum málaflokki með auknum fjölda aldraðra og hvers konar þjónustustofnunum þeim ætluðum.

Það gefur því auga leið að miklu máli skiptir að fjármagnið nýtist svo vel sem kostur er og eðlilegrar samræmingar sé gætt þannig að hagsmunir þeirra, sem þjónustunnar eiga að njóta, séu ætíð í fyrirrúmi. Í þeim tilgangi er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.

Sþ. 217. Fyrirspurn [186. mál]

til landbúnaðarráðherra um beitarþol og rannsóknaraðferðir.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hversu mörgu sauðfé má beita á einstaka afrétti landsins miðað við hóflega nýtingu og hvaða rannsóknaraðferðum er beitt við mat á beitarþoli?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 218. Frumvarp til laga [187. mál]

um sölu notaðra bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Kristín Halldórsdóttir, Stefán Valgeirsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hver sá, sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki, skal hafa til þess sérstakt leyfi dómsmálaráðuneytis. Leyfi skal veitt til fimm ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Leyfishafi skal leggja fram tryggingu sem dómsmálaráðuneytið metur gilda, að fjárhæð 1,5 millj. kr., til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð tryggingar skal taka mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð.

Leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skulu standast próf í samningarétti og skjalagerð eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð. Undanþegnir slíku prófi eru þó héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn.

Öðrum en þeim sem fengið hafa leyfi samkvæmt grein þessari er óheimilt að reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki.

2. gr.

Afturkalla má leyfi skv. 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta viðskiptahætti eða ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal láta útbúa almenn stöðluð afsalseyðublöð og sölukvittanir sem beri sömu númer og bifreiðasala er skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Skulu eyðublöð þessi þannig gerð að þau gegni einnig hlutverki sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Seljandi bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi þess. Bifreiðasala er óheimilt að annast sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis nema ótvírætt sé að seljandi sé skráður eigandi þess eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé hann annar en seljandi og að fyrir liggi veðbókarvottorð yfir ökutækið.

II. KAFLI

Réttindi og skyldur bifreiðasala.

4. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Telji bifreiðasali vafa leika á um greiðslugetu kaupanda skal hann gera seljanda um það viðvart.

5. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga sem staðfestar skulu skriflega af seljanda um árgerð, akstur og ástand bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skal bifreiðasali varðveita í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

6. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá afsölum og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal nafn þess bifreiðasala, sem gengur frá samningi, koma fram á afsali. Þá skal bifreiðasali jafnframt annast um að Bifreiðaeftirliti ríkisins berist sölutilkynning vegna hverrar bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis sem selt er á hans vegum.

Nú annast bifreiðasali eða annar aðili viðskipti með bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki, fyrir hönd kaupanda eða seljanda, og skal sá aðili þá hafa skriflegt dagsett umboð er heimili slíka milligöngu.

7. gr.

Nú hyggst bifreiðasali, bifreiðasalan sjálf eða starfsmenn hennar selja eigin bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki í rekstri sínum eða kaupa bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki sem þessum aðilum hefur verið falið að annast sölu á og skal þá viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í afsali. Sama gildir um maka bifreiðasala og náin skyldmenni hans.

8. gr.

Þóknun bifreiðasala vegna aðstoðar við sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal ekki fara fram yfir 2% af söluverði ökutækisins en rétt er bifreiðasala að áskilja sér aukalega útlagðan auglýsingakostnað, enda hafi auglýsing verið birt sérstaklega að beiðni seljanda. Sé önnur bifreið eða skráningarskylt ökutæki notað sem greiðsla í viðskiptunum skal seljandi þess ökutækis greiða 1% þóknun vegna sölu þess.

III. KAFLI

Viðurlög.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum. Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 61/1979 sem fjalla sérstaklega um bifreiðar eða samrýmast ekki ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

Þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til er heimilt án leyfis dómsmálaráðuneytis að reka starfsemi sína til 31. desember 1990.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur alloft orðið nokkur umræða um nauðsyn þess að setja löggjöf um starfsemi þeirra sem stunda verslun og umboðssölu með notaðar bifreiðar. Hefur umræðan oftar en ekki einkennst af neikvæðum viðhorfum í garð þeirra er þessa starfsemi stunda, oftast óverðskuldað. Því þykir full ástæða til að setja löggjöf um þessa starfsemi sem gæti orðið bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta. Að vísu voru sett lög um sölu notaðra lausafjármuna, lög nr. 61/1979, en ákvæði þeirra um sölu notaðra bifreiða

eru afar ófullkomin svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta hér úr auk þess sem ætla má að löggjöf um þessi efni sé bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta og geti dregið úr ágreiningi og deilum og létt af bílasölum óréttmætri gagnrýni vegna starfa þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að mega reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Í lögunum sjálfum er hugtakið bifreið ekki skilgreint, en stuðst er við þá skilgreiningu sem fram kemur í umferðarlögum, nr. 50/1987. Um skráningarskyld ökutæki að öðru leyti vísast til reglna sem dómsmálaráðherra setur skv. 64. gr. sömu laga.

Í 1. mgr. eru sett sömu skilyrði og í lögum nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði í höndum dómsmálaráðherra í stað lögreglustjóra eins og mælt er fyrir í lögum nr. 61/1979. Þykir þetta eðlilegri skipan enda er dómsmálaráðherra ætlað að setja ýmsar reglur um bifreiðar samkvæmt lögum nr. 50/1987.

Í 2. mgr. kemur fram það nýmæli að bifreiðasala er gert að leggja fram tryggingu, sem dómsmálaráðherra metur gilda, til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Ýmis tilvik getur borið að höndum sem kunna að leiða til bótaábyrgðar bifreiðasala eftir almennum reglum. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að bifreiðasali hafi ávallt nokkurt svigrúm til að greiða slíkar bætur, auk þess sem ákvæðið er nokkur trygging fyrir viðskiptamann sem kann að eiga rétt til bóta. Lagt er til í 2. mgr. að fjárhæð tryggingar taki mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skuli standast próf í grundvallaratriðum samningaréttar og skjalagerð. Þykir eðlilegt að gera þessar kröfur til þessara aðila, enda eru þessi atriði snar þáttur í starfi þeirra og nauðsynlegt að þeir hafi nokkra grunnþekkingu á þessu sviði.

Í 4. mgr. er loks ótvírætt tekið fram að einungis þeim sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi skv. 1. gr. sé heimilt að stunda þá starfsemi sem lögin taka til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið láti útbúa almenn stöðluð afsalseyðublöð og sölukvittanir sem bifreiðasala sé skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki. Er að þessu leyti höfð nokkur hliðsjón af 4. gr. laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að rétt og örugglega sé frá samningum þessum gengið og ekki séu í afsölum ólögmæt eða ósanngjörn ákvæði. Samræmd tölumerking afsala og sölukvittana er mikilvæg frá skattalegu sjónarmiði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því nýmæli í 1. mgr. að afsalseyðublöð séu einnig sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins en nánari útfærsla þess er lögð í hendur dómsmálaráðuneytisins. Slíkt fyrirkomulag yrði vafalaust til hagræðingar fyrir alla þá er gögn þessi varða.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1979, að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um önnur skráningarskyld ökutæki. Auk þess er því bætt hér við að

sé eignarhald á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki ekki ótvírætt eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé bifreiðasala óheimilt að annast sölu ökutækis. Er með þessu stefnt að auknu öryggi í þessum viðskiptum. Sömu forsendur liggja að baki því ákvæði 2. mgr. að bifreiðasala sé óheimilt að annast sölu nema fyrir liggi veðbókarvottorð.

Um 4. gr.

Í 4. gr. felst almennt ákvæði um skyldur bifreiðasala gagnvart viðskiptamönnum sínum. Áréttað er að bifreiðasali er í þjónustu beggja aðila, seljanda og kaupanda, og ber að gæta hagsmuna þeirra beggja við samningsgerð eins og kostur er. Þó má ætla að vegna reynslu sinnar sé bifreiðasala e.t.v. kunnugt um að kaupandi hafi litla sem enga raunhæfa möguleika á að standa við skyldur sínar samkvæmt tilboði og er þá eðlilegt að bifreiðasali geri seljanda um það viðvart. Áhættan hvílir eftir sem áður á seljanda taki hann tilboði eigi að síður.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er sú skylda lögð á bifreiðasala að afla þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupa á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki. Ákvæðinu er hvorki ætlað að leysa seljanda undan ábyrgð vegna þeirra upplýsinga sem hann veitir né er því ætlað að slaka á hinni svokölluðu „rannsóknarskyldu“ sem hvílir á kaupanda skv. 47. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Hins vegar er ákvæðinu ætlað að skerpa skyldu bifreiðasala til að miðla þeim upplýsingum sem hann veit um eða hefur aflað í starfi sínu sem bifreiðasali. Varðveisluskylda bifreiðasala á gögnum í eitt ár er í tengslum við ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ákvæði um skriflega staðfestingu seljanda á þeim upplýsingum, sem hann veitir, tryggir sönnun málsatvika ef til ágreinings kemur vegna viðskipta með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er leitast við að tryggja endanlegan frágang skjala vegna bifreiðaviðskipta. Ákvæðinu er m.a. ætlað að sporna við hinum svokölluðu „opnu afsölum“ sem lengi hafa tíðkast og oft leitt til vandræða, ekki síst vegna opinberrar skráningar bifreiða og réttaráhrifa hennar. Þá þykir eðlilegt að fram komi á afsali hvaða bifreiðasali annaðist samningsgerð. Sérstaklega skal bent á það ákvæði greinarinnar að bifreiðasali skuli annast um að sölutilkynning berist Bifreiðaeftirliti ríkisins. Nú hvílir þessi skylda á seljanda bifreiðar samkvæmt reglugerð um Bifreiðaeftirlit ríkisins. Misbrestur hefur því miður orðið á að seljendur sinni þessari skyldu sinni og þykir því tryggilegast að bifreiðasali annist þetta atriði. Hins vegar þurfa kaupendur eftir sem áður að framvísa sölutilkynningu er þeir umskrá bifreið á sitt nafn.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun bifreiðasala eða starfsmanna hans á aðstöðu sinni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. er þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til veittur nokkur aðlögunartími vegna breyttrar löggjafar á þessu sviði. Eðlileg sanngirnissjónarmið mæla með þessu ákvæði.

Sþ. 219. Nefndarálit [157. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að samkomulagið við Norðmenn frá 1. desember sl. verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, varaform.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.	Kristín Einarsdóttir.	Birgir Ísl. Gunnarsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 220. Frumvarp til þjóðminjalaga. [188. mál]

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Þórhildur Þorleifsdóttir.

I. KAFLI

Þjóðminjavarsla.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um skipulag og starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Fimm manna þjóðminjaráð fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns Íslands og minjaverðir velja einn úr sínum röðum til setu í þjóðminjaráði, Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa. Að jafnaði skulu a.m.k. tveir framangreindra þjóðminjaráðsmanna hafa menntun á sviði fornleifarannsókna. Bandalag kennarafélaga tilnefnir einn fulltrúa í þjóðminjaráð og einn er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk ráðsins er að marka stefnu og gera langtímaáætlanir um þjóðminjavörsluna fyrir landið í heild og hafa yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðminjaráð mótar stefnu í rannsóknum og meðferð fornleifa, friðun þeirra og veitingu leyfis til rannsókna á fornleifum.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess ásamt safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu. Ársskýrslu þjóðminjaráðs skal birta með starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir kjördæmum. Sérstakir minjaverðir skulu starfa á vegum þjóðminjavarðar, einn á hverju minjasvæði. Minjaverðir skulu hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti fornminja og gamalla bygginga, svo og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar.

Menntamálaráðherra skipar minjaverði til fimm ára í senn að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skulu ráðnir menn með sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu.

II. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

4. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. gr. Það markar safninu stefnu og hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal starfa safnstjóri sem annast stjórn safnsins í umboði þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra skipar safnstjóra Þjóðminjasafns til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og góða þekkingu á rekstri safna.

Safninu skal skipt í deildir samkvæmt ákvörðun þjóðminjaráðs hverju sinni. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs og skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á sviði þeirrar deildar sem þeir starfa við.

Deildir safnsins geta haft stöðu sérstakra safna svo sem Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands. Skulu þau þá lúta ákvæðum þessara laga um byggðasöfn.

5. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 6. gr. og hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs.

Þau söfn, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá og starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Reglugerð um byggðasafn skal staðfest af menntamálaráðherra að tillögu þjóðminjaráðs.

6. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, kvikmyndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun, sbr. 16., 28. og 33. gr.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

7. gr.

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin skulu vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum. Friðaðar fornminjar og mannvirki skulu og vera til sýnis þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

Söfnin og starfsemi þeirra skulu kynnt nemendum í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld, ýmist í söfnunum eða skólum. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í söfnum og ríkisfjölmiðlum.

8. gr.

Söfnin mega eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Gjafir og fjárframlög til Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

9. gr.

Heimilt er að lána gripi úr söfnunum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem þjóðminjavörður ákveður.

10. gr.

Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingarskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar og safnstjóra.

11. gr.

Á hverju minjasvæði sbr. 3. gr. skal starfa minjaráð sem skipað er fulltrúum úr stjórnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna. Forstöðumenn byggðasafnanna eiga rétt til setu á fundum minjaráðs.

12. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað.

Framlag ríkissjóðs skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar og innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem safnstjórn gerir við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.

13. gr.

Byggðasöfn senda minjaverði viðkomandi svæðis árlega starfsskýrslu sína ásamt ársreikningi og fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Minjavörður leggur gögn þessi fyrir þjóðminjaráð ásamt umsögn sinni. Útdrátt úr ársskýrslum byggðasafna skal birta í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

14. gr.

Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra ráðstafað gripum safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni Íslands eða öðru byggðasafni.

III. KAFLI

Fornminjar.

A. Fornleifar.

15. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem bæjarstæði, rústir bæja og annarra húsa, m.a. hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, skipsflök, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum og öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

Yfirleitt skal miðað við 100 ára aldur minja til að þær flokkist undir fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 16. gr.

16. gr.

Þjóðminjavörður lætur skrá allar fornleifar sem þekktar eru í landinu og gefur út fornleifaskrá sem skal endurskoðuð á þriggja ára fresti. Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð og minjaverði hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 6. gr. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.

Friðun fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum sem friðlýstar eru skal fylgja 20 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

Birta skal skrá yfir nýjar friðlýsingar í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins.

17. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, sem hætt er við að spilli fornleifum, skal sá, sem fyrir þeim stendur, bera kostnað af nauðsynlegum fornleifarannsóknum sem framkvæma þarf áður en framkvæmdir hefjast. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð.

18. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði eða minjaverði viðvart ef friðaðar fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifunum.

19. gr.

Nú finnast fornleifar, sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði eða minjaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

20. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði eða svæðisminjaverði frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Þjóðminjavörður fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu. Hann getur, að höfðu samráði við þjóðminjaráð, veitt þeim, sem hann telur til þess hæfa, leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna. Skal leyfisveiting vera skrifleg hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum, sem þjóðminjavörður setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra, svo og skilum gripa sem finnast við rannsóknina.

22. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

23. gr.

Óheimil er öðrum en starfsmönnum þjóðminjavörslunnar notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

24. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

B. Forngripir.

25. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði eða

minjaverði fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveislu slíkra muna ef sérstök ástæða þykir til.

26. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft, vegna fundar forngrips.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

27. gr.

Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjavörður leyfi. Gildir þá einu hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um.

IV. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

28. gr.

Þjóðminjavörður ákveður friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal skrá yfir friðaða kirkjugripi og minningarmörk.

29. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 28. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

30. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hverrar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

31. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

32. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns skv. 31. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

V. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

33. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

34. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins.

Í húsafriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Menntamálaráðherra skipar fjóra menn til fimm ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en auk þeirra á þjóðminjavörður sæti í nefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar í umboði þjóðminjaráðs, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Nefndin skal hafa samráð við minjavörð þegar fjallað er um hús eða mannvirki á því svæði sem hann hefur umsjón með. Einnig úthlutar húsafriðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafriðunarsjóði.

35. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Skylt er eigendum húsa sem sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

36. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu um það til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja friðlýsingu. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld á friðuðum húsum.

37. gr.

Telji húsafriðunarnefnd ríkisins hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt, getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 36. gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Á meðan skyndifriðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar friðunar.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

38. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fjótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirmælum nefndarinnar leiðir.

39. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

40. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

41. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 38. gr.

42. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning skal aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

43. gr.

Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

44. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með og skoðanir áfriðaðri eða friðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

45. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á hverju ári 100 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 100 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega íhlutfalli við byggingarvísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið ríkisbanka.

46. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

47. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

48. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

49. gr.

Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum III. eða V. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

50. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

51. gr.

Brot gegn ákvæðum 17.–21. gr., 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 27. gr., 29. gr., 2. mgr. 35. gr., 38. gr., 41. gr, og 43. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

52. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 1969, þjóðminjalög, og lög nr. 42 1975, um breytingu á þjóðminjalögum.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipað skal í allar stöður minjavarða, sbr. 3. gr., innan fimm ára frá gildistöku þessara laga.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd sem fyrrverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, skipaði 19. nóvember 1987. Hlutverk nefndarinnar var að móta stefnu í málefnum Þjóðminjasafns Íslands til næstu aldamóta og gera áætlun um endurbætur, vöxt og viðgang safnsins. Nefndin skyldi jafnframt vinna að framkvæmd áætlunarinnar og láta endurskoða núgildandi þjóðminjalög, nr. 52/1969, með breytingum frá 15. maí 1975. Nefndina skipuðu Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Guðrún Helgadóttir alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Bryndís Sverrisdóttir safnkennari, Lilja Árnadóttir safnvörður, Þórunn Hafstein lögfræðingur og Sverrir Hermannsson alþingismaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin samdi frumvarp til þjóðminjalaga sem lagt var fyrir neðri deild Alþingis í apríl 1987. Frumvarpinu var vísað til menntamálanefndar sem sendi það til umsagnar ýmissa aðila sem hlut eiga að máli.

Svavar Gestsson menntamálaráðherra endurskipulagði nefndina hinn 17. október sl. er Sverrir Hermannsson óskaði eftir lausn frá formennsku í nefndinni. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs Alþingis, tók við formennsku í nefndinni og Danfríður Skarphéðinsdóttir alþingismaður og Óli Þ. Guðbjartsson alþingismaður bættust við í nefndina. Aðrir nefndarmenn voru endurskipaðir. Skyldi nefndin halda áfram starfi sínu og jafnframt taka til athugunar þær umsagnir og athugasemdir sem borist hafa um ný drög að þjóðminjalögum.

Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, heimspekideild Háskóla Íslands, Félagi íslenskra safnmanna, Margréti Hermannsdóttur fornleifafræðingi, Hjörleifi Guttormssyni alþingismanni og Gunnlaugi Haraldssyni þjóðháttafræðingi. Nefndin hefur endurskoðað lagafrumvarpið með hliðsjón af þeim athugasemdum sem borist hafa.

Helstu breytingar, sem orðið hafa á frumvarpinu frá því í vor, eru þær að fimm manna þjóðminjaráð skal fara með yfirstjórn þjóðminjavörslunnar í umboði menntamálaráðherra en áður var annars vegar gert ráð fyrir stjórnarnefnd yfir Þjóðminjasafn Íslands og hins vegar fornleifaráði sem vera átti þjóðminjaverði til ráðgjafar. Með þjóðminjaráði er fengin stjórn yfir alla þætti þjóðminjavörslunnar, svo sem húsavernd, þjóðháttarannsóknir o.fl., auk fornleifarannsóknanna, og þjóðminjaráð er auk þess stjórnarnefnd Þjóðminjasafnsins.

Sérstök minjaráð skulu starfa á landsbyggðinni, skipuð fulltrúum úr stjórnum allra viðurkenndra safna á minjasvæðinu, ásamt minjaverði viðkomandi svæðis, og er hlutverk þeirra að samhæfa starfsemi minjasafna ásvæðinu.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru eftirfarandi: Kaflaskipting breytist nokkuð frá núgildandi lögum. Fyrsti kafli fjallar um þjóðminjavörsluna og skipulag hennar, annar kafli fjallar um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn, þriðji kafli fjallar um fornminjar og forngripi, fjórði kafli um kirkjugripi og minningarmörk, fimmti kafli um friðun húsa og annarra mannvirkja og sjötti kafli um almenn ákvæði.

Í fyrsta kafla er fjallað um skipulag og stjórn þjóðminjavörslunnar og Þjóðminjasafns Íslands. Fimm manna þjóðminjaráði er falin yfirstjórn þjóðminjavörslunnar í umboði menntamálaráðherra og er þjóðminjavörður framkvæmdastjóri ráðsins. Ráðningartími þjóðminjavarðar er samkvæmt frumvarpinu bundinn við fimm ár í senn. Þjóðminjaráð er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, en safnstjóri sér um daglegan rekstur safnsins í umboði þjóðminjavarðar. Minjaverðir skulu starfa á vegum þjóðminjavarðar, einn í hverju kjördæmi, og minjaráð skulu samhæfa starfsemi minjasafna á hverju minjasvæði.

Annar kafli fjallar um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn, en áður fjallaði sérstakur kafli laganna um byggðasöfnin. Hlutverk safnanna er skilgreint og kveðið er á um skipulag safnanna og stjórn.

Hugtökin „menningarsögulegar minjar“ og „þjóðminjar“ eru skilgreind í 6. gr.

Kveðið er á um fræðsluskyldu Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna við almenning og skóla.

Í þriðja kafla, þar sem fjallað er um fornleifar, telst það til nýmæla að skrá skuli allar fornleifar sem þekktar eru í landinu og kveðið er á um að óheimilt sé að spilla fornleifum á nokkurn hátt. Einnig er kveðið skýrt á um að sækja þurfi um skriflegt leyfi þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs til hvers kyns fornleifarannsókna hér á landi.

Í fimmta kafla, um friðun húsa og annarra mannvirkja, er kveðið á um að öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skuli friðuð, svo og allar kirkjur, sem reistar eru fyrir 1918. Ekki er lengur greint á milli friðunar í A- eða B-flokki eins og í núgildandi lögum, heldur skal tilefni friðunarinnar skýrt í tilkynningu um friðlýsingu hverju sinni. Húsafriðunarnefnd getur beitt skyndifriðun ef þörf krefur (sjá 37. gr). Húsafriðunarnefnd starfar í umboði þjóðminjaráðs.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum greinum laganna hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kaflinn fjallar um yfirstjórn þjóðminjavörslunnar.

Um 1. gr.

Greinin er nýmæli en þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um æðstu stjórn þjóðminjavörslunnar, þjóðminjaráð, skipan í það og hlutverk þess.

Hinum þremur fulltrúum í þjóðminjaráði, sem fyrstir eru taldir, er ætlað að fjalla sérstaklega um rannsóknir og meðferð fornleifa, friðun þeirra og umsóknir um leyfi til rannsókna á fornleifum og af þeim sökum þykir rétt að ætlast til þess að a.m.k. tveir þeirra hafi menntun á sviði fornleifarannsókna. Búast má við því að þegar fram líða stundir verði skipuð fagleg ráð fyrir einstök svið þjóðminjavörslunnar, svo sem fornleifaráð, þjóðháttaráð, sjóminjaráð o.s.frv. eins og víða tíðkast í nágrannalöndum okkar. Líta ber á framangreinda skipan þjóðminjaráðs sem skref í þá átt.

Í fjárhagsáætlunum þjóðminjaráðs skal greint á milli einstakra deilda Þjóðminjasafns, starfsemi minjavarða og einstakra verkefna sem unnið verður að á vegum þjóðminjaráðs.

Fjallað er um embætti þjóðminjavarðar sem fer með framkvæmdastjórn allrar þjóðminjavörslu í umboði þjóðminjaráðs. Nýmæli er að ráðningartími þjóðminjavarðar er takmarkaður við fimm ár í senn.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skiptingu landsins í minjasvæði, um minjaverði, tengsl þeirra við þjóðminjavörð og þjóðminjaráð, sem og um hlutverk þeirra sem er að hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti fornminja og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Með þessu móti verður eftirlit með þjóðminjum á landsbyggðinni markvissara.

Um II. kafla.

Kaflinn fjallar um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn. Nauðsynlegt var orðið að skapa öllum menningarsögulegum söfnum sameiginlegar starfsreglur og er það gert hér með því að færa þau öll saman í einn kafla. V. kafli þjóðminjalaga, nr. 52 frá 1969, fjallaði um byggðasöfn. Sá kafli á rætur sínar að rekja til ársins 1947 þegar sett voru lög um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn. Þegar núgildandi þjóðminjalög voru sett árið 1969 var byggðasafnsþáttur fyrri laga látinn halda sér að verulegu leyti og tekið mið af rekstri byggðasafna á árabilinu 1947–1969. Fjallar hann að mestu leyti um rekstur byggðasafna en ekkert er fjallað um starfsreglur þeirra.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um Þjóðminjasafn Íslands, stjórnarnefnd þess og safnstjóra sem fer með allan daglegan rekstur safnsins. Ljóst er að stjórn Þjóðminjasafnsins er svo viðamikið verkefni að full þörf er á þessari breytingu.

Gert er ráð fyrir því að þjóðminjaráð endurskoði deildaskiptingu Þjóðminjasafns eftir því sem ástæða kann að þykja til. Hver deild mun fjalla um ákveðna þætti þjóðminjavörslunnar og forstöðumenn deilda verða starfsmenn þjóðminjavarðar. Þjóðminjaráð mun setja reglur um starfshætti og starfssvið hverrar deildar, en deildunum verður ætlað svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis á sínu sviði.

Síðasta málsgrein greinarinnar er nýmæli þar sem tekið er fram að vissar deildir Þjóðminjasafns Íslands geti haft sérstöðu líkt og byggðasöfn.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um byggðasöfn og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um hlutverk og skyldur menningarsögulegra safna, þ.e. að safna, skrásetja, varðveita, forverja, rannsaka og sýna minjar og muni. Nýmæli er að í grein þessari eru skilgreind hugtökin menningarsögulegar minjar og þjóðminjar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skyldur safna við almenning sem og tengsl þeirra við fræðsluyfirvöld og skóla. Skólar hafa undanfarin ár nýtt minjasöfn í kennslu í síauknum mæli. Safnkennari starfar þegar við Þjóðminjasafnið og einnig bjóða mörg byggðasöfn þjónustu við skólana. Nauðsynlegt er orðið að koma á aukinni samvinnu safna og skóla sem fyrst.

Um 8.–10.gr.

Greinarnar eru í núgildandi lögum nema síðari málsgrein 8. gr. sem er nýmæli. Þar er kveðið á um að gjafir og fjárframlög verði frádráttarbær til skatts. Slík ákvæði eru vel þekkt í nágrannalöndum okkar.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um minjaráð sem starfa skulu á hverju minjasvæði, þ.e. í hverju kjördæmi, en hlutverk þeirra verður að samhæfa starfsemi safna og um leið verður ráð hvers svæðis vettvangur fyrir minjavörð til að stjórna minjavörslunni þar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Brýnt er að birta yfirlit yfir starfsemi og rekstur minjavörslunnar og því er þessi grein til orðin.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um III kafla.

A-hluti hans fjallar um jarðfastar fornleifar og B-hluti hans um forngripi.

Um 15. gr.

Skilgreint er hvað teljast fornminjar og við hvaða aldur skal miðað til að unnt sé að tala um fornleifar. Nýmæli er að tilnefna sérstaklega bæjarstæði og skipsflök.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um skráningu og meðferð fornleifa. Nýmæli er að skylt er að skrá allar þekktar fornleifar og gefa út fornleifaskrá sem endurskoða skal á þriggja ára fresti. Skrá þessa skal leggja til grundvallar þegar þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð og minjaverði hvaða fornleifar skuli friðaðar. Kveðið er á um ákveðið friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar. Birta skal friðlýsingar fornleifa í Stjórnartíðindum, sbr. t.d. náttúruminjaskrá og einnig í árskýrslu Þjóðminjasafns Íslands. Friðaðar forleifar skulu færðar á skipulagskort.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um friðhelgi fornleifa og tilkynningarskyldu þeirra sem þær finna. Þá eru lagðar þær skyldur á herðar þeim sem standa í framkvæmdum að þeir greiði kostnað við rannsóknir á fornleifum sem framkvæmdir kunna að spilla. Slíkt ákvæði er að finna í lagasetningu nágrannalanda okkar.

Um 18.–20 gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um leyfisveitingar til fornleifarannsókna. Nauðsynlegt er orðið að sérstaklega sé fjallað um beiðnir til fornleifarannsókna og munu þjóðminjaráð og þjóðminjavörður fjalla um slík erindi.

Um 22. gr.

Fjallar um forræði þjóðminjavarðarembættisins yfir fornleifum og rétt til þess að rannsaka þær hvar sem þær kunna að vera.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um notkun málmleitartækja og er öðrum en starfsmönnum minjavörslunnar óheimilt að nota slík tæki við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi. Reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir að full þörf er á slíku ákvæði.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Greinin er sama efnis og 17. gr. núgildandi laga. Viðbót er ákvæði um að forngripir teljist einstakir hlutir sem eru 100 ára eða eldri.

Um 26.–27. gr

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Kaflinn er um kirkjugripi og minningarmörk og er efnislega óbreyttur frá III. kafla í núgildandi lögum. Því þarfnast greinar 28.–32. gr. ekki skýringa.

Um V. kafla.

Kafli þessi fjallar um friðun húsa og mannvirkja, um húsafriðunarnefnd og húsafriðunarsjóð.

Um 33. gr.

Gert er ráð fyrir að unnt sé að friða hús, húsasamstæður og hverfi sem talið er að hafi listrænt eða menningarsögulegt gildi. Slíkar heimildir eru í lögum nágrannalanda okkar. Þá er og gert ráð fyrir að friðun geti náð til nánasta umhverfis friðaðra mannvirkja.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um hvernig friðun gengur fyrir sig. Hver ákveður, hverjir geri tillögur o.s.frv. Tilhögun um skipan manna í húsafriðunarnefnd er nokkuð breytt frá núgildandi lögum. Þar eru tveir nefndarmenn skipaðir án tilnefningar. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að þjóðminjaráð tilnefni tvo og þannig verði störf húsafriðunarnefndar og þjóðminjaráðs samræmd. Arkitektafélag tilnefni einn mann í stað Bandalags íslenskra listamanna nú en eftir sem áður tilnefni Samband íslenskra sveitarfélaga einn mann og þjóðminjavörður á sæti í nefndinni.

Kveðið er á um hlutverk húsafriðunarnefndar.

Um 35. gr.

Efni þessarar greinar er nýmæli. Öll hús, sem byggð eru fyrir 1850 og kirkjur reistar fyrir 1918, skulu vera friðuð. Tilgangurinn er sá að tryggja varðveislu elstu húsa landsins. Þá er og eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, gert skylt að tilkynna minjayfirvöldum ef þeir hyggjast breyta húsi sínu eða rífa. Eftir því sem tímar líða breytist mat manna á því hvaða hús beri að friða. Friðuð hús á Íslandi eru innan við 70 talsins. Full ástæða er til að skapa húsafriðunarnefnd og minjayfirvöldum möguleika á að fylgjast með gömlum húsum svo að unnt verði að meta gildi þeirra áður en þeim verður breytt eða þau hverfa.

Um 36. gr.

Frá núgildandi lögum er sú breyting á orðin að þegar hús er friðað skal ákveða í hvert sinn til hvaða hluta hússins friðun nær. Reynslan hefur sýnt að óþarft er að greina friðun í A- og B-flokk eins og núgildandi lög kveða á um.

Einnig skal tekið fram að heimilt er að aflétta fasteignagjöldum af friðuðum húsum. Kostur er að hafa slíkt heimildarákvæði í lögunum þegar það er mat húsafriðunarnefndar að létta beri undir með eigendum friðaðra húsa. Það yrði því í verkahring nefndarinnar að sækja um niðurfellingu gjalda til sveitarsjórna eða skattayfirvalda í hverju tilfelli. Benda má einnig á að alls ekki er ástæða til að létta gjöldum af þeim friðuðu húsum sem eru í opinberri eigu eða færa eigendum sínum tekjur með einhverju móti.

Um 37. gr.

Þessi grein er nýmæli. Samkvæmt ákvæðum hennar getur húsafriðunarnefnd gripið til skyndifriðunar sem aðeins gildir í tvær vikur. Er þetta nauðsynlegt ef nefndin telur hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt gildi en ekki er friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt. Nefndin skal tilkynna öllum, sem hlut eiga að máli, um ákvörðun sína á sannanlegan hátt. Með þessum hætti getur húsafriðunarnefnd gripið inn í atburðarrás þegar hætta er á að menningarverðmæti glatist.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Grein sama efnis er í núgildandi lögum.

Um 39.–48. gr.

Greinar sama efnis og allar þessar greinar er að finna í núgildandi lögum og lögum um húsafriðunarsjóð, nr. 42 frá 1975, um breytingu á þjóðminjalögum. Það skal þó tekið fram hér í sambandi við 45. gr. að gert er ráð fyrir auknu fjárframlagi til húsafriðunarsjóðs. Eykst það úr 20 g.kr., sbr. núgildandi lög, í 100 kr. á hvern íbúa landsins. Frá því húsafriðunarsjóður var stofnsettur hefur starfsemi hans stóraukist. Umsóknum um styrki í hann fjölgar stöðugt og í langflestum tilvikum er sótt um styrki til viðhalds og endurbóta mannvirkja sem húsafriðunarnefnd telur sér skylt að styðja. Styrkupphæðir hafa því farið lækkandi. Húsafriðunarnefnd ber einnig að safna heimildum um húsakost landsmanna í því skyni að húsafriðun verði markviss. Þá fer fram umtalsvert starf á vegum nefndarinnar við ráðgjöf og leiðbeiningu við eigendur gamalla húsa. Þessa starfsemi þarf að efla til mikilla muna.

Um VI. kafla.

Kaflinn fjallar um almenn ákvæði og þarfnast þau ekki skýringa.

Um 53. gr.

Nýmæli er síðari málsgrein þessarar greinar þar sem er ákvæði um að endurskoða skuli lög þessi að þremur árum liðnum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið fjallar um skipun minjavarða. Þetta ákvæði þótti nauðsynlegt þar eð augljóst þykir að nokkurn tíma taki að skipa í nokkrar stöður.

Sþ. **221. Svar** [156. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um atkvæðagreiðslur á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Um hvaða mál, sem varða mannréttindi og afvopnun, hafa Norðurlandaþjóðirnar fimm verið ósammála í atkvæðagreiðslum á þingi Sameinuðu þjóðanna á sl. 10 árum?

Norðurlönd ósammála á 43. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Efni*	*Í D N S F*
	Allsherjarþing.	
43/21	Uppreisn (intifadah) Palestínumanna	0 + + + +
	Fyrsta nefnd.	
L.4.	Að beita ekki kjarnavopnum og koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld	0 − − + +
L.5.	Kjarnavopnalaust svæði í Suður-Asíu	0 0 0 0 +
L.13	Stöðvun allra kjarnorkutilraunasprenginga	0 + + + +
L.21	Gerð alþjóðasamnings um aukið öryggi kjarnavopnalausra ríkja gegn beitingu eða hótun um beitingu kjarnavopna	− − − 0 +
L.26	Frysting kjarnavopna	0 + + + +
L.42	Stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupsins og kjarnavopnaafvopnun	0 0 − + +
L.43	Ráðstafanir gegn kjarnorkustyrjöld	0 0 0 + +
L.54	Áhrif vísinda- og tækniþróunar á alþjóðlegt öryggi	0 0 0 + +
L.55	Samningur um bann við beitingu kjarnavopna	− − − + +
L.66	Skýrsla afvopnunarnefndarinnar í Genf	0 0 0 + +
L.74	Allsherjarkerfi um alheimsfrið og öryggi	0 0 + + +
	Önnur nefnd.	
L.13	Aðstoð við Palestínuflóttamenn	− − − 0 0
	Þriðja nefnd.	
L.79	Umbætur í félagsmálum	0 − − 0 0

Norðurlönd ósammála á 42. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í*	*D*	*N*	*S*	*F*
42/3	24	A	Kampútsea	+	+	+	+	0
42/7	20	A	Endurheimt menningarverðmæta	+	0	+	0	+
42/15	31	A	Ástandið í Afganistan	+	+	+	+	0
42/17	29	A	Comoro-eyjan Mayotte	0	0	0	+	+
42/19	37	A	Falklandseyjar	0	0	+	+	0
42/66C	38	A	Upplýsingamiðlun	0	0	0	+	+
42/66D	38	A	Friðarráðstefna	0	0	0	+	+
42/209A	39	A	Ráðstefna um Mið-Austurlönd	0	0	0	+	+
42/209B	39	A	Mið-Austurlönd	−	−	−	0	0
42/29	52	1	Kjarnavopnalaus svæði í Suður-Asíu	0	0	0	0	+
42/31	54	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	−	−	−	0	+
42/35	59	1	Bann við framleiðslu nýrra vopna	+	0	0	+	+
42/38F	62	1	Bann við geislavopnum	0	0	0	+	0
42/38J	62	1	Framkvæmd ályktunar um afvopnun	+	0	0	0	0
42/39C	63	1	Bann við beitingu kjarnavopna	−	−	−	+	+
42/42A	66	1	Bann við beitingu kjarnavopna	0	−	−	+	+
42/42B	66	1	Afvopnunarnefndin	+	+	+	0	0
42/42C	66	1	Stöðvun kjarnavopnakapphlaups	0	0	−	+	+
42/42D	66	1	Ráðstafanir gegn kjarnorkustyrjöld	0	0	0	+	+
42/42E	66	1	Alþjóðleg afvopnun	0	−	−	0	0
42/42H	66	1	Afvopnunarvika	0	0	0	+	+
42/42L	66	1	Afvopnunarnefndin	0	0	0	+	+
42/42M	66	1	Tilmæli 10. aukaþings	+	+	0	+	+
42/93	66	1	Friðar- og öryggiskerfi	0	0	0	0	+
42/69I	79	S	Vernd Palestínumanna	0	0	0	+	+
42/160E	75	S	Brottrekstur borgarstjóra	0	0	0	+	+
42/162A	78	S	Upplýsinganefnd	0	0	0	+	+
42/162B	78	S	Skýrsla UNESCO	0	0	0	+	+
42/429	12	2	Fjárstreymi frá þróunarlöndum	0	0	+	0	0
42/440	82a	2	Ráðstefna um peninga- og fjármál	−	−	0	0	0
42/441	82a	2	UNCTAD VII	0	0	0	0	+
42/135	12	3	Mannréttindi í Afganistan	+	+	+	+	0
42/145	12	3	Umbætur í félagsmálum	0	−	−	0	0
42/78	18	4	Vestur-Sahara	+	0	+	+	+

Norðurlönd ósammála á 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
41/60F	61	1	Bann við beitingu kjarnavopna	− − − + +
41/86B	62	1	Engin notkun kjarnavopna	− − − + +
41/35B	35	A	Refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku	− − − 0 0
41/38	142	A	Árás á Líbýu	− − − 0 0
41/86K	62	1	Alþjóðleg afvopnun	− − − 0 0
41/162A	37	A	Mið-Austurlönd	− − − 0 0
41/184	12	2	Alþjóðlegt efnahagsöryggi	− − − 0 0
41/30	31	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
41/41A	19	A	Nýja-Kaledónía	0 0 0 + +
41/43C	35	A	Upplýsingamiðlun um Palestínumál	0 0 0 + +
41/43D	35	A	Friðarráðstefna um Palestínumálið	0 0 0 + +
41/54	55	1	Bann við kjarnasprengjutilraunum	0 0 0 + +
41/56	57	1	Bann við gereyðingarvopnum	0 0 0 + +
41/69T	75	S	Vernd Palestínumanna	0 0 0 + +
41/86G	62	1	Ráðstefna gegn kjarnorkustríði	0 0 0 + +
41/86M	62	1	Skýrsla afvopnunarnefndar	0 0 0 + +
41/86J	62	1	Þátttaka í fundum afvopnunarnefndar	+ + + 0 0
41/51	52	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	− − − 0 +

Norðurlönd ósammála á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
40/94H	68	1	Frysting kjarnavopna	− − − + +
40/151F	61	1	Samningur gegn kjarnavopnum	− − − + +
40/152A	65	1	Engin notkun kjarnavopna	− − − + +
40/64A	35	A	Refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku	− − − 0 0
40/168A	38	A	Mið-Austurlönd	− − − 0 0
40/94I	68	1	Vopnakapphlaup á hafinu	− − − 0 0
40/152A	65	1	Alþjóðasamningur um afvopnun	− − − 0 0
40/173	12	2	Alþjóðlegt efnahagsöryggi	− − − 0 0
40/185	84C	2	Þvinganir gegn þróunarlöndunum	− − − 0 0
40/62	32	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
40/96C	33	A	Palestínumenn	0 0 0 + +
40/80A	50	1	Kjarnatilraunir	0 0 0 + +
40/90	60	1	Bann við nýjum vopnum	0 0 0 + +
40/152E	65	1	Afvopnunarvika	0 0 0 + +
40/152M	65	1	Skýrsla afvopnunarráðstefnunnar	0 0 0 + +
40/152Q	65	1	Fyrirbygging kjarnastríðs	0 0 0 + +
40/161E	75	S	Mannréttindi Palestínumanna	0 0 0 + +
40/182	84B	2	Yfirlýsing um efnahagslegan rétt	0 0 0 + +
40/148	12	3	Aðgerðir gegn öfgastefnum	0 0 0 + +
40/50	18	4	Vestur-Sahara	0 0 0 + +
40/88	58	1	Stöðvun kjarnatilrauna	0 0 0 + x

				Í D N S F
40/85	55	1	Samningur fyrir kjarnavopnalaus ríki	− − − 0 +
40/152C	65	1	Allar hliðar kjarnavopna	− − − 0 +
40/70	134	6	Engin valdbeiting	− − − 0 +
40/7	22	A	Kampútsea	+ + + + 0
40/12	28	A	Afganistan	+ + + + 0
40/137	12	3	Mannréttindi í Afganistan	+ + + + 0
40/67	130	6	Ný efnahagsskipan	0 0 0 0 +
40/83	53	1	Kjarnavopnalaus svæði í Suður-Asíu	0 0 0 0 +
40/152H	65	1	Bann gegn neutron-vopnum	0 0 0 0 +
40/161G	75	S	Mannréttindi Palestínumanna	0 0 0 + 0
40/121	23	A	Falklandseyjar	0 0 0 + 0
40/152J	65	1	Framkvæmd ályktunar 10. fundar	+ + + 0 +
40/18	65	1	Tvíhliða afvopnunarviðræður	0 + 0 + +
40/92A	63	1	Bann gegn sýklavopnum	− 0 − 0 0
40/151E	61	1	Frysting kjarnavopna	0 + 0 + +
40/151N	65	1	Framkvæmd ályktunar 10. fundar	− + − + +
40/152P	65	1	Stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaups	− 0 − + +
40/19	20	A	Endurheimt muna	+ 0 + 0 +
40/151C	61	1	Frysting kjarnavopna	0 + + + +
40/169	12	2	Verkefni á herteknum svæðum Palestínumanna	0 + 0 0 0

Norðurlönd ósammála á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrár-liður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
39/5	20	A	Kampútsea	+ + + + 0
39/48	27	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
39/13	28	A	Afganistan	+ + + + 0
39/72A	31	A	Refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku	− − − 0 0
39/72D	31	A	Kynþáttaaðskilnaður í íþróttum	0 0 + + +
39/49C	33	A	Upplýsingadreifing um Palestínumálið	0 0 0 + +
39/49D	33	A	Friðarráðstefna um Mið-Austurlönd	0 0 0 + +
39/146A	36	A	Ástandið í Mið-Austurlöndum almennt	− − − 0 0
39/52	46	1	Stöðvun kjarnavopnatilrauna	0 0 0 + +
39/55	49	1	Kjarnavopnalaus svæði: Suður-Asía	0 0 0 0 +
39/57	51	1	Alþjóðasamningur um aukið öryggi kjarnavopnalausra ríkja	− − − 0 +
39/60	56	1	Stöðvun tilrauna með kjarnavopn þegar í stað	0 0 0 + +
39/62	58	1	Bann við þróun og framleiðslu nýrra gerðeyðingarvopna	0 0 0 0 +
39/148C	59	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − 0 +
39/148D	59	1	Ekki beita kjarnavopnum	− − − + +
39/148E	59	1	Bann nifteindavopna	0 0 0 0 +
39/148G	59	1	Tvíhliða kjarnorkusamningar	0 0 0 + +
39/148J	59	1	Afvopnunarvika	0 0 0 + +
39/148K	59	1	Stöðvun vopnakapphlaupsins	− 0 − + +

				Í D N S F
39/148L	59	1	Störf afvopnunarnefndar Sameinuðu þjóðanna	+ + + 0 +
39/148M	59	1	Alþjóðasamvinna um afvopnun	− − − 0 0
39/148N	59	1	Skýrsla Genfarráðstefnunnar	0 0 0 + +
39/148O	59	1	Framkvæmd tillagna allsherjarþingsins um afvopnun	0 + 0 + +
39/148P	59	1	Varnir gegn kjarnorkuvopnastyrjöld	0 0 0 + +
39/63C	60	1	Frysting kjarnorkuvopna	0 + 0 + +
39/63G	60	1	Frysting kjarnorkuvopna	0 + 0 + +
39/63H	60	1	Samningur gegn kjarnorkuvopnum	− − − + +
39/65E	64	1	Eitur- og sýklavopn	+ + + + 0
39/151D	65	1	Frysting kjarnavopna	− − − 0 +
39/151E	65	1	Þáttur sérstofnana	− 0 − 0 0
39/151I	65	1	Vígbúnaðarkapphlaup	− − − 0 0
39/95A	71	S	Ziyad Abu Ein	x + + + +
39/95G	71	S	Aðgerðir gegn námsmönnum og skólum á herteknu svæðunum	0 0 0 + 0
39/99I	75	S	Vernd Palestínuflóttamanna	0 0 0 + +
39/223	12	2	Efnahagsþróunarverkefni á herteknu svæðum Palestínumanna	0 + 0 0 0
39/226	12	2	Traust í alþjóðaviðskiptum	− − − 0 0
39/163	80	2	Sáttmáli um efnahagsleg réttindi og skyldur ríkja	0 − 0 0 0
39/210	80	2	Efnahagsþvinganir gegn þróunarlöndum	− − − 0 0
39/218	80	2	Þróun og alþjóðleg efnahagssamvinna	0 − 0 0 0
39/40	18	4	Vestur-Sahara	0 0 0 + +
39/243	116	5	Starfsmanna- og stjórnunarmál ECWA	0 0 0 + +
39/75	120	6	Nýskipan alþjóðaefnahagsmála	0 0 0 0 +
39/81	126	6	Þjóðréttarákvæði gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 +

Norðurlönd ósammála á 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
38/3	23	A	Kamptúsea	+ + + + 0
38/13	30	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
38/29	29	A	Afganistan	+ + + + 0
38/34	20	A	Endurheimt listmuna	+ 0 + 0 +
38/39A	32	A	Ástandið í Suður-Afríku	− 0 − 0 0
38/39J	32	A	Olíuflutningsbann á Suður-Afríku	+ + 0 + +
38/39K	32	A	Kynþáttaaðskilnaður í íþróttum	0 0 + + +
38/58C	33	A	Palestínuráðstefnan	0 0 0 + +
38/58E	33	A	Upplýsingadreifing um Palestínumálið	0 0 0 + +
38/180D	34	A	Ástandið almennt í Mið-Austurlöndum	− − − 0 0
38/62	44	1	Stöðvun allra kjarnavopnatilrauna	0 0 0 + +
38/65	48	1	Kjarnavopnalaus svæði: Suður-Asía	0 0 0 0 +
38/67	52	1	Alþjóðasamningur um aukið öryggi kjarnavopnalausra ríkja	− − − 0 +
38/72	57	1	Stöðvun tilrauna með kjarnavopn þegar í stað	0 0 0 + +

				ÍDNSF
38/73B	63	1	Frysting kjarnavopna	0 − + + +
38/73E	63	1	Tvíhliða frysting kjarnavopna	0 + 0 + +
38/73G	63	1	Áskorun til afvopnunarnefndar	− − − + +
38/75	143	1	Fordæming atómstyrjaldar	− − − 0 0
38/76	144	1	Frysting kjarnavopna	− − − 0 +
38/182	49	1	Bann við þróun og framleiðslu gereyðingarvopna	0 0 0 0 +
38/183A	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− + − + +
38/183B	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − + +
38/183C	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 0 +
38/183D	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − + +
38/183F	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 − 0 0
38/183G	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
38/183H	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	+ + 0 + +
38/183I	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
38/183J	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	+ + 0 + +
38/183M	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	+ + 0 + +
38/183N	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 + 0 + +
38/188F	62	1	Vígbúnaðarkapphlaup á hafinu	− − − 0 +
38/188J	62	1	Þáttur sérstofnana	− 0 − 0 0
38/79A	69	S	Ziyad Abu Ein	0 + 0 0 0
38/83I	73	S	Vernd Palestínuflóttamanna	0 0 0 + +
38/197	78	2	Efnahagsþvinganir gegn þróunarlöndunum	− − − 0 0
38/128	121	6	Þjóðréttarákvæði um nýskipan efnahagsmála	0 0 0 0 +
38/133	126	6	Þjóðréttarákvæði gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 +

Norðurlönd ósammála á 37. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
37/6	25	A	Kampútsea	+ + + + 0
37/37	25	A	Afganistan	+ + + + 0
37/167	27	A	Friðsamleg nýting kjarnorku	− − − 0 −
37/65	30	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
37/86C	31	A	Alþjóðaráðstefna um Palestínumálið	0 0 0 + 0
37/86E	31	A	Palestínumálið almennt	0 0 0 + +
39/69A	33	A	Ástandið í Suður-Afríku	− − − 0 0
39/69G	33	A	Kynþáttaaðskilnaður í íþróttum	0 0 + + +
37/123F	34	A	Ástandið í Mið-Austurlöndum	− − − 0 0
37/72	42	1	Stöðvun allra kjarnavopnatilrauna	0 0 0 + +
37/76	46	1	Kjarnavopnalaus svæði: Suður-Asía	+ 0 0 0 +
37/77A	47	1	Bann við þróun og framleiðslu nýrra gereyðingarvopna	0 0 0 0 +
37/77B	47	1	Notkun tækni og vísinda í friðsamlegum tilgangi	0 0 0 + +
37/78A	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
37/78C	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − + +
37/78E	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 0 +
37/78G	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10 aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
37/78I	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10 aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
37/78J	50	1	Framkvæmd tillagna og samþykkta 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − + 0
37/80	52	1	Alþjóðasamningur um aukið öryggi kjarnavopnalausra ríkja	− − − 0 +
37/98D	54	1	Eitur- og sýklavopn	+ + + + 0
37/98E	54	1	Eitur- og sýklavopn	+ + + + 0
37/99	55	1	Almenn og alger afvopnun	− − − 0 +
37/118	59	1	Efling alþjóðaöryggis	0 0 0 + +
37/100A	133	1	Framkvæmd lokaskjals 12. sérstaka allsherjarþingsins um afvopnun	0 0 − + +
37/100B	133	1	Framkvæmd lokaskjals 12. sérstaka allsherjarþingsins um afvopnun	0 0 − + +
37/100C	133	1	Framkvæmd lokaskjals 12. sérstaka allsherjarþingsins um afvopnun	− − − + 0
37/85	138	1	Stöðvun tilrauna með kjarnavopn þegar í stað	0 0 0 + +
37/92	62, 63, 131	S	Alþjóðasamningsgerð um sjónvarp frá gervihnöttum	− − − 0 0
37/120F	65	S	Matvæladreifing til Palestínuflóttamanna	− − 0 0 0
37/120I	65	S	Persónuskilríki handa Palestínuflóttamönnum	− − − 0 0

				Í D S N F
37/120J	65	S	Vernd Palestínuflóttamanna	0 0 0 + +
37/46	80	3	Skýrsla kynþáttamisréttisnefndar	+ 0 0 0 0
37/30	97	4	Austur-Tímor	+ 0 0 0 0
37/28	18	4	Vestur-Sahara	0 0 0 + +
37/105	118	6	Þjóðréttarákvæði gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 +

Norðurlönd ósammála á 36. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
36/5	22, 34	A	Kampútsea	+ + + + 0
36/7	23 & 24	A	Náttúruvernd	0 0 0 0 +
36/34	26	A	Afganistan	+ + + + 0
36/172D	32	A	Refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku	− − − 0 0
36/172E	32	A	Hernaðar- og kjarnorkusamvinna við Suður-Afríku	− − − 0 0
36/172I	32	A	Bann við mennta-, menningar- og íþróttasamskiptum við Suður-Afríku	0 0 + + +
36/120C	31	A	Alþjóðaráðstefna um Palestínu	0 0 − 0 0
36/120D	31	A	Palestínunefnd	− − − 0 0
36/228	33	A	Ástandið í Mið-Austurlöndum	− − − 0 0
36/64	21	A	Endurheimt listmuna	+ 0 + 0 +
36/105	27	A	Comoro-eyjan Mayotte	− − − + +
36/92H	51	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 0 +
36/92I	51	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − 0 0
36/92K	51	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 0 +
36/94	53, 54	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	− − − 0 +
36/84	43, 44	1	Algert bann við kjarnavopnatilraunum	0 0 0 + +
36/88	41, 45–47	1	Kjarnavopnalaus svæði í Suður-Asíu	+ 0 0 0 +
36/96C	42	1	Eiturefna- og sýklavopn	+ + + + 0
36/89	48	1	Bann við þróun og framleiðslu nýrra gereyðingarvopna	0 0 0 0 +
36/97E	55	1	Almenn og alger afvopnun	− − − 0 +
36/99	128	1	Vopnabann í útgeimnum	0 0 0 + +
	135	1	Kjarnastyrjaldarvoði	− − − 0 0
36/102	58	1	Efling alþjóðlegs öryggis	0 0 0 0 +
	58	1	Afskiptaleysi af innanríkismálum	− − − − 0
36/50	93	4	Austur-Tímor	+ 0 0 0 0
36/31	116	6	Alþjóðasamingur gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 +

Norðurlöndin ósammála á 35. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
35/6	22 & 119	A	Kampútsea	+ + + + 0
35/8	113 & 120	A	Náttúruvernd	0 0 0 0 +
35/206M	28	A	Kynþáttaaðskilnaður í íþróttum	0 0 + + +
35/206N	28	A	Kvenfólk og börn undir „apartheid"-stjórn	0 0 0 + +
35/37	116	A	Afganistan	+ + + + 0
35/43	25	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
35/169	24	A	Palestínunefndin	− − − 0 0
35/207	26	A	Ástandið í Mið-Austurlöndum	− − − 0 0
35/152B	44	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − + +
35/152C	44	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
35/152D	44	1	Ályktun 10 aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − 0 +
35/152G	44	1	Ályktun 10. aukaallsherjarþingsins um afvopnun	− − − 0 +
35/155	45–47	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	0 0 0 0 +
35/148	33 & 37–39	1	Kjarnavopnalaust svæði: Suður-Asía	+ 0 0 0 +
35/145A	35	1	Algert bann við kjarnavopnatilraunum	0 0 0 + +
35/144C	34	1	Eiturefna- og sýklavopn	+ + + + 0
35/	40	1	Bann við þróun og framleiðslu nýrra gereyðingarvopna	0 0 0 0 +
35/156C	48	1	Almenn og alger afvopnun	− − − 0 +
35/157	49	1	Kjarnavopnavæðing Ísraels	− − − 0 0
35/158	50	1	Efling alþjóðlegs öryggis	0 0 0 0 +
	61	2	Viðskipti og þróun	0 0 + 0 0
35/200	12	3	Aðgerðir gegn öfgastefnum	0 0 0 + +
35/27	85	4	Austur-Tímor	+ 0 0 0 0
35/50	116	6	Alþjóðasamningur gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 +

Norðurlöndin ósammála á 34. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun nr.	*Dagskrárliður*	*Nefnd*	*Efni*	*Í D N S F*
34/22	123	A	Kampútsea	+ + + + 0
34/93E	28	A	Kjarnorkusamvinna við Suður-Afríku	+ 0 + + +
34/93N	28	A	Kynþáttaaðskilnaður í íþróttum	0 0 + + +
34/93A	28	A	Ástandið í Suður-Afríku almennt	0 − 0 0 0
34/65A	24	A	Palestínumálið	− − − 0 0
34/65C	24	A	Palestínumálið	− − − 0 0
34/65D	24	A	Palestínumálið	− − − 0 0
34/70	25	A	Ástandið í Mið-Austurlöndum	− − − 0 0
34/92	92G	A	Ástandið í Namibíu almennt	+ 0 + + +
34/192	90	A	Suður-Ródesíumálið	− − 0 0 0
34/69	26	A	Comoro-eyjan Mayotte	0 0 0 + +
34/83J	42	1	Ályktun 10. auka allsherjarþingsins um afvopnun	0 0 0 + +
34/84	43, 44	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	0 0 0 0 +
34/85	43, 44	1	Öryggi kjarnavopnalausra ríkja	0 0 0 0 +
34/78	30, 35–37	1	Kjarnavopnalaus svæði: Suður-Asía	+ 0 0 0 +
34/79	44	1	Bann við þróun og framleiðslu nýrra gerðeyðingarvopna	0 0 0 0 +
34/87C	45	1	Almenn og alger afvopnun	− − − 0 +
34/89	121	1	Kjarnavopnavæðing Ísraels	− − − 0 0
34/101	46	1	Efling alþjóðlegs öryggis	0 − 0 0 0
34/216	55	2	Endurbætur á gjaldeyriskerfi heimsins	− 0 − − −
34/37	18	4	Vestur-Sahara	0 0 0 + +
34/40	91	4	Austur-Tímor	+ 0 0 + 0
34/145	112	6	Varnir gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi	0 0 0 + +
34/3	116	6	Alþjóðasamningur gegn valdbeitingu í skiptum ríkja	− − − 0 −

Nd. 222. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „57 375“ og „114 750“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 90 000 og 180 000.
b. Í stað „45 900“ og „91 800“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 72 000 og 144 000.
c. Í stað „9 180 000“ og „18 360 000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 15 400 000 og 30 800 000.

2. gr.

3. mgr. 1. tölul. 31. gr. fellur niður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

b. Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 8%.
c. Í stað „15%“ í 3. tölul. kemur: 12%.
d. Í stað 20%“ í 4. tölul. kemur: 15%.

4. gr.

40. gr. fellur niður.

5. gr.

41. gr. fellur niður.

6. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., og orðast svo:

Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

7. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Til eigna, sbr. 2. mgr., teljast ekki ógreidd hlutafjárloforð, lán til hluthafa svo og lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga skv. 1. tölul. 2. gr. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.

8. gr.

Í stað „30%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. kemur: 15%.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 57. gr. A, og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur, nema það hafi með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og félagið sem slitið var. Sama gildir þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum.

10. gr.

Í stað „28,5%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. kemur: 30,5%.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr.:

a. Í stað „158 820“ í 1. mgr. kemur: 212 100.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

12. gr.

Í stað „365“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. kemur: 455.

13. gr.

Í stað „16 000“, „24 000“ og „48 000“ í A-lið 69. gr. kemur: 20 900, 31 300 og 62 600.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „38 000“ í 2. mgr. kemur: 49 500.
b. Í stað „600 000“ og „400 000“ í 3. mgr. kemur: 825 000 og 550 000.
c. Í stað „1 850 000“ og „2 475 000“ í 4. mgr. kemur: 2 850 000 og 4 275 000.

15. gr.

Í stað „38 000“ í C-lið 69. gr. kemur: 47 400.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalardaga þeirra

hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 365. Tekjuskattur skal síðan reiknast samkvæmt 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 365 og margfalda þá útkomu með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

b. 3. mgr. fellur niður.

17. gr.

Í stað „48%“ í 72. gr. kemur: 50%.

18. gr.

Í stað „573 700“ og „1 147 400“ í 78. gr. kemur: 900 000 og 1 800 000.

19. gr.

83. gr. orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2 500 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af næstu 3 500 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 6 000 000 kr. greiðist 1,5%.

20. gr.

Í stað „0,95%“ í 84. gr. kemur: 1,2%.

21. gr.

1. mgr. 121. gr. orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og C-lið 69. gr., skulu hinn 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

22. gr.

122. gr. orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

23. gr.

Í stað „292 600“ og „585 200“ í 3. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 92 1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, kemur: 460 000 og 920 000.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1989 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 8. gr., b-liðar 11. gr., 14. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr., 20. gr., og 23. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4 250 000 kr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja hækki frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum. Þessi hækkun tekju- og eignarskatts er liður í þeirri viðleitni að ná betra jafnvægi í ríkisfjármálum á næsta ári en verið hefur að undanförnu. Jafnframt er boðað í frumvarpi til fjárlaga að skattbyrði hinna tekjulægstu hækki ekki og að þeir sem hafa miklar tekjur og eignir beri hlutfallslega hærri hluta aukinnar skattlagningar. Frumvarp þetta mótast af þessari meginstefnumörkun.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem eiga að tryggja þá tekjuöflun sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Hér á eftir verður gerð grein fyrir í hverju breytingar samkvæmt þessu frumvarpi eru fólgnar.

Breytingar á tekjuskatti einstaklinga

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1989 er reiknað með þremur meginbreytingum við álagningu tekjuskatts einstaklinga. Í fyrsta lagi að skatthlutfallið verði hækkað. Í öðru lagi að persónuafsláttur og barnabætur breytist þannig að skattbyrði af lægri tekjum haldist óbreytt. Í þriðja lagi að skattlagning launa og fjármagnstekna, raunvaxta, arðs og söluhagnaðar verði samræmd. Þá er einnig skýrt frá því í greinargerð með frumvarpinu, að sérstakt skattþrep á háar tekjur sé til skoðunar. Reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarpsins að heildartekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga yrðu um 9 150 millj. kr. á næsta ári.

Að undanförnu hefur sá möguleiki verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu að taka upp nýtt skattþrep á háar tekjur. Innan ramma núverandi kerfis er mögulegt að breyta tekjuskattsbyrði mismunandi tekjuhópa umtalsvert með því að hagræða skattprósentu og persónuafslætti. Þannig býður núverandi kerfi upp á mikla möguleika til tekjujöfnunar. Það er þó ekki mögulegt innan ramma þess að hækka skatta hinna tekjuhærri án þess að skattar flestra annarra breytist. Nýtt skattþrep hefur hins vegar þann kost að mögulegt er að auka tekjuskatta þeirra sem hærri tekjur hafa án þess að breyta skattbyrði annarra. Ýmsir annmarkar eru þó varðandi nýtt skattþrep. Í því sambandi hefur verið bent á eftirfarandi atriði:

- Launafólk með sveiflukenndar tekjur innan ársins getur lent í hærra skattþrepi einstaka mánuði, án þess að meðaltekjur þeirra á árinu öllu gæfu tilefni til þess.
- Þeir sem fá laun frá mörgum atvinnurekendum kunna að sleppa undan hátekjuþrepinu, enda þótt tekjur þeirra gæfu ekki tilefni til þess.
- Skattlagning hjóna getur — í ríkari mæli en nú er — orðið misjöfn, eftir því hvernig tekjurnar skiptast á milli þeirra.

Þetta eru ekki óyfirstíganleg vandamál. Við hinu fyrsta mætti bregðast með því að reikna staðgreiðsluna alltaf frá áramótum. Með því móti er hægt að tryggja fulla nýtingu á lægra skattþrepinu áður en einstaklingur fer í hærra þrepið. Annað vandamálið mætti leysa með því að gera einstaklingum skylt að standa sjálfir skil á staðgreiðslunni í hærra skattþrepinu, ef þeir vinna hjá fleiri en einum atvinnurekanda. Þriðja vandamálið er erfiðara úrlausnar, enda almennt vandamál í skattlagningu en ekki innheimtuvandamál, eins og hin tvö atriðin. Hér kemur þó til greina að miða efra skattþrepið við hærri tekjur en ella, ef annað hjóna er með litlar tekjur. Í þessu felst viss samsköttun, sem gæti lækkað tekjur af nýju skattþrepi.

Í ljósi ofangreindra og fleiri vandamála er það mat allra sem hafa skoðað þetta mál að ýmsir annmarkar séu á því að koma þessu við í núgildandi staðgreiðslukerfi með svo stuttum fyrirvara. Því er um að ræða tvo möguleika, ef sérstakt hátekjuþrep á að verða að raunveruleika á annað borð á næstu árum. Í fyrsta lagi að nýju skattþrepi verði komið við í álagningu eftir á eingöngu. Í öðru lagi að nýtt skattþrep verði tekið upp í staðgreiðslu síðar. Í báðum tilfellum mundi það engar tekjur gefa fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1990. Af þessum sökum hefur verið ákveðið að skoða þetta mál betur.

Í skattlagningu raunvaxta o.fl. felst mikil breyting á tekjuskattskerfinu, auk þess sem hún hefur áhrif á peninga- og vaxtastefnu í landinu. Því er talið nauðsynlegt að þetta mál verði mjög vel undirbúið og er ekki að vænta frumvarps um það fyrr en eftir áramót.

Í samræmi við það sem að framan er rakið er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum að því er einstaklinga varðar:

- Almenna skatthlutfallið hækkar úr 28,5% í 30,5%. Þessi hækkun skilar um 3 100 millj. kr., brúttó, í ríkissjóð.
- Með hækkun á persónuafslætti og barnabótum verður skattbyrði launþega með um 60 þús. kr. mánaðartekjur því sem næst óbreytt. Hækkun á persónuafslætti og barnabótum er talin kosta um 2 200 m.kr., þannig að nettóskil í ríkissjóð geta orðið um 900 m.kr.
- Einstæðir foreldrar hafa þó sem fyrr þá sérstöðu að greiða að jafnaði enga tekjuskatta, þegar á heildina er litið. Persónuafsláttur þeirra og barnabætur duga m.ö.o. til þess að greiða að fullu bæði tekjuskatt og útsvar og raunar gott betur.
- Þrátt fyrir 2% hækkun á jaðarskatthlutfalli hækkar raunverulegt skatthlutfall einungis um 0,6%, úr 12,9% í 13,5%, þegar á heildina er litið.
- Heimilt verður að nýta persónuafslátt til greiðslu eignarskatts með sama hætti og hann gengur til greiðslu á tekjuskatti og útsvari.

Breytingar á tekjuskatti fyrirtækja

Meginstefnan í endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja er þríþætt. Í fyrsta lagi að fækka frádráttarliðum og þar með breikka sjálfan skattstofninn. Í öðru lagi að herða reglur um fyrningar og hlunnindi, t.d. vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða í eigu fyrirtækja. Í þriðja lagi að samræma skattlagningu fyrirtækja, þannig að hún taki til þeirra aðila sem hingað til hafa verið undanþegnir skattlagningu, svo sem veðdeilda bankanna og fjárfestingarlánasjóða. Tekjuskattar félaga eru taldir geta skilað um 2 700 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári eða nokkru meira en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þó er rétt að hafa í huga að áætlanir um innheimtu tekjuskatta fyrirtækja eru alltaf mjög óvissar. Þetta hefur ekki síst mátt rekja til hinna fjölmörgu frádráttarheimilda sem fyrirtækin hafa getað nýtt sér og erfitt er að meta fyrirfram. Með því að fækka frádráttarliðum og þrengja þannig þessar heimildir dregur úr þessari óvissu. Á móti vegur hins vegar að rekstrarhorfur í atvinnulífinu eru býsna erfiðar um þessar mundir.

Meginatriði frumvarpsins er varða fyrirtæki eru þessi:

- Reglur um fyrningu lausafjár verði þrengdar.
- Almennar fyrningar, aðrar en á fasteignum, lækki.
- Heimild til að ráðstafa hluta rekstrarhagnaðar í sérstakan fjárfestingarsjóð verði lækkuð úr 30% í 15%.
- Gjaldfærsla vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða í eigu fyrirtækja verði takmörkuð.
- Afnumin verði verðbreytingarfærsla hjá hlutafélögum vegna lána til eigenda og framkvæmdastjóra þeirra.

- Heimild til yfirfærslu taps við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri verði þrengd.
- Skatthlutfall hækki til samræmis við hækkun á tekjuskatti einstaklinga úr 48% í 50%.

Breytingar á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja

Að því er varðar eignarskatt einstaklinga er um að ræða þrenns konar breytingar. Í fyrsta lagi hækkun á lægra þrepinu í eignarskatti einstaklinga, úr 0,95% af nettóeign, þ.e. skuldlausri eign yfir 2 500 þús kr., í 1,2%. Þar með væri eignarskattshlutfallið aftur jafnhátt og það var fyrir nokkrum árum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýju skattþrepi, sem verði 1,5%, á skuldlausa eign yfir 6 000 þús. kr. hjá einstaklingi, þ.e. 12 000 þús. kr. skuldlausa eign hjá hjónum. Áætlað er að rúmlega 6 þúsund einstaklingar lendi í þessu viðbótarskattþrepi af 182 þúsund framteljendum. Í þriðja lagi er í frumvarpi þessu lögð til breyting varðandi nýtingu á persónuafslætti á þann hátt að heimilt verði að nýta hann til greiðslu á eignarskatti. Með þessu er tryggt að ellilífeyrisþegar með litlar sem engar tekjur lendi ekki í því að greiða eignarskatt. Þá er lagt til að hækka eignarskatt félaga úr 0,95% af nettóeign í 1,2%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar eð ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1989 er nauðsynlegt að færa upp í samræmi við verðlagsþróun þær fjárhæðir laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1988. Í samræmi við þetta felst í þessari grein að fjárhæðir í 30. gr. hækka í samræmi við verðlagsþróun.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. er heimilt að draga frá tekjum af atvinnurekstri gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda. Með þessari grein er lagt til að þessi heimild verði felld niður.

Um 3. gr.

Skattyfirvöld hafa fylgt ákvæðum laga nr. 75/1981, er varða fyrningar, þannig að ekki væri einungis heimilt heldur einnig skylt samkvæmt þeim að fyrna fyrnanlegar eignir og draga frá sem rekstrarkostnað. Í samræmi við þennan skilning hefur framkvæmdin síðan alla tíð miðast. Í kjölfar óvissu sem upp hefur komið í þessu efni nýlega þykir rétt að nýta það tækifæri sem hér gefst og eyða öllum vafa í þessu sambandi. Er því með a-lið greinarinnar lagt til að orðalag 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. verði ótvírætt að því er þetta varðar, þ.e. að skylt sé að fyrna fyrnanlegar eignir og þá með þeim fyrningarhlutföllum sem um getur í 38. gr. og draga fyrninguna frá sem rekstrarkostnað. Í hinum stafliðunum eru lagðar til breytingar á almennum fyrningarhlutföllum laganna. Með þessu er í reynd gerð tillaga um að færa fyrningarhlutföllin aftur í upprunalegt horf, þ.e. í það sem þau voru við setningu laganna 1981, en hlutföllin voru hækkuð 1984. Þannig er lagt til í b-lið að fyrningar skipa, skipsbúnaðar, tiltekinna fólksbifreiða, loftfara og fylgihluta þeirra lækki úr 10% í 8%. Samkvæmt c-lið er lagt til að fyrningar verksmiðjuvéla og hvers konar iðnaðarvéla og tækja lækki úr 15% í 12%. Þá er loks lagt til í d-lið að fyrningar véla, tækja til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiða og annarra flutningatækja o. fl. lækki úr 20% í 15%.

Um 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. laganna er heimilt skv. 40. gr. að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun. Samkvæmt þessari grein verður þetta ekki lengur heimilt.

Um 5. gr.

Samkvæmt 41. gr. laganna er heimilt, þegar kostnarðarverð eigna eða eignarsamstæðna er undir tilteknu lágmarki (108 206 kr. gjaldárið 1988) að færa það til gjalda að fullu á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár. Með þessari grein er lagt til að þessi heimild verði afnumin.

Um 6. gr.

Fólksbifreið, sem notuð er bæði til einkaafnota og við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi manns, er eigi heimilt að fyrna svipað og almennt er gert varðandi eignir í atvinnurekstri. Skattyfirvöld líta svo á að slík bifreið sé ekki atvinnurekstrartæki og beri því að færa hana til eignar á persónuframtal manns (ekki á efnahagsreikning). Sama er að segja um skuldir sem tengjast slíkri bifreið; þær eigi að færast á persónuframtal manns. Um meðferð söluhagnaðar þegar bifreið er seld fer eftir ákvæðum 2. mgr. 15. gr. skattalaganna.

Þegar um er að ræða fólksbifreið í eigu lögaðila, sem notuð er bæði til einkaafnota starfsmanns sem hefur bifreiðina til fullra afnota og við atvinnurekstur lögaðilans, er ekki um að ræða neinar sérstakar takmarkanir á frádrætti lögaðilans vegna rekstrar fólksbifreiðarinnar. Það er litið svo á að um sé að ræða atvinnurekstrartæki sem endurmetið er og fyrnt í hendi lögaðila og allur rekstrarkostnaður vegna bifreiðarinnar fæst dreginn frá skattskyldum tekjum hans. Endurgjaldslaus afnot launþega af bifreið vinnuveitanda eru metin honum til tekna sem skattskyld hlunnindi.

Í gildandi framkvæmd felst ákveðin mismunun eftir rekstrarformi. Með þessari grein er stefnt að því að leiðrétta þetta og stuðla að því að bifreiðahlunnindi séu talin fram. Samkvæmt henni verður ekki heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt kostnað við rekstur fólksbifreiða sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar til afnota í eigin þágu, nema að því marki sem hlunnindi af notkun þeirra eru talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra hjá þeim aðilum sem heimilt er að hafa þær til umráða í eigin þágu.

Um 7. gr.

Það hefur tíðkast nokkuð að hlutafélög veiti eigendum sínum eða stjórnendum veruleg peningalán, oftar en hitt á vildarkjörum, vaxtalaust og óverðtryggt. Þegar áhrif verðbreytinga á eignir og skuldir félags eru metin myndar þessi neikvæða ávöxtun á peningaeign fyrirtækja stofn til gjaldfærslu. Telja verður óeðlilegt að félög geti lækkað skattskyldar tekjur sínar með lánafyrirgreiðslu af þessu tagi. Því er lagt til í þessari grein að lán hlutafélaga til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga teljist ekki sem eignir við útreikning á verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein laganna.

Um 8. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1988, sem fjalla um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var hámarkstillag í fjárfestingarsjóð lækkað úr 40% í 30%. Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum var getið að um væri að ræða fyrsta skrefið á þeirri braut að fella heimild þessa til frestunar á skattgreiðslum niður að fullu. Í samræmi við þetta markmið er í þessari grein lagt til að hámarkstillagið í fjárfestingarsjóð lækki úr 30% í 15% af skattstofni.

Um 9. gr.

Við sameiningu eða samruna félaga, hvort sem um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða sameignarfélög, hafa allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi þess félags sem slitið var flust til þess félags sem við tekur, sbr. 56. og 57. gr. laganna. Nokkur brögð hafa verið að því að félög, sem í raun hafa hætt allri starfsemi, séu keypt af fyrirtækjum, sem eru í fullum rekstri, vegna þess að eftir stendur í reikningum þeirra ójafnað tap frá því að þau voru í rekstri. Félög þessi kunna hins vegar að öðru leyti að vera skuldlaus og eignalaus. Kaupandi nýtir sér þetta ójafnaða tap til lækkunar á skattskyldum tekjum því að hann yfirtekur allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi félagsins sem selt var. Þá eru einnig dæmi um samruna félaga í alls óskyldum atvinnugreinum í þessu skyni.

Þar sem telja verður að kaup af því tagi sem að framan er lýst hafi í raun engan tilgang annan en þann að komast hjá greiðslu tekjuskatts er í þessari grein lagt til að eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum hjá því félagi sem slitið var flytjist ekki til þess félags sem við tekur, nema það hafi með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og félagið stundaði sem slitið var. Einnig felst í greininni að eftirstöðvar rekstrartaps þess félags sem slitið var flyst ekki til þess félags sem við tekur hafi það félag sem slitið var hætt starfsemi sinni fyrir slitin og átt óverulegar eignir.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein hækkar tekjuskattshlutfall einstaklinga úr 28,5% í 30,5%. Um áhrif þessa vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum svo og til dæma í fylgiskjölum sem frumvarpinu fylgja.

Um 11. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er stefnt að því að skattbyrði lægri tekna haldist óbreytt þrátt fyrir hærra skatthlutfall. Við það er miðað að skattar einstaklinga með allt að 60 000 kr. mánaðartekjur lækki eða haldist óbreyttir. Samkvæmt a-lið þessarar greinar er persónuafsláttur hækkaður úr 158 820 kr. í 212 100 kr. Miðað er við verðlag í desember 1988.

Með lögum nr. 28/1988 var ákveðið að á árinu 1988 gengi ónýttur persónuafsláttur til greiðslu eignarskatts að tilteknu hámarki. Með þessu var verið að tryggja fulla nýtingu á persónuafslætti þeirra ellilífeyrisþega sem voru undir skattleysismörkum en hefðu engu að síður fengið álagðan eignarskatt á árinu 1988 ef ekkert hefði verið að gert. Eðlilegt þykir að regla þessi gildi áfram og er í b-lið þessarar greinar gerð tillaga um það.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessari grein hækkar sjómannaafsláttur úr 365 kr. í 455 kr. fyrir hvern lögskráðan dag. Er það í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári.

Um 13. og 14. gr.

Samkvæmt þessum greinum hækka barnabætur og barnabótaauki nokkuð umfram áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 10. gr.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein hækka húsnæðisbætur í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu. Miðað er við verðlag í desember 1988.

Um 16. gr.

Með þessari grein er lagt til að sú breyting verði gerð á ákvæðum laganna um útreikning tekjuskatts þeirra sem eru heimilisfastir á Íslandi hluta úr ári, að dvalartími, sem er útreikningsgrundvöllur gjalda, verði miðaður við dagafjölda í stað almanaksmánaða eins og nú er gert. Er þar átt við þá daga sem menn raunverulega dvelja hér á landi á viðkomandi almanaksári.

Breyting þessi horfir til einföldunar á útreikningi gjalda og endanlegrar álagningar og miðast einnig við að gera ákvæðin þannig úr garði að þau verði í sama eða svipuðu formi og ákvæðin um innheimtu í staðgreiðslukerfinu.

Í staðgreiðslunni er fjárhæð persónuafsláttar miðuð við þann dagafjölda sem launamaður starfar í þjónustu hvers launagreiðanda. Núgildandi álagningarreglur 70. gr. laganna miða álagningarárin við almanaksmánuði. Telst brot úr mánuði heill mánuður. Álagning gjalda miðast því við forsendur sem eru verulega frábrugðnar þeim reglum sem í staðgreiðslu gilda. Hefur þessi mismunur skapað verulegt misræmi milli staðgreiðslu og endanlegrar álagningar og jafnframt ósamræmi innbyrðis hjá gjaldendum sem í reynd dvöldu og störfuðu jafnlengi hér á landi ef þannig stóð á komu- og brottfarartíma.

Einföldun eins og lagt er til með þessari grein eyðir einnig óvissu útlendinga og launagreiðenda þeirra um endanlega útkomu og skapar einföldunin skattstjórum svigrúm til að sinna þessum málaflokki betur en verið hefur.

Um 17. gr.

Samkvæmt þessari grein hækkar skatthlutfall lögaðila úr 48% í 50%. Eins og fram hefur komið er í þessu frumvarpi gerð tillaga um að hækka tekjuskatt hjá einstaklingum. Þykir eðlilegt að skatthlutfall fyrirtækja hækki í takt við hækkun á tekjuskatti einstaklinga til þess að raska ekki gildandi hlutföllum í skattlagningu milli einstakra rekstrarforma. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 18. gr.

Með þessari grein eru hámarksfjárhæðir eignarskattsfrjálsrar hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna hækkaðar í samræmi við verðlag. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 19. gr.

Samkvæmt þessari grein er eignarskattshlutfall hjá einstaklingum hækkað úr 0,95% í 1,2%. Þá er jafnframt tekið upp nýtt skattþrep sem er 1,5% af skuldlausri eign yfir 6 millj. kr. hjá einstaklingi og 12 millj. kr. hjá hjónum. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 20. gr.

Samkvæmt þessari grein er eignarskattshlutfall lögaðila hækkað úr 0,95% í 1,2%. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 21. og 22. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum felast í frumvarpi þessu umfangsmiklar breytingar á álagningu tekjuskatts einstaklinga, persónuafslætti og barnabótum. Þessar breytingar taka mið af því almenna markmiði með frumvarpinu að skattbyrði þeirra sem miðlungstekjur hafa og lægri verði sem næst óbreytt milli áranna 1988 og 1989. Með hliðsjón af þessu svo og almennri launa- og verðlagsþróun er nauðsynlegt að endurskoða allar fjárhæðir í gildandi lögum. Samkvæmt gildandi lögum breytast fjárhæðir þeirra ýmist í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og ákvörðun um skattvísitölu eða í samræmi við lánskjaravísitölu.

Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fjárhæðir, sem þar um ræðir, hækki sem næst í takt við almennar verðlags- og launabreytingar á miðju staðgreiðsluárinu, þannig að skattbyrðin taki ekki miklum breytingum yfir árið. Samkvæmt 22. gr. frumvarpsins er hins vegar gerð tillaga um að tengja fjárhæð persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, húsnæðisbóta, barnabóta og barnabótaauka við sérstaka skattvísitölu í stað lánskjaravísitölu með sama hætti og aðrar fjárhæðir í lögunum. Skattvísitala skal ákveðin í fjárlögum ár hvert. Þetta þýðir að fjárhæðir þessara afslátta og bóta verða ákveðnar í tengslum við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni í samræmi við almenna stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum.

Um 23. gr.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1989 er nauðsynlegt að færa upp í samræmi við verðlagsþróun þær fjárhæðir laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu samkvæmt 122. gr. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1988. Í samræmi við þetta felst í þessari grein að hámarksfjárhæðir í ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 92/1987, er varða vaxtaafslátt, hækka í samræmi við verðlagsþróun.

Um 24. gr.

Í þessari grein, sem fjallar um gildistöku einstakra ákvæða frumvarpsins, er kveðið á um hvaða ákvæði koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989, hver við álagningu 1989 og hver við álagningu 1990.

Samkvæmt greininni koma allar breytingar á fjárhæðum persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, barnabóta og húsnæðisbóta til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989. Hækkun á skattprósentu einstaklinga kemur með sama hætti til framkvæmda í staðgreiðslu á árinu 1989 og gildir við álagningu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Öll ákvæði frumvarpsins sem varða álagningu eignarskatts vegna eigna í lok ársins 1988 koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1989. Þá koma einnig til framkvæmda breytingar á fjárhæðum er varða barnabótaauka. Mörg ákvæði er varða skattlagningu fyrirtækja koma til framkvæmda við álagningu 1989, t.d. ákvæði sem varða skattprósentu, almennu fyrningarhlutföllin, þrengingu á heimildum til fyrninga og frádráttarheimildir vegna hlunninda.

Ákvæði sem gilda frá 1. janúar 1989 og koma til framkvæmda við álagningu 1990 eru m.a. skattprósenta einstaklinga og niðurfelling á heimild fyrirtækja til að draga frá tekjum af atvinnurekstri gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, er kveðið á um það að skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skuli breytast samkvæmt skattvísitölu samkvæmt 122. gr. laga nr. 75/1981. Þar eð ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1989 er nauðsynlegt að færa upp í samræmi við verðlagsþróun þær fjárhæðir laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1988. Í samræmi við þetta felst í þessari grein að skattskylt mark til sérstaks eignarskatts hækkar í samræmi við verðlagsþróun. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr. og 23. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið
Hagdeild:

Nokkur dæmi um áhrif breytinga á tekjuskatti, persónuafslætti og barnabótum á skattgreiðslur.
(11. des. 1988.)

Tafla 1.a. — EINSTAKLINGAR*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga á mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
40.000	0
50.000	0
60.000	**0**
80.000	400
100.000	800
150.000	1.800
200.000	2.800

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.



Tafla 1.b. — EINSTAKLINGAR*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
40.000	0	0	–	–
50.000	0	0	–	–
60.000	**300**	**300**	**0,5**	**0,5**
80.000	6.000	6.400	7,5	8,0
100.000	11.700	12.500	11,7	12,5
150.000	26.000	27.800	17,3	18,5
200.000	40.200	43.000	20,1	21,5

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.



Tafla 2.a. — EINSTÆTT FORELDRI MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga á mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
40.000	-900
50.000	-900
60.000	-900
80.000	-500
100.000	**-100**
120.000	700
150.000	1.200
200.000	2.300

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 2.b. — EINSTÆTT FORELDRI MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
40.000	-19.700	-20.600	-49,3	-51,5
50.000	-19.700	-20.600	-39,4	-41,2
60.000	-18.100	-19.000	-30,2	-31,7
80.000	-10.000	-10.500	-12,5	-13,2
100.000	**-1.900**	**-2.000**	**-1,9**	**-2,0**
120.000	5.700	6.400	4,8	5,3
150.000	14.300	15.500	9,5	10,3
200.000	28.500	30.800	14,3	15,4

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.
Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 3.a. — HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – JÖFN TEKJUSKIPTING MILLI AÐILA*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga á mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
80.000	–600
90.000	–600
100.000	–600
120.000	**–600**
150.000	300
200.000	1.300
250.000	2.300
300.000	3.300

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 3.b. – HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – JÖFN TEKJUSKIPTING MILLI AÐILA*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
80.000	-13.200	-13.800	-16,5	-17,3
90.000	-12.000	-12.600	-13,3	-14,0
100.000	-10.800	-11.400	-10,8	-11,4
120.000	**-7.700**	**-8.300**	**-6,4**	**-6,9**
150.000	3.400	3.700	2,3	2,5
200.000	17.600	18.900	8,8	9,6
250.000	31.900	34.200	12,8	13,7
300.000	46.100	49.400	15,4	16,5

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.
Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 4.a. — HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – ANNAR AÐILINN AFLAR TEKNANNA*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga á mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
80.000	–600
90.000	–600
100.000	–600
120.000	**–400**
150.000	600
200.000	1.500
250.000	2.600
300.000	3.500

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 4.b. – HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – ANNAR AÐILINN AFLAR TEKNANNA*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
80.000	-13.200	-13.800	-16,5	-17,3
90.000	-12.000	-12.600	-13,3	-14,0
100.000	-10.800	-11.400	-10,8	-11,4
120.000	**-4.300**	**-4.700**	**-3,6**	**-3,9**
150.000	6.700	7.300	4,5	4,9
200.000	21.000	22.500	10,5	11,3
250.000	35.200	37.800	14,1	15,1
300.000	49.500	53.000	16,5	17,7

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.
Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 5.a. – BARNLAUS HJÓN – JÖFN TEKJUSKIPTING MILLI AÐILA*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
80.000	0
90.000	0
100.000	0
120.000	**0**
150.000	600
200.000	1.600
250.000	2.600
300.000	3.600

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.



Tafla 5.b. – BARNLAUS HJÓN – JÖFN TEKJUSKIPTING MILLI AÐILA*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
80.000	0	0	–	–
90.000	0	0	–	–
100.000	0	0	–	–
120.000	**700**	**700**	**0,6**	**0,6**
150.000	9.200	9.800	6,2	6,6
200.000	23.500	25.100	11,7	12,5
250.000	37.700	40.300	15,1	16,1
300.000	52.000	55.600	17,3	18,5

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.



Tafla 6.a. — HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – ANNAR AÐILINN – SJÓMAÐUR – AFLAR TEKNANNA*

Mánaðarlaun	Áhrif skattbreytinga á mánaðargreiðslur tekjuskatts
kr.	kr.
80.000	-600
90.000	-600
100.000	-600
120.000	-600
150.000	**-200**
200.000	1.600
250.000	2.600
300.000	3.600

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Tafla 6.b. — HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN, ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA – ANNAR AÐILINN – SJÓMAÐUR – AFLAR TEKNANNA*

Mánaðarlaun	Tekjuskattur fyrir breytingu	Tekjuskattur eftir breytingu	Skatthlutfall fyrir breytingu	Skatthlutfall eftir breytingu
	kr.	kr.	%	%
80.000	-13.200	-13.800	-16,5	-17,3
90.000	-12.000	-12.600	-13,3	-14,0
100.000	-10.800	-11.400	-10,8	-11,4
120.000	-8.400	-9.000	-7,0	-7,5
150.000	**-5.900**	**-6.100**	**-3,9**	**-4,1**
200.000	7.200	8.800	3,6	4,4
250.000	21.400	24.000	8,6	9,6
300.000	35.700	39.300	11,9	13,1

* Mánaðartölur á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.
Í fjárhæðum með neikvæðu formerki felst endurgreiðsla barnabóta og barnabótaauka.



Sþ. 223. Fyrirspurn [190. mál]

til iðnaðarráðherra um störf ósonnefndar iðnaðarráðuneytisins.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvað líður störfum nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði hinn 15. júní sl. til að kanna notkun efna og efnasambanda, sem eyða ósonlaginu, og gera tillögur um hvernig draga megi úr notkun þeirra og áætla kostnað þar að lútandi?

Nd. 224. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna bætist ný málgrein svohljóðandi:

Eigi almenningur kost á að taka þátt í beinni útvarpssendingu, svo sem í gegnum síma eða á annan sambærilegan hátt, skal hver og einn segja til nafns og bera ábyrgð á því sem hann segir. Stjórnandi slíkrar útsendingar skal enn fremur tryggja sér fyllri upplýsingar um sérhvern þátttakanda en ber ella sjálfur ábyrgð á framlagi hans takist ekki að hafa upp á honum. Skylt er stjórnanda útvarpsþáttar með samtöl við hlustendur, sem útvarpað er samtímis, að nota þar til gerðan útbúnað sem tefur útsendingu í stutta stund svo að unnt sé að koma í veg fyrir að útvarpað sé ærumeiðingum um nafngreinda menn eða óviðurkvæmilegum ummælum að mati stjórnanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur mjög færst í vöxt að útvarpsstöðvar hafi í dagskrám sínum útvarpsþætti sem byggjast á símtölum við fólk úti í bæ í beinni útsendingu og hafa þessir þættir oft náð töluverðum vinsældum. Það er hins vegar áhyggjuefni að í slíkum þáttum er hætta á að viðmælendur, sem komnir eru í beina útsendingu og ná eyrum þúsunda manna, geri ekki grein fyrir sér og flytji ávirðingar og óviðurkvæmileg ummæli um nafngreint fólk án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

Eitt það dýrmætasta, sem hver einstaklingur á, er gott mannorð. Og það getur tekið drjúgt skeið á ævi hans að ávinna sér þann orðstír. Hins vegar tekur það óvandaðan mann ekki nema sekúndubrot að skemma mannorð annars manns ef hann fær tækifæri til þess í útvarpi. Þess vegna á löggjafinn að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vernda menn fyrir slíku. Það virðist sem svo að virðing fyrir mannorði og tilfinningum annarra fari þverrandi eftir því sem þjóðfélagið verður opnara og frjálslegra, og er það miður.

Í þessu frumvarpi er lagt til að beinar útsendingar útvarps í gegnum síma eða á sambærilegan hátt séu háðar ákveðnum skilyrðum sem sett eru til þess að vernda mannorð og reyna að koma í veg fyrir að ærumeiðandi ummælum sé útvarpað yfir landslýð. Skilyrðin eru þau að stjórnanda útvarpsþáttar er skylt að fá uppgefið nafn viðmælanda og fyllri

upplýsingar ef mögulegt er. Aðalatriðið er þó að skylda útvarpsstöðvar til þess að nota búnað er tefur útsendingar í örfáar sekúndur (delay system) þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mannskemmandi ummælum sé útvarpað. Það má geta þess að slíkur búnaður er víðast hvar notaður erlendis við útsendingar af þessu tagi. Fari hins vegar ærumeiðandi ummæli engu að síður „í loftið“ er, eftir frumvarpinu sá, er ummælin viðhafði, ábyrgur fyrir þeim, en náist ekki til hans einhverra hluta vegna þá er stjórnandi þáttarins ábyrgur.

Þó að nú standi yfir endurskoðun útvarpslaga telur flutningsmaður málið það brýnt að það þoli enga bið.

Sþ. 225. Fyrirspurn [192. mál]

til forsætisráðherra um meðferð trúnaðarmála.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður störfum nefndar sem fyrrverandi forsætisráðherra setti á laggirnar til að gera tillögur um meðferð opinberra trúnaðarskjala?

Nd. 226. Frumvarp til laga [193. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 8/1988 orðast svo:
Í Reykjavíkurlæknishéraði skal frestur þessi standa til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmi Garðabæjar er enn starfað eftir eldri lögum um heilsuvernd. Á síðasta vori tókust samningar við bæjaryfirvöld í Garðabæ um rekstur heilsugæslu í umdæmi Garðabæjar frá og með næstu áramótum og hefur þegar verið gengið frá formsatriðum og læknar skipaðir. Eftir stendur því aðeins að ganga frá skipulagi þessara mála í Reykjavíkurlæknishéraði.

Í apríl sl. komu ráðuneytið og borgarstjórn Reykjavíkur sér saman um að hefja viðræður um lausn málsins. Í lok síðasta mánaðar var lagt fyrir ráðuneytið uppkast að samkomulagi sem fulltrúar ráðuneytisins og meiri hluti fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem þátt tóku í viðræðunum, stóðu að. Ekki hefur enn unnist tími til þess að ganga frá málinu og er ljóst að svo verður ekki fyrir áramótin næstu, en þá rennur fresturinn út.

Með vísun til ofanritaðs og ekki síður þess að fyrirhugaðar eru verulegar breytingar á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, vegna fyrirhugaðra breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sér ráðuneytið ekki ástæðu til annars en að leggja enn til að frestur til

að koma á kerfi heilsugæslu í Reykjavík verði framlengdur í eitt ár frá og með næstu áramótum. Fljótlega eftir þinghlé verður lagt fram á vegum ráðuneytisins frumvarp til breyttra laga um heilbrigðisþjónustu í samræmi við það sem áður segir og verður þá jafnhliða tekið á heilsugæslumálum í Reykjavíkurlæknishéraði, en lausn málsins ákvarðast af því hvernig fer um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Sþ. 227. Svar [117. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Friðriki Sophussyni um sölu spariskírteina ríkissjóðs.

1. Sala spariskírteina á almennum markaði hefur verið sem hér segir frá byrjun ágúst til 20. nóvember:

a. Í ágúst	205,6 m.kr.
b. Í september	529,2 m.kr.
c. Í október	168,1 m.kr.
d. 1.–20. nóvember	94,3 m.kr.

Til samanburðar er hér sýnd sala spariskírteina frá ágúst til desember árin 1984 til 1988, bæði á verðlagi hvers tíma og á föstu verðlagi í nóvember 1988, miðað við lánskjaravísitölu:

Sala spariskírteina í m.kr.:

1988	*1987*	*1986*	*1985*	*1984*		
Ágúst		206	217	75	38	2
September		529	378	297	66	157
Október		168	449	67	228	104
Nóvember		*141	249	83	217	36
Desember			655	7	124	56

Sala spariskírteina á föstu verðlagi í m.kr.:
(Miðað við lánskjaravísitölu 2272 í nóv. 1988.)

1988	*1987*	*1986*	*1985*	*1984*		
Ágúst		211	282	115	72	4
September		533	483	455	121	388
Október		169	567	101	409	255
Nóvember		*141	307	124	379	87
Desember			790	10	211	133

* Til að auðvelda samanburð er 94 m.kr. sala fyrstu tuttugu daga nóvember 1988 metin til mánaðarsölu.

Samanlögð sala í október og nóvember 1988 er 310 m.kr. þegar tuttugu daga sala í nóvember hefur verið metin til mánaðarsölu, en það er minna en í sömu mánuðum 1986 og svipað og 1984. Salan var mun meiri í sömu mánuðum 1987, en þess ber að gæta að ráðstöfunartekjur voru mun hærri þá en nú, mikill uppgangur var enn í efnahagslífi og vextir spariskírteina hækkuðu um allt að 2% haustið 1987. Í lok október og í fyrri hluta nóvember 1984 var tímabundin útsala á spariskírteinum og fóru vextir þeirra í 8–9%.

2. Óseld spariskírteini hjá söluaðilum spariskírteina hafa á undanförnum mánuðum verið sem hér segir:

a. Í lok ágúst	398,4 m.kr.
b. Í lok september	961,4 m.kr.
c. Í lok október	1190,4 m.kr.
d. 20. nóvember	1696,8 m.kr.

Í þessu sambandi ber að geta þess að samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir 1988 var ráðgert að taka lán hjá bönkum og sparisjóðum að upphæð 1260 m.kr. Þegar samkomulag var gert við banka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki í haust um sölu spariskírteina voru gerðar ýmsar hliðarráðstafanir. Innlánsbinding var lækkuð um 1% og lausafjárbinding var hækkuð um 1% samtímis sem bönkum og sparisjóðum var heimilað að telja helming spariskírteinaeignar sinnar til lauss fjár. Þessar ráðstafanir voru gerðar til að auðvelda bönkum og sparisjóðum að liggja með spariskírteini ríkisjóðs vegna sölutryggingar sinnar.

3. Ekki er með vissu hægt að fullyrða neitt um áhrif vaxta, sem ákveðnir eru af stjórnvöldum og söluaðilum verðbréfa, á skráða ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi Íslands. Fyrir liggja reikningar á meðalávöxtun í viðskiptum á Verðbréfaþingi í hverjum mánuði. Viðskiptin á þinginu eru í mjög smáum stíl og því álitamál hve miklar ályktanir má af þeim draga. Þau eru að yfirgnæfandi hluta í spariskírteinum ríkissjóðs þannig að fullyrða má að séu viðskipti með önnur verðbréf á þinginu tekin út úr tölunum þá mundu þær ekki breytast að neinu ráði. Til frekari glöggvunar fylgja upplýsingar um viðskipti á verðbréfaþingi frá janúar til október 1988 ásamt útreiknaðri meðaltalsraunávöxtun í þeim viðskiptum.

	M.kr.	*Meðal raunvextir á ári*
Janúar	22,5	8,5%
Febrúar	24,0	8,6%
Mars	27,4	8,8%
Apríl	4,8	8,7%
Maí	30,9	9,1%
Júní	54,8	9,9%
Júlí	36,1	9,5%
Ágúst	85,4	8,9%
September	73,8	8,7%
Október	16,7	8,4%

Sþ. 228. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela Hagstofu Íslands að kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Greinargerðin sýni lágmarksframfærslukostnað manns sem ekki á aðrar eignir, sem tengjast framfærslu, en föt og venjulegt innbú. Skal greinargerðin miða við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1988. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búi í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans og hann þarf ekki að deila með öðrum. Einnig að hann geti unnið öll heimilisstörf sjálfur. Meta skal fæðis- og húsnæðiskostnað og hitunar- og rafmagnskostnað sérstaklega. Einnig skal meta aðra kostnaðarliði sérstaklega eftir því sem henta þykir, en við mat á kostnaði við föt, bækur, skemmtanir og annað en brýnustu lífsnauðsynjar skal miða

við kostnað sem láglaunafólk hefur haft af þessum þáttum í framfærsluvísitölugrundvelli Hagstofunnar.

Þá er Hagstofunni einnig falið að kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Skal miðað við sömu forsendur og fyrir fullorðinn einstakling með þeirri athugasemd að barnið sé barn einstæðrar móður sem eins er ástatt um og greinir í fyrri hluta ályktunarinnar.

Sé umtalsverður (meira en 5%) munur á kostnaði við lágmarksframfærslu eftir kyni mannsins eða barnsins skal greina sérstaklega frá því. Einnig skal greina sérstaklega frá mismun sem kann að vera á hitunar- og rafmagnskostnaði eftir búsetu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar þar sem hann er hvað hæstur í strjálbýli. Hagstofan skal leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunarinnar eftir því sem hún telur þörf á.

Leitast skal við að ljúka könnuninni sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1989.

Greinargerð.

Í samfélagi, sem hefur jöfnuð og velferð að meginmarkmiði, hljóta mörk og viðmiðanir í hagkerfinu að miðast við lágmarksframfærslukostnað sem grundvallarstærð. Er þar átt við lágmarkslaun, elli- og örorkulaun, barnabætur og aðrar greiðslur til framfærslu barna, einnig gengisákvarðanir, vexti, skatta á laun og óbeina skatta og gjöld á lífsnauðsynjar og fleira.

Það er því mjög brýnt fyrir þá sem vinna að samfélagsmálum og þá sem láta sig slík mál varða að hafa upplýsingar um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Á þetta hefur skort. Framfærsluvísitala Hagstofunnar byggist á meðaltali framfærslukostnaðar og ekki hefur verið gerð hér á landi alvarleg tilraun til að komast að því hver lágmarksframfærslukostnaður *einhleypings* er. Hér eru að sjálfsögðu mörg álitamálin, t.d. hvort telja eigi með kostnað við tóbaksnotkun, bifreið o.fl. Flutningsmaður tekur ekki afstöðu til þess, en gerir sér vonir um að sundurliðun í greinargerðinni upplýsi um þessa kostnaðarliði sérstaklega og löggjafarvaldið eða önnur stjórnvöld, sem áhuga hafa á þessum málum, setji með tímanum ákveðnari viðmiðanir sem seinni kannanir á lágmarksframfærslukostnaði skuli miðast við. Sama á við um stærð og búnað húsnæðis og endurgjald fyrir hann. Auðvitað er eðlilegt í framtíðinni að miða við ákveðnar grunnþarfir og einhverja nærtækustu lausnina við að uppfylla þær. Þessi og önnur atriði af sama toga skýrast betur við vinnu að verkinu og er við því að búast að Hagstofan, framkvæmdaaðilinn, greini frá matsvandamálum og öðrum atriðum sem ástæða þykir til í forsendum greinargerðarinnar.

Nd. 229. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 142.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. | Árni Gunnarsson, með fyrirvara. | Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 230. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 169.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu þessari.

Alþingi, 14. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. Árni Gunnarsson. Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson. Kristín Halldórsdóttir.

Ed. 231. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi gilda til 31. desember 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um málefni aldraðra, nr. 91 31. desember 1982, með síðari breytingum, hafa að geyma sólarlagsákvæði um að þau rynnu úr gildi 31. desember 1987, enda hefðu þau ekki verið endurskoðuð fyrir þann tíma.

Með lögum nr. 32 27. mars 1987 var gildistími laganna framlengdur til 31. desember 1988.

Um alllangt skeið hefur staðið yfir á vegum heilbrigðisráðuneytisins endurskoðun laga um málefni aldraðra. Endurskoðunin hefur nokkuð tafist, ekki síst vegna óvissu um framvindu frumvarps um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ljóst er að ekki gefst tími til að afgreiða nýtt frumvarp til laga um málefni aldraðra áður en gildistími núgildandi laga rennur út 31. desember 1988. Nauðsyn ber því til að framlengja að nýju gildistíma laganna, enda allir sammála um að ekki sé tímabært að lögin falli úr gildi.

Því er hér lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem gerir ráð fyrir að gildistími laga nr. 91/1982 verði framlengdur til 31. desember 1989. Gert er ráð fyrir að nýtt frumvarp til laga um málefni aldraðra verði lagt fyrir Alþingi fljótlega eftir jólaleyfi, í ársbyrjun 1989.

Nd. 232. Frumvarp til laga [196. mál]

um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI
Lög sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1. gr.

Um breytingu á **áfengislögum**, nr. 82/1969.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Áður en vínveitingaleyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi ef sveitarstjórnin reynist leyfisveitingu mótfallin.

2. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

Í stað orðsins „sýslunefndar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi orðið „sýslumanns“.

3. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

13. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

1. og 3. mgr. 14. gr. laganna falli brott.

II. KAFLI
Lög sem heyra undir félagsmálaráðuneytið.

5. gr.

Um breytingu á **lögum um heimilishjálp í viðlögum**, nr. 10/1952.

Orðin „og sýslunefndum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Um breytingu á **lögum um heimilishjálp í viðlögum**, nr. 10/1952.

Orðin „eða sýslunefnd“ í 2. og 3. gr. og 1. og 2. málsl. 4. gr. laganna falli brott. Jafnframt orðin „eða sýslunefndar“ í 3. gr. laganna.

7. gr.

Um breytingu á **lögum um Bjargráðasjóð**, nr. 51/1972.

13. gr. laganna orðist svo:

Séreignir sýslu- og bæjarfélaga við gildistöku laga þessara skulu vera í vörslu almennu deildar sjóðsins og ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga.

III. KAFLI
Lög sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

8. gr.

Um breytingu á **berklavarnalögum**, nr. 66/1939.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Nú þarf læknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

9. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

10. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Skatturinn rennur í sveitarsjóð.

11. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

5. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

12. gr.

Um breytingu á **lögum um Brunabótafélag Íslands**, nr. 9/1955.

5. gr. laganna orðist svo:

Félagið skiptist í deildir og er hvert sveitarfélag sérstök deild í félaginu. Ári eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skal hver kaupstaður eða bær utan Reykjavíkur og allar héraðsnefndir í landinu, samkvæmt lögum nr. 8/1986, sem gert hafa samning um fasteignatryggingar hjá félaginu, tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Réttur til tilnefningar í fulltrúaráð og þátttöku í starfsemi þess fellur niður, er kaupstaður, bær eða öll sveitarfélög í héraðsnefnd hafa sagt upp tryggingum hjá félaginu. Atkvæðisréttur manns á fundi í héraðsnefnd við tilnefningu í fulltrúaráð er við það bundinn að sveitarfélag það, sem hann er fulltrúi fyrir, hafi ekki sagt upp tryggingum hjá félaginu.

13. gr.

Um breytingu á **lögum um Brunabótafélag Íslands**, nr. 9/1955.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélagið kallar fulltrúaráðið saman til aðalfundar fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúaráð skal auk þess kallað saman til aukafunda hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð ef eigi færri en ⅓ fulltrúaráðsmanna óskar þess.

14. gr.

Um breytingu á **farsóttalögum**, nr. 10/1958.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar sveitarstjórn að afkvía sveitarfélagið eða hluta þess, til þess að ekki berist þangað hættuleg farsótt, og getur þá ráðherra, ef gild ástæða þykir til, heimilað afkvíunina og falið hlutaðeigandi lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi lækni. Kostnaður af slíkri afkvíun greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

15. gr.

Um breytingu á **farsóttalögum**, nr. 10/1958.

Orðin „eða sýslusjóði“ í 1. mgr. 16. gr. laganna falli brott.

IV. KAFLI
Lög sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

16. gr.

Um breytingu á **vatnalögum,** nr. 15/1923.

3. tölul. 28. gr. laganna orðist svo: Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþykktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

17. gr.

Um breytingu á **vatnalögum**, nr. 15/1923.

2. tölul. 46. gr. laganna orðist svo:

Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu og er þá hlutaðeigandi sveitarstjórn heimilt að ábyrgjast lán þetta.

18. gr.

Um breytingu á **vatnalögum**, nr. 15/1923.

2. tölul. 91. gr. laganna orðist svo:

Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi skv. 1. lið skal senda samþykktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

19. gr.

Um breytingu á **lögum um Hitaveitu Suðurnesja**, nr. 100/1974.

14. gr. laganna orðist svo:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Um breytingu á **lögum um raforkuver**, nr. 60/1981.

4. gr. laganna orðist svo:

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sveitarfélögum þau gjöld sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

21. gr.

Um breytingu á **lögum um Landsvirkjun**, nr. 42/1983.

16. gr. laganna orðist svo:

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

22. gr.

Um breytingu á **lögum um Landsvirkjun**, nr. 42/1983.

17. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfélögum, samtökum þeirra og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með þessum skilyrðum.

V. KAFLI
Lög sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

23. gr.

Um breytingu á **lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra**, nr. 23/1956.

Síðasti málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna orðist svo: Nægi það eigi greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður það sem til vantar að hálfu hvor.

24. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu refa og minka**, nr. 52/1957.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslumann til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslumaður reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir þá ríkissjóður sveitarfélögum ¾ hluta útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá sýslumaður, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um hvort fyrirhuguð girðing skuli heyra undir ákvæði ofannefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslumanns reistur á þrem eftirtöldum atriðum ...

26. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslumanni samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðuðum kostnaði hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.

27. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

19. gr. laganna falli brott.

28. gr.

Um breytingu á **lögum um landgræðslu**, nr. 17/1965.

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að ⅔ hlutum og viðkomandi héraðssjóði eða bæjarsjóði að ⅓ hluta.

29. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu svartbaks**, nr. 50/1965.

Í 12. gr. laganna komi orðið „félagsmálaráðuneytisins“ í stað orðsins „sýslusjóðs“.

30. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu svartbaks**, nr. 50/1965.

14. gr. laganna orðist svo:

Þau sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld. Yfirlitin skulu síðan send félagsmálaráðuneytinu sem annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, ⅔.

31. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

6. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða -stjórnir mæli með henni.

32. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

1. mgr. 90. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af veiðieigendum í hlutfalli við veiði þeirra næstliðið ár. Sýslumaður jafnar gjaldinu niður og innheimtir það af veiðieigendum. Má taka gjaldið lögtaki.

33. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Matsmenn skv. 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða -sjóðum.

34. gr.

Um breytingu á **lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum,** nr. 45/1971.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölul., skulu fullgildar einar saman ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar skv. 2.–4. tölul., styrkt með fasteignaveði eða einfaldri ábyrgð sveitarfélags ef nauðsynlegt þykir.

35. gr.

Um breytingu á **búfjárræktarlögum,** nr. 31/1973.

38. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða að öllum hrossaeigendum í sveitarfélaginu sé skylt að hafa hross sín í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess nema að því leyti sem leyfilegt er að hafa stóðhross í sameiginlegum afrétti.

36. gr.

Um breytingu á **ábúðarlögum,** nr. 64/1976.

1. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna orðist svo: Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina til sex ára og varamenn til sama tíma.

37. gr.

Um breytingu á **jarðalögum**, nr. 65/1976.

Í 4., 11. og 19. gr. laganna komi orðið „héraðsnefnd“ í stað orðsins „sýslunefnd“.

38. gr.

Um breytingu á **jarðalögum**, nr. 65/1976.

20. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandisveitarsjóðum og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

39. gr.

Um breytingu á **lögum um sauðfjárbaðanir**, nr. 22/1977.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslumanns, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun og óþrifa þá ekki orðið vart, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því að undanþága sé veitt. Umsóknum skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin fjögur ár eða lengur.

40. gr.

Um breytingu á **lögum um sauðfjárbaðanir**, nr. 22/1977.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverri sýslu eða hluta úr sýslu eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og héraðsnefnda eða bæjarstjórnar.

Í 5. mgr. 6. gr. laganna komi orðið „héraðssjóði“ í stað orðsins „sýslusjóði“.

41. gr.

Um breytingu á **lögum um dýralækna**, nr. 77/1981.

16. gr. laganna orðist svo:

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi er sveitarfélögum heimilt að semja við menn þar búsetta sem ekki eru dýralæknar að menntun en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi að annast dýralæknastörf innan umdæmisins eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis. Sveitarfélög njóta styrks til að greiða mönnum sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum. Styrkur þessi fellur niður þegar dýralæknir fæst í embættið.

42. gr.

Um breytingu á **lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.**, nr. 6/1986.

Í 1., 2., 3., 5., 6., 19., 20., 21., 48. og 55. gr. laganna komi orðið „héraðsnefnd“ í stað orðsins „sýslunefnd.“ Jafnframt komi orðið „héraðsnefndir“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 18. gr. laganna og orðið „héraðsnefndar“ í stað orðsins „sýslunefndar“ í 3. málsl. 48. gr. laganna.

43. gr.

Um breytingu á **lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.**, nr. 6/1986.

Í 9. og 45. gr. laganna komi orðið „sýslumanns“ í stað orðsins „sýslunefndar“.

44. gr.

Lög um samþykktir til að friða skóg og mel, nr. 11/1894, falli niður.

45. gr.

Lög um samþykktir um heyforðabúr, nr. 44/1911, falli niður.

46. gr.

Lög um samþykktir um mótak, nr. 23/1912, falli niður.

47. gr.

Lög um mælingar á túnum og matjurtagörðum, nr. 58/1915, falli niður.

48. gr.

Lög um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, nr. 73/1917, falli niður.

49. gr.

Lög um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48/1919, falli niður.

50. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, nr. 52/1932, falli niður.

51. gr.

Lög um samþykktir um mat á heyi til sölu, nr. 21/1933, falli niður.

52. gr.

Lög um gelding húsdýra, nr. 123/1935, 1.–5. gr. falli niður. Í stað þeirra komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Sérstakir geldingamenn, er skipaðir hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu starfa áfram á grundvelli skipunarbréfa sem sýslunefndir hafa sett þeim.

53. gr.

Lög um fóðurtryggingarsjóði, nr. 80/1936 falli niður.

VI. KAFLI

Lög sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

54. gr.

Um breytingu á **lögum um bæjarnöfn**, nr. 35/1953.

Í stað orðsins „sýslufélagi“ í 5. gr. laganna komi orðið „héraði“ og í stað orðsins „sýslufélaginu“ komi orðið „héraðinu“.

55. gr.

Um breytingu á **lögum um bæjarnöfn**, nr. 35/1953.

Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 7. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórn“.

56. gr.

Um breytingu á **íþróttalögum**, nr. 49/1956.

Í stað orðanna „bæjar-, sveitar- og sýslufélögum“ í 23. gr. laganna komi orðið „sveitarfélögum“.

57. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun**, nr. 33/1966.

Í stað orðsins „sýslunefndum“ í 15. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnum“ og í stað orðsins „héraði“ í sömu grein komi orðið „sveitarfélagi“.

58. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglafriðun og fuglaveiðar**, nr. 33/1966.

Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórn“ og í stað orðsins „sýslumaður“ í 2. mgr. sömu greinar komi orðin „oddviti eða bæjarstjóri“.

59. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglafriðun og fuglaveiðar**, nr. 33/1966.

18. gr. laganna falli brott.

60. gr.

Um breytingu á **lögum um iðnfræðslu**, nr. 68/1966.

Í stað orðanna „bæjarstjórna og sýslunefnda“ í 16. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórna“ og í stað orðanna „bæjarstjórnir eða sýslunefndir“ komi orðið „sveitarstjórnir“.

61. gr.

Um breytingu á **þjóðminjalögum,** nr. 52/1969.

Orðin „(bæjarfélög, sýslufélög, hreppar)“ í 1. mgr. 42. gr. laganna falli niður.

62. gr.

Um breytingu á **lögum um náttúruvernd**, nr. 47/1971.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

63. gr.

Um breytingu á **lögum um almenningsbókasöfn**, nr. 50/1976.

Í stað orðsins „sýslusjóður“ í b- og c-liðum 8. gr. laganna komi orðið „sveitarsjóður“.

64. gr.

Um breytingu á **lögum um Þjóðskjalasafn Íslands**, nr. 66/1985.

Í stað orðanna „sýslunefndum og bæjarstjórnum“ í 12. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnum“ og í stað orðanna „eina sýslu eða kaupstað“ komi orðin „eitt sveitarfélag“.

65. gr.

Lög um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum, nr. 28/1936, falli niður.

VII. KAFLI
Lög sem heyra undir samgönguráðuneytið.

66. gr.

Um breytingu á **lögum um leigubifreiðar**, nr. 36/1970.

Í stað orðanna „sýslunefnd“, „sýslunefndar“ og „sýslunefndunum“ í 1., 3. og 5. gr. laganna komin orðin „héraðsnefnd“, „héraðsnefndar“ og „héraðsnefndinni eða -nefndunum“. Jafnframt komi orðin „héraðsnefnd eða -nefnda“ í stað orðsins „sýslunefnda“ í 2., 4. og 6. gr. laganna og orðin „héraðsnefnd eða -nefndir“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 7. gr. þeirra.

67. gr.

Um breytingu á **vegalögum**, nr. 6/1977.

Í stað orðsins „sýslunefndum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna komi orðin „héraðsnefndum eða sérstökum byggðasamlögum sem stofnuð verða (vegasamlögum)“. Jafnframt komi orðin „héraðsnefndir eða stjórnir vegasamlaga“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 17., 19. og 48. gr. laganna, orðin „héraðsnefnd eða stjórn vegasamlags“ í stað orðsins „sýslunefnd“ í 17., 19., 48., 49. og 66. gr. laganna og loks orðin „héraðsnefndar eða stjórnar vegasamlags“ í stað orðsins „sýslunefndar“ í 25. gr. þeirra.

68. gr.

Um breytingu á **hafnalögum**, nr. 69/1984.

8. gr. laganna orðist svo:

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög, eitt eða fleiri.

69. gr.

Um breytingu á **hafnalögum**, nr. 69/1984.

Í 25. gr. laganna falli brott orðin „eða sýslufélag“.

70. gr.

Lög um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919, falli niður.

VIII. KAFLI
Lög sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

71. gr.

Lög um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, nr. 54/1913, falli niður.

72. gr.

Lög um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði, nr. 86/1917, falli niður.

IX. KAFLI
Lög sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

73. gr.

Um breytingu á **lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík**, nr. 1/1900.

Í stað orðanna „sýslunefndir“ og „sýslufélaginu“ í 8. gr. laganna komi orðin „sveitarstjórn“ og „sveitarfélaginu“.

74. gr.

Um breytingu á **lögum um samvinnufélög**, nr. 46/1937.

Í stað orðanna „héraðsstjórnar“ í 9. tölul. 3. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnar“ og í stað orðanna „sýslunefndar eða bæjarstjórnar“ komi orðið „sveitarstjórnar.“ Jafnframt komi orðið „viðskiptaráðherra“ í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gróðurverndarnefndir samkvæmt lögum nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum nr. 47/1971, sem kosnar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda umboði sínu þar til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningar fara fram. Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð fyrir Brunabótafélag Íslands samkvæmt ákvæðum í lögum þessum skal fyrst fara fram ári eftir næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samþykkt sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, var gerð sú veigamikla breyting á skipan sveitarstjórnarmála hér á landi að sýslunefndir voru lagðar niður, en allt frá því að tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi tók gildi á árinu 1872 hafa þær gegnt viðamiklu hlutverki við stjórn sveitarstjórnarmála. Samkvæmt hinum nýju sveitarstjórnarlögum skyldu lögbundin verkefni sýslunefnda falin sveitarfélögum sem síðan skyldu setja á stofn héraðsnefndir til að annast framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem nauðsynlegt væri að hafa samvinnu um verkefnin sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Í bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, segir að sýslunefndir sem kosnar voru á árinu 1986 fari með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til 31. desember 1988.

Á miðju ári 1987 skipaði félagsmálaráðherra, með vísun til 2. mgr. í fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði, nefnd til að gera tillögur um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda.

Í nefnd þessa voru skipuð Björn Friðfinnsson, þáverandi formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rúnar Guðjónsson sýslumaður og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu sem jafnframt var formaður hennar. Nefndin skilaði áliti til félagsmálaráðherra í apríl á þessu ári og í framhaldi af því var gefin út reglugerð um flutning verkefna og önnur skil frá sýslunefndum til sveitarfélaga og héraðsnefnda nr. 268/1988.

Með hliðsjón af því að sýslunefndir verða lagðar niður í síðasta lagi um næstu áramót lét nefndin Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar taka saman skrá yfir gildandi lög sem hafa að geyma orðin sýslunefnd, sýslusjóður og sýslufélag. Á grundvelli þessarar skrár gerði nefndin síðan tillögur til félagsmálaráðherra um breytingar, til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga, á flestum þessara lagaákvæða og lagði m.a. til að sum þeirra yrðu felld niður. Félagsmálaráðherra féllst fyrir sitt leyti á þessar tillögur.

Síðastliðið vor var sent bréf til allra hlutaðeigandi ráðuneyta með ósk um að þau fjölluðu um tillögurnar og tækju endanlegar ákvarðanir varðandi þær. Svör hafa verið að berast frá því í sumar og þar til um miðjan nóvember að síðasta svarið barst.

Niðurstöður ráðuneytanna voru í aðalatriðum þær að fallist var á tillögurnar sem nefndin hafði gert. Í nokkrum tilvikum voru gerðar athugasemdir um breytt orðalag eða upplýst að ætlunin væri að flytja frumvarp til breytinga á tilteknum lögum í heild sinni. Um er að ræða eftirfarandi lög: Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum, nr. 32 1924, lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, nr. 107/1935, lög um meðferð

einkmála í héraði, nr. 85/1936, lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29/1885, lög um hreppstjóra, nr. 32/1965, lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, nr. 7/1945, lög um sparisjóði, nr. 87/1985 og lög um hlutafélög, nr. 23/1978. Af þessum sökum er ekki lagt til í frumvarpinu að breyta þessum lögum, enda þótt endranær hefði verið ástæða til þess.

Í frumvarpi til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem ætlunin er að leggja fyrir Alþingi á næstunni, er að finna ákvæði sem fela í sér niðurfellingu annars vegar á 7. gr. íþróttalaga, nr. 49/1956 og hins vegar 24. gr. og 27. gr. vegalaga nr. 6/1977. Með hliðsjón af þessu hefur verið látið hjá líða í þessu frumvarpi að leggja til breytingar á ofangreindum lagaákvæðum.

Í samræmi við 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er gengið út frá því í frumvarpinu að hvarvetna verði settar á stofn héraðsnefndir. Í mörgum tilvikum er þannig lagt til að héraðsnefndir (eða byggðasamlög) komi í stað sýslunefnda en á öðrum sviðum hefur þótt eðlilegra að sveitarstjórnir leystu sýslunefndir af hólmi. Í örfáum tilvikum er þó gert ráð fyrir að sýslumenn komi í stað sýslunefnda.

Að lokum skal tekið fram að í frumvarpinu er ekki að finna tillögur umaðrar efnisbreytingar en þær sem leiðir af hinnu breyttu skipansveitarstjórnarmála sem gerð var með setningu sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Þess vegna þarfnast einstakar greinar frumvarpsins ekki frekariskýringa.

Ed. 233. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins.
Margrét Frímannsdóttir var fjarstödd.

Alþingi, 14. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Halldór Blöndal.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.

Sþ. 234. Fyrirspurn [197. mál]

til iðnaðarráðherra um samkeppnisstöðu innlendrar kökugerðar.

Frá Friðriki Sophussyni.

Ætlar ríkisstjórnin að fara að sameiginlegum tillögum nefndar, sem iðnaðarráðherra skipaði hinn 6. apríl 1988, til að gera úttekt á samkeppnisstöðu innlendrar kökuframleiðslu, en nefndin skilaði endanlegu áliti hinn 3. nóvember sl.?

Sþ. 235. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 0-201 Alþingi.	
a. Við 130 Þingmannasamtök NATO.	
Fyrir „1.560“ kemur	2.560
b. Við 131 Þingmannanefndir Evrópuráðsins.	
Fyrir „2.590“ kemur	3.590
c. Við 134 Alþjóðaþingmannasamtökin.	
Fyrir „2.100“ kemur	2.300
d. Við 520 Fasteignir.	
Fyrir „3.700“ kemur	4.865
e. Við 521 Hús Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „2.500“ kemur	5.230
f. Við 690 Ýmis stofnkostnaður.	
Fyrir „16.200“ kemur	22.600
2. Við 4. gr. 0-202 Ríkisendurskoðun. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „82.188“ kemur	86.688
3. Við 4. gr. 1-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. 140 Gjöf Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „1.050“ kemur	1.364
4. Við 4. gr. 2-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 113 Lyfjafræði lyfsala.	
Fyrir „16.710“ kemur	18.210
b. Við 115 Viðskipta- og hagfræðideild.	
Fyrir „42.773“ kemur	43.973
c. Við 120 Háskólabókasafn.	
Fyrir „46.452“ kemur	31.452
d. Við 126 Stofnun Sigurðar Nordals.	
Fyrir „3.488“ kemur	3.988
e. Nýr liður:	
620 Bókakaup o.fl.	15.000
5. Við 4. gr. 2-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „66.712“ kemur	68.712
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „45.460“ kemur	33.760
6. Við 4. gr. 2-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 4 Sértekjur.	
Fyrir „29.370“ kemur	39.070
7. Við 4. gr. 2-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „26.481“ kemur	27.081
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.640“ kemur	1.640

	Þús. kr.
8. Við 4. gr. 2-210 101 Háskóli á Akureyri.	
Fyrir „42.204“ kemur	42.804
9. Við 4. gr. 2-301 Menntaskólinn í Reykjavík. 501 Endurbætur.	
Fyrir „3.100“ kemur	8.100
10. Við 4. gr. 2-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð.	
a. Við 101 Kennsla.	
Fyrir „89.691“ kemur	91.691
b. Við 501 Endurbætur.	
Fyrir „5.000“ kemur	9.000
11. Við 4. gr. 2-319 101 Framhaldsskólar, almennt.	
Fyrir „79.489“ kemur	80.489
12. Við 4. gr. 2-321 Kennaraháskóli Íslands. 120 Endurmenntun.	
Fyrir „6.805“ kemur	7.305
13. Við 4. gr. 2-331 Íþróttakennaraskóli Íslands.	
a. Nýr liður:	
501 Viðhald íþróttavalla o.fl.	1.500
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.830“ kemur	830
14. Við 4. gr. 2-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Nýr liður:	
602 Lóðaframkvæmdir	3.000
15. Við 4. gr. 2-354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Nýr liður:	
602 Mötuneyti, nýbygging	21.000
16. Við 4. gr. 2-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.	
601 Kennsluhúsnæði.	
Fyrir „1.100“ kemur	2.100
17. Við 4. gr. 2-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri. 601 Nýbygging.	
Fyrir „48.500“ kemur	46.000
18. Við 4. gr. 2-362 Framhaldsskólinn á Húsavík. Nýr liður:	
602 Tölvur og búnaður	3.500
19. Við 4. gr. 2-501 101 Tækniskóli Íslands.	
Fyrir „113.539“ kemur	116.539
20. Við 4. gr. 2-514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður:	
501 Fasteignir	4.500
21. Við 4. gr. 2-515 Iðnnám, almennt. Nýr liður:	
601 Stofnkostnaður, Ísafjörður	1.500
22. Við 4. gr. 2-610 Héraðsskólar, almennt.	
a. Við 590 Viðhaldsfé, óskipt.	
Fyrir „4.000“ kemur	3.000
b. Við 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „26.000“ kemur	39.000
23. Við 4. gr. 2-720 190 Grunnskólar, óskipt.	
Fyrir „9.159“ kemur	9.659
24. Við 4. gr. 2-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.	
a. Við 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „300.000“ kemur	385.005
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl., framlög (02-730 690).

a. Bygging grunnskóla o.fl.

	Þús. kr.
1. Reykjavík:	
Seljaskóli	21.400
Foldaskóli, 1. og 2. áf.	50.000
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	500
Ölduselsskóli, 2. áf. og lóð	100
Ölduselsskóli, sundlaug	100
Ártúnsskóli	100
Selásskóli, 1. og 2. áf.	100
Grandaskóli	100
2. Kópavogur:	
Fastur samningur	9.750
Íþróttahús (Digranesskóli)	3.000
3. Hafnarfjörður:	
Sundlaug	2.000
Víðistaðaskóli, 4. og 5. áf.	5.000
Víðistaðaskóli, viðbygging	2.000
Öldutúnsskóli, 4. áf.	5.000
4. Seltjarnarnes:	
Sundlaug	100
5. Garðabær:	
Íþróttahús og sundlaug	4.000
6. Keflavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	100
Sundlaug	2.000
Myllubakkaskóli	5.900
7. Grindavík:	
Íþróttahús	2.000
Skóli, viðbygging	1.000
8. Njarðvík:	
Viðbygging skóla	3.000
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli, íþróttahús og sundlaug	4.950
10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús, 1. áf.	4.400
Varmárskóli, 2. áf.	1.600
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla	2.500
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	2.100
Stækkun skóla	900
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Skóli	1.500
14. Kjalarneshreppur:	
Skóli, stækkun 1. áf.	5.000
15. Akranes:	
Fastur samningur	15.800
Sundlaug	1.000

	Þús. kr.
16. Ólafsvík:	
Stækkun skóla	800
17. Leirársveit:	
Heiðaskóli, íþróttaaðstaða	2.000
18. Reykholtsdalshreppur, Kleppjárnsreykir:	
Fastur samningur	3.500
19. Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
Viðbygging, 1. áf.	1.000
20. Borgarnes:	
Grunnskóli, stækkun og breytingar	3.000
21. Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
Íþróttahús og stækkun skóla	1.300
22. Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
23. Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
Íþróttahús	5.000
24. Stykkishólmur:	
Íþróttahús (fastur samningur)	6.000
Skóli, lausar stofur	200
25. Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
26. Hvammshreppur, Laugaskóli:	
Íþróttahús	3.800
Uppgjör, skuldaskil	200
27. Ísafjörður:	
Skólamannvirki	2.000
Íþróttahús (fastur samningur)	12.800
28. Bolungarvík:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Stækkun skóla, 1. áf.	8.500
29. Reykhólahreppur:	
Endurbætur á sundlaug	1.000
30. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla	1.000
31. Tálknafjarðarhreppur:	
Íþróttahús og félagsheimili	2.000
32. Suðurfjarðarhreppur, Bíldudalur:	
Íþróttahús	1.000
33. Flateyrarhreppur:	
Íþróttamannvirki	1.000
34. Suðureyrarhreppur:	
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1.000
Sundlaug	1.000
35. Súðavíkurhreppur:	
Skóli, endurbygging og viðbygging	1.000
36. Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
Skólastjóraíbúð, stækkun	1.000
37. Kaldrananeshreppur, Drangsnes:	
Stækkun skóla	1.500

	Þús. kr.
38. Hólmavíkurhreppur:	
Félagsaðstaða	1.000
39. Siglufjörður:	
Íþróttahús	5.000
40. Sauðárkrókur:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Grunnskólar, endurbætur og lóðir	2.500
41. Ytri-Torfustaðahreppur, Laugabakkaskóli:	
Íþróttahús	100
Uppgjör	500
42. Hvammstangahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	150
Skóli, nýbygging	5.000
43. Þverárhreppur:	
Skólastjóraíbúð	400
44. Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
Endurbætur o.fl.	1.500
Kennaraíbúð	400
45. Skagaströnd:	
Sundlaug	1.400
Skólastjóraíbúð	100
46. Blönduós:	
Íþróttahús	6.000
47. Seyluhreppur, Varmahlíð:	
Íþróttamannvirki	3.700
Uppgjör skóla	100
48. Lýtingsstaðahreppur:	
Íþróttahús og sundlaug	100
Skólastjórabústaður	500
49. Akrahreppur:	
Skóli, viðbygging	500
50. Hólahreppur:	
Skóli og íbúðir	100
51. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla og bókasafn	100
52. Haganeshreppur:	
Skóli, nýbygging	850
53. Akureyri:	
Fastur samningur	15.900
54. Húsavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	600
Barnaskóli, stækkun	1.000
55. Ólafsfjörður:	
Íþróttahús	500
Barnaskóli	3.500
56. Dalvík:	
Skóli, stækkun	2.000
57. Grímseyjarhreppur:	
Sundlaug	2.000

	Þús. kr.
58. Svarfaðardalshreppur:	
Sundskáli, endurbætur	500
59. Hríseyjarhreppur:	
Íþróttahús og skóli	1.500
60. Árskógshreppur, Árskógsskóli:	
Viðbygging	100
61. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug, 3. áf., og íþróttahús	3.500
62. Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
Endurbætur	1.500
63. Svalbarðsstrandarhreppur:	
Íþróttahús	1.500
64. Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
Skóli, 1. áf., og íþróttahús	3.000
65. Bárðdælahreppur:	
Mötuneyti skóla	100
66. Skútustaðahreppur:	
Skóli	2.500
67. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
Íbúð og lóðir	1.000
68. Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
Skóli, 1. áf., og mötuneyti	1.000
69. Presthólahreppur, Kópasker:	
Skóli, nýbygging	1.500
70. Raufarhafnarhreppur:	
Sundlaug	100
71. Svalbarðshreppur:	
Skóli og íbúð	800
72. Þórshöfn:	
Félagsheimili, endurbætur	800
73. Seyðisfjörður:	
Nýbygging skóla	1.000
Íþróttahús	3.000
74. Neskaupstaður:	
Íþróttahús og skóli	2.500
75. Eskifjörður:	
Skóli, nýbygging	1.200
Íþróttahús, endurbætur	1.300
76. Skeggjastaðahreppur:	
Skóli, nýbygging	1.000
77. Vopnafjarðarhreppur:	
Íþróttahús	2.000
78. Hlíðarhreppur:	
Lóðarframkvæmdir	100
79. Jökuldalshreppur:	
Stækkun skóla og íþróttahús	1.000
80. Fellahreppur:	
Grunnskóli	2.000

		Þús. kr.
81.	Hallormsstaður:	
	Íþróttahús	2.800
82.	Egilsstaðahreppur:	
	Íþróttahús, 2. áf.	2.000
83.	Eiðahreppur:	
	Viðbygging skóla	1.500
84.	Reyðarfjörður:	
	Stækkun skóla	4.000
85.	Búðahreppur, Fáskrúðsfjörður:	
	Sundlaug, endurbætur	700
	Íbúð, endurbætur	700
	Íþróttahús	100
86.	Stöðvarhreppur:	
	Skóli og sundlaug	3.000
87.	Breiðdalshreppur:	
	Skóli	2.000
88.	Beruneshreppur:	
	Íbúð, endurbætur	100
89.	Búlandshreppur, Djúpivogur:	
	Heimavist og íþróttahús	4.000
90.	Geithellnahreppur:	
	Skóli, nýbygging	100
91.	Nesjahreppur:	
	Nesjaskóli, lóðir o.fl.	400
	Sundlaug	2.000
92.	Hafnarhreppur:	
	Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
93.	Mýrahreppur:	
	Íbúð	200
94.	Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðaskóli:	
	Viðbygging og endurbætur	1.000
95.	Vestmannaeyjar:	
	Hamarsskóli	5.000
	Breytingar á barnaskóla	2.000
96.	Selfoss:	
	Gagnfræðaskóli og íþróttahús	3.000
97.	Kirkjubæjarhreppur:	
	Skóli, stækkun	200
98.	Mýrdalshreppur:	
	Skólamannvirki	1.000
99.	Austur-Eyjafjallahreppur:	
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	900
	Endurbætur á skóla	600
100.	Vestur-Eyjafjallahreppur:	
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	1.300
101.	Austur-Landeyjahreppur:	
	Íbúð	1.000
102.	Vestur-Landeyjahreppur:	
	Stækkun skóla og íbúð	100

		Þús. kr.	Þús. kr.
103.	Hvolhreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
	Sundlaug og búningsklefar	1.000	
104.	Rangárvallahreppur:		
	Skóli, stækkun	2.500	
	Endurbætur á skólastjórabústað	500	
105.	Holtahreppur, Laugaland:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3.000	
106.	Gaulverjabæjarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500	
107.	Stokkseyrarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	500	
	Viðbygging	500	
108.	Eyrarbakkahreppur:		
	Skóli, stækkun	500	
109.	Hraungerðishreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
110.	Skeiðahreppur:		
	Skóli, viðbygging	1.000	
111.	Gnúpverjahreppur:		
	Skóli, nýbygging	1.500	
112.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	2.500	
113.	Hveragerðishreppur:		
	Skóli, viðbygging	6.000	
114.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Skóli, stækkun	2.000	
	Sundlaug	2.000	
			380.500
b.	Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:		
1.	Seltjarnarnes, skóli	5	
2.	Kópavogur, kennslusundlaug	5	
3.	Garðabær, Hofsstaðaskóli	5	
4.	Hafnarfjörður, Setbergsskóli	5	
5.	Hafnarfjörður, Engidalsskóli, viðbygging	5	
6.	Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5	
7.	Mosfellsbær, gagnfræðask. Brúará, stækkun	5	
8.	Njarðvík, kaup á Þórustíg 1	5	
9.	Kjalarnes, stækkun, 2. áf.	5	
10.	Stóru-Vogaskóli, Vatnsleysuströnd	5	
11.	Ólafsvík, íþróttahús	5	
12.	Ólafsvík, endurbætur á skólastjórabústað	5	
13.	Stykkishólmur, sundlaug	5	
14.	Varmaland, hitaveita	5	
15.	Grundarfjörður, endurbætur á skólastjórabústað	5	
16.	Staðarsveit, Lýsuhóll, nýb. skóla og íb.	5	
17.	Reykhólar, íbúð og lóð	5	
18.	Þingeyri, sundlaug	5	

	Þús. kr.	Þús. kr.
19. Flateyrarhreppur, stækkun skóla o.fl.	5	
20. Bæjarhreppur, íbúð	5	
21. Siglufjörður, viðbygging	5	
22. Hvammstangi, íþróttahús	5	
23. Blönduós, stækkun skóla	5	
24. Húnavellir, sundlaug	5	
25. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5	
26. Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
27. Ólafsfjörður, endurbætur á sundlaug	5	
28. Þelamörk, íþróttahús	5	
29. Grýtubakkahreppur, sundlaug	5	
30. Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5	
31. Raufarhöfn, hönnun íþróttahúss	5	
32. Neskaupstaður, stækkun Nesskóla	5	
33. Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
34. Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5	
35. Norðfjarðarhreppur, skóli	5	
36. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
37. Borgarfjörður eystri, skóli, nýbygging	5	
38. Fellahreppur, skólastjórabústaður	5	
39. Mýrdalshreppur, íbúð Vík	5	
40. Mýrdalshreppur, sundlaug Vík	5	
41. Ketilsstaðaskóli, stækkun	5	
42. Vestur-Landeyjahreppur, skólastjóraíbúð	5	
43. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
44. Djúpárhr., sundlaug og íþróttahús Þykkvabæ	5	
45. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
46. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
47. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
48. Villingaholtshreppur, skóli, viðbygging	5	
49. Selfoss, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
		245
c. Orkusparandi aðgerðir		1.500
d. Stofnbúnaður eldri skóla		2.000
e. Hagræðing		760
		385.005

25. Við 4. gr. 2-750 Skólar fyrir þroskaheft börn. 150 Sameiginleg þjónusta.
Fyrir „33.070“ kemur 38.070
26. Við 4. gr. 2-885 Fullorðinsfræðsla. 160 Heimilisiðnaðarskólinn.
Fyrir „370“ kemur 500
27. Við 4. gr. 2-902 Þjóðminjasafn Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „32.310“ kemur 33.810
28. Við 4. gr. 2-907 Listasafn Íslands. 620 Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7.
Fyrir „19.700“ kemur 22.400
29. Við 4. gr. 2-909 Blindrabókasafn Íslands. Nýr liður:
601 Tölvuvæðing útlánakerfis 400

	Þús. kr.
30. Við 4. gr. 2-931 Náttúruverndarráð.	
a. Við 130 Eftirlit við Mývatn og Laxá.	
Fyrir „1.006“ kemur	1.306
b. Við 632 Þjóðgarðurinn í Skaftafelli.	
Fyrir „1.300“ kemur	1.800
c. Við Nýr liður:	
635 Hreinlætisaðstaða við Gullfoss	1.000
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „12.790“ kemur	11.790
31. Við 4. gr. 2-975 Vísindasjóður. 101 Vísindaráð.	
Fyrir „5.030“ kemur	5.950
32. Við 4. gr. 2-980 601 Listskreytingasjóður.	
Fyrir „5.000“ kemur	6.000
33. Við 4. gr. 2-982 Listir, framlög.	
a. Við 124 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „4.500“ kemur	1.000
b. Við 141 Listasöfn, styrkir.	
Fyrir „2.000“ kemur	3.000
c. Við 175 Lista- og menningarmál, ýmis.	
Fyrir „14.000“ kemur	12.000
d. Við 182 Ferðaleikhúsið.	
Fyrir „300“ kemur	800
34. Við 4. gr. 2-984 Norræn samvinna.	
a. Nýr liður:	
115 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	500
b. Við 118 Menningarsjóður Íslands og Finnlands.	
Fyrir „70“ kemur	2.650
35. Við 4. gr. 2-985 601 Félagsheimilasjóður.	
Fyrir „15.000“ kemur	21.000
36. Við 4. gr. 2-986 Íþróttasjóður. 620 Bygging íþróttamannvirkja.	
Fyrir „45.000“ kemur	51.209
37. Við 4. gr. 2-988 Æskulýðsmál.	
a. Við 116 Íslenskir ungtemplarar.	
Fyrir „570“ kemur	750
b. Við 117 Starfsemi KFUM og KFUK.	
Fyrir „1.380“ kemur	1.500
38. Við 4. gr. 2-989 Ýmis íþróttamál.	
a. Nýr liður:	
120 Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2.000
b. Við 140 Ýmis framlög til íþróttamála.	
Fyrir „2.000“ kemur	4.500
39. Við 4. gr. 2-991 Húsafriðun.	
a. Við 610 Húsafriðunarsjóður.	
Fyrir „2.700“ kemur	3.200
b. Við 640 Byggða- og minjasöfn.	
Fyrir „5.800“ kemur	7.000
c. Við 660 Sjóminjasafn Íslands.	
Fyrir „2.600“ kemur	3.500

			Þús. kr.
40.	Við 4. gr. 2-999 Ýmislegt.		
	a. Nýr liður:		
	120 Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi		2.000
	b. Við 131 Geysir í Haukadal.		
	Fyrir „980“ kemur		1.500
	c. Nýr liður:		
	140 Dimmuborgir		500
	d. Við 142 Reykholtsstaður.		
	Fyrir „400“ kemur		600
	e. Við 171 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.		
	Fyrir „3.300“ kemur		4.000
	f. Nýr liður:		
	196 Útflutnings- og markaðsskólinn		3.000
41.	Við 4. gr. 3-103 101 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.		
	Fyrir „46.517“ kemur		48.817
42.	Við 4. gr. **4-201 Búnaðarfélag Íslands.** Liðurinn orðist svo:		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur.		77.418
	1 01 Yfirstjórn	22.788	
	1 20 Ráðunautar	29.980	
	1 30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnað	21.650	
	1 40 Ýmis framlög	3.000	
	Gjöld samtals		77.418
	Tegundasundurliðun:		
	51 Laun	52.918	
	52–58 Önnur gjöld	30.687	
	59 Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3.000	
	5 Gjöld samtals	86.605	
	4 Sértekjur	9.187	
	Mismunur		**77.418**
43.	Við 4. gr. 4-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nýr liður:		
	682 Stóra-Ármót		3.000
44.	Við 4. gr. 4-231 Skógrækt ríkisins.		
	a. Við 101 Almennur rekstur.		
	Fyrir „103.305“ kemur		88.005
	b. Nýr liður:		
	185 Rannsóknastöð að Mógilsá		15.300
45.	Við 4. gr. 4-235 Landgræðsla ríkisins.		
	a. Við 110 Almenn landgræðsla.		
	Fyrir „59.315“ kemur		64.315
	b. Nýr liður:		
	620 Fræverkunarstöð		2.500

	Þús. kr.
46. Við 4. gr. 4-243 101 Sauðfjárveikivarnir.	
Fyrir „336.175“ kemur	351.175
47. Við 4. gr. 4-246 Veiðimálastofnunin. 140 Laxeldisstöðin í Kollafirði.	
Fyrir „1.000“ kemur	7.600
48. Við 4. gr. 4-247 Yfirdýralæknir. Nýr liður:	
131 Menntun í fisksjúkdómum	2.000
49. Við 4. gr. 4-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Nýr liður:	
660 Landgræðsluáætlun, óskipt	23.600
50. Við 4. gr. 4-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. 130 Rekstur skóla.	
Fyrir „50.539“ kemur	51.139
51. Við 4. gr. 4-502 Bændaskólinn á Hólum.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „49.026“ kemur	49.626
b. Nýr liður:	
601 Fasteignir	3.000
52. Við 4. gr. 4-503 Garðyrkjuskóli ríkisins.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „29.992“ kemur	30.292
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.750“ kemur	1.750
53. Við 4. gr. 5-201 190 Fiskifélag Íslands.	
Fyrir „37.920“ kemur	39.920
54. Við 4. gr. 5-299 121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur.	
Fyrir „2.600“ kemur	5.000
55. Við 4. gr. 6-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. 120 Almenn löggæsla.	
Fyrir „525.945“ kemur	534.345
56. Við 4. gr. 6-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „43.893“ kemur	45.093
57. Við 4. gr. 6-226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík. 601 Nýbygging.	
Fyrir „2.700“ kemur	8.500
58. Við 4. gr. 6-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík.	
621 Lögreglustöð Grindavík.	
Fyrir „1.000“ kemur	4.000
59. Við 4. gr. 6-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „68.423“ kemur	69.923
60. Við 4. gr. 6-240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Nýr liður:	
623 Fangelsi, Kópavogsbraut	4.500
61. Við 4. gr. 6-251 Landhelgisgæsla Íslands. 690 Tæki og búnaður.	
Fyrir „11.600“ kemur	17.600
62. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
6-252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.	
Viðfangsefni:	
101 Bifreiðaeftirlit	14.000
63. Við 4. gr. 6-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. 601 Búnaður.	
Fyrir „800“ kemur	1.500
64. Við 4. gr. 6-304 Ýmis kirkjuleg málefni.	
a. Við 190 Ýmislegt.	
Fyrir „5.986“ kemur	8.300

		Þús. kr.
	b. Nýr liður:	
	542 Viðhald húseignar á Löngumýri	500
	c. Við 651 Hallgrímskirkja.	
	Fyrir „7.000“ kemur	12.000
65.	Við 4. gr. 7-399 601 Vatnsveitur.	
	Fyrir „20.000“ kemur	30.000
66.	Við 4. gr. 7-700 Málefni fatlaðra. 180 Starfsþjálfun.	
	Fyrir „5.240“ kemur	5.640
67.	Við 4. gr. 7-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. 170 Vistheimilið Skálatúni.	
	Fyrir „80.405“ kemur	80.905
68.	Við 4. gr. 7-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. 101 Svæðisstjórn.	
	Fyrir „3.801“ kemur	4.151
69.	Við 4. gr. 7-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. 171 Sólheimar.	
	Fyrir „58.348“ kemur	64.348
70.	Við 4. gr. 7-951 Brunamálastofnun ríkisins.	
	a. Nýr liður:	
	601 Gámur til reykköfunar	1.000
	b. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „25.840“ kemur	26.840
71.	Við 4. gr. 7-999 131 Félagasamtök, styrkir.	
	Fyrir „8.720“ kemur	10.000
72.	Við 4. gr. 8-271 Tryggingastofnun ríkisins. 120 Sjúkratryggingar.	
	Fyrir „5.840.000“ kemur	5.830.800
73.	Við 4. gr. 8-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „20.577“ kemur	20.877
74.	Við 4. gr. 8-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „205.070“ kemur	209.870
75.	Við 4. gr. 8-357 Sjúkrahúsið Siglufirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „99.579“ kemur	100.179
76.	Við 4. gr. 8-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
	a. Við 51 Laun.	
	Fyrir „590.252“ kemur	584.152
	b. Við 52 Önnur gjöld.	
	Fyrir „318.540“ kemur	324.640
77.	Við 4. gr. 8-371 Ríkisspítalar. 150 Þjónustudeildir.	
	Fyrir „928.458“ kemur	938.958
78.	Við 4. gr. 8-372 Borgarspítalinn.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „2.267.109“ kemur	2.271.909
	b. Við 601 Ýmis eignakaup.	
	Fyrir „35.100“ kemur	45.100
79.	Við 4. gr. 8-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
	a. Nýr liður:	
	121 Öldrunarþjónusta á Suðurnesjum	9.000
	b. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
	Fyrir „200.000“ kemur	240.320
	c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	10.500	
2. Akranes, H2	14.600	
3. Ólafsvík, H2	1.100	
4. Stykkishólmur, H2	5.000	
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000	
6. Ísafjörður, sjúkrahús	27.000	
7. Blönduós, H2	23.200	
8. Hvammstangi, H2	1.000	
9. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	2.000	
10. Siglufjörður, sjúkrahús	7.500	
11. Ólafsfjörður	2.200	
12. Akureyri, H2	5.800	
13. Kópasker, H1	500	
14. Raufarhöfn, H1	1.000	
15. Þórshöfn, H1	1.000	
16. Húsavík, H2	25.500	
17. Bakkafjörður, H	400	
18. Egilsstaðir, H2 og sjúkrahús	300	
19. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	5.000	
20. Djúpivogur, H2	6.000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús	2.000	
22. Vík í Mýrdal, H1	1.000	
23. Hella, sjúkrahús	2.000	
24. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	5.500	
25. Þorlákshöfn, H2	6.500	
26. Selfoss, sjúkrahús	3.100	
27. Gerðar, H2	2.400	
28. Vogar, H	2.200	
29. Sandgerði, H	1.200	
30. Hafnarfjörður, H2	20.000	
31. Garðabær, H2	6.200	
32. Mosfellsbær	2.800	
33. Seltjarnarnes, H2	8.000	
		206.500
b. Húsaleiga:		
1. Suðurnes	800	
2. Mosfellsbær	320	
3. Akureyri	7.500	
4. Reyðarfjörður	1.100	
5. Þorlákshöfn	600	
		10.320
c. Læknisbústaðir:		
1. Blönduós	3.000	
2. Hvolsvöllur	4.700	
		7.700

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Sauðárkrókur	6.100	
2. Egilsstaðir	1.700	
3. Sólvangur	8.000	
		15.800
		240.320

d. Nýr liður:
691 Sjúkrahús St. Franciskusarreglunnar í Stykkishólmi 9.000

80. Við 4. gr. 8-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
131 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „60.950“ kemur 62.950

81. Við 4. gr. 8-401 101 St. Franciskusarspítali, Stykkishólmi.
Fyrir „77.553“ kemur 80.753

82. Við 4. gr. 8-403 101 Sjúkrahús Bolungarvíkur.
Fyrir „27.227“ kemur 29.627

83. Við 4. gr. 8-407 101 Sundabúð II, Vopnafirði.
Fyrir „18.876“ kemur 19.776

84. Við 4. gr. 8-408 101 Sunnuhlíð Kópavogi.
Fyrir „72.880“ kemur 75.580

85. Við 4. gr. 8-481 Bindindisstarfsemi. Nýr liður:
120 Stórstúka Íslands, ungliðastarf 1.000

86. Við 4. gr. 9-261 101 Ríkistollstjóri.
Fyrir „158.633“ kemur 164.633

87. Við 4. gr. 9-262 101 Tollstjórinn í Reykjavík.
Fyrir „110.688“ kemur 113.688

88. Við 4. gr. 10-331 101 Vita- og hafnamálaskrifstofan.
Fyrir „53.899“ kemur 55.199

89. Við 4. gr. 10-332 Vitastofnun Íslands. Nýr liður:
640 Kolbeinsey, sjóvarnamerki 3.400

90. Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
a. Við 630 Stofnkostnaður.
Fyrir „400.000“ kemur 410.000

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 630).

1. Akranes	13.100
2. Ólafsvík	8.000
3. Grundarfjörður	4.900
4. Stykkishólmur	30.000
5. Brjánslækur	14.100
6. Patreksfjörður	10.500
7. Tálknafjörður	900
8. Þingeyri	3.000
9. Suðureyri	1.200
10. Bolungarvík	1.000
11. Ísafjörður	26.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Bíldudalur	1.500	
13. Súðavík	10.100	
14. Norðurfjörður	3.300	
15. Hvammstangi	3.500	
16. Blönduós	6.000	
17. Skagaströnd	8.000	
18. Sauðárkrókur	4.500	
19. Hofsós	200	
20. Siglufjörður	20.800	
21. Ólafsfjörður	4.100	
22. Dalvík	10.800	
23. Árskógssandur	3.300	
24. Akureyri	14.400	
25. Grímsey	5.000	
26. Húsavík	30.600	
27. Kópasker	1.000	
28. Hallbjarnarstaðakrókur	600	
29. Raufarhöfn	11.200	
30. Þórshöfn	8.400	
31. Bakkafjörður	5.600	
32. Vopnafjörður	22.400	
33. Borgarfjörður eystri	4.900	
34. Seyðisfjörður	4.500	
35. Eskifjörður	7.800	
36. Reyðarfjörður	8.900	
37. Fáskrúðsfjörður	14.600	
38. Breiðdalsvík	1.300	
39. Djúpivogur	1.200	
40. Höfn, Hornafirði	4.800	
41. Vestmannaeyjar	17.500	
42. Grindavík	15.200	
43. Sandgerði	3.800	
44. Vogar	5.000	
45. Hafnarfjörður	18.200	
46. Garðabær	3.800	
		400.000
Óskipt fjárveiting til slysavarna		6.000
Lendingarbætur, Kópavogur		2.000
Lendingarbætur, óskipt		2.000
		410.000

91. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
631 Landshafnir 15.000

92. Við 4. gr. 10-333 640 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „10.000“ kemur 31.300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	1.300	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Búðardalur	700	
4. Neshreppur utan Ennis	800	
5. Flateyri	1.500	
6. Suðureyri	1.000	
7. Bolungarvík	1.500	
8. Ísafjörður	1.500	
9. Blönduós	3.800	
10. Skagaströnd	1.000	
11. Sauðárkrókur	1.500	
12. Húsavík	3.000	
13. Stokkseyri	4.800	
14. Eyrarbakki	2.000	
15. Grindavík	1.300	
16. Miðneshreppur	800	
17. Gerðahreppur	800	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
19. Hafnahreppur	1.000	
20. Bessastaðahreppur	500	
21. Seltjarnarnes	500	
		31.300

93. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins. 601 Mengunarvarnatæki o.fl.
Fyrir „3.500“ kemur 3.630
94. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög.
a. Við 120 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.
Fyrir „7.780“ kemur 8.500
b. Við 126 Ýmislegt.
Fyrir „2.240“ kemur 3.240
c. Við 133 Öryggismálaskóli sjómanna.
Fyrir „11.050“ kemur 11.500
95. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. 620 Hótel, framlög.
Fyrir „15.000“ kemur 20.000
96. Við 4. gr. 10-652 Veðurstofa Íslands. 120 Jarðeðlisfræðideild.
Fyrir „11.470“ kemur 11.970
97. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Nýr liður:
102 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa 7.086
b. Við 110 Iðnþróun og markaðsmál.
Liðurinn fellur brott.
98. Við 4. gr. 11-102 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa.
Liðurinn fellur brott.
99. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Nýir liðir:
121 Byggingarþjónusta 500
150 Iðnþróun og markaðsmál 7.000

Nd. 236. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði fellt.

Hér er um að ræða framhald skattlagningar á erlendar lántökur sem margyfirlýst er af stjórnvöldum að verði afnumin um næstu áramót. Við það fyrirheit ber að standa.

Tilgangur þessarar skattlagningar var upphaflega að reyna að slá á þenslu í efnahagslífinu en kunnáttumenn sem kallaðir voru á fund nefndarinnar hermdu þó að skatturinn hefði haft lítil áhrif í þá átt. Þenslan hefur nú breyst í samdrátt og vinnur áframhaldandi skattlagning því gegn upphaflegu markmiði sínu. Hafi skatturinn hins vegar haft þau áhrif að fresta lántökum einhverra aðila um hríð er ljóst að slík áhrif munu hverfa verði hann gerður varanlegur.

Við þetta er því að bæta að skattur sem þessi jafngildir í raun tvenns konar gengi, en tvöföld gengisskráning gengur gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga.

Vekur mikla furðu að ríkisstjórn, sem verður í orði tíðrætt um nauðsyn þess að undirbúa íslenskt efnahagslíf undir hinn sameinaða Evrópumarkað 1992, skuli í verki festa í sessi nýjar hindranir í gjaldeyrismálum. Augljóst er að slíkt breyting stefnir í þveröfuga átt við það sem er að gerast í Evrópu og gengur þvert gegn þeirri nauðsyn að afnema hindranir í gjaldeyrisviðskiptum Íslendinga og koma þar á auknu frjálsræði.

Alþingi, 14. des. 1988.

Geir H. Haarde, frsm.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Nd. 237. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Amble, Olil, tamningamaður, Stangarholti Mýrasýslu, f. 29. júlí 1963 í Noregi.
2. Letelier, Jaime Enrique Morales, vélvirki á Akureyri, f. 24. október 1951 í Chile.

Nd. 238. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var upphaflega lagður á árið 1979 sem tímabundin tekjuöflun, en hefur þó verið framlengdur árlega síðan um eitt ár í senn. Álagningarhlutfall var í fyrstu 1,4% en hefur frá árinu 1984 verið 1,1% af fasteignamatsverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.

Núverandi ríkisstjórn hyggst nú tvöfalda skatthlutfallið í 2,2% sem jafngildir 140% hækkun þegar tekið hefur verið tillit til hækkunar fasteignamats milli áranna 1988 og 1989. Þannig mun aðili, sem í ár greiddi 100 þús. kr. í þennan skatt, þurfa að inna af hendi 240 þús. kr. á næsta ári.

Slík hækkun á einum skatti milli ára á sér fá ef nokkur fordæmi og er að dómi undirritaðra algerlega óréttlætanleg, ekki síst þegar þess er gætt að gjaldþol greiðenda þessa skatts fer nú í mörgum tilvikum minnkandi með samdrætti í atvinnulífinu.

Raunar stefna eignarskattshækkanir núverandi ríkisstjórnar í áður óþekktar stærðir, því að af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Reykjavík, sem er yfir 6 millj. kr. að fasteignamati, verður á næsta ári að greiða 6,4% í eignarskatta og fasteignagjöld nái stefna ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Þar af rynnu 5,15% til ríkisins í stað 2,3% í ár, en 1,25% til borgarinnar.

Hækkun núverandi ríkisstjórnar nemur því 2,85% af fasteignamati nái þessi áform fram að ganga. Slík stökkbreyting í skattlagningu er ekki aðeins gífurleg íþynging gagnvart þeim gjaldendum sem í hlut eiga heldur einnig efnahagsleg fásinna.

Eign sem ber 6,4% skatt verður að skila eiganda 6,4% raunávöxtun til þess eins að unnt sé að greiða skattinn. Eignarskatturinn jafngildir í því tilviki 100% tekjuskatti af eignatekjunum. Til þess að skattur á þessar eignatekjur væri sambærilegur við hinn almenna tekjuskatt einstaklinga, eins og ríkisstjórnin ráðgerir að breyta honum, þ.e. 37,2%, þyrfti raunávöxtun eignarinnar að vera 17,2%. Stingur slík ávöxtunarkrafa mjög í stúf við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að ná niður vaxtastiginu í landinu. Jafnframt hlýtur að verða að ætla að slík skattheimta útiloki frekari áform um skattlagningu fjármagnstekna sem þessara.

Fulltrúi Borgaraflokksins í nefndinni leggur til að frumvarpið verði fellt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins mun vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs flytja breytingartillögu þess efnis að álagningarhlutfall þessa skatts verði óbreytt frá því sem verið hefur, 1,1%. Verði sú breytingartillaga felld leggur hann til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1988.

Geir H. Haarde, frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Sþ. 239. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um eflingu löggæslu.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Þorsteinn Pálsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að grípa nú þegar til ráðstafana er fela í sér eflingu löggæslu í landinu.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á Íslandi sem gera aðrar og meiri kröfur til ýmiss konar þjónustu í þágu borgaranna. Meðal þess er krafan um aukna löggæslu á ýmsum sviðum, svo sem vegna umferðarmála, forvarnarstarfs gagnvart aukinni útbreiðslu fíkniefna og vegna alhliða þjónustu í þágu fólksins.

Heilbrigð og öflug löggæsla er einn af hornsteinum lýðræðislegra stjórnarhátta. Þess vegna er mikilvægt að ætíð sé svo vel búið að löggæslunni að hún geti mætt þeim kröfum sem

til hennar eru gerðar. Þörfin fyrir aukna vernd borgaranna eykst stöðugt. Í þeim efnum gegnir löggæslan veigamiklu hlutverki. Enn sem fyrr er frumskylda löggæslunnar fólgin í því að veita fólki nauðsynlega vernd og öryggi gagnvart misindis- og afbrotamönnum. Framkvæmd laga og réttar byggist á öruggri og vel upp byggðri löggæslu. Án þess væri dómsvaldið óvirkt og allt réttarfar í hættu. Þá hefur hlutdeild löggæslunnar í útfærslu umferðarmála aukist ár frá ári. Sá þáttur hefur vaxið mikið að umfangi og er stöðugt tímafrekari í starfsemi löggæslumanna.

Á síðustu árum hafa önnur atriði komið til skjalanna sem gera eflingu löggæslu enn brýnni. Illu heilli hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeirri alvarlegu þróun sem fylgir mikilli útbreiðslu og neyslu fíkniefna. Vel skipulagðir glæpahringir teygja anga sína um allan heim, þar á meðal til Íslands. Þessir aðilar hafa mikinn fjölda misindismanna á sínum snærum sem dreifa og selja hættuleg fíkniefni. Ágengni þeirra og ófyrirleitni teflir árlega lífi tuga eða hundruða unglinga á Íslandi í mikla hættu. Þessum aðilum verður nútímalöggæsla að mæta með öllum ráðum.

Starfssvið löggæslunnar á Íslandi er orðið gífurlega yfirgripsmikið og krefst mikillar árvekni af hálfu þeirra sem þar bera ábyrgð. Þrátt fyrir það hefur ekki verið búið að löggæslunni sem skyldi og alls ekki í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Stefnt er að feigðarósi í þessum efnum og er ekki seinna vænna að löggæslumálin verði tekin fastari tökum í fullu samræmi við nútímakröfur og aðsteðjandi hættur. Það verður ekki gert nema til komi öflugur stuðningur af hálfu ríkis og sveitarfélaga, en eðli málsins samkvæmt heyra þessi mál undir samfélagið í heild. Hér er því ekki verið að gera tillögu um eflingu ríkisvalds sem slíks, heldur þann þátt er lýtur að nauðsynlegri vernd borgaranna.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og nýútkominna upplýsinga um ófullnægjandi aðbúnað íslensku löggæslunnar er þessi þingsályktunartillaga flutt. Aðgerðarleysi af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar til eflingar löggæslu setur öryggi borgaranna í mikla hættu og getur veikt framkvæmd laga og réttar í landinu. Við ákveðnar aðstæður gæti lýðræðislegu stjórnarfari verið ógnað ef löggæslan getur ekki veitt borgurunum nægilega vernd og tryggt öryggi þeirra gagnvart afbrotamönnum eða ofbeldisöflum. Að standa gegn eflingu löggæslu jafngildir því að vilja vísvitandi grafa undan lýðræðislegu réttarfari og þingræðislegum stjórnarháttum.

Til enn frekari áréttingar á mikilvægi þessa máls birtist með þessari þingsályktunartillögu bráðabirgðaskýrsla um löggæsluna í Reykjavík 1988. Skýrsla þessi er fyrsti áfangi af verkefni sem Lögreglufélag Reykjavíkur hefur sett sér um stöðu og þróun þessara mála. Skýrslan er birt hér með góðfúslegu leyfi viðkomandi aðila.

Fylgiskjal.

Lögreglufélag Reykjavíkur:

LÖGGÆSLA Í REYKJAVÍK 1988
Mannafli — vinnuaðstaða — vandamál.
Bráðabirgðaskýrsla.

Skýrsla þessi er fyrsti áfangi af verkefni sem Lögreglufélag Reykjavíkur hefur sett sér. Áformað er að halda áfram verki og reyna að skoða sjálft starfið og hlutverk lögreglunnar í samfélaginu. Eins þurfum við að skoða og endurmeta afstöðu okkar til starfsins, aðstæðna okkar og fjölskyldulífsins.

Ekki hefur enn verið ákveðið með hverjum hætti ráðist verður í seinni áfanga verksins en þó er víst að þeir munu kosta ærna vinnu.

Skýrsla þessi er unnin af nokkrum hópum á vegum félagsins. Hún fjallar um aðstæður við löggæslu í Reykjavík og þau vandamál sem lögreglumenn hnjóta um við framkvæmd starfa sinna. Hún er að sjálfsögðu á engan veg tæmandi og er ekki ætlað að vera það. Lengi mætti við dvelja áður en efnið er upp urið og aðstæður geta breyst dag með degi. Því er þessi skýrsla ekki nema bráðabirgðarskýrsla.

Það liggur í hlutar eðli að svona skýrsla er fyrst og fremst aðfinnsluplagg. Hún er þó ekki ætluð sem árás á einn eða neinn. Við vonum hins vegar að hún geti hrint fram endurbót á sumu því sem hér er minnst á.

Þá væri þetta verk til einhvers unnið.

Stjórnun og skipulag.

Einn mikilvægasti þáttur stjórnunar er að boðleiðir fyrirmæla og ábyrgðar séu ljósar og ótvíræðar, verksvið manna vel skilgreint og ljóst til hverra eigi að leita um einstök efni. Slíkt hefur löngum verið í ólestri hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Ástandið í þessu efni hefur skánað að sumu leyti á síðustu missirum en versnað í öðrum efnum. Gerð hefur verið verkefnisskrá fyrir varðstjóra. Það er góðra gjalda vert. Skrána mætti að vísu endurskoða í sumum efnum og auka við hana. Verra er það að hún hefur verið laklega kynnt. Varðstjórarnir fengu hana að vísu í hendur án umræðu um innihaldið. Almennum lögreglumönnum hefur alls ekki verið greint frá henni. Þyrftu þeir þó að sjálfsögðu að vita glöggt um efni hennar.

Engar reglur hafa verið settar, fyrr eða síðar, um stjórnunarskyldu eða ábyrgð lögreglumanna á vettvangi. Er þó ljóst samkvæmt dómum Hæstaréttar að slíkt skiptir ærnu máli. Eins er á margan veg óljóst hver stjórnunarskylda og ábyrgð hvílir á einstökum verkstjórnarmönnum. Sumt af þessu mun þó hafa verið sett í fyrirmæli en þau hafa verið næsta illa kynnt.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á verkefnum yfirmanna og þær ekki alltaf kynntar undirmönnum þeirra. Slíkt er til vandræða í starfi þar sem stundum þarf að sækja svörin snögglega.

Eins hafa sumum yfirmönnum hjá stofnuninni, svo sem skrifstofustjóra og yfirmanni útlendingaeftirlits, verið fengin umtalsverð völd á tíðum án formlegs eða skilgreinds stjórnunarumboðs. Þeir hafa þannig átt ákvörðunarvald í vissum efnum án þess að skilgreint væri að til þeirra ætti að leita. Boðleiðin hefur aðeins verið á annan veg.

Það er gamall ósiður hærra settra yfirmanna að gefa iðulega fyrirmæli beint, þ.e. yfir höfuðið á þeim verkstjórnaraðilum sem að jafnaði hafa með mannafla og daglega umfjöllun mála að gera. Þá er sjaldan hirt um að láta hina síðarnefndu vita af þessum ákvörðunum. Eins hefur það lengi verið siður að í stað formlegra fyrirmæla komi munnleg tilmæli sem ekki fást staðfest skriflega og yfirboðarar hafa stundum ekki viljað kannast við ef vandræði hafa fylgt máli. Það hlýtur að vera nauðsyn að rás fyrirmæla sé skýr og ljóst hver stýrir og ber ábyrgð hverju sinni.

Á öðrum stað verður gerð grein fyrir ástandi fjarskiptamála en ekki er úr vegi að skoða stöðu fjarskiptamiðstöðar vegna útkalla og afgreiðslu mála. Oft er staðhæft af hálfu yfirstjórnar að fjarskiptin eigi að vera bakhjarl við vettvangsstjórnun og upplýsingamiðstöð fyrir lögreglumenn á vettvangi. Það er þó lítið unnt að gera af slíku á einni slæmri og opinni línu. Því hefur stjórnun fjarskipta orðið lítil í reynd, staða þeirra og ábyrgð ekki skilgreind til hlítar og oft komið upp ágreiningur milli aðalvarðstjóra og fjarskiptavarðstjóra um stjórnun og upplýsingar. Þörf er á að endurmeta starf og stöðu fjarskiptamiðstöðvar þegar nýr búnaður verður tekinn í notkun.

Nokkur vilji virðist til að reyna að breyta skipulagi löggæslunnar. Því miður er sjaldan leitað til þeirra starfsmanna sem eiga að vinna verkin. Hafa almennir starfsmenn oft talið sig sjá fyrir vankantana er síðan hafa komið í ljós. Hefur reyndar oft sýnt sig að hugtökin skipulagning og skipulag eiga ekki alltaf samleið. Því miður hafa sum nýmælin sem best reyndust verið lögð af síðar, svo sem sérstök bifreið fyrir erfiðari útköll, aukið umferðareftirlit og samnýting bifreiða frá Árbæjarstöð.

Það er áberandi hve erfitt er orðið að fá svör um eitt eða annað frá yfirstjórn lögreglunnar. Verkin virðast dreifast á marga án þess að full ábyrgð eða ákvörðunarvald fylgi. Hver vísar á annan eða telur sér skylt að bera bækur sínar saman við fleiri. Þegar gengið er eftir niðurstöðu verður fátt um svör. Er þá sumum yfirmönnum gjarnt að gefa í skyn að vandinn liggi hjá lögreglustjóra sjálfum.

Deild almennrar löggæslu.

Nokkur samdráttur hefur orðið á mannafla og bílakosti til almennrar löggæslu á undanförnum missirum. Á sama tíma hefur löggæsluumdæmi lögreglunnar í Reykjavík stækkað að mun. Að vísu eru sérstakar bifreiðar til löggæslu á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ að degi til en almenn deild lögreglunnar í Reykjavík sinnir löggæslu á þessum svæðum á nóttinni.

Stöðugildi lögreglumanna við embætti lögreglustjórans í Reykjavík munu nú vera 238 og hefur þeim ekki fjölgað undanfarin ár. Reyndar voru fjögur stöðugildi færð frá embættinu til Lögregluskóla ríkisins en engum bætt við á móti vegna stækkunar löggæslusvæðisins.

Nokkur hópur manna gegnir störfum sem flokka má sem skrifstofustörf á vegum embættisins. Við stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins var rannsóknum minni háttar mála og umferðarmála, svo og innheimtu sakeyris, bætt við verkefni lögreglunnar í Reykjavík. Utan um þessi verk hafa hlaðist önnur, ekki síst vegna boðunar og fangaflutninga. Þannig hefur jafnt og þétt verið gengið á mannaflann til útkalla, almennrar löggæslu og umferðareftirlits. Því hefur orðið verulegur samdráttur á venjulegri löggæslu í Reykjavík á sama tíma og bifreiðakostur hefur stóraukist, löggæslusvæðið stækkað að mun og stórborgarbragur færst á brotamálin. Á undangengnu ári hefur síðan almenn löggæsla í Reykjavík verið skorin rækilega niður.

Bílakostur og skipulag eftirlits

Á miðju ári 1987 var bílakostur til almennrar löggæslu í Reykjavík og mannafli á bílum á virkum dögum sem hér segir:

	Morgun-vakt	*Dag-vakt*	*Nætur-vakt*
1. Miðborg	2	2	3
2. Útkallsbifreiðar	3	3	4
3. Hverfi 2–5	2	2	3
4. Hverfi 6–8	2	2	3
5. Fólksbifreið 1	2	2	2
6. Fólksbifreið 2	2	2	2
7. Árbær	2	2	2
8. Breiðholt	2	2	3
Menn	17	17	22
Bílar	8	8	8

Í nóvember 1988 var ástandið á virkum dögum innan sama svæðis sem hér segir:

	Morgun-vakt	*Dag-vakt*	*Nætur-vakt*
Fólksbifreið 1	2	2	2
María 1	2	2	3
Fólksbifreið 2	2	2	2
María 2	2	2	3
Fólksbifreið 3	2	2	2
Fólksbifreið 4	2	2	2
María 3–4	0	0	3
Menn	12	12	17
Bílar	6	6	7

Við þetta bættist þjónustubíll með einum manni að degi til.

Þann 1. desember sl. var enn dregið úr. Árbæjarstöð var lokað, nema að degi til, og jafnframt felld niður eftirlitsbifreið á því svæði, utan þess tíma sem stöðin er opin. Þar með hefur löggæslan enn verið skert:

	Morgun-vakt	*Dag-vakt*	*Nætur-vakt*
Fólksbifreið 1	2	2	2
María 1–2	2	2	3
Fólksbifreið 1–2	2	2	2
María 2	2	2	3
Fólksbifreið 2	0	0	*2
Fólksbifreið 3–4	2	2	2
Fólksbifreið 4	0	**2	0
María 3–4	0	0	3
Menn	10	12	17
Bílar	5	6	7

* Til kl. 03.00.
** Frá kl. 11.00–19.00

Um leið var varðstjóra á Miðborgarstöð fengin bifreið til umráða en henni er ekki ætlað hlutverk til almennra útkalla.

Bílum og mannafla til virkra útkalla og eftirlits hefur því fækkað verulega.

Hér er eingöngu verið að ræða um löggæsluna á virkum dögum. En löggæslan um helgar hefur einnig verið dregin saman. Að vísu er bætt við bifreið á næturvakt, eins og áður var gert, en þar hefur þó bílum fækkað frá því sem fyrr var, mannafli er minni og liðið nýtist mun verr en áður þegar öll afgreiðsla mála er komin inn á aðalstöð. Síðan bætist þar við að mun færri bifreiðar eru þá frá umferðardeild en áður var.

Bifreiðar í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi eru gerðar út að degi til á virkum dögum. Löggæsla á þeim svæðum er ekki enn fullmótuð og því lítil ástæða til að fjalla um hana í þessari skýrslu.

Á undangengnum missirum hefur fólksbifreiðum fjölgað á kostnað stærri bíla. Erfitt er að sinna ölvunarútköllum og öðrum handtökumálum með fólksbifreiðum. Á næturvöktum eru þær bifreiðar einnig fáliðaðri en stærri bílar. Því færist það stöðugt í vöxt að senda þurfi tvær bifreiðar í útköll. Slíkt er orðið næsta algengt þegar eitthvað liggur við. Þetta er auðvitað léleg nýting á mannafla og þar með um óbeinan samdrátt á löggæslu að ræða.

Síðan er orðin venja að leggja fremur bílum en að panta menn á aukavakt ef mannafla skortir á morgun- eða dagvöktum. Því er niðurskurðurinn í reynd meiri en taflan sýnir.

Þegar sett er á aukavaktir um helgar eru dagvaktirnar látnar mæta afgangi. Hefur jafnvel verið gengið svo langt að á tímanum milli kl. 12.30 og 16.00 á laugardegi hafi aðeins ein bifreið verið til almennra útkalla á svæðinu frá Gróttu í Hvalfjarðarbotn. Ástandið hefur oftar verið nærri jafnslæmt. Hefur þá að vísu stundum verið upp á umferðardeild að hlaupa til almennra útkalla, en ökutæki hennar eru þó iðulega í öðrum verkefnum, enda laugardagar orðnir með helstu verslunardögum. Eins eru þá ýmsar uppákomur í gangi sem þurfa við atbeina lögreglu.

Löggæslan er nú öll skipulögð frá aðalstöð og þannig er aukið á þann vandann sem fyrir var, þ.e. að löggæslan hverfi til aðalstöðvar á vaktaskiptum. Er því í reynd ekkert eftirlit og varla unnt að sinna öðru en stærstu málum í um þrjá stundarfjórðunga þrisvar á sólarhring. Getur þá stundum verið þungt að finna bíl til að senda í útköll fyrirvaralaust. Verst bitnar þetta auðvitað á ystu hverfunum.

Með nýju skipulagi hefur áherslan í löggæslu færst austur á bóginn og er því allur niðurskurðurinn á virkum dögum á svæðinu vestan við Elliðaárdal.

Fyrir nokkrum árum var einn stór bíll, mannaður þremur reyndum mönnum að degi til en fjórum á nóttu, hafður til meiri háttar útkalla. Þetta var gert eftir að réttarstaða lögreglumanna þótti skerðast að gengnum dómum og eins þar sem mönnum þótti fjöldi erfiðra útkalla vera að aukast. Að flestra dómi hefur sýnt sig að full þörf var á slíkum bíl. Nú hefur hann verið af lagður. Enginn veit þó til þess að forsendur hafi breyst til hins betra.

Mannafli.

Fyrir nokkrum missirum varð veruleg fækkun lögreglumanna vegna slæmra launakjara. Hættu þá einkum menn á góðum aldri með nokkurra ára reynslu að baki. Síðan hafa verið ráðnir menn í allar stöður og vel það. Vandinn er hins vegar sá að þar með er liðsaflinn til útkalla á vöktunum að stórum hluta lítt vanir lögreglumenn eða afleysingarfólk sem gegnir verkum meðan verið er að mennta hina yngri lögreglumenn til starfans. Þetta afleysingarfólk skortir bæði lágmarksstarfsmenntun og reynslu í lögreglustarfi. Samt er verið að nota það til afgreiðslu á viðkvæmustu málum.

Nú er svo komið að skortir nægilega stóran kjarna reyndra lögreglumanna til að stýra og leiðbeina hinum óreyndari. Ástandið er slæmt á veturna en þó hálfu verra á sumrin þegar sumarafleysingarfólk kemur til. Þá er næsta algengt að tveir óreyndir lögreglumenn séu skráðir saman í bíl til útkalla. Þekking og reynsla eru auðvitað meginforsendur þess að vandasöm mál fái rétta afgreiðslu og erfið vandamál borgaranna fái farsæla úrlausn. Óreyndir lögreglumenn vita oft ekki hvernig á málum á að taka og koma oft fyrir mistök sem ekki er unnt að bæta um síðar.

Ástandið í almennri deild er nú (í nóvember 1988) þannig að til útkalla og almenns hverfaeftirlits á fjórum vöktum er samtals 81 lögreglumaður. (Sú tala er vart marktækt stærri en var árið 1944.) Þar af eru afleysingarmenn 24 eða 29,6%. Í umferðardeild eru síðan 19 lögreglumenn til almenns eftirlits og vettvangsverkefna, þar af tveir afleysingarmenn. Þannig eru aðeins til útkalls og vettvangsverkefna 100 lögreglumenn af rösklega 260 manna liði, eða um 38%. Þá eru ekki taldir frá þeir sem eru frá sökum veikinda eru í orlofi eða að starfi við tilfallandi sérverkefni. Hópurinn er því í reynd nokkru smærri.

Sífellt hefur stærri hópur verið settur til annarra verkefna. Þau eru að vísu nauðsynleg. Flestum býður þó í grun að ekki hafi verið tekið tillit til undirstöðunnar þegar yfirbyggingin var reist.

Samkvæmt talningu úr fjarskiptadagbók lögreglunnar í Reykjavík var fjöldi útkalla í september 4574 en í október 4119. Þessar tölur segja ekki nema takmarkaða sögu. Að sögn starfsmanna á fjarskiptum er ekki allt hið smærra fært til bókar. Eins kemur ekki fram hvort fleiri en ein áhöfn hafa afskipti af málum. Í þessari tölu eru árekstrar og slys. Þeim er að miklu leyti sinnt af sérstakri slysarannsóknarbifreið en einnig af áhöfnum annarra bíla, og eins koma jafnan bílar og hjól til aðstoðar á vettvangi ef eitthvað er að gerast að marki.

Þó má skoða þessar tölur nánar með nokkrum fyrirvara. Sé gert ráð fyrir 35 mínútum á hvert útkall að meðaltali, sem er hóflega áætlað, má gera ráð fyrir að samanlögð lengd útkalla hafi numið 88,94 sólarhringum í september en 77,51 sólarhringum í október. Telji einhver þetta fullhátt reiknað má benda á að samkvæmt skýrslum eru umferðarmál um 1000 fleiri í októbermánuði en fjarskiptabók segir til um og má síðan bæta við öllum þeim afskiptum af ökumönnum sem ekki leiddu til skýrslugerðar!

Þegar bætt er við töfum vegna vaktaskipta, matar- og kaffitímum, tíma til skýrslugerðar og öðrum eðlilegum frátöfum, reynist lítill tími eftir til þess eftirlits sem á að tryggja öryggi borgaranna.

Það ætti þó að vera fyrsta skylda lögreglunnar.

Lögreglustöðin við Hverfisgötu.

Lögreglustöðin við Hverfisgötu var tekin í fulla notkun árið 1973. Löngu áður var ljóst að meinlegir gallar voru á niðurskipan húsnæðis. Hér var flutt í glæsilegt hús en mjög óhentugt. Einkum á þetta við lægri álmuna, Hverfisgötu 113. Ítrekað hafa starfsmenn kallað eftir úrbótum en árangur verið lítill sem enginn. Stöðin er mjög opin á alla vegu og erfitt að hefta inngöngu fólks í erindisleysu. Verður oft lítill friður til afgreiðslu mála, einkum á næturvöktum um helgar. Komið er fyrst inn í stórt opið anddyri þar sem stöðvarmaður er til svara um leið og hann sinnir öðrum skyldum sínum. Hann getur á engan veg hindrað inngöngu óviðkomandi fólks. Þannig er öllum opin leið rakleitt inn á gang þar sem aðalvarðstjóri og varðstjóri hafa skrifstofur sínar, og setustofa og aðalafdrep lögreglumanna blasa þá galopin við. Engin almennileg biðstofa er fyrir fólk sem kemur til að leita ásjár hjá varðstjórum. Enginn biðklefi er á 1. hæð svo tvístra megi grunuðum á ýmsar vistarverur meðan á fyrstu yfirheyrslu stendur. Fangar eru færðir áleiðis til fangageymslu eftir gangi sem liggur fram hjá kaffistofu lögreglumanna og fatahengi.

Stöðvarmaður tekur á móti öllum skýrslum og hefur kæruskrár undir höndum meiri hluta sólarhrings. Þessi gögn liggja þannig á glámbekk frammi í anddyri og er hægðarleikur fyrir óvandaða menn að seilast í þau ef stöðvarmaður þarf að bregða sér inn fyrir dyrnar.

Oft er umtalsverður fjöldi fólks að flækjast á stöðinni og ekki allir sem láta friðlega. Hins vegar er svo spart farið með mannafla að sjaldnast er lið til að koma þessu fólki af stöðinni, nema að áhöfn af útkallsbifreið komi þar við. Má heita heppni að ekki hafi hlotist alvarlegri vandi af.

Afgreiðsla á málum ölvaðra manna og ákvörðun um vistun þeirra fer fram í kaldranalegri kompu í kjallara hússins. Þangað hefur verið hent inn aflóga húsgögnum, sem annars hefðu farið á ruslahaugana, og engan brúklegan búnað eða nothæf upplýsingargögn er þar að hafa utan ræfil af símaskrá og gamalt eintak af íbúaskrá Reykjavíkur. Þarna er einnig einn stór biðklefi (almenningur), vel nothæfur þegar þarf að koma fyrir hóp af ólátaseggjum, en ekki til að nota sem biðstofu við nærfærnari yfirheyrslu eða viðtöl. Þarna er engin aðstaða eða búnaður til töku á framburðarskýrslum hvorki ritvél né annað sem til þyrfti. Engin hljóðeinangrun er í lofti og glymur í við hvert hljóð bæði í herberginu og úti á

gangi. Þarna er aldrei næði til yfirheyrslu og umhverfið allt hið nöturlegasta. Þetta er sá vettvangur sem helst er notaður til ákvörðunar um frelsissviptingu manna. Það er e.t.v ekki gott að búa þetta húsnæði betur því það blasir opið og mannlaust við þegar góðvinum okkar er hleypt út á morgnana.

Fangageymslan.

Aðalaðkoma í fangageymslu lögreglunnar á II. hæð hússins er um lyftu sem er það smá að ekki verður komið í hana sjúkrabörum eða öðrum burðarbúnaði. Eru ófáar ferðirnar sem sjúkralið hefur orðið að fara bakleið um stiga upp eða niður tvær hæðir. Eru þá ekki talin öll tilvikin, oftsinnis á dag, þar sem lögreglumenn hafa þurft að drösla illa sjálfbjarga fólki í lyftuna og úr henni, frekar en að geta lagt viðkomandi á börur. Lyftan er þannig gerð að hún er ekki örugg til að flytja í erfiða menn og æsta.

Innkoma í fangageymslu er vægt sagt óheppileg. Ekki er nein aðstaða til að láta fanga bíða meðan aðrir eru afgreiddir inn. Þannig eru þeir látnir sitja úti á gangi eftirlitslausir ef sá er erfiður sem verið er að afgreiða og þá vandalaust fyrir þá að snarast í lyftuna og niður ef þeim kæmi slíkt í hug.

Afgreiðsluborð í fangageymslu voru til skamms tíma með hvössum köntum og nóg af bríkum og brúnum til að ná handfestu á. Þetta var loksins lagfært í vor og þótti mikil bót að.

Fangaklefarnir eru með steinbálkum og steingólfi. Settar eru svampdýnur á steinbálkana. Bálkarnir eru það háir að menn meiðast iðulega við að falla af þeim niður á steingólfið. Niðurföll eru alls staðar inni í klefunum. Það gerir þrifnað nokkru einfaldari en gefur föngum tækifæri til að losa sig við fíkniefni eða annað smátt sem þeim hefur tekist að leyna innanklæða. Gólfin eru lökkuð og geta reynst hál ölvuðum mönnum á sokkaleistum. Af þeim sökum hafa þó nokkrum sinnum orðið minni háttar slys í geymslunni.

Sumir fangar reyna að skaða sig með því að lemja höfðinu við veggi eða hurðir. Nauðsynlegt er að hafa einhverja klefa svo búna að þeir geti ekki skaðað sig. Gott væri að hafa sérstakan eftirlitsklefa fyrir þá fanga sem verst eru á sig komnir.

Hljóðeinangrun er mjög ábótavant og iðulega halda einn eða tveir fangar vöku fyrir hinum með öskrum og barsmíðum meiri hluta nætur. Engin hljóðeinangrun er í lofti á gangi fangageymslu og berst því hávaðinn um allt húsið.

Ærin nauðsyn er á almennilegu eldvarnarkerfi í fangageymslu. Að vísu eru reykskynjarar á ganginum, en engir í fangaklefum. Hefur þó komið fyrir að fangar hafa kveikt í dýnum sínum og verið að köfnun komnir er fangaverðir urðu varir við reykinn. Ekki er fyrir hendi hlífðarbúnaður til meðhöndlunar fanga í mjög óþrifalegu ástandi eða hugsanlegra smitbera.

Ekki liggur ljóst fyrir um stjórnunarskyldur og ábyrgð í fangageymslu. Enginn aðili hefur virkt eftirlit með daglegum rekstri fangageymslunnar. Ekki fer þar fram nein skipuleg fræðsla eða þjálfun starfsfólks og ekki er um að ræða neina þjálfun í notkun þess búnaðar sem þar er til staðar. Ekki er á lausu aðstaða fyrir varðstjóra til að taka framburðarskýrslur af mönnum í fangageymslu eða vinna þar að framhaldi mála á annan hátt.

Fangageymsla lögreglunnar er að miklu leyti notuð sem móttökustaður fyrir menn illa farna sökum drykkjusýki og lyfjanotkunar og á vegum lögreglunnar er síðan unnið drjúgt starf til aðstoðar þessum hópi. Eins virðist fangageymslan vera orðin ein helsta leiðin til neyðarvistunar illa farinna geðsjúklinga. Eru sumir reyndar í höndum okkar vikum og jafnvel mánuðum saman áður en lausn fæst á þeirra málum. Því miður skortir alla aðstöðu til að veita þessum aðilum lágmarksaðhlynningu.

Samstarfið við borgarlæknisembættið um þessi efni hefur verið prýðilegt og starfsmenn þar með eindæmum þolinmóðir við að sinna kvabbi okkar. Full ástæða er þó til að fylgjast reglulega með heilsufari og ástandi utangarðsmanna þjóðfélagsins. Eins er drjúgt að gera um helgar vegna minni áverka og blóðsýnistöku. Teppast stundum tvær til þrjár lögreglu-

bifreiðar uppi á slysadeild í einu og verður biðin stundum drjúg ef starfsfólkið er önnum kafið eins og tíðum er á næturvöktum um helgar. Það er því ærin þörf á aukinni læknisþjónustu og sérstaklega á læknavakt að nóttu til um helgar.

Sú breyting var gerð á síðasta vetri að starfsemi Miðborgarstöðvar og Árbæjarstöðvar var mjög skorin niður. Stöðvarnar voru að mestu slitnar úr samhengi við löggæsluna í hverfunum sem næst lágu og heimildir til afgreiðslu mála í flestu teknar af starfsmönnum þar. Ekki verður með góðu móti séð hver ávinningur var með þessarri breytingu en vankantarnir eru augljósir.

Miðborgarstöð.

Fyrir nokkrum missirum var að jafnaði fimm manna hópur á hverri vakt á Miðborgarstöð, varðstjóri, aðstoðarvarðstjóri og þrír lögreglumenn aðrir. Auk þess voru þrír til fjórir lögreglumenn á fastri dagvakt á virkum dögum. Gerð var út eftirlitsbifreið frá stöðinni. Á annasömum dögum voru iðulega menn á aukavakt og síðan nokkur liðsauki á næturvöktum um helgar. Sá mannafli fór eftir ástandinu sem hverju sinni ríkti í miðborginni.

Þegar mannsöfnuðurinn var sem mestur á Hallærisplaninu um árið var fjölmennur hópur lögreglumanna með sérstakan bíl þar til löggæslu. Loksins var gripið til þess ráðs að fjölga þar enn frekar nokkrar helgar og hreinsa til. Þar með var þeim vanda útrýmt á skömmum tíma. Oftar hefur það sýnt sig að auðvelt er að losna við óþægindi af slíkum ólátahópum með sérstöku átaki og koma þannig á betri almannareglu og næði en spara um leið löggæslu til lengri tíma.

Á Miðborgarstöð voru afgreidd flest þau mál sem til féllu á miðborgarsvæðinu. Um helgar var að vísu oft farið beint á aðalstöð með þau mál sem ótvírætt stefndu til vistunar í fangageymslu. Þegar tekið var upp á að manna einn bíl sérstaklega til erfiðari útkalla tók áhöfn Miðborgarbifreiðar við eftirliti í Vesturbæ.

Með breytingunni sl. vetur var höggvið á tengslin milli stöðvarinnar og löggæslu á miðborgarsvæðinu. Eftirlitsbifreiðin var tekin undan forræði stöðvarinnar og þar aðeins ætlaðir til verka aðstoðarvarðstjóri og einn lögreglumaður, báðir skráðir frá aðalstöð. Var þá greinilegt að engar hugmyndir voru uppi um að nýta tengsl við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga í grenndinni og innimönnunum tveimur ekki ætlað annað en húsvarsla og innheimtustörf. Öll eiginleg afgreiðsla mála átti að fara fram á aðalstöð. Öll löggæsla á næturvöktum um helgar var skráð frá aðalstöð og undir verkstjórn þaðan.

Endapunkturinn á þessu var nú í sumar er móttökutæki (scannerar) voru teknir úr Miðborgar- og Árbæjarstöðvum. Þar með var komið í veg fyrir að unnt væri að fylgjast með hvernig mál gengju fyrir sig og hindrað að menn staddir þar inni gætu brugðið skjótt við ef vanda bar að höndum. Í sumar var sérstakur varðstjóri settur til verka að degi til á virkum dögum og honum fyrst og fremst ætlað að stjórna föstu dagvaktinni. Ekki var ætlast til að hann hefði frekari stjórnun eða frumkvæði með hendi.

Verksvið föstu dagvaktarinnar á stöðinni hefur breyst á síðustu missirum, ekki síst með tilkomu stöðuvarða Reykjavíkurborgar. Þannig hafa verkefnin vegna stöðu bifreiða minnkað, enda ótækt að láta tvo hópa með ólíkan starfsmáta sinna viðlíka verkefni á sama svæðinu. Verstu stöðubrotin hafa síðan verið afgreidd með aðstoð kranabifreiðar og er það til stórra bóta. Bifreið þessi hefur verið mönnuð frá aðalstöð, en eðlilegra væri að gera hana út frá Miðborgarstöð.

Helstu verkefni lögreglumanna á fastri dagvakt eru því eftirlit á verslunarsvæðinu, einkum í göngugötunni, aðstoð vegna jarðarfara og stöku sinnum liðkun fyrir umferð. Full ástæða virðist vera til að nýta þennan mannafla betur, t.d. með sambandi við fyrirtæki og stofnanir á miðborgarsvæðinu og samvinnu við þessa aðila. Á þann veg væri vafalaust unnt að vinna gott og þakklátt verk. Þá þyrfti varðstjóri á Miðborgarstöð að hafa víðtækara umboð til verka og stjórnunar.

Árbæjarstöð.

Fyrir nokkrum missirum var gerð tilraun með breytta skipun löggæslu í Árbæjar- og Breiðholtshverfum. Breiðholtsbifreið var að miklu leyti færð undir stöðina, mannafli þar aukinn og tekið upp nýtt stjórnunarkerfi með stöðvarstjóra og þremur varðstjórum sem höfðu annað vinnukerfi en hinir starfsmennirnir. Um leið voru gerðar tilraunir með nýtt vaktakerfi fyrir hina almennu lögreglumenn sem þarna störfuðu.

Hér var um að ræða prófun á hugmyndum úr IKO-skýrslunni norsku.

Sumt af þessum nýjungum reyndist miður. Vaktkerfið nýja var starfsmönnunum óhægt og féll illa saman við eðli og þarfir löggæslunnar. Það var því fljótlega lagt niður. Stjórnunarkerfið reyndist misjafnlega og vera má að það hafi ekki verið framkvæmt á réttan veg. Ágætt tækifæri bauðst til forvarna, grenndarlöggæslu og frumkvæðis á stóru svæði, en því miður var það ekki nýtt. Samt fylgdu því allnokkrir kostir að einn maður væri öðrum fremur ábyrgur fyrir stöðinni og löggæslu þaðan.

Hins vegar reyndist ótvírætt til bóta að gera tvo eftirlitsbíla út frá stöðinni. Svo hét að annar væri Árbæjarmegin en hinn Breiðholtsmegin. Í reynd störfuðu áhafnir þeirra sem teymi. Þannig fékkst mun virkari löggæsla en ella á svæðinu. Sömu mennirnir unnu saman dag eftir dag, sömu málum var fylgt eftir dögum saman þegar aðstæður kröfðu þess og þekking á málefnum, staðháttum og vandkvæðum skilaði í flestum efnum mun drýgri árangri. Áberandi var hve margir leituðu til stöðvarinnar um úrlausn mála á þessum tíma.

Það er vafalítið að löggæsla á svæðinu var þá virkari en hún hefur verið í annan tíma.

Ábendingum til yfirstjórnar um vankanta á stjórnunarkerfi var loksins svarað með því að hætta við öll nýmælin og hverfa til fyrra ástands. Það var augljóst að þessu fylgdi mun lakari löggæsla á svæðinu öllu.

Á síðasta vetri var síðan hætt við alla löggæslu frá stöðinni og var þá lítið annað gagn af henni en sem afdrepi fyrir lögreglumenn sem skráðir voru til verka í austustu hverfunum. Einn maður var að vísu hafður á stöðinni til símaþjónustu og húsvörslu fyrir ÁTVR, en hann var slitinn úr öllu sambandi við það sem var að gerast í nágrenninu og hafði ekki umboð til afgreiðslu mála eða til stjórnunar. Öll afgreiðsla verkefna hefur því farið langan veg niður á aðalstöð. Af því hljótast oft verulegar frátafir eftirlitsbíla. Nú mun vera áformað að loka stöðinni að kvöldi og nóttu til. Ekki er unnt að sjá hverjum tilgangi það þjónar að hafa þarna einn mann að deginum. Meðan stöðin var rekin á virkan hátt var hún mikilvæg sem öryggis- og upplýsingarmiðstöð að vetri til vegna umferðar austur um fjall og víðar. Eins bárust þangað tilkynningar, upplýsingar og aðstoðarbeiðnir vegna útivistarsvæðanna þarna í grennd, einkum Víðidals, Heiðmerkur og Bláfjalla. Haldið var uppi reglubundnu eftirliti á Suðurlandsvegi og svæðunum í kring, sem mun nú að mestu af lagt. Staðkunnátta heimamanna gerði alla aðstoð á austursvæðunum, jafnt á vetri sem sumri, mun auðveldari og öruggari en ella. Mörg verkefnin byggðu á sérþekkingu starfsmannanna. Oft voru löggæsluverkefni leyst í samvinnu við lögreglu í nágrannabyggðum, einkum Árnessýslu.

Eftirlits- og frumkvæðisþáttur löggæslu á þessum svæðum er nú lítill sem enginn. Útköllin eru, eðli mála samkvæmt, lakar leyst af hendi og á vaktaskiptum hverfur öll þjónusta lögreglu til aðalstöðvar. Því er löggæsla í austurhverfum borgarinnar alls engin drjúgan tíma á hverjum vaktaskiptum.

Þegar starfsemi útstöðvanna var breytt um sl. áramót var áformað að nær öll stjórnun löggæslu og afgreiðsla mála færi fram á aðalstöð. Ekki var þá aðeins kippt verkefnum frá útstöðvunum heldur einnig aukinn erillinn hjá varðstjórum á aðalstöð. Því hrannast upp verkefni á helstu annatímum, tveir til þrír bílar eru tepptir á aðalstöð í einu af þessum sökum þegar þeirra er mest þörf á varðsvæðunum, fara verður með málin úr ytri hverfum til afgreiðslu á aðalstöð og síðan þarf að þeysa í úthverfin aftur. Þannig er bílaflotinn dreginn til aðalstöðvar og stór svæði löggæslulaus á meðan.

Löggæsla um helgar.

Mestur erill við lögreglustörf er að nóttu til um helgar. Þá er auðvitað mest um aðsteðjandi vandræði og útköll eða aðgerðir vegna þeirra, en jafnframt er þá einnig mest um sum þau brot sem leynt fara og því í raun mesta þörfin á eftirliti á þessum tíma.

Ástandið í miðborg Reykjavíkur á föstudags- og laugardagskvöldum mótast mjög af þeim aðstæðum sem þar eru nú. Ekki er við því að búast að einfaldar aðgerðir lögreglu dugi til að bæta þar úr.

Í miðborginni eru nokkrir skemmtistaðir, bæði dansstaðir og önnur öldurhús. Síðan hefur það löngum verið lenska að ungmenni hafa safnast saman á svæðinu og fylgir því ætíð nokkur drykkja og órói. Hefur gengið á ýmsu hér á árunum, en ástandið oftast verið með hæfi. Um tíma var að vísu nokkur garri kringum Hallærisplanið svonefnda en vandalaust var að halda honum niðri og að lokum var málið leyst með skipulegum aðgerðum fremur fámenns hóps lögreglumanna þrjár helgar í röð.

Síðan hefur ástandið í miðborginni um helgar verið þolanlegt þar til fyrir þremur missirum þegar heimildir til greiðasölu að næturlagi voru rýmkaðar. Fóru þá að aukast mjög vandræði vegna mannsafnaðar að nóttu til um helgar. Fyrir ári var síðan opnaður nýr skemmtistaður þar sem áður var Nýja Bíó. Lögreglumenn vöruðu mjög eindregið við að hafa þarna stóran skemmtistað, en því var ekki sinnt. Því miður reyndumst við sannspáir um vandræðin. Dyrnar að staðnum snúa út að fjölförnum gatnamótum og teppist umferð þar mjög er líða tekur á kvöldið. Verður þessi hnútur til að draga að þá sem eru á reiki í miðborginni. Á þessu svæði er síðan greiðasala úr allmörgum vögnum og söluopum fram eftir allri nóttu. Því er ekki nema von að fólk safnist þarna saman og fari ekki brott meðan eitthvað er við að vera.

Það er greinilegt að æsingur, spenna og ofbeldi hafa farið í vöxt á undanförnum árum. Orsakirnar verða ekki ræddar í þessum sóknum, en okkur býður í grun um þær sumar. Nú er harðnandi tíð í þjóðfélaginu og er það eftir reynslunni að búast megi þá við erfiðari tíma fyrir lögregluna.

Árásar- og áverkamál verða sífellt fleiri en meira munar um það hve þau eru mörg orðin hrottalegri en áður. Þetta á ekki síst við um þau sem upp koma í miðborginni um helgar. Til frekara dæmis um ofstopann eru síðan hinar tíðu árásir á lögreglumenn í starfi sem þarna hafa orðið. Flestir hafa heyrt af þeim áverkum og hafa þó vart önnur tilvik komist í fjölmiðla en þau sem áverkar og meiðsli fylgdu. Gerist það um hverja helgi að fleygt er í lögreglumenn tómum flöskum eða öðru sem áverkum gæti valdið. Það var greinilegt að ofstopi gagnvart lögreglu og árásarmál urðu fyrst áberandi eftir galdrafár í vissum fjölmiðlum á síðasta vetri og greinilegt að árásarmennirnir báru fyrir sig þá vonsku lögreglunnar sem þeir töldu sig hafa sannfrétt.

Til löggæslu í miðborginni eru að jafnaði tólf menn gangandi, gerðir út frá aðalstöð. Hafa þeir lengst af ærinn starfa við að loka gatnamótum á þremur stöðum og reyna að beina umferð frá miðborgarsvæðinu. Engin eftirlitsbifreið er höfð föst til staðar á svæðinu, en þó er reynt að halda einni eða fleiri bifreiðum þar nærri. Það gengur þó misjafnlega þegar mest á bjátar því þá er tíðum afgreiðslubið á aðalstöð og þungt að losa bíla til verkanna.

Ef eitthvað kemur upp á í þessum mannsöfnuði um helgar er nauðsyn að bifreið sé til staðar þannig að unnt sé að ganga beint til verks og óróaseggjunum komið rakleitt af vettvangi áður en nærstaddir reyna að ráðast á bifreiðina eða lögreglumennina. Annars hljótast aðeins verri vandræði af.

Eins og fyrr er getið er Miðborgarstöð að mestu leyti haldið utan við löggæsluna og hún gerð óvirk til afgreiðslu mála. Væri þó hægt að afgreiða þar margt af því sem til fellur. Það er samt ljóst að nauðsyn er að breyta þannig húsnæðinu að unnt sé að hindra inngöngu óviðkomandi og ofstopafulls fólks.

Mannaflinn til löggæslu um helgar dugar engan veginn til annars en að koma í veg fyrir stórfelld skemmdarverk og meiri háttar líkamsmeiðingar. Meiri liðsafli gæti haldið skrílslátunum betur niðri en auðvitað er ekki unnt að losna við vandann meðan hóparnir hanga utan við næturstölurnar og umferðarhnúturinn framan við skemmtistaðinn í Lækjargötu dregur að sér mannsöfnuðinn.

Ljóst er að fyrst verður að loka þessum stöðum. Þá er loksins unnt að koma í veg fyrir skálmöldina í miðborginni og hægur vegur að koma þar á spekt aftur og gera hinum almenna borgara kleift að ganga þar öruggur um helgar.

Óspektirnar í miðborginni draga að sér mannafla og bifreiðar lögreglunnar. Þar með dregur úr allri löggæslu annars staðar. Þannig verður stór hluti Reykjavíkursvæðisins án löggæslu og oft langan veg að fara til aðstoðar í málum þar sem mikið liggur við. Því skapast vandi og hætta um allan bæ meðan ástandið í miðborginni varir. Það verður ekki lengur við þetta unað, en hér verður atbeini borgaryfirvalda að koma til.

Sumir fullyrða ef til vill að ólætin færist þá annað og einhverjir bæta jafnvel við að einhvers staðar verði vondir að vera. Þetta eru bábiljur. Það hefur áður sýnt sig að ólæti spretta ekki upp annars staðar þegar þeim er útrýmt á einum vettvangi, nema sérstaklega sé boðið upp á aðstöðuna til þess.

Ökutæki lögreglunnar í Reykjavík.

Nýlega var gerð úttekt á bílaflota lögreglunnar í Reykjavík. Skoðaður var hálfur fimmti tugur bifreiða og kom í ljós að fullur tugur þeirra var þá í ónothæfu ástandi. Fleiri bílar töldust svo illa farnir að þeir væru ekki á vetur setjandi. Af þessum sökum hafa dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóraembættið leitað eftir því við fjárveitingavaldið að fé fáist til kaupa á 14 lögreglubifreiðum umfram venjulega úthlutun svo að unnt sé að hefja reglubundna endurnýjun frá eðlilegum grunni.

Undangengin ár hefur útgerð bílaflotans verið á þann veg að engum þurfti að koma þessi niðurstaða á óvart. Hafði lögreglufélagið ítrekað gengið eftir því við embættið að svona úttekt væri gerð. Var þannig komið að ein bifreiðin átti hálft áttunda hundrað þúsund kílómetra að baki og önnur lítið skemmri vegalengd. Þó nokkrar eftirlitsbifreiðir höfðu náð um hálfri milljón kílómetra. Þarf engum að segja stórt um ástand eða gagnsemi slíkra bíla.

Þær tegundir bifreiða, sem helst hafa verið notaðar hér til löggæslu, hafa reynst vel í sumum greinum, einkum að því er varðar endingu og trausta útgerð.

Volvo fóksbifreiðarnar eru e.t.v. nokkuð þunglamalegar í akstri, en verra er að ekki hafa verið keyptar þær gerðir sem ætlaðar eru til löggæslu. Því er styrkur og öryggisbúnaður þeirra lakari en skyldi og eins hafa verið keyptar gerðirnar með minnstu vélarafli. Því verður allur forgangsakstur mun hættulegri en ella.

Stærri bifreiðarnar eru flestar af gerðinni Ford Econoline. Þær hafa reynst frábærlega traustar eins og kílómetramælirinn hefur glöggt vitnað um og gott er að vinna í þeim til flestra hluta. Hins vegar er öryggisbúnaður þeirra mun lakari en hófi gegnir. Munar þar mestu um að hemlakerfi er einfalt og þolir ekki forgangsakstur. Hitnar þá hemlabúnaðurinn og við það missir bifreiðin hemlunarhæfni. Er auðvitað ljóst að stór slys geta hlotist af þessu. Forgangsakstur lögreglu er oftast vegna aðsteðjandi neyðar á vettvangi. Er þá oft um mannheill eða jafnvel mannslíf að tefla.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með aðrar gerðir bifreiða og þá jafnan ódýrari bifreiðar eða veigaminni. Hafa þær tilraunir allar farið illa, enda eru þeir bílar sjaldnast gerðir til að þola harða notkun. Vafalítið er unnt að finna gerðir bifreiða sem henta jafn vel til löggæslu eða betur, en þá verður að líta á aðra slóð. Því miður hefur val á bifreiðum verið í höndum annarra en þeirra sem þekkingu hafa í þessum efnum.

Skondnasta ævintýrið í þessum málum var þó er keyptur var Volkswagen Transporter með fjórhjóladrifi. Kunnáttumenn vöruðu við því að sá bíll væri engan veginn nógu sterkbyggður til löggæslu. Fór líka svo að hann átti langa gistingu á verkstæðinu og hlaut fljótlega nafnið „einnota bíllinn", því hann dugði sjaldnast meir en einn dag í senn eftir hverja viðgerð. Það sýndi sig líka að bíllinn var á allan hátt óhentugur til löggæslustarfa. Engu að síður voru keyptir tveir bílar í viðbót, án fjórhjóladrifs, og hefur allur ferill þeirra verið svipaður og þess bílsins sem fyrir var.

(Enginn veit hvað olli, en aldrei fyrr eða síðar hefur nokkur bifreið verið kynnt á sama veg og fyrsta Volkswagenbifreiðin. Voru flestir lögreglumenn dregnir til að skoða auglýsingarkvikmyndir frá verksmiðjunum um ágæti bílsins. Þótti mönnum þetta tilstand hlægilegt og gengu glósur um að verið væri að réttlæta boðsför nokkurra fyrirmanna til Þýskalands skömmu áður en kaupin voru gerð.)

Lögreglumenn eru sammála um að búnaður sá sem í bílunum er þyrfti að vera mun betri og meiri. Hitt er þó verra að ekkert skipulegt eftirlit er með búnaði þessum eða með bifreiðunum sjálfum. — Í grannlöndum okkar, og sums staðar hérlendis, tíðkast að gera krossaskýrslu um ástand og búnað bifreiðanna í byrjun hverrar vaktar eða a.m.k hvers dags.

Umferðarmál.

Umferðarlöggæsla — mannafli — skipulag.

Árið 1984 voru fjórar vaktir í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík og er það fyrirkomulag óbreytt enn í dag. Árið 1984 voru hins vegar níu til tíu menn á hverri vakt en nú eru þeir fimm til sex þegar best lætur. Nú í haust, meðan lögregluskólinn starfar, eru aðeins þrír eða fjórir menn á hverri vakt. Þrjár vaktir gegna nú verkum hvern dag og er nú mannfjöldinn á þeim öllum samtals ámóta og var á hverri vakt fyrir fimm árum. Á sama tímabili hafði umferðardeildin á að skipa fimm bifreiðum og fjórtán bifhjólum en hefur í dag fjórar bireiðar og tíu bifhjól. Tvær þessara bifreiða eru nýlegar en hinar mjög slitnar. Eitt bifhjólanna er nýlegt og sex önnur í þokkalegu átandi en þrjú eru svo léleg að þau verða vart notuð nema mikið liggi við.

Byggð í Reykjavík hefur aukist verulega undangengin fimm ár. Á sama tíma hefur lögreglustjóraembættið tekið við löggæslu á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ og Kjósarsýslu. Við þessar breytingar fylgdu tveir menn á Seltjarnarnesi en Mosfellsbæjarvaktin var tekin af höfðustól borgarlögreglunnar bótalaust. Það er vönum starfsmönnum umferðardeildarinnar ráðgáta hvernig þetta á að geta gengið upp. Langtum fjölmennara lið hafði gengið að störfum árum saman án þess að falla verk úr hendi, svo heitið gæti, enda hafa verkefnin í umferðarmálum sífellt aukist. Skráðum ökutækjum í Reykjavík einni hefur fjölgað á annan tug þúsunda á sama tíma og umferðarlöggæslan hefur gengið saman. Árið 1984 var einn lögreglumaður í umferðardeild á hver 1000 skráð ökutæki en í dag er einn lögreglumaður á hver 1930 skráð ökutæki. Eru þá ótalin skráð ökutæki nágrannabyggðarlaganna sem óhjákvæmilega blandast borgarumferðinni mikið.

Verkefni umferðardeildar.

Meðal skylduverka deildarinnar á undangengnum árum má telja þessi:

Eftirlit með hraðatakmörkum, umferð um gatnamót með umferðarljósum, stöðvunarskyldu og ýmsum öðrum bannmerkjum auk þess að sinna bifreiðastöðumálum. Þá hefur deildin séð um aðstoð við húsaflutninga og önnur viðlíka verkefni og ekki síst hafa starfsmenn deildarinnar sinnt umferðarstjórn þegar á hefur þurft að halda.

Á hverju hausti hefur það verið eitt skylduverkanna að fylgjast með umferð í nágrenni grunnskóla síðustu daganna fyrir skólasetningu og reyna þann hátt að draga úr umferðarhraða þar áður en skólahald hefst. Hefur þessu eftirliti síðan verið fylgt eftir annað veifið

allan veturinn. Á þessu hausti brá svo við að þessum verkefnaþætti var ekki sinnt. Stafaði það m.a. af því að breytingar voru gerðar á umferðarljósum víða í borginni. Þurfti fleiri menn til umferðarstjórnar á meðan og lagðist þá skólaeftirlitið af með öllu. Þá má og heita að þær radarmælingar sem flestir þekkja, þegar áhafnir tveggja bifreiða stóðu saman að verkinu, hafi að mestu fallið niður að degi, enda er ekki lengur mannafli til. Stundum er þetta þó gert að kvöldlagi og þá mannað með aukavinnu.

Ölvunarakstur og ökuleyfissvipting.

Eftirliti með umskráningu og tilkynningu eigendaskipta hefur ekki verið hægt að sinna síðustu tvö ár. Þá hefur og dregið mjög úr eftirliti með ástandi ökutækja, þar sem áður var öflugt samstarf lögreglu og bifreiðaeftirlits.

Á þessu hausti hafa talsvert færri ökumenn verið staðnir að ætlaðri ölvun við akstur en undanfarin ár, enda er allt eftirlit mun minna en áður var. Á sama tíma hefur fjölgað þeim tjónvöldum í umferðinni sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Hefði þó mátt búast við að fækkaði þeim tilvikum sem fram kæmu eftir að afskipti lögreglunnar af umferðarslysum drógust saman. Sú þróun vekur upp ótta við að menn hafi gengið á lagið og ölvunarakstur hafi aukist að mun með minnkuðu eftirliti.

Umferðardeildin hefur árum saman haldið nákvæma skrá um þá sem sviptir eru ökuréttindum vegna ölvunar við akstur eða af öðrum sökum. Á undanförnum mánuðum hefur ekki verið unnt að vinna þá skrá, nema með höppum og glöppum, og því verið talsverð óvissa um hverjir hefðu hlotið sviptingu nýlega. Til skamms tíma var síðan reynt að fylgjast kerfisbundið með því að þeir héldu sviptinguna sem hlutu hana. Til þessa hefur enginn tími verið undanfarið og helst að komist upp um þá sem aka sviptir ef þeir eru stöðvaðir af öðrum sökum og krafðir um skírteini.

Aðstaða lögreglumanna til að kanna ökuréttindi þeirra sem afskipti eru höfð af er afar bágborinn. Er til skammar að ekki sé fyrir löngu búið að tölvuvæða ökuferilsskrána og gera hana aðgengilega hvenær sólarhringsins sem er. Fyrir löngu var tilbúið gagnaskráningarkerfi í þessu skyni, en staðið hefur á afgreiðslu dómsmálaráðuneytis.

Það hefur færst í vöxt að fólk hafi ekki ökuskírteini meðferðis og telji það ekki ofverk lögreglunnar að láta kanna réttindi þess á stöðinni gegnum talstöð. Sá böggull fylgir þó skammrifi að fólk er oft ekki með nein önnur persónuskilríki og segir rangt til nafns, hefur lært nafn og kennitölu vinar eða ættingja. Sé um umferðalagabrot að ræða fylgir oft samkomulag við viðkomandi um að hann kannist við brotið ef hann fái sektarboð og gera menn svo dæmið upp sín í milli.

Full þörf er á að breyta afgreiðslu slíkra mála og leggja ríkari skyldur á herðar þeim sem hljóta ökuréttindi. Það verður að leggja sönnunarbyrðina á ökumanninn um að hann hafi ökuréttindi, en ekki öfugt.

Almenn löggæsla og umferðarlöggæsla.

Vorið 1987 var tekið upp svokallað „breytt skipulag", þar sem almenna deildin var hvött til aukinna afskipta af umferðarmálum. Var fyllilega þörf á þeirri viðbót. Hafði þá undanfarið verið skorinn ræki lega niður mannaflinn í umferðardeild og því dregið úr allri starfsemi þar. Ein eftirlitsbifreið hafði verið færð frá umferðardeildinni yfir í almennu deildina og fjórum bifhjólum lagt. Var nú farið að sýna sig að skert umferðarlöggæsla hafði leitt til vandræða.

Þetta umferðarátak almennu deildarinnar skilaði verulegum árangri en stóð stutt. Um haustið var gripið til niðurskurðar á löggæslu í almennu deildinni. Reyndist þá varla unnt að sinna fleiru en nauðsynlegustu útköllum og umferðareftirlit þar hefur síðan að mestu legið niðri.

Þótt vel hafi verið unnið á þessum tíma urðu líka vandræði vegna ólíkra vinnubragða. Hver og einn getur ímyndað sér að löggæslan verður ómarkvissari þegar stjórnun er á margra höndum og hægri höndin veit vart hvað sú vinstri gerir. Deildaskipting þeirra sem vinna að sömu málum leiðir að sjálfsögðu oft til tvíverknaðar.

Það er álit þeirra sem mest hafa að þessum málum unnið að skipulagri umferðarlöggæslu sé best stýrt frá einum stað. Það reynist sjaldan vel að allir séu að vinna í því sama og þá af takmarkaðri innsýn og þekkingu. Þar fer betur að fámennari hópur vinni verkið af þekkingu og geti verið í fyrirsvari þegar óprútnir náungar hyggjast reka þá á gat. Því virðist þörf á að endurskipuleggja umferðardeildina til fyrra horfs og bæta þar þá heldur við.

Almenningur og umferðarlöggæslan.

Athyglisvert er að í umræðu undangenginna ára hefur sífellt verið um það rætt og ritað að efla þurfi umferðarlöggæsluna, herða viðurlög við brotum og beita virkari aðferðum við að ná til þeirra brotlegu. Hópar áhugafólks hafa varið miklum fjármunum til áróðursherferða, auk ómældrar sjálfboðavinnu. Eðlilegt hefði verið að virkt samstarf tækist með þessum hópum og lögreglunni en ekki hefur orðið úr neinu slíku.

Eftirlit í óauðkenndum bifreiðum.

Það hefur lengi verið viðkvæmt mál hjá sumum ráðamönnum að lögreglumenn vinni störf sín fyrir opnum tjöldum og væru almenningi jafnan sýnilegir. Hefur vart mátt minnast á óauðkenndar bifreiðar, hvað þá óeinkennisklædda lögreglumenn með viðurkennd lögregluskilríki. Árangur hefur hins vegar reynst drjúgur þá sjaldan þetta hefur verið gert og þær aðgerðir iðulega reynst öruggari og hættuminni.

Í nágrannalöndunum opnuðust augu manna fyrir þessu fyrir mörgum árum þó við sofum enn á verðinum. Til að lögregla verði vitni að því sem gerist á degi og vegi þarf hún að falla inn í fjöldann og berast með straumnum án þess að það veki eftirtekt. Enginn brýtur af sér í návist lögreglu. Ef til vill er rökrétt að leggja það út á þann veg að með návist sinni komi lögreglan í veg fyrir að brot sé framið. Auðvitað fara brotin fram þegar lögreglunnar nýtur ekki lengur við og þá er enginn til að ná hinum brotlegu. En óvissan um í hvaða mynd lögregluna ber niður er einmitt líkleg aðferð til forvarna. Það hefur enda komið í ljós að þegar óauðkennd bifreið er notuð reynast ásetningsbrotin vera í meiri hluta, en ekki óviljaverkin.

Þegar svokallað umferðarátak var í gangi síðastliðinn vetur var ítrekað staðhæft í fjölmiðlum að radarmælingar stæðu yfir í ómerktum bifreiðum. Dró greinilega úr ökuhraða fyrst á eftir. Þegar enginn varð aðgerðanna var jókst hraðinn aftur til fyrra horfs.

Engum blöðum þarf um það að fletta að frá öryggissjónarmiði er hægara að vinna sum störf óauðkenndur. Má þar nefna afskipti af unglingum á léttum bifhjólum sem aka um göngustíga íbúðarhverfa. Til þeirra er hægt að ná á þennan hátt gangandi á stígnum í stað þess að stofna til eftirfarar sem getur reynst öllum til hættu.

Nýlega var dreift til lögreglumanna hugleiðingum um hætturnar sem felast í óslitinni eftirför lögreglubifreiðar og þar vitnað til þess að slík æsingaaugnablik heyri brátt kvikmyndatjaldinu til. Augljóst er að menn í ómerktri bifreið hafa betra svigrúm til að meta aðstæður og stýra verkum ef ná þarf til ökumanna sem líklegir eru til afstungu. Þeir eiga einnig betra með að láta til skarar skríða á réttu andartaki.

Þjóðvegalögreglan.

Um árabil hefur vegalögregludeild embættisins haldið uppi eftirliti á þjóðvegum landsins. Hefur hún reynst drjúg viðbót við löggæslu á landsbyggðinni á þeim tímum þegar

umferðin er mest og eins haldið uppi virku eftirliti og umferðarlöggæslu á helstu vegum landsins árið um kring.

Til þessa starfa hafa verið gerðar út fjórar bifreiðar og hefur verið einn fastur starfsmaður á hverri þeirra. Honum til aðstoðar hefur verið settur einn maður úr umferðardeild að vetri til. Yfir sumartímann hefur verið bætt við tveim bifreiðum og sex bifreiðar gerðar út yfir hásumarið. Með auknum straumi erlendra ferðamanna sem hingað koma með eigin ökutæki hefur þörfin fyrir þessa löggæslu síst minnkað á liðnum árum.

En hnífurinn hefur einnig komið við hjá þessari deild. Sumarið 1987 voru aðeins gerðar út fjórar bifreiðar, auk einnar jeppabifreiðar sem höfð var á hálendinu síðastliðið sumar var enn skorið niður og fækkað um jeppabifreiðina, þannig að aðeins fjórum bifreiðum var haldið úti. Tvo undanfarna vetur hefur tveimur bifreiðum verið lagt og áhafnir þeirra sameinaðar í tvær.

Þrátt fyrir vaxandi slysatíðni á þjóðvegunum virðist fjárveitingavaldið ekki sjá sig knúið til að bæta stöðu löggæslunnar.

Rannsóknardeild.

Verkefni almennrar rannsóknardeildar snúast að mestu leyti um umferðarmál. Þrír málaflokkar eru þar fyrirferðarmestir:

1. Ölvunarakstur.
2. Of hraður akstur.
3. Réttindaleysi við akstur.

Frumskýrslur í þessum málaflokkum eru þess eðlis að senda mætti öll einföld og ágreiningslaus mál beint til dómsstóla. Ekkert ætti að vera til fyrirstöðu að bjóða dómsátt á gundvelli fyrrnefndra gagna, eins og reyndar er gert víða um land, og senda aðeins ágreiningsmál og ítrekunartilvik áfram til frekari lögreglurannsóknar og ákvörðunar saksóknara. Þar með gæfist rannsóknarlögreglumönnum betri tími til rannsóknar áverkamála og annara þeirra mála er meira þurfa við.

Allt frá þeim tíma er framhaldsrannsóknir mála fluttust undan sakadómi hefur það verið kappsmál rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík að komið verði á bakvöktum þar, enda iðulega full þörf á að geta kvatt til menn til framhaldsrannsóknar mála utan almenns dagvinnutíma. Hingað til hafa menn ekki átt útkallsskyldu, en engu að síður þolað það að vera kallaðir til starfa þegar mikið liggur við. Þó er skirrst við að grípa til þess þegar ekki liggur ljós nauðsyn fyrir og því hefur rannsókn mála oft beðið skaða af. Eins hafa nýir málaflokkar bæst við, svo sem rannsóknir sjóslysa og erilllinn vegna útkalla aukist.

Um síðustu áramót breytist meðferð árekstrarmála á þann vega að nú áttu aðilar sjálfir að gera sína skýrslu á vettvangi og senda til tryggingafélags. Reyndin hefur orðið sú að flestir hafa talið ofverkið sitt að útfylla þessi blöð og því kallað til lögreglu.

Vegna þessarar breytingar var starfsemi slysarannsóknardeildar breytt og annar útkallsbíllinn lagður af. Hinum var ætlað að sinna slysum og öðrum meiri háttar málum. Hann hefur hins vegar verið notaður áfram í smærri málin og þar með fyrst og fremst verið í þjónustu fyrir tryggingafélögin. Það ætti að vera nærtækt verk að reyna að koma starfi slysarannsóknardeildar í það horf sem það átti að vera. Sé tryggingafélögunum akkur í að hafa þjónustubifreið til aðstoðar við skýrslugerð ætti sú starfsemi að vera á þeirra kostnað. Um leið mætti hætta rekstri útkallsbifreiðar að nóttu til og nýta fjármagnið til að kosta virkar bakvaktir rannsóknardeildarmanna.

Virkar bakvaktir rannsóknardeildar myndu leiða til þess að rannsóknarlögreglumenn yrðu frekar tiltækir á annatímum um helgar þegar mest liggur á um afgreiðslu mála. Eins og málum er háttað í dag er mest áhersla lögð á að hraða afgreiðslu umferðarmála, en eðli mála samkvæmt hafa menn oft þegar á rannsóknarstigi þeirra mála tapað atvinnu sinni, svo sem

þar sem framkvæmd hefur verið bráðabirgðasvipting. Af þessu leiðir að hinn svokallaði A-málaflokkur fær seinni afgreiðslu, enda þau mál oft umfangsmeiri og tímafrekari. Hér er um að ræða mál svo sem minni háttar líkamsmeiðingar, nytjastuld, skemmdarverk og ýmis ágreiningsmál um hagsmuni. Sökum anna hafa mörg þessara mála orðið að sitja á hakanum meira en góðu hófi gegnir, enda starfseminni þannig háttað að rannsóknarlögreglumenn komast lítið frá borðum sínum til nauðsynlegra vettvangsrannsókna.

Ávana- og fíkniefnadeild.

Starf í fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík er ólíkt öðrum lögreglustörfum að því leyti að enginn kemur á lögreglustöð og kærir fíkniefnabrot. Fíkniefnalögreglumaður þarf því að fara af stað og leita uppi brotið. Enn fremur er það mjög sjaldgæft að vitni séu að fíkniefnabroti, því öll meðhöndlun fíkniefna er refsiverð. Síðan er mjög erfitt að finna stað og stund brotsins eða það stutta tímabil sem sölumaður, innflytjandi eða neytandi hefur efnið undir höndum og hægt er að standa hann að verki. Eftir að sú stund er liðin eru sönnunargögn í flestum tilfellum horfin.

Það reynir og mjög á þolinmæði og þrautseigju lögreglumannsins að gefast ekki upp þótt ekkert standist af upplýsingum um það sem fíkniefnasalinn eða innflytjandinn ætluðust fyrir. Síðan þarf að sannfæra yfirmenn um að nú þurfi mannafla, bílakost í svona langan tíma, þetta marga bíla og fleira sem kostar peninga, til að brot upplýsist. Svo þegar sá tími er liðinn berast oft upplýsingar um að innflytjandinn hafi frestað að flytja inn efnið, sem hann á í geymslu erlendis, eða sölumaðurinn hafi orðið hræddur og grafið efnið sitt í jörðu. Þá þarf að sannfæra yfirmenn um að tíminn og peningarnir sem fóru í málið hafi ekki glatast þrátt fyrir allt, heldur hafi safnast við rannsóknina upplýsingar sem komi að notum síðar. Það er yfirleitt reyndin að þeir sem byrja á fíkniefnaviðskiptum halda þeim áfram þar til þeir reka sig á.

Snemma á árinu 1988 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir starfsemi fíkniefnadeildar í kjallara lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Hefur starfsaðstaðan öll batnað til muna. Ekki er að vísu hægt að segja að húsnæðið fullnægi öllum nútímakröfum um hollustuhætti á vinnustöðum, en látum það vera. Verra er að ekki er nema eitt yfirheyrsluherbergi og því ekki unnt að taka skýrslu af fleirum en einum í senn, nema fengin séu að láni herbergi hjá öðrum deildum.

Niðurskurður peninga til löggæslu hefur bitnað illa á starfi við rannsóknir fíkniefnamála. Dregið hefur verið úr aukavinnu, og þótt mönnum hafi verið fjölgað kemur það auðvitað niður á rannsókn þegar sá sem stjórnar henni og heldur utan um allar upplýsingar er sendur heim er dagvinnu lýkur vegna þess að hann er búinn með aukavinnukótann sinn og annar sem veit minna um málið látinn taka við.

Örvandi efnin, amfetamín og kókaín, hafa þau áhrif á neytendur að þeir fá alls kyns ranghugmyndir og ofsóknarbrjálæði. Lýsandi er dæmið um amfetamínneytandann sem flestar nætur sat undir eldhúsborðinu með stóran hníf í hendi, tilbúinn að taka á móti ímynduðum óvini.

Vegna aukinnar notkunar á þessum efnum og afleiðinga þeirra, hefur stóraukist hættan á að lögreglumenn verði fyrir árásum af verra tagi en áður. Því fara fíkniefnalögreglumenn nú jafnan fleiri saman til verka en fyrir tveimur til þremur árum.

Þrátt fyrir fjölgun starfsmanna hefur bifreiðakostur dregist saman og bifreiðaskortur hefur orðið til þess að mannafli nýtist ekki sem vera skyldi.

Í sumar er leið fór annar af tveimur umsjónarmönnum fíkniefnaleitarhunda í ársleyfi. Sá sem eftir er er aðeins með einn gamlan hund sem getur orðið ónýtur til verka hvenær sem er.

Leitarhundur getur að jafnaði farið í fimm til sex leitir á dag eða í tvær til þrjár erfiðar. Þessi eini maður á að sinna fíkiefnaleit um land allt. Hann hefur ekki bakvaktargreiðslur. Síðan á hann auðvitað sín frí og getur þá neitað að koma í leit. Þær leitir sem farið er í án fíkniefnahunds verða því sífellt fleiri og fleiri. Það er mjög slæmt því hundurinn vísar okkur gjarnan á fíkniefni þar sem við hefðum litla eða enga möguleika á að finna þau sjálfir. Hundurinn finnur einnig lykt á stöðum þar sem fíkniefni hafa verið geymd stuttu fyrir leit. Ætíð er handleitað þótt hundur komi til aðstoðar. En án hunds verður leitin tímafrekari og erfiðari og leitarmenn fara af leitarstað óvissari um hvort allt hafi fundist.

Á þessu ári hafa tveir lögreglumenn hætt störfum í fíkniefnadeild og virðist sem ekki eigi að fylla í þau skörð.

Áberandi er að lögreglumenn ílendast ekki í fíkniefnadeild. Einn maður hefur að vísu verið þar í tíu ár, en hann er algjör undantekning. Reglan virðist sú að menn gefast upp og færa sig í önnur lögreglustörf innan þriggja ára. Ekki er gott að segja hvað veldur og sennilega verður ekki bent á neitt eitt atriði. Mestu veldur þó vafalaust álagið sem fylgir starfinu og það að geta ekki stjórnað vinnutíma sínum. Þetta kemur mjög illa við allt fjölskyldulíf.

Lögreglumenn í fíkniefnadeild hafa heldur ekki frið heima fyrir. Hringt er í þá í tíma og ótíma og þeir þurfa að fara til verkefna á öllum tímum sólarhrings, oft án mikils fyrirvara. Ekki hefur enn orðið af því að þeir fái greitt fyrir bakvaktir á kvöldin og um helgar, þrátt fyrir jákvæðar undirtektir og loforð góðra manna.

Ekki bætir það úr skák, eins og hefur gerst þó nokkrum sinnum, þegar menn vinna fram yfir aukavinnukótann og fá ekki greidd laun fyrir þá vinnu sína. Það er erfitt fyrir fjölskylduna að skilja slíkt.

Fylgiskjal I.

Um fjarskiptabúnað.

Um miðjan áttunda áratuginn var ráðist í kaup á nýjum fjarskiptabúnaði fyrir lögregluna í Reykjavík. Fyrri búnaður var að stofni til frá stríðslokum með einhverjum síðari viðbótum. Lítið fjármagn mun hafa verið til ráðstöfunar til þessara kaupa. Vitað var um fjarskiptabúnað, sem til sölu væri frá Bretlandi, frá fyrirtækinu PYE. Á þessum tíma mun aðeins hafa verið um eina gerð af heildarbúnaði frá því fyrirtæki að ræða á því verði sem menn sættu sig við hérlendis. Yfirvöld munu hafa dregið ansi lengi við sig að gefa svör um hvort þau gengju að tilboði þessu frá PYE og aðeins munað hársbreidd að lögregluyfirvöld misstu af þessum búnaði. Telja verður að sérfræðingar hafi verið fengnir til þess að segja til um ágæti þessi búnaðar. Mun m.a. hafa verið stuðst við sérfræðiálit Haralds Sigurðssonar, verkfræðings hjá Pósti og síma.

PYE fjarskiptabúnaðurinn var með tíðni á sviðinu frá 155mhz til 164mhz. Um aðrar tíðni var ekki að ræða frá PYE í þá daga og hefur þetta tíðnisvið verið notað hér síðan.

Fljótlega fór að bera á bilunum í þessum fjarskiptabúnaði, einkum í sendum og handtalstöðvum. Hefur svo verið alla tíð að búnaður þessi hefur reynst til vandræða og öryggi lögreglumanna og borgara beðið stóran hnekki af. Ef til vill má ætla að ekki hafi verið völ á betri fjarskiptabúnaði á sínum tíma, þegar horft var svo mjög í peninginn sem reyndin var. Fer þá stundum svo að menn reynast naumir sér til skaða.

Miklar tilraunir voru gerðar á sínum tíma til að rugla útsendingu fjarskipta löreglunnar fyrir hinum almenna borgara. Starfsmenn Pósts og síma voru fleiri mánuði við tilraunir í þessu efni. Munu þær hafa kostað embættið háar upphæðir án þess að nokkur árangur fengist. Þá hefur miklum fjármunum verið fleygt í viðgerðir og endurbætur á þessum fjarskiptabúnaði.

Sagt hefur verið að leitað hafi verið að ruglarabúnaði erlendis en hann ekki fundist. Trúlega er hér verið að afsaka fyrrgreindar tilraunir, kunnugt er um fyrirtæki í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum sem þróað hafa slíkan búnað og og er okkur kunnugt að hann hafi reynst með ágætum hin seinni ár. Framleiðendur á slíkum búnaði hafa sent yfirstjórn lögreglu í Reykjavík upplýsingar um þessi efni en engar fyrirspurnir fengið að því er okkur er tjáð.

Ávana- og fíkiefnadeild lögreglunnar í Reykjavík fékk sérstakan fjarskiptabúnað fyrir sig að gjöf frá góðgerðarfélagi. Tryggir þessi búnaður deildinni mun meira öryggi og virkni í starfi en áður.

Nú er verið að kaupa nýjan fjarskiptabúnað fyrir embættið og er það vel. Þó virðist eins og kastað sé til þess höndum í annað sinn. Ekki virðist nóg að brenna sig einu sinni heldur þarf sagan að endurtaka sig að sumu leyti. Frést hefur að gengið hafi verið til samninga við umboðsmann sænska fyrirtækisins Ericsson, Georg Ámundason hf., um kaup á nýjum fjarskiptabúnaði sem mun vera saman settur af Ericsson. Ekki var leitað eftir tilboðum í nýtt fjarskiptakerfi, en sagt að einungis hafi verið látin ráða umsögn Haralds Sigurðssonar, verkfræðings hjá Pósti og síma.

Í fyrstu var staðhæft að útboð hefði farið fram hérlendis, en þau orð síðan tekin til baka og sagt að útboð hefði verið gert á erlendum vettvangi. Þetta mun ekki vera rétt og þegar þekktur framleiðandi fjarskiptatækja gerði fyrirspurn um þetta atriði var sú fullyrðing einnig tekin til baka. Tæki þessi frá Ericsson munu kosta röskan tug milljóna króna. Komið hefur í ljós að í þessu verði, 10–12.000.000 kr., fylgir ekki umgjörð um tækin og jafnframt að söluskattur sé þar ekki innifalinn.

Tækin átti fyrst að afhenda haustið 1987, en síðan var afhendingu frestað fram í desember sama ár. Þá kom enn ein frestunin og var rætt um afhendingu í mars 1988. Það stóðst ekki og var sagt að verkföll væru hjá framleiðanda. Þá kom enn ný dagsetning og átti afhending að fara fram um haustið 1988. Tækin munu nú vera komin en þá stóð á nægu fé til að leysa þau út eða öllu heldur til að ná að greiða söluskattinn af þessum búnaði. Það mál er þó loksins að komast í höfn, en eftir er að byggja utan um tækin áður en þau verða sett upp. Í búnaði þessum er tölvustýrð móðurstöð, handstöðvar og bílstöðvar. Nokkrar handstöðvarnar eru þegar komnar í notkun.

Leitað var eftir áliti sænsku lögreglunnar á þessum búnaði, en þar mun sams konar búnaður hafa verið í notkun um árabil. Leitað var svara hjá einni deild óeinkennisklæddrar lögreglu þar sem menn nota mikið handstöðvar í störfum sínum. Töldu þeir að búnaður þessi hentaði engan veginn þar sem ýmsir meinlegir gallar hefðu komið fram og væri nú leitað logandi ljósi að búnaði frá öðrum framleiðanda sem gæti fallið inn í þennan sænska búnað. Þeir sögðust hafa verið nauðbeygðir á sínum tíma að taka Ericsson-kerfið upp, þar sem um það hefði komið krafa frá viðkomandi stjórnvöldum. Hefði verið eftir kaupunum gengið til að Ericsson verskmiðjurnar gætu haldið starfsemi sinni áfram, og jafnframt var samið um að sænska lögreglan fengi ýmsan annan búnað með í kaupunum.

Ericsson-búnaðurinn mun t.d. henta mjög illa við skyggingar, þar sem kerfið er bæði seinvirkt og ótraust. Oft þurfa lögreglumenn að geta treyst fullkomlega á fjarskiptasamband í störfum sínum og þá má þar ekkert út af bregða. Okkur var tjáð að Ericsson-kerfið hafi iðulega brugðist á þegar mest á reyndi. Samband hafi ekki náðst vel á milli handstöðva og erfiðlega gengið að ná því gegnum móðurstöð. Í stuttu máli er móðurstöðin þannig útbúin að tölvubúnaðurinn tekur við sendingum frá stöðvum og deilir þeim út. Þetta er fremur seinvirkt og ótraust. Ef tölvubúnaðurinn bilar eru mjög fáar hliðarrásir til að taka við og á annatíma er hætta á að kerfið verði hreinlega óvirkt. Þá má geta þess að tölvubúnaður þessi frá Ericsson mun vera mjög viðkvæmur og þarf að breyta ýmsu í fjarskiptaherbergjum lögreglunnar áður en búnaðurinn verður tekinn í notkun.

Því ber að sjálfsögðu að fagna að nýr fjarskiptabúnaður sé á leiðinni. Full þörf var á fyrir löngu. Hitt er verra að menn virðast hafa hrapað að vali nýs búnaðar. Okkur er kunnugt að nokkrir aðilar aðrir telja sig geta útvegað vandaðri búnað fyrir talsvert lægra verð.

Á vegum Lögreglufélags Reykjavíkur var leitað nánari upplýsinga hjá einum þessarra aðila, umboðsmanni Motorola. Ástæðan var sú að við þekktum nokkuð til þess búnaðar fyrir. Vitað er að Motorola framleiðir fjarskiptabúnað, sem er talinn mjög fullkominn og munar miklu hve verð hans er lægra, án þess þó að það rýri gæði búnaðarins. Motorola-búnaðurinn er tölvustýrður en vinnur öfugt á við Ericsson-búnaðinn og er það kerfi talið gefa mun meiri öryggi í fjarskiptum. Þá munu handstöðvar frá Ericsson kosta til embættisins rúmlega 190.000 kr., en fullkomnustu stöðvar frá Motorola kosta í kringum 110.000 kr. Motorola-handstöðvarnar eru mun meðfærilegri en Ericsson-handstöðvarnar og ólíkt betri mótun í þeim en Ericsson-stöðvunum. Þá framleiðir Motorola mjög fullkomnar handstöðvar sem kosta um 50.000 kr. Slíkar stöðvar hafa t.d. verið í notkun hjá ávana- og fíkniefnadeild með mjög góðum árangri.

Aðrir umboðsaðilar fjarskiptabúnaðar fullyrða eindregið að Ericsson-búnaðurinn sé langtum dýrari en það sem þeir geti boðið upp á.

Fylgiskjal II.

Þungatakmarkanir — eftirlit.

Um áratugaskeið hefur eftirlit með öxulþunga, umframbreidd og umframhæð ökutækja verið í molum hér á landi. Vegagerð ríkisins hefur gert út eina eftirlitsbifreið vegna þessa, mannaða starfsmanni Vegagerðarinnar og lögreglumanni úr Reykjavík.

Eftirlit þetta fer aðeins fram á vegum vegamálastjóra, þ.e. þjóðvegum utan þéttbýliskjarna. Innan borgarmarka Reykjavíkur hafa fáir lagt í þessi verk aðrir en þeir sem hafa reynslu af verkunum með þeim Vegagerðarmönnum, en þeim er þó verkið illvinnanlegt. Þeir verða að færa bifreiðarnar á bílvogir borgarinnar við Elliðaár eða á hafnarvogina á Grandagarði og þá oft um langan veg. Er þá eins gott að vera viss í sinni sök. Er því ofhlöðnum ökutækjum ekið afskiptalítið um götur borgarinnar.

Við breytingu umferðarlaga 1. mars sl. var skýrar kveðið á um öxulþunga en í eldri lögum. Var því kjörið tækifæri að taka þennan málaflokk fastari tökum. Til þess þarf vogir sem ekki eru fyrir hendi hjá embættinu og situr því í sama fari. Umframþungi mun vera einn helsti orsakavaldur vegaskemmda og skaða á ýmsum leiðslum sem grafnar eru í jörð.

Fylgiskjal III.

Vinnuvélar í umferð.

Vinnuvélaakstur er mikil plága í okkar umferð. Flestar þessar vélar eru ekki skráningarskyldar og því nær ógjörningur að fylgjast með skoðun þeirra og ástandi. Þá er eigendum einnig í sjálfsvald sett hvort þeir kaupa tryggingu fyrir þessi ökutæki eða ekki. Vegfarendur eiga því oft undir fjárhag eiganda vinnuvélarinnar komið hvort þeir fá bætt tjón sem verða í umferðaróhöppum þar sem þessi tæki eiga hlut að máli.

Það var von margra að við endurskoðun umferðarlaganna yrði eigendum gert skylt að flytja þessi tæki á dráttarbifreiðum eða að umferð þeirra yrði bönnuð á annatímum, svo var þó ekki. Sú spurning er því áleitin hvort eðlilegt geti talist að vera á eftir hjólaskóflu, jafnvel með færibandshörpu í eftirdragi, á Suðurlandsvegi, þar sem hámarkshraði er 90 km á klst. Slík vagnlest er oft um 25 m löng og auðsæ hættan sem af slíkum flutningum hlýst.

Fylgiskjal IV.

Umferðarmál — nefndaskipanir.

Það er athyglisvert að skoða hverjir eru skipaðir í nefndir á vegum ríkisins, t.d. til undirbúnings og tillagna í umferðarmálum. Flestir þeir, sem skipaðir eru í nefndirnar, eiga sameiginlegt að vinna á vernduðum vinnustað, þ.e. skrifstofumenn úr vernduðu umhverfi steinkastalanna. Gatan er þeirra samgönguæð og kastalinn vinnustaður. Sjaldan sést meðal nefndarmanna einhver sem hefur götuna að daglegum vinnustað, lögreglumaður, ökukennari eða atvinnubifreiðastjóri, menn sem eyða mestum hluta dagsins við akstur, kennslu og eftirlit með akstri.

Sama er upp á teningnum þegar ályktað er hvernig skuli standa að löggæslu í hinum ýmsu flokkum umferðarmála. Hver gæðingurinn af öðrum ferðast til útlandsins, skoðar umferðarmannvirki og skipulag löggæslu. Þegar heim er komið streyma tillögurnar fram frá þessum aðilum, en oftast kemur í ljós að gleymst hefur að kynna sér málið frá hlið þess sem á að vinna úr því. Þar eru margar spurningar sem reyndur lögreglumaður hefði séð fyrir og kannað af langri og biturri reynslu.

Við samanburð að starfsemi umferðardeildanna í Reykjavík og Stokkhólmi kemur glögglega í ljós að það er ýmislegt sem hér þarf að stokka upp, bæði hvað varðar stjórnun og framkvæmd.

Hér þarf hugarfarsbreyting að eiga sér stað. Það þarf að gefa vinnandi mönnum kost á að kynnast starfsemi stéttarbræðra í nágrannalöndum svo að áhugi þeirra á starfinu aukist og þeir geti miðlað áfram til þeirra yngri. Eigi að nást markvisst átak í umferðarmálum þarf að virkja þá sem þekkja hvar skórinn að kreppir. Það veit sá best sem í honum gengur. Reynsluheimur lögreglumanna er stór og gagnabankinn drjúgur.

Fylgiskjal V.

Tækjabúnaður lögreglunnar í Reykjavík.

Lögreglumönnum er ætlað að leysa margvísleg verkefni við hinar ólíklegustu aðstæður. Sum þeirra má leysa með fortölunum einum, reynslu eða brjóstviti, en til annarra þarf að hafa góðan útbúnað. Flestir lögreglumenn leggja metnað sinn í að leysa öll verkefni sem best af hendi. En alltof oft verður að virða viljann fyrir verkin. Lögreglan í Reykjavík er laklega búin tækjum og búnaðurinn sem til er oft gamall eða lélegur. Gildir það jafnt hvort sem átt er við búnað til björgunar- og aðstoðarstarfa eða til löggæslu.

Öryggi lögreglumanna og borgara er oft stefnt í óþarfa hættu sökum lélegs tækjakosts lögreglunnar. Flestum ætti að vera ljós þörfin á góðum lögreglubúnaði og kunnáttu í notkun hans. Tækjakostur lögreglu er iðulega sá öryggis- og björgunarbúnaður sem fyrst er unnt að grípa til þegar vá ber að höndum og lögregla og slökkvilið einu aðilarnir sem hafa mannafla á öryggisvakt allan sólarhringinn.

Verður hér fjallað lauslega um nokkuð af búnaði lögreglunnar í Reykjavík, um kosti hans og galla og um það sem á vantar. Er hér ekki um nákvæma úttekt að ræða né tæmandi skrá um það sem betur má fara heldur einugis umfjöllun og/eða ábendingar um sumt það sem mætti bæta. Ekki er hér fjallað um bifreiðar eða vinnuaðstöðu innanhús, heldur einungis um búnað til löggæslu og björgunarstarfa.

Það skal tekið fram áður en lengra er haldið að ekki er hér um neina sérfræðilega úttekt að ræða, heldur notið reynslu af starfi við björgun og löggæslu.

Björgunarbúnaður.

Deila má um hve mikinn björgunarbúnað lögreglan eigi að hafa úr því margar vel búnar björgunarsveitir eru í Reykjavík og nágrenni. Oft skiptir þó tíminn svo miklu máli að of tafsamt reynist að bíða eftir björgunarsveit. Er því nauðsynlegt að lögreglan hafi yfir nokkrum lágmarksbúnaði að ráða til að sinna bráðatilfellum eða undirbúa komu björgunarsveita þegar um stærri aðgerðir er að ræða.

Björgunarvesti er í flestum lögreglubifreiðum í Reykjavík. Eru þetta gömul, reimuð vesti og þarf að þræða snæri í kósa til að festa þau á sig. Er það bæði tímafrekt og erfitt, einkum ef mönnum er kalt á höndum eins og oft vill verða þegar staðið er að verkum í vosbúð. Ekki er heldur útbúnaður á vestunum til að tryggja að menn fljóti með höfuðið upp úr eða fyrirbyggja að menn renni niður úr þeim ef þeir missa meðvitund. Til eru vesti sem smellt er saman á auðveldan hátt, með reim er kemur í veg fyrir að meðvitundarlaus maður renni úr þeim og tryggir að hann fljóti með höfuðið upp úr.

Flotgallar þeir er lögreglumenn hafa til afnota til að sinna björgunarstörfum í eru úr þunnu gúmmíi og hafa ekki flotmagn eða einangrun. Þeir sem nota þessa galla þurfa að setja á sig björgunarvesti og klæðast hlýjum fatnaði undir. Yfirleitt er gripið til gallanna í miklum flýti við vond veðurskilyrði. Gefst þá lögreglumönnum sjaldnast tækifæri á að klæða sig sérstaklega og vill brenna við að þeir láti ekki á sig björgunarvesti, heldur treysti um of á gallann. Engin hetta er á göllunum né sérstakir vettlingar.

Björgunarskólinn og landhelgisgæslan hafa mikla reynslu í notkun flotgalla. Nota þeir níðsterka galla með miklu flotmagni og einangrun, búna hettu og vettlingum. Væri vandalaust í samráði við þessa aðila að kaupa nothæfa galla fyrir lögreglumenn.

Kastlínur þær sem eru í lögreglubifreiðunum eru heimatilbúnar úr snæri og flothring. Þarf mikið lag og góða þjálfun til að geta hent þeim út svo að dugi. Línan flýtur ekki svo að sá er verið er að bjarga getur ekki synt að línunni hafi hún ekki lent nákvæmlega hjá honum.

Til eru línur í þar til gerðum pokum og þannig útbúnar að ekki er hætta á að þær fari í flækju. Auðvelt er að henda þeim nákvæmlega og nokkuð langt. Einnig má benda á björgunarbúnað sem von er á og var verið að hanna í Vestmannaeyjum. Virðist hann geta þjónað lögreglunni mjög vel til björgunar manna úr snjó.

Gúmmíbátar eru mikið notaðir við björgunarstörf. Lögreglan á tvo slíka báta. Annar bátanna var gefinn lögreglunni af Slysavarnafélagi Íslands fyrir vænum tveimur áratugum. Var hann þá ætlaður sérstaklega til björgunar manna úr höfninni. Sá bátur er nú geymdur hangandi upp á hlið í frystigámi við Árbæjarstöð, orðinn mjög lúinn og mikið bættur. Lekur þó mikið úr honum þrátt fyrir allar bæturnar. Bátur þessi er þar ætlaður til björgunar á fólki á vötnunum fyrir ofan bæinn. Báturinn er mjög lítill og þröngt um þrjá menn í honum. Ef tveir fara til hjálpar er því erfitt að innbyrða þann sem verið er að bjarga og illmögulegt að veita hjartahnoð eða aðra lífsnauðsynlega skyndihjálp. Ekki er unnt að notast við bátinn til köfunarstarfa sökum smæðar hans þar sem búnaður kafara er fyrirferðamikill. Helsti kostur þessa báts hefur hins vegar verið sá að auðvelt er að skorða hann aftur í stórum lögreglubíl án frekari tilfæringa.

Hinn báturinn er geymdur í óupphituðu skýli við aðalstöðina en er þó enn í mjög góðu ástandi. Kostir þess báts eru margir því að hann er meðfærilegur, léttur og gott að lenda honum við erfiðar aðstæður, en gallar hans eru líka drjúgir. Þegar verið er að leita á bátnum situr stjórnandi hans mjög lágt og sér því skammt, mikil hætta er á að hann velti í hvassviðri sökum þess hve léttur hann er, hann er hægfara og ekki eins auðveldur í meðförum þegar hann er kominn á flot eins og þeir bátar sem verið er að kaupa í dag til björgunarstarfa á grunnsævi. Bát þennan má vel nota í öllum veðrum á stöðuvötnum, þar sem öldur eru minni en á sjó.

Verður því að segja um bátinn að hann hentar vel við sum skilyrði en gæti reynst of seinn í kapphlaupi við dauðann eða annars þegar mikið liggur við. Eins getur hreinlega verið hættulegt að fara á honum út á sjó í miklu roki.

Björgunarsveitir landsins hafa verið að kaupa litla handhæga báta undanfarið til björgunarstarfa. Hafa þeir reynst mjög vel og væri hægt í samráði við þær að finna bát sem gæti hentað lögreglunni. Hjá lögreglunni eru menn á vakt allan sólahringinn og því skjótast unnt að bregðast við af hálfu lögreglu ef hún hefur traustan bát til umráða og þjálfaða menn í meðferð hans.

Gamla bátnum í Árbæjarstöð ætti að henda, enda verður hann vart til gagns úr þessu. Hentast væri svo að koma nýrri bátnum í verð og kaupa annan, stærri og hentugri, sem geymdur væri í góðu skýli við aðalstöð.

Snjósleði lögreglunnar er orðinn gamall og of veikburða til þeirra verka sem honum eru ætluð. Honum fylgir síðan stór og þungur vagnsleði fyrir sjúkrabörur. Sá sleði er þyngri en svo að snjósleðinn fái dregið hann með góðu móti um torleiði. Vinna á snjósleðum fer yfirleitt fram í vondum veðrum og við erfiðar aðstæður þar sem lítið má út af bera. Því er nauðsynlegt að hafa tvo góða sleða, svo að tveir menn geti farið saman til verka og verið færir um að hjálpa hvor öðrum ef eitthvað ber upp á. Þeir sleðar þyrftu að vera vel búnir. Telja verður brýna þörf á að kaupa tvo nýja sleða í stað þess gamla og láta þá í hendur takmarkaðs hóps lögreglumanna sem kynntu sér vel meðferð þeirra.

Því miður hafa orðið slys og óhöpp í nágrenni Reykjavíkur þar sem skjót viðbrögð skipta lífi og dauða. Skjót geta viðbrögð til björgunar aldrei orðið nema góð tæki séu til reiðu. Björgunarsveitir hafa undanfarið keypt marga vélsleða, sem reynst hafa mjög vel, og má nýta sér reynslu þeirra í þessu efni.

Snjóflóð hafa valdið dauða fleiri Íslendinga en nokkrar aðrar náttúruhamfarir. Ekki eru mörg ár síðan tveir ungir menn týndu lífi í snjóflóði í Esjunni. Fjallgöngur og skíðaiðkun verða æ vinsælli og því fer hætta á slysum af völdum snjóflóða vaxandi. Ef fólk lendir í snjóflóði er brýnt að björgun berist sem allra fyrst. Unnt er að flýta fyrir verkum með því að afmarka útlínur flóðsins, hefja yfirborðsleit, undirbúa komu björgunarsveita, o.fl. Þetta geta tveir vel búnir lögreglumenn gert, því þar eru menn ávallt á vakt og geta því brugðist skjótar við en björgunarsveitir. Er þörf á að kaupa búnað til þessara hluta en innan lögreglunnar eru nú menn með þekkingu á slíkum búnaði og hvernig eigi að nota hann.

Súrefnistæki eru nauðsynleg, bæði til að hafa í bát þegar verið er að reyna að bjarga fólki frá drukknun og við slys þar sem öndunarörðuleikar eru. Í Reykjavík búum við við mjög góða sjúkrabifreiðaþjónustu og því ekki þörf á súrefnistækjum í lögreglubifreiðar. Hins vegar er brýnt að hafa slík tæki í bátum og væntanlega einnig í þeim farartækjum sem fara til löggæslu út á land. Við köfunarstörf er nauðsynlegt að hafa tiltæk súrefnistæki. Lögreglan þyrfti að eiga a.m.k. tvo fyrirferðalítil tæki sem fljótlegt væri að grípa til.

Sjúkrabúnaður lögreglunnar í Reykjavík er vægast sagt til skammar. Í flestum sjúkrakössum í lögreglubifreiðunum er lélegur sáraböggull og plástur. Þar eru engar grisjur til að breiða yfir stærri sár, enginn búnaður til að loka í skyndi slagæðablæðingum eða loftþéttar umbúðir til að loka sárum með sogi, t.d. lungnagötum vegna hnífstungna eða skotsára.

Kössunum er yfirleit komið fyrir í farangursgeymslu lögreglubifreiðanna eða í læstum skáp þar sem erfitt er að ná til þeirra. Oft vill svo til að vantar réttan lykil að skápnum og verða menn þá að sprengja hann upp. Þarf vart að eyða fleiri orðum um þetta mál.

Landsamband hjálparsveita skáta selur hentuga sjúkrakassa og þeim fylgja festingar til að tylla þeim á góðum stað í bifreiðunum. Í þessum kössum er vandaður sjúkrabúnaður.

Handluktir eru yfirleitt ekki í lögreglubifreiðunum, þótt til þess sé ætlast, og kostar oft mikið þras að reyna að fá þær. Luktirnar sem um er að ræða eru af ódýrustu og

ómerkilegustu gerð og oft til lítils gagns. Það er augljóst öllum að lögreglumenn þurfa að hafa góð handljós bæði við björgunar- og lögreglustörf.

Handtalstöðvar eru hérlendis mun sjaldgæfari en gerist hjá lögreglu annars staðar. Með notkun þeirram marfaldast öryggi lögreglumanna. Þær geta þeir tekið með sér inn í hús og kallað þaðan á aðstoð, en þurfa ekki að hlaupa út í bíl eða í síma, en þess gefst ekki alltaf kostur. Væri æskilegt að sem flestir lögreglumenn hefðu eigin stöðvar til afnota. Í hverri eftirlitsbifreið sem sinnir útköllum þyrfti að vera minnst ein handstöð og í hverjum hópi lögreglumanna á eftirlitsferð þyrfti einn að vera með talstöð.

Sérhæfður lögreglubúnaður.

Lögreglumenn hafa stundum í starfi sínu afskipti af hættulegum mönnum sem margir er búnir ýmsum vopnum, jafnvel skotvopnum. Lögreglumenn eru almennt illa búnir og oft lítt þjálfaðir til að fást við slíka menn. Hafa menn oft orðið að krafsa sig fram úr slíkum vanda með brjóstvitið eitt að vopni. Ljóst er að fyrr en síðar verður hér voði af. Því er mjög brýnt að þjálfa lögreglumenn betur til slíkra verka og láta þá fá betri búnað til að fást við hættulega menn.

Óeirðir verða sjaldan hér á landi. Þó kemur slíkt fyrir og sums staðar árvisst. Slík ólæti eru sjaldan alvarleg, en alvaran stundum laundrjúg og komið hefur fyrir að menn hafi talið rétt að halda upp á þrettándann með því að birgja sig upp af bareflum og Mólotoff-kokkteilum.

Það er nú einu sinni ein meginskylda lögreglu að setja niður ofbeldisaðgerðir og koma á almannafriði. Þegar hallar á friðinn reynir fyrst á sumar tegundir lögreglubúnaðar. Slíkur búnaður er hér því miður lakari en góðu hófi gegnir. Eins er sumt af þessum búnaði geymt bak við lás og slá á vegum birgðavarðar og ekki aðgengilegt þegar vanda ber að höndum.

Ýmis lögreglutæki.

Mikið vantar af ýmsum búnaði sem gagnast við að leysa smærri mál og annað, sem til er, lélegt. Þó er sumt af útbúnaði prýðilegt.

Líkpoka þurfa lögreglumenn oft að nota. Pokarnir sem til eru halda ekki vökva og vill því blóð og annað renna úr þeim þegar þeir eru bornir. Þarf ekki að fjalla um sóðaskapinn sem af þessu verður. Eins reynast þeir oft of litlir þegar taka á útblásið lík af stórum manni. Hlífðarföt til nota við að taka upp rotin lík þyrftu að vera til.

Einnota hanskar eiga að vera í hverjum bíl, en á því hefur verið misbrestur. Í hverri lögreglubifreið þyrfti að vera kassi með hönskum og sérstakur poki til að henda þeim í eftir notkun.

Tækjavagnar eru víðast til hjá lögreglu erlendis. Í þeim er búnaður til að loka af svæðum, lýsa upp vettvang, meðfærileg umferðarmerki, áhöld af ýmsum gerðum og margt annað sem lögreglumönnum gagnast á vettvangi.

Lokaorð.

Lögreglumenn verða oft fyrir því að hafa mistekist við verkefni sín, en átta sig síðan á því að með betri þjálfun og betri tækjum hefði þeim tekist betur til. Stundum er verkefnið aðeins að opna bifreið fyrir borgarann. Stundum snýst það um líf og dauða. Fyrir hvert líf sem tekst að bjarga má kaupa mikinn búnað.

Þjálfun er þó meira verð en tæki. Sú þjálfun, sem menn hljóta, er veitt í námi í Lögregluskóla ríkisins. Um frekari verkþjálfun er síðan vart að ræða. Auðvitað er það fáránlegt að það lið, sem ætlað er til öryggis- og hjálparstarfs, skuli ekki vera í sífelldri þjálfun. Því miður virðast þeir aðilar sem eru til fyrirsvars í Stjórnarráði ekki skilja á þessu þörfina.

Nd. 240. Breytingartillaga [135. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Geir H. Haarde.

Við 6. gr. Í stað „2,2%“ komi: 1,1%.

Nd. 241. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við dreifingu skattbyrða telja kvennalistakonur eðlilegt að horfa til hinna breiðu baka í þjóðfélaginu. Með tilliti til þess hafa þær stutt sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og einnig tillögur um hækkun hans. Sú afstaða styðst enn fremur við nauðsyn þess að hamla gegn offjárfestingu og þenslu í þessum greinum. Sú þörf var augljós þegar þessi skattur var síðast til meðferðar á Alþingi.

Nú eru aðstæður að sönnu á margan hátt breyttar. Fjárfestingaræðið hefur rénað og samdráttur er víða hafinn. Ein er þó sú grein, sem þessi skattur tekur til, og stendur nú með sérstökum blóma, en það er starfsemi banka og annarra aðila á fjármagnsmarkaði, en þeir munu greiða verulegan hluta af þessum skatti.

Á þessu ári nær álagning skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði til 954 lögaðila og 1200 einstaklinga. Tæplega 90% af skattinum eru lögð á aðila á höfuðborgarsvæðinu þar sem meðalskattur á hvern gjaldanda er u.þ.b. þrefalt hærri en utan þess svæðis. Ótrúleg umsvif í þessum greinum á undanförnum árum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, benda ekki til þess að þeim hafi verið íþyngt um of með álögum, og þótt nú hafi þrengt að er það álit 2. minni hl. að þessi skattur skipti ekki sköpum um afkomu fyrirtækja. 2. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1988.

Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 242. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem borist hafa ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Sighvatur Björgvinsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1988.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. | Geir Gunnarsson.

Friðjón Þórðarson. | Guðni Ágústsson.

Ed. 243. Frumvarp til laga [20. mál]

um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

2. gr.

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

4. gr.

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að hækka laun, þóknanir og hvers konar hlunnindagreiðslur umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á ákvæðum laga þessara við framkvæmd kjarasamninga einstakra starfsgreina geta verkalýðsfélög eða vinnuveitendafélög vísað honum til úrskurðar sérstaks gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðila kjarasamnings tilnefna einn mann og Hæstiréttur hinn þriðja og er hann formaður dómsins. Úrskurður gerðardóms er fullnaðarúrskurður. Kostnaður við gerðardóm greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.

8. gr.

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 49 1987, skal hækkun persónuafsláttar flýtt þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí 1988.

11. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.

Sþ. 244. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Afgreiðsla fjárlaga hefur að þessu sinni verið nokkuð frábrugðin því sem vani hefur verið. Í fyrsta lagi kom frumvarpið mun seinna fram en venjulegt er og átti það rætur að rekja til stjórnarskiptanna á sl. hausti. Fjárveitinganefnd gat því ekki hafið fjárlagavinnuna fyrr en u.þ.b. þremur vikum síðar en venjulega. Í öðru lagi gerðist svo það að á tímanum sem liðið hefur frá því fjárlagafrumvarpið var lagt fram hafa orðið meiri breytingar á öllu efnahagslegu umhverfi, bæði hvað varðar afkomu ríkissjóðs og atvinnuvega á árinu 1988 og hvað varðar efnahagshorfur komandi árs, og þess munu fá eða engin dæmi að svo mikil umskipti hafi orðið á jafnskömmum tíma. Ástæðulaust er að rekja þessar breytingar hér, svo oft og rækilega hefur það verið gert að undanförnu. Nægilegt er að árétta að umskipti þessi frá þenslu til samdráttar á svo til öllum sviðum efnahagslífsins hafa breytt svo forsendum fjárlagagerðar og spám um tekjur og útgjöld ríkisins að óhjákvæmilegt var að ákvarðanir yrðu teknar um veruleg frávik frá upphaflegum áformum frumvarpsins, bæði hvað varðar tekju- og útgjaldaáform. Á meðan meðferð fjárlagafrumvarpsins í fjárveitinganefnd stóð sem hæst tilkynnti ríkisstjórnin þá ákvörðun sína að óhjákvæmilegt væri að hún breytti bæði tekju- og útgjaldaáformum sínum frá því sem ráð hafði verið fyrir gert í fjárlagafrumvarpi. Á

meðan þau mál voru til umræðu og umfjöllunar í ríkisstjórninni var óhjákvæmilegt að fjárveitinganefnd biði með útgjaldaafgreiðslur sínar og varð því óhjákvæmilega nokkurt hlé á störfum nefndarinnar þegar lokið var þeim þætti í starfsemi fjárveitinganefndar sem varðar móttöku og skoðun erinda og vinna hennar var komin yfir á ákvörðunarstigið. Af þessum ástæðum, styttri starfstíma en venjulega, vegna þess hve seint frumvarpið var lagt fram, og sökum nokkurra tafa er urðu á afgreiðslum vegna gerbreyttra aðstæðna, þá hefur fjárveitinganefnd haft miklu knappari tíma til þess að ljúka hefðbundnum verkum sínum en vanalegt er og æskilegt hefði verið. Engu að síður hefur tekist að ljúka nærfellt öllum afgreiðslum nefndarinnar er varða 4. gr. frumvarpsins; þar á meðal yfirferð nefndarinnar yfir smærri safnliði sem nefndin gerir tillögur um skiptingu á, annaðhvort í fjárlögum eða með bréfi síðar, þannig að önnur umræða um frumvarp til fjárlaga getur farið fram á svipuðum tíma og vanalega. Þetta hefur tekist vegna mjög góðs samstarfs í nefndinni og eiga fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni góðan hlut að því samstarfi um störf og afgreiðslur nefndarinnar. Ber að þakka það og þá ekki síður þar sem allar aðstæður við afgreiðslur nefndarinnar, bæði hvað varðar svigrúm í tíma og til efnislegrar afgreiðslu erinda, hafa verið knappari en oftast áður. Þetta samstarf um störf fjárveitinganefndar felur það auðvitað ekki frekar í sér nú en áður að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni séu með sama hætti ábyrgir fyrir tillögum nefndarinnar og meirihlutamenn. Fram hafa komið frá þeim hörð andmæli við tilteknum afgreiðslum eins og fram mun koma bæði í nefndaráliti minni hl. og í umræðum á Alþingi. Einnig hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni að sjálfsögðu tekið fram að þeir áskilji sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja slíkum tillögum sem fram kunna að koma.

Á síðasta hausti urðu þær breytingar á starfsaðstæðum fjárveitinganefndar að hún tók þá ákvörðun að óska eftir samstarfi og aðstoð frá Ríkisendurskoðun, en sú stofnun heyrir nú undir Alþingi. Á sama tíma óskaði nefndin eftir áframhaldi á því mikla samstarfi sem hún hefur jafnan átt við Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Öðlaðist fjárveitinganefnd þannig stórbætta aðstöðu án þess að þurfa að missa nokkurs í þeirri vinnuaðstöðu sem nefndin áður hafði haft með samstarfi við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fleiri. Reyndust þessi nýju vinnubrögð vel, svo að ákvörðun var tekin um það á sl. hausti að haldið yrði áfram á sömu leið og var þess farið á leit að nefndin fengi aukna þjónustu frá Ríkisendurskoðun um leið og varðveitt yrði hið nána og góða samstarf við Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Umrædd skipan mála hefur stórbætt alla starfsaðstöðu fjárveitinganefndar og á sú aukna aðstoð, sem nefndin hefur fengið með þessum hætti, án efa hvað ríkastan þátt í því að nefndinni tókst að ljúka verkefnum sínum fyrir aðra umræðu á miklu knappari tíma en venjulega. Miklu meira máli skiptir þó að með samstarfi fjárveitinganefndar við þessar tvær stofnanir, Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, stórbatnar aðstaða nefndarinnar og einstakra nefndarmanna, jafnt í stjórnarandstöðu sem í stjórnaraðstöðu, til þess að leggja sjálfstætt mat á viðfangsefni fjárlagagerðar. Framar öllu breyta þessar aðstæður möguleikum fjárveitinganefndar til þess að fylgjast með framkvæmd fjárlaga, en mörgum hefur fundist mikið á það skorta að Alþingi legði næga áherslu á að fylgjast með því að þær ákvarðanir væru virtar sem teknar eru við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum fyrir íslenska ríkið. Loks urðu breytingar einnig á sjálfu starfsumhverfi fjárveitinganefndar þegar nefndin fluttist nú í desember í nýtt húsnæði í Austurstræti að fyrirlagi forseta Alþingis. Þar verður vinnuaðstaða fjárveitinganefndar eins og best verður á kosið þegar það húsnæði verður komið í full not.

Breytingartillögur nefndarinnar, sem hún flytur nú við 2. umr., varða 4. gr. og nema alls 514.837 þús. kr. Breytingartillögur þessar má greina á eftirfarandi hátt til þess að veita nánari upplýsingar um eðli þeirra og umfang:

Yfirlit um breytingar á útgjaldaflokkum frumvarpsins.

Fjárhæðir í millj. kr.	Frumvarp fram lagt	Frumvarp v 2. umr.	Frávik	Hlutfall
Launagjöld	23 716	23 776	60	0,3%
Önnur rekstrargjöld	45 785	45 868	83	0,2%
Sértekjur	(3 599)	(3 592)	7	—
Samtals rekstrar- og tilfærslugjöld	65 902	66 052	150	0,2%
Stofnkostnaður og viðhald	10 228	10 593	365	3,6%
Alls	76 130	76 645	515	0,7%

Eftir hagrænu eðli	Þús. kr.	Hlutfall	Stöðugildi
Launakostnaður	60 314*)	11,7%	32
Annar rekstur	89 069	17,3%	
Stofn- og viðhaldskostnaður	365 454	71,0%	
Alls	514 837	100,0%	32

* Launakostnaður vegna viðbótarheimilda og leiðréttinga á launakostnaði.

Fjárhæðir í þús. kr.	Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1989				Breytingar á frumvarpi	
Ráðuneyti	Gjöld samtals	Sértekjur	Mismunur	Hlutfall	Fjár-hæð	Hlutfall
Æðsta stjórn ríkisins	603 876	2 310	601 566	0,8%	16 995	2,8%
Forsætisráðuneyti	780 065	61 760	718 305	0,9%	314	—
Menntamálaráðuneyti	13 131 298	807 210	12 324 088	16,2%	185 964	1,5%
Utanríkisráðuneyti	870 147	19 900	850 247	1,1%	2 300	0,3%
Landbúnaðarráðuneyti	2 895 843	117 740	2 778 103	3,6%	72 800	2,6%
Sjávarútvegsráðuneyti	1 705 028	72 840	1 632 188	2,1%	4 400	0,3%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 570 564	153 350	3 417 214	4,5%	52 914	1,5%
Félagsmálaráðuneyti	3 477 061	223 390	3 253 671	4,3%	18 530	0,6%
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	30 811 144	1 206 270	29 604 874	38,9%	92 320	0,3%
Fjármálaráðuneyti	3 930 601	303 380	3 627 221	4,8%	9 000	0,2%
Samgönguráðuneyti	5 381 952	505 220	4 876 732	6,4%	58 800	1,2%
Iðnaðarráðuneyti	1 327 551	107 080	1 220 471	1,6%	500	—
Viðskiptaráðuneyti	3 720 352	5 900	3 714 452	4,9%	—	—
Hagstofa Íslands	113 703	23 390	90 313	0,1%	—	—
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 421 513	—	7 421 513	9,8%	—	—
Samtals	79 740 698	3 609 740	76 130 958	100,0%	514 837	0,7%

Hér á eftir koma svo skýringar við tillögur fjárveitinganefndar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins en til 3. umr. bíða B-hlutastofnanir, heimildir skv. 6. gr. og tekjuhlið frv., auk afgreiðslna á samþykktum ríkisstjórnar og stjórnarflokka á lækkun útgjalda, en allar helstu niðurstöður þeirra áforma eru kynntar í sérstöku fylgiskjali með nefndaráliti þessu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 1.30 Þingmannasamtök NATO hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.560 þús. kr. Viðfangsefnið 1.31 Þingmannanefndir Evrópuráðsins hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 3.590 þús. kr. Er miðað við lágmarksþáttöku í þessum tveimur nefndum. Viðfangsefnið 1.34 Alþjóðaþingmannasamtökin hækka um 200 þús. kr. og verður 2.300 þús. kr. Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 1.165 þús. kr. og verður 4.865 þús. kr. vegna aukins viðhalds. Viðfangsefnið Hús Jóns Sigurðssonar hækkar um 2.730 þús. kr. og verður 5.230 þús. kr. Viðfangsefnið 6.90 Ýmis stofnkostnaður hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 22.600 þús. kr. vegna breytinga í Þórshamri og Austurstræti 14.

202 Ríkisendurskoðun: Launagjöld hækka um 4.500 þús. kr. og verða 60.848 þús. kr. vegna leiðréttingar á launagjöldum. Gert er ráð fyrir að föst stöðugildi hjá Ríkisendurskoðun verði 38. Þessi breyting hefur ekki útgjaldaaukningu í för með sér þar sem gert er ráð fyrir fimm verkefnaráðnum starfsmönnum. Heildarfjöldi starfsmanna er sá sami og fjárlagafrumvarp fyrir árið 1989 gerði ráð fyrir.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækkar um 314 þús. kr. og verður 1.364 þús. kr., þannig að framlag samsvarar ígildi prófessorslauna.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Launagjöld hækka um 2.700 þús. kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda. Viðfangsefni 1.13 Lyfjafræði lyfsala hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 18.210 vegna dósentsstöðu í lyfjafræði og viðfangsefnið 1.15 Viðskipta- og hagfræðideild hækkar um 1.200 þús. kr., verður 43.973 þús. kr. vegna lektorsstöðu í hagfræði. Viðfangsefnið 1.20 Háskólabókasafn lækkar um 15.000 þús. kr. og verður 31.452 þús. kr. Á móti kemur nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.20 Bókakaup o.fl. 15.000 þús. kr. sem Háskólinn mun síðar greiða af happdrættisfé. Viðfangsefnið 1.26 Stofnun Sigurðar Nordals hækkar um 500 þús. kr. og verður 3.988 þús. kr. vegna viðhalds.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum: Sértekjur lækka alls um 11.700 þús. kr. og verða 33.760 þús. kr. Lækkunin er tilkomin þannig að 8.700 þús. kr. eru vegna þess að Happdrætti H.Í. mun ekki taka þátt í greiðslu stofnkostnaðar við tilraunastöðina að Keldum og 3.000 þús. kr. lækkun sértekna eru vegna samdráttar í sölu á bóluefni. Launagjöld hækka um 2.000 þús. kr. og verða 44.739 þús. kr. vegna leiðréttingar á launakostnaði.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Sértekjur stofnunarinnar hækka um 9.700 þús. kr. og verða 39.070 þús. kr. vegna aukinnar hlutdeildar Háskóla Íslands í stofnkostnaði stofnunarinnar.

205 Stofnun Árna Magnússonar: Launagjöld hækka um 600 þús. kr. og verða 22.287 þús. kr. vegna verkefnaráðningar þjóðfræðings í hálft ár. Sértekjur lækka um 1.000 þús. kr. og verða 1.640 þús. kr. þar sem Happdrætti H.Í. mun ekki taka þátt í greiðslu stofnkostnaðar við stofnunina.

210 Háskóli á Akureyri: Launagjöld hækka um 600 þús. kr. og verða 29.584 þús. kr. Hækkunin er ætluð til verkefnaráðningar starfsmanns í hálft ár til undirbúnings kennslu í sjávarútvegsfræðum.

301 Menntaskólinn í Reykjavík: Viðfangsefnið 5.01 Endurbætur hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 8.100 þús. kr. vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði skólans.

304 Menntaskólinn við Hamrahlíð: Launagjöld hækka um 2.000 þús. kr. og verða 103.976 þús. kr. vegna kennslu í sænsku og norsku. Viðfangsefnið 5.01 Endurbætur hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 9.000 vegna viðhalds og endurbóta á aðstöðu fyrir fatlaða.

319 Framhaldsskólar, almennt: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 80.489 þús. kr. vegna endurmenntunar fyrir stærðfræðikennara.

321 Kennaraháskóli Íslands: Launagjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 127.007 þús. kr. vegna endurmenntunar kennara.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Sértekjur lækka um 1.000 þús. kr. og verða 830 þús. kr. vegna minnkandi leigutekna af íþróttahúsi skólans. Tekinn er upp nýr liður 5.01 Viðhald íþróttavalla o.fl. 1.500 þús. kr.

350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.02 Lóðaframkvæmdir 3.000 þús. kr. vegna frágangs á lóð skólans.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Tekinn er upp nýr liður 6.02 Mötuneyti, nýbygging 21.000 þús. kr.

355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Viðfangsefnið 6.01 Kennsluhúsnæði hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.100 þús. kr.

359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Viðfangsefnið 6.01 Nýbygging lækkar um 2.500 þús. kr. og verður 46.000 þús. kr.

362 Framhaldsskólinn á Húsavík: Tekinn er upp nýr liður 6.01 Tölvur og búnaður 3.500 þús. kr. vegna kaupa á búnaði við skólann.

501 Tækniskóli Íslands: Launakostnaður skólans hækkar um 3.000 þús. kr. og verður 83.599 vegna endurskipulagningar á skólastarfi.

514 Iðnskólinn í Reykjavík: Tekinn er upp nýr liður 5.01 Fasteignir 4.500 þús. kr. Fjárveiting er ætluð til viðgerða á Iðnskólahúsinu og Vörðuskólahúsinu.

515 Iðnnám, almennt: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.01 Stofnkostnaður, Ísafirði 1.500 þús. kr. til undirbúnings verknámshúss.

620 Héraðsskólar almennt: Framlag til viðhalds lækkar um 1.000 þús. kr. og verður 3.000 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 13.000 þús. kr. og verður 39.000 þús. kr.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefnið 1.90 Grunnskólar óskipt hækkar um 500 þús. kr. og verður 9.659 þús. kr. Hækkunin er til grunnskólans á Siglufirði vegna endurskipulagningar.

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.: Framlag hækkar um 85.005 þús. kr. og verður 385.005 þús. kr. Vísað er í sérstakt yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn: Viðfangsefnið 1.50 Sameiginleg þjónusta hækkar um 5.000, verður 38.070 vegna fjölgunar nemenda.

885 Fullorðinsfræðsla: Viðfangsefnið 1.60 Heimilisiðnaðarskólinn hækkar um 130 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Er ætlað til greiðslu á launakostnaði og viðhalds.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Launagjöld hækka um 1.500 þús. kr. og verða 26.180 vegna leiðréttingar á launagjöldum.
907 Listasafn Íslands: Viðfangsefnið 6.20 Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7 hækkar um 2.700 þús. kr. og verður 22.400 þús. kr.
909 Blindrabókasafn Íslands: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.01, 400 þús. kr., og er það til tölvuvæðingar á útlánakerfi.
931 Náttúruverndarráð: Sértekjur lækka um 1.000 þús. kr. og verða 11.790 þús. kr. Viðfangsefnið 1.30 Eftirlit við Mývatn og Laxá hækkar um 300 þús. kr. og verður 1.306 þús. kr. vegna minnkandi þátttöku Skútustaðahrepps í kostnaði. Stofnkostnaðarviðfangsefnið 6.32 Þjóðgarðurinn í Skaftafelli hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.800 þús. kr. vegna húsnæðis þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli. Tekið er inn nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.35 Hreinlætisaðstaða við Gullfoss 1.000 þús. kr.
975 Vísindasjóður: Viðfangsefnið 1.01 Vísindaráð hækkar um 920 þús. kr. og verður 5.950 þús. kr. vegna leiðréttingar á verðlagsforsendum.
980 Listskreytingasjóður: Önnur gjöld hækka um 1.000 þús. kr. og verða 6.000 þús. kr.
982 Listir, framlög: Tilfærslur lækka um 4.000 þús. kr. Lækkunin skýrist af eftirfarandi:
a. 1.24 Önnur leiklistarstarfsemi lækkar um 3.500 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr.
b. 1.41 Listasöfn, styrkir hækka um 1.000 þús. kr. og verða 3.000 þús. kr.
c. 1.75 Lista- og menningarmál, ýmis, lækka um 2.000 þús. kr. og verða 12.000 þús. kr.
d. 1.82 Ferðaleikhúsið hækkar um 500 þús. kr. og verður 800 þús. kr.
984 Norræn samvinna: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.15 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlönd 500 þús. kr. Fjárveiting er ætluð til undirbúningsnámskeiðs fyrir aðila af landsbyggðinni til þátttöku í kaupstefnum og til sameiginlegrar kynningar erlendis. Viðfangsefnið 1.18 Menningarsjóður Íslands og Finnlands hækkar um 2.580 þús. kr. og verður 2.650, til hækkunar á framlagi til finnsk-íslenska menningarsjóðsins.
985 Félagsheimilasjóður: Tilfærslur hækka um 6.000 þús. kr. og verða 21.000 þús. kr.
986 Íþróttasjóður: Tilfærslur hækka um 6.209 þús. kr. og verða 51.209 þús. kr.
988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 300 þús. kr. og verða 17.840 þús. kr. Aukningin skýrist af eftirfarandi:
a. 1.16 Íslenskir ungtemplarar hækka um 180 þús. kr. og verða 750 þús. kr.
b. 1.17 Starfsemi KFUM og KFUK hækkar um 120 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.
989 Ýmis íþróttamál: Tilfærslur hækka um 4.500 þús. kr. og verða 45.590 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.20 Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum 2.000 þús. kr. Viðfangsefnið 1.40 Ýmis framlög til íþróttamála hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 4.500 þús. kr.
991 Húsafriðun: Tilfærslur hækka um 2.600 þús. kr. og verða 14.730 þús. kr. Skýrist hækkunin af eftirfarandi:
a. 6.10 Húsafriðunarsjóður hækkar um 500 þús. kr. og verður 3.200 þús. kr.
b. 6.40 Byggða- og minjasöfn hækka um 1.200 þús. kr. og verða 7.000 þús. kr.
c. 6.60 Sjóminjasafn hækkar um 900 þús. kr. og verður 3.500 þús. kr.
999 Ýmislegt: Hækkar um 6.920 þús. kr. og verður 19.050 þús. kr. Hækkunin skýrist af eftirfarandi:
a. 1.20 Nýr liður, Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi 2.000 þús. kr.
b. 1.31 Geysir í Haukadal hækkar um 520 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.
c. 1.40 Nýr liður, Dimmuborgir 500 þús. kr.
d. 1.42 Reykholtsstaður hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr.
e. 1.71 Hlíðardalsskóli hækkar um 700 þús. kr. og verður 4.000 þús. kr.
f. 1.96 Nýr liður, Útflutnings- og markaðsskólinn 3.000 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs: Hækkar um 2.300 þús. kr. og verður 48.817 þús. kr. vegna formennsku í ráðherranefnd Norðurlandaráðs.

04 Landbúnaðarráðuneyti

201 Búnaðarfélag Íslands: Tilfærslur hækka um 13.618 þús. kr. og verða 77.418 þús. kr í samræmi við tillögur nefndar sem vinnur að endurskipulagningu á starfsemi Búnaðarfélagsins.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Tilfærslur hækka um 3.000 þús. kr. og verða 106.040 þús. kr. með tilkomu nýs stofnkostnaðarviðfangsefnis 6.82 Stóra-Ármót 3.000. Um er að ræða framlag vegna tilraunafjóss að Stóra- Ármóti.

231 Skógrækt ríkisins: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur lækkar um 15.300 þús. kr. og verður 88.005 þús. kr. Á móti kemur nýtt viðfangsefni 1.85 Rannsóknastöð að Mógilsá 15.300 þús. kr.

235 Landgræðsla ríkisins: Viðfangsefnið 110 Almenn landgræðsla hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 64.315 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 6.20 Fræverkunarstöð 2.500 þús. kr.

243 Sauðfjárveikivarnir: Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 15.000 þús. kr. og verður 351.175 þús. kr.

246 Veiðimálastofnunin: Framlag til viðfangsefnisins 1.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði hækkar um 6.600 þús. kr. og verður 7.600 þús. kr. vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum.

247 Yfirdýralæknir: Til kemur nýr liður 1.31 Menntun í fisksjúkdómum 2.000 þús. kr. vegna menntunar dýralækna í fisksjúkdómum.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Tekinn er inn nýr liður 6.60 Landgræðsluáætlun, óskipt 23.600 þús. kr.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðfangsefnið 1.30 Rekstur skóla hækkar um 600 þús. kr. og verður 51.139 þús. kr. Framlag er tilkomið vegna réttar kennara til að taka leyfi frá kennslu.

502 Bændaskólinn á Hólum: Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 600 þús. kr. og verður 49.626 þús. kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.01 Fasteignir 3.000 þús. kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Sértekjur lækka um 1.000 þús. kr. og verða 1.750 þús. kr. Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 300 þús. kr. og verður 30.292 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands: Viðfangsefnið 1.90 Fiskifélag Íslands hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 39.920 þús. kr.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur hækkar um 2.400 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr. vegna skólabátsins Mímis.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík: Launakostnaður hækkar um 8.400 þús. kr. og verður 501.036 þús. kr. Hækkunin er vegna sjö stöðugilda, þriggja stöðugilda til almennrar löggæslu, þriggja vegna tilfærslu á störfum sem áður voru hjá embættinu og eins til forvarnarstarfs.

225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.200 þús. kr. og verður 45.093 þús. kr. vegna stöðu fulltrúa hjá embættinu.

226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík: Viðfangsefnið 6.01 Nýbygging hækkar um 5.800 þús. kr. og verður 8.500 þús. kr. vegna skuldar í tengslum við nýbyggingar skrifstofuhúsnæðis á Húsavík.

235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík: Viðfangsefnið 6.21 Lögreglustöð Grindavík hækkar um 3.000 og verður 4.000 þús. kr. vegna innréttinga á lögreglustöðinni Grindavík.

236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 69.923 þús. kr. Hækkunin er vegna eins stöðugildis tollendurskoðanda og hálfs stöðugildis skrifstofumanns.

240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.23 Fangelsi Kópavogsbraut 4.500 þús. kr. til að ljúka endurbótum á húsnæði fangelsis við Kópavogsbraut.

251 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefnið 6.90 Tæki og búnaður hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 17.600 þús. kr. vegna kaupa Landhelgisgæslunnar á kranabúnaði.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins: Tekinn er upp nýr liður 1.01 Bifreiðaeftirlit 14.000 þús. kr. Framlag skiptist þannig að 12.000 þús. kr. eru vegna biðlauna og 2.000 þús. kr. eru vegna uppgjörs þar sem starfsemi er lögð niður.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Viðfangsefnið 6.01 Búnaður hækkar um 700 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr. vegna innréttingar á orgelsal.

304 Ýmis kirkjuleg málefni: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt hækkar um 2.314 þús. kr. og verður 8.300 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 5.42 Viðhald húseignar á Löngumýri 500 þús. kr. Stofnkostnaðarviðfangsefnið 6.51 Hallgrímskirkja hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 12.000 þús. kr. vegna viðgerða á steypuskemmdum á turni.

07 Félagsmálaráðuneyti

399 Vatnsveitur: Tilfærslur hækka um 10.000 þús. kr. og verða 30.000 þús. kr.

700 Málefni fatlaðra: Viðfangsefnið 1.80 Starfsþjálfun hækkar um 400 þús. kr. og verður 5.640 þús. kr. vegna tækjakaupa fyrir starfsþjálfun fatlaðra.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi: Viðfangsefnið 170 Vistheimilið Skálatúni hækkar um 500 þús. kr. og verður 80.905 þús. kr. vegna brunavarna.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum: Viðfangsefnið 101 Svæðisstjórn hækkar um 300 þús. kr. og verður 4.151 þús. kr. vegna greiðslu á húsaleigu á skrifstofu svæðisstjórnar.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi: Viðfangsefnið 1.71 Sólheimar hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 64.348 þús. kr. Framlag er ætlað til greiðslu á skuldum Sólheima í Grímsnesi.

791 Brunamálastofnun ríkisins: Sértekjur stofnunar hækka um 1.000 þús. kr. og verða 26.840 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 6.01 Gámur til reykköfunar 1.000 þús. kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið félagasamtök, styrkir hækka um 1.280 þús. kr. og verður 10.000 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

271 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 1.20 Sjúkratryggingar lækkar um 9.200 þús. kr. og verður 5.830.800 þús. kr. vegna tilfærslu sjúkrahúsa á föst fjárlög.

301 Landlæknir: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 300 þús. kr. og verður 20.877 þús. kr. vegna aðgerða til lækkunar á lyfjakostnaði.

356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki: Launagjöld hækka um 4.800 þús. kr. og verða 155.890 þús. kr.

357 Sjúkrahúsið Siglufirði: Launagjöld hækka um 600 þús. kr. og verða 68.909 þús. kr. vegna stöðu sjúkraliða vegna heimahjúkrunar.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akueyri: Launagjöld lækka um 6.100 þús. kr. og verða 584.152 þús. kr. Á móti hækka önnur gjöld um 6.100 þús. kr. og verða 324.640 þús. kr. vegna leiðréttinga.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefnið Þjónustudeildir hækka um 10.500 þús. kr. og verður 938.958 þús. kr. Hækkunin er tilkomin vegna fimm nýrra stöðugilda vegna nýrrar starfsemi í K-byggingu Landsspítalans.

372 Borgarspítalinn: Launagjöld hækka um 4.800 þús. kr. og verða 1.541.799 þús. kr. Hækkunin er vegna tíu stöðugilda, þar af voru sex greidd áður af álagsgreiðslum en fjögur eru ný. Viðfangsefnið 6.01 Ýmis eignakaup hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 45.100 þús. kr. til kaupa á vararafstöð.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tekinn er inn nýr liður 1.21 Öldrunarþjónusta á Suðurnesjum 9.000 þús. kr. Tilfærslur á viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækka um 40.320 þús. kr. og verða 240.320 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartilllögum um skiptingu á einstök verkefni. Tekinn er inn nýr stofnkostnaðarliður 6.91 Sjúkrahús St. Fransiskusarreglunnar, Stykkishólmi 9.000 þús. kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.31 Krabbameinsfélag Íslands hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 62.950 þús. kr. vegna verðlagsleiðréttingar.

401 St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi: Launagjöld hækka um 3.200 þús. kr. og verða 54.713 þús. kr. vegna nýrra stöðugilda framkvæmdastjóra og sjúkraliða.

403 Sjúkrahús Bolungarvíkur: Launagjöld hækka um 2.400 þús. kr. og verða 22.377 þús. kr. Um er að ræða tvö ný stöðugildi vegna öldrunardeilda.

407 Sundabúð II, Vopnafirði: Launagjöld hækka um 900 þús. kr. og verða 13.736 þús. kr. vegna launa sjúkraþjálfa.

408 Sunnuhlíð, Kópavogi: Launagjöld hækka um 2.700 þús. kr. og verða 53.860 þús. kr. Hækkunin er tilkomin vegna fjölgunar starfsmanna um sjö vegna fjölgunar rúma. Fjölgun starfsmanna kemur til framkvæmda 1. sept. 1990.

481 Bindindisstarfsemi: Tekinn er inn nýr liður 1.20 Stórstúka Íslands 1.000 þús. kr. vegna ungliðastarfs.

09 Fjármálaráðuneyti

261 Ríkistollstjóri: Launagjöld hækka um 6.000 þús. kr. og verða 134.373 þús. kr. Hækkun þessi er vegna þriggja stöðugilda og þriggja verkefnaráðinna starfsmanna í tengslum við innheimtu og eftirlitsstörf.

262 Tollstjórinn í Reykjavík: Launagjöld hækka um 3.000 þús. kr. og verða 73.908 þús. kr. Hækkunin er vegna tveggja stöðugilda og eins verkefnaráðins starfsmanns.

10 Samgönguráðuneyti

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.300 þús. kr. og verður 55.199 þús. kr. vegna útgáfu leiðsögubókar.

332 Vitastofnun Íslands: Tekinn er inn nýr stofnkostnaðarliður 6.40 Sjóvarnamerki, Kolbeinsey 3.400 þús. kr. Fjárveitingin er ætluð til að ljúka rannsóknum og til uppsetningar sjóvarnamerkja við Kolbeinsey.

333 Hafnamál: Tilfærslur á viðfangsefni 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækka um 10.000 þús. kr. og verða 410.000 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með breytingartillögum. Tekið er upp nýtt viðfangsefni 6.31 Landshafnir, óskipt 15.000 þús. kr. Viðfangsefnið 6.40 Sjóvarnagarðar hækkar um 21.300 þús. kr. og verður 31.300 þús. kr. Vísað er í yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 6.01 Mengunarvarnir o.fl. hækkar um 130 þús. kr. og verður 3.630 þús. kr. Hækkunin er ætluð til kaupa á farsíma.
485 Ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 2.170 þús. kr. og verða 34.120 þús. kr. Hækkunin skiptist á eftirfarandi liði:
a. 1.20 Tilkynningaskylda íslenskra skipa hækkar um 720 þús. kr. og verður 8.500 þús. kr.
b. 1.26 Ýmislegt hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 3.240 þús. kr.
c. 1.33 Öryggismálaskóli sjómanna hækkar um 450 þús. kr. og verður 11.500 þús. kr.
651 Ferðamálaráð: Viðfangsefnið 6.20 Hótel, framlög hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 20.000 þús. kr.
652 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefnið 1.20 Jarðeðlisfræðideild hækkar um 500 þús. kr. og verður 11.970 þús. kr. Hækkunin er ætluð til að standa straum af rekstri þriggja jarðaskjálftamæla í Mývatnssveit.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.10 Iðnþróun og markaðsmál lækkar um 7.000 þús. kr. og fellur brott vegna tilfærslu á fjárlagalið 11-299 1.50 Iðja og iðnaður. Tekinn er inn nýr liður 1.02 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa 7.086 þús. kr. sem flyst af fjárlagalið 11-102 1.01.
102 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa lækkar um 7.086 þús. kr. og fellur brott. Flyst á 11-101 1.02, Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
299 Iðja og iðnaður, framlög: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.21 Byggingarþjónusta 500 þús. kr. Framlag er tilkomið vegna rekstrartaps byggingarþjónustunnar á liðnu ári. Tekinn er inn nýr liður 1.50, 7.000 þús. kr., sem flyst af lið 11-101 1.10 Iðnþróun og markaðsmál.

Eins og áður segir stendur fjárveitinganefnd öll að framanritaðri tillögugerð. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, þau Pálmi Jónsson, Egill Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Málmfríður Sigurðardóttir, hafa fyrirvara um flutning breytingartillagna eða stuðning við breytingartillögur sem fram kunna að koma frá öðrum.

Alþingi, 14. des. 1988.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. Margrét Frímannsdóttir, fundaskr. Alexander Stefánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Fylgiskjal.

Lækkun útgjalda o.fl.
Áform ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar um lækkun ríkisútgjalda o.fl.

Eins og segir í nefndaráliti meiri hl. fjárveitinganefndar hafa ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar samþykkt að gera tillögur um ákveðna lækkun útgjalda og tilfærslur til þess að draga úr horfum um miklu verri afkomu ríkissjóðs en útlit var fyrir þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1989 var lagt fram. Þessi áform hafa verið kynnt í fjárveitinganefnd en formlegar breytingartillögur þar að lútandi verða fluttar við 3. umr. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum áformum:

1. Lækkun framlaga í sjóði.

	Millj. kr.
Framlag til Vegagerðar ríkisins lækki um	90
Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs lækki um	78
Framlag í byggingarsjóði lækki um	150
Samtals lækkun á framlögum:	318

2. Lækkun launakostnaðar.

Vegna annarra stofnana en skóla (sjá síðar) lækkar þessi liður um 200 millj. kr. Umræddar stofnanir mæti launahækkunum í febrúar 1989 og síðar á árinu, allt að 3% af heildarlaunum, með hagræðingu og samdrætti. Ekki verða heimilaðar ráðningar í neinar nýjar stöður, lausráðningar né í afleysingar o. s. frv. nema stofnun sé innan settra marka. Dregið verður úr yfirvinnu og aukagreiðslum.

Launa- og verðlagsmál, lækkun:	200

Rekstrarkostnaður skóla á öllum skólastigum lækki um 120 millj. kr. og taki þeir á sig lækkun fjárveitinga og launahækkun í febrúar 1989 með hagræðingu í rekstri og breytingum á kennslumagni.

Skólar, laun og rekstur, lækkun:	120
Laun, lækkun alls:	320

3. Rekstrarframlög.

Sjúkratryggingar lækki til samræmis við lækkun launa, sbr. 2. tölul.

a. Rekstrargjöld sjúkrahúsa á daggjöldum	40
b. Kostnaður við sérfræðiþjónustu	40
Rekstrarframlög, lækkun:	80

4. Launa- og verðlagsmál, rekstrargjöld. Millj. kr.

Ferða- og dvalarkostnaður, risna fundahöld, aðkeypt sérfræðiþjónusta o. fl. Settar verði reglur sem dragi úr kostnaði sem svarar 20–30% að því leyti sem ekki er um að ræða fastan hluta reglulegrar starfsemi framkvæmda- og eftirlitsstofnana. Kaup á sérfræðiþjónustu verði háð heimildum og um þau settar reglur er dragi úr kostnaði.

Lækkun útgjalda: 250

5. Skil Pósts og síma.

Gjaldskrá hækki milli ára eins og almennt verðlag. Fjárfesting Pósts og síma verði 450 millj. kr. (200 millj. kr. í frv.)

Skil í ríkissjóð: 250

Samandregin áhrif aðgerða:

1. Lækkun útgjalda:

– lækkun framlaga í sjóði	318
– lækkun launakostnaðar	320
– lækkun rekstrarframlaga	80
– lækkun rekstrargjalda	250
Samtals lækkun útgjalda:	968
2. Skil Pósts og síma:	250
Heildaráhrif á afkomu ríkissjóðs:	**1 218**

Ed. 245. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 7. gr. Síðari málsliður falli brott.

Ed. 246. Frumvarp til laga [8. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma. Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar fimm menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra hver um sig tilnefna einn stjórnarmann en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1000 milljónir króna. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 milljónir króna sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981 vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30.

júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnutryggingarsjóði til 400 milljónir króna sem aflað skal með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.

7. gr.

Byggðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, sbr. 3.–8. gr. laga þessara.

10. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga, nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði, svo og banka eða öðrum lánastofnunum, að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og

rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

12. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

13. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

14. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvarðanir.

15. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

16. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987 orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

17. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsl., svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 15. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988. Gjald skv. 10. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Nd. 247. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið. Á fund hennar komu Skúli E. Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar, og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri tekjudeildar fjármálaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessari afgreiðslu.

Alþingi, 15. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Geir H. Haarde.	Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 248. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Síðari málsliður falli brott.
2. Við 7. gr. Greinin falli brott.

Sþ. 249. Nefndarálit [6. mál]

um till. til þál. um umhverfisfræðslu.

Frá félagsmálanefnd.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um sama mál, sem flutt var á síðasta þingi, frá Kennarasambandi Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi og fræðslustjórum Vesturlands, Vestfjarða og Suðurlands þar sem jákvætt er tekið undir efni tillögunnar.

Á fund nefndarinnar komu frá Náttúruverndarráði Þóroddur Þóroddsson framkvæmdastjóri og Sigurður Á. Þráinsson líffræðingur og frá menntamálaráðuneytinu Þorvaldur Örn Árnason námsstjóri. Lögðu þessir aðilar fram skriflegar álitsgerðir þar sem hvatt er til aðgerða á sviði umhverfisfræðslu.

Málið var rætt á fjórum fundum og varð nefndin sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1988.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðmundur Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 250. Breytingartillaga [6. mál]

við till. til þál. um umhverfisfræðslu.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök.

Ed. 251. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hreppstjóri skal vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns, nema sýslumaður telji þess ekki þörf.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Þá er starf hreppstjóra losnar skal sýslumaður auglýsa það laust til umsóknar. Sýslumaður veitir stöðu hreppstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Hafi sýslumaður skrifstofu í sveitarfélagi utan aðseturs síns er honum heimilt án auglýsingar að skipa forstöðumann þeirrar skrifstofu jafnframt hreppstjóra í því sveitarfélagi. Er hreppstjórastarfið þá hluti af starfi forstöðumanns.

3. gr.

Í stað „sýslunefnd“ í 4. gr. komi: sveitarstjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, verða sýslunefndir lagðar niður frá næstu áramótum. Í lögum um hreppstjóra er ráð fyrir því gert að sýslumaður skipi hreppstjóra úr hópi þriggja manna sem sýslunefnd kýs. Þarf því að breyta þeirri skipan. Er lagt til að laus staða hreppstjóra verði auglýst og að sýslumaður skipi hreppstjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Þá er lagt til að sýslumanni verði heimilað að sameina starf hreppstjóra starfi forstöðumanns skrifstofu sem hann hefur utan aðseturs síns. Má búast við að slíkum skrifstofum fjölgi í framtíðinni þannig að unnt verði að bæta þjónustu embættanna við almenning.

Loks er þess að geta að það er lagt í mat sýslumanns hvort hreppstjóra er þörf í sveitarfélagi utan aðseturs sýslumannsembættis. Slíkt er óþarfi í því sveitarfélagi þar sem sýslumaður hefur aðsetur og sýslumaður getur metið hvort þess sé þörf í næsta nágrenni við embættisskrifstofu.

Sþ. 252. Svar [167. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Friðriki Sophussyni um breytingar á lánskjaravísitölu.

1.–2. spurning:

Breytingar lánskjaravísitölu (LV) og nýrrar vísitölu (NV) árin 1984–1988:

		LV	*NV**
	1. jan. 1984 til 1. jan. 1985	18,9%	18,0%
	1. jan. 1985 til 1. jan. 1986	35,6%	40,0%
	1. jan. 1986 til 1. jan. 1987	14,7%	17,3%
	1. jan. 1987 til 1. jan. 1988	22,2%	28,7%
Spá	1. jan. 1988 til 1. jan. 1989	19,2%	17,9%
	1. jan. 1984 til 1. jan. 1988	126,1%	149,2%
Spá	1. jan. 1984 til 1. jan. 1989	169,3%	193,9%

* Tölur þessar byggjast m.a. á launavísitölu til greiðslujöfnunar sem Hagstofan birtir.

3. spurning:

Heildargreiðsla afborgana, vaxta og verðbóta af 1 millj. kr. láni útgefnu 1. jan. 1984 með 5% vöxtum og 5 jöfnum árlegum afborgunum (upphæðir í kr.):

	Verðtryggt með LV	*Verðtryggt með NV*	*Mismunur*
1. jan. 1985	297.281	294.917	2.364
1. jan. 1986	386.950	396.312	-9.362
1. jan. 1987	425.473	445.319	-19.846
1. jan. 1988	497.470	548.180	-50.710
1. jan. 1989	566.206	617.092	-50.886

Þar eð laun hafa hækkað mikið á árunum 1984–1988 og samanburðurinn gefur því aðra mynd en ef hann væri tekinn yfir lengra tímabil fylgir til fróðleiks samsvarandi samanburður fyrir árin 1980–1983, svo og samantekt fyrir árin 1980–1988:

Varðandi 1. og 2. spurningu:

Breytingar lánskjaravísitölu (LV) og nýrrar vísitölu (NV) árin 1980–1983:

		LV	*NV*
	1. jan. 1980 til 1. jan. 1981	52,6%	57,7%
	1. jan. 1981 til 1. jan. 1982	47,6%	49,2%
	1. jan. 1982 til 1. jan. 1983	60,5%	53,7%
	1. jan. 1983 til 1. jan. 1984	73,4%	60,2%
	1. jan. 1980 til 1. jan. 1984	526,7%	479,5%
	1. jan. 1980 til 1. jan. 1988	1317,0%	1343,8%
Spá	1. jan. 1980 til 1. jan. 1989	1589,6%	1602,7%

Varðandi 3. spurningu.

Heildargreiðsla afborgana, vaxta og verðbóta af 1 millj. kr. láni útgefnu 1. jan. 1980 með 5% föstum vöxtum og 4 jöfnum árlegum afborgunum (upphæðir í kr.):

	Verðtryggt með LV	*Verðtryggt með NV*	*Mismunur*
1. jan. 1981	245.840	254.100	-8.260
1. jan. 1982	350.290	366.130	-15.840
1. jan. 1983	542.220	542.580	-360
1. jan. 1984	905.190	836.980	68.210

Sþ. 253. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

Frá félagsmálanefnd.

Málið var rætt á fjórum fundum nefndarinnar. Fyrir lágu umsagnir um samhljóða þingsályktunartillögu á síðasta þingi frá Fjórðungssambandi Norðlendinga og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, svo og skrifleg greinargerð frá Menningarsjóði félagsheimila. Umsögn barst frá stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga. Þessir aðilar taka undir markmið tillögunnar.

Til viðræðu við nefndina komu Sigurður Þorsteinsson frá Ungmennafélagi Íslands og Kristinn Hallsson frá menntamálaráðuneytinu.

Nefndin hafði til hliðsjónar drög að frumvarpi um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar kemur m.a. fram að áformað er að leggja niður Félagsheimilasjóð en kveðið á um að Menningarsjóður félagsheimila starfi áfram og renni til hans 10% af skemmtanaskatti. Það hefði í för með sér verulega aukningu á tekjum sjóðsins frá því sem verið hefur.

Í ljósi þessara áformuðu breytinga telur nefndin rétt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir endurskoðun lagaákvæða um sjóðinn með það að markmiði að hann stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við málið og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Alþingi, 15. des. 1988.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 254. Breytingartillaga [32. mál]

við till. til þál. um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila samhliða breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að sjóðurinn stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Ed. 255. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu: Elna Jónsdóttir, formaður Bandalags kennarafélaga, Ingvar Ásmundsson, formaður Félags skólameistara, Sólrún

Jensdóttir skrifstofustjóri og Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Jón Helgason.

Skúli Alexandersson.

Sþ. 256. Þingsályktun [157. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.)

Samhljóða þskj. 168.

Ed. 257. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í fyrirsögn I. kafla komi: þinglýsingarstjórar.

2. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Sýslumenn eru þinglýsingarstjórar, hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu mgr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „fulltrúi dómara“ í 2. mgr. 2. gr. komi: fulltrúi sýslumanns, og í stað „dómara“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóra.

4. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar samkvæmt lögum þessum sætir stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytis innan þriggja vikna frá því að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum, en einnig er hægt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni innan sama tíma eða innan þriggja vikna frá því að kæranda er tilkynnt um úrskurð ráðuneytis í málinu.

Nú kærir aðili úrlausn og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

5. gr.

Í stað „dómara“ á tveimur stöðum í 1. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 2. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

6. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. og 5. mgr. 7. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

7. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjórar.
Í stað „dómara“ í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóri.
Í stað „þinglýsingardómara“ í 3. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

9. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóri.
Í stað „dómara“ í 2. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

10. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 11. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

11. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 12. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

12. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 13. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

13. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 14. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

14. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 17. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í 3. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra og í stað „dómari“ í 4. og 5. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóri.

15. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

16. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóri og í stað „dómarinn“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjórinn.
Í stað „dómara“ í 2. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóra og í stað „dómari“ tvisvar í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

17. gr.

Í stað „dómari“ tvisvar í 1. mgr. 38. gr. og í 2. mgr. sömu greinar komi: þinglýsingarstjóri.

18. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 4. mgr. 39. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

19. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í sama málsl. komi: þinglýsingarstjóra og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

20. gr.

Í stað „dómaranum“ í 44. gr. komi: þinglýsingarstjóranum.

21. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

Í stað „dómari“ í 3. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

22. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra og í stað „dómari“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 4. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

23. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 49. gr. komi: þinglýsingarstjóra og í stað „dómara“ tvisvar í a-lið greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra.

24. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 1. málsl. 2. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóri og í stað „þinglýsingardómari“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóri.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978 telst þinglýsing dómsathöfn og getur komið til þess að þinglýsingardómari kveði upp úrskurð um ágreining á því sviði, sem kæra má til Hæstaréttar, sem þó er fátítt. Þessi tilhögun hefur verið tekin upp hér á landi að danskri fyrirmynd, en víða annars staðar teljast þinglýsingar stjórnvaldsathöfn. Þinglýsingar eru í eðli sínu ekki annað en opinber skráning réttinda, sem á mörgum hliðstæðum sviðum telst stjórnvaldsathöfn, t.d. skráning vörumerkja, einkaleyfa og hlutafélaga. Þetta viðfangsefni hefur ásamt notarialgerðum þótt eiga undir þann flokk viðfangsefna sem í fræðikenningum hefur verið nefndur latneska heitinu „jurisdictio voluntaria“. Það einkennir viðfangsefni þessi að engin eðlislæg einkenni þeirra gefa til kynna að þau eigi fremur að teljast til dómstarfa en stjórnvaldsathafna. Þinglýsingar munu vera talsvert algengari hér á landi miðað við íbúafjölda en í nágrannaríkjunum. Eru þær í eðli sínu þáttur í þjónustu sem almenningur þarf að sækja til yfirvalda með greiðum hætti. Er því nauðsynlegt að mæta þeim þörfum með því að tryggja sem best nálægð þessarar þjónustu við þá sem hennar þurfa að leita. Var því við samningu tillagna um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds ákveðið að framvegis teljist þetta stjórnvaldsathöfn sem sýslumenn fari með að breyttri skipan. Með þeirri breytingu yrði samkvæmt áðursögðu ekki brotið gegn grundvallarreglum um skilsmun dómsvalds og framkvæmdarvalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Flestar greinar frumvarpsins kveða á um að orðið „þinglýsingarstjóri“ komi í stað orðanna „þinglýsingardómari“ og „dómari“ og þarfnast það ekki nánari skýringar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að sýslumenn verði þinglýsingarstjórar hver í sínu umdæmi. Er það í samræmi við það sem að framan er sagt, en samkvæmt stjórnarfrumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði skulu sýslumenn framvegis fara með stjórnsýslustörf.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar sæti stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytis og er það í samræmi við þá breytingu að þinglýsing teljist framvegis stjórnvaldsathöfn. Þinglýsingarbeiðandi á tvo kosti ef hann sættir sig ekki við úrlausn þinglýsingarstjóra. Annar kosturinn er að kæra úrlausnina til ráðuneytis. Er það væntanlega ódýrasta og fljótvirkasta leiðin til þess að fá endurskoðun á úrlausninni. Hinn kosturinn er að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni. Er ýmist hægt að höfða mál strax eða höfða það að fengnum úrskurði ráðuneytis. Í öllum tilvikum er settur þriggja vikna málshöfðunarfrestur.

Um 25. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 1990, en það er sami gildistökudagur og er að finna í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ed. 258. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 141.

Sþ. 259. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 og við brtt. á þskj. 235.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 4. gr. 2-354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Fyrirsögn liðarins orðist svo:
   2-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.
2. Við 4. gr. 2-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

Dagvistarheimili, stofnkostnaður (02-803 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa, nýbyggingar:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Hálsasel (Tungusel)	1.000	
b. Eiðsgrandi	11.000	
c. Ártúnsholt	1.000	
d. Rofabær	11.175	
e. Stangarholt	1.000	
f. Grafarvogur	1.000	
g. Jöklasel	1.000	
2. Kópavogur, Grænatún	3.970	
3. Kópavogur, Marbakki	4.000	
4. Garðabær, Hofstaðabraut	2.840	
5. Hafnarfjörður, Staðarhvammur	6.000	
6. Mosfellsbær	2.930	
7. Akureyri, Fíladelfíusöfnuður	1.400	
8. Akureyri, Flúðir	3.300	
9. Fellahreppur	700	
10. Stöðvarfjörður	855	
11. Stokkseyri	2.550	
		55.720
b. Dagvistarheimili sem enn eru í byggingu:		
1. Þingeyri, leikskóli	1.790	
2. Hólmavík, leikskóli	850	
3. Hvammstangi	2.000	
4. Kópasker	560	
5. Breiðdalsvík	1.000	
6. Kirkjubæjarhreppur	2.000	
7. Hella	2.000	
8. Selfoss	4.000	
9. Keflavík, Heiðabyggð	3.000	
10. Seltjarnarnes	1.500	
11. Borgarnes	530	
12. Skagaströnd	500	
13. Egilsstaðir	2.000	
14. Höfn í Hornafirði	1.500	
		23.230
c. Dagheimili tekin í fjárlög 1987 og 1988 og ný heimili:		
1. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	15	
2. Garðabær, dagheimili, leikskóli	15	
3. Sauðárkrókur, viðbygging	15	
4. Ólafsvík, viðbygging	15	
		60
d. Ný heimili, ekki tekin í fjárlög áður:		
1. Ísafjörður, skóladagheimili	1.000	
2. Dalvík, viðbygging	15	
3. Foreldrafélag Laugum	85	
4. Foreldrafélag Keldnaholti, Reykjavík	15	
5. Marargata 6, Reykjavík, innbú, lóð	350	
6. Foreldrafélag lækna, Reykjavík	500	
7. Hafnarfjörður, Hvaleyrarholt	15	
		1.980

	Þús. kr.	Þús. kr.
e. Hönnun nýrra dagvistarheimila og styrkir til sveitarfélaga vegna þróunarverkefna		3.000
f. Gömul hús, breytingar og búnaður, tekin til starfa:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Fornhagi 8	15	
b. Njálsgata 9	15	
2. Reykjavík, foreldrafélagið Ós	1.000	
3. Kópavogur, skóladagheimili við Ástún	1.000	
4. Kópavogur, Kársnesbraut 121, einkarekstur	160	
5. Stykkishólmur, lóð	250	
6. Ísafjörður, Hlíðarvegur, lóð	100	
7. Dalvík, 1. áf.	700	
8. Seyðisfjörður	500	
9. Fáskrúðsfjörður	570	
10. Djúpivogur	400	
11. Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	1.000	
12. Eskifjörður	600	
13. Egilsstaðir	100	
		6.410
g. Dagvistarheimili, nýbyggingar á undirbúningsstigi, teknar í fjárlög 1987 eða fyrr:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Seljavegur	50	
b. Rekagrandi	50	
2. Kópavogur, dagheimili í Austurbæ	50	
3. Bessastaðahreppur	200	
4. Grindavík	10	
5. Vatnsleysuströnd	10	
6. Akranes, Víðigerði	1.000	
7. Andakílshreppur	10	
8. Flateyri, leikskóli	800	
9. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	2.000	
10. Akureyri, Þórunnarstræti	10	
11. Vopnafjörður, leikskóli	10	
12. Hvolsvöllur	400	
		4.600
		95.000

3. Við brtt. 235, 42. — Liðurinn orðist svo:

Við 4. gr. **4-201 Búnaðarfélag Íslands.** Liðurinn orðist svo:

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		86.605
1 01 Yfirstjórn	23.665	
1 20 Ráðunautar	34.309	
1 30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnað	25.631	
1 40 Ýmis framlög	3.000	
Gjöld samtals		86.605

Tegundasundurliðun:		Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	52.918	
52–58	Önnur gjöld	30.687	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3.000	
5	Gjöld samtals	86.605	
4	Sértekjur	9.187	
	Mismunur		**77.418**

4. Við 4. gr. 6-255 Umferðarráð.
   a. Við 101 Almennur rekstur.
      Fyrir „29.192“ kemur 24.192
   b. Nýr liður:
      103 Þjóðarátak í umferðaröryggi 5.000
5. Við 4. gr. 6-304 Ýmis kirkjuleg málefni. 652 Hóladómkirkja.
   Fyrir „6.000“ kemur 9.000

Sþ. 260. Nefndarálit [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist á valdastóla lýsti hún yfir því að hún væri mynduð til þess að „leysa bráðan efnahagsvanda“ þjóðarinnar, „rétta við stöðu útflutningsgreinanna, forðast atvinnuleysi og hemja verðbólgu“. Lokið væri tímabili „óþolandi óvissu og úrræðaleysis“. Upp væri runninn tíma aðgerða, tími tillagna væri að baki.

Að vonum þóttu þetta góð tíðindi. Búist var við aðgerðum sem dygðu til þess að hallarekstri fyrirtækja linnti, útflutningsatvinnuvegirnir kæmust á réttan kjöl og atvinnuöryggi yrði tryggt.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru þó í litlu samræmi við þessar yfirlýsingar. Að meginhluta skiptust þær í tvennt:

1. Framlenging á tímabili launafrystingar og verðstöðvunar sem átti að gefa svigrúm til að taka ákvörðun um marktækar aðgerðir.
2. Nýjar og stórfelldar millifærslur.

Auk þessa ákvað ríkisstjórnin að nota heimild sem þegar var fyrir hendi um 3% lækkun á gengi krónunnar.

Millifærslur ríkisstjórnarinnar eiga að fjármagna í fyrsta lagi með erlendum lántökum, þ.e. 800 m.kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og 1000 m.kr. til Atvinnutryggingarsjóðs. Enn fremur er gert ráð fyrir að Atvinnutryggingarsjóðurinn fái framlög úr ríkissjóði á næstu tveimur árum sem nemi 1000 m.kr., en bróðurparturinn af því fé verði í raun tekinn af lögboðnum greiðslum til Atvinnuleysistryggingasjóðs og möguleikar hans því lamaðir til að sinna sínu hlutverki ef til atvinnuleysis kynni að koma. Minni hl. telur óviðunandi að ríkið gangi þannig í sjóð launafólks og rjúfi á þennan hátt samninga ASÍ, VSÍ og ríkisins um greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Flestum var þegar ljóst að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar leystu engan vanda til frambúðar, þetta voru bráðabirgðaaðgerðir einungis til þess fallnar að slá raunverulegri úrlausn mála á frest. Atvinnufyrirtækin þurfa meira til en lán úr nýjum sjóði þegar eigið fé þeirra er þorrið eða er á þrotum. Þau þurfa rekstrargrundvöll, almenn skilyrði af hálfu stjórnvalda, til þess að snúa við frá hallarekstri til viðunandi afkomu. Hvaðanæva hafa borist yfirlýsingar frá samtökum atvinnurekenda og launþega um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þessa hafi reynst gagnslausar. Hvaðanæva berast fregnir af fyrirtækjum sem eru að komast í þrot og hyggjast loka um áramót. Hvaðanæva heyrist frá því sagt að útflutningsatvinnuvegirnir, undirstöður þjóðfélagsins, séu að molna niður. Atvinnuleysi hefur þegar meira en tvöfaldast frá því á sama tíma á fyrra ári og samtök atvinnurekenda hafa bent á að sú hætta vofi yfir að 4–6 þúsund manns gangi atvinnulausir þegar líða tekur á vetur. Sú tala gæti orðið hærri ef fjöldi útflutningsfyrirtækja stöðvast um áramótin vegna aðgerðaleysis stjórnvalda.

Þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar og hans menn komu á fund nefndarinnar sl. þriðjudagskvöld var það staðfest að staða atvinnuveganna hefur stórversnað á síðustu tveimur mánuðum. *Samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar var halli á rekstri sjávarútvegsins, veiða og vinnslu, metinn 2,5% við stjórnarskiptin í september en 4,5% í nóvembermánuði.*

Þannig eru horfurnar þegar ríkisstjórnin hefur setið að völdum í 2½ mánuð. Enn hefur ríkisstjórnin enga stefnu tekið til lausnar á því sem hún kallaði réttilega á sínum fyrstu dögum „bráðan efnahagsvanda“ þjóðarinnar. Samt hefur taprekstur inn nálega tvöfaldað afköst sín við að naga rætur fyrirtækjanna. En ríkisstjórnin, sem við upphaf göngu sinnar sagði lokið tímabili óvissu og úrræðaleysis, hún hefst ekki að. Hversu lengi skal það standa?

Þeir sem töldu myndun ríkisstjórnarinnar boða góð tíðindi hafa orðið fyrir vonbrigðum. Við blasir stefnuleysi og úrræðaleysi með háskalegum afleiðingum. Atvinnuleysisvofan er á gægjum í gættinni. Það er geigur í þjóðinni.

Fjárlagafrumvarpið.

Fjárlagafrumvarpið, sem ýmsir hafa sagt á undanförnum árum að ætti að vera spegill stjórnarstefnu, ber auðvitað augljós merki þess ástands sem að framan er lýst. Frumvarpið staðfestir stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og úrræðaleysi hennar í málum atvinnuveganna. Að sjálfsögðu ber að viðurkenna það að við slíkar aðstæður er tæpast fært að koma saman marktæku fjárlagafrumvarpi. Efnahagsstefnan verður að vera grundvöllur frumvarpsins og þegar efnahagsstefnan er engin vantar grundvöllinn. Vinnubrögð í fjárveitinganefnd hafa tafist af þessum sökum. Afgreiðslu nefndarinnar við þessa umræðu verður gerð nánari skil í lok þessa nefndarálits.

Það sem við blasir við 2. umr. er m.a. þetta:

- Tekjuhlið frumvarpsins er í lausu lofti og allt í fullkominni óvissu um afgreiðslu á skattalagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar.
- Með skattafrumvörpum sínum hyggst ríkisstjórnin leggja 6700 m.kr. nýja skatta á þjóðina samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar.
- Forsendur frumvarpsins í verðlags-, launa- og gengismálum eru marklausar og sýnast helst við það miðaðar að núverandi aðgerðaleysi í efnahags- og atvinnumálum standi út allt næsta ár.
- Sparnaðarhugmyndir ríkisstjórnarinnar eru ekki fluttar við þessa umræðu, heldur birtar sem tilkynning. Allt er í óvissu um lokaafgreiðslu fjárlaga og niðurstöður þeirra.
- Fjárlagafrumvarpið felur í sér atlögu að atvinnuvegunum með aukinni skattheimtu, minnkandi framlögum hins opinbera og stórhækkuðum þjónustugjöldum stofnana á vegum ríkisins.

- Afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins við þessa umræðu stangast í flestum meginatriðum á við yfirlýsingar í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Þetta tekur þó einkum til hagsmuna atvinnuvega, byggðamála, samgöngumála og atvinnuöryggis launafólks.
- Áður en fjárlagafrumvarpið er tekið til lokaafgreiðslu verður að krefjast þess að ríkisstjórnin hafi tekið stefnu í efnahags- og atvinnumálum sem geti orðið grundvöllur raunhæfra forsendna fyrir fjárlög næsta árs og gefi auk þess atvinnuvegunum möguleika til þess að byggja upp nýja undirstöðu fyrir lífvænlega afkomu og atvinnuöryggi.

Afkoma ríkissjóðs.

Varla verður undan því kvartað að við Íslendingar höfum í nokkru sparað mannahald og annan tilkostnað við upplýsingasöfnun og ráðgjöf við stjórn efnahagsmála og ríkisfjármála á undanförnum árum. Þessir þættir mála ættu ekki að hafa háð því að árangur yrði sæmilegur.

Auk fjármálaráðuneytisins hafa stofnanir eins og Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Hagstofa Íslands, Ríkisendurskoðun og Seðlabankinn unnið sameiginlega og hver á sínu verksviði að þessum málum. Fyrrverandi fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, setti á laggirnar enn eina hagstofnun til að sinna þessu verki en það er hagdeild fjármálaráðuneytisins.

Árangurinn af þessari fjölgun hagstofnana og mikilvirku starfi þeirra sýnist þó ekki hafa dugað til þess að hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs og stjórn ríkisfjármála á þessu ári. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með 53 m.kr. rekstrarafgangi. Frá því í júní og allt fram á haust stóð þáverandi fjármálaráðherra á því fastar en fótunum að halli ríkissjóðs á árinu yrði 693 m.kr., og brást hart við þegar Ríkisendurskoðun spáði 1500–2000 m.kr. halla á miðju ári. Núverandi fjármálaráðherra áætlaði hins vegar hallann 3000 m.kr. í októberlok, viku síðar 4000 m.kr. og enn rúmri viku eftir það 5000 m.kr. Á fundi með fjárveitinganefnd sl. þriðjudagskvöld áætlaði forstöðumaður hagdeildar fjármálaráðuneytisins að hallinn yrði 6.500 m.kr. Á sama fundi var og upplýst að á þessu ári, í tíð tveggja fjármálaráðherra, hafa engin viðbrögð verið af hálfu fjármálaráðuneytisins í þá átt að snúast gegn þessari hrikalegu þróun. Fyrr hefur verið gerð grein fyrir því áliti Ríkisendurskoðunar að eftirlitskerfi fjármálaráðuneytisins í launa- og starfsmannamálum hafi brugðist á fyrri hluta ársins í höndum fyrrverandi fjármálaráðherra. Á fyrri helmingi ársins jukust þannig launaútgjöld ríkiskerfisins sem svaraði 725 nýjum stöðugildum.

Tveir meginþættirnir sem mynda þennan hrikalega halla á ríkisrekstrinum í ár eru annars vegar aukin útgjöld sem nema nálega 3000 m.kr. og hins vegar samdráttur tekna um allt að 3500 m.kr.

Augljóst er að almennur veltusamdráttur í þjóðfélaginu veldur miklu um þá breytingu sem hér hefur á orðið varðandi samdrátt í tekjum ríkissjóðs. M.a. hefur innheimta orðið erfiðari en ella. Samt verður ekki undan því vikist að horfast í augu við þá staðreynd, sem er lokaniðurstaða í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þessi efni, en þar segir orðrétt:

„Í öðru lagi virðast þær umtalsverðu breytingar sem gerðar voru á helstu tekjustofnum ríkissjóðs ekki hafa skilað þeim tekjum sem að var stefnt.“

Á hinn bóginn verður að telja það ámælisvert af hálfu fjármálaráðuneytisins að hafa ekki brugðist við samdrætti tekna með því að draga úr útgjöldum. Þess í stað hafa ríkisútgjöldin og ríkisreksturinn haldið áfram að þenjast út. Umfang ríkiskerfisins skal vaxa, en framlög til opinberra framkvæmda og atvinnuvega minnka.

Skattaárið mikla.

Engar líkur eru á öðru en að áhrifa þess samdráttar sem orðið hefur í efnahagskerfinu á þessu ári gæti einnig á árinu 1989, e.t.v. með vaxandi þunga. Þó að Þjóðhagsstofnun muni ekki birta endanlegar spár um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins fyrr en fyrir 3. umr. er víst að samdrátturinn kemur fram í tekjum ríkissjóðs á næsta ári. Þessu ætlar ríkisstjórnin að mæta með því að leggja nýja skatta á þjóðina sem eiga að nema 6700 m.kr. Er það mat Þjóðhagsstofnunar á þeim skattafrumvörpum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Á sama tíma sem að kreppir hjá öllum almenningi, launafólk býr við minnkandi atvinnu og hættu á stórfelldu atvinnuleysi, atvinnuvegirnir ramba á barmi gjaldþrots og fyrirtækin loka hvert af öðru ætlar ríkisstjórnin að leggja á nýja skatta sem eiga að nema 6–7 milljörðum kr. Ríkissjóður og ríkisreksturinn á að hafa sitt sem næst á þurru. Næsta ár á að verða skattaárið mikla. Þá skal borga meira til ríkisins en í ár þrátt fyrir að flestir eða allir hafi minni greiðslugetu.

Á fundi nefndarinnar sl. þriðjudagskvöld var kynntur listi yfir tillögur ríkisstjórnarinnar um sparnað og niðurskurð á fjárlagafrumvarpinu. Fulltrúar minni hl. voru í engu spurðir um sitt álit, enda var hér um beina tilkynningu frá ríkisstjórn að ræða. Eigi að síður lýsir minni hl. yfir stuðningi við þá hugsun sem að baki þessum niðurskurði býr þótt hann sé sumpart óraunhæfur, svo sem niðurskurður á Ríkisábyrgðarsjóði, og í annan stað ranglátur, svo sem er um skerðingu á fé til vegamála. Þess í stað þyrfti að skera meira niður í rekstri ríkisins og óráðsíu.

Fjárlagafrumvarpið sjálft er mikið þenslufrumvarp í rekstri og umfangi ríkiskerfisins sem sannast m.a. af því að þar er gert ráð fyrir 400 nýjum störfum ofan á þá miklu aukningu á mannahaldi á þessu ári sem fyrr er að vikið. Slík útþensla í ríkiskerfinu, ásamt harkalegri álagningu nýrra skatta, getur ekki átt rétt á sér þegar atvinnuvegirnir riða til falls og að kreppir hjá öllum almenningi svo sem sýnilegt er að gerist á næsta ári.

Atlaga að atvinnuvegunum.

Fyrr í þessu nefndaráliti er vikið að stöðu atvinnuveganna, hvernig afkoma sjávarútvegsins hefur hraðversnað á síðustu tveimur mánuðum, hvernig hvert fyrirtækið á fætur öðru riðar á bjargbrúninni. Aðgerðaleysi og sinnuleysi stjórnvalda er ótrúlegt. En það er ekki nóg. Fjárlagafrumvarpið felur í sér atlögu að atvinnuvegunum. Var þó síst ástæða til. Þetta gerist í fyrsta lagi með skattheimtu.

Þá eru framlög ríkisins til atvinnuvega lækkuð. Það gerist annars vegar með því að framlög eru óbreytt í krónutölu, t.d. endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi og jöfnunargjald í iðnaði, og hins vegar eru framlögin stórskert eða þurrkuð út, en svo er um framlög til landbúnaðarins og framlag til þróunardeildar Iðnlánasjóðs sem fellt er niður. Í þriðja lagi er ýmsum stofnunum hins opinbera, sem veita atvinnuvegunum þjónustu, gert að innheimta mun hærri gjöld fyrir þjónustu sína en áður hefur tíðkast. Svo er t.d. um rannsóknastofnanir atvinnuveganna, einnig aðrar þjónustu- og eftirlitsstofnanir, en út yfir tekur þó að Vinnueftirlit ríkisins á að innheimta meira fyrir heimsóknir sínar en þarf til reksturs á þeirri stofnun og á að skila hluta af innheimtum sínum til ríkissjóðs. Hér er um að ræða nýstárlega leið til skattlagningar á atvinnufyrirtækin sem sýnir hugkvæmni ríkisstjórnarinnar en um leið ótrúlegt skilningsleysi á högum atvinnuveganna og hagsmunum fólksins í landinu.

Byggðamál.

Fjárlagafrumvarpið er á flestum sviðum í litlu samræmi við yfirlýsingar í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Að framan hefur verið sýnt fram á hvernig yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að treysta grundvöll atvinnulífsins stangast á við raunveruleikann og fjárlagafrumvarpið. Í byggðamálum er sömu sögu að segja. Ríkisstjórnin segist ætla að efla sveitarfélög-

in, t.d. með því að verja stærri hluta en áður af tekjum Jöfnunarsjóðsins til tekjujöfnunar. Hið rétta er að framlag til sjóðsins er skert um 395 m.kr. og ekkert liggur fyrir um það hvernig úthlutun verður háttað.

Ríkisstjórnin segist ætla að efla Byggðasjóð. Hið rétta er að framlag til sjóðsins er óbreytt í krónutölu frá fyrra ári og skattlagning á erlendar lántökur sjóðsins eta upp meginhluta ríkisframlagsins.

Ríkisstjórnin segist ætla að treysta stöðu landsbyggðarinnar en sker niður fé til verklegra framkvæmda á landsbyggðinni og þann hluta af fjármagni til atvinnuveganna sem ætti að renna til fyrirtækjanna sjálfra eða fólksins, sem við þau starfar og flestallt er á landsbyggðinni.

Ríkisstjórnin segist ætla að vinna „skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun". Hún fer hins vegar þveröfugt að. Hún tekur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 600 m.kr. af sérmerktum tekjustofnum vegamála, bensíngjaldi og þungaskatti, yfir í ríkissjóð og ætlar ekki að skila 180 m.kr. til viðbótar sem geymt var á þessu ári, auk þess sem enn á að skera 90 m.kr. samkvæmt tilkynningu ríkisstjórnarinnar um niðurskurð. Samtals eiga því að hverfa í ríkissjóðshítina 870 m.kr. af sérmerktu fé til vegamála. Ekkert er enn vitað um hvernig þessi niðurskurður á að koma niður, t.d. liggur ekkert fyrir um fjármögnun jarðganga í Ólafsfjarðarmúla.

Þrátt fyrir fögur orð í málefnasamningi hefur það sem að framan er talið samanlagt í för með sér stórkostlegt tekjutap og samdrátt í atvinnu á landsbyggðinni, ofan á þann fyrirsjáanlega atvinnubrest sem stafar af háskalegum þrengingum atvinnuveganna. Við blasir brestur í byggðaþróun, samdráttur og fólksflótti.

Afgreiðsla frumvarpsins.

Fjárlagafrumvarpið gengur nú til 2. umr. við óvenjulegar aðstæður. Ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar er ískyggilegra en verið hefur í marga áratugi. Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í þeim málum er algjört. Óvissan í ríkisfjármálum er einnig óvenjuleg. Ríkisstjórnin varð við þeirri kröfu minni hl. að leggja fram skattalagafrv. sín áður en fjárlagafrumvarpið gengi til 2. umr. En ríkisstjórnin hefur ekki nægan meiri hluta til að tryggja afgreiðslu þeirra í neðri deild Alþingis. Niðurstöður er varða tekjuhlið fjárlagafrv. eru því enn í lausu lofti.

Fjárveitinganefnd hefur haft skemmri tíma en oft áður til sinna starfa. Ekki er hægt að segja að sá tími hafi verið nógu vel nýttur. Hlé hafa orðið á störfum nefndarinnar þannig að dögum saman var minni hl. ekki kallaður til funda fyrri hluta desember. Samkvæmt venju, sem oftast hefur verið fylgt, flytur nefndin þó breytingartillögur sínar við þessa umræðu sameiginlega. Minni hl. hefur þó um þær fullkominn fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Minni hl. telur að eðlilega hafi verið staðið að undirbúningi tillagna er varða skiptingu fjárfestingarliða og ýmissa safnliða miðað við það knappa fjármagn sem til þeirra liða er ætlað. Á hinn bóginn var afgreiðslu tillagnanna, er varða rekstrarliði A-hlutans, flaustrað af á einum fundi og nánast um tilkynningu meiri hl. að ræða. Minni hl. telur þann afgreiðslumáta ekki til eftirbreytni ef ætlast er til að eðlilegt samstarf ríki innan nefndarinnar. Minni hl. vekur og athygli á að við þessa afgreiðslu eru brotin meginsjónarmið sem virt hafa verið til þessa, svo sem að hundruð milljóna af fé samkvæmt sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar eru teknar í ríkissjóð, þvert á gildandi lög, og samkomulag um framlög til landgræðsluáætlunar er brotið þrátt fyrir fagurgala háttsettra stjórnarliða um landgræðslu- og landverndarmál.

Engar upplýsingar hafa verið gefnar um stórmál sem hljóta að koma til athugunar fyrir 3. umr. T.d. má nefna að í frv. vantar 620 m.kr. til þess að halda niðurgreiðslum óbreyttum í

krónutölu út næsta ár, til jarðræktarframlaga vegna framkvæmda sem unnar hafa verið vantar um 150 m.kr. og búfjárræktarframlög eru þurrkuð út.

Við þessa umræðu er slík óvissa um fjármál ríkisins á næsta ári og lokaafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins að minni hl. flytur engar breytingartillögur sameiginlega. Það bíður 3. umr. En minni hl. tekur fram að hann telur óhjákvæmilegt að áður en 3. umr. fer fram og fjárlagafrumvarpið verður afgreitt hafi tvennt gerst:

Í fyrsta lagi að *ríkisstjórnin hafi tekið stefnuna í efnahags- og atvinnumálum þannig að nýjar forsendur geti orðið grundvöllur að afgreiðslu fjárlaga.*

Í öðru lagi að *skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar hafi hlotið afgreiðslu Alþingis, þannig að hægt sé að áætla tekjuhlið fjárlaganna.*

Meðan þessi atriði liggja ekki fyrir er fjárlagadæmið allt í uppnámi auk þeirra margháttuðu megingalla sem á frumvarpinu eru. Minni hl. stendur því ekki að afgreiðslu frumvarpsins í heild.

Alþingi, 15. des. 1988.

Pálmi Jónsson, frsm. Óli Þ. Guðbjartsson. Egill Jónsson.

Málmfríður Sigurðardóttir.

Nd. 261. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Launamanni skv. 2. tölul. 4. gr. ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 20. janúar ár hvert, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Á skattkorti skulu, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs, svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta skv. 1. mgr. falli niður, enda gildi áður útgefin skattkort það ár sem skattkortaútgáfan fellur niður, þó ekki skattkort skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. Þó skal gefa út skattkort til þeirra aðila er ekki hafa áður fengið skattkort en öðlast hafa rétt til þess.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. mgr. fellur niður.

b. Í stað „20%“ í 6. mgr. kemur: 50%.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Skattstjóra er heimilt að ákveða að laun hvers almanaksmánaðar séu hærri en 1/12 hluti árlegs endurgjalds, enda liggi fyrir samþykkt greinargerð launamannsins.

5. gr.

Í stað orðanna „innan tíu virkra daga frá tilkynningu“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar.

6. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Innan 15 daga frá og með dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 262. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1988.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Geir H. Haarde.

Nd. 263. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1988, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1988.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Geir H. Haarde.

Sþ. 264. Fyrirspurn [201. mál]

til dómsmálaráðherra um áfengiskaup handhafa forsetavalds og hlutverk Ríkisendurskoðunar.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvaða reglur gilda nú, og hafa gilt, um kaup handhafa forsetavalds á áfengi?
2. Hvenær vissi Ríkisendurskoðun fyrst um umtalsverð áfengiskaup handhafa forsetavalds?
3. Hvenær fékk ríkisstjórnin fyrst skýrslu um áfengiskaup handhafa forsetavalds?
4. Hver eru mörkin um áfengiskaup handhafa forsetavalds sem ástæða er til að gera athugasemdir við eða láta það ógert?
5. Hvað veldur því að Ríkisendurskoðun er falið vald til að fara með þann þátt dómsmála að ákveða hvort hafa skuli uppi aðgerðir í mögulegum dómsmálum?
6. Eru það fleiri mál eða málaflokkar, sem heyra til dómsmálum, sem dómsmálaráðuneytið hefur eða ætlar að fela Ríkisendurskoðun?
7. Nú hefur dómsmálaráðherra veitt einum hæstaréttardómara lausn til bráðabirgða úr starfi vegna áfengiskaupa. Upplýst hefur verið að fleiri hafi notað þennan meinta rétt til áfengiskaupa í verulegum mæli. Hvað verður gert í málum þeirra?
8. Eru áform uppi hjá dómsmálaráðherra að láta rannsaka þessi mál til hlítar og gefa Alþingi skýrslu um þau?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 265. Svar [105. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Páls Péturssonar um fiskútflutning í gámum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var útflutningur í gámum á þorski, ýsu, ufsa, grálúðu og karfa árið 1987 og til októberloka 1988 sundurliðað eftir kjördæmum?

Hversu mikill ísfiskur var fluttur út á sama tímabili sundurliðað eftir kjördæmum?

Að höfðu samráði við fyrirspyrjanda miðast svarið við tímabilið 1. jan. til 31. ágúst 1988, hvað yfirstandandi ár snertir, þar sem nýrri tölur eru ekki fyrirliggjandi.

Tölurnar eru teknar saman á vegum Fiskifélags Íslands. Afli er sundurgreindur eftir heimahöfn skipa.

Landað erlendis til sölu frá fiskiskipum (botnfiskur).
(Í tonnum.)

	1. jan. til 31. des. 1987	*1. jan. til 31. ág. 1988*
Suðurland	3.465	3.436
Reykjanes	5.286	4.319
Reykjavík	15.705	9.481
Vesturland	1.013	1.128
Vestfirðir	2.382	1.167
Norðurland vestra	386	415
Norðurland eystra	1.524	1.145
Austurland	9.356	6.399

Útflutningur á ferskum fiski í gámum.
(Í tonnum.)

	1. jan. til 31. des. 1987	*1. jan. til 31. ág. 1988*
Suðurland		
Þorskur	8.292	6.469
Ýsa	5.180	5.507
Ufsi	1.698	759
Karfi	911	516
Grálúða	24	232
Reykjanes		
Þorskur	2.258	2.212
Ýsa	839	1.317
Ufsi	1.151	454
Karfi	2.628	1.215
Grálúða	171	168
Reykjavík		
Þorskur	1.545	984
Ýsa	795	590
Ufsi	197	202
Karfi	887	784
Grálúða	356	161
Vesturland		
Þorskur	1.187	1.065
Ýsa	327	392
Ufsi	792	223
Karfi	1.104	692
Grálúða	382	215
Vestfirðir		
Þorskur	10.617	5.487
Ýsa	743	961
Ufsi	980	403
Karfi	1.446	503
Grálúða	2.484	1.351
Norðurland vestra		
Þorskur	259	112
Ýsa	46	42
Ufsi	34	28
Karfi	132	55
Grálúða	22	3

	1. jan. til 31. des. 1987	*1. jan. til 31. ág. 1988*
Norðurland eystra		
Þorskur	1.218	665
Ýsa	353	239
Ufsi	174	86
Karfi	144	50
Grálúða	54	74
Austurland		
Þorskur	1.128	1.591
Ýsa	357	752
Ufsi	247	340
Karfi	98	108
Grálúða	26	17

Ed. 266. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Margrét Frímannsdóttir og Karl Steinar Guðnason voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. — Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. — Stefán Guðmundsson.

Guðmundur H. Garðarsson. — Guðrún Agnarsdóttir.

Sþ. 267. Nefndarálit [174. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og kallaði á sinn fund Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm. — Hjörleifur Guttormsson, fundaskr. — Kjartan Jóhannsson.

Ey. Kon. Jónsson. — Kristín Einarsdóttir. — Ragnhildur Helgadóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 268. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um staðfestingu tveggja Norðurlandasamninga um viðurkenningu starfsréttinda kennara.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson.
Kristín Einarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 269. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Albert Guðmundssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-989 110 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „21.420“ kemur	30.000

Ed. 270. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf um framhaldsskóla hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum telur Kvennalistinn að tímabært hafi verið að setja um þá rammalöggjöf. Við umræður um frumvarp til laga um framhaldsskóla á Alþingi sl. vor gagnrýndu þingkonur Kvennalistans ýmsa þætti þess og fluttu breytingartillögur við margar greinar þess. Að mati Kvennalistans var helstu agnúa frumvarpsins að finna varðandi stjórnunarþáttinn og aðbúnað nemenda og lutu breytingartillögurnar því einkum að þessu tvennu. Allar breytingartillögur Kvennalistans voru felldar. Því koma skoðanir Kvennalistans á ýmsum mikilvægum þáttum í starfi framhaldsskólans ekki fram í þeim lögum sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí 1988. Skólamenn hafa einnig gagnrýnt marga þætti laganna. Að mati þeirra, einkum stjórnenda skólanna, var þó stigið mikilvægt skref við lagasetninguna með því að kveðið er á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar framhaldsskólanna og yfirtöku ríkissjóðs á rekstri þeirra.

Með þeirri frestun á hluta laganna sem hér er lögð til er viðhaldið þeirri mismunun sem nú er eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Sveitarfélög sem taka þátt í rekstri framhaldsskóla hafa gert sínar áætlanir með tilliti til þess að fjármálakafli laganna taki gildi nú um áramótin. Kvennalistinn telur brýnt að þessi mismunun verði afnumin.

Þrátt fyrir þá vinnu sem nú fer fram við smíð reglugerða og að boðuð hefur verið viss endurskoðun á ýmsum þáttum laganna sem Kvennalistinn hefur gagnrýnt getur 1. minni hl. ekki stutt þá frestun á framkvæmd laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir og mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1988.

Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr.

Sþ. 271. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Nýr liður:	Þús. kr.
602 Til uppbyggingar búminjasafns	5.000

Sþ. 272. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Inga Birni Albertssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-986 620 Bygging íþróttamannvirkja. Fyrir „45.000“ kemur	75.000
2. Við 4. gr. 02-988 117 Starfsemi KFUM og KFUK. Fyrir „1.380“ kemur	2.000
3. Við 4. gr. 03-101 131 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning. Fyrir „480“ kemur	1.500
4. Við 4. gr. 08-399 195 Kynsjúkdómar, eyðni. Fyrir „5.890“ kemur	12.000
5. Við 4. gr. 09-999 190 Óviss útgjöld (fjármálaráðuneyti). Liðurinn fellur brott.	
6. Við 4. gr. 10-651 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985. Fyrir „28.000“ kemur	45.000

Ed. 273. Frumvarp til laga [202. mál]

um norrænan þróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við stofnun norræns þróunarsjóðs, en samningur þar að lútandi var undirritaður milli ríkisstjórna Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar í Stokkhólmi 3. nóvember 1988 ásamt samþykktum fyrir sjóðinn. Samningurinn og samþykktirnar eru birtar í heild sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Aðdraganda stofnunar sjóðsins má rekja til þess að árið 1984 samþykkti Norðurlandaráð ályktun til norrænu ráðherranefndarinnar um að láta gera athugun á því með hvaða hætti unnt væri að veita svokölluð „mjúk“ lán, þ.e. vaxtalaus lán til langs tíma, til þróunarverkefna og fjárfestinga í þróunarlöndum.

Tillaga um stofnun þróunarsjóðs var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1988 og var síðan gengið frá drögum að samningnum og samþykktunum á fundum bráðabirgðastjórnar sjóðsins.

Sjóðnum er ætlað að örva efnahagskjör og þjóðfélagslegar framfarir í þróunarlöndunum með því að taka þátt í að fjármagna með sérstaklega hagstæðum kjörum verkefni í þróunarlöndunum þar sem samnorrænna hagsmuna er að gæta.

Starfsstöð sjóðsins verður í skrifstofu Norræna fjárfestingarbankans, en frumvarp þetta er flutt til þess að tryggja fullnægjandi lagaheimildir vegna hugsanlegrar starfsemi sjóðsins hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 6. gr. samningsins skal sjóðurinn vera undanþeginn greiðsluhöftum og stefnumarkandi lánaráðstöfunum sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi hans eða girt fyrir að hann geti staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt aðrar skyldur. Því er nauðsynlegt að sjóðurinn sé undanþeginn ákvæðum laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi hans.

Um 3. gr.

Hér er að finna heimild til þess að undanþiggja eignir og tekjur sjóðsins sköttum eins og kveðið er á um í 6. gr. samningsins.

Um 4. gr.

Í 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði undanþeginn stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera að því er fjármögnunarstarfsemina varðar.

Um 5. gr.

Samkvæmt 8. gr. samningsins öðlast hann gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn. Eðlilegt er að gildistaka laga um sjóðinn tengist því beinlínis að samningurinn um stofnun sjóðsins gangi í gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um stofnun norræns þróunarsjóðs.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að efla norræna þróunarsamvinnu, sem hefur að markmiði að styðja efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndunum, og hafa í því skyni orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, skal stofnaður með því markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

2. gr.

Sjóðurinn skal hafa stöðu lögpersónu.

3. gr.

Starfsemi Sjóðsins fer eftir þeim samþykktum sem fylgja samningi þessum. Norræna ráðherranefndin getur ákvarðað að breyta samþykktum þessum.

4. gr.

Samningsaðilar leggja fram stofnfé Sjóðsins.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norrænu ráðherranefndarinnar að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins.

Upphæð stofnfjár, tækifæri til að leggja fram viðbótarstofnfé og skiptingin milli þátttökulandanna skal ákveðin í 2. gr. samþykktanna.

5. gr.

Starfsstöð Sjóðsins skal vera í höfuðstöðvum Norræna fjárfestingarbankans.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera laus undan greiðsluhöftum og öðrum stefnumarkandi lánaráðstöfunum sem geta hindrað eða torveldað starfsemi Sjóðsins í framkvæmd.

Fjármagn og tekjur Sjóðsins skulu vera undanþegnar skattlagningu. Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal Sjóðurinn vera undanþeginn stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

7. gr.

Norræna ráðherranefndin tekur í síðasta lagi hinn 1.12.1991 afstöðu til áframhaldandi starfsemi Sjóðsins.

Norræna ráðherranefndin getur ákvarðað að leysa skuli Sjóðinn upp samkvæmt þeirri tilhögun sem greinir í 10. gr. samþykktanna.

8. gr.

Samningurinn og samþykktirnar, sem greinir í 3. gr., taka gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu um samþykki sitt á samningnum.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til sænska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir öðrum samningsaðilum og stjórn Sjóðsins um móttöku tilkynningarinnar og efni hennar. Uppsögnin tekur í fyrsta lagi gildi við lok þess reikningsárs sem kemur á eftir því ári sem uppsögnin átti sér stað á og í fyrsta lagi að liðnum 5 árum eftir gildistöku þessa samnings.

Taki norræna ráðherranefndin ekki ákvörðun um, eftir að samningsaðili hefur sagt samningnum upp, að leysa Sjóðinn upp skal hún taka ákvörðun um, í síðasta lagi áður en uppsögnin öðlast gildi, á hvern hátt skal útkljá samskipti Sjóðsins og þess aðila sem hættir aðild. Tryggja skal að aðili sem hættir aðild sé áfram ábyrgur á sama hátt og aðrir aðilar fyrir skuldbindingum Sjóðsins sem voru fyrir hendi þegar hann hætti aðild.

10. gr.

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest endurrit hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 3. nóvember 1988 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

SAMÞYKKTIR FYRIR NORRÆNAN ÞRÓUNARSJÓÐ

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi dagsettum 3. nóvember 1988 ákveðið að stofna norrænan þróunarsjóð.

Markmið.

1. gr.

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, hefur að markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

Stofnfé.

2. gr.

Stofnfé Sjóðsins er 100 millj. SDR.

Fimmta hluta stofnfjárins (20 millj. SDR) skal greiða inn í Sjóðinn í síðasta lagi hinn 1.1.1989 samkvæmt gengi SDR á innborgunardeginum.

SDR er skilgreint í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá 1. janúar 1981. Ef þessi skráning verður breytt mun stjórnin fylgja þeirri ákvörðun sem stjórn Norræna fjárfestingarbankans tekur um það að hve miklu leyti bankinn skuli fylgja hinum nýju reglum.

Af stofnfé til starfsemi Sjóðsins er hluti danska ríkisins 20,0 millj. SDR, finnska ríkisins 20,3 millj. SDR, íslenska ríkisins 0,9 millj. SDR, norska ríkisins 21,5 millj. SDR og sænska ríkisins 37,3 millj. SDR. Framlög ríkjanna eru afhent Sjóðnum til ráðstöfunar á gjafagrundvelli.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norrænu ráðherranefndarinnar að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins. Aukningin skiptist milli ríkjanna samkvæmt því hlutfalli sem á hverjum tíma gildir um samnorrænar fjárfestingar.

Þess er vænst að ráðstöfunarfé Sjóðsins verði ávaxtað á tryggilegan hátt og afraksturinn verði notaður til starfsemi Sjóðsins.

Starfsemi.

3. gr.

Sjóðurinn veitir vaxtalaus lán til þróunarlanda í verkefni sem styrkja þróun. Við lánveitingar til annarra ríkja en þeirra sem eru fullvalda skal Sjóðurinn jafnan krefjast ríkisábyrgðar eða tryggingar sem hann metur gildar.

Sjóðurinn skal einbeita sér að fátækum löndum og aðeins í undantekningartilvikum veita lán til annarra landa en þeirra sem hafa lágar tekjur og lægri meðaltekjur.

Við þátttöku Sjóðsins í fjármögnun verkefna ber að taka tillit til greiðslugetu móttökulandsins.

Sjóðurinn getur og gert aðrar þær ráðstafanir sem tengjast starfsemi hans og eru nauðsynlegar eða æskilegar til að ná markmiðum hans.

4. gr.

Reikningshald Sjóðsins skal vera í SDR. Reikningsárið fylgir almanaksárinu.

Ársskýrsla Sjóðsins og ársreikningar skulu sendir norrænu ráðherranefndinni.

Stjórn.

5. gr.

Með málefni Sjóðsins fer stjórn, framkvæmdastjóri og annað starfslið sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi hans.

6. gr.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum. Hvert ríkjanna tilnefnir mann í stjórnina til allt að fimm ára. Hvert ríki tilnefnir á sama hátt varamann fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs. Fulltrúar landanna skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórninni.

Stjórnin kemur saman til fundar eftir ákvörðun formanns eða þegar tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórinn fara þess á leit.

Stjórnin er ályktunarhæf þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða atkvæðisbærir varamenn eru mættir. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði, en varamaður er aðeins atkvæðisbær í fjarveru stjórnarmanns. Ákvörðun stjórnarinnar er því aðeins gild að enginn atkvæðisbær stjórnarmaður sé andvígur henni.

Stjórnin setur sér sjálf fundarsköp.

Fulltrúi Norræna fjarfestingarbankans situr fundi stjórnarinnar án atvæðisréttar.

7. gr.

Stjórnin fer með vald um málefni Sjóðsins, en getur í þeim mæli, er hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjóranum það eða Norræna fjárfestingarbankanum.

Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur Sjóðsins og fylgir þeim meginreglum og fyrirmælum sem stjórnin hefur sett.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til mest fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn má ekki vera stjórnarmaður eða varamaður í stjórn. Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

8. gr.

Til að skuldbinda Sjóðinn undirskrifa tveir af eftirtöldum: stjórnarmenn, varamenn, framkvæmdastjórinn eða þeir sem stjórnin hefur veitt umboð til þess.

Önnur ákvæði.

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal fylgjast með því að starfsemi Sjóðsins sé rekin í samræmi við samþykktirnar. Eftirlitsnefndin er ábyrg fyrir endurskoðun og sendir árlega endurskoðunarskýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar.

Hlutverki eftirlitsnefndar gegnir sú eftirlitsnefnd sem norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að annast endurskoðun Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Nú hyggst norræna ráðherranefndin leysa upp Sjóðinn og skal ráðherranefndin þá velja menn til að annast það verk. Ekki er unnt að leysa Sjóðinn upp og endurgreiða eða ráðstafa stofnfénu fyrr en skuldbindingartími gagnvart lánum eða öðrum rekstri er liðinn.

Sþ. 274. Breytingartillaga [73. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	Þús. kr.
Fyrir „1.617.000“ kemur	1.707.000

Sþ. 275. Breytingartillaga [73. mál]

við brtt. á þskj. 235 [Fjárlög 1989].

Frá fjárveitinganefnd.

Við brtt. 235, 22 (02-610 Héraðsskólar, almennt). — Liðurinn orðist svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Við 590 Viðhaldsfé.		
Fyrir „4.000“ kemur		3.000
b. Við 690 Stofnkostnaður.		
Fyrir „26.000“ kemur		39.000

c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar almennt (02-610 690):		
1. Reykholt	21.000	
2. Núpur	3.000	
3. Reykjanes	2.000	
4. Reykir	2.000	
5. Eiðar	8.000	
6. Skógar	1.000	
7. Laugarvatn	1.000	
8. Laugar	1.000	
		39.000

Ed. 276. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Ríkið kemur á fót stofnunum skv. 2.–13. tölul. 7. gr. Sveitarfélög útvega rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. og koma á fót sérdeildum og fer um þann stofnkostnað í samræmi við lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

Ríkið greiðir að fullu stofnkostnað skv. 2.–13. tölul. 7. gr.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr. Kostnaður skv. 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við rekstur stofnana skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Ríkissjóður greiðir þann rekstrarkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr. sem ekki er greiddur af sértekjum eða eigin fé.

Sérstaka flutningaþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða af rekstrarfé viðkomandi stofnunar.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

3. gr.

1.–7. og 9. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

1. tölul. 18. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og við aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva, greiðist 60% úr ríkissjóði en 40% af hlutaðeigandi sveitarfélögum.

5. gr.

1. tölul. 20. gr. laganna orðast svo:

Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

6. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva og skulu þær þannig skipaðar að starfslið stöðvarinnar tilnefnir tvo, tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður og búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

7. gr.

2. tölul. 30. gr. laganna orðast svo:

Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir tvo. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar og búsettur á starfssvæði sjúkrahússins. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Í stjórnir einkasjúkrahúsa eða sjálfseignarstofnana skipar ráðherra einn stjórnarmann án tilnefningar og skal sá jafnframt vera formaður stjórnar, en eigendur kjósa þrjá stjórnarmenn og starfsmannaráð einn mann.

8. gr.

3. og 4. tölul. 34. gr. laganna orðast svo:

Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 2. tölul. 34 gr., skal vera 60% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 40%.

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

9. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

10. gr.

2. og 3. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar slysatrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

11. gr.

37. og 38. gr. laganna falla brott.

12. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða líkamshluta vantar.
b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna meðfæddra galla, svo sem klofins góms eða meiri háttar tannvöntunar.
d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.
f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a-, b- og c-liðum 1. mgr. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

13. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir eigi þeir lögheimili hér á landi. Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett nánari ákvæði í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

14. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

15. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

16. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálp sem hér segir:

a. Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði hinn sjúkratryggði lækni það gjald er ákveða skal með reglugerð. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis hjá sérfræðingum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiðir sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveða skal með reglugerð.
c. Lyf sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður fyrstu 440 kr. en sjúkratryggingar það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra, en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það.
d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 550 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
e. Sjúkradagpeningar skv. 45. gr.

f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum í 10 daga frá því fæðing hefst.
g. Tannlækningar skv. 44. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 70 kr. fyrir hverja ferð.
i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að 7/8 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkatryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 1.650 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist 7/8 af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

17. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6–15 ára 100% kostnaðar við tannlækningar aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar, en 50% af þessum aðgerðum. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 50% kostnaðar við tannréttingarmeðferð sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára þar til meðferð er lokið. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerð á 17–18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda hafi tryggingayfirlækni þá verið gerð grein fyrir því eða að minnsta kosti áður en unglingurinn verður 17 ára að rétt sé að festa aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykkir það.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

18. gr.

1., 2. og 3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

19. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Takist samningar ekki ákveður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga annarra heilbrigðisstétta.

20. gr.

Upphaf 3. mgr. 46. gr. orðast svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir utansjúkrahússjúklinga, skulu ákveðin af fimm manna nefnd, daggjaldanefnd.

21. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

22. gr.

48. gr. laganna fellur niður.

23. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

24. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlag“ kemur: sjúkratryggingar eða orðið falli brott eftir því sem við á.

25. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlagsstjórn“ kemur: Tryggingastofnun ríkisins eða orðið falli brott eftir því sem við á.

26. gr.

Hvarvetna þar sem stendur „samlagsmaður“ í öðrum greinum laganna kemur: sjúkratryggður.

27. gr.

Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990.

Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins og skulu þær nýttar fyrir umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingu.

28. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
b. Framlag ríkissjóðs skv. 14. gr.
c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

29. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

31. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara.

Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

32. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð skal vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans. Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir og samræmir störf þeirra í umdæminu. Það fer að öðru leyti með þau málefni sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela þeim eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

33. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytis um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðslusráðs, sé svo um samið, og forstöðumaður fræðsluskrifstofu, sbr. 12. og 15. gr.

3. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.

34. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Samtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Heimilt er fræðslustjóra að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

35. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis áður en framkvæmdir hefjast.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytis að fenginni umsögn örnefnanefndar.

36. gr.

3.–6. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

37. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

38. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Eðlilegt viðhald skólahúsa og búnaðar, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

Viðhaldskostnaður greiðist af sveitarfélögum.

39. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða sveitarfélaga einna, skal vera í höndum skólastjóra og skólanefndar sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvergi brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs.

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

40. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga.

41. gr.

3.–5. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun sem menntamálaráðneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

42. gr.

Úr 1. mgr. 43. gr. laganna falla brott orðin „sbr. 77. gr.“

3. mgr. sömu greinar orðast svo:

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

43. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er heimilt að nýta þjónustu ráðgefandi læknis í þessum efnum.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

44. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Auk kostnaðar við kennslu skv. 76. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann

launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 61. gr., og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

45. gr.

Í stað 78.–80. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 78. gr. en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla, en laun vegna kennslu og stjórnunar, eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

46. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

47. gr.

84. gr. laganna, er verður 81. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga og skulu því afhentir ársreikningar skólanna.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

48. gr.

Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 82. gr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu við það miðaðar að unnt sé að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir samkvæmt þeim ákveða.

49. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 83. gr. og orðast svo:

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til fullgerðra framkvæmda eða framkvæmda sem hafnar eru og ríkissjóður er skuldbundinn til að greiða samkvæmt nánara samkomulagi við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

VII. KAFLI

Um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað 5.–10. gr. í II. kafla laganna kemur ein ný grein, sem verði 5. gr., en töluröð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota eru í verkahring sveitarfélaga.

Bygging íþróttamannvirkja fyrir íþróttafélög og félagasambönd innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands skal og vera í verkahring sveitarfélaga. Byggingarstyrkir skulu ákveðnir í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar um að mannvirki sé styrkhæft skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal m.a. ákveða nánar um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

51. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði: **Um byggingarstyrki.**

VIII. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum.

52. gr.

Í stað 2., 3. og 4. gr. laganna kemur ein ný grein, sem verði 2. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

53. gr.

5. gr. laganna, sem verði 3. gr., orðast svo:

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks frá ríki eða sveitarfélagi, er skylt að heimila öðrum félögum, sem falla undir 1. gr., afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi ef það fer ekki í bága við notkun þeirra sjálfra. Rísi ágreiningur um rétt til afnota af félagsheimili eða um eðlilegt leigugjald skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skera úr.

54. gr.

6. gr. laganna, sem verði 4. gr., orðast svo:

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi, án leyfis menntamálaráðherra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili sem styrkt hafa verið nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða til endurbóta á eigninni.

55. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

Í stað orðanna „styrk úr Félagsheimilasjóði“ í 8. gr. laganna, sem verður 5. gr., kemur: opinberum styrk.

56. gr.

9. gr. laganna, sem verði 6. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið með reglugerð nánari skilyrði til styrkveitinga og önnur atriði er snúa að framkvæmd laganna.

Ágreiningi, sem verða kann um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

57. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 7. gr. og orðast svo:

Til Menningarsjóðs félagsheimila skal renna hluti af skemmtanaskatti. Sjóðurinn skal verja tekjum sínum til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er einnig, ef sérstaklega stendur á, að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila.

Menntamálaráðuneytið skal fara með málefni sjóðsins.

IX. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, með síðari breytingu.

58. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Skemmtanaskattur rennur í ríkissjóð á árinu 1989, sbr. þó 7. gr. laganna. Eftir það skal skattinum ráðstafað, í samráði við fjármálaráðherra, til framkvæmda á sviði lista og menningarmála og til forvarnastarfa á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

59. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Af skemmtanaskatti skv. 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 10% til Menningarsjóðs félagsheimila.

X. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

60. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

61. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess.

Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs, eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

62. gr.

Í 1. mgr 4. gr. laganna falla brott orðin „úr ríkissjóði“.

63. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.

Nú hættir aðili, sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar dagvistarheimilis, rekstri þess og getur þá hlutaðeigandi sveitarfélag gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

64. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

65. gr.

9.–14. gr. laganna fellur brott, en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

XI. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

66. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

67. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.

68. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.

69. gr.

Síðasti málsliður 8. gr. laganna falli brott. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.

70. gr.

Í stað orðanna „fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera“ í 1. málsl. 9. gr. laganna kemur: launanefnd sveitarfélaga gerir.

71. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

72. gr.

21.–24. gr. og 26.–27. gr. laganna falla brott en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

73. gr.

28. gr. laganna, sem verði 22. gr., orðast svo:

Af tekjum til vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita ákveðna fjárhæð til sýsluvega. Vegamálastjóri annast skiptingu fjárins milli sýslna eftir reglugerð,sem ráðherra setur. Við skiptingu skal aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu sem falla undir a-c lið 2. mgr. 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

XIII. KAFLI

Um landshafnir.

74. gr.

Felld eru úr gildi lög nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lög nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og lög nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn, með síðari breytingum. Um hafnir þessar skulu gilda hafnalög, nr. 69/1984.

XIV. KAFLI

Um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

75. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem unnar eru á árinu 1989 skal þó aðeins nema þeim framlögum, sem eru á fjárlögum 1989, að frádregnum þeim hluta framlaganna, sem gengur til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við sveitarfélög og félagasamtök vegna framkvæmda sem unnar voru fyrir árslok 1988.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum árin 1990–1993. Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

XV. KAFLI

Gildistaka.

76. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Um langt árabil hefur farið fram mikil umræða um nauðsyn breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Nokkrar nefndir hafa starfað að þessum málum og skilað tillögum til breytinga á verkaskiptingunni og safnað saman miklum upplýsingum.

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í júní 1986 var gert um það samkomulag að skipa tvær nefndir sem hefðu það hlutverk að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á fjárhagslegum samskiptum þessara aðila.

Þáverandi félagsmálaráðherra skipaði aðra nefndina, en hún fjallaði um verkaskiptinguna. Nefndarmenn voru tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Nefnd þessi var kölluð verkaskiptanefnd.

Þáverandi fjármálaráðherra skipaði hina nefndina, en hún fjallaði um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Nefndarmenn í henni voru tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Nefnd þessi var kölluð fjármálanefnd.

Við vinnu sína höfðu nefndirnar einkum til hliðsjónar:

1. Álitsgerð verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga frá 1980, en þessi nefnd var skipuð 1976 af Gunnari Thoroddsen, þáverandi félagsmálaráðherra.
2. Skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1983. Nefndin var skipuð 1982 af Svavari Gestssyni, þáverandi félagsmálaráðherra.
3. Samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkaskiptamál frá apríl 1985.

Nefndir þessar höfðu með sér náið samstarf og skiluðu þær álitum sínum vorið 1987. Álitin voru gefin út í bókinni „Samstarf ríkis og sveitarfélaga“ sem m.a. hefur verið dreift til alþingismanna og allra sveitarstjórnarmanna.

Mikil kynning hefur farið fram á álitum nefndanna, bæði á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þá voru verkaskiptamálin aðalumræðuefni á samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga í desember 1986 og maí 1987.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir nokkrum helstu atriðum í álitum nefndanna. Þar er m.a. fjallað um galla á núverandi verkaskiptingu, hvaða markmið voru höfð til hliðsjónar við tillögugerð og áhrif breytinga á fjárhag ríkis og sveitarfélaga.

Varðandi galla á núverandi fyrirkomulagi verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga var bent á nokkur meginatriði sem komið hafa fram.

- Talið er að ríkið hafi oft með höndum verkefni sem betur væru komin í höndum heimamanna vegna þekkingar þeirra á staðbundnum þörfum og aðstæðum. Sveitarfélögin mundu leysa þessi verkefni á hagkvæmari hátt.
- Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er talin óskýr og flókin. Mikil vinna er lögð í margs konar uppgjör milli þessara aðila. Í mörgum tilvikum er stöðug togstreita og ágreiningur milli ríkis og sveitarfélaga einkum vegna fjárhagslegra samskipta.
- Ákvarðanir um framkvæmdir eru oft taldar teknar af þeim aðilanum sem ekki ber síðan nægjanlega ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri viðkomandi verkefnis.
- Sveitarfélögin eru talin fjárhagslega ósjálfstæð og of háð ríkisvaldinu.
- Í störfum sínum settu nefndirnar sér samhljóða markmið og tillögur þeirra ber að skoða með hliðsjón af þeim. Markmið þessi voru:
- Sveitarfélögin hafi einkum með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri og hagkvæmari þjónustu. Ríkið annist fremur verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu.
- Sveitarfélögin verði fjárhagslega sjálfstæðari og síður háð ríkisvaldinu.
- Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og einfaldari og dregið verði úr samaðild.
- Saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri svo sem auðið er.
- Stuðningur ríkisins við sveitarfélögin til að annast lögbundin verkefni verði í meira mæli í formi almennra framlaga í stað fjárveitinga til einstakra verkefna.

Tillögur beggja nefndanna eru í mörgum liðum en í eftirfarandi yfirliti eru þær flokkaðar eftir málaflokkum.

1. Grunnskólar:	
Bygging grunnskóla	verkefni sveitarfélaga
Rekstrarkostnaður annar en kennslulaun	verkefni sveitarfélaga
Rekstur fræðsluskrifstofa, þar með talin sálfræðiþjónusta	verkefni ríkisins
2. Framhaldsskólar:	
Bygging framhaldsskóla	verkefni ríkisins
Rekstrarkostnaður	verkefni ríkisins

Öldungadeildir, meistaraskóli, Myndlista- og handíðaskólinn, Tónlistarskólinn í Reykjavík (framhaldsdeild)	verkefni ríkisins
3. Almennir tónlistarskólar:	
Kennslulaun	verkefni sveitarfélaga
4. Íþróttamál:	
Bygging og styrkir til íþróttamannvirkja	verkefni sveitarfélaga
Opinberir styrkir til íþróttahreyfingar	verkefni sveitarfélaga
5. Félagsheimili og æskulýðsmál:	
Fjárveitingar til byggingar félagsheimila	verkefni sveitarfélaga
Opinberir styrkir til æskulýðsfélaga	verkefni sveitarfélaga
6. Dagvistarheimili:	
Bygging almennra dagheimila, leikskóla og skóladagheimila	verkefni sveitarfélaga
Upptökuheimili, unglingaheimili	verkefni ríkisins
7. Byggðasöfn:	verkefni sveitarfélaga
8. Málefni fatlaðra:	
Stofnkostnaður	verkefni ríkisins
Rekstrarkostnaður	verkefni ríkisins
9. Vatnsveitur, stofnkostnaður	verkefni sveitarfélaga
10. Landshafnir	verkefni sveitarfélaga
11. Sýsluvegir	verkefni ríkisins
12. Sjúkrahús:	
Bygging sjúkrahúsa og langlegudeilda aldraðra	verkefni ríkisins
Rekstrarkostnaður sjúkrahúsa og langlegudeilda	verkefni ríkisins
13. Heilsugæsla utan sjúkrahúsa:	
Stofnkostnaður	verkefni sveitarfélaga
Rekstrarkostnaður	verkefni sveitarfélaga
14. Dvalarheimili og íbúðir aldraðra:	
Stofnkostnaður, þar með taldir byggingarstyrkir	verkefni sveitarfélaga og Framkvæmdasjóðs aldraðra
15. Heimaþjónusta (heimahjúkrun, heimilishjálp)	verkefni sveitarfélaga
16. Sjúkratryggingar	verkefni ríkisins

17. Kostnaður við tannlækningar verkefni ríkisins

18. Atvinnuleysistryggingasjóður verkefni ríkisins

19. Samhliða verði fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga einfölduð.

20. Hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt að hluta til.

Fjármálanefnd gerði það að tillögu sinni að úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs yrði breytt og meira fé ráðstafað til að styrkja einkum hin fámennari sveitarfélög til að annast lögbundin verkefni, til að jafna útgjöld sveitarfélaga og til að standa undir stofnframkvæmdum. Tekjum sjóðsins yrði skipt í þrjá hluta, bundin framlög, sérstök framlög og almenn framlög og hlutfall hvers hluta ákveðið í lögum.

Sérstök framlög Jöfnunarsjóðs yrðu skilyrt og sveitarfélögin þess vegna flokkuð eftir tegund, verkefnum, útgjöldum og tekjum. Framlögunum var ætlað að standa undir kostnaðarsömum stofnframkvæmdum hjá fámennum sveitarfélögum, bæta upp tekjumissi sveitarfélaga vegna fólksfækkunar, greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum kostnaði við grunnskóla, bæta upp annan aukinn kostnað við breytta verkaskiptingu og til innbyrðis tekjujöfnunar milli sveitarfélaga.

Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir 1988 ákvað þáverandi ríkisstjórn að taka á því ári fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frumvarp um þetta efni var lagt fram á Alþingi í byrjun desember 1987. Afgreiðsla frumvarps þessa dróst á langinn og í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í mars var það lagt til hliðar og málinu frestað.

Um frumvarpið.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði í nóvember 1987 nefnd til að undirbúa næsta skref í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og fjalla um uppgjör og eignatilfærslur sem því tengjast. Nefnd þessi var skipuð fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeim ráðuneytum sem mest samskipti hafa við sveitarfélögin.

Nefnd þessari var ætlað að starfa á grundvelli nefndarálitanna frá 1987. Þegar ljóst var hver yrðu afdrif verkaskiptafrumvarpsins, sem lagt var fram í desember 1987, var nefndinni falið að yfirfara verkaskiptamálið að nýju og undirbúa framlagningu lagafrumvarps nú í haust.

Að ósk félagsmálaráðherra gekk nefndin frá drögum að áliti um miðjan október, sem þá var kynnt fyrir viðkomandi ráðherrum, ríkisstjórn og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndarmenn og einnig félagsmálaráðherra hafa rætt við fjölda sveitarstjórnarmanna og kynnt sér viðhorf þeirra til málsins. Með tilliti til þessa og gagnrýni á fyrri tillögur leggur nefndin til nokkrar breytingar frá fyrri tillögum. Helstu breytingarnar eru:

1. Sveitarfélögin greiði 40% af stofnkostnaði framhaldsskóla, sbr. nýsamþykkt lög. Fyrri tillögur gerðu ráð fyrir að ríkið greiddi allan stofnkostnaðinn.
2. Lagt er til að fallið verði frá áformum um að færa styrki til íþrótta- og æskulýðsfélaga alfarið til sveitarfélaga.
3. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaði við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús verði skipt þannig að sveitarfélögin greiði 40%, en allur rekstrarkostnaður verði greiddur af ríkinu. Í fyrri tillögum var reiknað með að ríkið greiddi stofn- og rekstrarkostnað sjúkrahúsa, en sveitarfélögin stofn- og rekstrarkostnað heilsugæslustöðva.
4. Lagt er til að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt og núverandi verkefni hans flytjist að mestu til sveitarfélaga (bygging dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða).

Seinna var tekin sú ákvörðun að fella niður tillögu verkaskiptanefndar varðandi byggðasöfn.

Nefndin ítrekar fyrri tillögur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í sambandi við breytingar á verkaskiptingunni. Þar er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaganna með þrennum hætti:

a. Framlög til stofnframkvæmda.
b. Framlög til rekstrar grunnskóla í dreifbýli.
c. Framlög vegna breyttrar verkaskiptingar.

Nefndin leggur til að upphæð þessara framlaga verði við það miðuð að hagur hinna minni og vanmegnugri sveitarfélaga batni við breytingar á verkaskiptingunni.

Menntamálaráðuneytið hefur tekið saman lauslega áætlun um „skuldastöðu" ríkissjóðs um næstu áramót vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga sem eru á vegum þess ráðuneytis. Samkvæmt áætluninni verður staðan þannig (í m.kr.):

1. Íþróttamannvirki	100
2. Félagsheimili	70
3. Dagvistarheimili	210
4. Grunnskólar	685
Samtals	1.065

Tekið skal fram að hér er um mjög grófa áætlun að ræða. Mikið vantar á að enn liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar frá sveitarfélögunum um framkvæmdir yfirstandandi árs enda nær þrír mánuðir eftir af árinu 1988.

Ríkið og sveitarfélögin þurfa að komast að sameiginlegri niðurstöðu um „skuldastöðuna". Einnig þarf að jafna ágreining sem verið hefur milli þessara aðila um við hvaða byggingarkostnað eigi að miða kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Nefndin leggur til að mótaðar verði nánari reglur um uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytinga á verkaskiptingunni og af því tilefni verði skipuð nefnd með fulltrúum ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs við sveitarfélögin verði gerðar upp með sem næst jöfnum greiðslum á eigi lengri tíma en fjórum árum eftir að breytingar á verkaskiptingunni taka gildi.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið hafður sá háttur á að hvert ráðuneyti, sem hlut á að máli, hefur unnið tillögur til breytinga á lögum sem undir það heyrir. Þannig hefur félagsmálaráðuneyti lagt til 1.–3. gr. frumvarpsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 4.–30. gr., menntamálaráðuneyti 31.–71. gr. og samgönguráðuneyti 72.–74. gr. Þessi ráðuneyti hafa einnig gengið frá athugasemdum við hverja einstaka grein frumvarpsins. Efni 75. gr. er hins vegar unnið í samvinnu félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Á vegum félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis var unnið við að fella ofangreindar tillögur saman í fyrirliggjandi frumvarp og einnig samningu hinna almennu athugasemda frumvarpsins.

Frumvarpið er í öllum aðalatriðum byggt á tillögunum frá 1987 með þeim breytingum og áherslum sem nefndin leggur nú til. Helstu breytingar frá gildandi lögum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru eftirfarandi:

1. Felld verði niður 15% þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði nokkurra stofnana fyrir fatlaða.
2. Felld verði niður sérstök framlög til vatnsveitna í fjárlögum.
3. Felld verði niður þátttaka sveitarfélaga í rekstri sjúkrahúsa og heilsugæstustöðva.
4. Hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði 40% í stað 15%.

5. Framlög sveitarfélaga til sjúkrasamlaga verði felld niður og sjúkratryggingarnar verði alfarið verkefni ríkisins.
6. Framlög sveitarfélaga til atvinnuleysistrygginga verði felld niður.
7. Ríkissjóður greiði alfarið kostnað við rekstur fræðsluskrifstofa.
8. Sveitarfélög greiði allan reksturskostnað grunnskóla að undanskildum kennslulaunum.
9. Sveitarfélög greiði allan stofnkostnað grunnskóla.
10. Felld verði niður þátttaka ríkisins í stofnkostnaði íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga.
11. Felld verði niður þátttaka ríkisins í byggingu félagsheimila.
12. Bygging dagvistarheimila fyrir börn verði alfarið verkefni sveitarfélaga.
13. Felld verði niður þátttaka ríkisins í launakostnaði tónlistarskóla.
14. Felld verði niður framlög sveitarfélaga til sýsluvega.
15. Felld verði úr gildi sérstök lög um landshafnir og þess í stað gildi um þær almenn hafnalög.

Til viðbótar við framantaldar breytingar er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á lögum nr. 92/1982, um málefni aldraðra, en lögin missa gildi sitt um næstu áramót. Endurskoðun laganna stendur yfir og stefnt er að því að flytja sérstakt frumvarp um breytingar á þeim lögum. Þar verður lagt til að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt og núverandi verkefni hans flytjist að mestu til sveitarfélaga og einnig að heimilishjálp verði verkefni sveitarfélaga.

Reiknað er með að á vegum menntamálaráðuneytisins verði flutt frumvarp sem m.a. feli í sér að framhaldsnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík verði alfarið greitt af ríkinu, svo og rekstur Myndlista- og handíðaskólans.

Við mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga eru einnig teknar með breytingar sem felast í nýjum lögum um framhaldsskóla.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim kafla frumvarpsins, sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaga vegna breytinga á verkaskiptingunni í samræmi við þær tillögur sem áður eru raktar hér í greinargerðinni.

Á fylgiskjali með frumvarpi þessu kemur fram mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga á ársgrundvelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kaflinn fjallar um breytingar á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Málefnum fatlaðra er nú sinnt af ríki, sveitarfélögum og ýmsum félagasamtökum.

Samkvæmt lögunum eiga sveitarfélögin að taka þátt í stofnkostnaði og rekstri sumra stofnana fyrir fatlaða. Ákvæði laganna um þetta efni eru þó ekki nægjanlega skýr og hafa reynst mjög örðug í framkvæmd.

Um 1. gr.

Í 26. gr. núverandi laga um málefni fatlaðra eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Lagt er til að þessum ákvæðum verði breytt á þann veg að ríkið greiði að fullu stofnkostnað skv. 2.–13. tölul. 7. gr., en sveitarfélögin eiga nú að greiða 15% af stofnkostnaði sumra þessara stofnana.

Um 2. gr.

Í 28. gr. núverandi laga um málefni fatlaðra eru ákvæði um rekstrarkostnað og skiptingu hans. Lagt er til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að 15% þátttaka sveitarfélaga í rekstrarkostnaði nokkurra stofnana fyrir fatlaða verði felld niður.

Um II. kafla.

Bygging og rekstur vatnsveitna er eitt þeirra verkefna sem sveitarfélögunum eru falin í sveitarstjórnarlögum. Á fjárlögum hefur verið veitt nokkru fé til vatnsveituframkvæmda sveitarfélaga. Fjárveitingar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, og hafa þær undanfarið runnið til fámennra þéttbýlissveitarfélaga sem þurft hafa að leggja í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir.

Lagt er til að hætt verði við að veita á fjárlögum sérstaka styrki til bygginga vatnsveitna og í tillögum um breytingar á verkefnum Jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir sérstökum fjárstuðningi við fámenn sveitarfélög sem ráðast þurfa í dýrar vatnsveituframkvæmdir.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu laganna eru öll ákvæði laganna óþörf að undanskildri 8. gr., en þar er að finna heimild fyrir sveitarfélög að leggja á sérstakan vatnsskatt sem mörg sveitarfélög nýta sér. Lagt er til að allar greinar aðrar en 8. gr. verði felldar úr gildi. Greinin verður því 1. gr. laganna.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, en lagt er til að kostnaður við rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa verði verkefni ríkisins að öllu leyti. Rétt er að geta þess að á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er unnið að heildarendurskoðun laganna og er reiknað með að frumvarp verði lagt fram bráðlega. Í frumvarpi þessu er því eingöngu tekið á atriðum sem snerta rekstur heilbrigðisþjónustunnar og stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaganna í kostnaði við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, þannig að í stað 15% samkvæmt gildandi lögum skuli sveitarfélögin greiða 40%. Á móti losna sveitarfélögin við allar rekstrarskuldbindingar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist að fullu úr ríkissjóði. Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkið eingöngu laun lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, en sveitarfélögin annast allan annan reksturskostnað.

Um 6. gr.

Með hliðsjón af því að ráðgert er að ríkið standi undir kostnaði við rekstur heilsugæslustöðva að öllu leyti er nauðsynlegt að breyta samsetningu stjórna heilsugæslustöðva þannig að í stað þess að starfslið stöðvarinnar kjósi einn mann er nú lagt til að það tilnefni tvo menn, hlutaðeigandi sveitarstjórn tvo eins og verið hefur, en ráðherra skipi einn án tilnefningar sem jafnframt verði formaður. Gerð er sú krafa til fulltrúa ráðherra að hann sé búsettur á starfssvæði hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar. Á þennan hátt er reynt að treysta böndin milli þeirra sem stjórna rekstrinum og ríkisins sem annast allar greiðslur.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að á sama hátt og þegar um er að ræða stjórnir heilsugæslustöðva, sbr. 31. gr., skipi ráðherra einn stjórnarmann í stjórnir sjúkrahúsa sem jafnframt yrði formaður og búsettur á starfssvæði sjúkrahússins. Þetta á við þegar um er að ræða sjúkrahús sveitarfélaganna. Þegar um er að ræða einkasjúkrahús eða sjálfseignastofnun er gerð tillaga um það að í stað fulltrúa hlutaðeigandi sveitarfélags komi fulltrúi ráðherra og að hann skuli

vera formaður, enda reksturinn með öllu óviðkomandi hlutaðeigandi sveitarfélögum. Með þessu ákvæði er einnig á sama hátt og varðandi heilsugæsluna reynt að treysta böndin milli stjórna sjúkrahúsa og ríkisins sem annast allar greiðslur.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um það að framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, þar með talinn búnaður og tæki, skuli vera 60% í stað 85% eins og gildir í dag. Vísast nánar um þetta til athugasemda við 4. gr. en sömu sjónarmið liggja hér að baki.

Enn fremur er gerð sú tillaga að viðhald fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður í stað þess að það greiðist sem reksturskostnaður. Mundu því gilda sömu reglur um þetta þegar sjúkrahús eiga hlut að máli eins og gilda um heilsugæslustöðvar.

Enn fremur væri óraunhæft að ætlast til að þegar reksturinn er allur kominn yfir á ríkið skuli viðhald fasteigna og tækja greiðast sem reksturskostnaður.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Um er að ræða nánast uppstokkun á sjúkratryggingakafla laganna, þ.e. V. kafla, því lagt er til að sjúkratryggingar verði eingöngu verkefni ríkisins og þar af leiðandi verði sjúkrasamlögin lögð niður. Vakin skal athygli á því að á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis starfar sérstök nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða almannatryggingalög, sérstaklega ákvæðin um starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Reiknað er með að nefndin skili tillögum á næsta ári en þó ekki fyrr en að loknu yfirstandandi Alþingi. Því eru eingöngu lagðar til breytingar á þeim atriðum, sem fjalla um sjúkrasamlögin og yfirtöku ríkisins á verkefnum þeirra, þ.e. um sjúkratryggingar og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Enn fremur eru leiðrétt nokkur atriði í lögunum sem ýmist hafa ekki raunhæft gildi í dag vegna síðar tilkominna laga, t.d. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, eða eiga ekki við eftir þá einföldun kerfisins sem verður við brottfall sjúkrasamlaga, en í mörgum tilvikum er um að ræða annaðhvort greiðslu frá sjúkratryggingadeild eða sjúkrasamlagi eða jafnvel báðum þessum aðilum.

Um 9. gr.

Lögð er til sú breyting að Tryggingastofnun ríkisins annist auk lífeyristrygginga og slysatrygginga sjúkratryggingar og taki þar með yfir hlutverk sjúkrasamlaga. Að öðru leyti er 2. gr. laganna óbreytt.

Um 10. gr.

Felld eru niður ákvæði 32. gr. laganna um samninga og greiðslur sjúkrasamlaga.

Um 11. gr.

37. og 38. gr. almannatryggingalaga fjalla um sjúkrasamlög og starfsemi þeirra, um sameiningu sjúkrasamlaga, stjórnir sjúkrasamlaga og kjörtímabil þeirra. Með vísun til þess að með frumvarpinu er ætlunin að sjúkratryggingar verði verkefni ríkisins ber að fella greinarnar niður.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins og er greinin óbreytt frá gildandi 39. gr. að öðru leyti en því að teknir eru út þeir þættir sem snerta sjúkrasamlögin sérstaklega.

Um 13. gr.

Með hliðsjón af brottfalli sjúkrasamlaga er gert ráð fyrir því að landsmenn séu sjúkratryggðir, eigi þeir lögheimili hér á landi, og að börn og unglingar 16 ára og yngri fylgi foreldrum. Hið sama gildi um stjúpbörn og fósturbörn.

Enn fremur er gerð tillaga um það að ráðherra geti, að fengnum tillögum tryggingaráðs, sett nánari ákvæði í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Það gefur auga leið að skipuleggja verður þjónustu sjúkratrygginga og sjúkratryggingadeildar við landsbyggðina, auk þess sem setja verður fastar reglur um fyrirkomulag, t.d. um það hvar skuli greiða reikninga og hvert reikningar skuli sendir. Í þessu tilviki er rétt að benda á 8. gr. laganna, þar sem gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn sé heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar sé þar ekki umboðsskrifstofa Tryggingastofnunarinnar fyrir. Þetta ákvæði hefur lítið verið notað til þessa en fyllsta ástæða er til þess, þegar sjúkrasamlög hafa verið lögð niður, að sveitarstjórnir nýti sér þetta ákvæði til að halda tengslum við Tryggingastofnun ríkisins, m.a. til þess að annast upplýsingastörf í sveitarfélaginu og treysta tengsl íbúa sveitarfélagsins við Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsskrifstofu hennar.

Um 14. og 15. gr.

Með vísun til þess að sjúkrasamlög verða lögð niður verður að breyta 41. og 42. gr. laganna, þannig að þær fjalli eingöngu um greiðslu sjúkrahúskostnaðar á vegum sjúkratrygginga. Samkvæmt gildandi lögum er um tvenns konar greiðslur að ræða, annars vegar bein framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða greiðslur sjúkrasamlaga og hins vegar greiðslur sjúkratryggingadeildar, sé um að ræða sjúkrahúslegu sem varað hefur lengur en 12 mánuði undanfarin tvö ár. Hér eftir yrði um einhlítar greiðslur sjúkratrygginga að ræða án þess að legutími skipti máli. Að öðru leyti eru greinarnar óbreyttar.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um önnur réttindi en þau sem upp eru talin áður og sjúkratryggingum ber að annast í stað sjúkrasamlaga. Að öðru leyti er greinin efnislega óbreytt frá 43. gr. gildandi laga. Athygli skal vakin á því að þær upphæðir, sem koma fram í greininni, eru þær sem eiga við í dag og hljóta þær að taka breytingum fyrir gildistöku sem er 1. janúar 1990.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um greiðslur hins opinbera vegna tannlæknaþjónustu fyrir tiltekna hópa, þ.e. börn og unglinga og elli- og örorkulífeyrisþega. Gert er ráð fyrir því að á sama hátt og ríkið tekur yfir starfsemi og greiðslur sjúkrasamlaga taki ríkið einnig yfir hlutdeild sveitarfélaganna í tannlæknakostnaði. Hér er um að ræða greiðslur fyrir börn og unglinga 6–15 ára, en sveitarfélögin hafa greitt þann kostnað sem nemur helmingi á móti helmingi frá ríki. Varðandi gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar fyrir þennan hóp hafa sveitarfélögin greitt 25% og ríkið 25%. Með þeim breytingum sem hér eru gerðar tekur ríkið á sig að greiða 100% kostnaðar við almennar tannlækningar en 50% af gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingum. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá 44. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um hlutverk sjúkratrygginga í greiðslu sjúkradagpeninga í stað sjúkrasamlaga. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 19. gr.

Breyta þarf 1. mgr. 46. gr., þannig að ekki er lengur gert ráð fyrir því að sjúkrasamlög geri samninga um greiðslur varðandi sjúkratryggingar, heldur verði það eingöngu hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins. Enn fremur er lagt til að felld verði niður ákvæði er skylda

héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað til að gegna læknastörfum gegn föstu gjaldi, ákvarði sjúkrasamlag og Tryggingastofnun ríkisins að svo skuli gert, þar sem þetta ákvæði er óraunhæft í dag með hliðsjón af breyttum lögum um heilbrigðisþjónustu og breyttu hlutverki héraðslækna.

Um 20. gr.

Lögð er til orðalagsbreyting á 3. mgr. 46. gr. með hliðsjón af breytingum sem átt hafa sér stað á undanförnum árum varðandi starfsemi daggjaldanefndar, ekki síst með hliðsjón af því að stór hluti sjúkrahúsa er kominn yfir á kerfi fastra fjárveitinga.

Um 21. gr.

Í 47. gr. gildandi laga er fjallað um rétt sjúklinga til þess að leita sér lækninga utan samlagssvæðis. Þetta ákvæði er óþarft nái breytingarnar fram að ganga. Hins vegar er lagt til, til þess að taka af allan vafa, að ákvæðið gildi um þá sjúkratryggðu sem staddir eru erlendis og þurfa nauðsynlega á læknishjálp að halda.

Á þennan hátt yrði gerður munur, annars vegar á þeim sem þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis og þeim sem þurfa að leita sér læknishjálpar þegar þeir eru staddir erlendis. Í fyrra tilvikinu þarf svonefnd „siglinganefnd“ skv. 42. gr. ætíð að fjalla um málið komi til greiðslna sjúkratrygginga, en í síðara tilvikinu yrði réttur einstaklingsins tryggður til þess að fá að minnsta kosti sambærilega greiðslu og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað um flutninga manna milli samlagssvæða og greiðslu sjúkrabóta í slíkum tilvikum. Þar sem landið verður eitt svæði, nái breytingarnar fram að ganga, er greinin óþörf.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24.–26. gr.

Þar sem í lögum um almannatryggingar koma fyrir í mörgum greinum orðin „sjúkrasamlag“, „sjúkrasamlagsstjórn“ og „samlagsmaður“ er nauðsynlegt að kveða á um aðra orðanotkun sé slíku til að dreifa eða að orðin hreinlega falli niður eigi það við. Allt of langt mál yrði að breyta þessum greinum, en hér má nefna 4. mgr. 51. gr., 53. gr., 3. mgr. 55. gr., 2. mgr. 56. gr., 58. gr., 62. gr., 1. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 72. gr. Í sumum tilvikum þarf til ný orð, en í öðrum tilvikum hafa orðin enga þýðingu vegna breytinga á lögunum og falla því niður.

Um 27. gr.

Reiknað er með að sjúkrasamlög hafi að fullu gert upp árið 1989 fyrir mitt ár 1990 og að frá og með þeim tíma ljúki starfsemi þeirra algjörlega. Lagt er til að eignir sjúkrasamlaga renni til Tryggingastofnunar ríkisins og að þær skuli nýttar undir umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins. Ekki er gerð tillaga um yfirfærslu starfsfólks en um þann þátt gilda að sjálfsögðu reglur um opinbera starfsmenn, annars vegar þegar störf eru lögð niður og hins vegar um forgang að störfum. Þetta er framkvæmdaratriði sem ræða þarf til hlítar áður en breytingarnar öðlast gildi.

Um V. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingu. Reiknað er með að starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs verði verkefni ríkissjóðs og atvinnurekenda, þannig að ríkissjóður taki á sig skuldbindingar sveitarsjóða. Þetta hefur í för með sér breytingar á nokkrum greinum laganna.

Um 28. gr.

Felldur er út b-liður 5. gr. þar sem fjallað er um framlög sveitarfélaganna.

Um 29. gr.

Felld er niður 14. gr. laganna þar sem fjallað er um framlag sveitarsjóða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Aðrar greinar færast til sem því nemur.

Um 30. gr.

Með hliðsjón af breyttum verkaskiptareglum og því að ríkissjóður tekur yfir hlutverk sveitarsjóða er nauðsynlegt að breyta 1. mgr. 15. gr., sem reyndar verður 1. mgr. 14. gr., þannig að ríkissjóður taki á sig framlag sveitarsjóða og greiði sem nemur þreföldu iðgjaldi atvinnurekenda í stað tvöfalds, en samkvæmt gildandi lögum greiða sveitarsjóðir sama iðgjald og atvinnurekendur.

Um VI. kafla.

Bygging og rekstur grunnskóla hefur verið sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga.

Bæði stjórnunarleg og fjárhagsleg samskipti eru mikil, en jafnframt í mörgu tilliti flókin. Þessi flóknu samskipti hafa m.a. leitt til óþarfa árekstra og margvíslegra uppgjöra sem hægt væri að komast hjá ef sveitarstjórnir tækju aukna ábyrgð á rekstri og byggingu grunnskóla. Hér er tvímælalaust um staðbundin verkefni að ræða sem sveitarfélög geta ráðið við með nokkurri aðstoð ríkisins.

Til þess að einfalda þessi samskipti er lagt til að verkefni ríkisins verði að sjá að mestu um hinn uppeldisfræðilega þátt skólastarfsins, en hlutur sveitarfélaga verði að standa straum af kostnaði við umgjörð þess starfs, aðbúnað og aðstöðu.

Ríkissjóður greiði því laun vegna kennslu, stjórnunar og starfa á skólasöfnum, við skólaráðgjöf og við yfirstjórn fræðslumála.

Þetta felur í sér að ríkið greiðir laun skólastjóra og kennara og þann kostnað sem leiðir af kjarasamningum við samtök þeirra eins og áður, en auk þess allan kostnað við rekstur fræðsluskrifstofu og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem áður var greiddur að hluta af sveitarfélögum.

Sveitarfélög kosti ein byggingu grunnskóla.

Auk þess bæru sveitarfélögin ein kostnað af nokkrum rekstrarþáttum sem áður voru greiddir eða endurgreiddir að hluta úr ríkissjóði. Þessir rekstrarþættir eru: Laun vegna gæslu og mötuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri, skrifstofustarfa, tækjavörslu og félagsstarfa. Kostnaður vegna skólaaksturs, heilsugæslu, húsaleigu og trygginga fasteigna.

Jafnhliða þessum tilfærslum á sviði fjármálalegra samskipta er gert ráð fyrir áherslubreytingum í stjórnun grunnskóla til samræmis við tilfærslur verkefna.

Um 31. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skulu fulltrúar í fræðsluráð kjörnir af landshlutasamtökum. Þegar ákveði þetta var sett stóð til að setja sérstök lög um landshlutasamtök. Það hefur ekki verið gert. Því er hér lögð til sú breyting að sveitarstjórnir eða samtök sveitarfélaga, sbr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi kjósi fulltrúa í fræðsluráð og er það í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Um 32. gr.

Að fenginni reynslu og samkvæmt eðli máls er ekki talið rétt að fræðsluráð fari með stjórn fræðslumála í umboði menntamálaráðuneytis, sem engin áhrif hefur á kjör manna til starfa þar og í reynd hafa fræðsluráð litið á sig sem fulltrúa heimaaðila.

Gert er ráð fyrir að fræðsluráð fjalli um sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði skólamála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Um 33. gr.

Fellt er brott í 1. mgr. „og hlutaðeigandi sveitarfélaga“ og bætt við setningunni „sé svo um samið, sbr. 12. og 15. gr.“

Í 3. tölul. fellur brott „og sveitarstjórn umdæmisins“.

Með sama hætti og ekki er gert ráð fyrir því að fræðsluráð fari með umboð menntamálaráðuneytis, sbr. 32. gr. frumvarps þessa, er ekki gert ráð fyrir því að fræðslustjóri fari með umboð sveitarstjórna, nema þau vilji fela honum slíkt umboð.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. kemur „samtök sveitarfélaga“ í stað „landshlutasamtök sveitarfélaga“.

Í 2. mgr. er lögð til sú breyting að starfsmenn fræðsluskrifstofu verði ríkisstarfsmenn og að um ráðningu þeirra fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. mgr. er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að í stað orðanna „fræðsluráð og landshlutasamtök“ koma orðin „fræðslustjóri og samtök“.

Um 35. gr.

Felld er niður með 1. mgr. 23. gr. sú lagaskylda að samráð skuli haft við fræðsluráð áður en framkvæmdir við skólamannvirki hefjast, m.a. með tilliti til breyttrar stöðu fræðsluráða. Eðlilegt virðist að sveitarfélög séu frjáls um slíkt samráð.

Sett er inn ný málsgrein um að stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum.

Fellt er niður ákvæði í 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga þess efnis að menntamálaráðuneytið ákveði hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað þar sem nægjanlegt þykir að gerð skólamannvirkja hljóti samþykki ráðuneytisins, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Þá eru felld niður ákvæði um að menntamálaráðuneytið láti gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar þar sem framkvæmdir færast til sveitarfélaga.

Um 36. gr.

Felld eru brott ákvæði þess efnis að ríkissjóður yfirtaki hlut sveitarfélaga í skólabyggingum verði breyting gerð á skólahverfi og endurselji síðan nýjum aðilum o.s.frv.

Gera verður ráð fyrir að eignatilfærslur geti átt sér stað með samningum milli sveitarstjórna án beinnar aðildar ríkis, auk þess sem vart getur talist eðlilegt að lögbinda kaup ríkissjóðs á skólahúsnæði eftir að sveitarfélög greiða allan stofnkostnað skólamannvirkja.

Þá er einnig fellt niður ákvæði þess efnis að sérstakt samþykki ráðuneytis þurfi til vegna aðstöðu fyrir félagsstarfsemi í tengslum við skóla.

Um 37. gr.

Með samþykkt laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, sbr. 14. gr., voru fyrri ákvæði 27. gr. grunnskólalaga um framlag til listskreytinga skólamannvirkja felld úr gildi. Breyting á 27. gr. er því gerð til samræmis við þetta.

Um 38. gr.

Með samþykkt 6. gr. laga nr. 94/1975 var sveitarfélögum gert að greiða viðhald húsa og lóða ásamt viðhaldi tækja og búnaðar í grunnskólum, sbr. og núgildandi 79. gr. grunnskóla-

laga. Orðalagi 28. gr. er breytt til samræmis og m.a. fellt niður að í reglugerð skuli sett ákvæði um að árlegur hundraðshluti af brunabótamati hvers skólahúss renni til viðhalds húss og lóðar.

Um 39. gr.

Breyting frá gildandi lögum felst í því að í 1. mgr. 29. gr. er bætt við „þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaðir“ til þess að taka af tvímæli um ráðstöfun slíkra mannvirkja.

Þá er einnig bætt við í 1. mgr. „eða sveitarfélaga einna“, m.a. með tilliti til breyttrar verkaskiptingar.

Í 3. mgr. er fellt niður ákvæði um samþykki menntamálaráðuneytis fyrir notkun skólamannvirkja utan skólatíma.

Þá er bætt við málsgrein um að tekjur af eignum skóla renni til sveitarsjóðs.

Um 40. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður greiði allan launakostnað vegna kennslu og stjórnunar, sbr. 44. gr. þessa frumvarps, en sveitarfélög greiði annan launakostnað, svo sem vegna mötuneytis, ræstingar, húsvörslu og heimavistargæslu.

Í IV. kafla grunnskólalaga er sagt til um hvernig skuli staðið að ráðningu fastra starfsmanna ríkisins til kennslu og stjórnarstarfa. Lausráðnir starfsmenn, sem taka laun frá ríki, skulu ráðnir af skólastjóra með samþykki skólanefndar.

Aðrir starfsmenn skólans teljast starfsmenn hlutaðeigandi sveitarfélags og skulu ráðnir af sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar.

Um 41. gr.

Kostnaður við gæslu í heimavistum skal greiddur af sveitarfélögum. Í samræmi við þetta eru felld niður ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneyti ráði starfsmenn til umsjónar og gæslu í heimavistum.

Um 42. gr.

Felld er niður tilvísun í fjármálakafla laganna er fjallar um framlög ríkis til félagsstarfa.

Þá er ákveðið að kostnaður við félagsstörf í skólum skuli greiddur af sveitarfélögum. Í samræmi við þetta eru felld niður ákvæði þess efnis að skólastjóri geti veitt kennurum afslátt frá kennsluskyldu vegna félagsstarfa.

Um 43. gr.

Meginbreytingin frá núgildandi ákvæðum 66. gr. felur í sér að felld eru niður ákvæði um hvernig skuli staðið að stofnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í hverju umdæmi, en þess í stað sett inn ákvæði sem mælir fyrir um að í hverju umdæmi skuli vera ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir grunnskóla.

Þá er sett inn ákvæði þess efnis að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði í stað þess að áður skiptist sá kostnaður að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga.

Um 44. gr.

Í gildandi lögum er fjallað um kvótabundin framlög ríkisins til starfa við stjórnun, bókasöfn og kennslutæki auk félagsstarfa í grunnskóla.

Samkvæmt fyrirhugaðri breytingu á verkaskiptingu greiðir ríkissjóður launakostnað sem leiðir af stjórnun grunnskóla og starfrækslu skólasafna, en sveitarfélög launakostnað vegna skrifstofustarfa, tækjavörslu og félagsstarfa. Fyrri málsgrein 77. gr., eins og hún er orðuð samkvæmt frumvarpi þessu, er ætlað að taka af tvímæli um þessa verkaskiptingu.

Seinni málsgreinin kveður á um skyldu ríkissjóðs til að greiða laun stjórnskipaðra prófdómara og ýmsan aukakostnað kennara er leiðir af kjarasamningum ríkis og kennara.

Um 45. gr.

78.–80. grein fjalla um greiðslur sveitarfélaga og greiðsluhlutdeild ríkissjóðs í ýmsum rekstrarþáttum grunnskóla.

Samkvæmt fyrirhugaðri breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga bera sveitarfélögin ein kostnað af nokkrum rekstrarþáttum sem áður voru greiddir eða endurgreiddir að hluta úr ríkissjóði, en þeir eru, auk stofnkostnaðar, launakostnaður vegna umsjónar og mötuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri, skrifstofukostnaður, tækjavarsla, félagsstarf og akstur nemenda, heilsugæsla, að því leyti sem hún fellur til sem skólakostnaður, svo og húsaleiga og tryggingar fasteigna.

Þessari grein er ætlað að taka af allan vafa vegna þessarar verkaskiptingar.

Um 46. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

1. mgr. er breytt með tilliti til þess að reikninga sveitarfélaga þarf ekki að leggja fram til endurskoðunar og úrskurðar um hlut ríkissjóðs í almennum rekstri grunnskóla, heldur eingöngu sem lið í gagna- og upplýsingaöflun.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að felld eru brott orðin „með samþykki fræðslustjóra“.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 48. gr.

Samkvæmt fyrirhugaðri breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er ríkissjóði ætlað að greiða allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Þessari grein er ætlað að taka af tvímæli um greiðslur ríkisins vegna þessa þáttar skólastarfsins.

Jafnframt falla úr gildi greinar er fjalla m.a. um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í rekstri fræðsluskrifstofu.

Um 49. gr.

Þar sem sveitarfélögum einum er ætlað að greiða stofnkostnað eru þau ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, sem á annan veg mæla, felld úr gildi að öðru leyti en því að verðtryggingarákvæði laganna eru látin haldast þar til uppgjöri við sveitarfélög vegna skólabygginga er lokið.

Þá er enn fremur kveðið á um að menntamálaráðuneyti skuli gefa út reglur um húsnæði og búnað grunnskóla.

Um VII. kafla.

Bæði ríki og sveitarfélög taka nú þátt í byggingu íþróttamannvirkja, en mannvirkin eru rekin af sveitarfélögum eða íþróttafélögum. Þá styrkja báðir aðilar rekstur íþróttahreyfingarinnar og íþróttafélaga.

Lagt er til að fjárveitingar til byggingar íþróttamannvirkja verði fyrst og fremst á vegum sveitarfélaganna. Nú tekur ríkissjóður þátt í byggingu íþróttamannvirkja og veitir nokkurt fé til stuðnings íþróttahreyfingunni. Fjárveitingar Íþróttasjóðs til mannvirkjagerðar eru yfirleitt lágar og ríkið er á eftir að greiða sinn hlut og einnig eru fjárveitingar óverðtryggðar.

Breytt verkaskipting í þessum málaflokki kallar á verulegar breytingar á íþróttalögum, nr. 49/1956. Að sinni er einungis breytt þeim greinum sem snúa að hlutverki Íþróttasjóðs, en í ýmsum öðrum greinum laganna er minnst á Íþróttasjóð. Ekki eru í frumvarpinu gerðar tillögur um breytingar á þessum ákvæðum þar sem menntamálaráðuneyti hefur ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða íþróttalögin í heild sinni.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja verði í verkahring sveitarfélaganna er í frumvarpi þessu lagt til að Alþingi veiti árlega fé til byggingar íþróttamannvirkja á vegum félaga.

Um 50. gr.

Lagt er til að ákvæði 5.–10. gr. íþróttalaga, þar sem fjallað er um Íþróttasjóð og verkefni hans, verði felld brott og í stað þeirra komi ný grein sem verði 5. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði þess efnis að íþróttamannvirki í þágu skóla og almennings séu verkefni sveitarfélaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sveitarfélög taki að sér opinberan fjárstuðning vegna bygginga mannvirkja á vegum íþróttafélaganna.

Í 3. mgr. er þrátt fyrir það gert ráð fyrir að íþróttafélögin geti fengið nokkurn styrk frá ríkinu úr sérstökum íþróttasjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Lagt er til að íþróttanefnd ríkisins geri tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins. Menntamálaráðherra mun setja reglugerð um styrki ríkisins og sveitarfélaganna.

Jafnframt er lagt til að heiti kaflans sem nú er „Um Íþróttasjóð“ verði breytt í „Um byggingarstyrki“.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Lagt er til að ríkisvaldið hætti afskiptum af byggingum félagsheimila og að sveitarfélögin taki við þessum skuldbindingum og samhliða því verði Félagsheimilasjóður lagður niður. Meginhluti tekna af skemmtanaskatti rann áður til Félagsheimilasjóðs, en nú styrkir ríkið byggingu félagsheimila með framlagi til sjóðsins á fjárlögum og meiri hluti skemmtanaskatts fer í ríkissjóð.

Um 52. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að 2., 3. og 4. gr. laga um félagsheimili falli niður og í stað þeirra komi ný grein sem verði 2. gr. laganna og fjalli um styrkveitingar sveitarfélaga til bygginga félagsheimila.

Um 53. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í stað 5. gr. laganna um félagsheimili. Frumvarpsgreinin, sem er hluti af núverandi 5. gr., þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Grein þessi kemur í stað 6. gr. laganna. Hún fjallar um hömlur á sölu félagsheimilis sem notið hefur opinbers styrks og leiðir af breytingum þeim sem að framan greinir. Ákvæðið er hluti af 6. gr. gildandi laga.

Um 55. gr.

Í 7. gr. núverandi laga eru ákvæði um hvað verði um félagsheimili ef félag sem staðið hefur að byggingu þess er lagt niður. Í frumvarpinu er grein þessi felld út en í staðinn er að finna ákvæði í 8. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að þessi atriði verði ákveðin í reglugerð.

Í 8. gr., sem verði 5. gr., falla niður orðin „styrks úr Félagsheimilasjóði“.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er að finna nýmæli sem felur í sér að menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð um styrkveitingar og önnur atriði er varða samskipti sveitarfélaganna og félagasamtaka sem njóta vilja opinbers styrks til byggingar félagsheimilis.

Síðari málsgrein þessarar greinar er samhljóða 9. gr. núverandi laga.

Um 57. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um félagsheimili eru ákvæði um fjárveitingu til Menningarsjóðs félagsheimila og um verkefni sjóðsins. Ákvæðum þessum er nokkuð breytt og lagt til að þau verði í sérstakri grein sem verði þá 7. gr. laganna.

Um IX. kafla.

Tillaga um að hætta starfsemi Félagsheimilasjóðs leiðir til þess að breyta þarf ráðstöfun tekna á skemmtanaskatti samkvæmt lögum nr. 58/1970.

Um 58. gr.

Í 6. gr. laga um skemmtanaskatt segir að hann skuli renna í Félagsheimilasjóð. Eftir gildistöku þessara laga er gert ráð fyrir að 20% af tekjum sjóðsins renni til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Menningarsjóðs félagsheimila, en aðrar tekjur sjóðsins fari til framkvæmda á sviði lista og menningarmála og til forvarnastarfa á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Nánari ákvæði um ráðstöfun skal setja í reglugerð.

Um 59. gr.

Hluti af tekjum skemmtanaskattsins rennur nú til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er honum varið til hljómleikahalds á landsbyggðinni. Ákvæði þessu er ekki breytt en við greinina er bætt að 10% af skattinum renni til Menningarsjóðs félagsheimila. Þessi fjárveiting var áður í 2. mgr. 2. gr. laga um félagsheimili sem lagt er til að verði breytt, sbr. 52. gr. frumvarps þessa.

Um X. kafla.

Samkvæmt núverandi verkaskiptingu sjá sveitarfélögin um dagvistarmál barna að öðru leyti en því að ríkið styrkir byggingu dagvistarheimila. Ríkið styrkir nú byggingu dagvistarheimila með fjárveitingum á fjárlögum sem samsvara 50% af áætluðum byggingarkostnaði.

Lagt er til að sveitarfélögin sjái ein um byggingu almennra dagvistarstofnana. Hins vegar verði meðferðarheimili og sérhæfð heimili fyrir fatlaða í verkahring ríkisins eins og fram kemur í I. kafla frumvarpsins.

Breyting á þessum málum hefur áhrif á efni laga nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Í frumvarpinu er einungis breytt þeim ákvæðum sem snúa að fjármálasamskiptum við ríkið. Menntamálaráðherra hefur ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni.

Um 60. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin kosti ein byggingar dagvistarheimila fyrir börn. Í samræmi við það er 2. gr. gildandi laga breytt og jafnframt er skilgreint hvað skuli vera hlutverk menntamálaráðuneytis varðandi þennan málaflokk.

Um 61. gr.

Í 3. gr. gildandi laga er fjallað um þá aðila sem notið geta ríkisframlaga til byggingar dagvistarheimila. Þessu ákvæði er breytt og lagt til að sveitarfélögin taki að sér að styrkja þá aðila sem reisa vilja og reka dagvistarheimili. Þá er felld niður upptalning á þeim aðilum sem notið geta styrks.

Um 62. gr.

Vegna þessara breytinga þarf að fella niður orðin „úr ríkissjóði“ í 1. mgr. 4. gr. laganna.

Um 63. gr.

Grein þessi breytist þar sem ríkið hættir að styrkja byggingu mannvirkja sem falla undir lögin. Hins vegar er lagt til að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um aðstöðu dagvistarheimila. Greininni er einnig ætlað að koma að hluta til í stað 11. gr. laganna sem felld er niður í 65. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er breyting á ákvæðum 4. mgr. 6. gr. gildandi laga varðandi endurgreiðslu á veittum styrkjum hætti dagvistarheimili starfsemi.

Um 64. gr.

Með framangreindum breytingum er 7. gr. gildandi laga óþörf. Eldra húsnæði sem keypt yrði fyrir dagvistarheimili getur notið fjárstyrks úr sveitarsjóði skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarps þessa.

Um 65. gr.

Við það að sveitarfélögin taka að sér alfarið byggingu dagvistarheimila og ríkið hættir að styrkja slíkar byggingar eru ákvæði 9., 10., 11., 13. og 14. gr. gildandi laga úrelt og því er lagt til að greinar þessar verði felldar úr gildi. Ákvæði 11. gr. er að hluta komið í 63. gr. frumvarpsins.

Um XI. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Lagt er til að sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla, en ríkið greiði kostnað við æðri tónlistarmenntun.

Í frumvarpi þessu eru einungis lagðar til breytingar á fjárhagslegum skuldbindingum sem er að finna í lögunum. Menntamálaráðherra hefur ákveðið af þessu tilefni að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni. Þá er í undirbúningi lagasetning um æðra tónlistarnám. Þar til þau lög hafa verið samþykkt er eðlilegt að gert verði sérstakt samkomulag milli núverandi rekstraraðila Tónlistarskólans í Reykjavík um kostnað við framhaldsnám í tónlist, þar á meðal menntun tónlistarkennara.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að ríkið styrki skóla sveitarfélaganna sem samsvari helmingi af kennslukostnaði. Sum sveitarfélög greiða nú meira en helming launakostnaðar vegna þess að kennslustundafjöldi sá, sem menntamálaráðuneytið miðar við, hefur ekki fylgt auknum umsvifum margra tónlistarskóla.

Stuðningur sveitarfélaganna við tónlistarfræðslu er verulegur. Sem dæmi má nefna að tólf af þrettán sveitarfélögum í úrtaki fjármálanefndar, frá árinu 1987, verja fé til tónlistarskóla frá 0,5% upp í 4% af heildarútgjöldum. Áhrif breyttrar verkaskiptingar í þessum málaflokki hjá sveitarfélögunum í úrtakinu yrði útgjaldaauki frá 0,5% og allt að 3% af heildarútgjöldum.

Um 66. gr.

Ákvæði í 3. mgr. 3. gr. um að menntamálaráðuneytið þurfi að samþykkja stofnun almennra tónlistarskóla verður óþarft með breyttri verkaskiptingu í þessum málaflokki og er því lagt til að málsgreinin verði felld niður.

Um 67. gr.

Núgildandi 4. gr. laganna fjallar um stofnkostnað. Þar segir að hann greiðist af stofnendum tónlistarskóla, en veita skal styrk til hljóðfærakaupa og annars stofnkostnaðar eftir því sem fé er veitt á fjárlögum. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til þessara styrkja verið hverfandi á fjárlögum. Í samræmi við fyrirliggjandi tillögur er lagt til að síðari hluti 1. málsl. og allur 2. málsl. falli niður.

Um 68. gr.

Í 7. gr. laganna eru ákvæði um styrk ríkissjóðs til tónlistarskóla sem sveitarfélög reka til að standa undir greiðslu á hluta launagreiðslna til kennara og skólastjóra. Í 68. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélögin greiði þennan kostnað og felld eru niður ákvæði um ríkisstyrki og hvernig skuli staðið að umsókn um þá.

Um 69. gr.

Í 8. gr. gildandi laga eru ákvæði um stuðning við tónlistarskóla sem reknir eru af tónlistarfélögum og einkaaðilum. Fyrri hluta greinarinnar um umsókn til hlutaðeigandi sveitarstjórnar er ekki breytt með frumvarpi þessu, en fellt er niður ákvæði um það að þegar sveitarstjórn hefur samþykkt áætlun um rekstur þá skuli hún send menntamálaráðuneyti. Í staðinn kemur ný málsgrein um að hlutaðeigandi sveitarstjórn taki afstöðu til áætlunar tónlistarskóla og geri samkomulag fyrir 1. júlí við skólastjórn einkaskóla um kennslu og starfsmannahald.

Um 70. gr.

Um störf starfsmanna tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, er fjallað í 9. gr. gildandi laga. Til samræmis við aðrar breytingar er lagt til að úr grein þessari verði felld niður ákvæði um aðild fjármálaráðuneytis að kjarasamningum tónlistarskólakennara. Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt.

Um 71. gr.

Í samræmi við fyrirliggjandi tillögu um að sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla er lagt til að felldur verði niður síðasti málsliður 10. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélagi helming útlagðs kennslukostnaðar.

Um XII. kafla.

Kaflinn fjallar um breytingar á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Samkvæmt gildandi vegalögum fá sýsluvegasjóðir mestan hluta tekna sinna af ríkisframlagi á vegáætlun. Hreppsfélög leggja þó að jafnaði til um ⅓ hluta tekna sýsluvegasjóða og örlítið brot, minna en 1%, er fengið með sérstökum vegaskatti á fasteignir sem eru í eigu annarra en íbúa viðkomandi hrepps.

Lagt er til að tveir síðasttöldu tekjuliðirnir falli niður og bygging og viðhald sýsluvega verði að öllu leyti kostuð af ríkisframlagi á vegáætlun. Sýsluvegir verða eftir sem áður sérstakur flokkur opinberra vega og héraðsnefndir eða vegasamlög annast gerð framkvæmdaáætlana í samráði við vegamálastjóra.

Um 72. gr.

Felldar eru niður 21.–24. gr. og 26. gr. í vegalögum sem fjalla um framlög hreppsfélaga og vegaskatt af fasteignum. Einnig 27. gr. um reikningshald fyrir sýsluvegi, enda eðlilegt að vegamálastjóri annist það þar sem fé til veganna kemur nú eingöngu af vegáætlun.

Um 73. gr.

Í núverandi 28. gr. eru ákvæði um ríkisframlag í hlutfalli við heildarframlög úr héraði, svo og um skiptingu þess milli sýslna.

Þar sem heildarframlög falla niður er hér lagt til að heildarframlag ríkisins sé ákveðið hverju sinni í vegáætlun. Ákvæði um skiptingu þess milli sýslna eru efnislega óbreytt frá því sem er í gildandi lögum.

Um XIII. kafla.

Hafnir hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulíf margra sveitarfélaga. Um málefni hafna, byggingu þeirra og rekstur gilda nú hafnalög, nr. 69/1984. Í lögum er gert ráð fyrir að frumkvæði um hafnargerð sé hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi og framkvæmdir á ábyrgð þess. Þá sjá sveitarfélögin og um rekstur hafnanna.

Undantekning frá þessari meginreglu er bygging og rekstur þriggja hafna sem eru landshafnir samkvæmt sérstökum lögum. Í hafnalögum er bráðabirgðaákvæði þar sem samgönguráðherra er falið að taka upp viðræður við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um að þeim verði afhent til eignar og rekstrar mannvirki landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og Keflavík-Njarðvík. Þá er ríkissjóði heimilt að yfirtaka framkvæmdaskuldir téðra hafnasjóða. Ríkissjóður hefur lagt landshöfnunum til allt fé vegna framkvæmda og stundum nokkurt rekstrarfé. Rekstrarafkoma landshafnanna hefur farið batnandi.

Um 74. gr.

Í samræmi við ákvæði hafnalaga er í þessari grein frumvarpsins lagt til að felld verði úr gildi sérstök lög um landshafnirnar þrjár og þess í stað gildi almenn hafnalög um þær eins og hafnir annarra sveitarfélaga.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli fjallar um uppgjör ríkissjóðs við sveitarfélög og ýmis félagasamtök vegna breyttra reglna um skiptingu stofnkostnaðar vegna byggingar dagvistarheimila, grunnskóla, félagsheimila og íþróttamannvirkja.

Um 75. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um uppgjör stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs vegna byggingar dagvistarheimila, grunnskóla, félagsheimila og íþróttamannvirkja. Gert er ráð fyrir að áfallinn stofnkostnaður vegna ofannefndra framkvæmda verði gerður upp miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989 og greiddur samkvæmt núgildandi lagaákvæðum. Þó skal þátttaka ríkissjóðs vegna framkvæmda sem unnar eru á árinu 1989 vera takmörkuð við fjárveitingar í fjárlögum 1989 að frádregnum þeim hluta þeirra sem gengur til greiðslu skulda ríkissjóðs við sveitarfélög og félagasamtök vegna framkvæmda sem unnar voru fyrir árslok 1988.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal mælt fyrir um á fjárlögum, í fyrsta sinn 1990. Gert er ráð fyrir því að fagráðuneyti geri tillögu til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um uppgjör ógreiddra stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs með venjulegum hætti við gerð fjárlaga. Við þá tillögugerð skal höfð hliðsjón af því hvernig fjárveitingum hefði verið háttað til hlutaðeigandi framkvæmdar að óbreyttum lögum.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður greiði áfallin stofnkostnaðarframlög með jöfnum greiðslum á fjórum árum.

Þótt gert sé ráð fyrir að uppgjör fari fram á fjórum árum á það fyrst og fremst við um allsherjaruppgjör á skuldbindingum ríkissjóðs vegna bygginga dagheimila, grunnskóla, félagsheimila og íþróttamannvirkja. Ef einungis á eftir að inna af hendi lokagreiðslu vegna tiltekinnar framkvæmdar er ekkert því til fyrirstöðu að kveða á um hana við afgreiðslu fjárlaga 1990.

Um XV. kafla.

Um 76. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

I Mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga á ársgrundvelli miðað við *núverandi tillögur.*

Allar tölur í milljónum króna. Verðlag janúar 1988.

	Sveitarfélög		
Menntamálaráðuneytið	Hækkun		Lækkun
Grunnskólar			
a) Stofnkostnaður	335		
b) Rekstrarkostnaður			
i) mötuneyti og gæsla	90		
ii) kvótagreiðslur	38		
iii) akstur	185		
iiii) önnur gjöld	38		
c) fræðsluskrifstofur			38
Framhaldsskólar			225
Tónlistarskólar, framhaldsnám			13
Myndlista- og handíðaskóli			22
Tónlistarskólar	202		
Íþróttamál	41		
Félagsheimili og æskulýðsmál	18		
Dagvistarheimili	59		
	1 005		298
Mismunur		707	
Félagsmálaráðuneytið			
Málefni fatlaðra			
a) stofnkostnaður			6
b) rekstrarkostnaður			6
Vatnsveitur	20		
	20		12
Mismunur		8	
Samgönguráðuneytið			
Landshafnir	23		
Sýsluvegir			35
	23		35
Mismunur		−12	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið			
Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús			
a) stofnkostnaður	92		
b) rekstrarkostnaður			260
Íbúðir og dvalarheimili aldraðra, Framkvæmdasjóður aldraðra	173		
Heimilishjálp fyrir aldraða	25		
	290		260
Mismunur		30	
Samtals	1 338		605
Mismunur		733	

II Tillögur um breytingar á fjármálalegum samskiptum.

	Sveitarfélög		
	Hækkun		Lækkun
Sjúkrasamlög			1 193
Atvinnuleysistryggingasjóður			179
			1 372
Flutt frá I	1 338		605
	1 338		1 977
Mismunur alls		−639	

Liðir sem leiða til hækkunar hjá sveitarfélögum lækka útgjöld ríkisins að sama skapi. Útgjaldalækkun hjá sveitarfélögum leiðir til útgjaldaauka hjá ríkissjóði.

Ed. 277. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
c. Útsvör.
d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er.

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að ½% af álagningarstofni:
   Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
b. Allt að 1% af álagningarstofni:
   Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu skattsins sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs og skal sleppa því sem umfram er. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

Vangreiðsla að hluta veldur því að fasteignaskatturinn fellur allur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, heilsuhæli, endurhæfingarstöðvar, öryrkja- og elliheimili, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju sem viðurkennd er af hlutaðeigandi sveitarstjórn.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 3. mgr. 3. gr. og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. 0,6% af tekjuskattsstofni, sbr. 1. mgr. 23. gr. Um álagningu þessa gjalds og innheimtu skal fara eins og um álagningu og innheimtu tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
   Gjald þetta greiðist Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
b. Landsútsvör skv. 9. gr.

9. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðja ríkisins, Sala varnaliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Enn fremur olíufélög sem flytja inn olíu, olíuvörur og annast sölu þessa og dreifingu innan lands, 1,3% af heildarsölu olíu og olíuvara annarra en gasolíu og svartolíu.
c. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

10. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara skv. 9. gr. Gjalddagi landsútsvara er 15. júlí ár hvert og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

11. gr.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags, þó með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið 9. gr. rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal að öðru leyti ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 12. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 13. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr.

12. gr.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

13. gr.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 15. gr.
d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 16. gr.
e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

14. gr.

Jöfnunarframlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna þeirra.
b. Til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. og 13. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

15. gr.

Framlögum skv. c-lið 13. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

16. gr.

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

17. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

18. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

IV. KAFLI

Um útsvör.

21. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

22. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

23. gr.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af útsvarsstofni.

26. gr.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundaðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

27. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars, þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar.

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

28. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtuaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

29. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur vibótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. 7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

30. gr.

Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

Fjármálaráðuneytið sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launamanns til lúkningar útsvari þeirra aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 41. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtuaðila.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

31. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

32. gr.

Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

33. gr.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar.

V. KAFLI

Um aðstöðugjald.

34. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila, sem taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í

sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr.

35. gr.

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en frá honum dregst tekjufærsla samkvæmt sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

36. gr.

Hámark aðstöðugjalds skal vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda eftir tegundum atvinnurekstrar innan framangreindra takmarka. Óheimilt er að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

37. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu aðstöðugjalda.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4., 29., 30., 33. og 34. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

38. gr.

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur sinn ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar,
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 35. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans falli undir þá starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

39. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um álagningu aðstöðugjalds og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té uppýsingar um hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 36. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

40. gr.

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann hlutaðeigandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

41. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr., 3. og 5. mgr. 29. gr. og 2. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. 37. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 37. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.

Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarstjórnar. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

42. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885.

43. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 21. gr., greiðir til opinerra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

44. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990, við álagningu aðstöðugjalds árið 1990 vegna reksturs á árinu 1989 og við álagningu fasteignaskatts á árinu 1990.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og eftirtalin lög um breytingu á þeim lögum: Lög nr. 47/1982, lög nr. 95/1982, lög nr. 75/1984, lög nr. 99/1985, lög nr. 38/1987 og lög nr. 33/1988, svo og 10. gr. laga nr. 9/1985, um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðhera skipaði með bréfi dags. 17. maí 1988 til að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóvember 1980, með síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti Freyr Ófeigsson héraðsdómari, Halldór Blöndal alþingismaður, Indriði H. Þorlákssson hagsýslustjóri, Jón Kristjánsson alþingismaður, Jón G. Tómasson borgarritari, Þórður Skúlason sveitarstjóri, Ölvir Karlsson oddviti og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Við ríkisstjórnarskiptin í september sl. lét Halldór Blöndal af störfum í nefndinni, en í hans stað var skipaður Skúli Alexandersson alþingismaður. Þórhildur Líndal deildarstjóri var skipuð ritari nefndarinnar.

Frumvarpið er í öllum meginatriðum eins og nefndin skilaði því til félagsmálaráðherra. Sérálit Jóns G. Tómassonar er á fylgiskjali I með frumvarpinu.

Helstu breytingar frá gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru þessar:

1. Aðstaða sveitarfélaga til álagningar fasteignaskatts verði jöfnuð og undanþágum frá álagningu skattsins fækkað.
2. Tekjuöflun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt þannig að meginhluti tekna hans verði ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni í staðgreiðslukerfinu sem renni beint í sjóðinn í stað ríkisframlags eins og nú er.

   Greiðslum úr sjóðnum verði breytt þannig að almennu framlögin verði felld niður, en þau hafa numið um ⅔ af útgjöldum sjóðsins. Þess í stað verði útgjöldum sjóðsins skipt í þrennt:

   a. **Bundin framlög,** sem gangi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
   b. **Sérstök framlög,** sem gangi til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga, til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, og til að bæta sveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

c. **Jöfnunarframlög** til að bæta sveitarfélögum upp lágar tekjur í samanburði við sambærileg sveitarfélög líkt og verið hefur með núverandi aukaframlög, en framlögum þessum yrði einnig varið til að jafna aðstöðu sveitarfélaga vegna mismikilla verkefna.

Fólksfækkunarframlög verði felld niður, en upphæðin sem til þeirra hefur verið varið gangi til að hækka jöfnunarframlögin.

Lagt er til að heildartekjur Jöfnunarsjóðsins lækki samhliða því sem útgjöld sveitarfélaganna lækka vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Jafnframt er lagt til að stórhækkaður verði sá hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins sem varið er til jöfnunar milli sveitarfélaga.

Áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við þessar tillögur fylgir með frumvarpinu á fylgiskjali II.

3. Útsvarskafli laganna verði aðlagaður staðgreiðslukerfinu og lögum um tekjuskatt og eignarskatt mun betur heldur en nú er.

   Fyrr á þessu ári var sú breyting gerð á þessum kafla að afnumin voru afskipti ráðherra af ákvörðunum um álagningar- og innheimtuprósentu útsvara og beitingu 10% álagsheimildar á útsvör þannig að þessar ákvarðanir eru nú alfarið í höndum sveitarfélaganna.

4. Ákvæði um mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda verði afnumin og hámarksálagning verði 1,3%, en hver sveitarstjórn geti síðan ákveðið mismunandi gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar. Undanþágum frá álagningu gjaldsins verði fækkað.

Gert er ráð fyrir að samhliða þessu frumvarpi verði lagt fram frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem verði lögfest og komi til framkvæmda á sama tíma og þetta frumvarp. Sérstaklega er áréttað að kaflinn um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er alfarið tengdur væntanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða l. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði inn í 1. mgr. greinarinnar upptalningu á tveimur gjöldum sem sveitarfélagi er heimilt að leggja á, þ.e. gjöldum vegna holræsakostnaðar og lóðarleigu. Enn fremur er lagt til í 2. mgr. að sveitarstjórn geti ákveðið að gjalddagar framantalinna gjalda verði þeir sömu og fasteignaskatts og einnig að innheimtufyrirkomulagið verði hið sama, sbr. 4. gr. Er þetta ákvæði sett til hagræðis fyrir sveitarfélögin sem og gjaldendur. Að öðru leyti er greinin samhljóða 2. gr. laga nr. 73/1980.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga er fasteignamat alfarið lagt til grundvallar álagningarstofni skattsins en fasteignamatið er, eins og kunnugt er, mjög mismunandi milli sveitarfélaga.

Gengið er út frá því að fasteignaskattur sé gjald fyrir veitta þjónustu sveitarfélags, en ekki eignarskattur.

Í 2. mgr. greinarinnar er nú að finna nýmæli um jöfnun aðstöðu sveitarfélaga vegna mismunandi fasteignamats þannig að fasteignir verði svipaður skattstofn í hvaða sveitarfélagi sem þær eru staðsettar.

Nánar felur framangreint nýmæli í sér að lagt skal til grundvallar álagningu fasteignaskatts húsa og annarra mannvirkja, hvar sem er á landinu, afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli þessara eigna í Reykjavík, í stað fasteignamats eins og það hefur verið ákvarðað samkvæmt markaðsstuðli hlutaðeigandi sveitarfélags. Matsaðferð Fasteignamats ríkisins er sem hér segir í þeirri röð sem hún er framkvæmd:

1. Fundið er endurstofnverð (EST).
2. Myndað er svonefnt afskrifað endurstofnverð (AEST). Afskriftir ráðast hverju sinni af matsflokki hlutaðeigandi húss, aldri þess og byggingarefni.
3. Myndað er fasteignamat hússins eða mannvirkisins eins og það væri staðsett í Reykjavík. Margfaldað er saman AEST og markaðsstuðull hlutaðeigandi húsgerðar í Reykjavík.
4. Að síðustu er myndað fasteignamat hússins eða mannvirkisins í hlutaðeigandi sveitarfélagi með því að margfalda niðurstöðu úr 3. lið með markaðsstuðli hlutaðeigandi sveitarfélags í þeim matsflokki sem um ræðir.

Til að lýsa þessu enn nánar skulu bornar saman sams konar íbúðir í fjölbýlishúsi á Akureyri og í Reykjavík. Miðað er við þá markaðsstuðla sem giltu við síðustu álagningu fasteignaskatta:

Reykjavík: Fasteignamat íbúðar = AEST x 1.027

Akureyri: Fasteignamat íbúðar = AEST x 1.027 x 0.758.

Fasteignamat fjölbýlishúsaíbúðar á Akureyri var samkvæmt þessu 75,8% af fasteignamati sams konar íbúðar í Reykjavík.

Sú breyting, sem hér er lögð til, þýðir í raun að stofn til álagningar fasteignaskatts af húsum og öðrum mannvirkjum um allt land yrði mat það sem til verður eftir útreikninga samkvæmt 3. lið hér að ofan.

Með þeirri aðferð við álagningu fasteignaskatts, sem hér er lögð til, vinnst einkum tvennt: Öll sveitarfélög fá svipaða möguleika til skattlagningar sams konar fasteigna og álagningarprósentur sveitarfélaganna verður hægt að bera saman.

Lóða-, landa- og hlunnindamat er ekki tengt mati lóða, landa eða hlunninda í Reykjavík. Sjálfstætt mat fer fram á þessum þáttum fasteignamatsins um allt land. Ekki eru lagðar til breytingar á stofni til álagningar fasteignaskatts á þessar eignir.

Auk framangreindra meginbreytinga er einnig lagt til að fellt verði niður ákvæði um heimild til að skattleggja sérstaklega hlunnindi í eign utansveitarmanna. Ákvæði þetta hefur frá upphafi verið mjög umdeilt og með hæstaréttardómi 1986:706 var því hnekkt.

Skatturinn skal vera allt að ½% skv. a-lið og allt að 1% skv. b-lið 3. mgr. eftir ákvörðun hlutaðeigandi sveitarfélags, en heimilt er sveitarfélagi að hækka hundraðshluta þessa um allt að 25%. Ekki er lengur takmörkuð lækkun hundraðshluta þessara eins og verið hefur.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir því nýmæli að Fasteignamat ríkisins útbúi til handa sveitarfélögum skrár þar sem stofn til álagningar kemur fram, enda ljóst, með hliðsjón af tillögu til breytinga á 2. mgr., að ekki er hægt að nota fasteignaskrána eins og tíðkast hefur. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 73/1980.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli þess efnis að gert er ráð fyrir þeim möguleika að sérstökum aðila verði falið að annast innheimtu fasteignaskatts, fyrir hönd sveitarfélaga. Er það til samræmis við innheimtu annarra sveitarsjóðsgjalda. Í þessu sambandi vísast að öðru leyti til athugasemda við 29. gr.

Annað nýmæli er að finna í 5. mgr. en þar er lagt til að gjaldfella megi fasteignaskattinn í heild ef um vangreiðslur að hluta er að ræða.

Að öðru leyti er greinin samhljóða 4. gr. laga nr. 73/1980, sbr. lög nr. 95/1982.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað, en í því felst að félagsheimili og samkomuhús, orlofsheimili launþegasamtaka og stúdenta- og hjónagarðar verði ekki undanþegin greiðslu fasteignaskatts. Talið er eðlilegra að styrkur sveitarfélaga við þessa starfsemi sé í formi beinna framlaga fremur en eftirgjöf á sköttum.

Þá er felld niður heimild til að undanþiggja nýjar íbúðir fasteignaskatti í allt að tvö ár eftir að afnot hefjast. Ákvæði þetta hefur verið lítið notað. Hafi sveitarstjórn hug á að ívilna þeim gjaldendum sem þarna eiga hlut að máli virðist einfaldara að gera það t.d. með lækkun gatnagerðargjalda.

Í 3. mgr. er lagt til að í stað orðsins „skylt“ í núgildandi lögum komi orðið „heimilt“ þar sem talið er að ákvæðið nái tilgangi sínum með því orðalagi og því eðlilegra að nota það.

Að þessum atriðum frátöldum er greinin samhljóða 5. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 6. og 7. gr. laga nr. 73/1980.

Um 8. gr.

Hér er lögð til sú breyting á tekjuöflun Jöfnunarsjóðs að meginhluti tekna hans verði ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem renni beint í sjóðinn í stað ríkisframlags eins og nú er.

Um 9. gr.

Ákvæði um landsútsvör Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, svo og landsútsvör banka eru óbreytt frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að þau ríkisfyrirtæki sem tilgreind eru í b-lið, svo og olíufélög greiði öll landsútsvör eftir sömu reglu þ.e. 1,3% af heildarsölu, en í gildandi lögum eru mismunandi reglur um landsútsvör þessara fyrirtækja, sbr. 11. gr. laga nr. 73/1980. Tekið er upp ákvæði laga nr. 18/1977, 4. tölul. 3. mgr. 7. gr., um landsútsvar Járnblendiverksmiðunnar í Hvalfirði. Ferðaskrifstofa ríkisins og Landssmiðjan hafa verið felldar út þar sem þessi fyrirtæki hafa verið seld. Sparisjóðir eru teknir inn og settir undir sama lið og bankar enda þykir ekki eðlilegt, í þessu tilviki, að gera mun á þeim.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laga nr. 73/1980 að öðru leyti en því að hér er lagt til að gjalddagi landsútsvara verði 15. júlí ár hvert og eindagi 15 dögum síðar.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessa ákvæðis er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í 2. mgr. er nú lagt til að útgjöldum Jöfnunarsjóðsins verði skipt í þrjá hluta sem nefndir eru **bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög**. Um nánari skýringar hvað í þessu felst vísast til 12. gr., 13. gr. og 14. gr.

Um 12. gr.

Í þessu ákvæði er að finna skilgreiningu á því hvað teljist til bundinna framlaga Jöfnunarsjóðs og hvernig þau skiptast innbyrðis.

Um 13. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um hin sérstöku framlög úr Jöfnunarsjóði en tilgangurinn með þeim er tvíþættur: Framlög samkvæmt a- og b-liðum eru í samræmi við ákvæði í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, en framlög samkvæmt c-, d- og e-liðum eru til að bæta sveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 14. gr.

Lagt er til að jöfnunarframlögum verði varið til að jafna tekjur sveitarfélaga og einnig verði við úthlutun þeirra tekið tillit til þjónustustigs sveitarfélaga.

Til þessa verkefnis er lagt til að fari þær tekjur sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. gr. og 13. gr.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir fólksfækkunarframlögum heldur gangi sú upphæð sem til þeirra hefur verið varið til að hækka jöfnunarframlögin.

Um 15. gr.

Í þessari grein er að finna nánari skýringar á því hvað teljist til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum, sbr. c-lið 13. gr. Hér er um að ræða stofnframkvæmdir vegna skylduverkefna sveitarfélaga og er þetta tæmandi upptalning verkefna.

Þá er svo fyrir mælt að sett verði í reglugerð ákvæði um hvaða skilyrði sveitarfélög þurfi að uppfylla til að eiga rétt til þessara framlaga, svo sem varðandi íbúafjölda sveitarfélaga og hlutfall væntanlegs kostnaðar af heildartekjum sveitarfélags. Einnig verði sett ákvæði um hvernig útreikningi framlaganna skuli háttað.

Um 16. gr.

Tillögur um breytta verkaskiptingu gera ráð fyrir aukinni þátttöku sveitarfélaga í rekstri grunnskóla. Verði farið að tillögunum munu útgjöld sveitarfélaga í dreifbýli aukast mjög. Því er lagt til að allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins verði varið til aðstoðar sveitarfélögum í strjálbýli til að bera aukinn kostnað við grunnskóla. Þá er og lagt til að allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins verði varið til að bæta þeim sveitarfélögum, sem þess þurfa, upp aukinn kostnað við rekstur tónlistarskóla og fleiri málaflokka.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um hvaða skilyrði sveitarfélög þurfi að uppfylla til að koma til greina við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein, svo sem með hliðsjón af fjölda íbúa, verkefnum, útgjöldum og tekjumöguleikum.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um svonefnda ráðgjafarnefnd. Nefnd þessari er ætlað að gera tillögur til félagsmálaráðherra þegar úthluta skal úr Jöfnunarsjóði framlögum samkvæmt c-, d- og e-lið 13. gr. og framlögum samkvæmt 14. gr. Telja verður eðlilegt að við úthlutun þessa verði með í ráðum nefnd, skipuð fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins, meðal annars að teknu tilliti til hinna miklu fjárhagslegu hagsmuna sem verið er að meta við úthlutun framlaga þessara.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. laga nr. 73/1980.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. laga nr. 73/1980.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 21. og 22. gr. laga nr. 73/1980.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr. laga nr. 73/1980, sbr. lög nr. 38/1987.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 24. gr. laga nr. 73/1980.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1987.

Um 26. gr.

Grein þessi er samhljóða ákvæðum 26. gr. laga nr. 73/1980 eins og henni var breytt með lögum nr. 33/1988. Hins vegar er lögð til sú breyting á 7. mgr. að senda skuli tilkynningar um breytingar á útsvari einungis til hlutaðeigandi skattstjóra í stað skattstjóra og ríkisskattstjóra áður, enda talið óþarft.

Um 27. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 27. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1987, að öðru leyti en því að í 1. mgr. er lagt til að felld verði niður orðin „eða endurgreiðsla“ og „eða endurgreitt“ þar sem telja verður að um tvítekningu sé að ræða þegar litið er til þess sem þegar er komið fram í greininni.

Í 2. mgr. er lagt til að felld verði niður skylda til að tilkynna ríkisskattstjóra sérstaklega lækkun útsvars. Aftur á móti er nú lögð sú skylda á sveitarstjórn að tilkynna þeim aðila, sem annast innheimtu fyrir sveitarstjórnina, um þessa lækkun auk þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni.

Um 28. gr.

Lagt er til að inn í þessa grein verði bætt ákvæðum sem er að finna í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, VIII. kafla. Kafli þessi fjallar meðal annars um innheimtuskrá sem ríkisskattstjóri skal gera yfir þá gjaldendur sem að lokinni álagningu skattstjóra reynast skulda opinber gjöld. Innheimtuskrána skal síðan senda sveitarstjórn og innheimtuaðila.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sveitarstjórn geti falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu á útsvari fyrir sína hönd. Hér er t.d. átt við sameiginlegar gjaldheimtur ríkis og sveitarfélaga sem hugsanlega verða settar á stofn og falin innheimta þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda sem skattstjórar leggja á og greiðast skulu til ríkis og sveitarfélaga. Einnig getur komið til álita að nokkur sveitarfélög komi sér saman um að fela einu sveitarfélagi innheimtuna eða að hún verði falin sýslumanni eða bæjarfógeta.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 30. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 1.–3. mgr. greinar þessarar, eru fyrst og fremst í því fólgnar að gæta samræmis við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og laga um tekjuskatt og eignarskatt. Að öðru leyti er greinin í samræmi við 30. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1987. Rétt þykir þó, til að taka af öll tvímæli, að í 2.–7. mgr. er átt við álagningarár en ekki staðgreiðsluár.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 31. gr. laga nr. 73/1980.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 33. gr. laga nr. 73/1980.

Um 34. gr.

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi ákvæði um sama efni að öðru leyti en því að bætt hefur verið inn orðunum „taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“. Breyting þessi er gerð til skýringarauka.

Undanþegin aðstöðugjaldsskyldu eru nú skv. 2. mgr.:

1. Aðilar sem taldir eru upp í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Aðilar sem greiða landsútsvör.

Helstu efnisbreytingar, sem lagðar eru til frá gildandi lögum, eru þær að felld er niður heimild til álagningar aðstöðugjalds á ríkisfyrirtæki skv. c-lið 10. gr. núgildandi laga þar sem talið er óeðlilegt að þau greiði bæði landsútsvar og aðstöðugjald. Þessi fyrirtæki eru skv. 9. gr. frumvarpsins Síldarverksmiðjur ríkisins og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þá er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. núgildandi ákvæðis verði felldur brott þar sem hann er talinn óþarfur.

Samkvæmt ákvæðum 34. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga er meðal annars rekstur sláturhúsa og mjólkurbúa undanþeginn aðstöðugjaldi. Undanþágur þessar hafa

verið mjög umdeildar. Hér er um að ræða atvinnufyrirtæki sem undanþegin hafa verið álagningu slíkra gjalda. Á það má benda að búrekstur er ekki undanþeginn aðstöðugjaldsskyldu og hefur aðstöðugjald á rekstur bænda lent í hámarksflokki skv. d-lið 38. gr. gildandi tekjustofnalaga þar sem sá rekstur er ekki tilgreindur í lægri gjaldflokkum í 38. gr. Einnig hefur verið gagnrýnt að tilteknar tegundir atvinnufyrirtækja væru með öllu undanþegnar aðstöðugjaldi og meðal annars bent á að það skerti verulega tekjur sveitarfélaga þar sem slík fyrirtæki væru.

Loks má á það benda að undanþága mjólkurbúa og sláturhúsa hefur í framkvæmd lent á villigötum þar eð jafnvel smásala mjólkur og mjólkurafurða hefur verið talin falla undir undanþáguákvæði 36. gr., sbr. hæstaréttardóm 1981:69, en niðurstaða dómsins var byggð á því að Mjólkursamsalan í Reykjavík hefði sem mjólkurbú notið undanþágu frá aðstöðugjaldi vegna smásölu mjólkur.

Um 35. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 37. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 8. gr. laga nr. 38/1987.

Um 36. gr.

Lagt er til að afnumin verði flokkun aðstöðugjalda í lögum. Hámarksaðstöðugjald verði 1,3%, eins og nú er í hæsta gjaldflokki, en sveitarstjórnum verði heimilað að ákveða gjaldflokka eftir tegundum atvinnurekstrar en gæta ber samræmis innan sömu tegundar. Eðlilegt verður að telja að hver sveitarstjórn ákveði gjaldflokka í sínu sveitarfélagi, meðal annars með tilliti til aðstæðna í sveitarfélaginu og í hverri atvinnugrein, frekar en að löggjafinn fastsetji slíka flokkun í eitt skipti fyrir öll.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild fyrir sveitarstjórnir til að fela sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu aðstöðugjalda í þeirra umboði. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við 29. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. laga nr. 73/1980.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. laga nr. 73/1980, sbr. lög nr. 38/1987. Einungis er hér lögð til orðalagsbreyting, þ.e. í stað orðsins „innheimtu“ er komið orðið „álagningu“ í samræmi við önnur ákvæði kaflans.

Um 40. gr.

Vísað er til athugasemda um 39. gr. frumvarpsins.

Um 41. gr.

Grein þessi er samhljóða þeirri sem í gildi er að öðru leyti en því að gerð hefur verið orðalagsbreyting varðandi dráttarvexti, en um þá gilda nú ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987. Varðandi vexti á endurgreiðslu vegna ofgreiddra sveitarsjóðsgjalda er rétt að taka fram að fylgt er ákvæðum 2. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt í því efni.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Grein þessi samsvarar 1. og 3. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Sérálit Jóns G. Tómassonar.

Ég vara eindregið við þeirri breytingu á tekjuöflun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem felst í 8. gr. þessara frumvarpsdraga. Þar er horfið frá hlutdeild sveitarfélaganna í óbeinum sköttum, en þess í stað gert ráð fyrir, að megintekjur Jöfnunarsjóðs verði ákveðinn hundraðshluti af tekjuskattsstofni sem er hinn sami og stofn til álagningar útsvars.

Þessi breyting hefur í för með sér aukna miðstýringu og skerðir sjálfstæði sveitarfélaganna að sama skapi þar sem þess verður fyrr eða síðar krafist að sveitarfélögin lækki álagningarhlutfall útsvara með hliðsjón af hundraðshluta Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, án tillits til þess hvort þau eiga þá rétt á framlagi úr sjóðnum eður ei. Þar með yrði jöfnunarhlutverkinu velt yfir á sveitarfélögin í landinu, en ríkið leyst undan allri ábyrgð. Ríkissjóður fengi í kaupbæti þær tekjur af söluskatti sem Jöfnunarsjóði sveitafélaga ber samkvæmt gildandi lögum.

Jón G. Tómasson.

Fylgiskjal II.

Áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við tillögur í frumvarpinu (verðlag 1988).

Tekjur:				
Framlag úr ríkissjóði 0,6% af tekjuskattsstofni . . .				840 m.kr.
Landsútsvör				260 m.kr.
Samtals				1100 m.kr.
Gjöld:				
Bundin framlög:				
a. Samband ísl. sveitarfélaga 1,75%	kr.	19.250.000		
b. Landshlutasamtök sveitarfélaga 2%	kr.	22.000.000		
c. Lánasjóður sveitarfélaga 6,1%	kr.	67.100.000		
d. Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr.	220.000.000		
Eftirlaunasjóður aldraðra	kr.	26.000.000	kr.	354.350.000
Sérstök framlög:				
a. Framlög v/sameiningar sveitarfélaga	kr.	15.000.000		
b. Framlög v/90. gr. sveitarstjórnarlaga	kr.	0		
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda 8% . . .	kr.	88.000.000		
d. Verkaskiptaframlög I 15,5%	kr.	170.500.000		
e. Verkaskiptaframlög II 7,3%	kr.	80.300.000		
			kr.	353.800.000
Jöfnunarframlög:				
Jöfnunarframlög			kr.	391.850.000
Samtals			kr.	1.100.000.000

Ed. 278. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Engin rök eru fyrir því að slá því á frest að skipaðar verði skólanefndir við framhaldsskóla þó svo að fallist sé á að ákvæði laganna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli eigi taka gildi fyrr en 1. janúar 1990. Annar minni hl. flytur breytingartillögu í samræmi við það.

Alþingi, 17. des. 1988.

Halldór Blöndal, frsm. Guðmundur Ágústsson.

Ed. 279. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá Halldóri Blöndal og Guðmundi Ágústssyni.

Niður falli orðin „auk ákvæða 7. og 8. gr.“ í fyrra málslið 1. gr.

Sþ. **280. Frumvarp til fjárlaga** [73. mál]

fyrir árið 1989.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 17. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**77 314 900**
Beinir skattar	14 040 000	
Óbeinir skattar	59 784 900	
Fjármagnstekjur, vextir	2 850 000	
Aðrar tekjur	640 000	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**67 630 809**
Samneysla	35 229 382	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	28 665 354	
– Sértekjur stofnana	–3 613 927	
Fjármagnsgjöld, vextir	7 350 000	
Jöfnuður		9 684 091
Fjárfesting		**9 037 004**
Stofnkostnaður	4 227 435	
Fjármagnstilfærslur	4 809 568	
Tekjur umfram gjöld		**647 087**
Lánahreyfingar		
Afborganir		4 000 000
Afborganir af teknum lánum	6 590 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–2 590 000	
Veitt lán		1 265 000
Til B-hluta ríkissjóðs	1 265 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		115 000
Viðskiptareikningar		500 000
Útstreymi umfram innstreymi	500 000	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**5 232 913**
Lántökur		4 700 000
Innlend útgáfa verðbréfa	4 700 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		–532 913

2. gr.

Árið 1989 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**618 561**
01	**Forsætisráðuneyti**			**718 619**
	101	Yfirstjórn	54 434	
	102—902	Annað	664 185	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**12 525 052**
	101	Yfirstjórn	140 903	
	201—885	Fræðslumál	11 299 431	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	1 084 718	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**852 547**
	101—103	Yfirstjórn	267 941	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	158 800	
	301—313	Sendiráð	251 806	
	390—401	Alþjóðastofnanir	174 000	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**2 854 921**
	101—172	Yfirstjórn	75 653	
	201—299	Búnaðarmál	2 622 788	
	501—503	Skólar	156 480	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**1 636 588**
	101	Yfirstjórn	50 987	
	201—299	Útvegsmál	1 538 192	
	901	Annað	47 409	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**3 473 128**
	101—102	Yfirstjórn	72 510	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	3 088 708	
	301—373	Þjóðkirkjan	311 910	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**3 272 201**
	101	Yfirstjórn	55 966	
	271—272	Húsnæðismál	1 800 000	
	700—795	Málefni fatlaðra	1 185 553	
	301—399, 951—999	Önnur félagsmál	230 682	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**29 697 194**
	101	Yfirstjórn	70 430	
	271—274	Tryggingamál	17 489 758	
	301—408	Heilbrigðismál	12 063 025	
	471—502	Annað	73 981	
		Flutt		55 648 811

3. gr.

Árið 1989 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**2 640 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 260 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	90 000	
4111	Eignarskattur, félög	595 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	150 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	425 000	
4118	Erfðafjárskattur	120 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**11 400 000**
4120	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	9 150 000	
4123	Tekjuskattur, félög	2 250 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 445 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 445 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**4 918 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 250 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	2 600 000	
4212	Jöfnunargjald	551 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	12 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	171 500	
42154	Kartöflugjald	83 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	200 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	50 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**680 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	296 000	
4221	Leyfisgjald	184 000	
4225	Lántökugjald af erlendum lánum	200 000	
	Flutt		22 083 000

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		55 648 811
09	**Fjármálaráðuneyti**			**3 636 221**
	101—105	Yfirstjórn	193 926	
	201—282	Toll- og skattheimta	814 904	
	381	Lífeyrissjóðir	921 510	
	402—999	Annað	1 705 881	
10	**Samgönguráðuneyti**			**4 935 532**
	101	Yfirstjórn	37 903	
	102	Póst- og símamál	138 000	
	211	Vegamál	3 104 991	
	321—672	Önnur samgöngumál	1 654 638	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**1 220 971**
	101	Yfirstjórn	35 742	
	201—299	Iðnaðarmál	467 970	
	301—399	Orkumál	717 259	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**3 714 452**
	101	Yfirstjórn	47 978	
	201	Niðurgreiðslur	3 613 000	
	202—999	Annað	53 474	
13	**Hagstofa Íslands**			**90 313**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**7 421 513**
	101—182	Yfirstjórn	71 513	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 350 000	
		Flutt		76 667 813

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		22 083 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 901 000**
4235	Vörugjald	2 850 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	51 000	
424	**Söluskattur**		**33 025 000**
4240–2	Söluskattur, alls	34 300 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 275 000	
426	**Skattar af orku**		**59 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	59 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**5 601 500**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	5 600 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	1 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**75 000**
4280	Skemmtanaskattar:		
42801	Skemmtanaskattur	64 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**426 000**
4290	Aukatekjur, almennar	339 000	
4291	Prófgjöld	5 000	
4293	Skráningargjald ökutækja	75 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	7 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**5 610 000**
4301	Launaskattur	2 825 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 190 000	
4303	Slysatryggingagjald	318 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277 000	
	Flutt		69 780 500

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		76 667 813

Gjöld samtals	76 667 813
Tekjur umfram gjöld	647 087
Samtals	77 314 900

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		69 780 500
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**4 044 400**
4310	Þinglýsingar	29 000	
4311	Stimpilgjald	1 658 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, samkvæmt ökumælum	750 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	215 000	
43123	Bifreiðagjald	690 000	
4313	Ýmsir skattar af skipum:		
43131	Lestagjald	100	
43132	Vitagjald	26 000	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	160 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	62 300	
4318	ICAO-tekjur	315 000	
43192	Gjald af sérstakri verktakastarfsemi	100 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**2 850 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 000 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 850 000	
482	**Arðgreiðslur**		**515 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 700	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	218 400	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	28 900	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	30 000	
4821	Sameignir ríkisins	15 000	
4822	Arður af hlutabréfum	5 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	52 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**125 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	115 000	
4999	Óvissar tekjur	10 000	
	Tekjur samtals		77 314 900

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101	**Embætti forseta Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 369
1 01	Yfirstjórn	24 505	
1 30	Opinberar heimsóknir	9 164	
1 50	Fálkaorðan	700	
Viðhaldsverkefni:			7 400
5 01	Viðhald fasteigna	7 400	
	Gjöld samtals		41 769
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 459	
52–58	Önnur gjöld	26 310	
5	Gjöld samtals	41 769	
4	Sértekjur	260	
	Mismunur		**41 509**
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			394 566
1 01	Þingfararkaup alþingismanna	131 309	
1 02	Starfskostnaður	38 720	
1 04	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	139 898	
1 05	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	970	
1 06	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	18 200	
1 07	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	18 000	
1 10	Umboðsmaður Alþingis	9 193	
1 20	Rekstrarkostnaður fasteigna	10 280	
1 21	Hús Jóns Sigurðssonar	4 566	
1 30	Þingmannasamtök NATO	2 560	
1 31	Þingmannanefndir Evrópuráðsins	3 590	
1 32	Norðurlandaráð	12 240	
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1 600	
1 34	Alþjóðaþingmannasamtökin	2 300	
1 35	Vestnorræna þingmannaráðið	1 140	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			10 095
5 20	Fasteignir	4 865	
5 21	Hús Jóns Sigurðssonar	5 230	
Stofnkostnaður:			23 600
6 10	Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1 000	
6 90	Ýmis stofnkostnaður	22 600	
	Gjöld samtals		428 261
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	241 986	
52–58	Önnur gjöld	168 275	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals	428 261	
4	Sértekjur	2 040	
	Mismunur		**426 221**

00–202 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 688
1 01	Yfirstjórn	86 688	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tölvu- og húsbúnaður	3 000	
	Gjöld samtals		89 688
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 848	
52–58	Önnur gjöld	28 840	
5	Gjöld samtals	89 688	
4	Sértekjur	10	
	Mismunur		**89 678**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 701
1 01	Ríkisstjórn	39 701	
	Gjöld samtals		39 701

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 341	
52–58	Önnur gjöld	5 360	
5	Gjöld samtals		**39 701**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 452
1 01	Hæstiréttur	21 452	
	Gjöld samtals		21 452
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 102	
52–58	Önnur gjöld	350	
5	Gjöld samtals		**21 452**
	Samtals		618 561

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 194
1 01	Yfirstjórn	34 023	
1 20	Stjórnarráðshús	5 511	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 925	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	670	
1 23	Hrafnseyri	640	
1 30	Öryggismálanefnd	6 061	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 364	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 20	Stjórnarráðshús, viðhald	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald	2 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum, viðhald	200	
	Gjöld samtals		54 494
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 640	
52–58	Önnur gjöld	29 850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 004	
5	Gjöld samtals	54 494	
4	Sértekjur	60	
	Mismunur		**54 434**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 253
1 01	Þjóðhagsstofnun	48 253	
	Gjöld samtals		48 253

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 303	
52–58	Önnur gjöld	9 950	
5	Gjöld samtals	48 253	
4	Sértekjur	19 390	
	Mismunur		**28 863**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			125 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	125 000	
	Gjöld samtals		125 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	125 000	
5	Gjöld samtals		**125 000**

01–172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			500 000
6 01	Stofnframlag	500 000	
	Gjöld samtals		500 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	500 000	
5	Gjöld samtals		**500 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 800
1 01	Yfirstjórn	9 181	
1 10	Teiknistofa	21 789	
1 20	Byggingaeftirlit	2 830	
	Gjöld samtals		33 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 230	
52–58	Önnur gjöld	6 570	
5	Gjöld samtals	33 800	
4	Sértekjur	40 600	
	Mismunur		**–6 800**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 232
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	12 232	
Viðhaldsverkefni:			1 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 400	
Stofnkostnaður:			5 200
6 01	Aðalskipulag	1 200	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	2 500	
6 60	Bygging snyrtiaðstöðu	1 500	
	Gjöld samtals		18 832
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 102	
52–58	Önnur gjöld	12 730	
5	Gjöld samtals	18 832	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**17 122**
	Samtals		718 619

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 903
1 01	Yfirstjórn	140 903	
	Gjöld samtals		140 903
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 093	
52–58	Önnur gjöld	57 810	
5	Gjöld samtals		**140 903**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 123 201
1 01	Yfirstjórn	80 249	
1 02	Sameiginleg útgjöld	130 975	
1 03	Rekstur fasteigna	118 500	
1 04	Rannsóknir í kvennafræðum	1 140	
1 05	Fjarkennsla	7 160	
1 10	Guðfræðideild	17 493	
1 11	Læknadeild	115 524	
1 12	Tannlæknadeild	34 751	
1 13	Lyfjafræði lyfsala	18 210	
1 14	Lagadeild	21 430	
1 15	Viðskipta- og hagfræðideild	43 973	
1 16	Heimspekideild	95 689	
1 17	Verkfræðideild	79 956	
1 18	Félagsvísindadeild	54 224	
1 19	Íþróttakennsla	6 705	
1 20	Háskólabókasafn	31 452	
1 21	Mannfræðistofnun	3 536	
1 22	Reiknistofnun	37 739	
1 23	Námsbraut í hjúkrunarfræðum	33 191	
1 24	Námsbraut í sjúkraþjálfun	13 151	
1 25	Raunvísindadeild	170 653	
1 26	Stofnun Sigurðar Nordals	3 988	
1 27	Upplýsingaþjónusta	3 512	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			35 000
5 50	Viðhald fasteigna	35 000	
Stofnkostnaður:			202 800
6 20	Bókakaup o.fl.	15 000	
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	187 800	
	Gjöld samtals		1 361 001
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	838 051	
52–58	Önnur gjöld	521 810	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 140	
5	Gjöld samtals	1 361 001	
4	Sértekjur	312 010	
	Mismunur		**1 048 991**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 759
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	68 712	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	8 047	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Viðhald húseigna	4 900	
Stofnkostnaður:			8 700
6 01	Tæki og búnaður	8 700	
	Gjöld samtals		90 359
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 739	
52–58	Önnur gjöld	45 620	
5	Gjöld samtals	90 359	
4	Sértekjur	33 760	
	Mismunur		**56 599**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 147
1 01	Yfirstjórn	11 826	
1 02	Rekstur fasteigna	8 165	
1 20	Eðlisfræðistofa	19 118	
1 30	Efnafræðistofa	19 518	
1 40	Jarðfræðistofa	14 311	
1 50	Jarðeðlisfræðistofa	19 505	
1 60	Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild	4 528	
1 70	Reiknifræðistofa	7 923	
1 80	Stærðfræðistofa	8 253	
Stofnkostnaður:			18 100
6 02	Tæknigarður	13 600	
6 90	Tækjakaup deilda	4 500	
	Gjöld samtals		131 247
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 727	
52–58	Önnur gjöld	51 520	
5	Gjöld samtals	131 247	
4	Sértekjur	39 070	
	Mismunur		**92 177**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 347
1 01	Yfirstjórn	27 081	
1 20	Bókaútgáfa	6 266	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tækjabúnaður	1 000	
	Gjöld samtals		34 347
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 287	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
5	Gjöld samtals	34 347	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**32 707**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 084
1 01	Orðabók Háskólans	11 084	
	Gjöld samtals		11 084
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 514	
52–58	Önnur gjöld	1 570	
5	Gjöld samtals		**11 084**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 379
1 01	Íslensk málstöð	7 379	
	Gjöld samtals		7 379
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 169	
52–58	Önnur gjöld	3 210	
5	Gjöld samtals	7 379	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**6 239**
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 951
1 01	Örnefnastofnun	3 951	
	Gjöld samtals		3 951
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 621	
52–58	Önnur gjöld	1 330	
5	Gjöld samtals	3 951	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**3 601**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–210 Háskóli á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 804
1 01	Háskóli á Akureyri	42 804	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Eignakaup	7 000	
	Gjöld samtals		49 804
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 584	
52–58	Önnur gjöld	20 220	
5	Gjöld samtals	49 804	
4	Sértekjur	290	
	Mismunur		**49 514**
02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 383
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	22 383	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Innréttingar	3 600	
	Gjöld samtals		25 983
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 133	
52–58	Önnur gjöld	10 850	
5	Gjöld samtals	25 983	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**24 783**
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 204
1 01	Yfirstjórn	10 194	
1 02	Erlend samskipti	2 360	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	3 650	
	Gjöld samtals		16 204

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 134	
52–58	Önnur gjöld	9 070	
5	Gjöld samtals	16 204	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**15 974**

02–233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			80 000
6 01	Rannsóknasjóður	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**

02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			62 300
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	62 300	
	Gjöld samtals		62 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	62 300	
5	Gjöld samtals		**62 300**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 422
1 01	Kennsla	65 653	
1 02	Annað en kennsla	19 769	
Viðhaldsverkefni:			8 100
5 01	Endurbætur	8 100	
	Gjöld samtals		93 522

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 182	
52–58	Önnur gjöld	16 340	
5	Gjöld samtals		**93 522**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 129
1 01	Kennsla	52 417	
1 02	Annað en kennsla	24 712	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		81 129
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 269	
52–58	Önnur gjöld	16 860	
5	Gjöld samtals	81 129	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**80 069**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 389
1 01	Kennsla	18 553	
1 02	Annað en kennsla	10 836	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		33 389
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 019	
52–58	Önnur gjöld	9 370	
5	Gjöld samtals	33 389	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**32 699**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 986
1 01	Kennsla	91 691	
1 02	Annað en kennsla	29 295	
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 01	Endurbætur	9 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Breyting á húsnæði	7 000	
	Gjöld samtals		136 986
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 976	
52–58	Önnur gjöld	33 010	
5	Gjöld samtals	136 986	
4	Sértekjur	7 540	
	Mismunur		**129 446**
02–305 Menntaskólinn við Sund			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 054
1 01	Kennsla	70 190	
1 02	Annað en kennsla	18 864	
Stofnkostnaður:			7 300
6 01	Endurbætur og hönnun	7 300	
	Gjöld samtals		96 354
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 114	
52–58	Önnur gjöld	16 240	
5	Gjöld samtals	96 354	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**95 894**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–306 Menntaskólinn á Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 883
1 01	Kennsla	29 815	
1 02	Annað en kennsla	16 068	
Stofnkostnaður:			12 200
6 01	Bóknámshús, verklok	12 200	
	Gjöld samtals		58 083
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 833	
52–58	Önnur gjöld	22 250	
5	Gjöld samtals	58 083	
4	Sértekjur	2 290	
	Mismunur		**55 793**
02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 794
1 01	Kennsla	25 762	
1 02	Annað en kennsla	14 032	
Stofnkostnaður:			20 100
6 01	Kennsluhúsnæði	20 100	
	Gjöld samtals		59 894
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 554	
52–58	Önnur gjöld	29 340	
5	Gjöld samtals	59 894	
4	Sértekjur	950	
	Mismunur		**58 944**
02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 652
1 01	Kennsla	39 670	
1 02	Annað en kennsla	15 982	
	Gjöld samtals		55 652

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 372	
52–58	Önnur gjöld	7 280	
5	Gjöld samtals	55 652	
4	Sértekjur	9 550	
	Mismunur		**46 102**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 845
1 01	Kennsla	23 934	
1 02	Annað en kennsla	8 911	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Endurnýjun á þaki	1 500	
	Gjöld samtals		34 345
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 255	
52–58	Önnur gjöld	6 090	
5	Gjöld samtals		**34 345**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 489
1 01	Framhaldsskólar, almennt	80 489	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	6 000	
Stofnkostnaður:			9 500
6 01	Tölvur og búnaður	9 500	
	Gjöld samtals		95 989
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 599	
52–58	Önnur gjöld	22 390	
5	Gjöld samtals		**95 989**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–321 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			163 117
1 01	Kennaraháskóli Íslands	147 650	
1 20	Endurmenntun	7 305	
1 30	Réttindanám	8 162	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Fasteign	2 400	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Endurbætur og tækjakaup	7 000	
	Gjöld samtals		172 517
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 007	
52–58	Önnur gjöld	45 510	
5	Gjöld samtals	172 517	
4	Sértekjur	3 460	
	Mismunur		**169 057**
02–322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 974
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	51 974	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Lóð og tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		55 974
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 174	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals	55 974	
4	Sértekjur	11 420	
	Mismunur		**44 554**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–323 Rannsóknastofnun uppeldismála			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 240
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	4 240	
	Gjöld samtals		4 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 460	
52–58	Önnur gjöld	1 780	
5	Gjöld samtals	4 240	
4	Sértekjur	70	
	Mismunur		**4 170**
02–331 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 085
1 01	Kennsla	11 982	
1 02	Annað en kennsla	8 103	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	1 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Kennslutæki	5 000	
	Gjöld samtals		26 585
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 215	
52–58	Önnur gjöld	11 370	
5	Gjöld samtals	26 585	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**25 755**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			194 961
1 01	Kennsla	164 586	
1 02	Annað en kennsla	30 375	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			31 000
6 01	Íþróttahús	28 000	
6 02	Lóðaframkvæmdir	3 000	
	Gjöld samtals		225 961
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 461	
52–58	Önnur gjöld	45 500	
5	Gjöld samtals	225 961	
4	Sértekjur	41 760	
	Mismunur		**184 201**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 735
1 01	Kennsla	56 440	
1 02	Annað en kennsla	17 295	
	Gjöld samtals		73 735
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 475	
52–58	Önnur gjöld	10 260	
5	Gjöld samtals	73 735	
4	Sértekjur	10 230	
	Mismunur		**63 505**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 036
1 01	Kennsla	48 994	
1 02	Annað en kennsla	16 042	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Endurbætur	1 200	
	Gjöld samtals		66 236

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 456	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals	66 236	
4	Sértekjur	13 200	
	Mismunur		**53 036**

02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 848
1 01	Kennsla	62 486	
1 02	Annað en kennsla	24 362	
Stofnkostnaður:			10 200
6 10	Viðbygging	10 200	
	Gjöld samtals		97 048
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 858	
52–58	Önnur gjöld	27 190	
5	Gjöld samtals	97 048	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**78 228**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 767
1 01	Kennsla	63 189	
1 02	Annað en kennsla	23 578	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Endurbætur	2 400	
Stofnkostnaður:			23 300
6 01	Tæki og búnaður	2 300	
6 02	Mötuneyti, nýbygging	21 000	
	Gjöld samtals		112 467

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 087	
52–58	Önnur gjöld	41 380	
5	Gjöld samtals	112 467	
4	Sértekjur	17 680	
	Mismunur		**94 787**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 406
1 01	Kennsla	25 713	
1 02	Annað en kennsla	8 693	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Kennsluhúsnæði	2 100	
	Gjöld samtals		36 506
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 756	
52–58	Önnur gjöld	6 750	
5	Gjöld samtals	36 506	
4	Sértekjur	6 050	
	Mismunur		**30 456**

02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 411
1 01	Kennsla	33 067	
1 02	Annað en kennsla	16 344	
Stofnkostnaður:			27 100
6 01	Heimavist	23 100	
6 10	Bóknámshús og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		76 511

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 101	
52–58	Önnur gjöld	37 410	
5	Gjöld samtals	76 511	
4	Sértekjur	12 030	
	Mismunur		**64 481**

02–357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 612
1 01	Kennsla	60 132	
1 02	Annað en kennsla	20 480	
Stofnkostnaður:			28 500
6 01	Kennsluhúsnæði	28 500	
	Gjöld samtals		109 112
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 102	
52–58	Önnur gjöld	41 010	
5	Gjöld samtals	109 112	
4	Sértekjur	16 920	
	Mismunur		**92 192**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 073
1 01	Kennsla	18 358	
1 02	Annað en kennsla	7 715	
Stofnkostnaður:			19 800
6 01	Heimavist	15 800	
6 10	Kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		45 873

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 113	
52–58	Önnur gjöld	24 760	
5	Gjöld samtals	45 873	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**41 373**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 756
1 01	Kennsla	84 440	
1 02	Annað en kennsla	26 316	
Stofnkostnaður:			46 000
6 01	Nýbygging	46 000	
	Gjöld samtals		156 756
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 006	
52–58	Önnur gjöld	62 750	
5	Gjöld samtals	156 756	
4	Sértekjur	18 410	
	Mismunur		**138 346**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 260
1 01	Kennsla	40 595	
1 02	Annað en kennsla	15 665	
Stofnkostnaður:			3 700
6 01	Innrétting á húsnæði	3 700	
	Gjöld samtals		59 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52–58	Önnur gjöld	13 960	
5	Gjöld samtals	59 960	
4	Sértekjur	8 870	
	Mismunur		**51 090**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 925
1 01	Kennsla	7 442	
1 02	Annað en kennsla	4 483	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		13 925
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 465	
52–58	Önnur gjöld	4 460	
5	Gjöld samtals	13 925	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**11 425**
02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 607
1 01	Kennsla	7 368	
1 02	Annað en kennsla	4 239	
Stofnkostnaður:			3 500
6 02	Tölvur og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		15 107
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 517	
52–58	Önnur gjöld	5 590	
5	Gjöld samtals	15 107	
4	Sértekjur	2 410	
	Mismunur		**12 697**
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 150
1 01	Skrifstofa	16 403	
1 10	Skólavörubúð	55 032	
1 11	Afgreiðsludeild	11 126	
1 20	Framleiðsludeild	81 124	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Fræðslumyndasafn	18 568	
1 40	Kennslumiðstöð	6 598	
1 60	Námsefnisgerð	34 299	
	Stofnkostnaður:		17 200
6 01	Símstöð	12 200	
6 02	Innrétting húsnæðis	5 000	
	Gjöld samtals		240 350
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	47 810	
52–58	Önnur gjöld	192 540	
5	Gjöld samtals	240 350	
4	Sértekjur	60 030	
	Mismunur		**180 320**

02–423 Námsstjórn og þróunarverkefni

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		25 382
1 01	Námsstjórn og þróunarverkefni	25 382	
	Gjöld samtals		25 382
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	17 852	
52–58	Önnur gjöld	7 530	
5	Gjöld samtals		**25 382**

02–431 Iðnfræðsluráð

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		14 882
1 01	Iðnfræðsluráð	14 882	
	Gjöld samtals		14 882
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	11 462	
52–58	Önnur gjöld	3 420	
5	Gjöld samtals	14 882	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**14 772**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 539
1 01	Tækniskóli Íslands	116 539	
Stofnkostnaður:			27 300
6 01	Kennslutæki	6 000	
6 02	Tækniskóli Íslands	21 300	
	Gjöld samtals		143 839
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 599	
52–58	Önnur gjöld	60 240	
5	Gjöld samtals	143 839	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**143 499**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 985
1 01	Kennsla	32 109	
1 02	Annað en kennsla	8 876	
Stofnkostnaður:			4 700
6 90	Tækjakaup	4 700	
	Gjöld samtals		45 685
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 845	
52–58	Önnur gjöld	9 840	
5	Gjöld samtals	45 685	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**45 455**
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 052
1 01	Kennsla	19 717	
1 02	Annað en kennsla	4 335	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Kennslutæki	2 200	
	Gjöld samtals		26 252
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 212	
52–58	Önnur gjöld	5 040	
5	Gjöld samtals	26 252	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**25 912**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			267 134
1 01	Kennsla	220 250	
1 02	Annað en kennsla	46 884	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteignir	4 500	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		274 634
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 684	
52–58	Önnur gjöld	38 950	
5	Gjöld samtals	274 634	
4	Sértekjur	72 890	
	Mismunur		**201 744**

02–515 Iðnnám, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 579
1 01	Iðnnám, almennt	25 579	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Stofnkostnaður, Ísafjörður	1 500	
	Gjöld samtals		27 079

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 399	
52–58	Önnur gjöld	4 680	
5	Gjöld samtals		**27 079**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 508
1 01	Kennsla	27 881	
1 02	Annað en kennsla	8 627	
	Gjöld samtals		36 508
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 798	
52–58	Önnur gjöld	4 710	
5	Gjöld samtals	36 508	
4	Sértekjur	8 590	
	Mismunur		**27 918**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 828
1 01	Kennsla	11 093	
1 02	Annað en kennsla	13 735	
Stofnkostnaður:			2 300
6 01	Innréttingar	2 300	
	Gjöld samtals		27 128
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 948	
52–58	Önnur gjöld	14 180	
5	Gjöld samtals	27 128	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**25 638**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–518 Fiskvinnsluskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 743
1 01	Kennsla	9 514	
1 02	Annað en kennsla	10 229	
Stofnkostnaður:			23 400
6 01	Tæki og búnaður	23 400	
	Gjöld samtals		43 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 083	
52–58	Önnur gjöld	32 060	
5	Gjöld samtals	43 143	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**39 143**
02–522 Nýi hjúkrunarskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 926
1 01	Kennsla	6 405	
1 02	Annað en kennsla	2 521	
	Gjöld samtals		8 926
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 486	
52–58	Önnur gjöld	1 440	
5	Gjöld samtals		**8 926**
02–523 Fósturskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 627
1 01	Kennsla	21 186	
1 02	Annað en kennsla	8 441	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Lóðaframkvæmdir	2 000	
	Gjöld samtals		31 627

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 277	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	31 627	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**31 287**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 158
1 01	Hússtjórnarskólar	17 158	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 90	Viðhald, óskipt	6 200	
	Gjöld samtals		23 358
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 268	
52–58	Önnur gjöld	10 090	
5	Gjöld samtals	23 358	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**21 648**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 773
1 01	Kennsla	32 253	
1 02	Annað en kennsla	34 520	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1 000	
	Gjöld samtals		67 773
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 513	
52–58	Önnur gjöld	27 260	
5	Gjöld samtals	67 773	
4	Sértekjur	25 290	
	Mismunur		**42 483**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 985
1 01	Kennsla	8 496	
1 02	Annað en kennsla	13 489	
	Gjöld samtals		21 985
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 245	
52–58	Önnur gjöld	7 740	
5	Gjöld samtals	21 985	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 275**
02–563 Tónlistarfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			214 751
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	22 318	
1 20	Aðrir tónlistarskólar	192 433	
	Gjöld samtals		214 751
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	214 751	
5	Gjöld samtals		**214 751**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 756
1 01	Sjómannaskólahúsið	14 756	
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 01	Fasteign	3 600	
Stofnkostnaður:			7 100
6 01	Eldvarnir	7 100	
	Gjöld samtals		25 456

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 046	
52–58	Önnur gjöld	17 410	
5	Gjöld samtals	25 456	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**24 886**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 348
1 01	Kennsla	12 829	
1 02	Annað en kennsla	14 519	
	Gjöld samtals		27 348
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 978	
52–58	Önnur gjöld	12 370	
5	Gjöld samtals	27 348	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**26 208**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 616
1 01	Verslunarskóli Íslands	137 616	
	Gjöld samtals		137 616
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 806	
52–58	Önnur gjöld	36 810	
5	Gjöld samtals		**137 616**

02–601 Héraðsskólinn Reykholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 762
1 01	Kennsla	13 728	
1 02	Annað en kennsla	6 034	
	Gjöld samtals		19 762

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 782	
52–58	Önnur gjöld	3 980	
5	Gjöld samtals	19 762	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**19 492**

02–602 Héraðsskólinn Núpi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 768
1 01	Kennsla	6 800	
1 02	Annað en kennsla	7 968	
	Gjöld samtals		14 768
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 978	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
5	Gjöld samtals	14 768	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**14 178**

02–603 Héraðsskólinn Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 774
1 01	Kennsla	8 231	
1 02	Annað en kennsla	6 543	
	Gjöld samtals		14 774
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 414	
52–58	Önnur gjöld	4 360	
5	Gjöld samtals	14 774	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**14 204**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604 Héraðsskólinn Reykjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 521
1 02	Annað en kennsla	13 521	
	Gjöld samtals		13 521
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 991	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals		**13 521**
02–605 Alþýðuskólinn Eiðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 399
1 01	Kennsla	14 310	
1 02	Annað en kennsla	10 089	
	Gjöld samtals		24 399
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 079	
52–58	Önnur gjöld	7 320	
5	Gjöld samtals	24 399	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**23 139**
02–606 Héraðsskólinn Skógum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 463
1 01	Kennsla	9 198	
1 02	Annað en kennsla	7 265	
	Gjöld samtals		16 463
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 533	
52–58	Önnur gjöld	4 930	
5	Gjöld samtals	16 463	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**15 953**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–607	**Héraðsskólinn Laugarvatni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 919
1 01	Kennsla	6 833	
1 02	Annað en kennsla	5 086	
	Gjöld samtals		11 919
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 229	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals	11 919	
4	Sértekjur	740	
	Mismunur		**11 179**
02–609	**Héraðsskólinn Laugum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 209
1 01	Kennsla	17 043	
1 02	Annað en kennsla	7 166	
	Gjöld samtals		24 209
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 679	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals	24 209	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**23 679**
02–610	**Héraðsskólar almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	3 000	
Stofnkostnaður:			39 000
6 90	Stofnkostnaður[1])	39 000	
	Gjöld samtals		42 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 000	
5	Gjöld samtals		**42 000**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–621 Skálholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 016
1 01	Kennsla	4 225	
1 02	Annað en kennsla	2 791	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Skálholtsskóli, fasteign	4 900	
	Gjöld samtals		11 916
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 656	
52–58	Önnur gjöld	7 260	
5	Gjöld samtals		**11 916**
02–700 Grunnskólar, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 001 146
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 001 146	
	Gjöld samtals		1 001 146
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	976 266	
52–58	Önnur gjöld	24 880	
5	Gjöld samtals		**1 001 146**
02–701 Grunnskólar, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			809 313
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	809 313	
	Gjöld samtals		809 313
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	761 343	
52–58	Önnur gjöld	44 740	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 230	
5	Gjöld samtals		**809 313**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–703 Grunnskólar, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 932
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	300 932	
	Gjöld samtals		300 932
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	265 072	
52–58	Önnur gjöld	34 220	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 640	
5	Gjöld samtals		**300 932**
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			193 245
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	193 245	
	Gjöld samtals		193 245
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	172 205	
52–58	Önnur gjöld	19 810	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 230	
5	Gjöld samtals		**193 245**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 191
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	234 191	
	Gjöld samtals		234 191
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	193 611	
52–58	Önnur gjöld	39 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 380	
5	Gjöld samtals		**234 191**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			457 548
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	457 548	
	Gjöld samtals		457 548
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	412 898	
52–58	Önnur gjöld	42 670	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 980	
5	Gjöld samtals		**457 548**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			253 643
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	253 643	
	Gjöld samtals		253 643
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	228 143	
52–58	Önnur gjöld	23 980	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 520	
5	Gjöld samtals		**253 643**
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			388 965
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	388 965	
	Gjöld samtals		388 965
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	328 165	
52–58	Önnur gjöld	59 020	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 780	
5	Gjöld samtals		**388 965**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			243 828
1 10	Framhaldsdeildir í grunnskólum	9 778	
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	2 317	
1 13	Sundskylda í skólum	20 000	
1 14	Skíðakennsla í skólum	400	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	2 670	
1 21	Unglingaheimili, skóli	5 513	
1 30	Safnakennsla	2 173	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	3 000	
1 40	Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum	10 696	
1 50	Orlof kennara	8 639	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	9 633	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	8 580	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	12 182	
1 81	Forskólakennsla í grunnskólum	15 075	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	4 257	
1 84	Umsjón með bekkjardeildum o.fl.	59 407	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	590	
1 87	Áfanga- og fagstjórn	54 249	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	5 010	
1 90	Grunnskólar, óskipt	9 659	
Stofnkostnaður:			6 400
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 400	
	Gjöld samtals		250 228
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	195 298	
52–58	Önnur gjöld	20 720	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	20 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 210	
5	Gjöld samtals		**250 228**
02–730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			385 005
6 90	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.[1])	385 005	
	Gjöld samtals		385 005

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	385 005	
5	Gjöld samtals		**385 005**

02–750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			306 367
1 10	Öskjuhlíðarskóli	69 358	
1 21	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	5 082	
1 22	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4 053	
1 31	Þjálfunarskóli Kópavogshælis	27 955	
1 32	Þjálfunarskólinn Sólheimum	2 547	
1 33	Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala	17 573	
1 34	Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf	14 271	
1 35	Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri	39 322	
1 36	Þjálfunarskóli Tjaldanesi	2 462	
1 37	Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg)	17 638	
1 38	Þjálfunarskóli Dalbraut	3 000	
1 40	Dagvist forskólabarna	57 467	
1 50	Sameiginleg þjónusta	38 070	
1 60	Almennt	7 569	
	Gjöld samtals		306 367
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 327	
52–58	Önnur gjöld	34 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	52 770	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 380	
5	Gjöld samtals	306 367	
4	Sértekjur	2 240	
	Mismunur		**304 127**

02–799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 845
1 01	Heyrnleysingjaskólinn	32 642	
1 02	Annað en kennsla	16 203	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Endurbætur	6 100	
	Gjöld samtals		54 945
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 735	
52–58	Önnur gjöld	13 210	
5	Gjöld samtals	54 945	
4	Sértekjur	310	
	Mismunur		**54 635**

02–802 Vernd barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 907
1 10	Barnaverndarráð Íslands	8 317	
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	4 590	
	Gjöld samtals		12 907
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 317	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 590	
5	Gjöld samtals		**12 907**

02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			95 000
6 90	Dagvistarheimili, stofnkostnaður[1])	95 000	
	Gjöld samtals		95 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	95 000	
5	Gjöld samtals		**95 000**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–871 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Unglingaheimili ríkisins	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	24 400	
5	Gjöld samtals		**24 400**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 617 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617 000	
	Gjöld samtals		1 617 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 617 000	
5	Gjöld samtals		**1 617 000**
02–881 Náms- og fræðimenn, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 750
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	4 600	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	400	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	1 950	
1 16	Upplýsingastofa námsmanna	880	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 360	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	4 560	
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		20 750
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	410	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 340	
5	Gjöld samtals		**20 750**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 238
1 10	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	776	
1 20	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	1 462	
	Gjöld samtals		2 238
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 238	
5	Gjöld samtals		**2 238**
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 01	Jöfnun á námskostnaði	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**
02–885 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 830
1 20	Bréfaskólinn	1 870	
1 30	Námsflokkar	230	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	500	
1 80	Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	230	
	Gjöld samtals		2 830
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	230	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 370	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	230	
5	Gjöld samtals		**2 830**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 568
1 01	Landsbókasafn Íslands	31 568	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		38 568
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 958	
52–58	Önnur gjöld	14 610	
5	Gjöld samtals	38 568	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**37 658**
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 810
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	33 810	
Viðhaldsverkefni:			14 600
5 01	Húseign við Suðurgötu	8 400	
5 90	Verndun gamalla húsa	6 200	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	1 000	
6 02	Endurbætur	3 000	
	Gjöld samtals		52 410
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 180	
52–58	Önnur gjöld	26 230	
5	Gjöld samtals	52 410	
4	Sértekjur	430	
	Mismunur		**51 980**
02–903 Þjóðskjalasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 412
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	27 412	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Innréttingar	10 000	
	Gjöld samtals		37 412
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 932	
52–58	Önnur gjöld	23 480	
5	Gjöld samtals	37 412	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**36 272**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 544
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	4 544	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald fasteignar	500	
	Gjöld samtals		5 044
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 284	
52–58	Önnur gjöld	1 760	
5	Gjöld samtals		**5 044**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 055
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	3 055	
	Gjöld samtals		3 055
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 375	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals	3 055	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**2 825**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–907 Listasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 375
1 01	Listasafn Íslands	24 235	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 140	
Stofnkostnaður:			29 800
6 01	Listaverkakaup	7 400	
6 20	Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7	22 400	
	Gjöld samtals		56 175
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 095	
52–58	Önnur gjöld	40 080	
5	Gjöld samtals	56 175	
4	Sértekjur	1 520	
	Mismunur		**54 655**
02–908 Kvikmyndasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 833
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	5 833	
	Gjöld samtals		5 833
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 613	
52–58	Önnur gjöld	4 220	
5	Gjöld samtals		**5 833**
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 137
1 01	Blindrabókasafn Íslands	17 137	
Stofnkostnaður:			400
6 01	Tölvuvæðing útlánakerfis	400	
	Gjöld samtals		17 537

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 267	
52–58	Önnur gjöld	8 270	
5	Gjöld samtals		**17 537**

02–931 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 243
1 01	Náttúruverndarráð	9 657	
1 02	Fræðslustarfsemi	1 120	
1 20	Friðlýsingarsjóður	1 900	
1 30	Eftirlit við Mývatn og Laxá	1 306	
1 31	Rannsóknastörf við Mývatn	2 853	
1 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	6 295	
1 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	3 854	
1 34	Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	3 658	
1 50	Sérfræðirannsóknir við Mývatn	10 600	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 34	Viðhaldsfé, óskipt	1 200	
Stofnkostnaður:			4 900
6 31	Rannsóknastörf við Mývatn	1 000	
6 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	1 800	
6 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	1 100	
6 35	Hreinlætisaðstaða við Gullfoss	1 000	
	Gjöld samtals		47 343
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 143	
52–58	Önnur gjöld	34 200	
5	Gjöld samtals	47 343	
4	Sértekjur	11 790	
	Mismunur		**35 553**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 000
1 01	Þjóðleikhús	171 000	
	Gjöld samtals		171 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	171 000	
5	Gjöld samtals		**171 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	67 000	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	67 000	
5	Gjöld samtals		**67 000**

02–975 Vísindasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 950
1 01	Vísindaráð	5 950	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Vísindasjóður, framlag	10 000	
	Gjöld samtals		15 950
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 950	
5	Gjöld samtals		**15 950**

02–976 Menningarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Menningarsjóður, framlag	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–977 Þjóðarbókhlaða			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			90 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	90 000	
	Gjöld samtals		90 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	90 000	
5	Gjöld samtals		**90 000**
02–980 Listskreytingasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Listskreytingasjóður	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 01	Kvikmyndasjóður	71 000	
	Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	71 000	
5	Gjöld samtals		**71 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 700
1 10	Listamannalaun	7 000	
1 11	Launasjóður rithöfunda	20 000	
1 12	Starfslaun listamanna	18 000	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	7 200	
1 15	Þýðingarsjóður	4 600	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	12 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 21	Leikfélag Akureyrar	11 000	
1 22	Leiklistarstarfsemi	12 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 770	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	4 500	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	7 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	12 000	
1 31	Íslenski dansflokkurinn	2 500	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	2 500	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 000	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	5 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	2 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	3 800	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	3 800	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 46	Listasafn ASÍ	2 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	7 500	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 000	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	400	
1 74	Listkynning, styrkir	400	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	14 000	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 80	Listahátíð	1 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	300	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		183 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	183 700	
5	Gjöld samtals		**183 700**

02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 872
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 310	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknarleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	8 662	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
	Gjöld samtals		11 872

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 662	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 210	
5	Gjöld samtals		**11 872**

02–984 Norræn samvinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 130
1 10	Norrænt samstarf	660	
1 11	Norræna félagið	490	
1 15	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	500	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	400	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	2 650	
1 20	Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	230	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	740	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	460	
	Gjöld samtals		6 130
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 130	
5	Gjöld samtals		**6 130**

02–985 Félagsheimilasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 000
6 01	Félagsheimilasjóður	21 000	
	Gjöld samtals		21 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 000	
5	Gjöld samtals		**21 000**

02–986 Íþróttasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			51 209
6 20	Bygging íþróttamannvirkja	51 209	
	Gjöld samtals		51 209

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	51 209	
5	Gjöld samtals		**51 209**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 840
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 280	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	8 090	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	4 220	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns	1 500	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	750	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	1 500	
	Gjöld samtals		17 840
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 840	
5	Gjöld samtals		**17 840**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 090
1 10	Íþróttasamband Íslands	21 420	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 930	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	2 620	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	
1 20	Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2 000	
1 21	Skáksamband Íslands	1 280	
1 22	Stórmeistarar í skák	4 560	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 25	Skákskólinn	400	
1 30	Bridgesamband Íslands	520	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	4 500	
Stofnkostnaður:			2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		47 090

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	45 090	
5	Gjöld samtals		**47 090**

02–991 Húsafriðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			230
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	230	
Stofnkostnaður:			14 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	3 200	
6 20	Nesstofa	800	
6 40	Byggða- og minjasöfn	7 000	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	3 500	
	Gjöld samtals		14 730
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 730	
5	Gjöld samtals		**14 730**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 840
1 20	Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	2 000	
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	330	
1 31	Geysir í Haukadal	1 500	
1 40	Dimmuborgir	500	
1 42	Reykholtsstaður	600	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	1 480	
1 60	Evreka	3 620	
1 70	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	2 620	
1 71	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	140	
1 90	Söfn, styrkir	1 730	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	1 530	
1 92	Ýmis framlög	8 890	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 110	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 96	Útflutnings- og markaðsskólinn	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	750	
Stofnkostnaður:			12 000
6 24	Safnastofnun Austurlands	3 500	
6 43	Skriðuklaustur	4 000	
6 72	Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður	4 500	
	Gjöld samtals		51 840
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	45 840	
5	Gjöld samtals		**51 840**
	Samtals		12 525 052

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			188 539
1 01	Yfirstjórn	101 780	
1 10	Kjörræðismenn	870	
1 20	Samningar við erlend ríki	1 310	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	15 070	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	4 600	
1 31	Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	480	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	51 329	
1 51	Útflutningsráð Íslands	13 100	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tölvubúnaður	1 500	
	Gjöld samtals		190 039
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 819	
52–58	Önnur gjöld	121 120	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 100	
5	Gjöld samtals		**190 039**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 515
1 01	Varnarmálaskrifstofa	26 928	
1 02	Fulltrúi í Brussel	3 587	
	Gjöld samtals		30 515

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 375	
52–58	Önnur gjöld	11 140	
5	Gjöld samtals	30 515	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**29 085**

03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 817
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	48 817	
	Gjöld samtals		48 817
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 997	
52–58	Önnur gjöld	7 320	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	37 500	
5	Gjöld samtals		**48 817**

03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			175 470
1 01	Yfirstjórn	13 964	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	71 059	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	88 604	
1 30	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	1 843	
Stofnkostnaður:			1 800
6 10	Bifreiðakaup o.fl.	900	
6 20	Fjarskiptabúnaður o.fl.	300	
6 30	Tölvubúnaður o.fl.	600	
	Gjöld samtals		177 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 100	
52–58	Önnur gjöld	37 170	
5	Gjöld samtals	177 270	
4	Sértekjur	18 470	
	Mismunur		**158 800**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		15 010
1 01 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	15 010	
Gjöld samtals		15 010
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	10 690	
52–58 Önnur gjöld	4 320	
5 Gjöld samtals		**15 010**
03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		19 595
1 01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	19 595	
Gjöld samtals		19 595
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	12 035	
52–58 Önnur gjöld	7 560	
5 Gjöld samtals		**19 595**
03–303 Sendiráð Íslands í London		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 859
1 01 Sendiráð Íslands í London	20 859	
Gjöld samtals		20 859
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	12 389	
52–58 Önnur gjöld	8 470	
5 Gjöld samtals		**20 859**
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 580
1 01 Sendiráð Íslands í Moskvu	20 580	
Gjöld samtals		20 580

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 740	
52–58	Önnur gjöld	6 840	
5	Gjöld samtals		**20 580**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 125
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	17 125	
	Gjöld samtals		17 125
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 225	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**17 125**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 598
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	24 598	
	Gjöld samtals		24 598
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 588	
52–58	Önnur gjöld	10 010	
5	Gjöld samtals		**24 598**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 180
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	14 180	
	Gjöld samtals		14 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 930	
52–58	Önnur gjöld	4 250	
5	Gjöld samtals		**14 180**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308 Sendiráð Íslands í Washington			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 101
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	22 101	
	Gjöld samtals		22 101
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 101	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**22 101**
03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 638
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	28 638	
	Gjöld samtals		28 638
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 868	
52–58	Önnur gjöld	14 770	
5	Gjöld samtals		**28 638**
03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 377
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	13 377	
	Gjöld samtals		13 377
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 857	
52–58	Önnur gjöld	5 520	
5	Gjöld samtals		**13 377**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 674
1 01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	20 674	
Gjöld samtals		20 674
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	13 584	
52–58 Önnur gjöld	7 090	
5 Gjöld samtals		**20 674**
03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		22 869
1 01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	22 869	
Gjöld samtals		22 869
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	13 849	
52–58 Önnur gjöld	9 020	
5 Gjöld samtals		**22 869**
03–313 Sendiráð, almennt		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		7 300
5 90 Viðhald sendiráða	7 300	
Stofnkostnaður:		4 900
6 90 Stofnkostnaður, óskipt	4 900	
Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	12 200	
5 Gjöld samtals		**12 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 810
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	60 000	
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	11 540	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	3 660	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	10 760	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	1 550	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	680	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 690	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	460	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	530	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	1 370	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	290	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	280	
	Gjöld samtals		92 810
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	92 810	
5	Gjöld samtals		**92 810**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550
1 30	Lögberg-Heimskringla	320	
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	230	
	Gjöld samtals		550
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	550	
5	Gjöld samtals		**550**
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 640
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	10 620	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	4 660	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	2 420	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3 660	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	3 080	
1 16	GATT	2 370	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	760	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	580	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	530	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	40	
1 27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	730	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	310	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	1 340	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	3 300	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	70	
1 33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	20	
1 34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	20	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	700	
1 36	Bernarsambandið	410	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	1 210	
1 39	Evrópuráðið	4 440	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	5 910	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	17 320	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	8 370	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	240	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	560	
1 46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	30	
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	50	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	3 220	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	200	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 480	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	120	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	110	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 230	
	Gjöld samtals		80 640
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	80 640	
5	Gjöld samtals		**80 640**
	Samtals		852 547

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 953
1 01	Yfirstjórn	44 953	
	Gjöld samtals		44 953
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 263	
52–58	Önnur gjöld	21 690	
5	Gjöld samtals		**44 953**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 700
6 01	Jarðeignir ríkisins	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 700	
5	Gjöld samtals		**15 700**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðasjóður	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 605
1 01	Yfirstjórn	23 665	
1 20	Ráðunautar	34 309	
1 30	Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	25 631	
1 40	Ýmis framlög	3 000	
	Gjöld samtals		86 605
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 918	
52–58	Önnur gjöld	30 687	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	86 605	
4	Sértekjur	9 187	
	Mismunur		**77 418**
04–205 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 670
1 90	Veiðistjóri	13 670	
	Gjöld samtals		13 670
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 670	
5	Gjöld samtals		**13 670**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 640
1 90	Aðalstöðvar	81 390	
1 91	Tilraunastöðin Sámsstöðum	5 250	
1 92	Tilraunastöðvar, óskipt	9 000	
Stofnkostnaður:			10 400
6 82	Stóra-Ármót	3 000	
6 90	Tækjakaup	5 700	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	1 700	
	Gjöld samtals		106 040

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	106 040	
5	Gjöld samtals		**106 040**

04–231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 095
1 01	Almennur rekstur	88 005	
1 80	Tilraunir með rótarskóga	190	
1 81	Nytjaskógar	10 500	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	3 410	
1 83	Tilraunir með ræktun iðnviðar	1 200	
1 85	Rannsóknastöð að Mógilsá	15 300	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	1 490	
Viðhaldsverkefni:			2 800
5 01	Fasteignir	2 800	
Stofnkostnaður:			8 000
6 30	Vélar og tæki	2 600	
6 32	Fasteignir, óskipt	3 500	
6 33	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		130 895
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 355	
52–58	Önnur gjöld	52 750	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 910	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 880	
5	Gjöld samtals	130 895	
4	Sértekjur	50 110	
	Mismunur		**80 785**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 328
1 10	Almenn landgræðsla	64 315	
1 60	Búrekstur	9 013	
Viðhaldsverkefni:			3 200
5 20	Viðhaldsfé, óskipt	3 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 500
6 20	Fræverkunarstöð	2 500	
	Gjöld samtals		79 028
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 259	
52–58	Önnur gjöld	55 769	
5	Gjöld samtals	79 028	
4	Sértekjur	12 070	
	Mismunur		**66 958**

04–242 Mat á landbúnaðarafurðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 120
1 01	Mat á landbúnaðarafurðum	5 120	
	Gjöld samtals		5 120
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 610	
52–58	Önnur gjöld	2 510	
5	Gjöld samtals	5 120	
4	Sértekjur	5 120	
	Mismunur		

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			351 175
1 01	Sauðfjárveikivarnir	351 175	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Varnargirðingar	3 700	
	Gjöld samtals		354 875
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 775	
52–58	Önnur gjöld	7 380	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	334 720	
5	Gjöld samtals		**354 875**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 744
1 01	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5 744	
	Gjöld samtals		5 744
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 304	
52–58	Önnur gjöld	440	
5	Gjöld samtals		**5 744**
04–246 Veiðimálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 610
1 40	Laxeldisstöðin í Kollafirði	7 600	
1 90	Veiðimálastofnun	26 010	
	Gjöld samtals		33 610
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	7 600	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	26 010	
5	Gjöld samtals		**33 610**
04–247 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 507
1 01	Yfirstjórn	3 543	
1 20	Héraðsdýralæknar	34 032	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	4 593	
1 31	Menntun í fisksjúkdómum	2 000	
1 40	Dýralæknir loðdýra	1 899	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	440	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 400	
	Gjöld samtals		50 907

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 737	
52–58	Önnur gjöld	11 170	
5	Gjöld samtals	50 907	
4	Sértekjur	4 220	
	Mismunur		**46 687**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			91 400
6 20	Landgræðsluáætlun, RALA	4 600	
6 30	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	11 400	
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	49 000	
6 50	Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	2 800	
6 60	Landgræðsluáætlun, óskipt	23 600	
	Gjöld samtals		91 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	91 400	
5	Gjöld samtals		**91 400**

04–271 Landgræðslusjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		1 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 900	
5	Gjöld samtals		**1 900**

04–272 Einangrunarstöð í Hrísey

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 380
1 01	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			800
6 02	Einangrunarstarfsemi, önnur	800	
	Gjöld samtals		3 180
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	3 180	
5	Gjöld samtals		**3 180**

04–287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 830
1 01	Stofnlánadeild landbúnaðarins	38 830	
	Gjöld samtals		38 830
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 830	
5	Gjöld samtals		**38 830**

04–288 Jarðræktarlög, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 714
1 10	Ráðunautar	22 714	
Stofnkostnaður:			100 000
6 20	Jarðræktarframlög o.fl.	100 000	
	Gjöld samtals		122 714
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 714	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
5	Gjöld samtals		**122 714**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–289	**Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			453 080
1 10	Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	383 080	
1 20	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	70 000	
	Gjöld samtals		453 080
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	383 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	70 000	
5	Gjöld samtals		**453 080**
04–290	**Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	610 000	
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	490 000	
	Gjöld samtals		1 100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100 000	
5	Gjöld samtals		**1 100 000**
04–291	**Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 627
1 01	Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973	18 627	
	Gjöld samtals		18 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 627	
5	Gjöld samtals		**18 627**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 270
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 270	
1 22	Ýmis verkefni	6 000	
	Gjöld samtals		7 270
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 270	
5	Gjöld samtals		**7 270**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 133
1 01	Yfirstjórn	12 374	
1 30	Rekstur skóla	51 139	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	4 797	
1 50	Búrekstur	17 823	
Viðhaldsverkefni:			3 800
5 01	Fasteignir	3 800	
Stofnkostnaður:			12 500
6 01	Fasteignir og lóðir	8 500	
6 10	Hundrað ára afmæli, framlag	4 000	
	Gjöld samtals		102 433
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 623	
52–58	Önnur gjöld	55 810	
5	Gjöld samtals	102 433	
4	Sértekjur	33 930	
	Mismunur		**68 503**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 626
1 01	Bændaskólinn á Hólum	49 626	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 01	Fasteignir	6 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 900
6 01	Fasteignir og lóðir	3 000	
6 02	Vélar og áhöld	900	
	Gjöld samtals		59 526
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 566	
52–58	Önnur gjöld	31 960	
5	Gjöld samtals	59 526	
4	Sértekjur	9 540	
	Mismunur		**49 986**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 341
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	30 292	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	2 049	
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Fasteignir, gróðurhús	2 500	
Stofnkostnaður:			4 900
6 01	Fasteignir, óskipt	4 000	
6 10	Tækjakaup	900	
	Gjöld samtals		39 741
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 461	
52–58	Önnur gjöld	17 280	
5	Gjöld samtals	39 741	
4	Sértekjur	1 750	
	Mismunur		**37 991**
	Samtals		2 854 921

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 987
1 01	Yfirstjórn	48 987	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Stofnkostnaður	2 100	
	Gjöld samtals		51 087
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 347	
52–58	Önnur gjöld	22 740	
5	Gjöld samtals	51 087	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**50 987**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 920
1 90	Fiskifélag Íslands	39 920	
	Gjöld samtals		39 920
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	39 920	
5	Gjöld samtals		**39 920**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			333 345
1 01	Yfirstjórn	39 472	
1 10	Rannsóknasvið	76 336	
1 11	Raftæknideild	7 020	
1 19	Tímabundin verkefni	15 294	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Útibú á Húsavík	2 487	
1 21	Útibú á Höfn í Hornafirði	1 971	
1 22	Útibú á Ísafirði	2 797	
1 23	Útibú í Ólafsvík	2 472	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	2 555	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	43 576	
1 32	R/s Árni Friðriksson	36 715	
1 33	R/s Dröfn	21 502	
1 36	Veiðarfærakostnaður	13 689	
1 39	Annar skiparekstur	27 540	
1 40	Hvalarannsóknir	25 600	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	8 219	
1 42	Aflaskýrslur	1 150	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	4 950	
	Viðhaldsverkefni:		25 700
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	15 600	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	7 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	1 900	
5 90	Viðhald, óskipt	1 200	
	Stofnkostnaður:		35 900
6 31	Búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	1 300	
6 32	Búnaður í r/s Árna Friðriksson	26 000	
6 33	Búnaður í r/s Dröfn	3 600	
6 90	Búnaður deilda og útibúa	5 000	
	Gjöld samtals		394 945
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	183 145	
52–58	Önnur gjöld	211 800	
5	Gjöld samtals	394 945	
4	Sértekjur	51 760	
	Mismunur		**343 185**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		59 640
1 90	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	59 640	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 100
6 10	Tæki og búnaður	10 100	
	Gjöld samtals		69 740
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	69 740	
5	Gjöld samtals		**69 740**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 885
1 01	Ríkismat sjávarafurða	76 885	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Bifreiðakaup	1 100	
	Gjöld samtals		77 985
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 085	
52–58	Önnur gjöld	34 900	
5	Gjöld samtals	77 985	
4	Sértekjur	19 720	
	Mismunur		**58 265**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 979
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	4 979	
	Gjöld samtals		4 979
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 449	
52–58	Önnur gjöld	1 530	
5	Gjöld samtals		**4 979**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			937 000
1 01	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	937 000	
	Gjöld samtals		937 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	937 000	
5	Gjöld samtals		**937 000**
05–290 Veiðieftirlit			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 783
1 01	Veiðieftirlit	39 783	
	Gjöld samtals		39 783
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 863	
52–58	Önnur gjöld	11 920	
5	Gjöld samtals		**39 783**
05–298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 380
1 01	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	6 380	
	Gjöld samtals		6 380
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 380	
5	Gjöld samtals		**6 380**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 940
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	5 000	
1 23	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	240	
1 31	Stjórn fiskveiða	7 970	
1 32	Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	25 730	
	Gjöld samtals		38 940
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 550	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	33 390	
5	Gjöld samtals		**38 940**
05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 769
1 01	Yfirstjórn	19 068	
1 30	Keldnaholt	24 701	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	4 400	
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		48 669
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 529	
52–58	Önnur gjöld	29 140	
5	Gjöld samtals	48 669	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**47 409**
	Samtals		1 636 588

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 931
1 01	Yfirstjórn	63 931	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		64 931
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 921	
52–58	Önnur gjöld	22 010	
5	Gjöld samtals		**64 931**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 349
1 01	Stjórnartíðindi	15 349	
	Gjöld samtals		15 349
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 059	
52–58	Önnur gjöld	13 290	
5	Gjöld samtals	15 349	
4	Sértekjur	7 770	
	Mismunur		**7 579**
06–201 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 115
1 01	Yfirstjórn	10 807	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	9 868	
1 03	Ljósprentun Hæstaréttardóma	1 440	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			600
5 01	Viðhald fasteigna	600	
	Gjöld samtals		22 715
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 925	
52–58	Önnur gjöld	14 790	
5	Gjöld samtals	22 715	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**21 005**

06–202 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 116
1 01	Ríkissaksóknari	32 116	
	Gjöld samtals		32 116
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 526	
52–58	Önnur gjöld	8 590	
5	Gjöld samtals		**32 116**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 779
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	46 779	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og húsbúnaður	2 700	
	Gjöld samtals		49 479
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 009	
52–58	Önnur gjöld	11 470	
5	Gjöld samtals	49 479	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**48 949**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 177
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	68 177	
	Gjöld samtals		68 177
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 477	
52–58	Önnur gjöld	19 700	
5	Gjöld samtals	68 177	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**67 607**
06–205 Sakadómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 992
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	47 992	
	Gjöld samtals		47 992
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 802	
52–58	Önnur gjöld	8 190	
5	Gjöld samtals		**47 992**
06–206 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			656 436
1 01	Yfirstjórn	42 257	
1 02	Sími og fjarskipti	6 060	
1 20	Almenn löggæsla	534 345	
1 21	Eftirlit á vegum	5 100	
1 22	Fangaklefar	12 837	
1 24	Eftirlit með vínveitingahúsum	3 280	
1 30	Útlendingaeftirlit	11 409	
1 40	Mötuneyti	17 855	
1 60	Aðallögreglustöð	23 293	
Viðhaldsverkefni:			13 500
5 60	Aðallögreglustöð, viðhald	13 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			23 900
6 01	Tæki og búnaður	2 900	
6 02	Sími og fjarskipti	4 100	
6 60	Aðallögreglustöð	3 000	
6 80	Bifreiðar o.fl.	13 900	
	Gjöld samtals		693 836
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	501 036	
52–58	Önnur gjöld	192 800	
5	Gjöld samtals	693 836	
4	Sértekjur	52 960	
	Mismunur		**640 876**

06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 239
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	121 239	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		126 239
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 589	
52–58	Önnur gjöld	25 650	
5	Gjöld samtals	126 239	
4	Sértekjur	1 390	
	Mismunur		**124 849**

06–209 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 684
1 01	Yfirstjórn	14 032	
1 10	Námskostnaður	20 652	
Stofnkostnaður:			3 300
6 01	Tæki og búnaður	3 300	
	Gjöld samtals		37 984

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 894	
52–58	Önnur gjöld	23 090	
5	Gjöld samtals		**37 984**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 840
1 10	Sýslumenn og bæjarfógetar	8 840	
Viðhaldsverkefni:			10 500
5 50	Fasteignir	10 500	
Stofnkostnaður:			14 000
6 10	Tæki og búnaður	14 000	
	Gjöld samtals		33 340
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 340	
5	Gjöld samtals		**33 340**

06–212 Bæjarfógeti Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 960
1 01	Yfirstjórn	16 523	
1 20	Löggæsla	26 437	
Stofnkostnaður:			7 500
6 10	Innrétting lögreglustöðvar	7 500	
	Gjöld samtals		50 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 620	
52–58	Önnur gjöld	15 840	
5	Gjöld samtals	50 460	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**49 030**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–213 Sýslumaður Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 524
1 01	Yfirstjórn	16 752	
1 20	Löggæsla	16 779	
1 30	Hreppstjórar	993	
	Gjöld samtals		34 524
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 324	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	34 524	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**34 064**
06–214 Sýslumaður Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 228
1 01	Yfirstjórn	16 886	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	10 215	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	6 434	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	10 907	
1 30	Hreppstjórar	786	
	Gjöld samtals		45 228
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 808	
52–58	Önnur gjöld	11 420	
5	Gjöld samtals	45 228	
4	Sértekjur	1 150	
	Mismunur		**44 078**
06–215 Sýslumaður Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 539
1 01	Yfirstjórn	6 442	
1 20	Löggæsla	2 633	
1 30	Hreppstjórar	464	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			600
6 50	Stjórnsýsluhús	600	
	Gjöld samtals		10 139
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 059	
52–58	Önnur gjöld	3 080	
5	Gjöld samtals	10 139	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**9 959**

06–216 Sýslumaður Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 891
1 01	Yfirstjórn	11 856	
1 20	Löggæsla	12 316	
1 30	Hreppstjórar	719	
Stofnkostnaður:			5 700
6 10	Viðbygging	5 700	
	Gjöld samtals		30 591
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 851	
52–58	Önnur gjöld	11 740	
5	Gjöld samtals	30 591	
4	Sértekjur	630	
	Mismunur		**29 961**

06–217 Bæjarfógeti Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 850
1 01	Yfirstjórn	6 011	
1 20	Löggæsla	6 839	
	Gjöld samtals		12 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 160	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals		**12 850**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 813
1 01	Yfirstjórn	23 209	
1 20	Löggæsla	30 810	
1 30	Hreppstjórar	794	
	Gjöld samtals		54 813
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 343	
52–58	Önnur gjöld	14 470	
5	Gjöld samtals	54 813	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**52 913**
06–219 Sýslumaður Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 896
1 01	Yfirstjórn	5 674	
1 20	Löggæsla	2 710	
1 30	Hreppstjórar	512	
	Gjöld samtals		8 896
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 516	
52–58	Önnur gjöld	2 380	
5	Gjöld samtals	8 896	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**8 656**
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 059
1 01	Yfirstjórn	15 235	
1 20	Löggæsla	16 643	
1 30	Hreppstjórar	1 181	
	Gjöld samtals		33 059

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 919	
52–58	Önnur gjöld	9 140	
5	Gjöld samtals	33 059	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**32 659**

06–222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 878
1 01	Yfirstjórn	14 935	
1 20	Löggæsla	19 151	
1 30	Hreppstjórar	792	
Stofnkostnaður:			9 200
6 10	Nýbygging	9 200	
	Gjöld samtals		44 078
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 788	
52–58	Önnur gjöld	16 290	
5	Gjöld samtals	44 078	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**43 848**

06–223 Bæjarfógeti Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 632
1 01	Yfirstjórn	9 140	
1 20	Löggæsla	10 492	
Stofnkostnaður:			19 100
6 10	Nýbygging	19 100	
	Gjöld samtals		38 732

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 742	
52–58	Önnur gjöld	22 990	
5	Gjöld samtals	38 732	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**38 432**

06–224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 963
1 01	Yfirstjórn	5 643	
1 20	Löggæsla	6 320	
	Gjöld samtals		11 963
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 143	
52–58	Önnur gjöld	2 820	
5	Gjöld samtals	11 963	
4	Sértekjur	150	
	Mismunur		**11 813**

06–225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 460
1 01	Yfirstjórn	45 093	
1 20	Löggæsla Akureyri	65 370	
1 21	Löggæsla Dalvík	6 179	
1 30	Hreppstjórar	818	
	Gjöld samtals		117 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	93 120	
52–58	Önnur gjöld	24 340	
5	Gjöld samtals	117 460	
4	Sértekjur	620	
	Mismunur		**116 840**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 743
1 01	Yfirstjórn	21 950	
1 20	Löggæsla Húsavík	19 798	
1 21	Löggæsla Raufarhöfn	5 864	
1 22	Löggæsla Þórshöfn	5 482	
1 30	Hreppstjórar	1 649	
Stofnkostnaður:			8 500
6 01	Nýbygging	8 500	
	Gjöld samtals		63 243
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 423	
52–58	Önnur gjöld	22 820	
5	Gjöld samtals	63 243	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**62 333**
06–227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 991
1 01	Yfirstjórn	14 166	
1 20	Löggæsla Seyðisfirði	8 070	
1 21	Löggæsla Vopnafirði	5 025	
1 30	Hreppstjórar	730	
	Gjöld samtals		27 991
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 861	
52–58	Önnur gjöld	7 130	
5	Gjöld samtals	27 991	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**27 601**
06–228 Bæjarfógeti Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 146
1 01	Yfirstjórn	8 235	
1 20	Löggæsla	5 911	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 20	Lögreglustöð	1 300	
	Gjöld samtals		15 446
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 126	
52–58	Önnur gjöld	5 320	
5	Gjöld samtals	15 446	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**15 336**

06–229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 529
1 01	Yfirstjórn	17 884	
1 20	Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	9 066	
1 21	Löggæsla Egilsstöðum	8 335	
1 22	Löggæsla Fáskrúðsfirði	3 965	
1 23	Löggæsla Suðurfjörðum	1 037	
1 30	Hreppstjórar	1 242	
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Lögreglustöð Egilsstöðum	1 000	
	Gjöld samtals		42 529
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 569	
52–58	Önnur gjöld	11 960	
5	Gjöld samtals	42 529	
4	Sértekjur	930	
	Mismunur		**41 599**

06–230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 114
1 01	Yfirstjórn	9 266	
1 20	Löggæsla	9 321	
1 30	Hreppstjórar	527	
	Gjöld samtals		19 114

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 874	
52–58	Önnur gjöld	5 240	
5	Gjöld samtals	19 114	
4	Sértekjur	310	
	Mismunur		**18 804**

06–231 Sýslumaður Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 735
1 01	Yfirstjórn	7 755	
1 20	Löggæsla	3 486	
1 30	Hreppstjórar	494	
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Innréttingar o.fl.	2 500	
	Gjöld samtals		14 235
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 665	
52–58	Önnur gjöld	5 570	
5	Gjöld samtals	14 235	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**13 725**

06–232 Sýslumaður Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 266
1 01	Yfirstjórn	12 538	
1 20	Löggæsla	12 896	
1 30	Hreppstjórar	832	
	Gjöld samtals		26 266
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 296	
52–58	Önnur gjöld	6 970	
5	Gjöld samtals	26 266	
4	Sértekjur	940	
	Mismunur		**25 326**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 948
1 01	Yfirstjórn	18 496	
1 20	Löggæsla	26 452	
	Gjöld samtals		44 948
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 648	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	44 948	
4	Sértekjur	2 790	
	Mismunur		**42 158**
06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 803
1 01	Yfirstjórn	28 484	
1 20	Löggæsla	52 956	
1 30	Hreppstjórar	1 363	
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Lögreglustöð	11 000	
	Gjöld samtals		93 803
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 643	
52–58	Önnur gjöld	31 160	
5	Gjöld samtals	93 803	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**93 113**
06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 940
1 01	Yfirstjórn	42 749	
1 20	Löggæsla Keflavík og Njarðvík	71 278	
1 21	Löggæsla Grindavík	13 519	
1 30	Hreppstjórar	394	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 500
6 01	Skrifstofuhúsnæði	7 500	
6 21	Lögreglustöð Grindavík	4 000	
	Gjöld samtals		139 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 000	
52–58	Önnur gjöld	39 440	
5	Gjöld samtals	139 440	
4	Sértekjur	1 650	
	Mismunur		**137 790**

06–236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			155 960
1 01	Yfirstjórn	69 923	
1 20	Löggæsla Hafnarfirði	85 712	
1 30	Hreppstjórar	325	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Fasteign	3 600	
	Gjöld samtals		159 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 980	
52–58	Önnur gjöld	35 580	
5	Gjöld samtals	159 560	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**157 780**

06–237 Bæjarfógeti Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 347
1 01	Yfirstjórn	46 073	
1 20	Löggæsla	51 274	
Stofnkostnaður:			2 500
6 10	Fasteign, búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		99 847

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 247	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	99 847	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**99 507**

06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 224
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	8 224	
	Gjöld samtals		8 224
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 544	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals		**8 224**

06–239 Fangelsismálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 709
1 01	Fangelsismálastofnun	17 709	
Stofnkostnaður:			2 000
6 10	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		19 709
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 439	
52–58	Önnur gjöld	6 270	
5	Gjöld samtals		**19 709**

06–240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 181
1 01	Yfirstjórn	2 142	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	30 598	
1 22	Fangelsið Síðumúla	22 956	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	18 485	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 500
6 23	Fangelsi, Kópavogsbraut	4 500	
	Gjöld samtals		78 681
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 451	
52–58	Önnur gjöld	27 230	
5	Gjöld samtals	78 681	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**78 441**

06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 226
1 01	Vinnuhælið Litla-Hrauni	104 226	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Endurnýjun innanhúss	2 000	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Eignakaup	1 800	
	Gjöld samtals		108 026
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 646	
52–58	Önnur gjöld	41 380	
5	Gjöld samtals	108 026	
4	Sértekjur	14 010	
	Mismunur		**94 016**

06–243 Vinnuhælið Kvíabryggju

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 006
1 01	Vinnuhælið Kvíabryggju	22 006	
	Gjöld samtals		22 006

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 556	
52–58	Önnur gjöld	8 450	
5	Gjöld samtals	22 006	
4	Sértekjur	4 280	
	Mismunur		**17 726**

06–251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			404 252
1 01	Yfirstjórn	40 208	
1 21	V/s Ægir	77 228	
1 22	V/s Óðinn	51 820	
1 23	V/s Týr	74 878	
1 30	Fluggæsla	136 374	
1 31	Þyrluvakt lækna	2 600	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	21 144	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 90	Viðhald	4 500	
Stofnkostnaður:			17 600
6 90	Tæki og búnaður	17 600	
	Gjöld samtals		426 352
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	229 462	
52–58	Önnur gjöld	196 890	
5	Gjöld samtals	426 352	
4	Sértekjur	5 710	
	Mismunur		**420 642**

06–252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Bifreiðaeftirlit	14 000	
	Gjöld samtals		14 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**14 000**

06–253 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 954
1 01	Almannavarnir ríkisins	14 954	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		17 454
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 214	
52–58	Önnur gjöld	10 240	
5	Gjöld samtals		**17 454**

06–255 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 192
1 01	Umferðarráð	24 192	
1 03	Þjóðarátak í umferðaröryggi	5 000	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		30 292
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 902	
52–58	Önnur gjöld	23 390	
5	Gjöld samtals	30 292	
4	Sértekjur	6 830	
	Mismunur		**23 462**

06–262 Löggildingarstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 630
1 01	Löggildingarstofan	13 630	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		14 730
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 340	
52–58	Önnur gjöld	7 390	
5	Gjöld samtals	14 730	
4	Sértekjur	16 200	
	Mismunur		**−1 470**

06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 200
1 10	Málskostnaður	43 966	
1 11	Meðdómsmenn	4 928	
1 12	Setu- og varadómarar	2 169	
1 13	Siglingadómur	510	
1 14	Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2 510	
1 15	Setusaksóknari	3 743	
1 20	Próf málflytjenda	276	
1 21	Próf skjalaþýðenda	500	
1 22	Próf fasteignasala	1 540	
1 30	Útgáfa lagasafns	16 657	
1 31	Útgáfa norræns dómasafns	317	
1 40	Tölvunefnd	1 895	
1 41	Matsnefnd eignarnámsbóta	1 577	
1 50	Námsleyfi lögfræðinga	2 232	
1 80	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	190	
1 81	Norræn samvinna á sviði sakfræði	300	
1 82	Aðgerðir gegn fíkniefnum	2 890	
Stofnkostnaður:			7 300
6 90	Dómsmál, ýmis kostnaður	7 300	
	Gjöld samtals		93 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 590	
52–58	Önnur gjöld	68 580	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	330	
5	Gjöld samtals	93 500	
4	Sértekjur	13 110	
	Mismunur		**80 390**

06–282 Ýmis löggæslukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 765
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	3 765	
Stofnkostnaður:			28 100
6 10	Lögreglubifreiðir	28 100	
	Gjöld samtals		31 865
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 565	
52–58	Önnur gjöld	29 510	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	790	
5	Gjöld samtals	31 865	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**25 465**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 140
1 10	Fangahjálp	3 910	
1 12	Námskeið fangavarða	2 230	
Viðhaldsverkefni:			7 000
5 30	Viðhald og endurnýjun fangelsa	7 000	
Stofnkostnaður:			500
6 30	Bygging ríkisfangelsa	500	
	Gjöld samtals		13 640

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	560	
52–58	Önnur gjöld	9 170	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 910	
5	Gjöld samtals		**13 640**

06–284 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 116
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	856	
1 11	Öleftirlit	598	
1 20	Fíkniefnamál	662	
	Gjöld samtals		2 116
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 496	
52–58	Önnur gjöld	480	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals		**2 116**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 072
1 01	Yfirstjórn	12 672	
1 02	Biskupsbústaður	490	
1 10	Æskulýðsstarf	6 910	
Viðhaldsverkefni:			600
5 02	Viðhald bústaðar	600	
	Gjöld samtals		20 672
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 632	
52–58	Önnur gjöld	7 750	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	290	
5	Gjöld samtals	20 672	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**18 872**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 712
1 01	Yfirstjórn	6 376	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	4 336	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		12 212
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 142	
52–58	Önnur gjöld	5 070	
5	Gjöld samtals	12 212	
4	Sértekjur	750	
	Mismunur		**11 462**
06–303 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 781
1 90	Prestar og prófastar	199 781	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 20	Embættisbústaðir	20 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 20	Byggingar á prestssetrum	7 000	
6 21	Kaup á eignum	3 000	
	Gjöld samtals		229 781
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	165 321	
52–58	Önnur gjöld	64 460	
5	Gjöld samtals	229 781	
4	Sértekjur	50	
	Mismunur		**229 731**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–304 Ýmis kirkjuleg málefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 425
1 42	Húsmæðraskólinn Löngumýri	753	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 372	
1 90	Ýmislegt	8 300	
Viðhaldsverkefni:			500
5 42	Viðhald húseignar á Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			22 000
6 50	Skálholtsstaður	1 000	
6 51	Hallgrímskirkja	12 000	
6 52	Hóladómkirkja	9 000	
	Gjöld samtals		32 925
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 961	
52–58	Önnur gjöld	5 254	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 710	
5	Gjöld samtals		**32 925**
06–371 Kirkjubyggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 610
1 01	Kirkjubyggingasjóður	4 610	
	Gjöld samtals		4 610
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	4 610	
5	Gjöld samtals		**4 610**
06–373 Kristnisjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 310
1 01	Kristnisjóður	14 310	
	Gjöld samtals		14 310

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	14 310	
5	Gjöld samtals		**14 310**
	Samtals		3 473 128

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 116
1 01	Yfirstjórn	55 116	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tækjabúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		56 316
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 516	
52–58	Önnur gjöld	25 580	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals	56 316	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**55 966**
07–271 Byggingarsjóður ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 120 000
6 01	Byggingarsjóður ríkisins	1 120 000	
	Gjöld samtals		1 120 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 120 000	
5	Gjöld samtals		**1 120 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			680 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	680 000	
	Gjöld samtals		680 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	680 000	
5	Gjöld samtals		**680 000**
07–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 748
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	58 748	
	Gjöld samtals		58 748
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 768	
52–58	Önnur gjöld	27 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	17 090	
5	Gjöld samtals	58 748	
4	Sértekjur	59 010	
	Mismunur		**−262**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 618
1 01	Ríkissáttasemjari	17 618	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Ríkissáttasemjari	1 100	
	Gjöld samtals		18 718

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 408	
52–58	Önnur gjöld	6 310	
5	Gjöld samtals	18 718	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 618**

07–399 Vatnsveitur

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Vatnsveitur	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 764
1 01	Stjórnarnefnd	1 576	
1 02	Samráðsnefnd	1 032	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 407	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	103 680	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	5 430	
1 10	Vistanir	2 280	
1 80	Starfsþjálfun	5 640	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	1 600	
1 99	Óskipt	31 119	
	Gjöld samtals		153 764
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 474	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	120 500	
5	Gjöld samtals		**153 764**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 041
1 01	Svæðisstjórn	7 211	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	5 492	
1 21	Sambýli Akurgerði	2 230	
1 22	Sambýli, leiguhúsnæði	5 357	
1 23	Sambýli Háteigsvegi 6	3 297	
1 24	Sambýli Sigluvogi 5	3 794	
1 25	Sambýli Auðarstræti 15	5 454	
1 26	Sambýli Víðihlíð 11	6 373	
1 27	Sambýli Víðihlíð 7	4 488	
1 28	Sambýli Víðihlíð 5	4 619	
1 29	Sambýli Sóleyjargötu	5 576	
1 30	Vinnustofan Ás	16 172	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	3 710	
1 32	Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar	2 220	
1 60	Dagvistun Lækjarási	17 156	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	22 307	
1 62	Dagvistun Lyngási	30 140	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	10 183	
1 64	Skammtímavistun Dalbraut	6 960	
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	20 128	
1 72	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	11 333	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	12 217	
1 74	Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	7 072	
1 75	Hjúkrunarheimili / vistheimili	3 227	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
1 90	Sambýli 1, nýtt	5 464	
1 91	Sambýli 2, nýtt	4 964	
1 92	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	1 937	
	Gjöld samtals		231 041
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 341	
52–58	Önnur gjöld	46 620	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	11 150	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 930	
5	Gjöld samtals	231 041	
4	Sértekjur	9 780	
	Mismunur		**221 261**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 682
1 01	Svæðisstjórn	6 723	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	7 808	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	6 241	
1 22	Sambýli Markarflöt Garðabæ	5 169	
1 24	Sambýli Bakkaflöt Garðabæ	350	
1 26	Sambýli 1, nýtt	8 153	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	15 265	
1 32	Verkstjórn	773	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	862	
1 60	Skammtímavistun	10 709	
1 61	Dagvistun Keflavík	6 896	
1 62	Helgarskammtímavist	2 347	
1 64	Dagvist	5 952	
1 70	Vistheimilið Skálatúni	80 905	
1 71	Vistheimilið Tjaldanesi	28 245	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	2 350	
1 73	Vistheimili fyrir börn	8 974	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
	Gjöld samtals		199 682
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 572	
52–58	Önnur gjöld	45 150	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 960	
5	Gjöld samtals	199 682	
4	Sértekjur	7 820	
	Mismunur		**191 862**
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 565
1 01	Svæðisstjórn	4 911	
1 20	Sambýli Akranesi	9 043	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	3 794	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	963	
1 60	Dagvistun Akranesi	3 470	
1 70	Sumarbúðir	1 384	
	Gjöld samtals		23 565

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 005	
52–58	Önnur gjöld	4 560	
5	Gjöld samtals	23 565	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**22 325**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 315
1 01	Svæðisstjórn	4 151	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	25 164	
	Gjöld samtals		29 315
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 125	
52–58	Önnur gjöld	7 190	
5	Gjöld samtals	29 315	
4	Sértekjur	170	
	Mismunur		**29 145**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 697
1 01	Svæðisstjórn	5 421	
1 20	Sambýli Siglufirði	7 089	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	4 191	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	1 542	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	1 554	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	1 618	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 282	
	Gjöld samtals		22 697
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 957	
52–58	Önnur gjöld	4 740	
5	Gjöld samtals	22 697	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 987**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 267
1 01	Svæðisstjórn	7 425	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	6 178	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	4 895	
1 22	Sambýli Vanabyggð 4c	4 845	
1 23	Sambýli Húsavík	5 878	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	23 018	
1 31	Verndaður vinnustaður Bjargi	8 200	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	1 077	
1 60	Skammtímavistun	2 401	
1 70	Vistheimilið Sólborg	102 831	
1 71	Sumarbúðir í Botni	3 659	
1 80	Atvinnuleit	860	
	Gjöld samtals		171 267
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 667	
52–58	Önnur gjöld	46 540	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	860	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 200	
5	Gjöld samtals	171 267	
4	Sértekjur	17 320	
	Mismunur		**153 947**
07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 110
1 01	Svæðisstjórn	4 298	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	5 999	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	4 871	
1 40	Leikfangasafn	942	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	24 651	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 349	
	Gjöld samtals		42 110

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 320	
52–58	Önnur gjöld	8 790	
5	Gjöld samtals	42 110	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**40 840**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 208
1 01	Svæðisstjórn	4 867	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	5 903	
1 21	Sambýli Vallholti 9	8 312	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	4 856	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 380	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 499	
1 70	Lambhagi	9 028	
1 71	Sólheimar	64 348	
1 72	Skaftholt	5 870	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	5 145	
	Gjöld samtals		121 208
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 618	
52–58	Önnur gjöld	44 720	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 870	
5	Gjöld samtals	121 208	
4	Sértekjur	11 070	
	Mismunur		**110 138**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 004
1 01	Yfirstjórn	41 004	
	Gjöld samtals		41 004

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 814	
52–58	Önnur gjöld	10 190	
5	Gjöld samtals	41 004	
4	Sértekjur	720	
	Mismunur		**40 284**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 840
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	25 840	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Gámur til reykköfunar	1 000	
	Gjöld samtals		26 840
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 580	
52–58	Önnur gjöld	13 260	
5	Gjöld samtals	26 840	
4	Sértekjur	26 840	
	Mismunur		

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 578
1 01	Jafnréttisráð	8 578	
	Gjöld samtals		8 578

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 988	
52–58	Önnur gjöld	2 590	
5	Gjöld samtals		**8 578**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 649
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	72 649	
Stofnkostnaður:			5 300
6 01	Vinnueftirlit ríkisins	5 300	
	Gjöld samtals		77 949
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 559	
52–58	Önnur gjöld	30 390	
5	Gjöld samtals	77 949	
4	Sértekjur	87 990	
	Mismunur		**–10 041**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 539
1 10	Félagsdómur	1 749	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	420	
1 51	Sjómannadagsráð	170	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	4 870	
1 90	Ýmislegt	35 330	
	Gjöld samtals		42 539
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	809	
52–58	Önnur gjöld	940	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	170	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 620	
5	Gjöld samtals		**42 539**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 440
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	35 440	
	Gjöld samtals		35 440
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 440	
5	Gjöld samtals		**35 440**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 810
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	6 210	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	56 050	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	7 080	
1 30	Sjómannastofur	680	
1 31	Félagasamtök, styrkir	10 000	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	12 250	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	6 130	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3 420	
1 90	Ýmis framlög	3 990	
	Gjöld samtals		105 810
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 420	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	102 390	
5	Gjöld samtals		**105 810**
	Samtals		3 272 201

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 090
1 01	Yfirstjórn	72 090	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Endurbætur og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		73 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 890	
52–58	Önnur gjöld	34 400	
5	Gjöld samtals	73 290	
4	Sértekjur	2 860	
	Mismunur		**70 430**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 187 801
1 01	Yfirstjórn	278 911	
1 10	Lífeyristryggingar	10 760 000	
1 20	Sjúkratryggingar	5 830 800	
1 30	Slysatryggingar	318 090	
	Gjöld samtals		17 187 801
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	155 221	
52–58	Önnur gjöld	123 690	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 908 890	
5	Gjöld samtals	17 187 801	
4	Sértekjur	63 670	
	Mismunur		**17 124 131**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			277 000
1 01	Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277 000	
	Gjöld samtals		277 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	277 000	
5	Gjöld samtals		**277 000**
08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 627
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	88 627	
	Gjöld samtals		88 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 627	
5	Gjöld samtals		**88 627**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 047
1 01	Yfirstjórn	20 877	
1 02	Lækningaferðir sérfræðinga	540	
1 10	Læknaráð	920	
1 20	Sjúkraflutningaráð	710	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tölvuvæðing	1 000	
	Gjöld samtals		24 047
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 267	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals		**24 047**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 170
1 01	Tryggingaeftirlitið	15 170	
	Gjöld samtals		15 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 640	
52–58	Önnur gjöld	6 530	
5	Gjöld samtals	15 170	
4	Sértekjur	15 170	
	Mismunur		
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 257
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	57 257	
	Gjöld samtals		57 257
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 907	
52–58	Önnur gjöld	10 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 060	
5	Gjöld samtals	57 257	
4	Sértekjur	6 970	
	Mismunur		**50 287**
08–325 Hollustuvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 416
1 01	Hollustuvernd ríkisins	16 914	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	11 335	
1 03	Rannsóknastofa	20 122	
1 04	Mengunarvarnir	12 605	
1 05	Eiturefnaeftirlit	3 440	
Stofnkostnaður:			2 700
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	2 700	
	Gjöld samtals		67 116

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 316	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	67 116	
4	Sértekjur	5 990	
	Mismunur		**61 126**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 807
1 01	Almennur rekstur	19 807	
	Gjöld samtals		19 807
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 217	
52–58	Önnur gjöld	6 890	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 700	
5	Gjöld samtals		**19 807**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 806
1 01	Geislavarnir	11 806	
Stofnkostnaður:			10 100
6 01	Tækjabúnaður og innréttingar	10 100	
	Gjöld samtals		21 906
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 076	
52–58	Önnur gjöld	14 830	
5	Gjöld samtals	21 906	
4	Sértekjur	3 860	
	Mismunur		**18 046**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 430
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	7 980	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 650	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	7 410	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 230	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	3 130	
1 70	MS-félag Íslands	390	
1 90	Önnur starfsemi	1 640	
	Gjöld samtals		31 430
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 430	
5	Gjöld samtals		**31 430**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 106
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	338 106	
	Gjöld samtals		338 106
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	230 226	
52–58	Önnur gjöld	107 880	
5	Gjöld samtals	338 106	
4	Sértekjur	30 160	
	Mismunur		**307 946**
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 996
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	63 996	
	Gjöld samtals		63 996

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 726	
52–58	Önnur gjöld	21 270	
5	Gjöld samtals	63 996	
4	Sértekjur	2 160	
	Mismunur		**61 836**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 195
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	137 195	
	Gjöld samtals		137 195
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 005	
52–58	Önnur gjöld	45 190	
5	Gjöld samtals	137 195	
4	Sértekjur	12 340	
	Mismunur		**124 855**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 039
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	96 039	
	Gjöld samtals		96 039
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 149	
52–58	Önnur gjöld	22 890	
5	Gjöld samtals	96 039	
4	Sértekjur	8 370	
	Mismunur		**87 669**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 870
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	209 870	
	Gjöld samtals		209 870

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	155 890	
52–58	Önnur gjöld	53 980	
5	Gjöld samtals	209 870	
4	Sértekjur	7 340	
	Mismunur		**202 530**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 179
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	100 179	
	Gjöld samtals		100 179
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 909	
52–58	Önnur gjöld	31 270	
5	Gjöld samtals	100 179	
4	Sértekjur	3 770	
	Mismunur		**96 409**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			845 392
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	845 392	
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Viðhald húsnæðis	6 100	
Stofnkostnaður:			57 300
6 01	Ýmis eignakaup	11 600	
6 50	Nýbygging	45 700	
	Gjöld samtals		908 792
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	584 152	
52–58	Önnur gjöld	324 640	
5	Gjöld samtals	908 792	
4	Sértekjur	66 030	
	Mismunur		**842 762**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 899
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	192 899	
	Gjöld samtals		192 899
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	139 129	
52–58	Önnur gjöld	53 770	
5	Gjöld samtals	192 899	
4	Sértekjur	17 020	
	Mismunur		**175 879**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 111
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	61 111	
	Gjöld samtals		61 111
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 111	
52–58	Önnur gjöld	21 000	
5	Gjöld samtals	61 111	
4	Sértekjur	1 740	
	Mismunur		**59 371**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 927
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	129 927	
	Gjöld samtals		129 927
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 697	
52–58	Önnur gjöld	42 230	
5	Gjöld samtals	129 927	
4	Sértekjur	7 120	
	Mismunur		**122 807**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 253
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	77 253	
	Gjöld samtals		77 253
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 763	
52–58	Önnur gjöld	23 490	
5	Gjöld samtals	77 253	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**75 763**
08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 178
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	183 178	
	Gjöld samtals		183 178
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 508	
52–58	Önnur gjöld	50 670	
5	Gjöld samtals	183 178	
4	Sértekjur	16 680	
	Mismunur		**166 498**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 081
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	148 081	
	Gjöld samtals		148 081
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 941	
52–58	Önnur gjöld	48 140	
5	Gjöld samtals	148 081	
4	Sértekjur	13 370	
	Mismunur		**134 711**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 424
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	161 424	
	Gjöld samtals		161 424
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 964	
52–58	Önnur gjöld	60 460	
5	Gjöld samtals	161 424	
4	Sértekjur	33 040	
	Mismunur		**128 384**
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			168 185
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	168 185	
	Gjöld samtals		168 185
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 815	
52–58	Önnur gjöld	37 370	
5	Gjöld samtals	168 185	
4	Sértekjur	1 830	
	Mismunur		**166 355**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 619 589
1 10	Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	2 117 253	
1 20	Geðdeild	702 241	
1 30	Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	287 077	
1 40	Stoðdeildir, rannsóknastofur	563 007	
1 50	Þjónustudeildir	938 958	
1 90	Óbreytt starfsemi	11 053	
Viðhaldsverkefni:			48 700
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	48 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			294 600
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	85 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	130 500	
6 80	Ármúli 1a	79 100	
	Gjöld samtals		4 962 889
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 962 869	
52–58	Önnur gjöld	2 000 020	
5	Gjöld samtals	4 962 889	
4	Sértekjur	422 070	
	Mismunur		**4 540 819**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 271 909
1 01	Borgarspítalinn	2 271 909	
Viðhaldsverkefni:			32 200
5 01	Viðhald, óskipt	32 200	
Stofnkostnaður:			56 000
6 01	Ýmis eignakaup	45 100	
6 50	Nýframkvæmdir	10 900	
	Gjöld samtals		2 360 109
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 541 799	
52–58	Önnur gjöld	818 310	
5	Gjöld samtals	2 360 109	
4	Sértekjur	317 170	
	Mismunur		**2 042 939**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 013 271
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 013 271	
Viðhaldsverkefni:			9 500
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	9 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			14 400
6 01	Ýmis eignakaup	14 400	
	Gjöld samtals		1 037 171
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	661 771	
52–58	Önnur gjöld	375 400	
5	Gjöld samtals	1 037 171	
4	Sértekjur	103 360	
	Mismunur		**933 811**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Læknishéraðasjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 664
1 20	Heilsuverndarstöðvar, styrkur	30 664	
1 21	Öldrunarþjónusta á Suðurnesjum	9 000	
Viðhaldsverkefni:			23 200
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	23 200	
Stofnkostnaður:			287 320
6 60	Tækjakaup, óskipt	30 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða[1])	240 320	
6 91	Sjúkrahús St. Frnsiskusarreglunnar í Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ	8 000	
	Gjöld samtals		350 184

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 4.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 994	
52–58	Önnur gjöld	63 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	269 990	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals		**350 184**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			160 000
6 01	Framkvæmdasjóður aldraðra	160 000	
	Gjöld samtals		160 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	160 000	
5	Gjöld samtals		**160 000**

08–391 Heilsugæslustöðvar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			410 636
1 01	Heilsugæslustöðvar	410 636	
Viðhaldsverkefni:			14 800
5 01	Viðhaldsfé, óskipt	14 800	
	Gjöld samtals		425 436
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	347 406	
52–58	Önnur gjöld	63 030	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	4 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**425 436**

08–395 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 194
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	8 380	
1 11	Lyfjaverðlagsnefnd	1 747	
1 21	Lyfjanefnd	10 927	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 31	Lyfsölusjóður	720	
1 41	Útgáfa lyfjaverðskrár	940	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	240	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	240	
	Gjöld samtals		23 194
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 744	
52–58	Önnur gjöld	8 730	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	720	
5	Gjöld samtals	23 194	
4	Sértekjur	23 530	
	Mismunur		**–336**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			151 677
1 22	Eiturefnanefnd	1 707	
1 23	Daggjaldanefnd	2 608	
1 25	Neyslu- og manneldismál	6 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands	62 950	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	7 000	
1 35	Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	2 850	
1 37	Hjartavernd	6 270	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	927	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	29 490	
1 53	Tóbaksvarnir	5 130	
1 60	Ljósmæðralaun	1 735	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 390	
1 90	Ýmis framlög	7 280	
1 91	Kvartananefnd	150	
1 95	Kynsjúkdómar, eyðni	5 890	
1 97	Réttargeðlækningar	300	
	Gjöld samtals		151 677
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 687	
52–58	Önnur gjöld	27 120	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	115 870	
5	Gjöld samtals		**151 677**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 821
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	209 821	
	Gjöld samtals		209 821
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 421	
52–58	Önnur gjöld	67 400	
5	Gjöld samtals	209 821	
4	Sértekjur	12 360	
	Mismunur		**197 461**
08–401 St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 753
1 01	St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi	80 753	
	Gjöld samtals		80 753
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 713	
52–58	Önnur gjöld	26 040	
5	Gjöld samtals	80 753	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**78 253**
08–402 Sjúkrahús Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 541
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	68 541	
	Gjöld samtals		68 541
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 901	
52–58	Önnur gjöld	18 640	
5	Gjöld samtals	68 541	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**67 271**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 627
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	29 627	
	Gjöld samtals		29 627
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 377	
52–58	Önnur gjöld	7 250	
5	Gjöld samtals	29 627	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**29 237**
08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 355
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	18 355	
	Gjöld samtals		18 355
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 005	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	18 355	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 255**
08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 409
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	8 409	
	Gjöld samtals		8 409
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 589	
52–58	Önnur gjöld	1 820	
5	Gjöld samtals	8 409	
4	Sértekjur	30	
	Mismunur		**8 379**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 275
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7 275	
	Gjöld samtals		7 275
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 355	
52–58	Önnur gjöld	1 920	
5	Gjöld samtals		**7 275**
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 776
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	19 776	
	Gjöld samtals		19 776
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 736	
52–58	Önnur gjöld	6 040	
5	Gjöld samtals	19 776	
4	Sértekjur	730	
	Mismunur		**19 046**
08–408 Sunnuhlíð Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 580
1 01	Sunnuhlíð Kópavogi	75 580	
	Gjöld samtals		75 580
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 860	
52–58	Önnur gjöld	21 720	
5	Gjöld samtals	75 580	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**73 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–471 Gæsluvistarsjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 700
6 10	Gæsluvistarsjóður	6 000	
6 30	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	15 000	
6 40	Samhjálp	700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 700	
5	Gjöld samtals		**21 700**
08–481 Bindindisstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 102
1 10	Áfengisvarnir	5 102	
1 20	Stórstúka Íslands ungliðastarf	1 000	
1 40	Átak í áfengisvörnum	15 000	
	Gjöld samtals		21 102
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 282	
52–58	Önnur gjöld	16 820	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**21 102**
08–501 Skólar heilbrigðisstétta			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 051
1 10	Sjúkraliðaskóli Íslands	10 916	
1 30	Lyfjatæknaskóli Íslands	6 129	
1 40	Ljósmæðraskóli Íslands	2 006	
	Gjöld samtals		19 051
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 151	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**19 051**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–502 Þroskaþjálfaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 128
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	12 128	
	Gjöld samtals		12 128
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 048	
52–58	Önnur gjöld	4 080	
5	Gjöld samtals		**12 128**
	Samtals		29 697 194

09 Fjármálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		66 810
1 01 Yfirstjórn	66 810	
Stofnkostnaður:		1 000
6 10 Búnaður	1 000	
Gjöld samtals		67 810
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	46 420	
52–58 Önnur gjöld	21 390	
5 Gjöld samtals		**67 810**
09–102 Launaskrifstofa ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		45 940
1 01 Launaskrifstofa ríkisins	45 940	
Stofnkostnaður:		3 600
6 10 Tölvubúnaður	3 600	
Gjöld samtals		49 540
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	34 900	
52–58 Önnur gjöld	14 640	
5 Gjöld samtals		**49 540**
09–103 Ríkisbókhald		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		86 555
1 01 Ríkisbókhald	86 555	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 10	Búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		87 855
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 275	
52–58	Önnur gjöld	44 580	
5	Gjöld samtals	87 855	
4	Sértekjur	43 410	
	Mismunur		**44 445**

09–104 Ríkisfjárhirsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 521
1 01	Ríkisfjárhirsla	19 521	
	Gjöld samtals		19 521
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 601	
52–58	Önnur gjöld	5 920	
5	Gjöld samtals		**19 521**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 690
1 01	Ríkislögmaður	12 690	
	Gjöld samtals		12 690
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 220	
52–58	Önnur gjöld	4 470	
5	Gjöld samtals	12 690	
4	Sértekjur	80	
	Mismunur		**12 610**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 317
1 01	Ríkisskattstjóri	120 317	
	Gjöld samtals		120 317
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 257	
52–58	Önnur gjöld	23 060	
5	Gjöld samtals		**120 317**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 215
1 01	Skattstofan í Reykjavík	95 215	
Stofnkostnaður:			1 600
6 01	Tölvuvæðing	1 600	
	Gjöld samtals		96 815
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 035	
52–58	Önnur gjöld	17 780	
5	Gjöld samtals		**96 815**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 904
1 01	Skattstofa Vesturlands	18 904	
	Gjöld samtals		18 904
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 854	
52–58	Önnur gjöld	4 050	
5	Gjöld samtals	18 904	
4	Sértekjur	140	
	Mismunur		**18 764**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–204 Skattstofa Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 282
1 01	Skattstofa Vestfjarða	11 282	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Innréttingar	1 000	
	Gjöld samtals		12 282
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 672	
52–58	Önnur gjöld	2 610	
5	Gjöld samtals	12 282	
4	Sértekjur	160	
	Mismunur		**12 122**
09–205 Skattstofa Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 583
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	12 583	
	Gjöld samtals		12 583
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 013	
52–58	Önnur gjöld	2 570	
5	Gjöld samtals	12 583	
4	Sértekjur	90	
	Mismunur		**12 493**
09–206 Skattstofa Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 049
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	30 049	
	Gjöld samtals		30 049

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 889	
52–58	Önnur gjöld	5 160	
5	Gjöld samtals	30 049	
4	Sértekjur	120	
	Mismunur		**29 929**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 692
1 01	Skattstofa Austurlands	16 692	
	Gjöld samtals		16 692
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 362	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
5	Gjöld samtals	16 692	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**16 512**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 873
1 01	Skattstofa Suðurlands	16 873	
	Gjöld samtals		16 873
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 193	
52–58	Önnur gjöld	3 680	
5	Gjöld samtals	16 873	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**16 633**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 175
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	7 175	
	Gjöld samtals		7 175

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 765	
52–58	Önnur gjöld	1 410	
5	Gjöld samtals	7 175	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**7 155**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 143
1 01	Skattstofa Reykjaness	43 143	
	Gjöld samtals		43 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 533	
52–58	Önnur gjöld	5 610	
5	Gjöld samtals	43 143	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**42 453**

09–212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 090
1 01	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	65 990	
1 20	Virðisaukaskattur	39 100	
	Gjöld samtals		105 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 800	
52–58	Önnur gjöld	88 290	
5	Gjöld samtals		**105 090**

09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 689
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	14 689	
	Gjöld samtals		14 689

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 629	
52–58	Önnur gjöld	2 060	
5	Gjöld samtals		**14 689**

09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 651
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	104 651	
	Gjöld samtals		104 651
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 371	
52–58	Önnur gjöld	51 280	
5	Gjöld samtals	104 651	
4	Sértekjur	62 430	
	Mismunur		**42 221**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			164 633
1 01	Ríkistollstjóri	164 633	
Stofnkostnaður:			4 700
6 10	Tölvubúnaður, bifreið o.fl.	4 700	
	Gjöld samtals		169 333
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 373	
52–58	Önnur gjöld	34 960	
5	Gjöld samtals	169 333	
4	Sértekjur	7 310	
	Mismunur		**162 023**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 688
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	113 688	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Húsgögn og tölvubúnaður	4 000	
	Gjöld samtals		117 688
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 908	
52–58	Önnur gjöld	43 780	
5	Gjöld samtals		**117 688**

09–381 Uppbætur á lífeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 035 090
1 01	Uppbætur á lífeyri	1 035 090	
	Gjöld samtals		1 035 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 035 090	
5	Gjöld samtals	1 035 090	
4	Sértekjur	113 580	
	Mismunur		**921 510**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 666
1 01	Fasteignamat ríkisins	69 666	
Stofnkostnaður:			4 200
6 10	Eignakaup	4 200	
	Gjöld samtals		73 866
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 716	
52–58	Önnur gjöld	31 150	
5	Gjöld samtals	73 866	
4	Sértekjur	33 130	
	Mismunur		**40 736**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			150 000
6 01	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	150 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	150 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**
09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 430
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	34 430	
Stofnkostnaður:			3 100
6 10	Eignakaup	3 100	
	Gjöld samtals		37 530
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 330	
52–58	Önnur gjöld	16 200	
5	Gjöld samtals	37 530	
4	Sértekjur	41 800	
	Mismunur		**–4 270**
09–971 Ríkisábyrgðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			278 000
6 01	Ríkisábyrgðasjóður	278 000	
	Gjöld samtals		278 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	278 000	
5	Gjöld samtals		**278 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			28 400
6 50	Sölvhólsgata 7	18 400	
6 60	Sölvhólsgata 4 og Lindargata 9a	6 000	
6 70	Laugavegur 118d	4 000	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 400	
5	Gjöld samtals		**28 400**
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			650 000
1 01	Launa- og verðlagsmál	650 000	
	Gjöld samtals		650 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	250 000	
52–58	Önnur gjöld	400 000	
5	Gjöld samtals		**650 000**
09–997 Niðurgreiðslur á fiski			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 580
1 01	Niðurgreiðslur á fiski	176 580	
	Gjöld samtals		176 580
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	176 580	
5	Gjöld samtals		**176 580**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			386 435
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35 268	
1 11	Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	35 340	
1 12	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	67 150	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Kjarasamningar	5 222	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1 730	
1 15	Kjararannsóknir	2 804	
1 16	Bókhaldskerfi ríkisins	1 770	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	15 000	
1 18	Styrkur til dagblaðaútgáfu	50 000	
1 30	Lífeyrissjóðir sjómanna	990	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	75 790	
1 40	Milliþinganefndir	230	
1 60	Dómkröfur og málskostnaður	5 890	
1 61	Ýmis innheimtukostnaður	28 480	
1 62	Þungaskattsálagning með ökumælum	3 771	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	22 000	
1 90	Óviss útgjöld	35 000	
	Gjöld samtals		386 435
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 605	
52–58	Önnur gjöld	247 340	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	127 490	
5	Gjöld samtals		**386 435**
	Samtals		3 636 221

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 903
1 01	Yfirstjórn	37 903	
	Gjöld samtals		37 903
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 643	
52–58	Önnur gjöld	15 260	
5	Gjöld samtals		**37 903**
10–102 Póst- og símamálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 000
1 01	Póst- og símamálastofnunin	138 000	
	Gjöld samtals		138 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	138 000	
5	Gjöld samtals		**138 000**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 091
1 01	Yfirstjórn	183 091	
Viðhaldsverkefni:			1 167 200
5 10	Viðhald vega	1 167 200	
Stofnkostnaður:			1 754 700
6 10	Nýframkvæmdir	1 489 100	
6 30	Fjallvegir	17 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 40	Tilraunir	12 600	
6 51	Sýsluvegir	89 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	147 000	
	Gjöld samtals		3 104 991
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	287 101	
52–58	Önnur gjöld	2 581 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	236 000	
5	Gjöld samtals		**3 104 991**

10–321 Strandferðir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			245 020
1 10	Skipaútgerð ríkisins	61 000	
1 20	Flóabátar og vöruflutningar	90 020	
1 30	Endurskipulagning strandflutninga	94 000	
	Gjöld samtals		245 020
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	61 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	184 020	
5	Gjöld samtals		**245 020**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 199
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	55 199	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tækjakaup	1 500	
	Gjöld samtals		56 699

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 869	
52–58	Önnur gjöld	16 830	
5	Gjöld samtals	56 699	
4	Sértekjur	26 730	
	Mismunur		**29 969**

10–332 Vitastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 791
1 10	Rekstur vita	70 231	
1 20	Sjómerki	3 060	
1 40	Rekstur vitaskips	1 500	
Stofnkostnaður:			17 400
6 30	Vitabyggingar	14 000	
6 40	Kolbeinsey, sjóvarnarmerki	3 400	
	Gjöld samtals		92 191
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 631	
52—58	Önnur gjöld	46 560	
5	Gjöld samtals	92 191	
4	Sértekjur	13 710	
	Mismunur		**78 481**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 970
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	17 970	
Stofnkostnaður:			487 640
6 20	Ferjubryggjur	6 000	
6 30	Hafnarmannvirki og lendingarbætur[1])	410 000	
6 31	Landshafnir, óskipt	15 000	

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 5.

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 40	Sjóvarnargarðar[1])	31 300	
6 50	Landshafnir, endurgreiðslur lána	340	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	25 000	
	Gjöld samtals		505 610
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 970	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 340	
	5912 Til sveitarfélaga	462 300	
5	Gjöld samtals		**505 610**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 671
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	83 671	
Stofnkostnaður:			3 630
6 01	Mengunarvarnartæki o.fl.	3 630	
	Gjöld samtals		87 301
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 451	
52–58	Önnur gjöld	34 850	
5	Gjöld samtals	87 301	
4	Sértekjur	18 160	
	Mismunur		**69 141**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 433
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	4 433	
	Gjöld samtals		4 433
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 113	
52–58	Önnur gjöld	2 320	
5	Gjöld samtals		**4 433**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 6.

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550 007
1 01	Yfirstjórn	41 805	
1 20	Loftferðaeftirlit	22 474	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	68 046	
1 40	Flugvalladeild	107 688	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	67 707	
1 60	Flugumferðarþjónusta	113 101	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	129 186	
Stofnkostnaður:			248 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	248 000	
	Gjöld samtals		798 007
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	347 317	
52–58	Önnur gjöld	450 690	
5	Gjöld samtals	798 007	
4	Sértekjur	403 260	
	Mismunur		**394 747**
10–485 Ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 120
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 190	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	8 500	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	660	
1 23	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3 990	
1 25	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	4 060	
1 26	Ýmislegt	3 240	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	980	
1 33	Öryggismálaskóli sjómanna	11 500	
	Gjöld samtals		34 120
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 990	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 130	
5	Gjöld samtals		**34 120**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 155
1 01	Ferðamálaráð	9 155	
Stofnkostnaður:			48 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	28 000	
6 20	Hótel, framlög	20 000	
	Gjöld samtals		57 155
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 785	
52–58	Önnur gjöld	3 370	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 000	
5	Gjöld samtals		**57 155**
10–652 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			189 033
1 01	Yfirstjórn	21 205	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 104	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	14 740	
1 10	Veðurspádeild	17 961	
1 11	Veðurfarsdeild	6 681	
1 12	Veðurstöðvar	30 390	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	11 970	
1 40	Tölvudeild	6 045	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	15 818	
1 60	Hálendisathuganir	4 008	
1 61	Hafísrannsóknir	3 096	
1 62	Snjóflóðavarnir	2 110	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	1 723	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 430	
1 70	Veðurþjónusta vegna millilandaflugs	50 752	
Stofnkostnaður:			10 600
6 90	Veðurratsjá	10 600	
	Gjöld samtals		199 633

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 583	
52–58	Önnur gjöld	71 050	
5	Gjöld samtals	199 633	
4	Sértekjur	5 020	
	Mismunur		**194 613**

10–656 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 689
1 01	Landmælingar Íslands	75 689	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		79 689
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 129	
52–58	Önnur gjöld	49 560	
5	Gjöld samtals	79 689	
4	Sértekjur	38 340	
	Mismunur		**41 349**
	Samtals		4 935 532

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 592
1 01	Yfirstjórn	35 506	
1 02	Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa	7 086	
	Gjöld samtals		42 592
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 872	
52–58	Önnur gjöld	17 720	
5	Gjöld samtals	42 592	
4	Sértekjur	6 850	
	Mismunur		**35 742**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 560
1 90	Iðntæknistofnun Íslands	80 560	
Stofnkostnaður:			8 800
6 90	Tækjakaup	8 800	
	Gjöld samtals		89 360
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	89 360	
5	Gjöld samtals		**89 360**
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 450
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	37 450	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tækjakaup	6 800	
	Gjöld samtals		44 250
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	44 250	
5	Gjöld samtals		**44 250**

11-240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 690
1 01	Iðnaðarrannsóknir	17 690	
	Gjöld samtals		17 690
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 690	
5	Gjöld samtals		**17 690**

11-289 Jöfnunargjald

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 01	Jöfnunargjald í iðnaði	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 670
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	7 960	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	6 520	
1 21	Byggingarþjónustan	500	
1 26	Iðnþróunarverkefni	1 910	
1 27	Iðnráðgjafar	10 620	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Evreka	12 160	
1 40	Framlag til ullariðnaðar	20 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	7 000	
	Gjöld samtals		66 670
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	13 520	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	10 620	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 030	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals		**66 670**

11–301 Orkustofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 904
1 01	Orkustofnun	267 124	
1 10	Sérverkefni tengt fiskeldi	11 780	
Stofnkostnaður:			4 600
6 01	Tækjakaup	4 600	
	Gjöld samtals		283 504
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	149 304	
52–58	Önnur gjöld	134 200	
5	Gjöld samtals	283 504	
4	Sértekjur	93 600	
	Mismunur		**189 904**

11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 895
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	61 895	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tækjakaup	1 800	
	Gjöld samtals		63 695

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 815	
52–58	Önnur gjöld	26 880	
5	Gjöld samtals	63 695	
4	Sértekjur	6 630	
	Mismunur		**57 065**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 470
1 01	Rekstur Orkusjóðs	1 300	
1 23	Notendur utan samveitna	2 170	
Stofnkostnaður:			232 000
6 14	Lánagreiðslur, framlög	160 800	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	11 200	
6 20	Sveitarafvæðing	20 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	40 000	
	Gjöld samtals		235 470
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	233 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 170	
5	Gjöld samtals		**235 470**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 820
1 13	Setlagarannsóknir	4 950	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	224 890	
1 18	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	2 700	
1 19	Önnur orkumál	2 280	
	Gjöld samtals		234 820
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	234 820	
5	Gjöld samtals		**234 820**
	Samtals		1 220 971

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 978
1 01	Yfirstjórn	47 978	
	Gjöld samtals		47 978
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 318	
52–58	Önnur gjöld	22 240	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 420	
5	Gjöld samtals		**47 978**
12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 613 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	3 353 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	260 000	
	Gjöld samtals		3 613 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 613 000	
5	Gjöld samtals		**3 613 000**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 274
1 01	Verðlagsstofnun	52 274	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tölvu- og skrifstofubúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		53 474

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 634	
52–58	Önnur gjöld	12 840	
5	Gjöld samtals		**53 474**

12–903 Skráning hlutafélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 900
1 01	Skráning hlutafélaga	5 900	
	Gjöld samtals		5 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 230	
52–58	Önnur gjöld	670	
5	Gjöld samtals	5 900	
4	Sértekjur	5 900	
	Mismunur		
	Samtals		3 714 452

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 820
1 01	Yfirstjórn	69 820	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tölvubúnaður	4 000	
	Gjöld samtals		73 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 230	
52–58	Önnur gjöld	29 590	
5	Gjöld samtals	73 820	
4	Sértekjur	4 570	
	Mismunur		**69 250**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 783
1 01	Þjóðskráin	38 783	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tölvubúnaður	1 100	
	Gjöld samtals		39 883
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 283	
52–58	Önnur gjöld	22 600	
5	Gjöld samtals	39 883	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**21 063**
	Samtals		90 313

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

		Þús. kr.	Þús. kr.
15–101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 104
1 01	Yfirstjórn	35 782	
1 10	Hagræðingarverkefni	9 322	
	Gjöld samtals		45 104
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 254	
52–58	Önnur gjöld	15 850	
5	Gjöld samtals		**45 104**
15–181 Ríkisbifreiðar, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 500
6 90	Ríkisbifreiðar, framlag	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
15–182 Tölvumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 309
1 01	Tölvumál	6 309	
Stofnkostnaður:			17 600
6 50	Stjórnarráð, tölvuvæðing	14 000	
6 90	Tækjabúnaður	3 600	
	Gjöld samtals		23 909

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 819	
52–58	Önnur gjöld	21 090	
5	Gjöld samtals		**23 909**

15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 350 000
1 01	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 350 000	
	Gjöld samtals		7 350 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 350 000	
5	Gjöld samtals		**7 350 000**
	Samtals		7 421 513

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1989 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 500	
5,8	Gjöld samtals	11 500	
48	Fjármunatekjur	11 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	500 000	
4,7	Tekjur samtals	511 500	
	Mismunur		500 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 900 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	2 400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	500 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 650	
52–57	Önnur rekstrargjöld	256 510	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	913 150	
5,8	Gjöld samtals	1 199 310	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 492 810	
48	Fjármunatekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 510 810	
	Mismunur		311 500
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	62 300	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	249 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	311 500	
22–202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 170	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 150	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	63 410	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	106 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	112 000	
48	Fjármunatekjur	4 260	
4,7	Tekjur samtals	116 260	
	Mismunur		10 040
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	10 040	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 040	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	34 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	27 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	50 840	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	3 040	
593	Afskriftir	6 690	
5,8	Gjöld samtals	124 460	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	126 370	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	128 770	
	Mismunur		4 310
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 200	
32	Annað	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 690	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 310	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	80 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	80 000	
4,7	Tekjur samtals	80 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 760	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	23 760	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	13 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	62 300	
4,7	Tekjur samtals	75 970	
	Mismunur		52 210
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	46 500	
26	Afborgun lána	5 710	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	52 210	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 330	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 240	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	6 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 610	
4,7	Tekjur samtals	6 610	
	Mismunur		550
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	550	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	550	
22–871	**Unglingaheimili ríkisins**		
51	Laun	32 640	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 220	
5,8	Gjöld samtals	44 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 460	
4910	Framlög úr ríkissjóði	24 400	
4,7	Tekjur samtals	44 860	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	31 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	28 500	
571	Fjármagnskostnaður	272 700	
59	Yfirfærslur	55 000	
5,8	Gjöld samtals	387 200	
48	Fjármunatekjur	91 800	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 617 000	
4,7	Tekjur samtals	1 708 800	
	Mismunur		1 321 600
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 941 000	
26	Afborgun lána	454 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	158 500	
26	Tekin lán	915 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 321 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	120 000	
	Mismunur		120 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	120 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	120 000	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	237 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	317 020	
571	Fjármagnskostnaður	15 000	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	52 000	
5,8	Gjöld samtals	713 150	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	597 000	
48	Fjármunatekjur	18 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	621 000	
	Mismunur		−92 150
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−92 150	
32	Annað	30 950	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	300 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	435 600	
571	Fjármagnskostnaður	32 030	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	68 000	
5,8	Gjöld samtals	927 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	785 000	
48	Fjármunatekjur	16 800	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	807 800	
	Mismunur		−119 330

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	35 000	
26	Afborgun lána	22 850	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−119 330	
32	Annað	85 980	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	181 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	51 760	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	37 700	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51–57	Viðhald	13 190	
593	Afskriftir	7 280	
5,8	Gjöld samtals	292 190	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	95 140	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	171 000	
49	Aðrar tekjur	13 440	
4,7	Tekjur samtals	279 700	
	Mismunur		−12 490
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 280	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−12 490	
32	Annað	5 210	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	98 010	
52–57	Önnur rekstrargjöld	29 650	
51–57	Viðhald	4 860	
5,8	Gjöld samtals	132 520	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	67 000	
49	Aðrar tekjur	47 570	
4,7	Tekjur samtals	129 570	
	Mismunur		−2 950
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 950	
32	Annað	2 950	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–975	**Vísindasjóður**		
51	Laun	3 110	
52–57	Önnur rekstrargjöld	810	
51–57	Viðhald	2 030	
59	Yfirfærslur	73 900	
5,8	Gjöld samtals	79 850	
48	Fjármunatekjur	900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 950	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabankans	63 000	
4,7	Tekjur samtals	79 850	
22–976	**Menningarsjóður**		
51	Laun	7 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	27 970	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	970	
59	Yfirfærslur	4 000	
5,8	Gjöld samtals	58 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	46 690	
48	Fjármunatekjur	360	
4910	Framlög úr ríkissjóði	11 000	
49	Aðrar tekjur	600	
4,7	Tekjur samtals	58 650	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	114 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	93 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	637 230	
593	Afskriftir	16 060	
5,8	Gjöld samtals	861 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 091 080	
48	Fjármunatekjur	520	
49	Aðrar tekjur	540	
4,7	Tekjur samtals	1 092 140	
	Mismunur		230 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	28 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	218 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 060	
39	Ráðstöfun eigin fjár	230 340	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	83 780	
52–57	Önnur rekstrargjöld	23 510	
51–57	Viðhald	2 100	
593	Afskriftir	1 820	
59	Yfirfærslur	13 650	
5,8	Gjöld samtals	124 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	145 580	
49	Aðrar tekjur	8 760	
4,7	Tekjur samtals	154 340	
	Mismunur		29 480

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 400	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	29 480	
23–114	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	60 000	
571	Fjármagnskostnaður	183 430	
51–57	Viðhald	20 000	
5,8	Gjöld samtals	263 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	207 200	
49	Aðrar tekjur	64 000	
4,7	Tekjur samtals	271 200	
	Mismunur		7 770
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 770	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 770	
23–115	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging**		
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	281 000	
26	Afborgun lána	69 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	350 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	124 030	
52–57	Önnur rekstrargjöld	194 010	
571	Fjármagnskostnaður	6 030	
593	Afskriftir	1 810	
5,8	Gjöld samtals	325 880	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	326 250	
4,7	Tekjur samtals	326 250	
	Mismunur		370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 180	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 810	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370	
23–121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	17 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 590	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	42 560	
51–57	Viðhald	1 280	
593	Afskriftir	2 430	
5,8	Gjöld samtals	72 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	115 070	
48	Fjármunatekjur	6 240	
49	Aðrar tekjur	600	
4,7	Tekjur samtals	121 910	
	Mismunur		49 240
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 670	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 430	
39	Ráðstöfun eigin fjár	49 240	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 700	
4,7	Tekjur samtals	15 700	
	Mismunur		15 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	13 760	
26	Afborgun lána	1 940	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 700	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	15 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 290	
26	Afborgun lána	8 710	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
24–206	**Tilraunabúið Hesti**		
51	Laun	1 790	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 510	
51–57	Viðhald	1 090	
5,8	Gjöld samtals	6 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 390	
4,7	Tekjur samtals	6 390	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–207	**Tilraunastöðin Reykhólum**		
51	Laun	1 870	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150	
51–57	Viðhald	430	
5,8	Gjöld samtals	2 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 450	
4,7	Tekjur samtals	2 450	
24–211	**Tilraunastöðin Sámsstöðum**		
51	Laun	1 520	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 110	
5,8	Gjöld samtals	2 630	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 630	
4,7	Tekjur samtals	2 630	
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	225 740	
52–57	Önnur rekstrargjöld	219 720	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	218 290	
571	Fjármagnskostnaður	69 050	
51–57	Viðhald	45 480	
593	Afskriftir	169 020	
5,8	Gjöld samtals	947 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	894 930	
48	Fjármunatekjur	31 370	
4,7	Tekjur samtals	926 300	
	Mismunur		−21 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	75 290	
32	Annað	12 730	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	169 020	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−21 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–236	**Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti**		
571	Fjármagnskostnaður	3 200	
5,8	Gjöld samtals	3 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
24–237	**Stórólfsvallabúið**		
571	Fjármagnskostnaður	2 800	
5,8	Gjöld samtals	2 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
4,7	Tekjur samtals	4 200	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24–238	**Fóðuriðjan Ólafsdal**		
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
5,8	Gjöld samtals	3 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	11 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 190	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 430	
571	Fjármagnskostnaður	1 320	
593	Afskriftir	4 860	
5,8	Gjöld samtals	20 150	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 530	
48	Fjármunatekjur	600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	7 600	
4,7	Tekjur samtals	18 130	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 910	
32	Annað	2 950	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 860	
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	4 040	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 390	
51–57	Viðhald	300	
5,8	Gjöld samtals	7 730	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 350	
4910	Framlög úr ríkissjóði	3 180	
4,7	Tekjur samtals	8 530	
	Mismunur		800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	800	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–211	**Fiskimálasjóður**		
51	Laun	870	
571	Fjármagnskostnaður	3 420	
5,8	Gjöld samtals	4 290	
48	Fjármunatekjur	4 390	
4,7	Tekjur samtals	4 390	
	Mismunur		100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	3 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	100	
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	241 360	
52–57	Önnur rekstrargjöld	328 620	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	936 320	
571	Fjármagnskostnaður	65 640	
51–57	Viðhald	65 410	
593	Afskriftir	129 100	
5,8	Gjöld samtals	1 766 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 734 350	
48	Fjármunatekjur	7 200	
49	Aðrar tekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 759 550	
	Mismunur		−6 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	36 480	
26	Afborgun lána	48 400	
32	Annað	46 860	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	9 540	
19	Afskriftir	129 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 900	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 160	
51–57	Viðhald	3 400	
5,8	Gjöld samtals	8 510	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 230	
49	Aðrar tekjur	21 000	
4,7	Tekjur samtals	36 230	
	Mismunur		27 720
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	27 720	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 720	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	3 210	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
5,8	Gjöld samtals	27 410	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 410	
4,7	Tekjur samtals	27 410	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
59	Yfirfærslur	80	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	1 860	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 610	
4,7	Tekjur samtals	6 470	
	Mismunur		6 390
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 390	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 680	
571	Fjármagnskostnaður	1 280	
5,8	Gjöld samtals	2 960	
48	Fjármunatekjur	5 240	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	13 240	
	Mismunur		10 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	800	
32	Annað	10 380	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 280	
26–373	**Kristnisjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	120	
571	Fjármagnskostnaður	190	
59	Yfirfærslur	13 420	
5,8	Gjöld samtals	13 730	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	14 310	
4,7	Tekjur samtals	14 430	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	80 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	119 200	
571	Fjármagnskostnaður	1 850 000	
5,8	Gjöld samtals	2 050 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	45 000	
48	Fjármunatekjur	1 380 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 120 000	
49	Aðrar tekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	2 595 000	
	Mismunur		545 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 880 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 320 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 380 000	
26	Tekin lán	7 290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	545 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
571	Fjármagnskostnaður	180 000	
5,8	Gjöld samtals	230 000	
48	Fjármunatekjur	110 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	680 000	
49	Aðrar tekjur	440 000	
4,7	Tekjur samtals	1 230 000	
	Mismunur		1 000 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 775 000	
26	Afborgun lána	600 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	140 000	
26	Tekin lán	2 235 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 000 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	4 850	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 270	
59	Yfirfærslur	84 100	
5,8	Gjöld samtals	92 220	
48	Fjármunatekjur	3 600	
49	Aðrar tekjur	88 620	
4,7	Tekjur samtals	92 220	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
59	Yfirfærslur	670 000	
5,8	Gjöld samtals	694 200	
48	Fjármunatekjur	200 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	277 000	
49	Aðrar tekjur	277 000	
4,7	Tekjur samtals	754 000	
	Mismunur		59 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	81 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	21 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	59 800	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	62 830	
52–57	Önnur rekstrargjöld	39 420	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 840	
5,8	Gjöld samtals	195 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	213 990	
4,7	Tekjur samtals	213 990	
	Mismunur		18 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	1 000	
5,8	Gjöld samtals	1 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 000	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	6 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	208 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	379 470	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 606 430	
571	Fjármagnskostnaður	1 710	
51–57	Viðhald	52 610	
593	Afskriftir	52 610	
5,8	Gjöld samtals	2 301 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 903 060	
48	Fjármunatekjur	8 400	
49	Aðrar tekjur	3 580	
4,7	Tekjur samtals	7 915 040	
	Mismunur		5 613 910
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 000	
26	Afborgun lána	3 520	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	5 600 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	52 610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 613 910	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	85 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	56 630	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	407 690	
571	Fjármagnskostnaður	25 280	
51–57	Viðhald	5 170	
593	Afskriftir	15 200	
5,8	Gjöld samtals	595 470	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	568 620	
48	Fjármunatekjur	67 140	
4,7	Tekjur samtals	635 760	
	Mismunur		40 290

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	5 490	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	40 290	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	32 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 620	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 108 990	
571	Fjármagnskostnaður	1 500	
51–57	Viðhald	860	
593	Afskriftir	610	
5,8	Gjöld samtals	1 160 120	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 150 150	
48	Fjármunatekjur	960	
49	Aðrar tekjur	8 400	
4,7	Tekjur samtals	1 159 510	
	Mismunur		−610
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−610	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	14 190	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 450	
51–57	Viðhald	10 940	
593	Afskriftir	2 000	
5,8	Gjöld samtals	41 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 580	
4,7	Tekjur samtals	41 580	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	8 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 160	
51–57	Viðhald	12 770	
5,8	Gjöld samtals	28 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 600	
48	Fjármunatekjur	1 800	
4,7	Tekjur samtals	28 400	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	12 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 120	
51–57	Viðhald	13 010	
5,8	Gjöld samtals	39 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 060	
4,7	Tekjur samtals	39 060	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	8 780	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 320	
571	Fjármagnskostnaður	21 350	
5,8	Gjöld samtals	35 450	
48	Fjármunatekjur	66 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	278 000	
4,7	Tekjur samtals	344 000	
	Mismunur		308 550
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	336 000	
26	Afborgun lána	73 330	
32	Annað	61 820	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	162 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	308 550	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	8 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 760	
51–57	Viðhald	29 310	
5,8	Gjöld samtals	56 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 160	
4,7	Tekjur samtals	56 160	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 626 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 299 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	218 880	
571	Fjármagnskostnaður	84 720	
51–57	Viðhald	91 200	
593	Afskriftir	948 480	
5,8	Gjöld samtals	6 268 750	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 432 000	
48	Fjármunatekjur	24 000	
49	Framlög ríkissjóðs, skil ICAO - tekna	138 000	
49	Aðrar tekjur	108 000	
4,7	Tekjur samtals	5 702 000	
	Mismunur		−566 750
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	204 000	
26	Afborgun lána	119 530	
32	Annað	58 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	948 480	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−566 750	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	311 850	
52–57	Önnur rekstrargjöld	363 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	328 320	
571	Fjármagnskostnaður	2 240	
51–57	Viðhald	243 200	
593	Afskriftir	54 720	
5,8	Gjöld samtals	1 303 330	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 294 200	
4,7	Tekjur samtals	1 294 200	
	Mismunur		−9 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	45 000	
26	Afborgun lána	590	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	54 720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−9 130	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	184 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	148 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 200	
571	Fjármagnskostnaður	26 740	
51–57	Viðhald	25 000	
593	Afskriftir	55 000	
5,8	Gjöld samtals	470 890	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	348 500	
48	Fjármunatekjur	6 390	
4910	Framlög úr ríkissjóði	61 000	
4,7	Tekjur samtals	415 890	
	Mismunur		−55 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	59 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	55 000	
26	Tekin lán	59 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−55 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	18 480	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 120	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
5,8	Gjöld samtals	33 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 600	
4,7	Tekjur samtals	33 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 820	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
59	Yfirfærslur	15 000	
5,8	Gjöld samtals	23 620	
48	Fjármunatekjur	17 850	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	42 850	
	Mismunur		19 230
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	30 990	
26	Afborgun lána	13 510	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 270	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 230	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	8 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 450	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	7 410	
5,8	Gjöld samtals	21 060	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 310	
48	Fjármunatekjur	720	
4910	Framlög úr ríkissjóði	340	
4,7	Tekjur samtals	21 370	
	Mismunur		310
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	310	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	310	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	12 710	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 690	
51–57	Viðhald	8 030	
5,8	Gjöld samtals	22 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 430	
4,7	Tekjur samtals	22 430	
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 770	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 450	
5,8	Gjöld samtals	4 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 220	
4,7	Tekjur samtals	4 220	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	245 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	163 680	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	70 360	
571	Fjármagnskostnaður	26 100	
51–57	Viðhald	100 890	
593	Afskriftir	83 520	
5,8	Gjöld samtals	689 850	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	696 070	
49	Aðrar tekjur	7 200	
4,7	Tekjur samtals	703 270	
	Mismunur		13 420
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 000	
18	Fjárfestingar	73 000	
26	Afborgun lána	43 250	
32	Annað	11 690	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	6 000	
19	Afskriftir	83 520	
26	Tekin lán	30 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 420	
31-233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	78 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	16 340	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	40 990	
571	Fjármagnskostnaður	4 800	
51–57	Viðhald	3 160	
593	Afskriftir	15 690	
5,8	Gjöld samtals	159 520	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	164 180	
48	Fjármunatekjur	720	
49	Aðrar tekjur	360	
4,7	Tekjur samtals	165 260	
	Mismunur		5 740

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 250	
26	Afborgun lána	3 050	
32	Annað	18 130	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 690	
26	Tekin lán	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 740	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	392 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	326 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 371 600	
571	Fjármagnskostnaður	85 000	
593	Afskriftir	422 700	
5,8	Gjöld samtals	2 598 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 260 600	
48	Fjármunatekjur	72 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	2 372 600	
	Mismunur		−226 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	176 000	
26	Afborgun lána	40 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	422 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−226 100	
32	Annað	20 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 300	
571	Fjármagnskostnaður	56 970	
59	Yfirfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	78 270	
48	Fjármunatekjur	16 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	233 300	
4,7	Tekjur samtals	249 970	
	Mismunur		171 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 200	
26	Afborgun lána	163 150	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	42 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	171 700	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1989 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1989 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds.

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna.

4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík.

4.2 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

4.3 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.4 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.5 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.

4.6 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.

4.7 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Hafnarstræti 6, Ísafirði.

4.8 Að selja grænfóðurverksmiðjuna Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.

4.9 Að selja verksmiðjuhúsnæði, ásamt vélbúnaði og tækjum, í eigu Síldarverksmiðja ríkisins á Húsavík.

4.10 Að selja íbúðarhúsnæðið að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.11 Að selja gamla skólastjórabústaðinn á Bíldudal.
4.12 Að selja íbúð ríkisins í húseigninni Bröttuhlíð 5, Hveragerði.
4.13 Að selja húseignina Bæ III, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
4.14 Að selja skrifstofuhúsnæði skattstofunnar á Ísafirði.
4.15 Að selja skrifstofuhúsnæði bæjarfógetans á Ísafirði.
4.16 Að selja húsnæði ÁTVR við Álfheima í Reykjavík.
4.17 Að selja húsnæði ÁTVR að Eyrargötu 25, Siglufirði.
4.18 Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík.
4.19 Að selja Reykjavíkurborg allt að 57 ha af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi.
4.20 Að selja húseign Póst- og símamálastofnunar að Blöndubyggð 10, Blönduósi.
4.21 Að selja hlut Póst- og símamálastofnunar í húseigninni Arnarbakka 9, Reykjavík.
4.22 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins við Grundargerði í Ólafsvík (160 m^2 geymsluhúsnæði).
4.23 Að selja húseignina Seljavegi 32 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til að byggja upp aðstöðu Vita- og hafnarmálastofnunar í Kópavogi.
4.24 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að kaupa húsnæði eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi til nota sem skrifstofuhúsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa lóð og útihús við Nesstofu á Seltjarnarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.
5.12 Að kaupa kennarabústað á Eiðum, svonefnt Þórarinshús, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa húsnæði á Höfn í Hornafirði til nota fyrir sóknarprest Bjarnanesprestakalls.
5.14 Að kaupa lóð í Mjódd í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir.

6.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
6.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 14.000 þús. kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.

6.3 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.

6.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6.5 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

6.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 24 m.kr. til byggingar dráttarbrautar.

6.7 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bæturnar ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

6.8 Að greiða mismun á tryggingarverði áburðarflugvélar og kaupverði annarrar áburðarflugvélar.

6.9 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.

6.10 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör skuldar vegna yfirtöku ríkisins á eignarhluta hreppsins í Stórutjarnaskóla.

6.11 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, sem sveitarfélög óska að taka til þess að ljúka brýnum verkþáttum á sviði heilbrigðismála, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

6.12 Að semja um greiðslu á ógreiddum hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar fyrir Reykvíkinga að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

6.13 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í heilsugæslustöðinni í Vogum og sambærilegri eign.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús kr.
1. Héraðsskólar almennt (02-610 690):		
1. Reykholt	21.000	
2. Núpur	3.000	
3. Reykjanes	2.000	
4. Reykir	2.000	
5. Eiðar	8.000	
6. Skógar	1.000	
7. Laugarvatn	1.000	
8. Laugar	1.000	
		39.000
2. Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl., framlög (02-730 690).		
a. Bygging grunnskóla o.fl.		
1. Reykjavík:		
Seljaskóli	21.400	
Foldaskóli, 1. og 2. áf.	50.000	
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	500	
Ölduselsskóli, 2. áf. og lóð	100	
Ölduselsskóli, sundlaug	100	
Ártúnsskóli	100	
Selásskóli, 1. og 2. áf.	100	
Grandaskóli	100	
2. Kópavogur:		
Fastur samningur	9.750	
Íþróttahús (Digranesskóli)	3.000	
3. Hafnarfjörður:		
Sundlaug	2.000	
Víðistaðaskóli, 4. og 5. áf.	5.000	
Víðistaðaskóli, viðbygging	2.000	
Öldutúnsskóli, 4. áf.	5.000	
4. Seltjarnarnes:		
Sundlaug	100	
5. Garðabær:		
Íþróttahús og sundlaug	4.000	
6. Keflavík:		
Íþróttahús, 1. áf.	100	
Sundlaug	2.000	
Myllubakkaskóli	5.900	
7. Grindavík:		
Íþróttahús	2.000	
Skóli, viðbygging	1.000	

	Þús. kr.
8. Njarðvík:	
Viðbygging skóla	3.000
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli, íþróttahús og sundlaug	4.950
10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús, 1. áf.	4.400
Varmárskóli, 2. áf.	1.600
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla	2.500
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	2.100
Stækkun skóla	900
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Skóli	1.500
14. Kjalarneshreppur:	
Skóli, stækkun 1. áf.	5.000
15. Akranes:	
Fastur samningur	15.800
Sundlaug	1.000
16. Ólafsvík:	
Stækkun skóla	800
17. Leirársveit:	
Heiðaskóli, íþróttaaðstaða	2.000
18. Reykholtsdalshreppur, Kleppjárnsreykir:	
Fastur samningur	3.500
19. Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
Viðbygging, 1. áf.	1.000
20. Borgarnes:	
Grunnskóli, stækkun og breytingar	3.000
21. Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
Íþróttahús og stækkun skóla	1.300
22. Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
23. Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
Íþróttahús	5.000
24. Stykkishólmur:	
Íþróttahús (fastur samningur)	6.000
Skóli, lausar stofur	200
25. Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
26. Hvammshreppur, Laugaskóli:	
Íþróttahús	3.800
Uppgjör, skuldaskil	200
27. Ísafjörður:	
Skólamannvirki	2.000
Íþróttahús (fastur samningur)	12.800
28. Bolungarvík:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Stækkun skóla, 1. áf.	8.500

		Þús. kr.
29.	Reykhólahreppur:	
	Endurbætur á sundlaug	1.000
30.	Patrekshreppur:	
	Viðbygging skóla	1.000
31.	Tálknafjarðarhreppur:	
	Íþróttahús og félagsheimili	2.000
32.	Suðurfjarðarhreppur, Bíldudalur:	
	Íþróttahús	1.000
33.	Flateyrarhreppur:	
	Íþróttamannvirki	1.000
34.	Suðureyrarhreppur:	
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1.000
	Sundlaug	1.000
35.	Súðavíkurhreppur:	
	Skóli, endurbygging og viðbygging	1.000
36.	Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
	Skólastjóraíbúð, stækkun	1.000
37.	Kaldrananeshreppur, Drangsnes:	
	Stækkun skóla	1.500
38.	Hólmavíkurhreppur:	
	Félagsaðstaða	1.000
39.	Siglufjörður:	
	Íþróttahús	5.000
40.	Sauðárkrókur:	
	Íþróttahús, 1. áf.	200
	Grunnskólar, endurbætur og lóðir	2.500
41.	Ytri-Torfustaðahreppur, Laugabakkaskóli:	
	Íþróttahús	100
	Uppgjör	500
42.	Hvammstangahreppur:	
	Sundlaug og búningsklefar	150
	Skóli, nýbygging	5.000
43.	Þverárhreppur:	
	Skólastjóraíbúð	400
44.	Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
	Endurbætur o.fl.	1.500
	Kennaraíbúð	400
45.	Skagaströnd:	
	Sundlaug	1.400
	Skólastjóraíbúð	100
46.	Blönduós:	
	Íþróttahús	6.000
47.	Seyluhreppur, Varmahlíð:	
	Íþróttamannvirki	3.700
	Uppgjör skóla	100
48.	Lýtingsstaðahreppur:	
	Íþróttahús og sundlaug	100
	Skólastjórabústaður	500
49.	Akrahreppur:	
	Skóli, viðbygging	500

	Þús. kr.
50. Hólahreppur:	
Skóli og íbúðir	100
51. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla og bókasafn	100
52. Haganeshreppur:	
Skóli, nýbygging	850
53. Akureyri:	
Fastur samningur	15.900
54. Húsavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	600
Barnaskóli, stækkun	1.000
55. Ólafsfjörður:	
Íþróttahús	500
Barnaskóli	3.500
56. Dalvík:	
Skóli, stækkun	2.000
57. Grímseyjarhreppur:	
Sundlaug	2.000
58. Svarfaðardalshreppur:	
Sundskáli, endurbætur	500
59. Hríseyjarhreppur:	
Íþróttahús og skóli	1.500
60. Árskógshreppur, Árskógsskóli:	
Viðbygging	100
61. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug, 3. áf., og íþróttahús	3.500
62. Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
Endurbætur	1.500
63. Svalbarðsstrandarhreppur:	
Íþróttahús	1.500
64. Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
Skóli, 1. áf., og íþróttahús	3.000
65. Bárðdælahreppur:	
Mötuneyti skóla	100
66. Skútustaðahreppur:	
Skóli	2.500
67. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
Íbúð og lóðir	1.000
68. Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
Skóli, 1. áf., og mötuneyti	1.000
69. Presthólahreppur, Kópasker:	
Skóli, nýbygging	1.500
70. Raufarhafnarhreppur:	
Sundlaug	100
71. Svalbarðshreppur:	
Skóli og íbúð	800
72. Þórshöfn:	
Félagsheimili, endurbætur	800
73. Seyðisfjörður:	
Nýbygging skóla	1.000
Íþróttahús	3.000

	Þús. kr.
74. Neskaupstaður:	
Íþróttahús og skóli	2.500
75. Eskifjörður:	
Skóli, nýbygging	1.200
Íþróttahús, endurbætur	1.300
76. Skeggjastaðahreppur:	
Skóli, nýbygging	1.000
77. Vopnafjarðarhreppur:	
Íþróttahús	2.000
78. Hlíðarhreppur:	
Lóðarframkvæmdir	100
79. Jökuldalshreppur:	
Stækkun skóla og íþróttahús	1.000
80. Fellahreppur:	
Grunnskóli	2.000
81. Hallormsstaður:	
Íþróttahús	2.800
82. Egilsstaðahreppur:	
Íþróttahús, 2. áf.	2.000
83. Eiðahreppur:	
Viðbygging skóla	1.500
84. Reyðarfjörður:	
Stækkun skóla	4.000
85. Búðahreppur, Fáskrúðsfjörður:	
Sundlaug, endurbætur	700
Íbúð, endurbætur	700
Íþróttahús	100
86. Stöðvarhreppur:	
Skóli og sundlaug	3.000
87. Breiðdalshreppur:	
Skóli	2.000
88. Beruneshreppur:	
Íbúð, endurbætur	100
89. Búlandshreppur, Djúpivogur:	
Heimavist og íþróttahús	4.000
90. Geithellnahreppur:	
Skóli, nýbygging	100
91. Nesjahreppur:	
Nesjaskóli, lóðir o.fl.	400
Sundlaug	2.000
92. Hafnarhreppur:	
Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
93. Mýrahreppur:	
Íbúð	200
94. Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðaskóli:	
Viðbygging og endurbætur	1.000
95. Vestmannaeyjar:	
Hamarsskóli	5.000
Breytingar á barnaskóla	2.000
96. Selfoss:	
Gagnfræðaskóli og íþróttahús	3.000

		Þús. kr.	Þús. kr.
97.	Kirkjubæjarhreppur:		
	Skóli, stækkun	200	
98.	Mýrdalshreppur:		
	Skólamannvirki	1.000	
99.	Austur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	900	
	Endurbætur á skóla	600	
100.	Vestur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	1.300	
101.	Austur-Landeyjahreppur:		
	Íbúð	1.000	
102.	Vestur-Landeyjahreppur:		
	Stækkun skóla og íbúð	100	
103.	Hvolhreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
	Sundlaug og búningsklefar	1.000	
104.	Rangárvallahreppur:		
	Skóli, stækkun	2.500	
	Endurbætur á skólastjórabústað	500	
105.	Holtahreppur, Laugaland:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3.000	
106.	Gaulverjabæjarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500	
107.	Stokkseyrarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	500	
	Viðbygging	500	
108.	Eyrarbakkahreppur:		
	Skóli, stækkun	500	
109.	Hraungerðishreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
110.	Skeiðahreppur:		
	Skóli, viðbygging	1.000	
111.	Gnúpverjahreppur:		
	Skóli, nýbygging	1.500	
112.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	2.500	
113.	Hverageröishreppur:		
	Skóli, viðbygging	6.000	
114.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Skóli, stækkun	2.000	
	Sundlaug	2.000	
			380.500
b.	Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:		
1.	Seltjarnarnes, skóli	5	
2.	Kópavogur, kennslusundlaug	5	
3.	Garðabær, Hofsstaðaskóli	5	
4.	Hafnarfjörður, Setbergsskóli	5	
5.	Hafnarfjörður, Engidalsskóli, viðbygging	5	
6.	Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	.5	
7.	Mosfellsbær, gagnfræðask. Brúará, stækkun	5	
8.	Njarðvík, kaup á Þórustíg 1	5	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Kjalarnes, stækkun, 2. áf.	5	
10. Stóru-Vogaskóli, Vatnsleysuströnd	5	
11. Ólafsvík, íþróttahús	5	
12. Ólafsvík, endurbætur á skólastjórabústað	5	
13. Stykkishólmur, sundlaug	5	
14. Varmaland, hitaveita	5	
15. Grundarfjörður, endurbætur á skólastjórabústað	5	
16. Staðarsveit, Lýsuhóll, nýb. skóla og íbúð	5	
17. Reykhólar, íbúð og lóð	5	
18. Þingeyri, sundlaug	5	
19. Flateyrarhreppur, stækkun skóla o.fl.	5	
20. Bæjarhreppur, íbúð	5	
21. Siglufjörður, viðbygging	5	
22. Hvammstangi, íþróttahús	5	
23. Blönduós, stækkun skóla	5	
24. Húnavellir, sundlaug	5	
25. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5	
26. Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
27. Ólafsfjörður, endurbætur á sundlaug	5	
28. Þelamörk, íþróttahús	5	
29. Grýtubakkahreppur, sundlaug	5	
30. Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5	
31. Raufarhöfn, hönnun íþróttahúss	5	
32. Neskaupstaður, stækkun Nesskóla	5	
33. Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
34. Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5	
35. Norðfjarðarhreppur, skóli	5	
36. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
37. Borgarfjörður eystri, skóli, nýbygging	5	
38. Fellahreppur, skólastjórabústaður	5	
39. Mýrdalshreppur, íbúð Vík	5	
40. Mýrdalshreppur, sundlaug Vík	5	
41. Ketilsstaðaskóli, stækkun	5	
42. Vestur-Landeyjahreppur, skólastjóraíbúð	5	
43. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
44. Djúpárhr., sundlaug og íþróttahús Þykkvabæ	5	
45. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
46. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
47. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
48. Villingaholtshreppur, skóli, viðbygging	5	
49. Selfoss, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
		245
c. Orkusparandi aðgerðir		1.500
d. Stofnbúnaður eldri skóla		2.000
e. Hagræðing		760
		385.005

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Dagvistarheimili, stofnkostnaður (02-803 690).		
a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa, nýbyggingar:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Hálsasel (Tungusel)	1.000	
b. Eiðsgrandi	11.000	
c. Ártúnsholt	1.000	
d. Rofabær	11.175	
e. Stangarholt	1.000	
f. Grafarvogur	1.000	
g. Jöklasel	1.000	
2. Kópavogur, Grænatún	3.970	
3. Kópavogur, Marbakki	4.000	
4. Garðabær, Hofstaðabraut	2.840	
5. Hafnarfjörður, Staðarhvammur	6.000	
6. Mosfellsbær	2.930	
7. Akureyri, Fíladelfíusöfnuður	1.400	
8. Akureyri, Flúðir	3.300	
9. Fellahreppur	700	
10. Stöðvarfjörður	855	
11. Stokkseyri	2.550	
		55.720
b. Dagvistarheimili sem enn eru í byggingu:		
1. Þingeyri, leikskóli	1.790	
2. Hólmavík, leikskóli	850	
3. Hvammstangi	2.000	
4. Kópasker	560	
5. Breiðdalsvík	1.000	
6. Kirkjubæjarhreppur	2.000	
7. Hella	2.000	
8. Selfoss	4.000	
9. Keflavík, Heiðabyggð	3.000	
10. Seltjarnarnes	1.500	
11. Borgarnes	530	
12. Skagaströnd	500	
13. Egilsstaðir	2.000	
14. Höfn í Hornafirði	1.500	
		23.230
c. Dagheimili tekin í fjárlög 1987 og 1988 og ný heimili:		
1. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	15	
2. Garðabær, dagheimili, leikskóli	15	
3. Sauðárkrókur, viðbygging	15	
4. Ólafsvík, viðbygging	15	
		60

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Ný heimili, ekki tekin í fjárlög áður:		
1. Ísafjörður, skóladagheimili	1.000	
2. Dalvík, viðbygging	15	
3. Foreldrafélag Laugum	85	
4. Foreldrafélag Keldnaholti, Reykjavík	15	
5. Marargata 6, Reykjavík, innbú, lóð	350	
6. Foreldrafélag lækna, Reykjavík	500	
7. Hafnarfjörður, Hvaleyrarholt	15	
		1.980
e. Hönnun nýrra dagvistarheimila og styrkir til sveitarfélaga vegna þróunarverkefna		3.000
f. Gömul hús, breytingar og búnaður, tekin til starfa:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Fornhagi 8	15	
b. Njálsgata 9	15	
2. Reykjavík, foreldrafélagið Ós	1.000	
3. Kópavogur, skóladagheimili við Ástún	1.000	
4. Kópavogur, Kársnesbraut 121, einkarekstur	160	
5. Stykkishólmur, lóð	250	
6. Ísafjörður, Hlíðarvegur, lóð	100	
7. Dalvík, 1. áf.	700	
8. Seyðisfjörður	500	
9. Fáskrúðsfjörður	570	
10. Djúpivogur	400	
11. Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	1.000	
12. Eskifjörður	600	
13. Egilsstaðir	100	
		6.410
g. Dagvistarheimili, nýbyggingar á undirbúningsstigi, teknar í fjárlög 1987 eða fyrr:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Seljavegur	50	
b. Rekagrandi	50	
2. Kópavogur, dagheimili í Austurbæ	50	
3. Bessastaðahreppur	200	
4. Grindavík	10	
5. Vatnsleysuströnd	10	
6. Akranes, Víðigerði	1.000	
7. Andakílshreppur	10	
8. Flateyri, leikskóli	800	
9. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	2.000	
10. Akureyri, Þórunnarstræti	10	
11. Vopnafjörður, leikskóli	10	
12. Hvolsvöllur	400	
		4.600
		95.000

4. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	10.500	
2. Akranes, H2	14.600	
3. Ólafsvík, H2	1.100	
4. Stykkishólmur, H2	5.000	
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000	
6. Ísafjörður, sjúkrahús	27.000	
7. Blönduós, H2	23.200	
8. Hvammstangi, H2	1.000	
9. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	2.000	
10. Siglufjörður, sjúkrahús	7.500	
11. Ólafsfjörður	2.200	
12. Akureyri, H2	5.800	
13. Kópasker, H1	500	
14. Raufarhöfn, H1	1.000	
15. Þórshöfn, H1	1.000	
16. Húsavík, H2	25.500	
17. Bakkafjörður, H	400	
18. Egilsstaðir, H2 og sjúkrahús	300	
19. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	5.000	
20. Djúpivogur, H2	6.000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús	2.000	
22. Vík í Mýrdal, H1	1.000	
23. Hella, sjúkrahús	2.000	
24. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	5.500	
25. Þorlákshöfn, H2	6.500	
26. Selfoss, sjúkrahús	3.100	
27. Gerðar, H2	2.400	
28. Vogar, H	2.200	
29. Sandgerði, H	1.200	
30. Hafnarfjörður, H2	20.000	
31. Garðabær, H2	6.200	
32. Mosfellsbær	2.800	
33. Seltjarnarnes, H2	8.000	
		206.500
b. Húsaleiga:		
1. Suðurnes	800	
2. Mosfellsbær	320	
3. Akureyri	7.500	
4. Reyðarfjörður	1.100	
5. Þorlákshöfn	600	
		10.320
c. Læknisbústaðir:		
1. Blönduós	3.000	
2. Hvolsvöllur	4.700	
		7.700

d. Hjúkrunarheimili aldraðra:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Sauðárkrókur	6.100	
2. Egilsstaðir	1.700	
3. Sólvangur	8.000	
		15.800
		240.320

5. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 630).

1. Akranes	13.100
2. Ólafsvík	8.000
3. Grundarfjörður	4.900
4. Stykkishólmur	30.000
5. Brjánslækur	14.100
6. Patreksfjörður	10.500
7. Tálknafjörður	900
8. Þingeyri	3.000
9. Suðureyri	1.200
10. Bolungarvík	1.000
11. Ísafjörður	26.500
12. Bíldudalur	1.500
13. Súðavík	10.100
14. Norðurfjörður	3.300
15. Hvammstangi	3.500
16. Blönduós	6.000
17. Skagaströnd	8.000
18. Sauðárkrókur	4.500
19. Hofsós	200
20. Siglufjörður	20.800
21. Ólafsfjörður	4.100
22. Dalvík	10.800
23. Árskógssandur	3.300
24. Akureyri	14.400
25. Grímsey	5.000
26. Húsavík	30.600
27. Kópasker	1.000
28. Hallbjarnarstaðakrókur	600
29. Raufarhöfn	11.200
30. Þórshöfn	8.400
31. Bakkafjörður	5.600
32. Vopnafjörður	22.400
33. Borgarfjörður eystri	4.900
34. Seyðisfjörður	4.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
35. Eskifjörður	7.800	
36. Reyðarfjörður	8.900	
37. Fáskrúðsfjörður	14.600	
38. Breiðdalsvík	1.300	
39. Djúpivogur	1.200	
40. Höfn, Hornafirði	4.800	
41. Vestmannaeyjar	17.500	
42. Grindavík	15.200	
43. Sandgerði	3.800	
44. Vogar	5.000	
45. Hafnarfjörður	18.200	
46. Garðabær	3.800	
		400.000
Óskipt fjárveiting til slysavarna		6.000
Lendingarbætur, Kópavogur		2.000
Lendingarbætur, óskipt		2.000
		410.000

6. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Akranes	1.300	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Búðardalur	700	
4. Neshreppur utan Ennis	800	
5. Flateyri	1.500	
6. Suðureyri	1.000	
7. Bolungarvík	1.500	
8. Ísafjörður	1.500	
9. Blönduós	3.800	
10. Skagaströnd	1.000	
11. Sauðárkrókur	1.500	
12. Húsavík	3.000	
13. Stokkseyri	4.800	
14. Eyrarbakki	2.000	
15. Grindavík	1.300	
16. Miðneshreppur	800	
17. Gerðahreppur	800	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
19. Hafnahreppur	1.000	
20. Bessastaðahreppur	500	
21. Seltjarnarnes	500	
		31.300

Nd. 281. Frumvarp til laga [110. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Amble, Olil, tamningamaður, Stangarholti Mýrasýslu, f. 29. júlí 1963 í Noregi.
3. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
4. Brandt, Martha Dís, nemi á Húsavík, f. 3. október 1969 í Reykjavík.
5. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnessýslu.
6. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
7. Canete, Adoracion, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 á Filippseyjum.
8. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
9. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
10. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
11. Davidson, Janet Shelagh, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. júlí 1933 í Skotlandi.
12. Gallagher, Elísabet, barn í Keflavík, f. 12. maí 1975 í Reykjavík.
13. Gallagher, Kristinn Jósep, nemi í Keflavík, f. 3. janúar 1974 í Reykjavík.
14. Gallagher, Kristín Valgerður, barn í Keflavík, f. 12. september 1978 í Reykjavík.
15. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
16. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.
17. Joensen, Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.
18. Kjartan Már Sveinsson, bréfberi í Reykjavík, f. 26. ágúst 1957 í Reykjavík.
19. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, nemandi í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
20. Letelier, Jaime Enrique Morales, vélvirki á Akureyri, f. 24. október 1951 í Chile.
21. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
22. Luchoro, Cristina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
23. Melsen, Herluf, bifvélavirki í Kópavogi, f. 10. maí 1951 í Danmörku.
24. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Caymaneyjum.
25. Nardeau, Martial Lucien Robert, tónlistarmaður í Kópavogi, f. 5. ágúst 1957 í Frakklandi.
26. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
27. Pajdak, Lech, verkfræðingur í Kópavogi, f. 10. maí 1957 í Póllandi.
28. Robelo, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi á Eskifirði, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
29. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
30. Rowney, Angela, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1950 í Englandi.
31. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
32. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
33. Thompson, Íris Edda, nemandi á Þingeyri, f. 14. október 1972 í Bandaríkjunum.
34. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
35. Vadeboncoeur, Michelle, hlaðfreyja í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá

er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 282. Lög [72. mál]

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 74.

Ed. 283. Lög [110. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 281.

Nd. 284. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Geir H. Haarde og Inga Birni Albertssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður 5. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað „til 1. mars 1989“ komi: fram til gildistöku laga þessara.
3. Við 3. gr. Í stað „til 28. febrúar 1989“ komi: fram til gildistöku þessara laga.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað „til 15. febrúar 1989“ í fyrri málslið komi: fram til gildistöku laga þessara.
   b. Seinni málsliður orðist svo: Frá því er lög þessi taka gildi er heimilt að segja upp kjarasamningum með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

Sþ. 285. Svar [166. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um erlendar lántökur til fjárhagslegrar endurskipulagningar.

1. Hvað hefur viðskiptaráðuneytið veitt heimild til mikillar erlendrar lántöku til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja og stofnana á yfirstandandi ári? Í svari óskast heimildir flokkaðar eftir atvinnugreinum, fyrirtæki og stofnanir nefndar og hve mikil heimild var veitt til hvers fyrirtækis og stofnunar.

Á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 20. maí 1988 voru gefnar út heimildir til erlendrar lántöku að upphæð 964.900.000 kr. en ríkisstjórnin hafði samþykkt að heimila

fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði að taka erlend lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar alls að upphæð einn milljarður króna.

Aðrar lánsheimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar námu alls 4.657.914.000 kr., þannig að í heild voru gefnar út heimildir í þessu skyni að upphæð 5.622.814.000 kr. Þar af var gefin út heimild til Landsvirkjunar að upphæð 2.602.400.000 kr. en andvirði þess láns var nýtt til að greiða upp erlend lán að sömu fjárhæð.

Að öðru leyti var skipting þessara lánsheimilda milli atvinnugreina þannig að til sjávarútvegsfyrirtækja námu heimildir alls 1.590.614.000 kr. Til iðnaðar-, verslunar- og þjónustufyrirtækja 1.224.800.000 kr. Til flugrekstrar 129.000.000 kr. og til fiskeldis 76.000.000 kr. Við skiptingu milli einstakra atvinnugreina ber að hafa í huga að mörg fyrirtæki fást við fjölþætta starfsemi og kunna því sum þeirra fyrirtækja, sem hér eru talin til iðnaðar-, verslunar- og þjónustustarfsemi, einnig að fást við útgerð og fiskvinnslu.

Þá ber að vekja sérstaka athygli á því að ofangreindar tölur byggjast á þeim heimildum sem gefnar hafa verið út í ráðuneytinu en ekki er víst að þær hafi allar verið nýttar til erlendrar lántöku.

Ekki er unnt að verða við þeirri ósk fyrirspyrjanda að nefna nöfn einstakra fyrirtækja eða lánsupphæðir til þeirra og er þar stuðst við þá venju sem ríkir um bankaleynd.

2. Á grundvelli hvaða samþykktar í ríkisstjórn hafa heimildirnar verið veittar?

Eins og fyrr greinir voru heimilaðar erlendar lántökur á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 20. maí 1988 alls að upphæð 964.900.000 kr.

Aðrar lánsheimildir voru gefnar út í viðskiptaráðuneytinu á grundvelli laga nr. 63 frá 31. maí 1979 og reglugerðar nr. 519 frá 14. desember 1979 og nr. 211 frá 29. apríl 1988, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Á þessu ári hafa alls verið gefnar út heimildir til erlendrar lántöku að upphæð 10.433.605.635 kr., en til samanburðar má geta þess að árið 1987 voru gefnar út heimildir fyrir 13.465.477.490 kr. Þar af námu skuldbreytingar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar 6.816.869.806 kr.

Sþ. 286. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 4. gr. 02-989 110 Íþróttasamband Íslands.	Þús. kr.
Fyrir „21.420“ kemur	30.000

Sþ. 287. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	Þús. kr.
Fyrir „1.617.000“ kemur	1.707.000

Sþ. 288. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um vinnuvernd í verslunum.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Halldór Blöndal, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að setningu laga um vinnuvernd í verslunum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessa efnis var lögð fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Tillagan er því endurflutt í þeirri von að mál þetta fáist afgreitt á yfirstandandi þingi.

Óþarfi er að hafa langa greinargerð með þessari tillögu. Alkunna er að vinnuálag á verslunarfólk hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Aukin almenn velmegun og breytt viðhorf í viðskiptum hafa leitt til þess að opnunartími verslana hefur lengst til muna og er nú svo komið að í ýmsum stórmörkuðum getur daglegur vinnutími fólks verið allt að 12–14 klst. fimm daga vikunnar. Þar við bætast 7–8 klst. á laugardögum. Þess eru dæmi að vinnuvikan komist í 70–80 klst. Þrátt fyrir ítarlegar viðræður fulltrúa launþega og vinnuveitenda í verslunum hefur enn ekki tekist að ná viðunandi samkomulagi um tilhögun vinnutíma í þessari grein. Stefnir í fullkomið óefni ef ekkert verður að gert til að tryggja hag fólksins í þessum efnum.

Með þessari þingsályktunartillögu er ekki stefnt að því að þrengja hag eða rekstrarstöðu verslunarfyrirtækja, heldur lögð sú skylda á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja að verslunarfólki verði ekki misboðið með of miklu vinnuálagi, auk þess sem fjölskyldulífi þeirra er starfa við verslun verði ekki stefnt í voða vegna óheyrilega langs vinnutíma sex daga vikunnar allt árið um kring.

Víða erlendis hafa farið fram miklar umræður um sams konar vandamál og hér er við að stríða. Unnið hefur verið að setningu laga og útgáfu reglna sem m.a. eiga að veita verslunarfólki ákveðna vinnuvernd.

Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn hljóta samkvæmt framansögðu að koma hér til skjalanna með setningu laga sem fela í sér ákveðna vinnuvernd fyrir verslunarfólk jafnframt því sem kröfum nútímans um aukna þjónustu er mætt á viðunandi hátt.

Ed. 289. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Kjartan Kjartansson og Geir Geirsson frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 142.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 20. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. | Jóhann Einvarðsson.

Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 290. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Skúli E. Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar ríkisskattstjóra, og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri tekjudeildar fjármálaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 20. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Halldór Blöndal.	Júlíus Sólnes.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Nd. 291. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1988.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.	Geir H. Haarde.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Ed. 292. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá menntamálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað síðari málsliðar 1. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna. Þær skólanefndir, sem starfa við framhaldsskólana, er lög nr. 57/1988 koma að öðru leyti til framkvæmda, halda umboði sínu til 1. janúar 1990.

Nd. 293. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kvaddi á sinn fund Ásmund Stefánsson, Örn Friðriksson og Láru V. Júlíusdóttur frá ASÍ, Þórarin Þórarinsson frá VSÍ og Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 246 með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru þessar:

1. Þremur mönnum er bætt við í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.
2. Við Byggðastofnun verður komið á fót hlutafjársjóði með sjálfstæðum fjárhag og sérstakri stjórn.
3. Atvinnutryggingardeild verður stofnuð við Byggðastofnun og tekur hún við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs á stofndegi.
4. Atvinnuleysistryggingasjóði verða tryggð viðbótarframlög eftir mitt ár 1990 í hlutfalli við endurgreiðslu lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt.

Alþingi, 20. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. | Árni Gunnarsson. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Ragnar Arnalds.

Nd. 294. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GGÞ, ÁrnG, RA).

1. Við 4. gr. Fyrstu tveir málsliðir greinarinnar orðist svo:
   Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann án tilnefningar.
2. Við 5. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:
   Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981, vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnuleysistryggingasjóði til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990.
   Ríkissjóður ábyrgist að eftir 1. júlí 1990 renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs auk reglulegra framlaga 10. hluti af endurgreiðslum lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt þar til 600 millj. kr. er náð.
3. Á eftir 8. gr. komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (9. gr.)
      Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjársjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir

allt að 600 millj. kr. Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsætisráðherra.

b. (10. gr.)

Hlutafjársjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ríkissjóður getur einnig selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til. Hlutabréf sem sjóðurinn kann að eignast skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini í hlutafjársjóðnum skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjársjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum. Hlutafjársjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutdeildarskírteinum.

c. (11. gr.)

Stofna skal hinn 1. jan. 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun sem hafi það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagingu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir. Deildin skal bera sjálfstæðan fjárhag og tekur hún á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

4. Við 9. gr., er verði 12. gr. Greinin orðist svo:

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, atvinnutryggingardeild og hlutafjársjóð Byggðastofunar, sbr. 3.–11. gr. laga þessara.

Nd. 295. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fund hennar komu Ásmundur Stefánsson, Lára V. Júlíusdóttir og Örn Friðriksson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ og Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 243.

Alþingi, 20. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Ragnar Arnalds.

Árni Gunnarsson.

Ed. 296. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Borgaraflokks í nefndinni leggja til að frumvarpið verði fellt. Um rökstuðning vitna þeir til nefndarálits 1. minni hl. í neðri deild um málið.

Alþingi, 20. des. 1988.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal. Júlíus Sólnes.

Nd. 297. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Geir H. Haarde, Inga Birni Albertssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt á þremur árum með greiðslum úr ríkissjóði.
2. Í stað 3.–9. gr. komi fimm nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (3. gr.)
      Stofna skal rekstrardeild við Byggðastofnun sem hafi það að markmiði að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar og samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir.
      Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag.
   b. (4. gr.)
      Stofnfé deildarinnar skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990, en 600 millj. kr. aflað með innlendu lánsfé er endurgreiðist úr ríkissjóði.
      Deildinni er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.
      Rekstrardeild Byggðastofnunar tekur við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.
   c. (5. gr.)
      Rekstrardeild er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 millj. kr. af lausaskuldum útflutnings- og samkeppnisgreina. Í því skyni er deildinni heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra.
   d. (6. gr.)
      Rekstrardeild skal undanþegin öllum opinberum gjöldum, hverju nafni sem þau nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem deildin veitir eða tekur skulu undanþegin stimpilgjaldi.
   e. (7. gr.)
      Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 3.–6. gr. laga þessara.

Nd. 298. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Geir H. Haarde.

1. Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (10. gr.)
      Stofna skal hlutafjársjóð við Byggðastofnun. Skal hann afla tekna með sölu aðildarbréfa og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr.
      Hlutafjársjóður skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

b. (11. gr.)

Hlutafjársjóður skal kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Hlutabréfin skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk fyrirtækis eða fyrirtækið njóta forkaupsréttar.

Aðildarbréf skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum.

Hlutafjársjóði skal tilkynnt um eigendaskipti aðildarbréfa.

Hlutafjársjóður gefur reglulega út gengi á aðildarbréfum.

2. Á undan 10. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Í hverju kjördæmi landsins skal starfa atvinnumálanefnd. Hver atvinnumálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum, tveimur tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur af Vinnuveitendasambandi Íslands og formanni tilnefndum af ríkisstjórninni. Atvinnumálanefndir skulu fylgjast með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssviði sínu og vera stjórn Byggðastofnunar til ráðuneytis um verkefni sjóðsins.

Ed. 299. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1988, um breyt. á l. nr. 95/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Guðmundur H. Garðarsson.

Karl Steinar Guðnason. | Stefán Guðmundsson.

Nd. 300. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Frá og með 1. apríl 1989 er óheimilt að tengja fjárskuldbindingar við hvers kyns vísitölur.

Nd. 301. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Í stað 3.–5. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (3. gr.)

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð deild við Byggðastofnun. Sérstakur forstöðumaður skal ráðinn til að veita deildinni forstöðu. Hlutverk sjóðsins er að treysta eiginfjárstöðu og veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum og fyrirtækjum í

samkeppnisiðnaði. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði í föst lán til langs tíma.

b. (4. gr.)

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánveitingar úr Atvinnutryggingarsjóði að fengnum tillögum sérstakrar samstarfsnefndar lánastofnana og banka. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og endurskoðar reikninga hans. Hún gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi sjóðsins.

c. (5. gr.)

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1200 millj. kr. Þar af greiðast 600 milljónir króna úr ríkissjóði á árunum 1989–1991. Að auki skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem ríkissjóður tekur að láni hjá Atvinnuleysistryggingasjóði á árunum 1988–1990.

Ríkissjóður endurgreiðir lánið samkvæmt sérstöku samkomulagi milli stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og fjármálaráðherra.

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt fyrir hönd Atvinnutryggingarsjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins.

2. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðinu „útflutningsfyrirtækja“ í 1. málsl. komi: og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði.
   b. Á eftir orðinu „útflutningsgreinum“ í 2. málsl. komi: og í samkeppnisiðnaði.
   c. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Sjóðnum skal heimilt að taka lán til að koma í veg fyrir neikvætt greiðsluflæði.
3. Við 7. gr. Greinin falli brott.
4. Við 9. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Þar skal kveða nánar á um hvaða atvinnustarfsemi skuli falla undir verksvið sjóðsins.
5. Við 14. gr.
   a. Í stað „til 15. febrúar 1989“ í 1. málsl. komi: fram til gildistöku laga þessara.
   b. Í stað „15. febrúar 1989“ í 2. málsl. komi: gildistöku laga þessara.

Nd. 302. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:

Ríkisstjórnin skal útvega 250 millj. kr. til að veita fjölskyldum og einstaklingum, sem eru í miklum nauðum, aðstoð til skuldbreytinga á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, banka og sparisjóða.

Nd. 303. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar ákvað að afgreiða frumvarp þetta ásamt breytingartillögum frá nefndinni með slíkum hraða að minni hl. gafst hvorki tóm til að kynna sér tillögurnar að nokkru marki né ræða þær við hagsmunaaðila.

Minni hl. getur við þessar aðstæður ekki annað en lýst andstöðu við þessi vinnubrögð og málatilbúnað og mun flytja breytingartillögur á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 20. des. 1988.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Geir H. Haarde, frsm.	Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 304. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Á fundi nefndarinnar kom Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Frumvarpið felur í sér tvenns konar breytingar. Í fyrsta lagi er verið að fella brott orðið „sýslunefndir“ í fjölmörgum lögum þar sem þær voru lagðar niður með sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Í flestum tilvikum kemur orðið „héraðsnefnd“ eða „sveitarstjórn“ í staðinn. Í öðru lagi eru felld brott ýmis úrelt lög og er það í tengslum við þá breytingu sem gerð var með nýjum sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Alþingi, 20. des. 1988.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Jón Kristjánsson.	Geir H. Haarde.	Eggert Haukdal.
	Kristín Einarsdóttir.	

Nd. 305. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Við lögin, sbr. lög nr. 68/1973, bætist nýr kafli: **Um Tryggingasjóð fiskeldislána** er verður II. kafli, 19.–23. gr., svohljóðandi:

a. (19. gr.)

Starfa skal sérstakur sjóður er nefnist Tryggingasjóður fiskeldislána er lýtur stjórn nefndar er landbúnaðarráðherra skipar, sbr. 21. gr. Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins er jafnframt sér um rekstur hans samkvæmt nánari reglum er landbúnaðarráðherra setur, sbr. 23. gr. Hlutverk sjóðsins er að tryggja greiðslu afurðalána sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum, þannig að rekstrar- og afurðalán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti birgða.

Greiðslutrygging skal því aðeins veitt að viðkomandi fyrirtæki hafi tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu eða hliðstæðri tryggingu er nemi a.m.k. 50% af

tryggingarverðmætum afurða og að fyrirtækið fái afurðalán frá lánastofnunum í eðlilegu hlutfalli við það sem tryggt er, og verði sá hluti afurðalánsins utan greiðslutryggingar sjóðsins. Landbúnaðarráðherra er heimilt að víkja frá þessu ákvæði við ákvörðun reglna fyrir hafbeit að fengnum tillögum nefndar, sbr. 21. gr. Ekki verði gripið til greiðslutryggingar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á afurðaláni og fyrirtækið geti ekki greitt það með öðrum hætti.

b. (20. gr.)

Hámark skuldbindinga sjóðsins á hverjum tíma má nema samtals 1800 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt (SDR).

c. (21. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar sérstaka nefnd sem ákveður skilyrði fyrir veitingu greiðslutryggingar. Skal nefndin fjalla um hverja einstaka umsókn og ákveða með hvaða kjörum sjóðurinn veiti greiðslutryggingar hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fjórir fulltrúar og skal einn þeirra skipaður eftir tilnefningu stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, annar samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sá þriðji samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Fjórða nefndarmanninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

d. (22. gr.)

Landbúnaðarráðherra ákveður árlega iðgjald sem tekið er fyrir greiðslutryggingu sjóðsins. Skal gjaldið ákveðið að fengnum tillögum nefndar, sbr. 21. gr. Nefndin skal leita tillagna tryggingaeftirlitsins. Við ákvörðun gjaldsins skal hverju sinni miða við að sjóðurinn verði rekinn hallalaus.

Tekjuafgang skal leggja í sérstakan varasjóð. Nægi varasjóður eigi til að greiða áfallnar tryggingar skal sjóðnum aflað lánsfjár til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Reynist nauðsynlegt vegna stöðu sjóðsins skal veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir slíkum lánum þrátt fyrir ákvæði 11. gr.

Verði höfuðstóll tryggingasjóðs neikvæður í árslok 1993 er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða tímabundna gjaldtöku á söluverðmæti fiskeldisfyrirtækja í allt að fimm ár og miðist heildarfjárhæð gjaldsins við að jafna fjárhag sjóðsins. Gjald þetta má taka lögtaki.

e. (23.gr.)

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum nefndar skv. 21. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Skal þar m.a. kveðið á um efni og eðli trygginga, hversu hátt hlutfall afurðalána er tryggt, sbr. ákvæði 19. gr., röð ábyrgða, rekstur sjóðsins og þóknun fyrir umsjón hans og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalds skv. 22. gr ef til þess kemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð fyrir lok ársins 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því á síðastliðnu vori hefur verið mikil umræða um stöðu fiskeldis hér á landi, annars vegar varðandi þau starfsskilyrði sem greininni eru búin með hliðsjón af öðrum gjaldeyris-

skapandi atvinnugreinum og hins vegar um þau starfsskilyrði sem fiskeldið býr hér við samanborðið við erlenda samkeppnisaðila. Af þeim gögnum sem unnin hafa verið má ráða að fjárhagsleg aðstaða við stofnun fiskeldisfyrirtækja hér á landi hafi verið viðunandi þegar frá er talinn tímabundinn skattur á erlendar lántökur til framkvæmda og stimpilgjöld af lánum. Hins vegar má benda á að í samkeppnislöndum okkar er fyrir hendi opinbert styrkjakerfi við stofnun fiskeldisfyrirtækja, hærra lánshlutfall sem hvert fyrirtæki á kost á af stofnkostnaði og að vextir vegna stofnkostnaðar eru niðurgreiddir af hálfu hins opinbera. Hér er í langflestum tilvikum um að ræða lið í byggða- og þróunarmálum viðkomandi lands.

Á hinn bóginn hafa allar athuganir leitt í ljós að aðgangur fiskeldisfyritækja að fjármagni þegar að rekstri kemur hefur verið mjög ófullnægjandi hérlendis, hvort sem litið er til möguleika samkeppnisaðila erlendis eða til annarra útflutningsatvinnugreina hér á landi. Segja má að fyrirtækin hafi undanfarin ár leyst rekstrarfjárvanda sinn með því að flytja út sem seiði meginhluta framleiðslunnar í stað þess að auka útflutningsverðmætin eftir megni með því að ala seiðin upp í matfiskstærð og flytja út sem slík. Fyrir þessa lausn lokaðist í verulegum mæli á þessu ári vegna þess að stefna stjórnvalda í þeim löndum, þar sem kaupendur voru, hefur verið sú að takmarka innflutning seiða vegna viðskiptahagsmuna framleiðenda heima fyrir og vegna sjúkdómahættu sem gæti stafað af innflutningnum.

Hinn 14. október sl. skipaði landbúnaðarráðherra, í samráði við forsætisráðherra, starfshóp til að gera tillögur um, hvernig leyst verði úr þeim alvarlega rekstrarfjárskorti sem fiskeldi stendur frammi fyrir vegna takmarkaðra möguleika greinarinnar á að fá veitt afurða- og rekstrarlán. Við tillögugerðina skyldi tekið tillit til hversu ör vöxtur atvinnugreinarinnar er um þessar mundir og þar af leiðandi vaxandi rekstrarfjárþörf fram undan þar til að útflutningstekjum kemur.

Í starfshópnum áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson, formaður Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Össur Skarphéðinsson fiskeldisfræðingur og Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Samkvæmt úttekt starfshópsins getur fjárþörf stöðva sem framleiða matfisk numið allt að 1,8 milljörðum kr. til ársloka. Sú tala getur þó orðið allmiklu lægri þar sem snemmbúin vorkoma og bærilegur sumarhiti getur leitt til þess að kvíaaldir laxar nái markaðsstærð fyrr en ella. Fjárþörfin stafar að langmestu leyti af fóðurkostnaði sem eykst eftir því sem fiskurinn stækkar. Samhliða vaxa birgðir hratt og við lok eldisferilsins koma því geysilegar fjárhæðir til baka vegna sölu birgða. Reiknað er með að allt að 500 millj. kr. sé þörf fyrir 1. júní á næsta ári, þannig að mestur hluti fjárþarfarinnar myndast á allra síðustu mánuðum ársins þegar fiskurinn er í þann mund að ná markaðsstærð.

Útreikningur á fjárþörfinni byggir á því að 5,7 millj. seiði séu í eldi sem skiptist þannig að í strandeldi eru 3,1 millj. og 2,6 millj. í kvíaeldi. Sú tala er niðurstaða ítarlegrar könnunar á seiðamagni í stöðvunum. Auk þess eru 217 millj. kr. lausaskuldir fyrirtækjanna miðað við 1. september sl. taldar með í fjárþörfinni. Gert er ráð fyrir að úr þessum seiðum verði framleitt í kringum 10 þús. tonn af laxi síðari hluta árs 1989 og fyrri hluta 1990, auk þess sem alls verði 1300 tonnum af fyrri árgöngum í eldi slátrað á tímbilinu 1. september 1988 til 1. júní 1989.

Starfshópurinn bendir sérstaklega á að fiskeldi í landinu á við tímabundinn vanda að etja. Þetta stafar af því að langflestar matfiskstöðvar hafa ekki enn þá náð heilum framleiðsluferli, heldur eru þær með unglax í uppeldi sem ekki verður að markaðsvöru fyrr en í fyrsta lagi síðari hluta ársins 1989. Tekna verður því ekki aflað fyrr en þá og er því afar brýnt að stöðvunum verði tryggt svigrúm til rekstrar fram að þeim tíma. Auk þess er mikilvægt að koma afurðalánum fiskeldis í varanlegt horf.

Starfshópurinn skilaði tillögum til landbúnaðarráðherra 25. október sl., en þær fólu í megindráttum í sér eftirfarandi:

1. Byggt verði upp samræmt afurðalánakerfi viðskiptabankanna er geri fiskeldisfyrirtækjum kleift að haga rekstri sínum á sem hagkvæmastan hátt og komast hjá ótímabærri förgun á eldisfiski vegna lausafjárskorts eins og nú er í dag.
2. Rekstrar- og afurðalán til fiskeldis verði hliðstæð því sem er í sjávarútvegi og heföbundnum landbúnaði. Það leiðir til þess að lán út á birgðir gætu numið allt að 75% af heildarverðmæti þeirra þar til skil á söluandvirði fara fram.

Til að leysa úr bráðum rekstrarfjárvanda fiskeldisfyrirtækja beiti stjórnvöld sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

1. Stofnuð verði tryggingadeild fiskeldislána við Ríkisábyrgðasjóð er geti veitt bönkum og öðrum lánastofnunum greiðslutryggingu, þannig að rekstrar- og afurðalán þeirra til fiskeldis gætu numið allt að 75% af verðmæti birgða.
2. Greiðslutrygging verði því aðeins veitt að viðkomandi fyrirtæki hafi tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu er nái a.m.k. 50% af tryggingarverðmætum afurða og að fyrirtækið hafi afurðalán frá lánastofnun í eðlilegu hlutfalli við það sem tryggt er. Skal það hlutfall afurðalánsins vera utan greiðslutryggingar deildarinnar. Ekki verði gripið til greiðslutryggingarinnar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á afurðaláni og fyrirtækið geti ekki greitt það með öðrum hætti.
3. Fiskeldisfyrirtækin greiði tryggingadeildinni ákveðinn hundraðshluta tryggingarinnar sem þóknun.
4. Sérstök matsnefnd verði skipuð er ákveði m.a. hvaða fyrirtæki verði talin tryggingarhæf umfram það sem takmarkast af 2. tölulið. Á sama hátt geri nefndin tillögur til fjármálaráðherra um frávik frá þeim takmörkunum sem 2. tölul. setur, þó eingöngu í tilvikum þar sem ónóg reynsla hamlar því að komið verði á skipulögðu afurðalánakerfi, svo sem vegna hafbeitar.
5. Verði sett lög um tryggingadeild fiskeldislána samkvæmt framansögðu komi þau til endurskoðunar eigi síðar en fyrir lok ársins 1991. Í millitíðinni verði úr því skorið hvort unnt reynist að bankar og lánastofnanir geti veitt fiskeldinu það afurðalánahlutfall miðað við verðmæti birgða, sem áður er nefnt, án endurgreiðslutryggingar, eða hvort hagkvæmara sé talið að stofna sérstakt greiðslutryggingafélag meðal hagsmunaaðila, svo sem Landssambands hafbeitar- og fiskeldisstöðva, viðskiptabanka, sparisjóða, stofnsjóða og tryggingafélaga, er yfirtæki verkefni deildarinnar eða aðrar hagkvæmari lausnir fyndust.

Við frekari athugun stjórnvalda á þessu máli hefur þótt réttara að sú starfsemi, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, fari fram í tengslum við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Við deildina verði stofnaður sérstakur sjóður, Tryggingasjóður fiskeldislána. Tryggingaiðgjöld ábyrgðarþega skulu bera uppi starfsemi sjóðsins. Komi til þess að afla verði tímabundið fjármuna til þess að sjóðurinn standi við skuldbindingar sínar verði sú lántaka með sérstakri ábyrgð af hálfu ríkisins og óháð almennri starfsemi Stofnlánadeildarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a. (19. gr.)

Tryggingasjóði fiskeldislána er ætlað að tryggja greiðslu rekstrar- og afurðalána sem lánastofnanir veita fiskeldisstöðvum. Greiðslutrygging verði því aðeins veitt að viðkomandi fyrirtæki hafi tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu er nái a.m.k. 50% af tryggingarverðmætum afurða og að fyrirtækið hafi afurðalán frá lánastofnun í eðlilegu

hlutfalli við það sem tryggt er. Verði það hlutfall afurðalánsins utan greiðslutryggingar deildarinnar. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt að víkja frá þessum skilyrðum vegna hafbeitar þar sem ekki hefur enn verið lagður grunnur að reglum til að fara eftir um tryggingar af hálfu tryggingafélaga vegna skamms reynslutíma greinarinnar. Ekki verði gripið til greiðslutryggingarinnar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á afurðaláni og fyrirtækið geti ekki greitt það með öðrum hætti.

Um b. (20. gr.)

Gert er ráð fyrir að heildarábyrgðir sjóðsins fari ekki fram úr 1800 millj. kr. hverju sinni eða sambærilegri fjárhæð í erlendri mynt. Afurðalán sem veitt eru fyrirtækjum er framleiða fyrir erlendan markað eru að öllu jöfnu veitt í erlendri mynt sem leiðir til þess að þessi heimild lækkar ekki að raungildi umfram það sem nemur erlendum verðhækkunum umfram fast verðlag.

Um c. (21. gr.)

Lagt er til að skipuð verði fjögurra manna nefnd með fulltrúum frá Landssamtökum fiskeldis- og hafbeitarstöðva, stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, fjármálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti sem hafi m.a. það hlutverk að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um skilyrði fyrir veitingu ábyrgða og taka afstöðu til þess með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Auk þess geri nefndin tillögu til landbúnaðarráðherra um iðgjöld til tryggingasjóðsins.

Um d. (22. gr.)

Lagt er til að landbúnaðarráðherra ákveði, að fengnum tillögum nefndar skv. 21. gr., iðgjöld af veittum ábyrgðum. Iðgjöldin verði að grunni til miðuð við að sjóðurinn standi undir sér og að ekki komi til varanlegra útgjalda vegna ábyrgða sem ríkið veitir. Standi fjármunir sjóðsins ekki undir þeim lánum er sjóðurinn þarf að taka vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika svo koma þurfi til sérstakra ábyrgða veitir ríkið þær. Þar skal koma til sérstök ríkisábyrgð vegna starfsemi tryggingasjóðsins og óháð starfsemi Stofnlánadeildarinnar að öðru leyti, sbr. ákvæði 11. gr.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra sé heimilt að ákveða sérstakt tímabundið gjald á afurðir fiskeldis til að jafna þann halla sem sjóðurinn kynni að hafa safnað upp í árslok 1993. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um þróun fiskeldis er ekki líklegt að á greinina muni reyna í neinum mæli, enda gert ráð fyrir að iðgjöld verði ákvörðuð á líkan hátt og tryggingaiðgjöld, þannig að þau standi undir skuldbindingum er kunna að falla á sjóðinn.

Um e. (23. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin verði tekin til endurskoðunar eigi síðar en í árslok 1993. Á því tímabili ætti að vera fengin reynsla af þessu fyrirkomulagi og unnt að kanna aðra möguleika er kynnu að gefast til að tryggja fiskeldi sambærilegan aðgang að rekstrarfé og öðrum útflutningsatvinnugreinum ef hagstæðara þykir. Það gæti orðið við almenna endurskoðun afurðalánakerfisins sem er fyrirhuguð við stofnun ábyrgðarfélags með hlutdeild sem flestra hagsmunaaðila eða á annan hátt.

Nd. **306. Breytingartillögur** [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÁrnG, RA, GGÞ).

1. Við 1. gr. Í stað A-, B- og C-liða komi einn liður svohljóðandi:
   A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 9% vörugjald.
   Í stafliðinn komi öll tollskrárnúmer greinarinnar auk eftirtalinna tollskrárnúmera:

1701.1100	1703.1001	3211.0000	7213.3109	7301.1000	7307.2300
1701.1200	1703.1002		7213.3909	7301.2000	7307.2900
1701.9101	1703.1009	3212.1000	7213.4109		7307.9100
1701.9102	1703.9001	3212.9001	7213.4909	7303.0000	7307.9200
1701.9103	1703.9009	3212.9009	7213.5009		7307.9300
1701.9104				7304.1000	7307.9900
1701.9105	3208.1001	3213.1000	7214.1000	7304.2000	
1701.9106	3208.1002	3213.9000	7214.2009	7304.3100	7321.1100
1701.9107	3208.1003		7214.3009	7304.3900	7321.1200
1701.9109	3208.1004	3214.1001	7214.4009	7304.4100	7321.1300
1701.9901	3208.1009	3214.1009	7214.5009	7304.4900	7321.8100
1701.9902	3208.2001	3214.9000	7214.6009	7304.5100	7321.8200
1701.9903	3208.2002			7304.5900	7321.8300
1701.9904	3208.2003	3917.2100	7215.1000	7304.9000	7321.9000
1701.9905	3208.2009	3917.2200	7215.2000		
1701.9906	3208.9001	3917.2300	7215.3000		7322.1100
1701.9907	3208.9002	3917.2900	7215.4000	7305.1100	7322.1901
1701.9909	3208.9003	3917.3100	7215.9000	7305.1200	7322.1909
	3208.9004	3917.3200		7305.1900	7322.9000
1702.1000	3208.9009	3917.3300	7216.1000	7305.2000	
1702.2000		3917.3900	7216.2100	7305.3100	7407.1001
1702.3001	3209.1001	3917.4000	7216.2200	7305.3900	7407.1009
1702.3002	3209.1002		7216.3100	7305.9000	7407.2101
1702.3009	3209.1009	3926.3001	7216.3200		7407.2109
1702.4001	3209.9001		7216.3300	7306.1000	7407.2201
1702.4002	3209.9002	4009.1000	7216.4000	7306.2000	7407.2209
1702.4009	3209.9009	4009.2001	7216.5000	7306.3000	7407.2911
1702.5000		4009.2009	7216.6000	7306.4000	7407.2919
1702.6000	3210.0011	4009.3001	7216.9001	7306.5000	7407.2921
1702.9001	3210.0012	4009.3009	7216.9009	7306.6000	7407.2929
1702.9002	3210.0019	4009.4000		7306.9000	
1702.9003	3210.0021	4009.5000	7217.1200		7408.1100
1702.9004	3210.0029		7217.2200	7307.1100	7408.1900
1702.9009		7213.1009	7217.3200	7307.1900	7408.2100
		7213.2009		7307.2100	7408.2200
				7307.2200	7408.2900
					7411.1000
					7411.2100
					7411.2200

7411.2900	7604.1001	8003.0001	8415.1000	8708.1000	9405.1001
	7604.1009	8003.0002	8415.8100	8708.2900	9405.1009
7412.1000	7604.2100	8003.0009	8415.8200	8708.3100	9405.2001
7412.2000	7604.2900		8415.8300	8708.3900	9405.2009
		8006.0000	8415.9000	8708.4000	9405.3000
7417.0000	7605.1100			8708.5000	9405.4001
	7605.1900	8303.0000	8428.1001	8708.6000	9405.4009
7505.1101	7605.2100		8428.4000	8708.7000	9405.5000
7505.1109	7605.2900			8708.8000	9405.6001
7505.1201		8403.1000	8431.3100	8708.9100	9405.6009
7505.1209	7608.1000	8403.9000		8708.9200	9405.9101
7505.2100	7608.2000		8507.1000	8708.9300	9405.9109
7505.2200		8407.3100	8507.2000	8708.9400	9405.9201
	7609.0000	8407.3200	8507.3000	8708.9900	9405.9209
7507.1100		8407.3300	8507.4000		9405.9901
7507.1200	7803.0001	8407.3400	8507.8000	8714.1100	9405.9909
7507.2000	7803.0002		8507.9000	8714.1900	
	7803.0009	8408.2000			
			8706.0009	8716.9002	
	7805.0000	8414.5109		8716.9009	
		8414.5909	8707.1000		
	7904.0001	8414.6009	8707.9000		
	7904.0009	8414.8009			
		8414.9000			
	7906.0000				

2. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, B-liður, er orðist svo:

B. Auk vörugjalds skv. A-lið skal greiða sérstakt vörugjald, 16%, af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

1701.1100	1702.1000	1703.1009	1806.3100	2009.5001	2201.1000
1701.1200	1702.2000	1703.9001	1806.3201	2009.5009	
1701.9101	1702.3001	1703.9009	1806.3209	2009.6001	2202.1001
1701.9102	1702.3002		1806.9009	2009.6009	2202.1009
1701.9103	1702.3009	1704.1000		2009.7001	2202.9001
1701.9104	1702.4001	1704.9001	1905.2000	2009.7009	2202.9009
1701.9105	1702.4002	1704.9002	1905.3000	2009.8001	
1701.9106	1702.4009	1704.9003		2009.8009	2203.0001
1701.9107	1702.5000	1704.9004	2009.1101		2203.0009
1701.9109	1702.6000	1704.9005	2009.1109	2009.9001	
1701.9901	1702.9001	1704.9009	2009.1901	2009.9009	2204.2101
1701.9902	1702.9002		2009.1909		2204.2901
1701.9903	1702.9003	1805.0001	2009.2001		2204.3000
1701.9904	1702.9004	1805.0009	2009.2009	2106.9011	
1701.9905	1702.9009		2009.3001	2106.9019	2206.0000
1701.9906		1806.1000	2009.3009	2106.9021	
1701.9907	1703.1001	1806.2001	2009.4001	2106.9022	2208.9009
1701.9909	1703.1002	1806.2009	2009.4009	2106.9029	
				2106.9031	2209.0000

3003.9004

3004.5004
3004.9004

3302.1002

3. Í stað orðsins „fyrsti“ í 2. málsl. 2. gr. komi orðið: fimmtándi.
4. Við bætist ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:
   Við 10. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:
   Ákvæði laga þessara um vörugjald gilda að öllu leyti um sérstakt vörugjald.
5. 3. gr., er verði 4. gr., orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. janúar 1989 varðandi innlenda framleiðslu.
6. Eftirtaldar breytingar verði á ákvæðum til bráðabirgða:
   a. Í stað orðanna „20. desember 1988“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: 10. janúar 1989.
   b. Í stað orðanna „8. desember 1988“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða II komi: gildistökudegi laga þessara.
   c. Í stað orðanna „8. desember 1988“ í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: gildistökudegi laga þessara.
   d. Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, og fyrirmæli stjórnvalda um stöðvun á hækkun verðs vöru og þjónustu má hækka verð vöru sem nemur álagningu gjalda samkvæmt lögum þessum.
   e. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, V, svohljóðandi:
   Lög þessi verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 1991.

Nd. 307. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Meistara- og verktakasambandi byggingamanna, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Félagi ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtökum Íslands.

Þá komu á fund nefndarinnar Sveinn Björnsson frá utanríkisráðuneyti, Guðrún Ásta Sigurðardóttir frá fjármálaráðuneyti, Ólafur Friðriksson, framkvæmdastjóri verslunardeildar SÍS, Kristmann Magnússon frá Kaupmannasamtökunum, Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurgeir A. Jónsson frá tollstjóra, Sveinbjörn Guðmundsson og Jón Mýrdal frá tollvörðum, Helgi Hjálmarsson og Jón Bragi Gunnlaugsson frá Tollvörugeymslunni, Þórleifur Jónsson, Guðlaugur Stefánsson og Haraldur Sumarliðason frá Landssambandi iðnaðarmanna, Björn Lárusson og Guðjón Pálsson frá Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Guðmundur Þ Jónsson frá Iðju, Loftur Pétursson frá Meistarafélagi húsgagnabólstrara, Kristinn Björnsson og Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Benedikt Davíðsson frá Sambandi byggingamanna, Árni

Brynjólfsson frá Landssambandi rafverktaka, Gísli Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Gunnlaugur Júlíusson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Jóhannes Gunnarsson og María Ingvadóttir frá Neytendasamtökunum, Snorri Páll Snorrason og Hrafn Tulinius frá manneldisráði, Jón Gíslason frá Hollustuvernd, Ólafur Ólafsson landlæknir og Georg Ólafsson verðlagsstjóri.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin er að vörugjaldið verður 9% en gjaldstofn breikkaður, lækkar þá gjald á þær byggingarvörur er borið hafa 14% vörugjald. Rafmagnstæki og snyrtivörur, er borið hafa 14% vörugjald, lækka. Hins vegar leggst 9% vörugjald á húsgögn, innréttingar, lampa, teppi, bílavarahluti, timbur, steypu, málningu, lökk, lím, gler, vörur til pípulagna og byggingarefni úr plasti.

Þá leggst sérstakt 16% vörugjald til viðbótar 9% vörugjaldi á sælgæti, kex, gosdrykki og sykur.

Nefndin leggur loks til að lögin verði endurskoðuð fyrir 1. jan. 1991.

Alþingi, 20. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Árni Gunnarsson.	Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 308. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Efnislega er sú eina breyting gerð að í 2. mgr. 2. gr. falli orðin „allt að“ brott, þannig að skýrt verði að leigutaki þurfi að kaupa 15% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar til að tryggja sér ótímabundinn afnotarétt. Aðrar breytingar lúta einungis að breyttri framsetningu frumvarpsins og upprðun greina.

Á fund nefndarinnar komu Ingi Valur Jóhannsson frá félagsmálaráðuneytinu, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ, Björn Þórhallsson og Grétar Þorsteinsson frá ASÍ, Sigurjón Þorbergsson og Reynir Ingibergsson úr stjórn Búseta.

Fram kom hjá umsagnaraðilum að hið nýja fyrirkomulag væri þáttur í hinu félagslega kaupleigukerfi og veitti engan sérstakan forgang eða réttindi umfram það sem almennt gildir í félagslega kerfinu. Almennt töldu umsagnaraðilar rökrétt að þetta frumvarp væri flutt og að þessi breyting yrði gerð á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Alþingi, 20. des. 1988.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Geir H. Haarde.	Alexander Stefánsson.	Eggert Haukdal.
	Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.	

Nd. 309. Breytingartillögur [147. mál]

við frv til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   6. og 7. mgr. 92. gr. laganna falli brott.
2. Við 2. gr., er verði 3. gr.:
   a. Orðin „allt að“ í 2. mgr. falli brott.
   b. 4., 5. og 8. mgr. falli brott.
3. Á eftir 2. gr. (er verði 3. gr.) komi ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:
   Á eftir 93. gr. laganna kemur enn ný grein, 94. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðist svo:
   Leigugjald af íbúðum skv. 92. og 93. gr. miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.
   Varðandi íbúðir sem um getur í 93. gr. skal þó taka tillit til eftirfarandi þátta:
   Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn enda lækki leigugjald sem því nemi.
   Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þeirri grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.
   Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.
   Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

Nd. 310. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu frumvarpi tekur ríkisstjórnin sér það vald að ákveða einhliða þak á almenn laun og segja fyrir um hvenær segja megi upp samningum. Fyrsti minni hl. getur ekki fallist á það sem réttmætan lið í lausn á vanda atvinnulífsins sem er að stærstum hluta fólginn í óhóflegum fjármagnskostnaði, svo og þróun gengis og verðlags. Fyrsti minni hl. leggur því til breytingar á frumvarpinu sem birtar eru á þskj. 284. Í þeim felst að frá gildistöku laganna verði aflétt banni við launahækkunum og uppsögn samninga.

Alþingi, 20. des. 1988.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Kristín Halldórsdóttir, frsm.

Nd. 311. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta á rætur að rekja til bráðabirgðalaga sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti sér fyrir í maímánuði sl. Þeim bráðabirgðalögum var breytt með öðrum bráðabirgðalögum núverandi ríkisstjórnar sem eru til meðferðar samhliða þessu frumvarpi, 8. mál.

Að dómi undirritaðs eru forsendur brott fallnar fyrir mikilvægustu greinum þess máls sem hér liggur fyrir. Hann stendur því að breytingartillögum á þskj. 284 ásamt fulltrúa Borgaraflokks og Kvennalista og styður frumvarpið svo breytt.

Alþingi, 20. des. 1988.

Geir H. Haarde.

Sþ. 312. Þingsályktun [173. mál]

um staðfestingu tveggja Norðurlandasamninga um viðurkenningu starfsréttinda kennara.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 188.

Sþ. 313. Þingsályktun [174. mál]

um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Sþ. 314. Þingsályktun [6. mál]

um umhverfisfræðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök.

Sþ. 315. Þingsályktun [32. mál]

um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila samhliða breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að sjóðurinn stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Nd. 316. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

(Eftir 3. umr. í Ed., 20. des.)

1. gr.

2. málsl. 42. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði III. og VIII. kafla laganna auk ákvæða 7. og 8. gr. skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna. Þær skólanefndir, sem starfa við framhaldsskólana, er lög nr. 57/1988 koma að öðru leyti til framkvæmda, halda umboði sínu til 1. janúar 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 317. Lög [180. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 261.

Ed. 318. Lög [193. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 226.

Sþ. 319. Svar [140. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um opinbera ferðamálastefnu.

Í mars 1987 gaf ráðuneytið út skýrslu um ferðamál undir heitinu *Úttekt á íslenskum ferðamálum*, en úttektin var gerð í framhaldi af þingsályktun um úrbætur í ferðaþjónustu sem samþykkt var á Alþingi vorið 1986. Í þingsályktuninni sagði m.a. að á grundvelli slíkrar úttektar skyldi gerð áætlun um úrbætur.

Til að vinna að gerð þessarar áætlunar og að tillögum um ferðamálastefnu skipaði ráðuneytið nefnd í júní 1987. Af ýmsum ástæðum hefur starfi nefndarinnar lítt miðað áfram. Nú hefur verið ákveðið að endurskipuleggja nefndina og endurskoða erindisbréf hennar. Verður henni nú, auk framangreindra verkefna, falið að endurskoða lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Nd. 320. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpi þessu um vörugjald er ætlað að afla ríkissjóði um 1.600 millj. kr. viðbótartekna á árinu 1989. Nái það fram að ganga verður það til að íþyngja almenningi í landinu ofan á aðrar boðaðar skattahækkanir.

Meiri hl. boðaði breytingartillögur við frumvarpið. Þær tillögur voru ekki lagðar fyrir nefndina áður en meiri hl. afgreiddi málið. Minni hl. átelur slík vinnubrögð og leggur áherslu á að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Þær takmörkuðu upplýsingar, sem fram komu um breytingar á fumvarpinu, benda þó eindregið til þess að þar sé verið að gera hlut innlendrar framleiðslu enn lakari en til stóð í upphaflega frumvarpinu. Athugasemdir í fylgiskjölum eiga því ekki síður við frumvarpið eins og það mun væntanlega líta út eftir 2. umr.

Þegar matarskatturinn var lagður á á síðasta þingi voru tollar og aðflutningsgjöld lækkuð til að milda áhrif hans. Nú er áformað að taka þá lækkun til baka og um leið að hverfa af braut „einfaldleikans" sem svo mjög var talað fyrir á síðasta þingi.

Allt er hér á sömu bókina lært: laun fryst, skattar stórauknir, kaupmáttur stórlega skertur og verðstöðvun hefur farið úr böndum. Það jaðrar því við siðleysi að leggja auknar byrðar á almenning sem óhjákvæmilega verður með samþykkt þessa frumvarps. Þess vegna getur minni hl. ekki staðið að samþykkt frumvarpsins og leggur til að það verði fellt.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar til umsagnar. Nokkrar skriflegar umsagnir þeirra fylgja áliti þessu.

Alþingi, 20. des. 1988.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr., frsm. | Geir H. Haarde. | Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Kaupmannasamtök Íslands
Félag raftækjasala
Kristinn Magnússon varaformaður:

Athugasemdir til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis vegna væntanlegra hækkana á vörugjaldi.
(9. des. 1988.)

Félag raftækjasala vill mótmæla fyrirhugaðri hækkun á vörugjaldi og vekja athygli fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis á eftirfarandi:

Enn á ný stendur til að leggja hækkað vörugjald á heimilistæki og þá svo til eingöngu á rafknúin heimilistæki. Vörugjöld eru lögð á í stað tolla m.a. til þess að geta lagt gjöld á vörur frá EFTA og EB-löndum og farið þannig í kring um samninga okkar um afnám tolla á vörum frá þessum löndum. Vörugjöld á rafknúin heimilistæki eru því nokkurs konar fölsun á staðreyndum, þau eru í svo til öllum tilfellum dulbúnir tollar þar sem svo til engin framleiðsla er á slíkum tækjum hér á landi. Hér eru eingöngu framleiddar eldavélar og eldhúsviftur og er

magn þeirra miðað við heildarinnflutning mjög lítið og óverulegt. Öll önnur raftæki eru innflutt og megnið af þeim kemur frá EFTA og EB-löndum. Mun því eingöngu verða greitt vörugjald af innflutningi auk fyrrgreindrar innlendrar framleiðslu á eldavélum og viftum.

Okkur raftækjasölum finnst nú að frekar hefði átt að breikka grunn vörugjaldsins með því að leggja það á fleiri vöruflokka og þá um leið að lækka prósentu þess. Hefði sú aðgerð ekki síður skilað auknum tekjum í ríkissjóð en þær síendurteknu árásir sem ávallt eru gerðar á heimilistæki.

Í desember 1987 bentum við raftækjasalar á fjöldann allan af vöruflokkum, sem þá voru lækkaðir úr hæstu tollum 80% og hæsta vörugjaldsstigi 30% og voru sett í 0% innflutningsgjöld. Þar á meðal voru vörur eins og ýmsar skrautvörur, körfugerðarvörur, leiktæki og spil alls konar, skjalakassar, reiknivélar, fjölritunarvélar, símar, telex, telefax o.fl. Það mætti nefna fjöldann allan af öðrum vöruflokkum sem upphaflega stóð til að setja á vörugjald, en horfið var frá því vegna pólitísks þrýstings og „björgunaraðgerða" Félags ísl. iðnrekenda sem vel er lýst í fréttaskýringu Morgunblaðsins fimmtudaginn 10. des. 1987 undir fyrirsögninni „Erfið fæðing en efnilegt barn".

Það er því furðulegt að heyra nú ári seinna mótmæli frá framámönnum FÍI um að nú standi til að skattleggja eina atvinnugrein umfram aðrar, það væru einmitt þeir sömu menn sem á síðasta ári lögðu til að eingöngu yrði lagt á sérstakt gjald á sælgæti, gosdrykki og rafmagnstæki, en fallið frá að leggja vörugjaldið á fleiri vöruflokka þar með taldar ýmsar iðnaðarvörur.

Við síðustu breytingar á tollalögum og lögum um vörugjald í desember 1987 tók hæstvirt fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar tillit til ábendinga okkar um lækkun á tollum og afnám vörugjalds á vörur sem við höfum nefnt „smyglnæmar vörur". Allverulega var tekið tillit til ábendinga okkar um niðurfellingu gjalda á ákveðna vöruflokka, en aðrir vöruflokkar sem við bentum á fengu ekki náð fyrir augum nefndarinnar.

Það er rétt að hér komi fram að stór hluti verslunar með vöruflokka, sem lækkaðir voru um sl. áramót, hefur nú komið inn í landið í stað þess að eiga sér stað á erlendri grund. Þessi verslun á enn eftir að aukast hér á landi því enn ber töluvert á því að landinn trúi því ekki að einhverjar vörur geti verið ódýrari eða jafndýrar hér á landi og erlendis. Þetta á þó vonandi eftir að breytast þegar boðskapurinn um sama eða lægra verð hefur náð eyrum fleiri neytenda en nú er. Miðað við hið gífurlega „smygl" síðustu ára eða áratuga erum við sannfærðir um að tekjutap ríkisins vegna lækkana um sl. áramót verður lítið sem ekkert og munu tekjur ríkisins aukast þegar fram í sækir miðað við það sem áður var.

Sennilega fáum við nú litlu breytt um það frumvarp um vörugjald sem nú liggur fyrir Alþingi, en þó hefðum við gjarnan viljað sjá afnám vörugjalds á „smyglnæmum" vörum eins og straujárnum (85.16.4009), heyrnartólum (85.18.3000), geislaspilurum (85.19.2100/2900) svo og litlum sambyggðum útvarps- og hljóðupptökutækjum (85.27.1100/2100).

Mjög nauðsynlegt er þó að leiðrétta ósamræmi í núverandi tollskrárnúmerum og fella niður eftirtalin tollskrárnúmer úr því frumvarpi sem fyrir Alþingi liggur. Það eru númerin:

84.50.9000 Varahlutir í þvottavélar.

Það er alls ekki í neinu samræmi við aðra varahluti að hafa vörugjald á þessum lið. Ekkert vörugjald er á varahlutum í uppþvottavélar (84.22.9000), þurrkara (84.51.9000), kæliskápa (84.18.9900) eða þvottasuðupotta (85.16.9000). Hér er um hróplegt ósamræmi að ræða þar sem sömu hlutir geta passað á milli t.d. þvottavéla, þvottapotta og uppþvottavéla.

Heildarinnflutningur allra tækja, sem falla undir þetta númer fyrstu 8 mánuði ársins 1988, var 1.358.929 kr.

85.09.8000 Önnur smærri raftæki til heimilisnota.

Hér er um að ræða önnur smærri rafmagnsheimilistæki sem ekki eru nefnd annars staðar í tollskránni, t.d. hakkavélar, ávaxta- og matjurtapressur, rafmagnstannbursta og önnur slík smærri tæki. Fyrir utan 15% toll eiga þessi tæki að bera vörugjald og er lítið samræmi í því þar sem t.d. hrærivélar bera hvorki toll né vörugjald. Aðrir tannburstar eru einnig komnir í 0% innflutningsgjöld og er því ekkert samræmi í þessu. Rafmagnstannburstar eru fyrst og fremst notaðir af fötluðu fólki og öðrum sem eru hreyfihamlaðir. Hvers á þetta fólk að gjalda? Hvers á tannhirða þess að gjalda?

Heildarinnflutningur allra tækja, sem falla undir þetta númer fyrstu 8 mánuði ársins í ár, var 1.358.929 kr.

85.09.9000 Varahlutir í ryksugur, hrærivélar og kvarnir.

Hér er einnig mikið ósamræmi. Ryksugur og hrærivélar bera hvorki toll né vörugjald, en varahlutir í þessi tæki eru tolluð með 15% tolli og eiga nú einnig að bera 25% vörugjald. Ekkert vörugjald er á varahluti í önnur tæki í 85. kaflanum, t.d. varahluti í strokjárn, hár- og handþurrkur, örbylgjuofna, kaffivélar, brauðristar o.fl. Þau eru öll í tollnúmeri 85.16.9000.

Heildarinnflutningur fyrstu 8 mánuði ársins 1988 var 2.499.626 kr.

Eins og sést af ofangreindum innflutningstölum þá getur það ekki skipt sköpum fyrir afkomu ríkissjóðs þótt vörugjald verði fellt af þessum flokkum. Aðalatriðið er þó hitt að samræmi sé á milli vöruflokka, en fyrrgreind dæmi sýna því miður að svo er ekki. Það á ekki að þurfa langan tíma né margar vökunætur til að lagfæra þetta frumvarp og við vonum að háttvirt fjárhags- og viðskiptanefnd taki þessar ábendingar okkar til jákvæðrar meðferðar.

Fylgiskjal II.

Félag íslenskra stórkaupmanna
Árni Reynisson framkvæmdastjóri:

Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(13. des. 1988.)

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur samkvæmt beiðni yðar í bréfi dags. 7. des. tekið saman álitsgerð vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, 162. mál, og eru fulltrúar félagsins reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til nánari viðræðna um eftirfarandi sjónarmið félagsins.

Fyrir réttu ári síðan, haustið 1987, fór fram mikil og ítarleg umræða um skattkerfið íslenska, ekki síst skattheimtu ríkisins af vörum og þjónustu. Í því sambandi var rætt um nauðsyn þess að aðlaga nú aðstæður íslenskra atvinnuvega þeim sem tíðkast í viðskipta- og samkeppnislöndum okkar með tilliti til aðildar Íslands að EFTA og samninga við Evrópubandalagið, núverandi og væntanlegra. Aðlögun að hinum nýja Evrópumarkaði er eitt mesta stórmál sem nú er við að glíma í íslenskri efnahagspólitík og árangur á því sviði verður að mati félagsins að setja langt ofar tímabundnum erfiðleikum í greiðslustöðu ríkissjóðs Íslands.

Til þess að ná framangreindum markmiðum náðist í fyrrahaust samstaða eða a.m.k. skilningur á því að eftirfarandi höfuðbreytingar væru óhjákvæmilegur liður í aðlögun að breyttum aðstæðum í Evrópu og víðar:

Virðisaukaskattur verði tekinn upp í stað söluskatts. Innflutningstollar og vörugjöld hverfi sem helsti tekjustofn ríkisins, en VASK taki við sem aðaltekjustofn þess af vörusölu og

þjónustu og verði ásamt tekjusköttum annar burðarásinn í fjáröflun ríkissjóðs. Í þessu sambandi voru samþykktar þrjár lagabreytingar:

1. Samþykkt var að taka upp virðisaukaskatt 1. júlí 1989 og leggja niður söluskatt frá sama tíma.
2. Söluskattsstofn var breikkaður og er nú tekinn af allri almennri vöru og þjónustu.
3. Samþykkt voru ný lög um tollskrá sem tóku gildi 1. janúar 1988 og voru þar felld niður aðflutningsgjöld á aðföng atvinnuvega og tollar á almennar vörur ýmist stórlækkaðir eða felldir burt.
4. Vörugjald var að mestu afnumið og var um það rætt að leifar þess féllu endanlega burt við upptöku virðisaukaskatts, enda fellur skatturinn illa að framkvæmd VASK.
5. Þá var lántökugjald lagt á til bráðabirgða, en á að falla niður um þessi áramót samkvæmt gildandi lögum.

Frekari skref í framhaldi af afnámi þessara skatta töldust eðlilega þau að smám saman verði afnumdir allir skattar sem mismuna atvinnugreinum þjóðarinnar innbyrðis og veikja samkeppnisstöðu þeirra út á við. Hér er m.a. átt við skatt á atvinnuhúsnæði, mishá aðstöðugjöld og launaskatt á nokkrar atvinnugreinar, þ.e. gjöld sem eru dæmd til að hverfa ef íslensk stjórnvöld sjá nauðsyn á að aðlaga sig hugmyndum Evrópubandalagsins um samskipti ríkis og atvinnulífs.

Höfuðtilgangurinn með þeim skattkerfisbreytingum, sem hófust á síðasta ári, er samkvæmt framansögðu að styrkja og jafna samkeppnishæfni atvinnugreina við nýjar og breyttar aðstæður í milliríkjaviðskiptum. Frumvarp það til laga um vörugjald, sem hér liggur fyrir og felur í sér nýja og stóraukna skattheimtu af vörum, gengur hins vegar í þveröfuga átt.

Óljóst er af frumvarpinu hvað ríkissjóður gerir ráð fyrir miklum tekjum af þessum skattstofni. Þó er ljóst að frumvarpið, ef að lögum verður, mun leiða til umtalsverðrar hækkunar á þýðingarmiklum vöruflokkum sem mjög getur orkað tvímælis á viðsjárverðum tímum eins og nú.

Vísitala framfærslukostnaðar mun hækka, svo og vísitala byggingarkostnaðar og þar með einnig lánskjaravísitala. Bein afleiðing er verðbólga sem mun m.a. torvelda mjög skynsamlega kjarasamninga á næsta ári.

Vegna almenns samdráttar í þjóðfélaginu og minnkandi kaupgetu almennings og atvinnuveganna má búast við að stórfelld hækkun á vöruverði, eins og hér er gert ráð fyrir, muni ekki leiða til tilætlaðrar tekjuaukningar, heldur geti eftirspurn eftir hinum skattlögðu vörum minnkað eins og rýrar tekjur af vörugjaldi á þessu ári benda til.

Samkeppnisstaða íslenskrar verslunar gagnvart erlendri skerðist enn við auknar álögur á svokallaðar ferðamannavörur. Þetta mun væntanlega lýsa sér í auknum innkaupaferðum til Glasgow og annarra ódýrra verslunarstaða í grannlöndum okkar þar sem álögur ríkisins eru hóflegar og virðisaukaskattur endurgreiddur við brottför.

Á þessu ári hafa menn kynnst einföldun og skilvirkni í skattkerfunum og ríkulegri hagræðingu sem af því leiðir. Með þremur skattstigum í vörugjaldsfrumvarpinu er snúið af þeirri leið og haldið inn í frumskóginn aftur.

Telji einhver að hollustusjónarmið ráði ferðinni þegar fyrirhugaður er skattur á sælgæti, öl og gosdrykki þá er það skoðun FÍS að betur þurfi að vanda til slíkrar löggjafar en hér er gert. Vörugjaldið leggst aðeins á hluta sykurneyslunnar og hollustustefna í skattlagningu og verðlagningu þarf að sjálfsögðu að taka til fleiri vara en sykurs. Nægir að benda á að hollustuvörur eins og grænmeti eru hér seldar á margföldu því verði, sem algengt er á erlendum mörkuðum, vegna verndarstefnu sem haldið er uppi með viðskiptahömlum og réttnefndum ójafnaðargjöldum. Skattabyltingin, sem ríkisstjórn þriggja flokka hratt í framkvæmd á síðasta þingi, var mikið framfaraspor.

FÍS skorar á Alþingi að hvika hvergi af áður markaðri braut, fella fyrirliggjandi frumvarp um vörugjald en ljúka þess í stað afnámi vörugjalds og skatta er mismuna atvinnugreinum fyrir upptöku virðisaukaskatts.

Fylgiskjal III.

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda
Guðjón Pálsson formaður,
Björn R. Lárusson varaformaður:

Umsögn til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.
(13. desember 1988.)

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda lýsir yfir harðri andstöðu við frumvarp þetta, einkum c-lið 1. gr. þess. Jafnframt lýsir félagið undrun sinni á þeirri vanþekkingu og eða skilningsleysi á samkeppnisaðstöðu húsgagna- og trjávöruiðnaðar sem frumvarpið ber með sér. Vísar félagið til og tekur undir þau rök gegn frumvarpinu sem fram koma í umsögn Landssambands iðnaðarmanna um það, einkum þar sem fjallað er um áhrif á húsgagnaiðnað og annan tréiðnað, en einnig til almennra röksemda gegn vörugjaldinu, sérstaklega marghátt-aðra vandamála sem fyrirsjáanleg eru við eðlilega framkvæmd skattheimtunnar.

Sérstaklega er vakin athygli á að eitt af mikilvægustu loforðum sem iðnaðinum voru gefin við inngöngu Íslands í EFTA var að iðnaðurinn þyrfti ekki að greiða aðflutningsgjöld eða söluskatt af aðföngum til framleiðslunnar. Í orði kveðnu hefur átt svo að heita að loforð þessi væru virt þótt enn þá skorti talsvert á að þau hafi verið uppfyllt og m.a. varð að hluta til afturför við skatt- og tollkerfisbreytinguna um sl. áramót. Félag húsgagna- og innréttinga-framleiðenda telur að nær hefði verið að ríkisstjórnin sæi sóma sinn í því að vinna að lausn þeirra vandamála sem fyrir eru vegna gjalda á aðföngum iðnaðarins í stað þess að leggja fram umrætt frumvarp sem felur í sér umbúðalaus svik á EFTA-loforðunum svonefndu.



Fylgiskjal IV.

Landssamband iðnaðarmanna
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri:

Umsögn til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.
(12. desember 1988.)

Landssamband iðnaðarmanna lýsir andstöðu sinni við ofangreint frumvarp í heild sinni, en þó sérstaklega við c-lið 1. gr. þess sem er bein ógnun við samkeppnisstöðu fjölda fyrirtækja og heilla iðngreina innan Landssambandsins þannig að ekki verður við unað.

Með frumvarpinu er í þriðja sinn á aðeins tveimur árum gælt við það af hálfu stjórnvalda að auka skatttekjur með stórfelldri hækkun vörugjalds. Í hin tvö skiptin höfðu þau sér það að vísu til afsökunar að auknum tekjum af vörugjaldi var ætlað að mæta tekjutapi vegna tollalækkana en að þessu sinni er hins vegar um að ræða hreina viðbótarskattheimtu.

Í fyrri skiptin tvö, sem stjórnvöld áformuðu að auka tekjur af vörugjaldi, varð endirinn sá að menn áttuðu sig á því að vörugjaldið er meingallað skattform, m.a. vegna þess að það leggst á aðföng iðnfyrirtækja og annarra framleiðslufyrirtækja og skerðir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum þar sem erlendir samkeppnisaðilar þurfa ekki að greiða hliðstæð gjöld. Það er því mikill misskilningur að vörugjald sé hlutlaus skattur og hafi ekki áhrif á samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum keppinautum. Auk þess leiðir það iðulega til mikillar mismununar milli vöruflokka og skekkir þar með samkeppnisgrundvöll hér innan lands. Vegna annmarka vörugjaldsins varð því niðurstaðan sú um sl. áramót að vörugjald var einfaldað með því að taka upp eitt skatthlutfall og fækka gjaldskyldum vörum. Með því að leggja enn á ný út á þá braut að hækka skatta í formi vörugjalds er því verið að gera að engu ávinninginn af skattkerfisbreytingunni um sl. áramót.

Frumvarpið er og forkastanlegt að því leyti að ekki er gert ráð fyrir því að leiðrétta eigi þá alvarlegu agnúa sem felast í mjög mikilli nýrri skattlagningu á aðföng fyrirtækja, þar á meðal í svonefndum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Heimild 9. gr. vörugjaldslaga um frádrátt við skattskil á greiddu vörugjaldi af hráefni er engan veginn fullnægjandi lausn á þessu vandamáli. Í fyrsta lagi gildir heimildin aðeins fyrir vörugjaldsskylda aðila þannig að fyrirsjáanlegt er að mörg fyrirtæki, t.d. í málmiðnaði, sem framleiða vörur sem ekki eru vörugjaldsskyldar, mundu þurfa að greiða vörugjald af aðföngum. Sama gildir um einingahúsaframleiðslu. Í öðru lagi þurfa innlendir framleiðendur að leggja út fyrir skattinum og bera hann í allt að þrjá mánuði. Í þriðja lagi hefur iðnaðurinn bitra reynslu af því að veruleg tæknileg vandkvæði eru á því að undanþiggja aðföng vörugjaldsskyldu þar sem sama varan er mjög iðulega hráefni eða önnur aðföng til framleiðslu og neyslu- eða fjárfestingarvara. Í framkvæmd hefur túlkun undanþáguheimilda auk þess ávallt verið þröng og iðnaðinum í óhag. Í fjórða lagi verður alls ekki séð að mögulegt verði almennt að koma við undanþágu eða frádrætti af aðföngum iðnfyrirtækja sem kaupa aðföng af innlendum efnissala. Í þessu sambandi ber að hafa í huga þann mikla fjölda smáfyrirtækja sem er t.d. í tré- og málmiðnaði. Fjöldamörg önnur vandkvæði eru á því að koma í veg fyrir að iðnfyrirtæki þurfi að greiða vörugjald af þeim margvíslegu aðföngum sínum sem gjaldskyld verða með frumvarpinu.

Jafnvel þótt góður vilji væri til þess að leysa þau, sem þó verður að efast um miðað við anda þessa frumvarps, er ógerlegt að gera það á viðunandi hátt. Frumvarpið er raunar svo óvandað að í athugasemdum þess er ekki orði vikið að þessum vandamálum.

Þá verður ekki hjá því komist að minna á að mjög kreppir að í íslensku atvinnulífi um þessar mundir. Stóraukning skatta á fyrirtæki við slíkar aðstæður eykur að sjálfsögðu þann vanda sem fyrir er en er að vissu leyti í samræmi við langa reynslu. Hún lýsir sér í því að stjórnvöld fara að gera samdráttarráðstafanir þegar efnahagslífið er að dragast saman og ekki er nauðsyn á því að auka samdráttinn með sérstökum ráðstöfunum. Að skattleggja „kreppuna" með þessum hætti gæti reynst fjármálaráðherra óþægur ljár í þúfu þar sem gjaldstofninn fer óhjákvæmilega ört minnkandi og í kjölfarið það sem verra er, söluskattsstofninn líka.

Sú fyrirætlun að leggja vörugjald á byggingarefni og unna trjávöru bendir til þess að fjármálaráðherra sé illa upplýstur um staðreyndir um þróun í fjárfestingu og byggingarstarfsemi og lýsir ekki síður vanþekkingu eða skilningsleysi á erfiðri samkeppnisstöðu húsgagna- og trjávöruiðnaðar og annars íslensks iðnaðar sem framleiðir efni og vöru til bygginga í samkeppni við innflutning. Þá er og forkastanlegt að leggja vörugjald á aðföng málmiðnaðar sem stjórnvöld sjálf hafa marglýst yfir að þyrfti að gegna mikilvægu hlutverki í tæknivæðingu fiskvinnslu og útgerðar ásamt því að vera ein helsta vonarglætan um eflingu útflutnings.

Áhrif á byggingariðnað.

Varðandi fjárfestingu og umsvif í byggingariðnaði, sem hin nýja skattlagning mun óhjákvæmilega — og er e.t.v. ætlað að — bitna á, er í fyrsta lagi mjög hæpið það sjónarmið sem margir hafa haldið á lofti að þenslan, sem var í efnahagslífinu allt fram í byrjun þessa árs, hafi stafað fyrst og fremst af „offjárfestingu". Fjárfesting er talin verða aðeins 17,7% af vergri landsframleiðslu á þessu ári og 17,2% á næsta ári eða lægra hlutfall af landsframleiðslu en verið hefur á síðustu fjörutíu árum. Síðari talan byggist á spá Þjóðhagsstofnunar um 3,3% samdrátt í fjárfestingu á næsta ári. Forsendur þeirrar spár hafa að undanförnu breyst verulega. Í ljósi nýrra aðstæðna spáir Landssamband iðnaðarmanna því að fjárfesting muni dragast saman um 15% á næsta ári og um 17–18% ef frá er talin sérstök fjárfesting vegna flugvéla o.fl. Með bréfi þessu fylgja frekari upplýsingar um þróun fjármunamyndunar undanfarinna ára samanborið við aðrar þjóðhagsstærðir. Upplýsingar þessar byggjast allar á opinberum tölum, þar á meðal fjárfestingarspá fyrir árið 1989.

Mjög mörg fyrirtæki og einstaklingar hafa verið ýmist að hætta við fjárfestingu í húsnæði, fresta framkvæmdum eða dreifa yfir lengri tíma. Upplýsingar frá byggingarfyrirtækjum, byggingarefnissölum, hönnuðum o.fl. benda einnig eindregið til þess að framkvæmdir og fjárfestingaráform séu þegar farin að dragast mikið saman. Það er því mjög hæpið að sérstakra hagstjórnaraðgerða, eins og ný skattlagning á byggingarefni er, sé þörf til að draga úr fjárfestingu.

Hafa ber í huga að áform um vörugjaldið koma til viðbótar ýmsum öðrum ráðstöfunum sem opinberir aðilar hafa haft á prjónunum sem einnig draga úr fjárfestingu, bæði skattheimtu og samdrátt í framkvæmdum. Hér má nefna að ákveðið hefur verið að hægja á framkvæmdum við Blönduvirkjun og Nesjavallavirkjun og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs til framkvæmda verði í lágmarki á næsta ári. Þá hefur einnig verið til athugunar að skera verulega niður ráðstöfunarfé íbúðalánasjóðanna. Af nýrri skattheimtu, sem draga mun úr framkvæmdum, ef af verður, má nefna tvöföldun skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, skattlagningu veðdeilda banka og fjárfestingarlánasjóða, framlengingu skatts á erlendar lántökur, þrátt fyrir að forsendur hans, þ.e. mismunur á innlendri og erlendri verðlagsþróun, séu tæpast lengur til staðar, og frestun á gildistöku laga um virðisaukaskatt.

Áhrif á húsgagnaiðnað og annan tréiðnað.

Áform um viðbótarskattlagningu á húsgögn og innréttingar lýsa fádæma vanþekkingu og/eða skilningsleysi á aðstöðu þeirrar iðngreinar. Húsgagnaiðnaðurinn hefur löngum átt í mjög harðri og erfiðri samkeppni við erlenda aðila og orðið að láta undan á tilteknum sviðum markaðarins þótt hann hafi staðið sterkum fótum á þeim sviðum þar sem hann hefur ákveðið að sérhæfa sig. Undanfarin missiri hafa ytri skilyrði versnað stórlega vegna fastgengisstefnu. Auk þess hefur verið nokkur samdráttur í húsgagnasölu almennt framan af þessu ári, bæði til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Viðbótarskattlagning á húsgögn og innréttingar yrði fyrst og fremst rothögg fyrir innlenda framleiðslu á þessu sviði.

Til marks um samkeppnisstöðu íslenskra húsgagna- og innréttingaframleiðenda skal bent á að Landssamband iðnaðarmanna hefur í samstarfi við aðildarfélag sitt, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda, gert reglubundnar kannanir á innlendri markaðshlutdeild í húsgögnum og innréttingum. Endanleg niðurstaða fyrir árið 1987 liggur ekki enn þá fyrir þannig að það sem sagt er hér á eftir um árin 1987 og 1988 eru áætlanir sem gætu breyst lítils háttar við endanlega úrvinnslu.

Á árinu 1977, þegar áhrifa EFTA-aðildar var ekki tekið að gæta verulega, höfðu íslenskir húsgagnaframleiðendur um 70–75% markaðarins. Markaðshlutdeildin hefur síðan smám saman minnkað en þó misjafnlega hratt eftir aðstæðum hverju sinni. Á árinu 1986 er innlend markaðshlutdeild talin hafa verið um 40%. Á árinu 1987 jókst hins vegar innflutningur húsgagna gríðarlega mikið, eða úr um 782 millj. kr. í um 1351 millj. kr., en í því felst 72,9% aukning í krónum talið og um 62% aukning að raungildi miðað við vísitölu innflutningsverðs. Er talið að þrátt fyrir talsverða magnaukningu í innlendri framleiðslu hafi innlend markaðshlutdeild þá lækkað í um 34%. Við tölvuvæðingu hjá tollstjórum og með upptöku nýrrar tollskrár um sl. áramót hefur ekki betur tekist til en svo að upplýsingar um innflutning eru nú langtum síðbúnari en áður var og nokkur óvissa ríkir um innflutning og sölu húsgagna á síðari hluta þessa árs vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum. Fyrirliggjandi upplýsingar benda þó helst til þess að innflutningur verði að magni til lítið minni en í fyrra og innlend markaðshlutdeild svipuð, þ.e. um 34%.

Upplýsingar um markaðshlutdeild í innréttingum liggja ekki fyrir jafnlangt aftur í tímann og í húsgögnum enda er talið að áhrifa fríverslunarsamninga hafi gætt síðar á þeim markaði, eða fyrst og fremst eftir 1980. Segja má að innlend framleiðsla innréttinga sé tvíþætt, þ.e. stöðluð framleiðsla fyrirtækja, sem sérhæfa sig í innréttingaframleiðslu, og sérsmíði. Innflutningurinn er hins vegar nánast að öllu leyti stöðluð framleiðsluvara. Samkvæmt athugunum Landssambands iðnaðarmanna er talið að innlend markaðshlutdeild í innréttingum, þegar miðað er eingöngu við staðlaða innlenda framleiðslu, hafi lækkað úr um 65% á árinu 1980 niður í um 40% á árinu 1987. Þegar öll innlend innréttingasmíði, stöðluð og óstöðluð, er borin saman við innflutning er markaðshlutdeild hins vegar talin hafa lækkað úr um 85% niður í um 65% á sama tímabili.

Um annan trjávöruiðnað má sem dæmi nefna að límtrésframleiðsla mun að öllum líkindum leggjast niður hér á landi verði frumvarpið að lögum og vandi einingahúsaframleiðenda, sem verið hefur ærinn fyrir, mun sannarlega ekki minnka. Einnig er fyrirsjáanlegt að samkeppnisstaða glugga- og hurðaframleiðenda mundi skerðast verulega og innflutningur aukast.

Hvað varðar innlenda trjávöruframleiðslu almennt, og þó einkanlega innréttingaframleiðslu og hurða- og gluggaframleiðslu, mundi álagning vörugjalds á framleiðsluvöruna og hráefni til hennar stuðla mjög að því að smíði færðist frá verksmiðjum eða vel búnum og viðurkenndum trésmíðaverkstæðum inn á byggingarstað og þó einkum að hvers kyns „bílskúrsstarfsemi“, með tilheyrandi skattsvikum og tengdum lögbrotum, mundi blómstra. Getur slíkt hvorki talist þjóna hagsmunum ríkissjóðs né íslensks iðnaðar.

Áhrif á aðrar iðngreinar.

Auk áhrifa vegna skattlagningar á aðföng, m.a. málm- og skipasmíðaiðnaðar, mundi vörugjaldið hækka framleiðslukostnað allra greina iðnaðarins og raunar atvinnuveganna almennt og skerða samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þá skal einnig sérstaklega bent á að gjald af þessu tagi fyrirfinnst almennt ekki í samkeppnislöndunum.

Eins og fjármálaráðherra hefur lýst yfir er vörugjaldið fjárfestingarskattur og það sem verra er fyrsta skrefið í enn þá víðtækari skatti í þá veru. Fjárfestingarskattur hefur að sjálfsögðu veruleg áhrif á öll fyrirtæki í landinu og verður að minna á í þessu sambandi hve stór hluti iðnaðarins er tengdur mannvirkjagerð, framkvæmdum og þjónustu við atvinnulífið. Ef virðisaukaskattur hefði orðið að veruleika hefðu mörg gjöld fallið burt af fyrirtækjum vegna fjárfestingar. Með þessum nýja fjárfestingarskatti er fjármálaráðherra að ganga í þveröfuga átt og bæta við vandkvæði útflutnings- og samkeppnisgreina sem hafa sem kunnugt er átt við ærinn vanda að glíma vegna fastgengisstefnu og óstjórnar í efnahagsmálum.

Vandamál við framkvæmd.

Vandamál við framkvæmd þessa lagafrumvarps, ef að lögum verður, eru fleiri en svo að þeim verði gerð tæmandi skil í þessari umsögn. Sumt hefur þegar verið nefnt. Til viðbótar skal vakin athygli á því að gjaldskyldum aðilum mun fjölga mjög verulega með breytingu á lögunum. Þannig eru t.d. um 350 rekstraraðilar skráðir í trjávöruiðnaði, þar af um 270 með 5 starfsmenn eða færri. Auk þess mun gjaldskyldan einnig ná til vöruflokka, t.d. burðarvirkja í húsum sem mjög mörg málmiðnaðarfyrirtæki smíða stundum, enda þótt þau séu almennt ekki í vörugjaldsskyldri starfsemi, en í málmiðnaði starfa um 500 fyrirtæki, þar af um 350 með 5 starfsmenn eða færri.

Minnt skal á að vörugjald var upphaflega lagt á tilteknar greinar verksmiðjuiðnaðar sem framleiddu tiltölulega „samkynja" vörur sem framleiddar eru af fáum stórum fyrirtækjum. Ekki skal því haldið fram að skattlagningin eigi þar rétt á sér en ljóst er að skattformið hentar enn þá síður í iðngreinum þar sem starfar mikill fjöldi smáfyrirtækja. Að áliti Landssambands iðnaðarmanna er ógerlegt í framkvæmd að koma þessu skattformi við í slíkum iðngreinum þannig að viðunandi geti talist. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að aðeins hluti af starfsemi t.d. tréiðnaðarfyrirtækja verður með einföldum og augljósum hætti skilgreindur eftir tollskrárnúmerum, eins og vörugjaldslög gera þó ráð fyrir. Eins og fram hefur komið er mikill fjöldi smáfyrirtækja í þessari iðngrein sem fæst eru með staðlaða framleiðslu heldur fyrst og fremst sérsmíði og einnig viðgerðir. Þessi fyrirtæki verðleggja almennt ekki vöruna sjálfa beint heldur selja út vinnu, vélavinnu og efni. Samkvæmt lagafrumvarpinu liggur engan veginn ljóst fyrir hver skattstofninn er í slíkum tilvikum. Helst virðist þó mega ætla að allir þættir í rekstri sérsmíðafyrirtækja séu skattskyldir. En hvar eru þá mörkin milli sérsmíði og viðgerða?

Þá skal að lokum vakin athygli á að trjávöruiðnaðurinn er í mörgum tilvikum nátengdur byggingariðnaði og algengt er að sama fyrirtæki reki bæði byggingarstarfsemi þar sem óheimilt er samkvæmt frumvarpinu að draga frá vörugjald af hráefni, t.d. til trésmíða innan húss, og trésmiðju þar sem heimilt væri að draga vörugjald af hráefnum frá vörugjaldi af heildarsölu. Fyrirsjáanlegt er að ógerlegt er að koma við þessari skattheimtu þannig að eðlilegt og réttlátt geti talist.

Landssamband iðnaðarmanna telur að lagafrumvarp þetta sé ósvífin aðför að íslenskum iðnaði og ítrekar harða andstöðu sína við það.

Fylgiskjal V.

Samþykkt framkvæmdastjórnar Sambands byggingamanna.
(12. des. 1988.)

Skammt gerist nú stórra högga á milli.

Við myndun þeirrar ríkisstjórnar, sem nú situr, voru framlengd með bráðabirgðalögum „ólög" þau sem notuð voru til að afnema frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaga í landinu í maí sl. Til viðbótar því voru sett inn ákvæði sem bönnuðu einnig þegar umsamdar launabreytingar. Þá var og við upphaf þessa stjórnartímabils ráðist að tryggingakerfinu, sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir og komið upp í landinu, oft við mjög harða andstöðu atvinnurekenda og ríkisvalds.

Nú var það framlagið til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ráðist var að á hinn ósvífnasta hátt og fellt niður án þess að leitað væri nokkurs samráðs við aðra aðila vinnumarkaðarins um meðferð þess máls, heldur einhliða samningsrof og lögbrot ríkisvaldsins. Á sama tíma og landsfeðurnir boða landslýð þrengingar sem m.a. muni leiða til verulegs atvinnuleysis fjölda verkafólks.

Í kjaramálaályktun 13. þings SBM frá 14. október 1988 er m.a. kveðið svo á að lausn húsnæðismála sé oftast stærsta og afdrifaríkasta efnahagsmál hverrar fjölskyldu og því skipti miklu hvernig þeim reiðir af.

Með kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur og ríkisvald í febrúar 1986 var unnið að lausn þess máls á þann hátt að launafólk taldi sig vel geta við unað ef staðið yrði við það samkomulag.

Einn aðili þessa samkomulags hefur hins vegar brugðist, þ.e. stjórnvöld. Þau hafa ekki til þessa staðið við þær fjárskuldbindingar sem þau tóku á sig og nemur mismunurinn jafnvirði mörg hundruð íbúðalána. Af þeim sökum m.a. hefur skapast sá mikli biðlisti eftir lánum sem nú er talað um.

Nú munu uppi ráðagerðir um að ríkið dragi enn í auknum mæli úr þeim framlögum sínum til húsnæðiskerfisins sem um var samið í febrúar 1986. Með þeim hætti væru enn svikin áður gefin fyrirheit í einu af hinum mikilvægustu kjaramálum launafólks.

Þessum áformum mótmælir stjórn SBM harðlega og lýsir allri ábyrgð á afleiðingum slíks á hendur núverandi ríkisstjórnar.

Stjórn Sambands byggingamanna hefur nú fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að flestar meginbyggingarefnavörur og húsgögn verði stórlega skattlagðar umfram það sem verið hefur. Slík skattlagning mundi tvímælalaust hafa í för með sér mikla verðhækkun, t.d. íbúðarhúsnæðis, sem er meðal brýnustu nauðsynja alls almennings, auk þess sem það væri almennt verðbólguvaldandi og ylli samdrætti í húsgagnaframleiðslu.

Ráðstafana til tekjuöflunar eftir öðrum leiðum, t.d. með viðbótarsköttum á háar tekjur eða á gróða velgengnisáranna sem dreginn hefur verið með ýmsum hætti út úr atvinnulífinu, verður hins vegar ekki vart.

Því mótmælir Samband byggingamanna mjög harðlega áðurnefndum aðgerðum og fyrirætlunum stjórnvalda og bendir á að ef ríkisstjórn svokallaðra félagshyggjuafla finnur ekki aðrar leiðir til lausnar þeim rekstrarvanda atvinnufyrirtækja, sem nú er talið við að etja en þær sem hér hafa verið nefndar, þá hljóti það að leiða til algers stríðs milli slíkrar ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar.

Fylgiskjal VI.

Félag ísl. iðnrekenda
Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri:

Umsögn til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.
(6. des. 1988.)

Félag íslenskra iðnrekenda lýsir yfir andstöðu sinni við fram komið frumvarp til laga um breytingar á núverandi lögum um vörugjald.

Samkvæmt frumvarpinu er horfið frá þeirri meginstefnu sem mörkuð var við setningu núverandi laga, þ.e. að gera álagningu og framkvæmd skattheimtu einfaldari og skilvirkari ásamt því að undanþágum sé fækkað. Með þessu frumvarpi er einnig verið að auka enn á neyslustýringu í þjóðfélaginu.

Með því að taka upp þrjár mismunandi vörugjaldsprósentur í stað einnar er verið að auka mismun á milli fyrirtækja og atvinnugreina sem um leið eykur óvissu og óstöðugleika sem fyrirtæki þurfa að starfa við.

Verði þetta frumvarp að lögum hafa sum fyrirtæki búið við þrenns konar mismunandi vörugjaldsinnheimtu á sl. 12 mánuðum. Slíkur hringlandaháttur af hálfu stjórnvalda er óþolandi fyrir fyrirtækin.

Sérstakt 25% gjald á sælgæti, öl og gosdrykki mun hafa veruleg áhrif á starfsemi þeirra fyrirtækja, sem framleiða þessar vörur, ekki síst við núverandi efnahagsástand þegar samdráttur er þegar verulegur. Samtals vinna 700–800 manns við þessa framleiðslu. Vegna umræðu um manneldis- og hollustusjónarmið skal áréttað að opinberar skýrslur sýna óbreytta sykurneyslu landsmanna síðastliðin ár þrátt fyrir aukna einkaneyslu í heild, enda eru nú t.d. mjög margar drykkjarvörur án sykurs. Hér er því verið að skattleggja eina atvinnugrein langt umfram aðrar í skjóli hollustusjónarmiða. Þessar framleiðslugreinar nota nú aðeins 25–30% af innfluttum sykri. Auk þessa má benda á að flutt er inn umtalsvert magn af vörum með miklu sykurinnihaldi án þess að á þær sé lagt vörugjald. Því gefur auga leið að hér er um mikinn tvískinnung að ræða.

Ljóst er að stór hluti þeirra vöruflokka, sem nú fá vörugjald eða vörugjald er hækkað á, eru daglegar neysluvörur alls meginþorra landsmanna, enda mun kaupmáttur rýrna um 1/2% vegna þessarar breytingar auk þess sem byggingarkostnaður um hækka um 3%. Lánskjaravísitala mun því hækka um rúmlega 1,3%.

Samkvæmt frumvarpinu mun innheimtuaðilum vörugjalds fjölga verulega, einkanlega vegna vörugjalds á húsgögn, innréttingar og framleiðslu byggingarefna, en fyrirtæki í þessum greinum eru afar mörg (yfir 300 fyrirtæki og þar af rúmlega 250 með 5 starfsmenn eða færri). Framkvæmd og eftirlit með vörugjaldsinnheimtu verður því mun erfiðara og mannfrekara en nú er.

Þessar breytingar, ef af verður, munu draga framleiðsluna út úr fyrirtækjunum og leiða til óhagkvæmari framleiðsluhátta og gera allt eftirlit með skattheimtunni erfiðara.

Verði frumvarpið að lögum og taki gildi fyrir áramót eins og ráð er fyrir gert er ljóst að innlendar vörur munu hækka strax, en erlendar vörur mun síðar.

Nd. 321. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Kvaddi hún á fund sinn Björn Arnórsson og Ögmund Jónasson frá BSRB, Þórarin Þórarinsson frá VSÍ, Ara Skúlason og Lilju Mósesdóttur frá ASÍ, Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Snorra Olsen, Bolla Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Gunnar Helga Hálfdanarson og Óttar Örn Petersen frá Samtökum sparifjáreigenda, Kristínu Höllu Jónsdóttur frá Húseigendafélagi Reykjavíkur, Víglund Þorsteinsson, Lýð Friðjónsson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi ísl. iðnrekenda og Hólmgeir Jónsson, hagfræðing Sjómannasambandsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru þessar:

1. Ákvæði 31. gr. gildandi laga um gjafir til menningarmála o.fl. haldast óbreytt.
2. Heimilt er fyrirtæki að yfirtaka annað, enda sé það í skyldum rekstri ellegar fyrirtækið haldi áfram rekstrinum.
3. Skatthlutfall hækkar um 2,3% frá gildandi lögum.
4. Persónuafsláttur hækkar í 214.104 kr., þ.e. í samræmi við gildandi lög.
5. Barnabætur hækka til samræmis við gildandi lög.
6. Barnabótaauki hækkar í samræmi við gildandi lög.
7. Eignarskattur af eign umfram 7 millj. kr. verður 2,7%.

Alþingi, 20. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. | Ragnar Arnalds. | Árni Gunnarsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 322. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, ÁrnG, GGÞ).

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 9. gr., er verði 8. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema það stundi skyldan rekstur eða haldi að mestu leyti áfram svipuðum rekstri eða starfsemi og það félag sem slitið var.
3. Við 10. gr. Greinin falli brott.
4. Við 11. gr. Í stað „212.100“ í a-lið greinarinnar komi: 214.104.
5. Við 13. gr. Í stað „20.900, 31.300 og 62.600“ komi: 21.568, 32.353 og 64.705.
6. Við 14. gr. Í stað „49.500“ í a-lið greinarinnar komi: 51.224.
7. Við 19. gr., er verði 17. gr. Greinin orðist svo:

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%.

8. Við 24. gr., er verði 22. gr. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., b-liðar 9. gr., 12. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Nd. 323. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101 1987.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1988.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Árni Gunnarsson.	

Nd. 324. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð, sbr. 93. gr., eða kaup, sbr. 95. gr.

2. gr.

6. og 7. mgr. 92. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Á eftir 92. gr. laganna kemur ný grein, 93. gr., er orðast svo:

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af íbúð með því að selja honum eignarhlut í íbúð fyrir 15% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

4. gr.

Á eftir 92. gr. laganna kemur enn ný grein, 94. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Leigugjald af íbúðum skv. 92. og 93. gr. miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

Varðandi íbúðir sem um getur í 93. gr. skal þó taka tillit til eftirfarandi þátta:

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn enda lækki leigugjald sem því nemi.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þeirri grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 325. Lög [195. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 231.

Nd. 326. Breytingartillaga [162. mál]

við brtt. á þskj. 306 [Vörugjald].

Frá Inga Birni Albertssyni, Geir H. Haarde og Kristínu Halldórsdóttur.

Við 6e, ákvæði til bráðabirgða V. Í stað „1. janúar 1991“ komi: 1. janúar 1990.

Ed. 327. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Í nefndinni var m.a. rætt um vanda skipasmíðaiðnaðarins.

Á fund nefndarinnar komu Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, Björn Tryggvason aðstoðarbankastjóri og Ingimundur Friðriksson frá Seðlabanka Íslands.

Fram hefur komið í umræðum á Alþingi nú í þessari viku að iðnaðarráðherra léti nú í samráði við fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra kanna möguleika á að undanþiggja erlendar lántökur til samkeppnisverkefna í skipasmíðaiðnaði þessu lántökugjaldi.

Alþingi, 21. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Ed. 328. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, JE, MF).

Við c-lið 1. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar.

Sþ. 329. Fyrirspurn [207. mál]

til forsætisráðherra um ábyrgð stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hvernig er háttað ábyrgð stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs vegna setu þeirra í stjórn sjóðsins?
2. Telur forsætisráðherra að ábyrgðin sé sambærileg þeirri ábyrgð sem hvílir á bankaráðsmönnum og bankastjórum?

Nd. 330. Frumvarp til laga [8. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma. Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann án tilnefningar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981, vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnuleysistryggingasjóði til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990.

Ríkissjóður ábyrgist að eftir 1. júlí 1990 renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs auk reglulegra framlaga 10. hluti af endurgreiðslum lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt þar til 600 millj. kr. er náð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.

7. gr.

Byggðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjársjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsætisráðherra.

10. gr.

Hlutafjársjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ríkissjóður getur einnig selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til. Hlutabréf, sem sjóðurinn kann að eignast, skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini í hlutafjársjóðnum skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjársjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum. Hlutafjársjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutdeildarskírteinum.

11. gr.

Stofna skal hinn 1. jan. 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun sem hafi það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagingu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir. Deildin skal bera sjálfstæðan fjárhag og tekur hún á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

12. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, atvinnutryggingardeild og hlutafjársjóð Byggðastofunar, sbr. 3.–11. gr. laga þessara.

13. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

14. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga, nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði, svo og banka eða öðrum lánastofnunum, að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

15. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

16. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

17. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvarðanir.

18. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

19. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

20. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 18. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988. Gjald skv. 13. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Nd. 331. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÁrnG, RA, GGÞ).

Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Þrátt fyrir ákvæði þetta er fjármálaráðherra heimilt að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks.

Ed. 332. Frumvarp til laga [208. mál]

um breytingar á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi tekur maki allan arf.

2. gr.

7. gr. laganna hljóðar svo:

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram.

3. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Heimilt er því hjóna, sem lengur lifir, að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum látins maka síns, sem ekki eru niðjar hans, ef sá eða þeir sem fara með forsjá eða lögráð hinna ófjárráða niðja veita samþykki sitt til þess, enda hafi hið látna ekki mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Ef það hjóna, sem lengur lifir, fer með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpniðja sinna á það þó rétt á setu í óskiptu búi eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Því hjóna, sem lengur lifir, er heimilt að sitja í óskiptu búi með fjárráða stjúpniðjum sínum ef þeir veita samþykki sitt til þess.

Það hjóna, sem lengur lifir, á rétt á setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða, án þess að aflað sé samþykkis skv. 1. eða 2. mgr. ef hið látna hefur mælt fyrir um þann rétt í erfðaskrá.

4. gr.

9. gr. laganna hljóðar svo:

Því hjóna, sem lengur lifir, verður ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi ef bú þess er til gjaldþrotaskipta eða í ljós kemur að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum. Sama er ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna vanhirðu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði verður því ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi nema með samþykki yfirlögráðanda.

5. gr.

10. gr. laganna hljóðar svo:

Sá sem óskar setu í óskiptu búi skal sem fyrst eftir lát maka síns sækja um leyfi til þess hjá sýslumanni í því umdæmi þar sem búskipti eftir hinn látna fara fram.

Í umsókn um leyfi til að sitja í óskiptu búi skal greina nöfn erfingja, kennitölur þeirra og dvalarstaði. Einnig skal yfirlit yfir eignir og skuldir beggja hjóna koma fram í umsókn eða sem fylgigagn með henni. Ef heimild til setu í óskiptu búi er háð samþykki annarra, sbr. 1. eða 2. mgr. 8. gr., skulu yfirlýsingar um samþykki vera ritaðar á umsókn eða fylgja henni. Ef réttur til setu í óskiptu búi byggist á erfðaskrá hins látna, sbr. 3. mgr. 8. gr., skal eintak hennar fylgja umsókn.

Ef sýslumaður telur ástæðu til að ætla að ákvæði 9. gr. geti átt við um hagi þess sem sækir um leyfi til að sitja í óskiptu búi er honum heimilt að skipa ófjárráða erfingjum, sem umsækjandinn er forsjármaður eða lögráðamaður fyrir, sérstakan lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra.

Telji sýslumaður umsækjanda fullnægja skilyrðum til að hljóta leyfi til að sitja í óskiptu búi skal hann veita leyfið og láta umsækjandanum í té skilríki fyrir því.

6. gr.

11. gr. laganna hljóðar svo:

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Sjálfsaflafé og annað verðmæti, sem sá eignast sem situr í óskiptu búi, rennur til búsins nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem langlífara maka hlotnast, rennur þó ekki inn í óskipt bú ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða þau þá séreign langlífara maka. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum óskipta búsins.

7. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Maki, sem situr í óskiptu búi, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Ber hann ábyrgð á skuldum hins látna sem um hans eigin skuldir væri að ræða.

8. gr.

14. gr. laganna hljóðar svo:

Ef maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi með ófjárráða stjúpniðjum sínum á grundvelli 1. mgr. 8. gr., er honum skylt að skipta með sér og stjúpniðja, ef hann krefst skipta sér til handa innan þriggja mánaða frá því að hann öðlast fjárræði. Komi ekki krafa fram innan þess tíma getur fjárráða stjúpniðji, sem svo stendur á fyrir, krafist skipta sér til handa með sama hætti og segir í 2. mgr.

Ef fjárráða stjúpniðji hefur samþykkt setu í óskiptu búi, sbr. 2. mgr. 8. gr., getur hann krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

9. gr.

Orðin „fyrir skiptaráðanda,“ í 1. mgr. 15. gr. laganna falla niður.

10. gr.

16. gr. laganna hljóðar svo:

Nú andast maður sem á erfðahlut inni í óskiptu búi og geta þá erfingjar hans aðeins krafist skipta sér til handa að því leyti sem hinum látna hefði verið það heimilt.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki krafist búskipta.

11. gr.

2. tölul. 2. mgr. 26. gr. laganna hljóðar svo:

2. Ef það krefst skipta eftir 27. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

12. gr.

31. gr. laganna hljóðar svo:

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess þegar hann veitti því viðtöku, framreiknuðu til verðlags á þeim tíma sem frádráttur á sér stað við arfskipti. Hafi gangverð verðmæta lækkað til muna, frá því að fyrirframgreiðsla átti sér stað, vegna atvika sem erfingjanum verður ekki um kennt skal þó ekki draga meira frá en sanngjarnt er svo að jöfnuður fáist með erfingjum.

13. gr.

Í stað orðsins „skiptaráðanda“ í 1. málsl. 47. gr. laganna kemur „sýslumann“.

14. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna hljóðar svo:

Um varðveislu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Nýtt ákvæði, 63. gr. laganna, verður svohljóðandi:

„Ákvæði 3., 7.–10., 14., 16. og 31. gr., eins og þeim er breytt með lögum nr. 29/1985, gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrir fram greidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir gildistöku laganna.

Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.“

Við birtingu laga þessara skal númeri því, sem þau hljóta, skotið inn í þar til ætlaða eyðu í hinu nýja ákvæði 1. mgr. 63. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan dómsmálaráðherra hefur farið fram athugun á því hvort og þá að hverju leyti þörf er á að endurskoða ákvæði erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, eins og þeim var breytt með lögum nr. 29 4. júní 1985. Niðurstöður þeirrar athugunar urðu þær að ástæðulaust væri að ráðast í heildarendurskoðun laganna, en rétt væri hins vegar að leggja til breytingar á einstökum ákvæðum þeirra sem einkum yrðu fólgnar í eftirfarandi:

1. Að breyta núgildandi reglu 1. mgr. 3. gr. erfðalaga sem kveður á um að foreldrar látins manns taki arf á móti maka hans ef hann lætur enga niðja eftir sig í það horf að maki verði einkalögerfingi hins látna við þær aðstæður.

2. Að rýmka verulega heimildir langlífara maka til setu í óskiptu búi. Nánar tiltekið yrði þetta annars vegar gert með því að veita langlífara maka rétt til setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum sínum og hins látna, án þess að afla samþykkis fjárráða niðja eins og nú þarf skv. 3. mgr. 7. gr. erfðalaga eða að þurfa ella að styðja þann rétt við erfðaskrárfyrirmæli hins látna eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr. erfðalaga, sbr. lög nr. 29/1985. Hins vegar yrði staða langlífara maka bætt í þessum efnum gagnvart niðjum hins skammlífara, sem ekki eru niðjar hins langlífara, þannig að þeir yrðu bundnir af erfðaskrárákvörðun hins skammlífara um rétt hins langlífara til setu í óskiptu búi. Samhliða þessu yrði skertur réttur niðja hins skammlífara til að krefjast skipta sér til handa skv. 14. gr. erfðalaga eftir að langlífari maki hefur sest í óskipt bú.
3. Að breyta reglum 31. gr. erfðalaga, sem kveða á um frádrátt fyrirframgreiðslu arfs við endanlegt uppgjör, þannig að ótvírætt verði að erfingi, sem hlotið hefur fyrirframgreiðslu umfram aðra erfingja, njóti ekki hagnaðar af verðlagsbreytingum sem orðið hafa á tímabilinu frá því fyrirframgreiðsla átti sér stað fram að endanlegu uppgjöri arfsins að arfleifanda látnum.
4. Að breyta reglum erfðalaga til samræmis við fyrirmæli frumvarps til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þannig að sýslumenn samkvæmt frumvarpinu gegni því hlutverki sem erfðalögin fela skiptaráðendum.
5. Að breyta tilvísunum í erfðalögum til annarra laga sem nú eru fallin úr gildi og setja þess í stað tilvísanir til núgildandi reglna.

Frumvarp þetta er samið í ljósi þessara tillagna, en að auki felur það í sér ráðagerðir um aðrar minni háttar breytingar á ákvæðum erfðalaga um óskipt bú en þær sem beinlínis er þörf vegna þess sem áður greinir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Regla 1. mgr. 3. gr. erfðalaga mælir fyrir um lögerfðir, er látinn maður lætur bæði eftir sig maka og foreldri á lífi, en ekki niðja. Við þessar aðstæður tekur maki ⅔ hluta arfs, en foreldri, ef annað eða bæði eru á lífi, ⅓ hluta. Frá þessari tilhögun má víkja með erfðaskrá þannig að maki geti orðið einkaerfingi.

Frumvarp til erfðalaga, sem varð að lögum nr. 8/1962, var að verulegu leyti árangur af samnorrænu löggjafarsamstarfi sem stóð yfir frá árinu 1955. Það samstarf leiddi til talsverðrar samræmingar löggjafar um erfðir á Norðurlöndunum. Þótt reglur um ýmis atriði hafi eftir sem áður orðið mismunandi í einstökum löndum urðu íslensku lögin efnislega líkust þeim dönsku. Munur varð þó m.a. á íslenskri og danskri löggjöf varðandi þá aðstöðu, sem 1. mgr. 3. gr. erfðalaga tekur til, því samkvæmt dönskum erfðalögum er maki einkalögerfingi þegar svo stendur á. Sérstaða íslensku erfðalaganna var sérstaklega rökstudd í athugasemdum við 1. mgr. 3. gr. frumvarps að þeim með eftirfarandi ummælum:

„Á sameiginlegum fundi erfðalaganefnda Norðurlanda ákváðu þátttakendur, að íslenzku nefndarmönnunum undanskildum, að gera erfðalagafrumvörpin þannig úr garði að maki taki allan arf þegar hinn látni á engan niðja á lífi, en af því leiðir að foreldri arfleifanda tekur engan arf ef maka er til að dreifa. Þetta töldu íslenzku nefndarmennirnir of róttæka breytingu á gildandi rétti. Sanngirni virðist mæla með því að foreldrar taki nokkurn arf eftir barn sitt, þó að maki þess lifi. Kemur þetta einkum til greina þegar um aldurhnigna og efnalitla foreldra er að ræða, en hið látna barn þeirra hefur verið í góðum efnum og styrkt þau í ellinni. Ísland hefur og þá sérstöðu að samkvæmt 6. gr. framfærslulaga nr. 80/1947 er börnum skylt að framfæra foreldra sína ef þau eru til þess fær, en í lögum annarra Norðurlandaþjóða eru ekki ákvæði um slíka framfærsluskyldu. Hafa því semjendur frumvarps þessa horfið að því

ráði að veita foreldrum erfðarétt þó að maki lifi, en rýmka hins vegar erfðahluta makans, svo sem gert er í 1. mgr. 3. gr.“

Frá því ívitnuð orð voru rituð hafa orðið verulegar breytingar á aðstæðum manna, en framfærsluskylda með foreldrum hvílir þó enn á börnum hér á landi. Aðbúnaður aldraðra hefur tekið miklum framförum bæði vegna bættra almannatrygginga og með stórauknum lífeyrisréttindum. Efnahagur manna hefur einnig almennt tekið breytingum, þannig að minni líkindi eru væntanlega nú fyrir að foreldrar þarfnist fjárhagslegrar aðstoðar barna sinna. Reynslan hefur sýnt að barnlaus hjón kjósa gjarnan að víkja frá reglu 1. mgr. 3. gr. erfðalaga með erfðaskrá. Þess eru og dæmi, þegar hjón hafa ekki gert slíka erfðaskrá, að regla 1. mgr. 3. gr. hafi reynst verulega ósanngjörn gagnvart langlífara maka, sem hefur jafnvel orðið að skipta fábrotnum eignum með efnuðum foreldrum skammlífara makans. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga að reglur laga nr. 8/1962 mörkuðu þá braut að bæta mjög stöðu langlífara maka frá því sem gilti eftir eldri erfðalögum, en síðari þróun löggjafar hefur eindregið beinst að því að bæta þá stöðu enn frekar, svo sem séð verður af breytingu erfðalaga með lögum nr. 29/1985.

Að framangreindum atriðum virtum þykir eðlilegt að leggja hér til þá breytingu á reglu 1. mgr. 3. gr. að langlífari maki verði einkalögerfingi hins skammlífara ef sá síðarnefndi lætur ekki eftir sig niðja. Þá breytingu verður að telja falla betur að ríkjandi viðhorfum en núgildandi reglu, enda augljóst að félagsleg jafnt sem fjárhagsleg tengsl hljóta að vera ólíkt nánari milli hjóna, heldur en milli annars hjóna og foreldra þess. Ef sú skipan, sem hér er lögð til, þætti ekki hæfa í einstökum tilvikum, stæði öðru hjóna eða þeim báðum að sjálfsögðu sá kostur til boða að veita foreldrum sínum hlutdeild í arfi með erfðaskrá, allt að ⅓ hluta eigna, sbr. 35. gr. erfðalaga.

Um 2. gr.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar á núgildandi reglum 7. gr. og 4. mgr. 9. gr. erfðalaga um heimildir langlífara maka til að fá leyfi til setu í óskiptu búi. Núgildandi fyrirmæli 7. gr. taka bæði til þessarar heimildar langlífara maka gagnvart sameiginlegum niðjum sínum og hins skammlífara og gagnvart stjúpniðjum sínum. Þar sem reglur frumvarpsins ráðgera að heimildir langlífara maka verði nokkuð ólíkar í þessum efnum, eftir því hvort um sameiginlega niðja er að ræða eða stjúpniðja hans, þykir eðlilegt að aðgreina fyrirmæli um þær á þann veg að í 7. gr. laganna (2. gr. frumvarpsins) komi fram reglur um stöðu langlífara maka gagnvart sameiginlegum niðjum, en í 8. gr. laganna (3. gr. frumvarpsins) verði sérstaklega fjallað um stöðu hins langlífara gagnvart stjúpniðjum.

Núgildandi reglur 1. og 3. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 9. gr. erfðalaga kveða á um mismunandi heimildir langlífara maka til að setjast í óskipt bú með sameiginlegum niðjum sínum og hins skammlífara, eftir nánari atvikum hverju sinni. Langlífari maki á nú rétt til setu í óskiptu búi með ófjárráða sameiginlegum niðjum, sbr. 1. mgr. 7. gr. erfðalaga, og þarf að jafnaði ekki að afla samþykkis annarra fyrir umsókn um leyfi til þess. Ef sameiginlegir niðjar eru hins vegar fjárráða er langlífari maki almennt háður því að þeir veiti samþykki sitt til setu hans í óskiptu búi, sbr. 3. mgr. 7. gr. erfðalaga. Skammlífari maki getur þó leyst langlífara maka undan því að afla samþykkis sameiginlegra niðja þeirra fyrir setu í óskiptu búi með því að gera erfðaskrá, sem kveður á um rétt hins langlífara í þessum efnum, skv. 4. mgr. 9. gr. erfðalaga, sbr. lög nr. 29/1985.

Á undanförnum árum hefur nokkur umræða orðið um þá skipan, sem hér hefur verið lýst, einkum í tengslum við lagafrumvörp sem flutt voru á Alþingi og leiddu að lokum til setningar laga nr. 29/1985. Í þeirri umræðu hefur einkum verið bent á veika stöðu langlífara maka gagnvart fjárráða börnum sínum eða fjarlægari afkomendum eftir fráfall skammlífara maka því fram að setningu áðurnefndra laga var hinn langlífari alfarið háður velvilja fjárráða barna sinna um það hvort honum yrði kleift að setjast í óskipt bú. Fjölmargar röksemdir hljóta að mæla gegn reglum sem leiða til slíkrar aðstöðu. Langlífari maki, sem knúinn er til að skipta

búi eftir fráfall hins skammlífara, getur þurft að selja íbúðarhúsnæði hjónanna til að standa straum af útborgun arfs eða þurft að ganga á sparifé sem ætlað var til framfærslu í elli. Eignir, sem langlífari makinn kann að þurfa að láta af hendi, hafa iðulega myndast á langri starfsævi hjónanna beggja með sameiginlegu framtaki þeirra, án þess að börn þeirra eða fjarlægari afkomendur hafi átt hlut að öflun eignanna. Með hækkandi meðalaldri manna hafa þær aðstæður einnig orðið æ algengari að skammlífari makinn lifi að sjá börn sín komin vel yfir miðjan aldur og því fær, aldurs síns vegna, um að sjá fyrir sér sjálf. Geta því orðið torfundin þau siðferðislegu eða fjárhagslegu rök sem mæla með almennri reglu þess efnis að fjárráða niðjum hjóna sé í sjálfsvald sett að synja langlífara maka um heimild til setu í óskiptu búi, jafnvel með þeim afleiðingum að högum hans verði verulega raskað.

Þau atriði, sem hér hefur verið vikið að, komu meðal annarra til skoðunar við setningu laga nr. 29/1985, en með þeim var lögfest ný regla, 4. mgr. 9. gr. erfðalaga, sem eins og áður er nefnt heimilar skammlífara maka að binda með erfðaskrá sameiginlega niðja sína og hins langlífara við ákvörðun um rétt til setu í óskiptu búi. Breyting þessi bætti mjög stöðu langlífara maka og hefur heimildar hinnar nýju reglu verið talsvert neytt. Á hinn bóginn verður ekki hjá því litið að reynslan sýnir að gerð erfðaskrár getur vaxið mönnum mjög í augum, jafnvel þótt efni hennar sé ekki umfangsmeira en hér þarf til. Veruleg líkindi hljóta einnig að standa til þess að hjónum sé það almennt að skapi að hinu langlífara þeirra gefist kostur á setu í óskiptu búi ef það óskar þess. Má því nánast segja að hægara sé um vik úr því að löggjöf hefur nú viðurkennt tilhögun 4. mgr. 9. gr. erfðalaga að breyta reglum á þann veg að langlífari maki eigi ávallt lögbundinn rétt til setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum sínum og hins skammlífara, nema annað hafi verið ákveðið í erfðaskrá hins skammlífara. Megininntak 2. gr. frumvarpsins er einmitt að leiða til slíkra breytinga með nýjum búningi 7. gr. erfðalaga.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, felst í breyttri reglu 7. gr. erfðalaga að langlífari maki á rétt á setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum sínum og hins skammlífara án þess að þurfa að afla samþykkis niðjanna án tillits til hvort þeir eru fjárráða eða ófjárráða og án þess að kveðið hafi verið á um þennan rétt í erfðaskrá. Skammlífari makinn gæti þó ávallt útilokað þennan rétt þess langlífara með því að mæla svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram að honum látnum. Með reglu þessari, sem að miklu leyti er hliðstæð reglu danskra erfðalaga, yrði réttur langlífara maka einungis takmarkaður af hæfisskilyrðum fyrir setu í óskiptu búi eins og þau koma fram í 4. gr. frumvarpsins. Langlífari makinn yrði þó, á sama hátt og nú gildir, að sækja um formlegt leyfi til setu í óskiptu búi með þeim hætti sem fjallað er um í 5. gr. frumvarpsins.

Um réttarstöðu langlífara maka og sameiginlegra niðja hans og hins skammlífara er að öðru leyti rétt að vekja hér athygli á þeim breytingum sem ráðgerðar eru á 14. og 16. gr. erfðalaga með 8. og 10. gr. frumvarpsins. Þær breytingar hefðu í för með sér afnám núgildandi heimilda sameiginlegra niðja til að krefjast greiðslu arfshluta síns úr óskiptu búi annarra en þeirrar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. erfðalaga og veitir samerfingjum langlífara maka úrræði ef hann misfer með eignir bús.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nýjar reglur um heimildir langlífara maka til setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum, þ.e. niðjum skammlífara maka, sem ekki eru jafnframt niðjar hins langlífara. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður efni 3. gr. frumvarpsins að 8. gr. erfðalaga, en eins og skýrt er í athugasemdum við 2. gr. er hér farin sú leið að kljúfa reglur núgildandi 7. gr. erfðalaga um heimildir til setu í óskiptu búi í tvær greinar. Þessi efnisskipan frumvarpsins raskar lítillega greinarnúmerum eins og þau eru nú í erfðalögum þannig að efni núgildandi 8. gr. laganna yrði framvegis í 9. gr. ef frumvarp þetta verður að lögum og efni núgildandi 9. og 10. gr. færist að sama skapi aftur í 10. og 11. gr. Samræmi næst hins vegar aftur

milli greinanúmera núgildandi laga og frumvarpsins með því að 7. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að efni núgildandi 11. og 12. gr. erfðalaga verði steypt saman í nýja 12. gr.

Reglur núgildandi 2. og 3. mgr. 7. gr. erfðalaga kveða á um heimildir langlífara maka til setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum. Ef stjúpniðjar langlífara makans eru ófjárráða felur 2. mgr. 7. gr. skiptaráðanda að ákveða hvort eftirlifandi maka verði heimiluð seta í óskiptu búi með hliðsjón af því, hvort sú skipan verði talin börnum og maka til hagsbóta. Ef stjúpniðjar eru hins vegar fjárráða er heimild langlífara makans háð samþykki þeirra. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. erfðalaga taka ekki til stjúpniðja langlífara maka og getur hinn skammlífari því ekki bundið þá niðja með ákvörðun í erfðaskrá um rétt hins langlífara til setu í óskiptu búi. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins ráðgera talsverðar breytingar frá þessari skipan, sem nú verða skýrðar nánar.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er að finna reglur um heimildir langlífara maka til setu í óskiptu búi með ófjárráða stjúpniðjum sem gilda þó því aðeins að skammlífari maki hafi ekki útilokað setu í óskiptu búi með fyrirmælum í erfðaskrá um að skipti skuli fara fram. Reglur þessar taka jafnt til stjúpniðja sem eru ófjárráða vegna æsku og þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði, en þetta veldur því að taka verður jöfnum höndum tillit í orðalagi ákvæðisins til þess að einhver fari með forsjá stjúpniðja sem er ólögráða vegna æsku og lögráð stjúpniðja sem sviptur hefur verið fjárræði. Í 1. mgr. 3. gr. felst í fyrsta lagi tillaga um þá breytingu frá núgildandi lögum, að heimild langlífara maka verði almennt háð því að forsjármenn eða lögráðamenn ófjárráða stjúpniðja samþykki setu í óskiptu búi. Þótt hér sé lagt til að afnema það vald skiptaráðanda, sem regla 2. mgr. 7. gr. erfðalaga felur honum og áður er lýst, er ekki um verulega breytingu að ræða frá því sem tíðkast hefur í framkvæmd. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. erfðalaga hafa í orði kveðnu falið skiptaráðanda að meta hvort það verði til hagsbóta að langlífari maki fái leyfi til setu í óskiptu búi við þessar aðstæður, en sú leið hefur almennt verið farin í þessum efnum að skiptaráðandi leggur fyrir langlífara maka að leita afstöðu forsjármanna eða lögráðamanna ófjárráða stjúpniðja til umsóknar, og hefur sú afstaða að jafnaði ráðið niðurstöðu skiptaráðanda. Þessi framkvæmdarvenja á eflaust rætur að rekja til augljósra vandkvæða á að skiptaráðandi geti fengið nægilega yfirsýn yfir aðstæður hverju sinni til að leggja sjálfstætt mat á umsókn. Í ljósi þess virðist heppilegra að lögfesta reglu sem samrýmist ríkjandi framkvæmd, en sú tillaga, sem hér er gerð, er svipuð reglu danskra erfðalaga um þetta efni. Í öðru lagi er gerð tillaga um sérreglu í 1. mgr. 3. gr. um þær aðstæður að langlífari maki fari með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpniðja sinna, en samsvarandi regla er ekki í núgildandi lögum. Þegar aðstæður eru þessar er samband langlífara makans við stjúpniðja áþekkt því að um eigin niðja hans væri að ræða. Er því gert ráð fyrir að langlífari maki eigi rétt á setu í óskiptu búi þegar þannig stendur á með sama hætti og þegar um sameiginlega niðja hjóna er að ræða, sbr. ákvæði 2. gr. frumvarpsins um breytingu á 7. gr. erfðalaga. Hér ber þó að gæta að því að umrædd sérregla í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins nær aðeins til réttinda langlífara maka til að fá leyfi til setu í óskiptu búi, en hún takmarkar ekki heimild stjúpniðja til að krefjast skipta sér til handa þegar þeir öðlast fjárræði, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 3. gr. er að finna almenna reglu um heimild langlífara maka til setu í óskiptu búi með fjárráða stjúpniðjum sínum. Er hér gert ráð fyrir að heimild makans verði háð samþykki stjúpniðja með sama hætti og nú gildir skv. 3. mgr. 7. gr. erfðalaga. Þarfnast ákvæði þetta því ekki frekari skýringa.

Í 3. mgr. 3. gr. er að finna tillögu um nýja reglu sem er ætlað að bæta stöðu langlífara maka gagnvart stjúpniðjum. Er hér gert ráð fyrir að skammlífari maki geti veitt hinum langlífara rétt til setu í óskiptu búi með fyrirmælum í erfðaskrá þannig að heimild langlífara maka í þessum efnum verði ekki háð samþykki fjárráða stjúpbarna hans eða forsjármanna ófjárráða stjúpbarna. Hér er um veigamikla breytingu að ræða frá núgildandi reglum, enda

nær áþekk heimild í 4. mgr. 9. gr. erfðalaga sem áður segir aðeins til þess að binda sameiginlega niðja hjóna með þessum hætti.

Röksemdir fyrir að rýmka rétt langlífara maka til setu í óskiptu búi við þessar aðstæður eru um margt hinar sömu og áður hefur verið getið í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins. Þess hefur gætt í talsvert ríkara mæli í framkvæmd að stjúpniðjar standi í vegi fyrir setu langlífara maka í óskiptu búi heldur en sameiginlegir niðjar hjóna. Er og áberandi við þessar aðstæður að hjón hafi leitast við að tryggja stöðu hins langlífara með ýmsum hætti, t.d. með fyrirmælum í erfðaskrá um aukningu erfðahlutar hins langlífara ef hann fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi eða með því að gera kaupmála um að eignir verði að einhverju meira eða minna leyti séreignir þess sem horfur eru á að muni lifa lengur. Ráðstafanir sem þessar ná sjaldan því markmiði að gera hið langlífara eins sett og ef það sæti í óskiptu búi. Í þessum efnum skiptir þó ekki minna máli að staða stjúpniðja hins langlífara er oft til mikilla muna lakari ef einhver áðurnefnd leið hefur verið farin, en orðið hefði með setu hins langlífara í óskiptu búi. Þjónar því sú regla, sem tillaga er gerð um í 3. mgr. 3. gr., að mörgu leyti hagsmunum allra hlutaðeigandi.

Um skýringu á 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir að erfðaskrá, sem veitir langlífara maka umræddan rétt, geti hvort sem er verið sameiginleg erfðaskrá beggja hjónanna eða einhliða erfðaskrá þess sem skemur lifir. Efnislega þyrfti erfðaskrá sem þessi ekki að kveða á um annað en rétt langlífara maka til setu í óskiptu búi. Hafi erfðaskrá sem þessi verið gerð þyrfti langlífari maki ekki að leita afstöðu fjárráða stjúpniðja sinna eða forsjármanna ófjárráða stjúpniðja til umsóknar um leyfi til setu í óskiptu búi heldur fengist leyfið á grundvelli erfðaskrár ef umsækjandinn fullnægir hæfisskilyrðum 4. gr. frumvarpsins. Rétt er einnig að vekja athygli á því að ef leyfi yrði fengið til setu í óskiptu búi með þessum hætti, ættu stjúpniðjar þess ekki kost að krefjast skipta eftir reglum 8. gr. frumvarpsins um breytingu á 14. gr. erfðalaga, en þeir ættu sem hingað til rétt á að krefjast skipta vegna meðferðar langlífara maka á eignum búsins skv. 1. mgr. 15. gr. erfðalaga.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um hæfisskilyrði fyrir setu í óskiptu búi, sem ráðgert er að verði í 9. gr. erfðalaga, ef frumvarpið verður að lögum. Ákvæði 4. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða núgildandi fyrirmælum um sama efni í 8. gr. erfðalaga að öðru leyti en því að tillaga er gerð um óverulega breytingu á 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. erfðalaga þar sem nú er mælt fyrir um að hið langlífara hjóna verði ekki veitt leyfi til setu í óskiptu búi, ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús „vegna óreglu þess, ráðdeildarleysis eða vanhirðu um fjármál sín“. Er hér ráðgert að nema brott fyrirmæli um óreglu langlífara maka og ráðdeildarleysi í þessu sambandi, enda þjóna þau tæpast sjálfstæðum tilgangi.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins koma fram fyrirmæli um umsókn langlífara maka um leyfi til setu í óskiptu búi og um veitingu leyfisins. Reglur þessar, sem gert er ráð fyrir að verði framvegis í 10. gr. erfðalaga, eru að miklu leyti hliðstæðar núgildandi fyrirmælum í 1.–3. mgr. 9. gr. laganna, en nokkrar breytingar eru þó lagðar til, einkum með hliðsjón af framkvæmd í þessu sambandi. Af einstökum breytingum er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að umsókn um leyfi til setu í óskiptu búi verði beint til sýslumanns sem taki afstöðu til hennar sem stjórnvald. Hér er um breytingu að ræða til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og frumvarps, sem unnið er að á vegum dómsmálaráðherra, til nýrra skiptalaga. Í þessu sambandi skal bent á sérstakt bráðabirgðaákvæði, í 16. gr. frumvarpsins, sem þessu tengist.

2. Í 9. gr. erfðalaga er tekið svo til orða að langlífari maki, sem óskar eftir setu í óskiptu búi, eigi að „tilkynna“ skiptaráðanda það. Það orðalag að um tilkynningu sé að ræða er um margt villandi, enda er ljóst af öðrum ákvæðum laganna að maki þurfi að sækja um formlegt leyfi til setu í óskiptu búi. Er því í 5. gr. frumvarpsins fjallað um umsókn í þessu sambandi sem er í samræmi við framkvæmd á grundvelli núgildandi lagafyrirmæla.
3. Nokkuð fyllri reglur koma fram í 5. gr. frumvarpsins en nú er að finna í 9. gr. erfðalaga um efni umsóknar um leyfi til setu í óskiptu búi og um fylgigögn með henni. Breytingar þessar, sem skýra sig sjálfar, miða að lögfestingu framkvæmdarvenju í þessu sambandi.
4. Ákvæði er að finna í 3. mgr. sem heimilar við tilteknar aðstæður skipun sérstakra lögráðamanna fyrir ófjárráða niðja skammlífara maka vegna umsóknar hins langlífara um leyfi til setu í óskiptu búi. Regla um sama efni í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. erfðalaga er nokkuð víðtækari eftir orðanna hljóðan en hér er gert ráð fyrir. Umrætt ákvæði frumvarpsins er hins vegar fært til samræmis við reglur sem koma fram um þetta efni í skiptalögum og lögræðislögum, en þær gilda meðal annars við meðferð umsóknar um leyfi til setu í óskiptu búi.

Um 6. gr.

Í 6. gr. koma fram reglur sem ráðgert er að verði í 11. gr. erfðalaga ef frumvarpið verður að lögum. Reglur þessar kveða á um það hverjar eignir teljist til óskipts bús frá öndverðu og að hverju leyti eignir, sem langlífari maki eignast síðar, renni inn í óskipta búið. Ákvæði 6. gr. eru samhljóða núgildandi fyrirmælum í 10. gr. erfðalaga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að tilkynningu þeirri, sem fjallað er um í 2. mgr., verði beint til sýslumanns í stað skiptaráðanda samkvæmt núgildandi lögum. Er sú breyting gerð til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er ákvæði sem gert er ráð fyrir að verði að 12. gr. erfðalaga ef frumvarpið nær fram að ganga. Hér er að finna reglur sem eru samhljóða fyrirmælum í 11. og 12. gr. erfðalaga um forræði maka, sem situr í óskiptu búi, á eignum þess og ábyrgð hans á skuldum skammlífari makans. Lagt er til að önnur núgildandi ákvæði í 11. og 12. gr. erfðalaga falli niður. Er þar annars vegar um að ræða 2. málsl. 11. gr., þar sem eingöngu er að finna tilvísun til 20. gr. laganna um heimildir langlífara makans til dánarráðstafana, en tilvísun þessa verður að telja óþarfa. Hins vegar er gert ráð fyrir að niður falli ákvæði í 2. málsl. 12. gr. um innköllun til skuldheimtumanna skammlífara maka sem mælt er fyrir um að fari eftir reglum skiptalaga. Umrædd fyrirmæli hafa enga sjálfstæða þýðingu.

Um 8. gr.

Í 8. gr. koma fram reglur, sem ætlað er að leysi af hólmi núgildandi ákvæði 14. gr. erfðalaga, en rétt er áður en lengra er haldið að benda á, að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að breytingar verði gerðar á ákvæðum 13. gr. erfðalaga.

Í núgildandi reglum 14. gr. erfðalaga eru niðjum skammlífara maka veittar tvenns konar heimildir til að krefjast skipta sér til handa eftir að langlífari maki hefur sest í óskipt bú. Fyrri málsgrein 14. gr. veitir niðjum, sem voru ófjárráða þegar seta hófst í óskiptu búi, heimild til skiptakröfu um leið og þeir öðlast fjárræði. Síðari málsgrein 14. gr. heimilar niðjum að öðru leyti að krefjast skipta sér til handa með eins árs fyrirvara. Reglur þessar eiga jafnt við sameiginlega niðja hjóna og stjúpniðja langlífara maka.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á reglum um réttindi og heimildir langlífara maka til að setjast í óskipt bú. Eins og áður hefur komið fram, er markmið þessara ákvæða að bæta stöðu langlífara maka í þessum efnum frá því sem nú er. Rýmri heimildir

langlífara maka til að fá leyfi til setu í óskiptu búi þjóna tæpast tilgangi ef núgildandi heimildir niðja hins skammlífara til að krefjast arfshluta úr óskiptu búi skv. 14. gr. erfðalaga standa óbreyttar. Eru því gerðar tillögur í fyrirmælum 8. gr. frumvarpsins um þrengri heimildir niðja skammlífara maka til að krefjast skipta en nú gilda, en hér hefur verið sótt nokkur fyrirmynd til reglna danskra erfðalaga um sama efni.

Í 8. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur um talsverðar breytingar á núgildandi heimildum fyrri málsgreinar 14. gr. erfðalaga. Er þar nánar tiltekið gert ráð fyrir að stjúpniðjar langlífara maka, sem voru ófjárráða þegar leyfi var veitt til setu í óskiptu búi, geti einir krafist skipta sér til handa þegar þeir öðlast fjárræði ef heimild til leyfisveitingar hefur stuðst við hina breyttu reglu 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þessi heimild nær því í fyrsta lagi eingöngu til stjúpniðja langlífara maka, en ekki til sameiginlegra niðja hans og hins skammlífara. Í öðru lagi skiptir máli í þessu sambandi með hverjum hætti langlífari maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi því regla þessi á aðeins við ef forsjármaður stjúpniðjans samþykkti setu í óskiptu búi eða ef langlífari makinn var forsjármaður hans, sbr. tilvísun til 1. mgr. 8. gr. Ef réttur langlífari makans til setu í óskiptu búi með ófjárráða stjúpniðjum sínum hefur þannig stuðst við ákvæði erfðaskrár hins skammlífara getur stjúpniðji ekki krafist skipta á grundvelli breyttrar reglu 1. mgr. 14. gr. þegar hann öðlast fjárræði. Að öðru leyti ber að vekja athygli á því að í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að umrædd heimild verði háð því skilyrði að stjúpniðji tilkynni langlífara maka um skiptakröfu sína innan þriggja mánaða frá því hann öðlast fjárræði. Tekið er þó fram að ef krafa kemur ekki fram innan umræddra tímamarka, geti stjúpniðjinn allt að einu krafist skipta síðar á grundvelli seinni málsgreinar 14. gr. Samsvarandi regla er ekki í núgildandi fyrirmælum 14. gr. erfðalaga, en með henni er stefnt að því að koma í veg fyrir óvissu um réttindi í þessu sambandi.

Þá er í 8. gr. frumvarpsins tillaga um breytingu á núgildandi fyrirmælum 2. mgr. 14. gr. erfðalaga. Ákvæðið í núverandi mynd sinni veitir niðjum skammlífara maka, sem hafa samþykkt setu í óskiptu búi, almenna heimild til að krefjast skipta með eins árs fyrirvara. Lagt er til að heimild þessi verði þrengd með þeim hætti að hún taki aðeins til stjúpniðja langlífara maka, en ekki sameiginlegra niðja hjónanna eins og núgildandi regla. Þá felst einnig í umræddu ákvæði frumvarpsins að stjúpniðji geti ekki krafist skipta samkvæmt þessari heimild ef skammlífari makinn hefur mælt fyrir í erfðaskrá um rétt hins langlífara til setu í óskiptu búi.

Rétt er að benda á að þótt lagt sé til að heimildir niðja skammlífara makans til að krefjast arfshluta úr óskiptu búi verði talsvert þrengdar með breytingum á 14. gr. erfðalaga er ekki hróflað við reglum 1. mgr. 15. gr. laganna sem veita niðjum rétt til búskipta vegna óeðlilegrar meðferðar langlífara maka á eignum bús eða hættu á henni.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 1. mgr. 15. gr. erfðalaga að niður falli þau tilmæli að erfingi, sem krefst skipta samkvæmt þeirri reglu, þurfi að sanna tiltekin atvik „fyrir skiptaráðanda“. Brottfall þessara orða kemur ekki að sök varðandi efni reglunnar, en breyting þessi er komin til vegna ákvæða frumvarps til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins koma fram fyrirmæli sem eiga að koma í stað núgildandi reglu 16. gr. erfðalaga. Í fyrri málsgrein ákvæðisins er mælt fyrir um áhrif þess að maður falli frá sem á arfsinnstæðu í óskiptu búi. Er gert ráð fyrir þeirri reglu að erfingjar hans geti aðeins haft uppi skiptakröfu á sama grundvelli og hinn látni hefði sjálfur getað ef hann væri enn á lífi. Er hér um talsverða einföldun að ræða á núgildandi reglum 1. og 2. mgr. 16. gr. erfðalaga, en sú skipan, sem hér er ráðgerð, er eðlileg í ljósi annarra fyrirmæla frumvarpsins um breyttar heimildir til setu í óskiptu búi.

Í síðari málsgrein ákvæðisins er mælt fyrir um að skuldheimtumenn erfingja geti ekki krafist greiðslu arfsinnstæðu þeirra í óskiptu búi. Regla þessi er samhljóða núgildandi fyrirmælum 3. mgr. 16. gr. erfðalaga.

Um 11. gr.

Með ákvæði þessu er tilvísun í 26. gr. erfðalaga til fyrirmæla í eldri lögum um stofnun og slit hjúskapar breytt til samræmis við núgildandi lög um þau efni.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er ráðgerð breyting á fyrirmælum 31. gr. erfðalaga, sem taka til ákvörðunar á verðgildi fyrir fram greidds arfs, þegar tillit er tekið til hans við endanlegt uppgjör milli erfingja að arfleifanda látnum. Í núverandi mynd sinni kveður regla 31. gr. á um að eign sem erfingi hefur fengið fyrirfram að arfi skuli virða honum til frádráttar eftir gangverði hennar þegar afhending hennar átti sér stað. Vafi hefur verið um það hvort í uppgjörum sem þessum eigi að taka til tillit verðlagsbreytinga sem hafa átt sér stað frá afhendingu fyrir fram greidds arfs fram til endanlegs uppgjörs eftir lát arfleifanda, en ummæli 31. gr. taka ekki afdráttarlausa afstöðu til þess. Svo dæmi sé tekið af þeirri aðstöðu, sem hér um ræðir, má benda á að ef einn margra erfingja hefur fengið eign fyrir fram að arfi áratug fyrir lát arfleifanda, gæti bókstafleg skýring fyrirmæla 31. gr. leitt til þeirrar niðurstöðu að eignin komi aðeins til frádráttar af endanlegum arfi hans með óbreyttri fjárhæð frá því sem taldist gangverð eignarinnar við afhendingu hennar. Er augljóst að slík niðurstaða getur leitt til óviðunandi ójafnaðar við uppgjör milli erfingja þegar verðlagsbreytingar hafa orðið jafn miklar og raun ber vitni á undanförnum árum.

Með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af tvímæli um það að framreikna beri verðmæti fyrir fram greidds arfs við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst. Í ákvæðinu er þó ekki mælt nánar fyrir um sjálfa reikniaðferðina sem beita ætti í þessu skyni, t.d. hvort þetta skuli gert eftir ákveðinni vísitölu eða öðrum verðlagsmæli. Stafar þetta af því að ekki er sjálfgefið að vísitölur sem nú eru við lýði, komi til með að gefa rétta mynd af breyttu verðlagi á ókomnum tíma. Auk þess gæti komið til álita að beita mismunandi vísitölum, eftir því um hverja eign er að ræða hverju sinni. Hér er gert ráð fyrir að ef ágreiningur rís milli erfingja um verðgildi fyrirframgreiðslu verði dómstólar að meta eftir atvikum hæfilega fjárhæð í þessu sambandi þannig að stuðlað verði að jafnræði milli erfingja.

Að öðru leyti en nú hefur verið greint felur 12. gr. frumvarpsins í sér tillögu um nánari afmörkun á inntaki 31. gr. erfðalaga sem telja verður að skýri sig sjálf.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um breytingu á 47. gr. erfðalaga sem á rætur að rekja til ákvæða frumvarps til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 14. gr.

Með ákvæði þessu er tilvísun í 51. gr. erfðalaga til fyrirmæla í lögum um lögræði breytt til samræmis við ný lögræðislög.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir nýju ákvæði erfðalaga, 63. gr. þeirra, þar sem mælt er fyrir um skil eldri laga og yngri. Auk þess koma þar fram bráðabirgðaákvæði um hverjir gegni því hlutverki sem sýslumönnum er ætlað með breytingum samkvæmt frumvarpinu meðan lög nr. 74/1972 eru enn í gildi. Verður ekki séð að reglur þessar þarfnist sérstakra skýringa.

Sþ. 333. Skýrsla [209. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. INNGANGUR

Meðal nýmæla í lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, er ákvæði um skyldu félagsmálaráðherra til að leggja fyrir Alþingi á tveggja ára fresti skýrslu um stöðu og þróun á sviði jafnréttis kvenna og karla. Þetta var gert í fyrsta skipti árið 1986. Í þeirri skýrslu var fjallað um nokkra þætti sem taldir voru sýna stöðuna og framvinduna á þessu sviði. Þættirnir voru löggjöf, menntun, atvinnumál, stjórnmál, forusta og félagsleg atriði.

Á ný er komið að því að gefa Alþingi skýrslu um það hvert stefni í jafnréttismálum. Í þessari skýrslu er fylgt í megindráttum sömu efnisskipan og í fyrri skýrslu. Efnis hefur verið aflað hjá ýmsum aðilum. Helstir eru: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Hagstofa Íslands, Jafnréttisráð, kjararannsóknarnefnd og Þjóðhagsstofnun. Á undanförnum tveimur árum hafa komið út eða verið tekin saman af þessum aðilum athyglisverð rit sem er stuðst við í skýrslunni. Benda má á eftirfarandi: Athugun Félagsvísindastofnunar á lengd vinnuvikunnar og viðhorfum Íslendinga til vinnutíma sem unnin var af Stefáni Ólafssyni. Samanburður á launakjörum kynjanna sem Bolli Þór Bollason, þáverandi starfsmaður Þjóðhagsstofnunar, gerði að ósk forsætisráðherra. Kvinnor och män i Norden, en Sigríður Vilhjálmsdóttir, starfsmaður Hagstofu Íslands, sá um að afla efnis um Ísland í bókina. Á árinu 1987 var lögð fram ein kandídatsritgerð um jafnréttismál í Háskóla Íslands, ritgerð Hafdísar Hrannar Ottósdóttur um konuna, vinnuna og kjörin sem lögð var fram í viðskiptadeild. Í henni er að finna margvíslegan fróðleik um stöðu kynjanna á vinnumarkaðinum.

Eins og upptalningin hér að framan ber með sér hefur víða verið leitað upplýsinga. Þó er sérstök ástæða að þakka eftirtöldum sem lögðu til efni í þessa skýrslu, en þeir voru: Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur Jafnréttisráðs, sem tók saman upplýsingar úr Ríkishandbók Íslands um stöðu kynjanna í Stjórnarráðinu. Hún vann einnig upp úr nemendaskýrslum Hagstofunnar upplýsingar um menntaval kynjanna. Kristinn Karlsson, starfsmaður Hagstofu Íslands, lagði til upplýsingar um stöðu dagvistarmála. Valgerður Bjarnadóttir tók saman yfirlit yfir norræna samstarfsverkefnið Brjótum múrana. Guðrún Ágústsdóttir samdi skýrslu um undirbúning á Íslandi fyrir Nordisk Forum, kvennaþingið sem haldið var í Ósló á liðnu sumri. Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, og Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur ASÍ, komu með ýmsar gagnlegar ábendingar. Öllum framangreindum er þakkað framlag þeirra.

Á það skal lögð áhersla að hér er ekki um að ræða tæmandi úttekt. Markmið skýrslunar er að gera grein fyrir aðgerðum stjórnvalda á sviði jafnréttismála, gefa yfirlit yfir þróunina á þessu sviði og vekja athygli á því sem betur má fara. Loks er markmið skýrslunnar að halda til haga ýmsum fróðleik um þetta efni.

2. LÖGGJÖF

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, sem lögð var fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi árið 1986, var rakið það helsta sem gerst hefur hvað varðar löggjöf um stöðu kynjanna á síðustu áratugum. Í þessari skýrslu verður því einungis rakið það sem gerst hefur á þessu sviði á síðustu tveimur árum. Í skýrslu félagsmálaráðherra frá 1986 var frá því greint að á árinu 1985 voru sett ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þau lög eru að mörgu leyti ítarlegri en eldri lög um sama efni, lög um jafnrétti kynjanna frá 1976, og fela í sér ýmis nýmæli.

Á þeim þremur árum sem lögin hafa verið í gildi hafa ýmsir annmarkar komið í ljós. Félagsmálaráðherra ákvað að lögin skyldu endurskoðuð og skipaði til þess verkefnis nefnd í júní 1988. Skal nefndin gera tillögur um breytingar á lögunum, gera tillögur um hvernig nýta megi 3. gr. laganna er heimilar sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og koma með tillögur um hvernig draga megi úr launamun kynjanna. Í nefndinni eru Hjörleifur Guttormsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands Alþýðuflokkskvenna, Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands Framsóknarkvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands Sjálfstæðiskvenna, og Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari er Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs.

Við endurskoðunina er lögð áhersla á að ýmis ákvæði laganna verði gerð markvissari en nú er. Má þar nefna ákvæði um að tilnefna skuli bæði karl og konu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við skipun skuli þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Einnig má nefna það ákvæði núgildandi laga að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í kvenna- og karlastörf. Nefndin leggur til að þessi grein verði útfærð nánar með það í huga að tryggja betur að það kynið sem er í minni hluta hafi ákveðinn forgang við ráðningu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Einnig er í athugun að ráða jafnréttisráðgjafa sem hafi það verkefni að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Endurskoðunarnefndin hefur jafnframt hugað að breytingum á réttarfarsatriðum laganna og úrræðum þeirra.

Stjórnarfrumvarps um breytingar á lögum nr. 65 frá 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er að vænta síðar á þessu þingi.

Hinn 31. mars 1987 samþykkti Alþingi lög nr. 59, um breyting á lögum um almannatryggingar. Samkvæmt lögunum skulu greiddir fullir fæðingardagpeningar í fjóra mánuði frá gildistöku laganna. Frá 1. janúar 1989 skal greiða fæðingardagpeninga í fimm mánuði og í sex mánuði frá 1. janúar 1990. Þessi lög eru tvímælalaust mikilvægt skref í jafnréttisátt.

Alþingi samþykkti á svipuðum tíma ný lög nr. 57/1987, um fæðingarorlof. Nokkur nýmæli eru í lögunum. Nefna má ákvæði í 6. gr. þar sem kveðið er á um skyldu atvinnurekenda til að færa barnshafandi konu til í starfi, þar sem því verður við komið, ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er hætta búin. Færsla á milli starfa skal ekki hafa áhrif á kjör hlutaðeigandi til lækkunar. Í lögunum eru einnig ákvæði um að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

3. MENNTUN

Í umræðu um jafnrétti kynjanna hefur verið lögð áhersla á mikilvægi menntunar. Því hefur verið haldið fram að menntun sé lykillinn að frama í samfélaginu. Þess vegna sé konum fátt mikilvægara í baráttu fyrir jafnrétti en að afla sér meiri menntunar.

Í grein um menntun kvenna í bókinni *Konur hvað nú?*, sem kom út árið 1985, fjallar Fríða Björk Pálsdóttir þjóðfélagsfræðingur um skólagöngu kvenna. Þar kemur fram að konum hefur fjölgað mjög mikið í almennum framhaldsskólum, þ.e. í menntaskólum og fjölbrautaskólum. Fleiri konur stunda nám við háskóla en áður. Þrátt fyrir þetta hefur námsval kvenna lítið breyst. Konur velja frekar nám sem leiðir til umönnunar- og þjónustustarfa sem eru lakar launuð en „karlastörf".

Þessi staðreynd er í nokkru misræmi við 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er kveðið á um það að við náms- og starfsfræðslu í skólum skuli leitast við að breyta hinu venjubundna náms- og starfsvali kvenna og karla.

Tengsl menntunar og starfs eru ljós. Sérhæft skólanám leiðir venjulega til vel launaðs starfs. Ör tækniþróun og breyttir atvinnuhættir ýta enn frekar á framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaga.

3.1. Námsval karla og kvenna skólaárið 1985–1986.

Á vegum Jafnréttisráðs var gerð athugun á námsvali karla og kvenna skólaárið 1985–1986 og byggt á upplýsingum úr nemendaskrá Hagstofu Íslands sem birtust í marshefti Hagtíðinda árið 1987. Niðurstaðan liggur nú fyrir. Í skránni kemur fram hversu margir nemendur stunduðu skólanám ofan grunnskóla og er það flokkað eftir ákveðnum reglum.

Samkvæmt nemendaskrá voru samtals 22 500 nemendur skráðir í nám þetta skólaár, þar af voru um 12 000 konur. Hlutfall kynjanna var því 534 konur á móti 466 körlum af hverjum þúsund nemendum.

Í almennu námi á framhaldsskólastigi voru 7800 nemendur. Þar af voru 4200 konur eða rúmlega 54%. Undirflokkar almenns náms eru hinar ýmsu brautir innan framhaldsskólakerfisins, t.d. málabraut, viðskiptabraut o.s.frv. Meðal þess sem vekur athygli er að 1599 karlar stunda nám á raungreinabrautum en einungis 856 konur. Aðeins 11 karlar eru í námi á heilsugæslubraut en 192 konur.

Kennaranám, uppeldisfræði, er einn aðalflokkurinn, þar með taldar uppeldis- og íþróttabrautir framhaldsskólastigs. Samtals stunduðu 1458 nemendur nám í þessum aðalflokki, þ.e. 311 karlar og 1147 konur. Konurnar voru 79% þessara nemenda. Þær voru t.d. 248 af 300 nemendum sem skráðir voru í nám grunnskólakennara á háskólastigi.

Einn af aðalflokkunum á háskólastigi ber heitið raunvísindi. Árið 1985 voru samtals 430 nemendur skráðir í nám í raunvísindum hérlendis og erlendis. Þar af voru 156 konur eða 36%.

Í námi tengdu heilsugæslu og lækningum voru 1496 nemendur á öllum skólastigum, þar af 346 karlar eða 23% nemenda. Af 346 körlum voru 207 skráðir í læknisfræði, þ.e. 60%. Aðeins 11% kvennanna eða 126 lögðu stund á nám í læknisfræði.

Þessi stutta upptalning gefur til kynna glögga kynskiptingu í námsvali.

3.2. Iðnnám.

Skólaárið 1985–1986 stunduðu 3282 nemendur nám hérlendis sem flokkast sem iðnir eða handverk eða u.þ.b. 21% nemenda sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi á Íslandi þetta ár. Karlar voru 2897 og 385 konur. Konurnar voru því 11,7% þeirra sem lögðu fyrir sig slíkt nám.

Tafla 3.1. Karlar og konur eftir flokkun iðna skólaárið 1985–1986.

	Karlar		Konur	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
Bókaiðnir	105	4	44	12
Byggingar- og tréiðnir	864	30	23	6
Matvælaiðnir	296	10	45	12
Málmiðnir	735	25	4	1
Rafmagnsiðnir	671	23	24	6
Þjónustuiðnir	43	1	172	45
Ýmsar iðnir	40	1	33	7
Meistaranám	93	3	–	–
Óflokkað	50	2	40	11
Samtals	2.897	100	385	100

Heimild: Hagtíðindi 72. árg. nr. 3 1987.

Tafla 3.2. Karlar og konur í hverjum flokkin iðna skólaárið 1985-1986.

	Karlar		Konur		Iðnnemar
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	samtals
Bókaiðnir	105	70	44	30	149
Byggingar- og tréiðnir	864	97	23	3	887
Matvælaiðnir	296	87	45	13	341
Málmiðnir	735	99	4	1	739
Rafmagnsiðnir	671	97	24	3	695
Þjónustuiðnir	43	20	172	80	215
Ýmsar iðnir	40	55	33	45	73
Meistaranám	93	100	–	–	93
Óflokkað	50	56	40	44	90
Samtals	2.897	883	385	117	3.282

Heimild: Hagtíðindi 72. árg. nr. 3 1987.

Í töflum 3.1. og 3.2. er iðnum skipt upp í undirflokka samkvæmt flokkun Hagstofunnar. Þær sýna val iðngreina eftir kynjum þetta tímabil. Dálkarnir í töflu 3.2. sýna skiptingu kvenna og karla eftir flokki iðngreina.

Eitt af því sem vekur athygli er að 2,5% af 1718 körlum, eða 43, voru skráð í þjónustuiðnum. Hlutfall kvenna í þessum greinum var 80% eða 172. Af 1179 körlum, sem á skráningartíma voru á iðnnámssamningi en komu ekki fram í skóla á haustönn 1985, voru 500 eða 42% á samningi í byggingar- og tréiðnum, en í þeim flokki iðna voru aðeins 2 konur sem þannig var ástatt um á skráningartíma.

Kynskiptingin í námsvali leynir sér ekki í töflu 3.2. Mun fleiri karlar völdu rafmagnsiðnir. Nám í þessum greinum velja 671 karlar eða 97%. Konurnar voru flestar í þjónustuiðnum, samtals 172 konur eða 45% af þeim sem stunduðu iðnnám. Þær voru einnig hlutfallslega fjölmennar í matvælaiðnum og bókaiðnum. Engin kona stundaði meistaranám þetta skólaár en 93 karlar.

3.3. Tækninám.

Tækninám hefur til skamms tíma verið hefðbundið „karlanám". Sem dæmi má nefna að þær fáu konur sem hafa verið innritaðar í Tækniskóla Íslands hafa nær eingöngu stundað meinatæknanám. Skýringin á þessu er m.a. sú að flestir sem innritast í Tækniskólann hafa áður lokið iðnnámi þar sem kynskipting í námsvali er sérstaklega greinileg. Samkvæmt nemendaskrá Hagstofunnar voru 1107 nemendur skráðir í tækninám skólaárið 1985–1986. Tækninám var stundað á framhaldsskólastigi og í háskólum heima og erlendis.

Tafla 3.3. Karlar og konur í tækninámi.

	Framhaldsskólar		Háskólastig á Íslandi*		Erlendis		Samtals	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karlar	67	46	323	89	489	81	879	79
Konur	78	54	38	11	112	19	228	21
Samtals	145	100	361	100	601	100	1107	100

* Tæknifræði við Tækniskóla Íslands er meðtalin.
Heimild: Hagtíðindi 72. árg. nr. 3 1987.

Það sem ef til vill vekur fyrst athygli í töflu 3.3. er fjöldi íslenskra námsmanna í tækninámi erlendis, þ.e. meira en helmingur eða 601 af 1107 nemendum.

Konurnar voru í meiri hluta hvað varðaði tækninám á framhaldsskólastiginu, eða 54%. En þær heltast úr lestinni þegar kemur á háskólastigið og í nám erlendis. Tafla 3.4. sýnir að konur í framhaldsskólum landsins voru allar í sama undirflokkinum, þ.e. í teikningu, hönnun og aðstoðarverki.

Tafla 3.4. Karlar og konur eftir skólastigi, flokkun tæknigreina og fjölda í hverri grein.

	Framhaldsskólastig				Háskólast. á Ísl.				Erlendis				Samtals*			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur		Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	F.	%	F.	%	F.	%	F.	%	F.	%	F.	%	F.	%	F.	%
Teikning, hönnun, aðstoðarverk	28	42	78	100	–	–	–	–	–	–	33	29	28	20	111	80
Iðnfræði, bygg.	12	18	–	–	–	–	–	–	18	4	3	3	30	91	3	9
Iðnfræði; rafm.	18	27	–	–	–	–	–	–	3	1	–	–	21	100	–	–
Iðnfræði; óflokkað	9	13	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	9	100	–	–
Tækni-, verk-, byggfr.	–	–	–	–	130	40	16	42	45	9	3	3	175	90	19	10
Tækni-, verk-, rafmfr.	–	–	–	–	110	34	13	34	111	23	6	5	221	92	19	8
Tæknifr.; verkfr. óflokkað	–	–	–	–	83	26	9	24	226	46	8	7	309	95	17	5
Húsa-, hýbýlahönnun, skipulag	–	–	–	–	–	–	–	–	63	13	58	52	63	52	58	48
Óflokkað	–	–	–	–	–	–	–	–	23	5	1	1	23	96	1	4
Samtals	67	100	78	100	323	100	38	100	489	100	112	100	879	100	228	

* Ath. hlutföll í „samtals"-dálki eru reiknuð af samanlögðum fjölda nemenda í hverri grein (lárétt).
Heimild: Hagtíðindi 72. árg. nr. 3 1987.

Á háskólastigi á Íslandi voru konur aðeins 11% nemenda á tæknisviði. Annars verður að hafa í huga að mjög lítill hluti íslensks skólafólks stundaði tækninám á þessum tíma:

Konur í tækninámi voru 228 af 10 497 konum í námi ofan grunnskóla eða 2%.

Karlar í tækninámi voru 897 af 12 024 körlum í námi ofan grunnskóla eða 7%.

Þegar tafla 3.4. er skoðuð nánar má m.a. sjá að í rafmagnsverkfræði á háskólastigi á Íslandi voru 110 karlar og 13 konur. Í hliðstæðu námi erlendis var sama hlutfall ráðandi. Alls voru 232 skráðir í tæknifræði óflokkað eða 226 karlar og 6 konur.

3.4. Stúdentspróf.

Í upphafi aldarinnar taldist það til undantekninga ef konur gengust undir stúdentspróf. Á þessu sviði hefur þróunin verið konum í vil. Sem dæmi má nefna að árið 1944 útskrifuðust 114 stúdentar, 90 karlar og 24 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 7,5% en konur 2,1%. Þremur áratugum síðar, skólaárið 1974–75 brautskráðust alls 919 stúdentar, 464 karlar og 455 konur. Karlarnir voru 21,7% af tölu tvítugra en konurnar 21,6%. Frá og með skólaárinu 1977–1978 fór fjöldi brautskráðra kvenstúdenta fram úr tölu karlstúdenta. Þetta skólaár voru karlarnir 451 og konurnar 520. Þessi þróun hefur haldið áfram eins og mynd 3.1. sýnir.

Skólaárið 1986–1987 útskrifuðust alls 1665 stúdentar, 675 karlar og 990 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 31,4% en konurnar 47,2%. Á þessu sviði hafa konur verulega styrkt stöðu sína.

Mynd 3.1. Brautskráðir stúdentar.



Heimild: Hagtíðindi 72. árg. 4. tbl. apríl 1987.

4. ATVINNU- OG KJARAMÁL

Atvinnuþátttaka.

Í skýrslu félagsmálaráðherra árið 1986 kom fram að atvinnuþátttaka kvenna hefur á sl. tveimur áratugum orðið sífellt algengari. Í erindi, sem Bolli Þór Bollason tók saman í mars 1987 um launamun kynjanna og byggist á könnun sem Þjóðhagsstofnun gerði að tilhlutan forsætisráðherra, kemur fram að atvinnuþátttaka giftra kvenna hafi meira en fjórfaldast síðasta aldarfjórðung eða frá því að vera nálægt 20% árið 1960 í um og yfir 80% árið 1985. Atvinnuþátttaka einhleypra kvenna jókst einnig, en mun minna eða úr 60% í 78% á sama tíma. Ef litið er á allar konur á vinnumarkaði kemur í ljós að atvinnuþátttakan hefur aukist úr um það bil þriðjungi árið 1960 í rúmlega 80% árið 1985. Þetta má bera saman við atvinnuþátttöku karla sem í heild var rúmlega 90% árið 1985.

Tafla 4.1. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi 1960–1985.*

Ár	Allar konur %	Giftar konur %	Einhleypar konur %
1960	33	20	60
1965	48	36	66
1970	60	52	70
1975	67	60	74
1980	77	76	78
1985	80	82	78

* Með atvinnuþátttöku er átt við hlutfall þeirra kvenna, sem höfðu einhverjar tekjur á viðkomandi ári, af heildarfjölda kvenna.

Heimild: Erindi Bolla Þórs Bollasonar um launamun kynjanna. Þjóðhagsstofnun í mars 1987.

Tafla 4.2. Atvinnuþátttaka giftra kvenna eftir aldri 1963–1985.

	1963 %	1970 %	1980 %	1985 %
19 ára og yngri	82	82	96	94
20–24 ára	52	72	89	91
25–29 ára	37	59	84	89
30–39 ára	34	55	84	91
40–49 ára	42	54	85	92
50–59 ára	35	52	80	86
60–69 ára	28	39	58	64
70 ára og eldri	12	16	19	17
Samtals	36	52	76	82

Heimild: Erindi Bolla Þórs Bollasonar um launamun kynjanna. Þjóðhagsstofnun mars 1987.

Launamunur.

Eitt þeirra atriða sem mikið hafa verið til umfjöllunar í þjóðfélaginu er launamunur á milli karla og kvenna á vinnumarkaði.

Í framangreindu erindi Bolla Þórs Bollasonar kemur fram að við upphaf sjöunda áratugarins er talið að laun kvenna hafi numið um 14% af heildarlaunum í landinu. Árið 1985 er

áætlað að þetta hlutfall hafi verið um 30% eða tvöfaldast. Bent er á að þetta eitt sér gefi litla vísbendingu um það hvort launamunur kynjanna hafi eitthvað breyst á þessu árabili vegna þess að taka verði tillit til þess að útivinnandi konum hafi fjölgað verulega. Frá og með árinu 1980 liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um launakjör karla og kvenna sem fengnar eru úr skattframtölum. Með samanburði á heildartölum fyrir árið 1985 kemur í ljós að meðallaunatekjur karla eru um það bil tvöfalt hærri en meðallaunatekjur kvenna. Skýringin gæti falist m.a. í því að konur gegni í ríkari mæli hlutastörfum en karlar. Með því að takmarka samanburðinn við karla og konur í fullu starfi dregur talsvert úr tekjumuninum, en laun karla eru þrátt fyrir það rúmlega 63% hærri en laun kvenna árið 1985. Munurinn hefur minnkað frá árinu 1980, en þá var hann 72%.

Launatekjur einhleypra kvenna hafa haldist nær óbreytt í hlutfalli við laun einhleypra karla. Hins vegar hefur munurinn á launum giftra kvenna og karla verið talsvert meiri en á milli einhleypra, þótt bilið hafi heldur minnkað frá árinu 1980. Þannig voru laun kvæntra karla um 80% hærri en laun giftra kvenna árið 1985, en laun einhleypra karla aðeins 30% hærri en laun einhleypra kvenna. Af þessu má sjá talsverðan mun á launum karla og kvenna jafnvel þótt miðað sé við fullvinnandi fólk.

Tafla 4.3. Meðallaun karla og kvenna í fullu starfi 1980–1985.*

Ár:	Allir			Hjón			Einstaklingar		
	Konur Þús.kr.	Karlar Þús.kr.	Launahlf.** %	Konur Þús.kr.	Karlar Þús.kr.	Launahlf.** %	Konur Þús.kr.	Karlar Þús.kr.	Launahlf.** %
1980	51	88	58	51	96	53,1	52	68	76,5
1981	84	139	60,4	82	149	55	85	113	75,2
1982	131	212	61,8	128	229	55,9	134	173	77,5
1983	202	330	61,2	198	356	55,6	207	270	76,7
1984	256	420	61	251	452	55,5	263	346	76
1985	362	592	61,1	356	641	55,5	370	482	76,8

* Í fullu starfi teljast þeir sem unnið hafa 40 vikur eða meira á ári hverju.

** Með hugtakinu launahlutfall er átt við hlutfall launa kvenna af launum karla.

Heimild: Erindi Bolla Þórs Bollasonar um launamun kynjanna. Þjóðhagsstofnun mars 1987.

Í erindi Bolla Þórs er bent á að munurinn samkvæmt gögnum kjararannsóknarnefndar sé mun minni þegar eingöngu er litið til dagvinnulauna félaga ASÍ, en þá er launahlutfallið um og yfir 90% af launum karla. Samanburður á heildarlaunum leiðir hins vegar í ljós miklu meiri mun, því að við það hrapar launahlutfallið niður í 70%, þ.e. heildarlaun karla eru rúmlega 40% hærri en laun kvenna. Þau atriði, sem bent er á að gætu skýrt þennan mun, eru meiri eftirvinna karla, þ.e. vinnutími kvenna utan heimilis er styttri.

Fleira getur hins vegar skýrt þennan mun. Við athugun á flokkun karla og kvenna eftir starfsstéttum og atvinnugreinum kom í ljós að atvinnuskiptingin er mjög ólík milli kynjanna. Konur eru flestar í ýmsum verslunar- og þjónustugreinum, en launamunurinn er mestur í þessum greinum þar sem þær eru ekki nema hálfdrættingar á við karla í launum sé miðað við fólk í fullu starfi. Við nánari rannsókn á starfsstéttaflokkuninni kom í ljós að langstærstur hluti kvenna í fullu starfi er ýmist verkafólk eða afgreiðslu- og skrifstofufólk. Hins vegar eru tiltölulega fáar konur í stjórnunarstörfum. Þetta dregur niður meðallaunatekjur kvenna í samanburði við laun karla.

Mynd 4.1. Meðallaun á ársverk í þús. kr. árið 1985.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 4.1. sýnir árslaun nokkurra starfshópa árið 1985 og er byggt á upplýsingum úr fréttabréfum kjararannsóknarnefndar. Myndin gefur til kynna launamun kynjanna, en á því skal vakin athygli að ef tekið er tillit til vinnutíma verður launamunurinn minni.

Í því skyni að kanna hvernig launamálum hins opinbera væri háttað skipaði félagsmálaráðherra nefnd í mars 1988. Meðal annars var hlutverk nefndarinnar að setja fram tillögur um launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá ríki og bæjarfélögum. Nefndin lét gera úttekt á launakjörum opinberra starfsmanna. Launamunur kynjanna í dagvinnu var meðal starfsmanna í BSRB um 5–7% og hjá BHMR um 17%. Það sem mesta athygli vakti í athugun nefndarinnar var tvöföld yfirvinna karla á við konur. Hjá almennum félagsmönnum í BSRB fengu karlar í mars–maí 1987 68,2% ofan á dagvinnu sína vegna yfirvinnu, en konur 34,9%. Annað atriði sem vakti athygli var að af greiðslum ríkissjóðs fyrir afnot af bílum á árinu 1987 komu 10% í hlut kvenna en 90% í hlut karla.

Beinar tillögur nefndarinnar lúta einkum að því hvernig megi tryggja fremur jafnstöðu við ráðningar og stöðuveitingar á vegum hins opinbera en nú er með breyttri auglýsingastefnu. Einnig bendir nefndin á nauðsyn þess fyrir jafnrétti í launum karla og kvenna að dregið verði úr yfirvinnu og vinnutími styttur.

Í þessu sambandi skal þess getið að félagsmálaráðherra hefur óskað eftir upplýsingum um skiptingu yfirvinnu á milli ráðuneyta og á milli karla og kvenna í ráðuneytum á árunum 1987 og 1988, enn fremur að upplýst verði um skiptingu annarra hlunninda, t.d. greiðslur fyrir afnot af bifreiðum. Vonast er til að upplýsingarnar liggi fyrir innan skamms.

Vinnutími.

Umræður um vinnutíma eru nátengdar umfjöllun um kaup og kjör. Í nóvember 1987 framkvæmdi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að ósk nokkurra aðila, þar á meðal vinnutímanefndar félagsmálaráðuneytisins, Þjóðhagsstofnunar o.fl., umfangsmikla könnun á vinnutíma á íslenska vinnumarkaðinum. Af hálfu Félagsvísindastofnunar hafði Stefán Ólafsson forstöðumaður umsjón með gerð og framkvæmd könnunarinnar og samdi skýrslu um hana.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að heildarvinnutími fullvinnandi einstaklinga á aldrinum 18–75 ára reyndist að jafnaði vera 54 stundir á viku í október–nóvember 1987. Hjá fullvinnandi körlum var vinnuvikan um 57 stundir, en hjá konum var hún nærri 49 stundir.

Ef teknir voru saman fullvinnandi og þeir sem eru í hlutastörfum var vinnuvikan að jafnaði um 55 stundir hjá körlum og 37 stundir hjá konum. Fullvinnandi verkakarlar reyndust vinna um 59 stundir á viku og fullvinnandi verkakonur um 46 stundir. Einnig kom fram að 81% karla vinnur einhverja yfirvinnu, þ.e. 41 stund á viku eða meira. Um 52% karla eru með 51 stund eða meira og um 25% þeirra vinna 61 stund eða meira á viku í launuðum störfum. Nærri 59% kvenna voru fullvirkar í atvinnulífinu, þ.e. vinna 31 stund eða meira utan heimilis á viku, 32% eru með einhverja yfirvinnu og um 16% vinna 51 stund á viku eða meira. Sex prósent kvenna vinna 61 stund á viku eða meira.

Samkvæmt upplýsingum, sem birtar eru í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar nr. 81, um kaup og kjör á 2. ársfjórðungi ársins 1988, hefur nokkuð dregið úr vinnutíma. Meðalvinnutími fullvinnandi verkakarla á landinu öllu reyndist vera 50,1 stund á viku. Ekki hefur dregið jafnmikið úr meðalvinnutíma verkakvenna. Hann reyndist vera 45,1 stund á viku. Tölur um vinnutíma úr könnun Félagsvísindastofnunar eru ekki sambærilegar við tölur kjararannsóknarnefndar. Séu tölur kjararannsóknarnefndar bornar saman við tölur nefndarinnar frá 2. ársfjórðungi 1987 kemur í ljós að vinnutími karla hefur styst um 3,3 stundir og kvenna um 0,7 stundir. Upplýsingum ber saman um það að þróunin sé í átt til styttri vinnutíma eða dregið hafi úr greiðslum fyrir óunna yfirvinnu. Þetta þyrfti að rannsaka nánar.

5. STJÓRNMÁL OG STJÓRNSÝSLA

5.1. Alþingi.

Mikil munur hefur verið á hlutfalli kynjanna á Alþingi. Ingibjörg H. Bjarnason var kosin fyrst allra kvenna árið 1922 til setu á Alþingi Íslendinga. Fram til ársins 1971 sátu að jafnaði ein eða tvær konur á Alþingi með þeim undantekningum að engin kona átti sæti á löggjafarsamkomu þjóðarinnar 1938–1946 og 1953–1956. Á árunum 1971 til 1979 sátu þrjár konur á Alþingi, eftir Alþingiskosningarnar árið 1983 voru þær níu. Eftir Alþingiskosningar sem fram fóru árið 1987 fjölgaði þeim í 13 eða 21% af heildarfjölda þingmanna en þeim fjölgaði úr 60 í 63. Mynd 5.1. sýnir hvernig hlutfall kvenna á Alþingi hefur breyst frá árinu 1916. Ástæða er til að geta þess að haustið 1988 var kona í fyrsta skipti kosin forseti sameinaðs þings. Kjörin var Guðrún Helgadóttir.

Mynd 5.1. Hlutfall karla og kvenna á Alþingi 1916–1987.



Heimild: Hagskýrslur Íslands, Alþingiskosningar 1916–1983. Hagtíðindi.

Til samanburðar má geta þess að hlutfall kvenna á þjóðþingum annars staðar á Norðurlöndum er: Danmörk 31% (kosningar 1988), Finnland 31% (1987), Noregur 34% (1985) og Svíþjóð 38% (1988).

5.2. Sveitarstjórnir.

Engar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram síðan skýrsla félagsmálaráðherra var lögð fram árið 1986. Þar er frá því greint að hlutur kvenna af kjörnum fulltrúum í kaupstöðum er eftir kosningarnar 1986 um 30% en var eftir kosningarnar 1982 tæp 20%. Í kauptúnahreppum jókst hlutur kvenna einnig en minna. Hann er eftir kosningarnar 1986 24,2%.

Hlutur kvenna í borgar- og bæjarráðum hefur einnig aukist nokkuð eða úr 10% árið 1982 í 13% árið 1986. Þessi aukning er þó í engu samræmi við hlut kvenna í borgar- og bæjarstjórnum. Engin kona er borgar- eða bæjarstjóri en tæp 22% af forsetum borgar- eða bæjarstjórna eru konur.

Á tímabilinu 1974 til kjörtímabilsins 1982–1986 fjölgaði konum mjög verulega í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum borgar- og bæjarstjórna, eða úr rúmum 14% í tæp 27%. Á yfirstandandi kjörtímabili er hlutur kvenna rúm 27% og er aukningin því innan við 1%. Ekki er hægt að merkja nein stærri frávik frá þessari meðaltalstölu með einni undantekningu sem er Neskaupstaður. Konur eru í meiri hluta í bæjarstjórn í Neskaupstað og er hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins rúm 42%.

Rétt er að taka það fram að þessi athugun sem unnin var af Jafnréttisráði tekur til þeirra kaupstaða sem höfðu kaupstaðarréttindi við kosningarnar 1986 en kaupstöðum hefur fjölgað nokkuð síðan athugunin var gerð.

5.3. Hlutfall kynjanna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum.

Jafnréttisráð hefur á undanförnum árum fylgst reglulega með hlutfalli kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Þegar þetta var kannað árið 1983 kom í ljós að hlutur kvenna var mjög lítill eða 6%. Önnur könnun var framkvæmd árið 1986. Niðurstaða hennar var að hlutfall kvenna hafði lítillega hækkað eða í 11%. Þriðja könnun var framkvæmd haustið 1988. Helstu niðurstöður hennar fara hér á eftir. Í fylgiskjali IV er gerð grein fyrir niðurstöðum eldri könnunar um þetta efni.

Þess skal getið að kannanirnar um stöðu þessara mála sem taka til áranna 1985 og 1987 byggja á upplýsingum í Ríkishandbók Íslands sem kom út 1986 og 1988. Rétt er að taka fram að í sumum tilvikum skortir upplýsingar um einstök ráðuneyti. Sú flokkun sem byggt er á er sú sama og í Ríkishandbókinni. Þar er stjórnum, ráðum og nefndum á vegum ríkisins skipt í þrjá flokka:

1. Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs,
2. nefndir skipaðar og kjörnar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis og
3. nefndir skipaðar af stjórnvöldum.

Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs.

Upplýsingar um fjölda og skiptingu kvenna og karla í ráð og nefndir sem Alþingi kaus eftir kosningar 1987 má sjá í töflu 5.1.

Tafla 5.1. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í ráðum, stjórnum og nefndum sem kosnar voru af Alþingi árið 1987. Skipting eftir ráðuneytum.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	1	6	17	94	18	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4	8	44	92	48	100
Félagsmálaráðuneyti	2	20	8	80	10	100
Fjármálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2	7	27	93	29	100
Iðnaðarráðuneyti	0	0	29	100	29	100
Landbúnaðarráðuneyti	1	7	13	93	14	100
Menntamálaráðuneyti	11	35	20	65	31	100
Samgönguráðuneyti	0	0	16	100	16	100
Sjávarútvegsráðuneyti	1	5	19	95	20	100
Viðskiptaráðuneyti	1	7	14	93	15	100
Utanríkisráðuneyti	1	4	23	96	24	100
Hagstofa Íslands	–	–	–	–	–	–
Samtals	24	9	230	91	254	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1988.

Árið 1987 eru karlar 91% þeirra sem kosnir voru af Alþingi til að sitja í ráðum, stjórnum og nefndum. Við samanburð við hliðstæða könnun kemur í ljós að litlar hlutfallslegar breytingar hafa átt sér stað á tveggja ára tímabilinu 1985–1987. Á þessu tímabili hefur nefndarmönnum fjölgað og eru samtals 254. Árið 1985 var fjöldi þeirra 188. Karlar 170 og konur 18. Konunum hefur fjölgað í 24, en karlarnir hafa að sama skapi bætt við sig nefndarsætum og eru nú 230. Þetta er athyglisverð niðurstaða, sérstaklega með tilliti til aukinna áhrifa kvenna á Alþingi.

Nefndir skipaðar eða kjörnar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis.

Árið 1976 voru karlar 95% þeirra sem sátu í stjórnum, ráðum og nefndum sem voru skipaðar eða kjörnar samkvæmt lögum eða ályktunum Alþingis. Nefndir og ráð á vegum sjö ráðuneyta sem falla í þennan flokk voru án fulltrúa kvenna.

Tafla 5.2. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í nefndum á vegum ráðuneyta sem eru kjörnar eða skipaðar samkvæmt lögum eða ályktunum Alþingis árið 1987.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	1	20	4	80	5	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13	10	113	90	126	100
Félagsmálaráðuneyti	26	21	95	79	121	100
Fjármálaráðuneyti	6	7	80	93	86	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	22	15	125	85	147	100
Iðnaðarráðuneyti	1	1	66	99	67	100
Landbúnaðarráðuneyti	1	1	67	99	68	100
Menntamálaráðuneyti	39	17	196	83	235	100
Samgönguráðuneyti	5	5	91	95	96	100
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0	47	100	47	100
Viðskiptaráðuneyti	2	5	37	95	39	100
Utanríkisráðuneyti	0	0	5	100	5	100
Hagstofa Íslands	0	0	3	100	3	100
Samtals	116	11	929	89	1045	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1988.

Árið 1985 var hlutur kvenna í sambærilegum nefndum 11% og 7 ráðuneyti höfðu engar konur í sínum nefndum. Að þessu sinni eru nefndir á vegum þriggja ráðuneyta án kvenna. Samanlagður hlutur kvenna hefur staðið í stað og er 11%. Það má benda á að fjöldi einstaklinga í nefndunum hefur aukist frá árinu 1985 úr 920 upp í 1045 einstaklinga. Þannig eru nefndarkonur 29 fleiri en þær voru árið 1985 og körlum hefur fjölgað um 110 frá sama tíma. Greina má vissa kynskiptingu á milli ráðuneyta. Konurnar eru fjölmennastar í ráðuneytum sem fara með mennta-, félags- og heilbrigðismál.

Nefndir skipaðar af stjórnvöldum.

Í töflu 5.3. kemur fram fjöldi og hlutfall kvenna og karla í nefndum og starfshópum sem stjórnvöld eða ráðherrar skipa. Tekið skal fram að hér er fyrst og fremst um að ræða nefndir og vinnuhópa sem eru skipaðir af stjórnvöldum til að setja fram hugmyndir og tillögur. Oft eru hagsmunaaðilar beðnir að tilnefna fulltrúa til setu í þessum nefndum. Það er því ekki alltaf á valdi hlutaðeigandi stjórnvalds að ráða hlutfalli kynjanna. Til að auðvelda samanburð skal þess getið að hlutfall karla í þessum flokki nefnda og starfshópa var árið 1976 92%. Nefndir á vegum fimm ráðuneyta voru án kvenna. Árið 1985 var hlutur karla 88% og nefndir á vegum þriggja ráðuneyta voru án kvenna. Fram til ársins 1987 er lítil hreyfing í jafnréttisátt á þessu sviði. Hlutur karla er enn 88% og starfshópar og nefndir á vegum eins ráðuneytis eru án konu.

Tafla 5.3. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í nefndum og starfshópum sem eru skipaðir af stjórnvöldum (ráðherra) á árinu 1987.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	1	4	27	96	28	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Félagsmálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Fjármálaráðuneyti	3	4	74	96	77	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	34	21	131	79	165	100
Iðnaðarráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Landbúnaðarráðuneyti	3	2	147	98	150	100
Menntamálaráðuneyti	77	16	391	84	468	100
Samgönguráðuneyti	2	3	56	97	58	100
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0	47	100	47	100
Viðskiptaráðuneyti	1	6	16	94	17	100
Utanríkisráðuneyti	0	0	20	100	20	100
Hagstofa Íslands	0	0	0	0	0	0
Samtals	121	12	909	88	1030	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1988.

Ef dregnar eru saman upplýsingar um fjölda fulltrúa í nefndaflokkunum þremur hefur hlutur kvenna versnað lítillega frá árinu 1985 eða um 1%. Á tímabilinu 1985 til ársins 1987 hefur körlum fækkað úr 2301 í 2065. Hlutfall þeirra er svipað og áður eða 88%. Konum hefur fækkað úr 267 í 261 og voru þær árið 1987 12% nefndarmanna.

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að framvegis þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og ráð á vegum félagsmálaráðuneytisins verði vakin athygli á þeirri stefnu stjórnvalda að hlutfall annars kynsins sé aldrei minna en 40%.

Hlutfall kynjanna í opinberri stjórnsýslu.

Fyrir nokkru birti Jafnréttisráð yfirlit yfir hlutfall kynjanna í störfum í Stjórnarráði Íslands sem flokkast undir stjórnunar- og ábyrgðarstöður á aðalskrifstofum ráðuneyta. Yfirlitið var unnið upp úr Ríkishandbók Íslands 1988 og miðar við stöðuna eins og hún var um mitt ár 1987. Þess skal getið að ýmislegt hefur breyst á því ári sem liðið er, t.d. tók kona við starfi ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu 1. september 1988.

Fjöldi þeirra einstaklinga, sem gegna stöðum sem flokkast undir stjórnunar- og/eða ábyrgðarstöður, er samtals 185. Til einföldunar eru sex starfandi „heimasendiherrar" við utanríkisráðuneytið taldir með skrifstofustjórum ráðuneytanna. Enn fremur skal þess getið að erfitt var að greina á milli deildarsérfræðinga (BHM) og BHM-sérfræðinga. Með framangreindri einföldun er störfunum skipt í sjö flokka.

Tekið skal fram að fjöldi fulltrúa, ritara og skrifstofumanna (BSRB) var einnig kannaður og reyndist hann vera 87. Hjá ráðuneytunum störfuðu á þessum tíma samtals 293 einstaklingar. Það eru því 34 starfsmenn sem gegna stöðum sem samantektin tekur ekki til (t.d. húsverðir og bílstjórar).

Tafla 5.4. Konur og karlar í stjórnunarstöðum.

	Fjöldi	%
Karlar	126	68
Konur	59	32
Samtals	185	100

Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum var 24% í sambærilegri athugun frá árinu 1985 og hefur hækkað í 32% miðað við mitt ár 1987.

Aðstoðarmenn ráðherra og aðrir ráðunautar þeirra eru taldir með í þessum fjölda, samtals 14 einstaklingar, og breyta þeir ekki hlutfallstölum. Í nýrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar gegna samtals 4 konur störfum aðstoðarmanns ráðherra. Samtals eru þeir sem gegna stjórnunar- og ábyrgðarstörfum 185, en karlar eru 126. Af 87 manna hópi sem skipaði stöður fulltrúa, ritara eða skrifstofumanna voru 83 konur.

Eins og sjá má á töflu 5.5. hafa starfsheiti verið greind í sjö meginflokka.

Tafla 5.5. Skipting kynjanna á miðju ári 1987 eftir stjórnunar- og ábyrgðarstöðu á aðalskrifstofum ráðuneyta.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ráðuneytisstjóri	0	0	13	100	13	100
Aðstoðarmaður ráðherra	4	36	7	64	11	100
Skrifstofustjóri	1	4	26	96	27	100
Deildarstjóri	2	39	40	61	66	100
Deildarsérfræðingur	11	35	20	65	31	100
Sérfræðingur BHM	10	45	12	60	22	100
Námsstjóri	6	46	7	54	13	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1988.

Á töflu 5.5. má sjá að konurnar eru ekki fjölmennar í efstu þrepum embættismannastigans. Þær eru ekki ráðuneytisstjórar (fyrr en frá 1. sept. 1988) og aðeins ein kona er skrifstofustjóri. Karlar í hópi skrifstofustjóra eru 26.

Ljóst er að þeim konum fjölgar sem gegna stjórnunarstörfum í Stjórnarráði Íslands. Til dæmis eru þær að verða helmingur sérfræðinga. Árið 1985 var engin kona flokkuð sem BHM-sérfræðingur og einungis 5 konur höfðu stöðuheitið deildarsérfræðingur. Um mitt ár 1987 eru 11 konur, eða 35%, flokkaðar sem deildarsérfræðingar.

Tafla 5.6. sýnir hlutfall kynja eftir ráðuneytum. Á því skal vakin athygli að um er að ræða stjórnunar- og ábyrgðarstöður.

Tafla nr. 5.6. Skipting kynja eftir ráðuneytum á miðju ári 1987.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	3	38	5	63	8	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6	40	9	60	15	100
Félagsmálaráðuneyti	7	58	5	42	12	100
Fjármálaráðuneyti	4	27	11	73	15	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	9	45	11	55	20	100
Iðnaðarráðuneyti	3	30	7	70	10	100
Landbúnaðarráðuneyti	2	17	10	83	12	100
Menntamálaráðuneyti	13	33	26	67	39	100
Samgönguráðuneyti	3	43	4	57	7	100
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0	8	100	8	100
Viðskiptaráðuneyti	1	17	5	83	6	100
Utanríkisráðuneyti	4	21	15	79	19	100
Hagstofa Íslands	4	29	10	71	14	100
Samtals	59	32	126	68	185	100

Eins og sjá má á töflu 5.6. er hlutfall kvenna lægst í atvinnuvegaráðuneytunum. Sjávarútvegsráðuneytið stendur sýnu lakast, en þar gegndi engin kona stjórnunar- eða ábyrgðarstarfi um mitt ár 1987. Í ár hóf kona störf í ráðuneytinu sem deildarsérfræðingur. Hlutfall kvenna er hæst í félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í félagsmálaráðuneytinu hafa konur vinninginn og eru fleiri en karlar.

Þó svo að hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum ráðuneyta sé orðinn að meðaltali 32% og nokkur ráðuneyti sýni frumkvæði í að nýta hæfni og þekkingu kvenna er enn langt í land. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta sem síðar verður vikið að hljóta að taka á þessari misskiptingu með það að markmiði að jafna stöðu kvenna og karla á þessum vettvangi sem og öðrum.

6. FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á JAFNRÉTTISMÁL

Það er viðurkennt að fjölmörg önnur atriði en laun og tækifæri til frama í starfi hafa áhrif á stöðu og þróun jafnréttis kvenna og karla. Benda má á almennan aðbúnað fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Er hann með þeim hætti að báðir foreldrar geti tekið virkan þátt í heimilisstörfum og atvinnulífi? Við þessari spurningu er enn ekki hægt að gefa tæmandi svar. Þó má vekja á því athygli að margt hefur breyst til betri vegar. Skattkerfinu hefur verið breytt þannig að karl og kona í sambúð eða hjónabandi eru sjálfstæðir framteljendur og fá hvort um sig sérstakan persónuafslátt. Húsnæðislánakerfið hefur verið eflt með það að markmiði að auðvelda einstaklingum og fjölskyldum að eignast húsnæði. Á síðustu missirum hafa stjórnvöld lagt sérstaka áherslu á málaflokka sem oft eru nefndir í sömu andrá og jafnréttismálin, en það eru dagvistarmál og skipulag skólastarfs.

Ein mesta breytingin á þessari öld er almenn þátttaka kvenna í atvinnulífinu. Hún gerir aðrar kröfur en áður til samfélagsins, m.a. þá að börn búi við öryggi þrátt fyrir langan vinnudag foreldra utan heimilis. Stjórnvöld hafa reynt að gera fleiri börnum kleift að dvelja á dagvistarheimilum og breyta skólastarfinu á þann veg að það mæti hagsmunum heimilanna.

Í 73. árgangi Hagtíðinda, 2. hefti í febrúar 1988, er að finna yfirlit yfir dagvistarstofnanir barna á öllu landinu frá árinu 1981 til ársins 1986. Þar kemur fram að stöðugildum þetta

tímabil hefur fjölgað úr 848 árið 1981 í 1215 árið 1986. Fjöldi barna á aldrinum 0–10 ára á dagvistarstofnunum hefur vaxið úr 7708 árið 1981 í 10 385 árið 1986. Mikill meiri hluti var börn á aldrinum 3–5 ára sem dvöldu á leikskólum. Árið 1986 voru þau 6477 eða 48,9% af aldursflokki. Á dagheimilum dvöldu alls 2537. Hlutfall 0–2 ára barna var 6% eða 751 og hlutfall 3–5 ára barna var 13,5% eða 1786. Ef miðað er við hliðstæðar hlutfallstölur frá árinu 1981 kemur í ljós að fjölgun þeirra barna sem dvelja á dagheimilum er óveruleg. Það ár voru 0–2 ára börn 675 eða 5,3% af aldursflokki og 3–5 ára börn voru 1305 eða 10,7% af aldursflokki. Fjölgun barna hefur fyrst og fremst orðið á leikskólum.

Í ágúst 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Meðal þeirra málaflokka sem henni var sérstaklega falið að vinna að voru dagvistarmál, lífeyrismál, skattamál og skólamál. Samstarfsnefndin skilaði áfangaskýrslu um skóla og dagvistarmál í ágúst 1988. Í skýrslunni bendir nefndin á nokkur markmið sem hún telur æskilegt að stefnt verði að.

Eitt þeirra er að grunnskólanemar dveljist í skóla í a.m.k. sex klst. á dag. Hún leggur til að með skipulögðum aðgerðum verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda. Einnig leggur nefndin til að forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna.

Loks gerir nefndin það að tillögu sinni að fylgt verði tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana sem samin var af nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins á árunum 1981–1982, samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins í október 1980. Í áfangaskýrslu sinni setur nefndin fram áætlun um hvernig ná megi markmiðum samkomulagsins frá árinu 1980 á næstu fimm árum, með nokkrum áherslubreytingum, einkum hvað varðar aukið framboð á leikskólum sem bjóða upp á vist í sex klst. á dag.

Nefndin leggur og til að gjaldskrám dagvistarstofnana verði gjörbreytt og viðrar hugmyndir um tekjutengingu þeirra.

7. STJÓRNVÖLD OG JAFNRÉTTISMÁL

Með núgildandi lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var lögð ríkari ábyrgð á herðar stjórnvalda varðandi jafnrétti kynjanna. Í þessu sambandi má benda á 2. tölul. 15. gr. laganna en þar er gert ráð fyrir því að Jafnréttisráð skuli móta framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Í framkvæmdaáætluninni skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Félagsmálaráðherra og ríkisstjórn gegna mikilvægara hlutverki en áður. Í 22. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um það að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir ríkisstjórn fjögurra ára framkvæmdaáætlun um aðgerðir á sviði jafnréttismála og skuli við gerð hennar höfð hliðsjón af hliðstæðri áætlun Jafnréttisráðs. Þessa áætlun skal leggja fyrir Alþingi. Í þessum hluta skýrslunnar er stuttlega gerð grein fyrir aðgerðum stjórnvalda á sviði jafnréttismála. Fyrst er fjallað um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1986 og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórna Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar og þar á eftir aðgerðir ráðuneyta og stofnana.

7.1. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Framkvæmdaáætluninni, sem lögð var fyrir Alþingi haustið 1986, er skipt í fjóra hluta, þ.e. atvinnu- og launamál, menntun og fræðslu, trúnaðarstöður og ábyrgð og félagsleg atriði. Of langt mál er að rekja ítarlega einstaka þætti framkvæmdaáætlunarinnar og látið nægja að benda á mikilvægustu atriðin.

Fyrsti hluti áætlunarinnar fjallar um atriði sem hafa verið mikið til umfjöllunar í þjóðfélaginu, en það er sá munur sem menn telja að sé á launum kvenna og karla. Í þessum

hluta er m.a. ákveðið að hraðað skuli könnun Þjóðhagsstofnunar á launamun kynjanna, að ráðuneyti og opinberar stofnanir beiti sér fyrir sveigjanlegum vinnutíma, að fram fari nýtt starfsmat og að efnt verði til námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

Í inngangi kaflans um menntun og fræðslu er vakin athygli á því að munur á menntun kvenna og karla hafi verið mikill en hann fari minnkandi. Fram kemur það mat að til þess að bæta stöðu kvenna þurfi að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþætt og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það. Þau atriði sem leggja beri sérstaka áherslu á næstu fjögur árin eru aukin jafnréttisfræðsla, sbr. 10. gr. laga nr. 65/1985, skyldunámskeið um jafnréttisfræðslu fyrir kennara og starfandi fóstrur, endurskoðun námsefnis með tilliti til jafnréttis kynjanna, starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf og aukin fræðsla um fjölskyldumál.

Tvö markmið eru sett í kafla um trúnaðarstöður og ábyrgð. Í fyrsta lagi að ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að hlutfall kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jafnast og er í því sambandi bent á 12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í öðru lagi er sú skylda lögð á ráðuneyti að þau vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum.

Í lokakafla framkvæmdaáætlunarinnar er fjallað um ýmis félagsleg atriði. Þar er á það minnt að íslenska þjóðfélagið hafi gjörbreyst á undanförnum árum. Helstu breytingarnar felist í aukinni menntun kvenna og atvinnuþátttöku þeirra utan heimilisins. Bent er á nauðsyn þess að þjóðfélagið lagi sig að breyttum aðstæðum. Þess vegna þurfi að tryggja heimavinnandi maka sömu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum, lengja þurfi fæðingarorlof, koma á samfelldum skóladegi og fjölga þeim fjölskyldum sem fái aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheimilum.

7.2. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem tók við völdum 8. júlí 1987, er víða fjallað um jafnrétti karla og kvenna. Meðal annars segir í stefnuyfirlýsingunni að kjör kvenna og aðstaða barna verði bætt og áhrif kvenna í þjóðlífinu aukin. Tekið er fram að átak skuli gert til að koma á launajafnrétti. Rætt er um endurmat á störfum kvenna hjá hinu opinbera og að launastefna hins opinbera sem aðila að kjarasamningum miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og jafnframt verði kannað hverning unnt er að gefa foreldrum færi á að fá launalaust leyfi vegna umönnunar barna þegar sérstaklega stendur á. Í stefnuyfirlýsingunni er einnig lögð á það sérstök áhersla að unnið verði samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til ná fram jafnrétti kynjanna.

Ný ríkisstjórn var mynduð undir forsæti Steingríms Hermannssonar í lok september 1988. Í stefnuyfirlýsingu hennar er sérstakur kafli um jafnréttis- og fjölskyldumál. Þar kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að beita sér fyrir átaki til að tryggja betur jafnrétti kynjanna sérstaklega í launamálum. Í þessu skyni verði jafnréttislöggjöfin endurskoðuð og gerð ný fjögurra ára framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna. Bent er á nokkur verkefni sem unnið verði að, m.a. verði gert sérstakt átak í dagvistunarmálum í náinni samvinnu sveitarfélaga og ríkis og auknum fjármunum varið í því skyni. Einnig verði gerðar jafnréttisáætlanir í ráðuneytum og stofnunum á vegum ríkisins.

7.3. Félagsmálaráðuneytið.

Eins og framangreint yfirlit ber með sér hefur ábyrgð félagsmálaráðuneytisins og annarra stjórnvalda á framkvæmd jafnréttismála orðið mun meiri með jafnréttislögunum frá árinu 1985. Í því skyni að stuðla að árangri hefur ráðuneytið lagt áherslu á gott samstarf við

Jafnréttisráð. Haldnir eru samráðsfundir nokkrum sinnum á ári. Á þeim fundum hefur verið farið yfir þau verkefni sem brýnust eru á hverjum tíma og ákveðið með hvaða hætti þau verði best leyst af hendi.

Félagsmálaráðuneytið hefur undanfarin missiri lagt mesta áherslu á að ná þeim markmiðum sem sett eru í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar. Þau verkefni sem unnið hefur verið að á vegum ráðuneytisins eru:

a. Könnun á launamun kynjanna.
b. Jafnréttisáætlanir.
c. Athugun á launa- og kjaramálum opinberra starfsmanna.
d. Séraðgerðir í þágu kvenna.
e. Bryt-verkefnið.
f. Erlent samstarf.

Eitt fyrsta verkefni félagsmálaráðherra eftir stjórnarskiptin á miðju sumri 1987 var að senda öllum ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins bréf þar sem því var beint til þeirra að gert yrði átak í jafnréttismálum og stefnt að eftirfarandi markmiðum:

Í fyrsta lagi að unnið yrði markmisst að því að hlutfall kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jafnast.

Í öðru lagi að ráðuneyti ynnu að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fengju aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum.

Í þriðja lagi að ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beittu sér fyrir að komið yrði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífinu.

Í fjórða lagi að launastefna ríkisins stuðlaði að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá hinu opinbera.

Í bréfinu var jafnframt skýrt frá því að erindinu yrði fylgt eftir síðar. Það hefur verið gert.

Jafnréttisáætlanir.

Í samvinnu við Jafnréttisráð hefur verið unnið að því að ráðuneyti og þær stofnanir sem undir þau heyra setji sér sérstakar áætlanir um það á hvern hátt staða kynjanna innan ráðuneyta og stofnana verði jöfnuð innan tiltekins tíma, bæði að því er varðar launakjör og stöðuveitingar. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að lagt verði fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir að gera jafnréttisáætlanir til fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 1. janúar 1989 til 31. desember 1992. Í áætlunum skal koma fram:

a. Núverandi staða jafnreftismála innan ráðuneytis eða stofnunar,
b. að ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir setji sér markmið í jafnréttismálum sem stefnt verði að innan tiltekins tíma, t.d. að því er varðar stöðuveitingar, launamál, starfsauglýsingar, námskeið og tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð.

Framkvæmdaáætlanirnar verði tilbúnar fyrir 1. nóvember 1988.

Áformað er að meta stöðuna og árangurinn reglulega á tveggja ára fresti. Þess má geta að fundir hafa verið haldnir með forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana til að kynna gerð jafnréttisáætlana. Einnig hefur verið haldinn fundur með fulltrúum sveitarstjórna, en ætlunin er að hvetja sveitarstjórnir til að taka upp gerð jafnréttisáætlana með svipuðu sniði og fyrirtæki og stofnanir ríkisins.

Athugun á launa- og kjaramálum opinberra starfsmanna.

Í samræmi við ákvæði í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um áherslu á jafnrétti í launum og hlunnindagreiðslum hjá hinu opinbera skipaði félagsmálaráðherra nefnd 8. desember 1987 sem falið var að fjalla um launajafnrétti karla og kvenna hjá ríkinu, endurmat á störfum

kvenna, að kanna hlunnindagreiðslur og leita leiða til að tryggja jafnstöðu karla og kvenna við ráðningar og stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Í nefndinni áttu sæti Lára V. Júlíusdóttir, þáverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Guðmundur Björnsson, skrifstofustjóri launaskrifstofu ríkisins, og Ásdís J. Rafnar, formaður Jafnréttisráðs. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra 18. mars 1988.

Í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar ákvað félagsmálaráðherra að skipa aðra nefnd til að athuga þörf á að endurskoða lög um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna, nr. 65/1985, svo sem getið er í 2. kafla. Þessari nefnd var sérstaklega falið að athuga hvernig draga megi úr launamisrétti karla og kvenna, jafna hlunnindagreiðslur og auka hlutdeild kvenna í nefndum og ráðum. Henni er einnig falið að sníða af galla sem fram hafa komið á réttarfarskafla laganna.

Séraðgerðir í þágu kvenna.

Meðal ákvæða í lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er heimild til tímabundinna séraðgerða í þágu kvenna. Þessu máli var fyrst hreyft árið 1980 og olli þá miklum deilum á Alþingi. Fimm árum síðar var hins vegar búið að plægja jarðveginn það vel að menn virtust skilja að til að jafna það sem ójafnt er þarf séraðgerðir. Hins vegar er í raun lítið farið að reyna á þetta ákvæði jafnréttislaganna enn. Í athugun er hvort rétt sé að beita því.

Erlend samskipti á sviði jafnréttismála.

Norrænt samstarf.

Á seinni árum hafa Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin lagt mikla áherslu á norrænt samstarf á sviði jafnréttismála. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda hittast reglulega til að leggja drög að sameiginlegri stefnumótun landanna á þessu sviði. Fundir jafnréttisráðherranna eru undirbúnir af norrænu embættismannanefndinni sem fjallar um jafnréttismál. Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni undanfarin tvö ár. Á þessum tíma hafa Norðurlöndin staðið að þremur stórum samstarfsverkefnum, Bryt-verkefninu, samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála til ársins 1993 og síðast enn ekki síst studdi norræna ráðherranefndin norrænt kvennaþing í Ósló, Nordisk Forum, sem haldið var 31. júlí til 7. ágúst á liðnu sumri.

Samhliða Nordisk Forum var haldin norræn ráðstefna stjórnmálamanna, ráðherra og embættismanna sem fara með jafnréttismál. Ráðstefnan var haldin dagana 3.–5. ágúst. Af hálfu íslenskra stjórnvalda sóttu ráðstefnuna Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Lára V. Júlíusdóttir, þáverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Ásdís Rafnar, formaður Jafnréttisráðs, og Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Viðfangsefni ráðstefnunnar voru tvö. Hlutur kvenna í efnahagsþróuninni og samspil fjölskyldu og vinnumarkaðar. Þetta eru einnig þau tvö málefni sem lögð er megináhersla á í drögum að norrænni framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála fyrir árin 1989–1993 sem lágu fyrir fundinum.

Á fundinum gerði félagsmálaráðherra ýmsar athugasemdir við drögin að norrænu framkvæmdaáætluninni. Ráðherra benti á að aðgerðir í launamálum ættu að vera rauði þráðurinn í áætluninni. Taka þurfi til umræðu hugtakið „jafnverðmæt og sambærileg störf" þannig að vinna kvenna sé ekki skilgreind sem þýðingarminni en vinna karla. Í áætluninni þurfi að leggja áherslu á að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu í atvinnulífinu. Leita þurfi leiða til að tryggja að konur hafi sama rétt til yfirvinnu og karlar og auka verði eftirlit með raunverulegum vinnutíma fólks. Enn fremur þurfi að auka vægi rannsókna á kjara- og launamálum. Rannsóknir þurfi að beinast í ríkari mæli að þeim sviðum þjóðlífsins þar sem

augljóst er að kynin standa misjafnlega að vígi. Loks vakti ráðherra athygli á því að nauðsynlegt sé að skilgreina nánar þær aðgerðir sem eru nú í undirbúningi í framhaldi af Brytverkefninu.

Félagsmálaráðherra varpaði fram þeirri hugmynd á ráðherrafundinum að Norðurlönd beittu sér fyrir því að komið yrði á laggirnar sérstakri jafnréttisstofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þessi hugmynd vakti mikla athygli. Utanríkisráðherra gerði hugmyndina að umtalsefni í ræðu sem hann flutti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í október sl.

Gert er ráð fyrir að norræna ráðherranefndin (jafnréttisráðherrarnir) afgreiði í desember 1988 samstarfsáætlunina á sviði jafnréttismála til Norðurlandaráðs.

Nordisk Forum, norrænt kvennaþing.

Á fundi sem norræna ráðherranefndin (jafnréttisráðherrarnir) hélt í Reykjavík árið 1985 kom fram víðtækur stuðningur við þá hugmynd að stofnað yrði til sérstaks þings fyrir norrænar konur.

Ráðherranefndin ákvað að undirbúningur þingsins skyldi vera í höndum norrænna kvennasamtaka og var þeim falið að skipa fulltrúa í norræna undirbúningsnefnd. Fulltrúar Íslands voru þær Arndís Steinþórsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Guðrún Ágústdóttir frá Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Auk þeirra voru þær Ingibjörg Magnúsdóttir frá Bandalagi kvenna, Jónína Margrét Guðnadóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, í íslenska framkvæmdahópnum sem sá um undirbúning hér heima. Framkvæmdahópurinn setti sér strax í upphafi þau markmið að 200 íslenskar konur færu á þingið og að þær ættu að hafa gagn og gaman af því sem þar færi fram, ásamt því að leggja sitt til málanna.

Félagsmálaráðherra veitti fé til að ráða starfsmann í hálft starfi í 10 mánuði og fengi hann aðstöðu hjá Jafnréttisráði. Guðrún Ágústsdóttir var ráðin í starfið. Einnig ákvað ráðherra að félagsmálaráðuneytið legði fram 200 000 kr. í sérstakan ferðasjóð til að kosta för íslenskra kvenna til Óslóar til þátttöku í Nordisk Forum.

Frá upphafi var lögð áhersla á að virkja félagasamtök kvenna í undirbúningsstarfið og tókst það vonum framar. Myndaðir voru tenglahópar sem höfðu það sameiginlega markmið að hvetja konur úr sínum röðum til að taka virkan þátt í þinginu. Haldnir voru fjölmargir fundir í þessum hópum og skiluðu þeir allir verki sínu með miklum myndarbrag sem meðal annars má sjá í glæsilegu framlagi íslenskra kvenna og fjölda þeirra á sjálfu þinginu.

Framkvæmdahópurinn stóð fyrir ýmiss konar kynningarfundum bæði hjá félagasamtökum hér á höfuðborgarsvæðinu og einnig úti á landi. Blaðamannafundir voru haldnir og fréttatilkynningar sendar út. Gefin voru út fjögur fréttabréf og send til kvenna um allt land.

Þátttaka íslenskra kvenna í þinginu fór fram úr björtustu vonum. Alls sóttu þingið 8000 konur þar af um 800 íslenskar.

BRYT – Brjótum múrana.

Árið 1985 hófst vinna við norræna samstarfsverkefnið Brjótum múrana eða BRYT. Verkefnið er unnið á vegum jafnréttisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar og er stærsta verkefni hennar til þessa.

Þetta er fjögurra ára verkefni unnið á öllum fimm Norðurlöndunum, á afmörkuðum svæðum í hverju landi: Stórstraumsamti í Danmörku, Vammalabæ í Finnlandi, Rogalandsfylki í Noregi, Västmanlandsléni í Svíþjóð og Akureyrarbæ á Íslandi.

Tilgangur verkefnisins er að þróa og prófa leiðir til að brjóta niður kynskiptinguna á vinnumarkaðnum, bæði á milli atvinnu- og starfsgreina og einnig á milli áhrifa- og valdastiga.

Markmiðið er að auka fjölbreytni í störfum og menntun kvenna, tryggja áhrif þeirra í atvinnulífinu og að tryggja þeim atvinnu. Verkefnið hefur m.a. beinst að eftirfarandi þáttum:

náms og starfsfræðslu í grunnskólum,
námskeiðum fyrir grunnskólakennara um stöðu kynjanna,
stuðning við konur í karlagreinum í Verkmenntaskólanum á Akureyri,
kynningu á verkefninu í félagsfræði í Menntaskólanum á Akureyri,
námskeiði fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja,
könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum,
könnun á stöðu og störfum kvenna í stærstu fyrirtækjum bæjarins.

Í lok árs 1985 var ráðin verkefnisfreyja í hálft starf og ritari í hlutastarf til að sinna íslenska hluta verkefnisins. Akureyrarbær lagði til starfsaðstöðu fyrir verkefnið, og um mitt ár 1986 lagði félagsmálaráðuneytið fram 50% stöðuhlutfall verkefnisfreyju á móti 50% stöðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnisfreyja er Valgerður Bjarnadóttir.

Skýrsla um framkvæmd verkefnisins er birt sem fylgiskjal II með þessari skýrslu.

Annað erlent samstarf á sviði jafnréttismála.

Félagsmálaráðuneytið hefur tekið virkan þátt í starfi Evrópuráðsins á sviði jafnréttismála. Félagsmálaráðherra tilnefndi 11. janúar 1988 Ásdísi Rafnar, formann Jafnréttisráðs, til setu í nefnd á vegum ráðsins sem fjallar um jafnréttismál.

Ráðuneytið kostaði för tveggja fulltrúa Jafnréttisráðs til Dyflinnar 6.–10. júlí 1987 til þátttöku í alþjóðlegri ráðstefnu kvennasamtaka og fræðimanna sem vinna að kvennarannsóknum. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Elsa Þorkelsdóttir og Lára V. Júlíusdóttir.

Á það má einnig minna að vegna aðildar Íslands að ýmsum alþjóðasamþykktum sem fjalla um jafnréttismál tekur félagsmálaráðuneytið reglulega saman skýrslur um stöðu og þróun þessara mála á Íslandi. Hér er um að ræða fullgiltar alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna, og nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, enn fremur skýrslu um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum. Ákvæði sem snerta jafnréttismál er einnig að finna í félagsmálasáttmála Evrópuráðsins, en félagsmálaráðuneytið tekur saman skýrslu um framkvæmd hans hér á landi á tveggja ára fresti.

7.4. Forsætisráðuneytið.

Á undanförnum tveimur árum hafa starfað tvær nefndir á vegum forsætisráðuneytisins sem hafa fjallað um þætti sem tengjast jafnréttismálum.

Hinn 24. ágúst 1987 skipaði forsætisráðherra samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Í skipunarbréfi var nefndinni falið að gera úttekt og tillögur í nokkrum málaflokkum sem skyldu miða að því að treysta stöðu fjölskyldunnar og auka velferð barna. Þeir málflokkar sem taldir voru upp í skipunarbréfi voru skólamál, dagvistarmál, lífeyrismál og skattamál. Enn fremur var nefndinni falið að fjalla um sveigjanlegan vinnutíma. Nefndin skilaði ríkisstjórninni áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál 23. ágúst 1988.

Forsætisráðherra skipaði aðra nefnd 13. október 1987 sem hafði það hlutverk að framkvæma sérstakan samanburð á tekjum karla og kvenna eins og þær koma fram í skattgögnum og úrtakskönnun Félagsvísindastofnunar. Nefndinni var sérstaklega falið að leiða í ljós svo sem kostur væri hvort og í hvaða mæli sé munur á launum eftir kynjum og ef svo sé, í hverju hann felist og hverjar séu skýringar hans. Í nefndina voru skipuð Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur, Sigurður Snævarr hagfræðingur og Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri sem jafnframt var skipaður formaður.

Niðurstöðu af athugun nefndarinnar er að vænta fljótlega.

7.5. Hagstofa Íslands.

Á undanförnum árum hefur aukist eftirspurn eftir upplýsingum um stöðu kynjanna í þjóðfélaginu. Hagstofa Íslands hefur með ýmsum hætti reynt að mæta þessari auknu eftirspurn, t.d. með því að haga úrvinnslu hagtalna þannig að þær varpi ljósi á stöðu kynjanna. Hagstofan hefur einnig tekið þátt í norrænu samstarfsverkefni um stöðu kynjanna.

Árið 1984 hófu hagstofurnar á Norðurlöndum samvinnu um söfnun hagtalna um stöðu karla og kvenna. Fyrsti árangurinn af því starfi var ritið *„Konur og karlar á Norðurlöndum 1985"* sem gefið var út í tilefni af Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi 1985. Í framhaldi af því ákváðu hagstofurnar að unnið skyldi að gerð ítarlegra rits með tölulegum upplýsingum um stöðu kynjanna á Norðurlöndum.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að þessari bók, og kom hún út í lok júlí sl. og var þá lögð fram á Kvennaráðstefnunni í Osló. Bókin nefnist „Kvinnor och män i Norden. Fakta om jämställdheten 1988" („Konur og karlar á Norðurlöndum. Staðreyndir um stöðu kynja 1988"). Í bókinni er með töflum, myndum og skýringatexta brugðið ljósi á líf og starf kvenna og karla á Norðurlöndum og dregið fram það sem er líkt og ólíkt í þessum efnum í löndunum fimm.

Samstarfshópur á vegum hagstofanna á Norðurlöndum safnaði og vann úr tiltækum upplýsingum. Af hálfu Hagstofu Íslands vann Sigríður Vilhjálmsdóttir þjóðfélagsfræðingur að gerð bókarinnar.

7.6. Starfsemi Jafnréttisráðs.

Í desember 1987 var skipað í Jafnréttisráð til tveggja ára. Í ráðinu sitja nú:

Ásdís J. Rafnar formaður, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, varamaður, Sigurður H. Guðjónsson, Árni Gunnarsson varaformaður, tilnefndur af félagsmálaráðherra, varamaður, Hörður Zophaníasson, Hrafnhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af Vinnuveitendasambandi Íslands, varamaður, Guðrún Lárusdóttir, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, varamaður, Jóhannes Siggeirsson, Sigurveig Sigurðardóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, varamaður, Guðrún Árnadóttir, Arndís Steinþórsdóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands, varamaður, Esther Guðmundsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands og Magdalena Ingimundardóttir varamaður.

Á skrifstofu Jafnréttisráðs starfar framkvæmdastjóri í fullu starfi, félagsfræðingur í 70% starfi og fræðslufulltrúi í 50% starfi. Almenn ritarastörf og símavarsla eru samnýtt með tveimur öðrum opinberum stofnunum.

Kærur til Jafnréttisráðs.

Helstu verkefni Jafnréttisráðs eru að taka við ábendingum vegna brota á lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila er þau snerta. Jafnréttisráði er heimilt, telji ráðið að ákvæði laganna hafi verið brotin, að höfða mál fyrir dómstólum til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Jafnréttisráð rekur nú eitt mál fyrir dómstólum og er þar um að ræða stöðuveitingu við Háskóla Íslands. Annað dómsmál er á undirbúningsstigi. Á tímabilinu 1. janúar 1987 til 1. október 1988 voru kærur til ráðsins vegna meintra brota á lögunum samtals 20, en fjöldi erinda sem ráðið fjallaði um var 37.

Staða kynjanna í skólum.

Jafnréttisráð skal vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Markviss vinna íslenskra stjórnvalda að jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins er að mati Jafnréttisráðs eitt af brýnustu verkefnunum á þessi sviði. Ráðið hefur lengi lagt áherslu á að komið verði á jafnréttisfræðslu í skólum landsins og að komið verði á markvissri náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf þar sem m.a. verði lögð áhersla á að hvetja stúlkur til náms og starfa í hefðbundnum karlagreinum, sérstaklega í iðn- og tæknigreinum. Einnig hefur Jafnréttisráð lagt áherslu á að bæði starfandi og verðandi kennarar fái fræðslu um stöðu kynja í skólum. Í menntamálaráðuneytinu hefur verið starfandi starfshópur frá árinu 1987 sem vinnur að þessu verkefni og á Jafnréttisráð fulltrúa í þeirri nefnd. Fulltrúar frá Jafnréttisráði hafa fundað með starfsmönnum menntamálaráðuneytisins um þessi mál og átt fund með menntamálaráðherra. Ráðið hefur einnig beint þeim tilmælum til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands að allir verðandi kennarar fái kennslu í þeirri grein uppeldisfræði þar sem fjallað er um hefðbundin viðhorf til kynja og hefðbundna kynjamótun. Þessar námsgreinar eru valnámsgreinar hjá þessum menntastofnunum en ráðið telur mikilvægt að þær verði gerðar að skyldunámsgreinum fyrir alla verðandi kennara. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jafnréttisráð hefur er ýmissa aðgerða að vænta á árinu 1989.

Tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 65 frá 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er heimilt að beita sérstökum, tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Lagagrein þessari hefur enn ekki verið beitt. Jafnréttisráð skipaði fyrri hluta árs 1987 starfshóp sem vinna skyldi tillögur að því hvernig nýta mætti umrædda lagagrein. Í skýrslu sem starfshópurinn skilaði til Jafnréttisráðs er einkum lögð áherslu á tvennt:

1. Við ráðningu í stöður hjá hinu opinbera skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli viðkomandi tilskildar lágmarkskröfur til starfans.
2. Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkisins skal nefna konu og karl. Við skipun í nefndir, stjórnir og ráð skal þess síðan gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.

Tillögur starfshópsins voru kynntar fulltrúum félagsmálaráðuneytisins og eru hafðar til hliðsjónar við endurskoðun laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins vinnur að. Jafnréttisráð hefur einnig beitt sér fyrir kynningu á lagaheimildinni og þeim möguleikum sem hún gefur.

Framkvæmdaáætlanir.

Jafnréttisráð óskaði eftir því við félagsmálaráðherra að fyrir ríkisstjórnina yrði lögð sú tillaga að ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum, sem hafa fleiri en 20 starfsmenn, yrði gert að vinna framkvæmdaáætlanir til fjögurra ára um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna innan ráðuneytis eða ríkisstofnunar. Slíkar framkvæmdaáætlanir hafa verið unnar í Noregi og Danmörku og skilað góðum árangri. Þessi tillaga var samþykkt, svo sem áður er getið, og var haldinn fundur með ráðuneytisstjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana, sem í hlut eiga, vorið 1988. Mikil vinna hefur farið í að aðstoða þau ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem þess hafa óskað við gerð áætlananna. Jafnréttisráð mun vinna að úttekt á stöðu mála og árangri á miðju tímabilinu. Gerð framkvæmdaáætlana var einnig kynnt á fundi með fulltrúum sveitarfélaga sem haldinn var í júní 1988.

Konur og fjölmiðlar.

Staða kvenna í fjölmiðlum hefur verið til umræðu hjá Jafnréttisráði í framhaldi af könnun dr. Sigrúnar Stefánsdóttur á hlut kvenna sem viðmælenda í fréttatímum ríkissjónvarps. Hlutur kvenna er því miður mjög lítill samkvæmt þeirri könnun.

Vegna þeirrar umfjöllunar sem könnunin fékk og vegna tilmæla útvarpsráðs að úr yrði bætt vann starfsmaður Jafnréttisráðs samantekt á hlut kvenna sem viðmælenda í nokkrum fréttatímum ríkissjónvarpsins í febrúar 1988 og í tveimur útvarpsþáttum á rás 2 í Ríkisútvarpinu. Samantektin sýndi að þrátt fyrir þá miklu umfjöllun sem könnun dr. Sigrúnar Stefánsdóttur fékk og þrátt fyrir tilmæli útvarpsráðs um að auka hlut kvenna hefði staðan ekki batnað. Vegna þessa áttu fulltrúar Jafnréttisráðs fund með útvarpsstjóra þar sem kynntar voru nokkrar hugmyndir að aðgerðum um hvernig bæta megi stöðu kvenna innan Ríkisútvarpsins.

Kannanir.

Kannanir á stöðu kvenna eru mikilvægur þáttur í starfsemi Jafnréttisráðs. Á tímabilinu 1986 til 1988 hefur sérstök áhersla verið lögð á að athuga stöðu kvenna hjá ríkinu en minna verið athuguð staða kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Þessi ákvörðun byggir á þeirri skoðun Jafnréttisráðs að stjórnvöld hafi með setningu jafnréttislaga árið 1976 tekið á sig ákveðna fordæmis- og frumkvæðisskyldu á þessu sviði. Frá könnunum Jafnréttisráðs er sagt í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Fræðsla.

Fræðsla er einnig mikilvægur þáttur í starfi Jafnréttisráðs. Um áramótin 1987–1988 fékk ráðið heimild til að ráða starfsmann í hálft starf sem fræðslufulltrúa. Fræðslufulltrúi er ritstjóri nýs fréttabréfs ráðsins sem áformað er að komi út þrisvar til fjórum sinnum á ári. Fréttabréfið hefur einnig verið gert veigameira en áður var. Starfsmenn Jafnréttisráðs sinna margvíslegri fræðslu til félagasamtaka og almennings bæði um tiltekna málaflokka og um jafnrrétti kvenna og karla almennt. Á árinu 1986 var haldin ráðstefna á vegum Jafnréttisráðs sem bar yfirskriftina „Fjölskyldan og framtíðin" og í byrjun ársins 1988 stóð Jafnréttisráð fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Konur og atvinnulíf". Þau erindi sem flutt eru á ráðstefnum á vegum ráðsins eru gefin út og er nokkuð mikil eftirspurn eftir þeim, bæði frá nemendum, kennurum og fleirum. Í tengslum við ráðstefnuna 1988 gaf Jafnréttisráð og Vinnuveitendasamband Íslands út bækling um konur og atvinnulíf sem dreift var til atvinnurekenda. Í bæklingnum eru m.a. ákvæði jafnréttislaganna kynnt og settar fram hugmyndar um hvernig bæta megi stöðu kvenna innan fyrirtækis eða stofnunar.

Jafnréttisráð á góð samskipti við sambærilegar stofnanir og ýmis áhugasamtök víða um heim. Ráðinu berast mörg erindi erlendis frá þar sem óskað er upplýsinga um stöðu kvenna hér á landi. Upplýsingamiðlun til erlendra aðila hefur aukist mikið á undanförnum árum.

Ráðgjafanefnd Jafnréttisráðs.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar sjö manna ráðgjafanefnd sem er skipuð til eins árs í senn. Helstu verkefni nefndarinnar á þessu tímabili var að skipuleggja ráðstefnur Jafnréttisráðs og hafa yfirumsjón með útgáfu bæklinga á vegum ráðsins, auk annarra verkefna er ráðið felur nefndinni.

Jafnréttisnefnd Evróuráðsins.

Félagsmálaráðuneytið tilnefndi 11. janúar 1988 formann Jafnréttisráðs til setu í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs var jafnframt tilnefndur sem varamaður. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári og er meginhlutverk hennar að vera ráðgefandi við hinar ýmsu deildir Evrópuráðsins. Einnig vinnur nefndin að undirbúningi fundar evrópskra jafnréttisráðherra sem haldinn verður í Vín árið 1989.

Norrænt samstarf.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs var tilnefndur af félagsmálaráðherra 11. janúar 1988 sem fulltrúi Íslands í jafnréttisnefnd norrænu ráðherranefndarinnar. Formaður Jafnréttisráðs var jafnframt tilnefndur sem varamaður. Norræna jafnréttisnefndin skipuleggur og hefur yfirumsjón með ýmsum verkefnum sem unnin eru í tveimur eða fleiri löndum Norðurlanda og styrkir ýmis verkefni á sviði jafnréttismála. Norræna verkefnið Brjótum múrana, sem hér á landi er unnið á Akureyri, er dæmi um verkefni á vegum nefndarinnar.

Norræn framkvæmdaáætlun.

Þing Norðurlandaráðs ákvað á árinu 1987 að unnin skyldi fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir samnorræn verkefni á sviði jafnréttismála. Sú vinna er nú á lokastigi og verður áætlunin lögð fyrir Norðurlandaþing í byrjun ársins 1989. Norrænu jafnréttisráðherrarnir ákváðu að áætlunin skyldi taka til tveggja afmarkaðra þátta, annars vegar hlutar kvenna í efnahagsþróuninni og hins vegar tengsla fjölskyldu og atvinnulífs. Á þessum tveimur sviðum er síðan gert ráð fyrir að mörg og margs konar verkefni verði unnin, bæði í formi aðgerða, rannsókna og ráðstefna.

Þátttaka í erlendum ráðstefnum.

Á miðju ári 1987 var haldin alþjóðleg ráðstefna kvennasamtaka og fræðimanna sem vinna að kvennarannsóknum í Dyflinni á Írlandi. Félagsmálaráðuneytið kostaði för tveggja fulltrúa Jafnréttisráðs til þátttöku í ráðstefnunni. Á henni voru haldin mörg og margvísleg erindi um m.a. konur og vinnumarkað, konur og völd, konur og tæknibyltinguna o.fl.

Haustið 1987 stóð jafnréttisnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir ráðstefnu um „Männen og jämställdhet". Ráðstefnan var haldin í Svíþjóð og Jafnréttisráð átti einn fulltrúa á ráðstefnunni. Megintilgangur ráðstefnunnar var að skiptast á hugmyndum, skýra frá því starfi sem í gangi er á þessu sviði og ákveða frekari verkefni. Á ráðstefnunni var lögð áhersla á auknar rannsóknir á stöðu karlmannsins í breyttu samfélagi, m.a. áhrif atvinnuþátttöku kvenna á stöðu fjölskyldunnar og mikilvægi þess að auka þátt karla í umönnun og uppeldi barna. Ráðgjafanefnd Jafnréttisráðs vinnur að þessi máli fyrir ráðið. Fyrsta aðgerðin var hádegisverðarfundur sem haldinn var í samvinnu við Trésmiðafélag Reykjavíkur um miðjan nóvember í ár. Yfirskrift þess fundar var „Jafnrétti kemur körlum við".

Norræna verkefnið Brjótum múrana stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu 1987 og átti Jafnréttisráð fulltrúa á þeim báðum. Sagt er frá ráðstefnunum í fylgiskjali II.

Fylgiskjal I.

Jafnréttisáætlun fyrir félagsmálaráðuneytið.

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 26. maí sl. hefur félagsmálaráðuneytið gert eftirfarandi áætlun um jafnréttismál tímabilið 1. jan. 1989 til 31. des. 1992.

1. Staðan í ráðuneytinu nú. Starfsfólk.

Skipting eftir kyni.

	karlar	konur
ráðuneytisstjóri		1
skrifstofustjóri	1	
deildarstjórar	2	4
deildarsérfræðingar	2	2
	5	7
stjórnarráðsfulltrúi		1
fulltrúar		2
skrifstofumenn		2
		5

Í ráðuneytinu eru auk ráðherra og aðstoðarmanns starfandi 12 konur og 5 karlar. Í stjórnunarstöðum er svipaður fjöldi af báðum kynjum og athyglisvert að allir 3 lögfræðingar ráðuneytisins eru konur.

Í almennum skrifstofustörfum eru eingöngu konur eins og algengast er í opinberum stofnunum.

Á vegum ráðuneytisins starfa fjölmargar nefndir og starfshópar.

Í nefndum og starfshópum um **sveitarstjórnarmál** eru 32 karlar og 9 konur.

Í nefndum og starfshópum um **húsnæðismál** eru 23 karlar og 10 konur.

Varðandi **vinnumarkaðsmál** eru í nefndum, ráðum og stjórnum 25 karlar og 4 konur.

Málefni fatlaðra. Þar hefur ráðuneytið 21 karl og 13 konur í nefndum, ráðum, stjórnum og vinnuhópum.

Jafnréttismál. Þar starfar ein fastanefnd og tvær aðrar nefndir. Í þeim sitja 14 konur og 1 karl.

2. Markmið.

a. Að jafna hlutfall kynja í hinum ýmsu störfum innan ráðuneytis.

Í stjórnunarstörfum er svipaður fjöldi, en í almennum skrifstofustörfum eru eingöngu konur. Hér er um að ræða hefðbundin kvennastörf. Þar þarf hugarfarsbreytingu karla til að þeir sæki í þessi störf. Ráðuneytið mun gefa riturum tækifæri til að sækja námskeið og öðlast

þjálfun til að mæta breyttum aðstæðum. Með tölvuvæðingu ráðuneytis breytist verksvið ritara. Þetta á að geta stuðlað að því að karlar telji þessi störf eftirsóknarverð.

Hluti af þessu máli er breytt mat á launum til hefðbundinna kvennastarfa. Víðtæka samstöðu þarf til að breyta því. Þetta ráðuneyti mun beita sér fyrir endurmati á störfum ritara í ljósi framangreinds.

Í auglýsingu um lausar stöður í ráðuneyti verði ævinlega tekið fram að starfið sé opið jafnt körlum sem konum.

b. Að auka hlut kvenna í nefndum á vegum ráðuneytis.

Nú eru 50 konur og 102 karlar í nefndum, ráðum, vinnuhópum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Í nefndum um sveitarstjórnarmál og vinnumál, auk húsnæðismála, eru mun færri konur en karlar.

Breyta þarf kynjasamsetningu nefnda. Ráðuneytið stefnir að því að konur jafnt sem karlar eigi sæti í öllum nefndum á vegum ráðuneytis og að hlutfall af öðru kyni í nefnd sé aldrei minna en 40%. Þegar óskað er tilnefningar frá hinum ýmsu aðilum mun ráðuneytið minna á þetta markmið.

Ráðuneytið sjálft mun ganga á undan er það tilnefnir sína fulltrúa í nefndir og hafa það að leiðarljósi að í fjölmörgum afar mikilvægum nefndum eru engar konur.

c. Að jafna hlutfall kynja í stofnunum ráðuneytis.

Ráðuneytið mun við skipun í stöður forstöðumanna þeirra stofnana er undir ráðuneytið heyra stefna að því að konum fjölgi í stjórnunarstöðum. Forstöðumenn þessara stofnana verða minntir á yfirlýst markmið um jafna stöðu karla og kvenna varðandi ráðningar í störf innan þessara stofnana. Í öllum auglýsingum um lausar stöður verði tekið fram að konur jafnt sem karlar séu hvött til að sækja um.

d. Almenn markmið.

Vinnutími taki mið af því að margir starfsmenn eru með börn undir eða á skólaaldri. Sveigjanlegri vinnutími er forsenda þess að foreldrar geti bæði sinnt börnum sínum og stundað launað starf utan heimilis.

Aukagreiðslur.

Fyllsta jafnræðis verði gætt milli karla og kvenna varðandi allar hlunnindagreiðslur, yfirvinnu og afnot af bifreiðum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal II.

Skýrsla um framkvæmd norræna samstarfsverkefnisins Bryt.

Árið 1985 hófst vinna við norræna samstarfsverkefnið Brjótum múrana eða BRYT eins og það er kallað á samnorrænu. Verkefnið er unnið á vegum jafnréttisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar og er stærsta verkefni hennar til þessa.

Þetta er fjögurra ára verkefni unnið á öllum fimm Norðurlöndunum, á afmörkuðum svæðum í hverju landi: Stórstraumsamti í Danmörku, Vammalabæ í Finnlandi, Rogalandsfylki í Noregi, Västmanlandsléni í Svíþjóð og Akureyrarbæ á Íslandi.

Tilgangur verkefnisins er að þróa og prófa leiðir til að brjóta niður kynskiptinguna á vinnumarkaðnum, bæði lárétt milli atvinnu- og starfsgreina og lóðrétt milli áhrifa- og valdastiga. Markmiðið er að auka fjölbreytni í störfum og menntun kvenna, tryggja áhrif þeirra í atvinnulífinu og að tryggja þeim atvinnu. Það er gert m.a. með ýmsum aðgerðum bæði innan menntakerfisins og í atvinnulífinu.

Í lok árs 1985 var ráðin verkefnisfreyja í hálft starf og ritari í hlutastarf til að sinna íslenska hluta verkefnisins. Akureyrarbær lagði til starfsaðstöðu fyrir verkefnið, og um mitt ár 1986 lagði félagsmálaráðuneytið fram 50% stöðuhlutfall verkefnisfreyju á móti 50% stöðu norrænu ráðherranefndarinnar.

Fyrir utan það að koma af stað, vinna og meta verkefni í skólum og atvinnulífi er starf Brjótum múrana fólgið í upplýsingaöflun og miðlun milli Norðurlandanna og innan hvers lands. Þrisvar á ári kemur út fréttabréf Brjótum múrana í þremur útgáfum, íslenskri, skandinavískri og finnskri. Auk þess eru gefnar út skýrslur um hvert verkefni. BRYT hefur haldið tvær norrænar ráðstefnur og verkefnisfreyjurnar hittast til að samræma aðgerðir og læra hver af annarri þrisvar til fjórum sinnum á ári. Þeir fundir eru haldnir til skiptis á tilraunasvæðunum.

Félagsmálaráðuneytið skipaði verkefnisnefnd til að starfa með verkefnisfreyju. Í henni eiga sæti fulltrúar eftirtalinna aðila: Jafnréttisráðs, jafnréttisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar, ASÍ, VSÍ, Akureyrarbæjar, félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Nefndin kemur saman tvisvar til þrisvar á ári, metur verkefnin og stöðu þeirra, og fulltrúar gegna einnig hlutverki tengla og ráðgjafa um þau mál sem við koma þeirra stofnunum eða félögum.

Starf „Brjótum múrana" á Íslandi.

Á þeim tæpu þremur árum sem verkefnið hefur starfað hafa verið unnin fjögur viðamikil verkefni, auk nokkurra smærri tengdra verkefna og áðurnefndrar upplýsingaöflunar og miðlunar.

NOS-verkefnið. Náms- og starfsfræðsla í 9. bekkjum grunnskólanna var fyrsta verkefnið og hefur jafnframt orðið eitt hið viðamesta. Í samvinnu við fræðslustjóra og skólastjóra var komið á náms- og starfsfræðslu sem skyldunámsgrein í öllum 9. bekkjum á Akureyri. Markmiðið var að bjóða öllum nemendum upp á fordómalausa kynningu sem flestra náms- og starfsleiða fyrir bæði stelpur og stráka og gera þeim þannig ljósa þá möguleika sem þau eiga í náms- og starfsvali að loknum grunnskóla. Fyrirmyndin er fengin frá Austurlandi þar sem til margra ára hefur verið unnið að uppbyggingu námsgreinarinnar.

Hér á Akureyri hafa nemendur farið í vinnustaðaheimsóknir og hver nemandi kynnst þremur mismunandi vinnustöðum og fjölbreyttum störfum. Lögð hefur verið áhersla á að strákar kynnist hefðbundnum kvennastörfum og að stelpur kynnist hefðbundnum karlastörf-

um, auk þeirra starfa sem eru hefðbundin fyrir þeirra kyn. U.þ.b. 150 vinnustaðir hafa tengst náms- og starfsfræðslunni sl. tvö ár og mörg hundruð nemendur.

Erfiðlega hefur gengið að fá kennara til að taka að sér umsjón náms- og starfsfræðslunnar og því var það einungis fyrsta veturinn sem greinin var skyldunámsgrein í öllum skólum bæjarins. Veturinn 1987–1988 var greinin einungis kennd við annan af tveimur skólum sem höfðu 9. bekk þá og nú í vetur, 1988–1989, bendir flest til að kennsla í greininni verði aðeins við einn skóla af þremur.

Ekki er hægt að sjá í fljótu bragði að þessi þáttur skólastarfsins hafi breytt námsvali nemenda frá því sem hefur verið og er það mjög kynbundið. Hins vegar má fullyrða að með námsgreininni víkki sjóndeildarhringur nemenda, þeir kynnast starfsgreinum og vinnustöðum sem þeir munu annars aldrei sjá eða reyna, þeir ræða um viðhorf sín til hinna ýmsu framtíðarmöguleika o.s.frv. Enn geta áhrifin átt eftir að koma í ljós í vali á frekara framhaldsnámi og starfi. Það er því óhætt að mæla með því að þessi námsgrein verði gerð að föstum lið í öllum skólum landsins.

Í tengslum við NOS hefur Brjótum múrana gert kannanir á starfsreynslu nemenda í 9. bekk, hvaða heimilisstörfum þeir sinna, framtíðaróskum þeirra og áætlunum. Einnig var gerð könnun um áramótin 1986–1987 um reynslu vinnustaðanna af heimsóknum nemenda.

Þrjár kannanir eða úttektir, sem tengjast þessu verkefni, hafa verið unnar af nemendum annarra skóla. Tveir nemendur í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands unnu „Úttekt á náms- og starfsfræðslu á Akureyri veturinn 1986–1987". Nemendur á lokaáfanga í félagsfræði við MA unnu „Könnun á afdrifum 9. bekkinga á Akureyri sl. 3 ár". Þar er um að ræða samantekt á náms- og starfsvali þeirra sem luku grunnskólaprófi 1984, 1985 og 1986. Einnig unnu þau viðtalskönnun um framtíðaráætlanir nemenda 9. bekkjar vorið 1987.

Niðurstöður þessara kannana munu fylgja skýrslu sem gefin verður út um NOS-verkefnið í heild.

Námskeiðið fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

Vorið 1987 hófst á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði námskeið fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja. Námskeiðið sóttu 22 konur af Norðurlandi sem höfðu hug á að stofna fyrirtæki eða breyta rekstri eigin fyrirtækis.

Námskeiðið stóð yfir þrjár helgar með þriggja vikna millibili, en auk fyrirlestra og verkefna, sem unnin voru þessar helgar, unnu konurnar heimaverkefni, hittust í hópum milli námskeiðshelganna og áttu kost á ráðgjöf og stuðningi frá leiðbeinendum á námskeiðinu í sex mánuði frá námskeiðsbyrjun.

Að loknu vel heppnuðu námskeiði höfðu margar kvennanna hafið fyrirtækjarekstur. Þær sem ráku þegar fyrirtæki höfðu sumar aukið og bætt reksturinn, nokkrar unnu að undirbúningi stofnunar, en nokkrar höfðu gefið hugmyndina um stofnun fyrirtækis upp á bátinn. Brjótum múrana fylgist áfram með konunum og fyrirtækjum þeirra. Gerðar hafa verið kannanir til að meta árangur námskeiðsins og til að fá mynd af því hvers konar aðstoð eða stuðning konur kjósa helst við stofnun og rekstur fyrirtækis.

Í framhaldi af námskeiðinu var stofnað samskiptanet kvenna í stjórnun og atvinnurekstri á Norðurlandi, NORÐURNETIÐ. Brjótum múrana hefur einnig unnið að því að komið verði á starfshópi sem vinni tillögur að framtíðarskipan málefna kvenna í fyrirtækjarekstri. Sá hópur vinnur svo fyrir Íslands hönd að undirbúningi norrænnar ráðstefnu um konur í fyrirtækjarekstri sem fyrirhugað er að halda í Danmörku árið 1989.

Konur í stjórnun í stórum fyrirtækjum.

Í samvinnu við fjögur af stærstu fyrirtækjunum á Akureyri, Iðnaðardeild Sambandsins, KEA, ÚA og Akureyrarbæ, var gerð könnun á stöðu kvenna innan fyrirtækjanna, sérstaklega með tilliti til möguleika þeirra til áhrifa og stjórnunar. Tekin voru ítarleg viðtöl við 40 konur

sem allar gegna einhvers konar stjórnunarstöðum í viðkomandi fyrirtækjum. Könnunin fór að mestu fram vorið og sumarið 1987. Verið er að safna viðbótarupplýsingum og vinna úr niðurstöðunum.

Töluverðar breytingar hafa orðið á stjórnskipan hjá a.m.k. tveimur fyrirtækjanna síðasta ár og getur það að nokkru ruglað niðurstöður. Sú staðreynd stendur þó eftir að konur eru ekki nema örfáar í svokölluðum stjórnunarstöðum innan þessara mann- og ekki síður kvenmörgu fyrirtækja. Þær eru auk þess nær allar í neðstu þrepum stjórnunarpýramídanna og hafa litla eða enga möguleika til frekari frama.

Þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir verða unnar tillögur í samvinnu við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja og starfskonur fyrirtækjanna um það hvernig hægt er að auka áhrif kvenna á starfsemi fyrirtækjanna, og í því sambandi hvernig má þar auka möguleika kvenna til frama. Hér verður um að ræða eins konar jafnréttisáætlanir.

Konur í karlagreinum við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Hluti þeirrar starfsemi sem unnin hefur verið á vegum Brjótum múrana hefur tengst Verkmenntaskólanum á Akureyri og þá sérstaklega stúlkum og konum sem stunda nám í iðngreinum sem hafa verið hefðbundnar fyrir karla. Undanfarin tvö ár hafa 8–10 konur stundað nám í þessum greinum en þær eru mjög dreifðar, ein til tvær í hverju fagi. Veturinn 1988–1989 eru einungis skráðar fimm stúlkur í hefðbundin karlafög á tæknisviði VMA:

Veturinn 1986–1987 hættu a.m.k. fjórar konur námi áður en skólaárinu lauk. Tilraun var gerð til að koma á umræðuhópi þessara kvenna en það hefur gengið nokkuð erfiðlega að ná til þeirra allra, m.a. vegna þess að lítil sem engin tengsl eru milli þeirra í skólanum. Meiri hluti þeirra hittist þó nokkrum sinnum sl. tvo vetur og umræður hafa verið fjörugar og fróðlegar, ekki síst fyrir þær sjálfar.

Konurnar eru yfirleitt ánægðar með sitt fag, skólann og samskiptin við kennara og aðra nemendur. Mikið hefur verið rætt um þörfina á að hvetja og styðja fleiri stúlkur til að velja þessar námsleiðir, og ýmsar hugmyndir hafa komið upp í því sambandi.

Sl. sumar skipulagði Brjótum múrana á öllum fimm Norðurlöndunum opið iðnverkstæði á norræna kvennaþinginu, Nordisk Forum, í Ósló. Konum sem stunda nám í iðn- og tæknigreinum við þá skóla sem tengjast verkefninu í hverju landi var boðið að koma á þingið og kynna sitt fag.

Frá Verkmenntaskólanum á Akureyri fóru þrjár konur og auk þeirra tvær konur sem stunduðu þar nám árið áður. Þær eru í framhaldsnámi við háskólann á Akureyri og Tækniskóla Íslands.

Það er von okkar að ferð kvennanna til Ósló geti orðið hvatning til annarra kvenna að velja þessar námsleiðir. Verkefnið getur vonandi einnig haft áhrif á að flýta þróun, sem án efa mun verða hér á landi eins og í öðrum löndum – í þá átt að stelpur verði studdar sérstaklega til náms í tækni- og iðngreinum.

Kennsla í greinum, sem hafa verið hefðbundnar fyrir annað kynið, er sniðin að reynslu og eiginleikum þess kyns. Þegar stelpur eða konur fara að stunda nám í hefðbundinni karlagrein þarf að sníða kennsluna að reynslu og eiginleikum þeirra. Sem dæmi má nefna að smíðaverkfæri, sem oftast eru gerð fyrir karlmannshendur, henta illa fyrir kvenhendur.

Í skólum í Danmörku hefur verið lögð áhersla á endurmenntun kennara í svokallaðri kvennakennslu (kvindepedagogik). Þá eru kennsluaðferðir og kennsluaðstæður teknar til endurskoðunar með tilliti til þess hvort þær séu góðar fyrir bæði kynin eða ekki. Það hefur sýnt sig að slík endurskoðun kemur körlum vel ekki síður en konum.

Nú er kominn tími til að verkmennta- og tækniskólar á Íslandi geri átak í þá átt að auka og bæta hlut stelpna á tæknisviði. Þá er mikilvægt að hafa samráð við þær konur sem reynslu hafa af námi og starfi á þessum sviðum og auk þess er sjálfsagt að hyggja að þeirri reynslu sem nágrannar okkar hafa þegar aflað.

Tengd verkefni.

Staða stelpna og stráka í skólum – námskeið fyrir kennara.

Tvö námskeið um stöðu kynjanna í skólum hafa verið haldin fyrir grunnskólakennara á Akureyri. Það eru Kennaraháskóli Íslands, menntamálaráðuneytið, skólar á Akureyri og Brjótum múrana sem hafa sameiginlega staðið að námskeiðunum.

Þátttaka hefur verið í dræmara lagi, sérstaklega á fyrra námskeiðinu sem haldið var haustið 1986. Það seinna sem haldið var í nóvember 1987 með framhaldsnámskeiði í apríl 1988 var þó mjög vel heppnað. Þeir kennarar, sem það sóttu, stofnuðu með sér samstarfshóp um jafnréttismál í skólum. Brjótum múrana hefur haldið reglulegu sambandi við þá og sent þeim og fleiri áhugasömum kennurum í grunnskólum og framhaldsskólum upplýsingar og fréttir af þessum málum á norrænum vettvangi.

Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Vinnan, málgagn ASÍ, ákvað vorið 1987 að ráðast í könnun á umfangi kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum. Blaðið fékk til liðs við sig í því efni Iðju, félag verksmiðjufólks á Akureyri. Brjótum múrana var boðin þátttaka í verkefninu sem fór þannig fram að 50 konur úr Iðju, valdar af handahófi, voru beðnar að taka þátt í því. 37 konur féllust á að koma í viðtal þar sem lagðar voru fyrir þær spurningar um það hvort þær teldu kynferðislega áreitni á vinnustöðum vera vandamál, hvort þær þekktu til slíks af eigin vinnustað eða eigin raun og að lokum hvað væri til ráða. Brjótum múrana útvegaði fagkonur til að taka viðtölin, tók þátt í skipulagningu og aðstoðaði við að vinna úr niðurstöðum.

Könnunin leiddi í ljós að vandamálið er til staðar á mörgum vinnustöðum, en virðist nær óþekkt á öðrum. Þar virðist skipta nokkru fjöldi kvenna á hverjum stað og staða þeirra. Þannig er meira um áreitni þar sem konur eru fáar og minna þar sem konur eru verkstjórar. Nokkur deila reis á milli Vinnunnar annars vegar og Iðju og Brjótum múrana hins vegar vegna framsetningar blaðsins á niðurstöðum. Sú deila má þó ekki verða til þess að kæfa þetta mikilvæga mál. Nauðsynlegt er að gera viðameiri rannsókn á umfangi, orsökum og afleiðingum þessa leiða máls, og í framhaldi af því þurfa samtök launafólks og atvinnurekendur, e.t.v. í samvinnu við stjórnvöld heilbrigðis- og atvinnumála, að grípa til aðgerða og afmá þennan blett úr atvinnulífinu.

Jafnréttisráðgjafar.

Í desember 1987 var haldin á vegum Brjótum múrana, BRYT, fyrsta norræna ráðstefna jafnréttisstarfsfólks vinnumálayfirvalda, svokallaðra jafnréttisráðgjafa. Slíkir ráðgjafar hafa um nokkurra ára skeið verið starfandi í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Verið er að byggja upp samsvarandi starfsemi í Finnlandi. Þarna var saman kominn stærstur hluti stéttarinnar frá löndunum fjórum, auk fjölmargra fulltrúa vinnumálayfirvalda. Af Íslands hálfu sóttu ráðstefnuna fulltrúar félagsmálaráðuneytis, Kópavogsbæjar og Akureyrarbæjar, auk verkefnisfreyju Brjótum múrana. Vinnumálayfirvöldum og stærri vinnumála- og vinnumiðlunarskrifstofum um land allt var boðið að senda fulltrúa sína, en einungis ofantaldir aðilar sáu sér fært að þiggja boðið.

Á ráðstefnunni kom fram sægur upplýsinga og þekking á aðgerðum og virku starfi til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Mikið var rætt um menntun þessarar starfstéttar, en það þarf vart að taka fram að slík menntun er ekki til. Jafnréttisráðgjafar eru oftast með einhverja grunnmenntun eins og t.d. félagsráðgjöf eða kennaramenntun, langa starfsreynslu að vinnumarkaðsmálum, en þurfa svo að læra jafnréttisfagið af eigin reynslu og annarra. Þeirri þekkingu sem safnaðist á umræddri ráðstefnu verður miðlað með ráðstefnuskýrslu sem kemur út í nóvember 1988.

Starf jafnréttisráðgjafa er að mörgu leyti svipað því starfi sem verkefnisfreyjur BRYT vinna. Því er mikilvægt að nýta þá reynslu sem fæst með fjögurra ára vinnu Brjótum múrana til að byggja upp starfsemi jafnréttisráðgjafa á Íslandi. Í því sambandi eru ýmsar leiðir færar og nægir að nefna hugmynd um að jafnréttisnefndir stærri sveitarfélaga ráði sér starfsmenn og tillögu sem lögð var fram til ályktunar á síðasta Alþingi um að ráðnir verði á vegum ríkisins þrír jafnréttisráðgjafar. Með því að ráða slíka ráðgjafa frá miðju ári 1989 væri hægt að nýta síðasta hálfa ár Brjótum múrana til að miðla þeirri reynslu og þekkingu sem orðin er til hér á landi því að til þess var leikurinn gerður.

Akureyri, 6. október 1988.

Valgerður H. Bjarnadóttir, verkefnisfreyja.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um Nordisk Forum, norrænt kvennaþing.

Á 33. þingi Norðurlandaráðs 1986 var ákveðið að halda norrænt kvennaþing á árinu 1988. Haustið 1986 var ákveðið að Jafnréttisráð annaðist undirbúning á Íslandi fyrir þátttöku í Nordisk Forum, norrænu kvennaþingi, sem ákveðið var að halda í Ósló dagana 30. júlí til 7. ágúst 1988. Jafnframt voru valdir fulltrúar í norræna undirbúningsnefnd og hópur til að fara á stórfund kvenna á Skogkloster í Svíþjóð.

Ákveðið var að bjóða Kvenréttindafélagi Íslands og Framkvæmdanefnd um launamál kvenna að tilnefna fulltrúa í norrænu nefndina. Fyrir valinu urðu þær Arndís Steinþórsdóttir og Guðrún Ágústsdóttir. Varamenn þeirra voru Jónína Margrét Guðnadóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Á stórfund kvenna sem haldinn var í Svíþjóð til undirbúnings þingsins í mars 1987 voru valdar: Ingibjörg Magnúsdóttir frá Bandalagi kvenna, Esther Guðmundsdóttir, sem stundað hefur kvennarannsóknir, Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, og þær Arndís og Guðrún.

Þessi hópur varð síðan að framkvæmdahópi sem sá um undirbúninginn með þeim breytingum þó að í stað Estherar Guðmundsdóttur kom Jónína Margrét Guðnadóttir.

Framkvæmdahópurinn setti sér strax í upphafi eftirfarandi markmið:

1. Að 200 íslenskar konur færu á kvennaþingið. Höfðað yrði sérstaklega til þeirra kvenna sem ekki hafa verið framarlega í jafnréttis- og kvenfrelsisbaráttu á Íslandi, þeirra kvenna sem ekki fara til útlanda á þing og ráðstefnur.
2. Að framlag íslenskra kvenna til dagskrár yrði fjölbreytt og minnst 50 tímar.
3. Að íslenskar konur hefðu af undirbúningnum og veru sinni á kvennaþinginu gagn og ánægju.

Leiðir til að ná þessum markmiðum voru:

1. Að fá starfsmann. Félagsmálaráðherra brást vel við þeirri beiðni og ákvað að veita fé til að greiða starfsmanni laun í hálfu starfi í 10 mánuði og yrði hann til húsa hjá Jafnréttisráði. Guðrún Ágústsdóttir var ráðin í starfið. Jafnframt tryggði félagsmálaráðherra laun starfsmanns á þinginu sjálfu sem hafði það hlutverk að liðsinna íslenskum konum.

2. Myndaðir voru tenglahópar: a) Verkalýðshópur (sem skiptist í ASÍ, BHM og BSRB). b) Ferðahópur sem átti að finna ódýrustu ferða- og gistimöguleika kvennanna. c) Friðarhópur sem sæi um dagskráratriði þar að lútandi. d) Áróðurs- og fjáröflunarhópur sem átti að koma

upplýsingum um þingið til fjölmiðla og sjá um að afla fjár í ferðasjóð. d) Listahópur sem sjá átti um að listadagskrá frá Íslandi yrði myndarleg og eins framlag Íslands á opnunarhátíð. e) Kvennahópur sem skiptist upp í marga litla hópa sem undirbjuggu dagskráratriði ýmiss konar, t.d. öll helstu félög kvenna.

Tenglahóparnir höfðu svo það sameiginlega markmið að hvetja konur úr sínum röðum til að taka virkan þátt í þinginu.

Haldnir voru fjölmargir fundir í þessum hópum og er skemmst frá því að segja að þeir skiluðu allir verki sínu með miklum myndarbrag.

Framkvæmdahópurinn stóð fyrir ýmiss konar kynningarfundum bæði hjá félagasamtökum hér á höfuðborgarsvæðinu og einnig úti á landi.

Blaðamannafundir voru haldnir, fréttatilkynningar sendar út og þeim fylgt eftir með símtölum. Gefin voru út fjögur fréttabréf og send til kvenna um allt land.

Í byrjun apríl var sett á laggirnar eins konar ferðaskrifstofa í Jafnréttisráði, Norrænu förukonurnar. Þar var tekið á móti innágreiðslu vegna fargjalds á þingið og eins var aðstoðað við að panta gistingu. Skráningu og innágreiðslu fyrri hluta fargjalds lauk hinn 15. apríl og höfðu þá 718 konur skráð þátttöku. Þegar í stað myndaðist langur biðlisti og að lokum urðum við 800, íslensku konurnar, sem fórum á norræna kvennaþingið.

Ástæður fjöldaþátttöku íslenskra kvenna gætu t.d. verið eftirfarandi: a) Í tenglahópunum voru um 80 konur sem tókst að virkja aðrar konur og glæða áhuga sem smitaði út frá sér. Þáttur ASÍ og BSRB var verulegur, en frá þeim samtökum komu um 300 konur. b) Loforð um styrki til fararinnar höfðu mikið að segja, stofnframlag félagsmálaráðherra í ferðasjóð og ákvörðun verkalýðshreyfingarinnar um að styrkja sínar konur, ákvörðun sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana um að styrkja sínar konur – enginn vildi vera minni en hinn. Sjóðir voru opnaðir fyrir konur – aldrei þessu vant.

Framkvæmdahópurinn taldi mikilvægt að sleppa ekki hendinni af konunum 800 og hélt því morgunkaffifundi á Hallveigarstöðum þar sem hægt var að veita upplýsingar og svara fyrirspurnum og spjalla saman. Þessir morgunkaffifundir voru síðasta laugardag í hverjum mánuði fram að þinginu. Einnig var haldinn kynningarfundur í húsnæði BSRB. Þar mættu um 400 konur.

Íslenskar konur flugu svo til Óslóar og kvennaþingið hófst laugardaginn 30. júlí.

Óhætt er að fullyrða að margar konur, sem voru í fyrsta sinn að sækja kvennaþing eða taka þátt í annars konar kvennastarfi en heima, upplifðu Nordisk Forum 88 sem nýja og ómetanlega reynslu. Þær voru þátttakendur á allt annan hátt en áður. Sumar segjast munu búa að þessari reynslu alla ævi og hafa fengið áhuga á því að taka þátt í markvissara kvennastarfi en hingað til. Hinar, sem um langt skeið hafa verið í kvennabaráttu, voru líka margar mjög ánægðar. Fjölbreytileikinn á þinginu var svo mikill að allir gátu fundið eitthvað sér við hæfi. Ýmsar þær konur, sem hafa lengi haft áhuga á sérstöku efni en ekki fengið aðrar konur hér heima til að vinna með sér að þeim, gátu myndað tengsl á sínu sérsviði á þinginu. Konur kynntust starfsemi sambærilegra hópa á Norðurlöndunum og munu viðhalda tengslum sem þar voru mynduð. Margar konur komu heim með bækur og pappír í kílóavís sem þær eiga eftir að vinna úr. Slíkt mun eflaust skila sér í blaða- og tímaritsgreinum og ræðum við ýmsar aðstæður á Alþingi, í kaffistofum og í sveitarstjórnum.

Framhald hér heima.

Þegar heim kom ákvað framkvæmdahópurinn að kalla saman tenglahópinn til að ræða um hugsanlegt framhald hér heima. Á þessum fundi skilaði framkvæmdahópurinn af sér og nýr hópur var stofnaður. Hlutverk hans er að sjá um að sú samstaða og samkennd sem myndaðist við undirbúning og veru íslenskra kvenna á NF 88 nýtist til áframhaldandi starfa í þágu kvenna. Eftirfarandi vetrardagskrá hefur verið ákveðin:

Stórfundur á Hótel Íslandi hinn 23. október nk. Þar verða endurtekin ýmis dagskráratriði, t.d. ýmsar listrænar uppákomur. Þar verður kynnt fundaröð, þrír fundir fyrir jól og þrír eftir jól. Þemaefni þessara funda er m.a. konur og stjórnmál, konur og fjölskyldan, konur og völd, konur og fjölmiðlar, konur og ofbeldi. Að þessari fundaröð lokinni verður haldinn annar stórfundur, helgaður friðarmálum, e.t.v. 8. mars. Að auki hafa ýmis félagasamtök, sem fjölmenntu á þingið, ákveðið að vetrardagskráin fjalli um þætti sem þar voru teknir fyrir.

Hverju hefur Nordisk Forum 88 breytt hjá íslenskum konum?

Um slíkt er allt of snemmt að fullyrða. Þó eru ýmsar vísbendingar um áhrif þess að við fórum, 800 konur, saman á kvennaþing. Fjölmiðlar sem alltaf höfðu verulegan áhuga á fréttum af undirbúningi og þinginu sjálfu fjölluðu á afar jákvæðan hátt um þingið. Slíkt skilar auðvitað árangri. Jafnréttismál yfirleitt eiga nú greiðari aðgang að fjölmiðum. Jafnréttisráð varð sýnilegra og nú leita mjög margar konur réttar síns og upplýsinga þar í auknum mæli. Hið jákvæða andrúmsloft sem skapast hefur nýtist vonandi áfram til að vinna nýja sigra á sviði jafnréttis og kvenfrelsis.

Reykjavík, 5. október 1988.

Guðrún Ágústsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Töflur um hlutfall kynjanna í opinberum nefndum og ráðum.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í ráðum, stjórnum og nefndum sem kosnar voru af Alþingi árið 1985. Skipting eftir ráðuneytum.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	0	0	3	100	3	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Félagsmálaráðuneyti	2	22	7	78	9	100
Fjármálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3	15	17	85	20	100
Iðnaðarráðuneyti	0	0	29	100	29	100
Landbúnaðarráðuneyti	0	0	7	100	7	100
Menntamálaráðuneyti	8	25	24	75	32	100
Samgönguráðuneyti	0	0	16	100	16	100
Sjávarútvegsráðuneyti	1	5	19	95	20	100
Viðskiptaráðuneyti	1	5	19	95	20	100
Utanríkisráðuneyti	3	9	29	91	32	100
Hagstofa Íslands	–	–	–	–	–	–
Samtals	18	10	170	90	188	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1986.

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í nefndum á vegum ráðuneyta sem eru kjörnar eða skipaðar samkvæmt lögum eða ályktunum Alþingis árið 1985.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	1	20	4	80	5	100
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13	10	113	90	126	100
Félagsmálaráðuneyti	26	21	95	79	121	100
Fjármálaráðuneyti	6	7	80	93	86	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	22	15	125	85	147	100
Iðnaðarráðuneyti	1	1	66	99	67	100
Landbúnaðarráðuneyti	1	1	67	99	68	100
Menntamálaráðuneyti	39	17	196	83	235	100
Samgönguráðuneyti	5	5	91	95	96	100
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0	47	100	47	100
Viðskiptaráðuneyti	2	5	37	95	39	100
Utanríkisráðuneyti	0	0	5	100	5	100
Hagstofa Íslands	0	0	3	100	3	100
Samtals	116	11	929	89	1045	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1986.

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í nefndum og starfshópum sem eru skipaðir af stjórnvöldum (ráðherra) á árinu 1985.

	Konur		Karlar		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Forsætisráðuneyti	1	20	4	80	5	10
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Félagsmálaráðuneyti	15	19	65	81	80	–
Fjármálaráðuneyti	3	4	73	96	76	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	39	18	183	82	222	100
Iðnaðarráðuneyti	–	–	–	–	–	–
Landbúnaðarráðuneyti	2	1	184	99	186	100
Menntamálaráðuneyti	94	20	386	80	480	100
Samgönguráðuneyti	7	6	105	94	112	100
Sjávarútvegsráðuneyti	1	1	114	99	115	100
Viðskiptaráðuneyti	0	0	60	100	60	100
Utanríkisráðuneyti	0	0	28	100	28	100
Samtals	162	12	1202	88	1364	100

Heimild: Ríkishandbók Íslands 1986.

Ed. 334. Breytingartillaga [135. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni, Júlíusi Sólnes og Halldóri Blöndal.

Við 6. gr. Í stað „2,2%“ komi: 1,1%.

Nd. 335. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er lögð til gífurleg þynging tekjuskatts einstaklinga, tekjuskatts fyrirtækja og eignarskatta einstaklinga. Af hálfu fjármálaráðherra hefur með ýmsum hætti verið látið í veðri vaka að skattahækkanir þessar séu minni en frumvarpið gerir í raun ráð fyrir og eru slíkar blekkingartilraunir vítaverðar.

Skal nú fjallað um hverja skatttegund frumvarpsins fyrir sig.

1. Tekjuskattur einstaklinga.

Með frumvarpinu er lögð til veruleg hækkun skattbyrði allra hópa gjaldenda frá því sem núverandi lög gera ráð fyrir. Fyrir nefndina hafa verið lagðir skýrir útreikningar sem sanna þetta.

Verður að teljast sérstaklega ámælisvert að fjármálaráðherra skuli í greinargerð með frumvarpi, í framsöguræðu og í fjölmiðlum hvergi minnast á hvernig tekjuskattar einstaklinga hefðu orðið á næsta ári samkvæmt gildandi lögum heldur einungis bera saman skattbyrði ársins 1988 og áætlaða skattbyrði frumvarpsins.

Í gildandi tekjuskattslögum eru ákvæði sem eru þess valdandi að skattbyrði lækkar með minnkandi tekjum en hækkar með vaxandi tekjum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að breyta þessu með því að afnema viðmiðun persónuafsláttar, húsnæðisbóta, barnabóta og fleiri liða við lánskjaravísitölu en miða þessar stærðir við skattvísitölu ár hvert. Í kynningu á frumvarpinu, í greinargerð, framsöguræðu og annars staðar er þess hvergi getið að þessi breyting sé látin koma fram í samanburði á sköttum fyrir og eftir samþykkt þessa frumvarps.

Hér er um að ræða slíka fölsun að undirritaðir nefndarmenn þekkja ekki dæmi slíks. Forsendum núverandi kerfis er breytt í grundvallaratriðum áður en það er borið saman við afleiðingar frumvarpsins og án þess að það sé útskýrt. Gengið hefur verið úr skugga um að hér er ekki um mistök að ræða í framsetningu heldur vísvitandi fölsun. Slíkt siðleysi í vinnubrögðum og málflutningi er bæði til vitnis um spillt hugarfar í stjórnmálum og ömurlegan málstað í því máli sem um ræðir.

Skattfrelsismörk einstaklings lækka samkvæmt frumvarpinu frá því sem verið hefði í janúar nk. samkvæmt gildandi lögum úr 50.681 kr. í 47.513 kr. Sú breyting, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til um persónuafslátt, hækkar mörkin um 65 kr. á mánuði eða í 47.578 kr.! Slík hækkun er þvílík háðung að hún hefði betur verið látin ógerð.

Skattþynging annarra hópa en einstaklinga frá gildandi lögum er síst minni. Vísast um það efni til þeirra útreikninga sem hagfræðingar ASÍ, VSÍ og BSRB hafa sameiginlega sent

fjárhags- og viðskiptanefnd og birtir eru sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Á þeim skal þó hafður sá fyrirvari að í þá vantar barnabótaauka, bæði í tölur um núverandi kerfi og það sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sú gríðarlega skattahækkun, sem hér er gert ráð fyrir, kemur ekki til nokkurra álita við núverandi aðstæður að dómi minni hl. nefndarinnar.

2. Tekjuskattur fyrirtækja.

Að því er þennan þátt varðar er sýnt að leitað hefur verið allra hugsanlegra leiða í skattalögum til að þyngja tekjuskatt lögaðila. Er jafnvel gengið svo langt að tínd eru til smáatriði sem á sínum tíma voru sett í lögin til einföldunar og til þess að hreinsa út illframkvæmanleg eldri ákvæði. Er í þetta ráðist í frumvarpinu þótt vitað sé að slíkar breytingar muni mjög torvelda fyrirtækjum og skattyfirvöldum framkvæmd og að auki skila litlum peningum í ríkissjóð. Hér er sérstaklega átt við ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins um að fella niður heimildir til að færa kostnaðarverð lausafjár með skamman endingartíma til gjalda við kaup sem og eigna undir tilteknu lágmarksverðmæti.

Í skýringum með frumvarpinu er þess getið að tekjuskattshækkun fyrirtækja sé hin sama og einstaklinga þar sem álagningarhlutfall hækki úr 48% í 50%. Þessi fullyrðing er mjög villandi og beinlínis röng gagnvart þeim fjölda fyrirtækja sem hagnýtt hafa sér heimildir til að leggja í fjárfestingarsjóði. Með frumvarpinu á að takmarka þá heimild við 15% skattskyldra tekna í stað 30% áður. Þannig er í raun verið að hækka skatthlutfall fyrirtækja, sem leggja í slíka sjóði, úr 33,6% í 42,5%.

Þó tekur steininn úr í blekkingum þegar því er haldið fram í greinargerð með frumvarpinu að þetta sé í samræmi við stefnu fyrri ríkisstjórna sem stefnt hafi að lækkun heimilda til að leggja í fjárfestingarsjóði og raunar lækkað hlutfallið úr 40% í 30% í fyrra. Margyfirlýst er og öllum ljóst að stefnan var sú að þrengja þessar heimildir í tengslum við *lækkun* skatthlutfallsins. Nú á hins vegar að hækka hlutfallið samtímis takmörkun þessara heimilda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulega þrengri möguleikum til fyrninga í atvinnurekstri en verið hefur. Er það í samræmi við afstöðu þeirra sem telja að afskriftir séu í eðli sínu óeðlilegar og óþarfar. Engin efnisrök hafa verið færð fyrir þeim tillögum sem er að finna í frumvarpinu og ekkert hefur komið fram um að endingartími eigna, sem afskrifa má samkvæmt skattalögum, hafi lengst að undanförnu. Þvert á móti má halda því fram að endingartími margra tækja í nútímarekstri, eins og t.d. tölva og tölvubúnaðar, hafi styst og þau eigi því að afskrifa á styttri tíma en áður.

Stjórnarflokkarnir hafa gefist upp við það áform sitt að afnema heimild til þess að draga gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsókna og líknarstarfsemi frá tekjum í atvinnurekstri. Ber að fagna því.

Í frumvarpinu er ákvæði til þess ætlað að koma í veg fyrir að hlutafélög láni hluthöfum eða stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum fé. Virðast stjórnarflokkarnir telja í lagi að önnur félög, svo sem samvinnufélög, geti lánað sínum forstjórum fjármuni á vildarkjörum. Að dómi undirritaðra er rétta leiðin til að sporna við misnotkun í þessu efni sú að skylda aðila til að reikna markaðsvexti af slíkum lánum og láta eitt yfir öll félagaform ganga. Meiri hl. féllst ekki á að gera breytingar í þá átt.

Í stuttu máli eru breytingar á skattareglum fyrirtækja í frumvarpinu svo íþyngjandi og órökréttar að undirritaðir hljóta að leggjast gegn þeim í heild sinni.

3. Eignarskattar einstaklinga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir gríðarlegum hækkunum að því er varðar eignarskatta einstaklinga. Svo miklum að jafnvel meiri hl. stjórnarflokkanna í nefndinni blöskraði og flytur nú breytingartillögu um að hækka viðmiðunarmörk í ráðgerðu stóreignaskattþrepi úr 6 í 7 millj. kr.

Í upphaflegu frumvarpi var enn gerð tilraun til að blekkja þingheim og almenning með því að láta líta svo út sem 2,7% skattþrep væri aðeins 1,5% þrep. Þessar blekkingar voru afhjúpaðar þegar við 1. umr. og hefur meiri hl. nú gert tillögu um að texti frumvarpsins segi það sem alltaf stóð til. Þó hefur fjármálaráðherra lagt blátt bann við því að talan 2,7% fái að sjást.

Einnig var reynt að villa um fyrir fólki með því að upplýsa í greinargerð með frumvarpinu að í stóreignaskattinum lentu aðeins 6 þúsund manns af 182 þúsund framteljendum. Hinn eðlilegi samanburður er hins vegar við tölu eignarskattsgreiðenda, en þeir munu vera rúmlega 48 þúsund og því var áformað að íþyngja 12% þeirra sérstaklega með hinu nýja eignarskattsþrepi. Eitthvað mun fækka í þessum hópi nái breytingartillaga meiri hl. fram að ganga.

Séu þær hækkanir á eignarskatti, sem hér eru ráðgerðar, og hækkanir á hinum sérstaka skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði teknar saman er ljóst að ríkisstjórnin áformar að ná sér sérstaklega niðri á því fólki sem á eignir í formi verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Útkoman er hins vegar einnig sú að þeim hluta Íslendinga, sem býr í skuldlausum og þokkalega verðmiklum íbúðum, er freklega refsað fyrir þá sjálfsbjargarviðleitni sína.

Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir því að einstaklingur í Reykjavík, sem býr í skuldlausri eign að fasteignamati 8 millj. kr., greiði á næsta ári 11.600 kr. *á mánuði* í eignarskatta til ríkis og borgar, en fasteignagjöld til borgarinnar eru 0,421% af fasteignamati.

Sé miðað við það tekjuskattshlutfall, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, 37,5% að meðtöldu útsvari, jafngildir þetta því að slíkur einstaklingur greiddi sjálfum sér 30.900 kr. í húsaleigu á mánuði og innti síðan af hendi skatt af leigunni. Ávöxtunarkrafan, sem ríkisstjórnin telur eðlilegt að gerð sé til slíks húsnæðis, jafngildir því hvorki meira né minna en 4,6% raunvöxtum.

Meiri hl. leggur til með breytingartillögum sínum að eignarskattar slíks einstaklings verði rúmlega 10.300 kr. á mánuði í stað 11.600 kr. Samkvæmt gildandi reglum er þessi fjárhæð nú tæplega 7.900 kr. á mánuði og mörgu eldra fólki ofviða.

Undirritaðir nefndarmenn hafna algerlega þeim hugmyndum sem liggja að baki þessum hækkunum og geta ekki sætt sig við þessa gríðarlegu hækkun á eignarsköttum ofan á allt annað.

4. Niðurstaða.

Ljóst er af því sem að ofan greinir að það er eindregin skoðun undirritaðra að frumvarpið beri að fella. Við bendum jafnframt á það siðleysi að ætla að láta hluta frumvarpsins koma til framkvæmda vegna tekna á árinu 1988 og hafa þannig afturvirk áhrif. Mjög slæm reynsla er af slíkum ákvæðum og raunar mikill vafi á því að þau standist stjórnarskrá. Nægir í því sambandi að vitna til dómsmála sem spunnust síðast þegar núverandi stjórnarflokkar sátu saman í ríkisstjórn, en þá eins og nú létu þeir það verða eitt sitt fyrsta verk að leggja á afturvirka skatta.

Alþingi, 21. desember 1988.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Geir H. Haarde, frsm.

Fylgiskjal I.

Skattanefnd atvinnuveganna:

Ályktun vegna fyrirhugaðra skattahækkana.
(19. des. 1988.)

Þær hugmyndir um skattahækkanir, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, munu, ef í framkvæmd komast, leiða af sér aukna erfiðleika í atvinnulífinu og bæta við fyrirsjáanlegt atvinnuleysi. Ekki er óvarlegt að reikna með að allt að 1000 störf séu í hættu eingöngu vegna þessara skattahækkana. Með auknu atvinnuleysi er líka verið að rýra sjálfa skattstofnana og gera kröfur um aukin útgjöld ríkisins. Meiningin er að afgreiða fjárlög með tekjuafgangi en fyrirsjáanlegt er að halli verður áfram á ríkissjóði ef þessi leið verður farin.

Eina leiðin til þess að ná hallalausum ríkisbúskap og tryggja jafnframt sem kostur er atvinnuna á þessum erfiðleikatímum er að lækka ríkisútgjöldin sjálf og sjá til þess að framleiðslustarfsemin haldist uppi. Með því móti verður undirstaðan undir skattheimtunni eins öflug og unnt er. Nauðsynlegt er að sams konar átak verði gert til hagræðingar og sparnaðar í ríkisrekstrinum og nú er verið að gera í langflestum fyrirtækjum landsins. Það er lykilatriði til þess að erfiðleikar þjóðarbúsins komi réttlátlega niður. Þær skattahækkanir, sem áformaðar eru, þyngja hins vegar byrðar atvinnulífs og almennings og gera samdráttinn tilfinnanlegri en þörf er á.

Greinargerð.

Aukin skattlagning magnar þá erfiðleika sem atvinnulíf landsmanna á við að etja um þessar mundir. Gjaldþrotum fyrirtækja fjölgar og atvinnu þúsunda einstaklinga er teflt í tvísýnu. Með fyrirhuguðum skattahækkunum er enn fremur verið að eyðileggja möguleika fyrirtækjanna til þess að byggja upp varasjóði og mæta áföllum.

Sú leið, sem fara á í skattamálum atvinnurekstrarins, er hreint afturhvarf til fortíðarinnar og fráhvarf frá þeirri stefnu að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í baráttu þeirra við erlenda keppinauta. Í helstu viðskiptalöndum okkar er þróunin í þá átt að lækka skatta á atvinnulíf og stuðla að uppbyggingu fyrirtækja. Með áformuðum skattahækkunum er farin öndverð leið.

Hækkanir á tekjuskatti og eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja munu hafa víðtæk áhrif á atvinnulífið. Þau áform, sem liggja fyrir um hækkun á tekjuskatti einstaklinga, gera ráð fyrir að skattar tekjulægri hópa hækki hlutfallslega meira en þeirra tekjuhærri. Enn fremur liggur fyrir að hækkun tekjuskatts á einstaklinga mun leiða til aukinna kaupkrafna í komandi kjarasamningum og gera lausn samninga á vinnumarkaði erfiðari.

Vegna taprekstrar greiðir stór hluti fyrirtækja ekki tekjuskatt en þessi fyrirtæki greiða hins vegar ýmsa aðra skatta sem eru m.a. orsökin að taprekstri þeirra. Sem dæmi um þessa skatta eru aðstöðugjöld, fasteignagjöld, skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, launaskattur, stimpilgjöld o.s.frv. Auk þess hafa skattar sem leggjast á vöru og þjónustu, svo sem söluskattur, lántökuskattur, tollar og vörugjöld, áhrif á afkomu fyrirtækjanna.

Hækkun á tekjuskatti og eignarskatti fyrirtækja veikir afkomu þeirra og hlýtur að kalla á viðbrögð frá stjórnendum. Annaðhvort leitast fyrirtækin við að velta skattlagningunni út í verðlagið eða skera niður í rekstri, þar á meðal launakostnað. Lausleg skoðun á áhrifum hækkunar á tekjuskatti og eignarskatti fyrirtækja, eins og lagt er til í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, bendir til þess að verðlag geti hækkað um allt að 1% ef hækkuninni er velt út í verðlag. Ef brugðist er við þessari hækkun tekjuskatts og eignarskatts með niðurskurði á launakostnaði væri algengt að fyrirtæki þyrftu að lækka launakostnað um 3%–4% með minni yfirvinnu eða uppsögnum. Ekki er unnt að sjá fyrir hver viðbrögð fyrirtækja verða en ljóst er að bæði

verður þrýstingur á verðlagshækkanir og atvinna milli 500 og 1000 manns er í tvísýnu vegna þessara fyrirhuguðu skattahækkana.

Annað veigamikið atriði í áformuðum hækkunum á tekjuskatti og eignarskatti fyrirtækja er lækkun á fyrningarhlutföllum og framlagi í fjárfestingarsjóð. Með slíkum aðgerðum er verið að eyðileggja möguleika fyrirtækja til þess að mynda varasjóði til að mæta áföllum þegar illa árar. Eitt meginmarkmið efnahagsstjórnar á Íslandi hefur hingað til verið að auka aðlögunarhæfni atvinnulífsins að sveiflum. Nú er gengið í þveröfuga átt og ljóst að á samdráttartímum í framtíðinni mun þurfa að skerða lífskjör þjóðarinnar enn meir en blasir við í þeim erfiðleikum sem nú er við að etja. Þykir þó flestum nóg um í þessum efnum núna. Enn fremur liggur fyrir að atvinnulíf á Íslandi þarf að mæta stóraukinni samkeppni erlendis frá á næstu árum og þessar skattahækkanir munu enn frekar draga út samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar á að draga úr möguleikum fyrirtækja að yfirfæra tap við kaup á öðrum fyrirtækjum. Þetta er sérstaklega varhugavert á núverandi erfiðleikatímum þar sem uppstokkun og endurskipulagning fyrirtækja er nauðsynleg. Ef áform ríkisstjórnarinnar verða að veruleika magnast erfiðleikar þeirra fyrirtækja sem eiga í rekstrarerfiðleikum eða eru að verða gjaldþrota. Gjaldþrotunum sjálfum mun fjölga og fleiri skuldir munu tapast. Ekki síst munu erfiðleikar þeirra fjölmörgu einstaklinga sem eru í ábyrgðum fyrir skuldum fyrirtækja verða tilfinnanlegir. Það lýsir e.t.v. betur en flest annað andanum í skattahækkunum ríkisstjórnarinnar að vilja gera sér erfiðleika gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga að sérstakri féþúfu. Þetta ákvæði mun líka stuðla að enn meira atvinnuleysi vegna þess hve það mun auka á vandræði þeirra sem eru í erfiðleikum.

Þá eru í tekjuskattsfrumvarpinu ákvæði um að ekki megi lengur gjaldfæra kaup á smáhlutum. Með þessu er verið að stórauka umstang við skattframtöl og skatteftirlit án þess að það hafi neina umtalsverða tekjuaukningu fyrir ríkið í för með sér. Fyrningaskrár verða mun umfangsmeiri og erfitt að henda reiður á því að nákvæmlega sé rétt fært. Furðulegt er að beina skatteftirliti í þann farveg að eltast við smáupphæðir. Enn fremur á að banna gjaldfærslu á hlutum með skemmri endingartíma en þrjú ár. Ljóst er að t.d. tölvur og hugbúnaður úreldist í mörgum tilvikum á skemmri tíma en þremur árum og því óeðlilegt að banna gjaldfærslu á slíkum kaupum.

Það sýnir e.t.v. betur en annað andann í áformum ríkisstjórnarinnar um skattahækkanir að fyrirtæki skuli ekki lengur eiga að fá að draga frá tekjum gjafir og styrki til menningarmála, rannsókna og líknarstarfsemi. Það er vægast sagt einkennilegt hversu umhugað fjármálaráðherra er um að leggja stein í götu starfsemi þeirra fjölmörgu áhugamannafélaga sem starfa að margvíslegum menningar- og framfaramálum.

Síðan eru ákvæði um afturvirkni margra ákvæða tekjuskattsfrumvarpsins forkastanleg. Margvíslegar ákvarðanir hafa þegar verið teknar um einstök atriði einmitt á grundvelli núverandi skattalaga og það er algjörlega óviðunandi að ríkisvaldið skuli þá koma í bakið á þeim sem búnir eru að gera ráðstafanir á þessum grundvelli.

Áform um hækkun vörugjalds boða sömuleiðis fráhvarf frá þeirri stefnu sem verið hefur í skattamálum, að hafa skatta sem almennasta og veikja ekki um of samkeppnishæfni atvinnuveganna. Að svo miklu leyti sem hækkun vörugjaldsins er stefnt gegn innflutningi er beinlínis verið að falsa enn frekar gengi krónunnar. Með hækkun almennu vörugjaldsprósentunnar úr 14% í 20% er verið að mismuna enn frekar þeim vörutegundum sem þetta gjald fá á sig. Er þó í mörgum tilfellum um að ræða algengar heimilisvörur sem flokkast undir nauðsynjar á hverju nútímaheimili.

Sérstöku 25% vörugjaldi á sælgæti og gosdrykki er fyrst og fremst stefnt gegn nokkrum einstökum fyrirtækjum og því fólki sem þar vinnur. Hollustu- og manneldissjónarmiðum hefur verið haldið fram í þessu sambandi en þau rök eru haldlaus. Þessar vörur eru ekki nema lítill hluti af þeirri neyslu sem kallast getur óholl og sum hver nýtur jafnvel sérstakrar velvildar ríkisvaldsins.

Ekki eru nein efnisleg rök sjáanleg fyrir því að ríkisvaldið fari með þessum hætti að skipta vörum í „góðar" og „vondar" vörur. Því ætti það sama að gilda um þessar vörur eins og aðrar og þær ætti ekki að skattleggja sérstaklega.

Sérstakt 10% vörugjald á byggingarvörur er undrunarefni þegar húsbyggjendur þurfa á víðtækri aðstoð að halda. Það er enn fremur ljóst að þetta gjald mun hafa í för með sér mikinn samdrátt í byggingariðnaði einmitt þegar samdráttur í þessari atvinnugrein er að verða tilfinnanlegur af öðrum ástæðum.

Hækkun vörugjalds veikir því enn atvinnugrundvöllinn og hætta er á að uppsagnir verði í kjölfar hækkunarinnar í byggingariðnaði, sælgætis- og gosdrykkjaiðnaði og í verslun. Nokkur hundruð störf gætu verið í hættu af þessum ástæðum.

Þá liggur einnig fyrir að hækkun vörugjaldsins mun hafa í för með sér 0,5% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar og 3–4% hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Lánskjaravísitalan hækkar þá í framhaldinu.

Nú virðist sýnt að hækkun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði nái fram að ganga. Þessi hækkun eykur húsnæðiskostnað atvinnulífsins og sérstaklega húsnæðiskostnað verslana. Þessi skattur mismunar freklega á milli atvinnugreina og hlýtur með einum eða öðrum hætti að koma fram í verði þeirrar vöru eða þjónustu sem hann leggst á. Húsaleiga mun hækka um allt að 20% þegar skoðuð eru saman áhrif af hækkun á þessum skatti ásamt hækkun á tekjuskatti og eignarskatti. Það getur þýtt yfir 0,5% í vöruverði.

Ríkisstjórnin hyggst enn fremur framlengja svo til óbreytt ákvæði um skatt á erlendar lántökur. Þessi skattur var upphaflega settur á tímabundið í því skyni að fá fyrirtæki til þess að fresta fjárfestingum og lántökum af þeim sökum. Voru gefnar út yfirlýsingar af fyrri ríkisstjórn þess efnis að skatturinn félli niður um næstu áramót. Fjöldi fyrirtækja breytti ákvörðunum sínum í samræmi við þessa yfirlýsingu. En nú er sem oftar komið í bakið á þeim sem leggja traust sitt á yfirlýsingar stjórnvalda. Fer það nánast að verða regla að óhætt sé að ganga út frá því að yfirlýsingar stjórnvalda um skattamál standist ekki.

Þegar allt er talið eiga nýjar álögur að gefa ríkissjóði tæpar 4.200 millj. kr. í auknar tekjur á næsta ári. Þetta eru tæpar 67.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þessar skattahækkanir lenda á heimilunum í landinu með einum eða öðrum hætti. Bein áhrif þessarra hækkana þýða 2,4% lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna. En þegar tekið er tillit til atvinnusamdráttar og annarra afleiðinga fyrir atvinnulífið er ljóst að óbein áhrif skattahækkananna geta verið allt að því annað eins.

Fylgiskjal II.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
neðri deildar Alþingis.

16. des. 1988.

Áhrif tekjuskatts- og eignarskattsbreytinganna á nokkrar fjölskyldugerðir.

Við undirrituð höfum kannað tillögur þær sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og höfum komist að eftirfarandi niðurstöðu um áhrif þeirra á nokkrar fjölskyldugerðir.

Ari Skúlason. *Hannes G. Sigurðsson.*

Lilja Mósesdóttir. *Björn Arnórsson.*

STAÐGREIÐSLUKERFI SKATTA 16-Dec-88

Núverandi kerfi miðað við að persónuafsláttur og barnabætur hefðu hækkað samkvæmt lánskjaravísit.

Skatthlutfall	35,2%
Persónuafsl.	17.840
Skattleysismörk	50.682

Nýtt kerfi

Skatthlutfall	37,2%
Persónuafsl.	17.675
Skattleysismörk	47.513

Barnlaus einstaklingur			Barnlaus einstaklingur						
Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Skatta-hækkun á mán.	Skatta-hækkun á ári	Hækkun skatt-byrðar	Hækkun skatt-greiðslu
40.000	0	0,0%	40.000	0	0,0%	0	0	0,0%	
45.000	0	0,0%	45.000	0	0,0%	0	0	0,0%	
47.500	0	0,0%	47.500	0	0,0%	0	0	0,0%	
50.000	0	0,0%	50.000	925	1,9%	925	11.100	1,9%	
55.000	1.520	2,8%	55.000	2.785	5,1%	1.265	15.180	2,3%	83,2%
60.000	3.280	5,5%	60.000	4.645	7,7%	1.365	16.380	2,3%	41,6%
65.000	5.040	7,8%	65.000	6.505	10,0%	1.465	17.580	2,3%	29,1%
70.000	6.800	9,7%	70.000	8.365	12,0%	1.565	18.780	2,2%	23,0%
75.000	8.560	11,4%	75.000	10.225	13,6%	1.665	19.980	2,2%	19,5%
80.000	10.320	12,9%	80.000	12.085	15,1%	1.765	21.180	2,2%	17,1%
85.000	12.080	14,2%	85.000	13.945	16,4%	1.865	22.380	2,2%	15,4%
90.000	13.840	15,4%	90.000	15.805	17,6%	1.965	23.580	2,2%	14,2%
95.000	15.600	16,4%	95.000	17.665	18,6%	2.065	24.780	2,2%	13,2%
100.000	17.360	17,4%	100.000	19.525	19,5%	2.165	25.980	2,2%	12,5%
105.000	19.120	18,2%	105.000	21.385	20,4%	2.265	27.180	2,2%	11,8%
110.000	20.880	19,0%	110.000	23.245	21,1%	2.365	28.380	2,1%	11,3%
115.000	22.640	19,7%	115.000	25.105	21,8%	2.465	29.580	2,1%	10,9%
120.000	24.400	20,3%	120.000	26.965	22,5%	2.565	30.780	2,1%	10,5%
125.000	26.160	20,9%	125.000	28.825	23,1%	2.665	31.980	2,1%	10,2%
130.000	27.920	21,5%	130.000	30.685	23,6%	2.765	33.180	2,1%	9,9%
135.000	29.680	22,0%	135.000	32.545	24,1%	2.865	34.380	2,1%	9,7%
140.000	31.440	22,5%	140.000	34.405	24,6%	2.965	35.580	2,1%	9,4%
145.000	33.200	22,9%	145.000	36.265	25,0%	3.065	36.780	2,1%	9,2%
150.000	34.960	23,3%	150.000	38.125	25,4%	3.165	37.980	2,1%	9,1%

Núverandi kerfi			Nýtt kerfi			16-Dec-88			
Skattleysismörk 101.364			Skattleysismörk 95.027						
Barnlaus hjón, jöfn tekjuskipting			Barnlaus hjón, jöfn tekjuskipting						
Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Skatta-hækkun á mán.	Skatta-hækkun á ári	Hækkun skatt-byrðar	Hækkun skatt-greiðslu
70.000	0	0,0%	70.000	0	0,0%	0	0	0,0%	
80.000	0	0,0%	80.000	0	0,0%	0	0	0,0%	
90.000	0	0,0%	90.000	0	0,0%	0	0	0,0%	
100.000	0	0,0%	100.000	1.850	1,9%	1.850	22.200	1,9%	
110.000	3.040	2,8%	110.000	5.570	5,1%	2.530	30.360	2,3%	83,2%
120.000	6.560	5,5%	120.000	9.290	7,7%	2.730	32.760	2,3%	41,6%
130.000	10.080	7,8%	130.000	13.010	10,0%	2.930	35.160	2,3%	29,1%
140.000	13.600	9,7%	140.000	16.730	12,0%	3.130	37.560	2,2%	23,0%
150.000	17.120	11,4%	150.000	20.450	13,6%	3.330	39.960	2,2%	19,5%
160.000	20.640	12,9%	160.000	24.170	15,1%	3.530	42.360	2,2%	17,1%
170.000	24.160	14,2%	170.000	27.890	16,4%	3.730	44.760	2,2%	15,4%
180.000	27.680	15,4%	180.000	31.610	17,6%	3.930	47.160	2,2%	14,2%
190.000	31.200	16,4%	190.000	35.330	18,6%	4.130	49.560	2,2%	13,2%
200.000	34.720	17,4%	200.000	39.050	19,5%	4.330	51.960	2,2%	12,5%
210.000	38.240	18,2%	210.000	42.770	20,4%	4.530	54.360	2,2%	11,8%
220.000	41.760	19,0%	220.000	46.490	21,1%	4.730	56.760	2,1%	11,3%
230.000	45.280	19,7%	230.000	50.210	21,8%	4.930	59.160	2,1%	10,9%
240.000	48.800	20,3%	240.000	53.930	22,5%	5.130	61.560	2,1%	10,5%
250.000	52.320	20,9%	250.000	57.650	23,1%	5.330	63.960	2,1%	10,2%

Núverandi kerfi			Nýtt kerfi			16-Dec-88			
Bætur m. 1. barni	1.797		Bætur m. 1. barni	1.742					
Bætur m. 2. barni	2.696		Bætur m. 2. barni	2.608					
Skattleysismörk	101.364		Skattleysismörk	95.027					
Hjón með tvö börn milli 7 og 16 ára, jöfn tekjuskipting			Hjón með tvö börn milli 7 og 16 ára, jöfn tekjuskipting						
Mánaðar-tekjur	Staðgreiðsla	Skatthlutf.	Mánaðar-tekjur	Staðgreiðsla	Skatthlutf.	Skattahækkun á mán.	Skattahækkun á ári	Hækkun skattbyrðar	Hækkun skattgreiðslu
70.000	-4.493	-6,4%	70.000	-4.350	-6,2%	143	1.716	0,2%	3,2%
80.000	-4.493	-5,6%	80.000	-4.350	-5,4%	143	1.716	0,2%	3,2%
90.000	-4.493	-5,0%	90.000	-4.350	-4,8%	143	1.716	0,2%	3,2%
100.000	-4.493	-4,5%	100.000	-2.500	-2,5%	1.993	23.916	2,0%	44,4%
110.000	-1.453	-1,3%	110.000	1.220	1,1%	2.673	32.076	2,4%	184,0%
120.000	2.067	1,7%	120.000	4.940	4,1%	2.873	34.476	2,4%	139,0%
130.000	5.587	4,3%	130.000	8.660	6,7%	3.073	36.876	2,4%	55,0%
140.000	9.107	6,5%	140.000	12.380	8,8%	3.273	39.276	2,3%	35,9%
150.000	12.627	8,4%	150.000	16.100	10,7%	3.473	41.676	2,3%	27,5%
160.000	16.147	10,1%	160.000	19.820	12,4%	3.673	44.076	2,3%	22,7%
170.000	19.667	11,6%	170.000	23.540	13,8%	3.873	46.476	2,3%	19,7%
180.000	23.187	12,9%	180.000	27.260	15,1%	4.073	48.876	2,3%	17,6%
190.000	26.707	14,1%	190.000	30.980	16,3%	4.273	51.276	2,2%	16,0%
200.000	30.227	15,1%	200.000	34.700	17,4%	4.473	53.676	2,2%	14,8%
210.000	33.747	16,1%	210.000	38.420	18,3%	4.673	56.076	2,2%	13,8%
220.000	37.267	16,9%	220.000	42.140	19,2%	4.873	58.476	2,2%	13,1%
230.000	40.787	17,7%	230.000	45.860	19,9%	5.073	60.876	2,2%	12,4%
240.000	44.307	18,5%	240.000	49.580	20,7%	5.273	63.276	2,2%	11,9%
250.000	47.827	19,1%	250.000	53.300	21,3%	5.473	65.676	2,2%	11,4%

16-Dec-88

Núverandi kerfi		Nýtt kerfi	
Bætur m. 1. barni	3.595	Bætur m. 1. barni	3.483
Bætur m. 2. barni	4.494	Bætur m. 2. barni	4.350

Hjón með tvö börn yngri en 7 ára, jöfn tekjuskipting

Mánaðar-tekjur	Staðgreiðsla	Skatthlutf.	Mánaðar-tekjur	Staðgreiðsla	Skatthlutf.	Skattahækkun á mán.	Skattahækkun á ári	Hækkun skattbyrðar	Hækkun skattgreiðslu
70.000	-8.089	-11,6%	70.000	-7.833	-11,2%	256	3.072	0,4%	3,2%
80.000	-8.089	-10,1%	80.000	-7.833	-9,8%	256	3.072	0,3%	3,2%
90.000	-8.089	-9,0%	90.000	-7.833	-8,7%	256	3.072	0,3%	3,2%
100.000	-8.089	-8,1%	100.000	-5.983	-6,0%	2.106	25.272	2,1%	26,0%
110.000	-5.049	-4,6%	110.000	-2.263	-2,1%	2.786	33.432	2,5%	55,2%
120.000	-1.529	-1,3%	120.000	1.457	1,2%	2.986	35.832	2,5%	195,3%
130.000	1.991	1,5%	130.000	5.177	4,0%	3.186	38.232	2,5%	160,0%
140.000	5.511	3,9%	140.000	8.897	6,4%	3.386	40.632	2,4%	61,4%
150.000	9.031	6,0%	150.000	12.617	8,4%	3.586	43.032	2,4%	39,7%
160.000	12.551	7,8%	160.000	16.337	10,2%	3.786	45.432	2,4%	30,2%
170.000	16.071	9,5%	170.000	20.057	11,8%	3.986	47.832	2,3%	24,8%
180.000	19.591	10,9%	180.000	23.777	13,2%	4.186	50.232	2,3%	21,4%
190.000	23.111	12,2%	190.000	27.497	14,5%	4.386	52.632	2,3%	19,0%
200.000	26.631	13,3%	200.000	31.217	15,6%	4.586	55.032	2,3%	17,2%
210.000	30.151	14,4%	210.000	34.937	16,6%	4.786	57.432	2,3%	15,9%
220.000	33.671	15,3%	220.000	38.657	17,6%	4.986	59.832	2,3%	14,8%
230.000	37.191	16,2%	230.000	42.377	18,4%	5.186	62.232	2,3%	13,9%
240.000	40.711	17,0%	240.000	46.097	19,2%	5.386	64.632	2,2%	13,2%
250.000	44.231	17,7%	250.000	49.817	19,9%	5.586	67.032	2,2%	12,6%

Núverandi kerfi			Nýtt kerfi			16-Dec-88			
Bætur m. 1. barni 5.392			Bætur m. 1. barni 5.217						
Einstætt foreldri með eitt barn eldra en 7 ára			Einstætt foreldri með eitt barn eldra en 7 ára						
Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Skatta-hækkun á mán.	Skatta-hækkun á ári	Hækkun skatt-byrðar	Hækkun skatt-greiðslu
40.000	-5.392	-13,5%	40.000	-5.217	-13,0%	175	2.100	0,4%	3,2%
45.000	-5.392	-12,0%	45.000	-5.217	-11,6%	175	2.100	0,4%	3,2%
50.000	-5.392	-10,8%	50.000	-4.292	-8,6%	1.100	13.200	2,2%	20,4%
55.000	-3.872	-7,0%	55.000	-2.432	-4,4%	1.440	17.280	2,6%	37,2%
60.000	-2.112	-3,5%	60.000	-572	-1,0%	1.540	18.480	2,6%	72,9%
65.000	-352	-0,5%	65.000	1.288	2,0%	1.640	19.680	2,5%	465,9%
70.000	1.408	2,0%	70.000	3.148	4,5%	1.740	20.880	2,5%	123,6%
75.000	3.168	4,2%	75.000	5.008	6,7%	1.840	22.080	2,5%	58,1%
80.000	4.928	6,2%	80.000	6.868	8,6%	1.940	23.280	2,4%	39,4%
85.000	6.688	7,9%	85.000	8.728	10,3%	2.040	24.480	2,4%	30,5%
90.000	8.448	9,4%	90.000	10.588	11,8%	2.140	25.680	2,4%	25,3%
95.000	10.208	10,7%	95.000	12.448	13,1%	2.240	26.880	2,4%	21,9%
100.000	11.968	12,0%	100.000	14.308	14,3%	2.340	28.080	2,3%	19,6%
105.000	13.728	13,1%	105.000	16.168	15,4%	2.440	29.280	2,3%	17,8%
110.000	15.488	14,1%	110.000	18.028	16,4%	2.540	30.480	2,3%	16,4%
115.000	17.248	15,0%	115.000	19.888	17,3%	2.640	31.680	2,3%	15,3%
120.000	19.008	15,8%	120.000	21.748	18,1%	2.740	32.880	2,3%	14,4%
125.000	20.768	16,6%	125.000	23.608	18,9%	2.840	34.080	2,3%	13,7%
130.000	22.528	17,3%	130.000	25.468	19,6%	2.940	35.280	2,3%	13,1%
135.000	24.288	18,0%	135.000	27.328	20,2%	3.040	36.480	2,3%	12,5%
140.000	26.048	18,6%	140.000	29.188	20,8%	3.140	37.680	2,2%	12,1%
145.000	27.808	19,2%	145.000	31.048	21,4%	3.240	38.880	2,2%	11,7%
150.000	29.568	19,7%	150.000	32.908	21,9%	3.340	40.080	2,2%	11,3%

Núverandi kerfi			Nýtt kerfi			16-Dec-88			
Bætur m. 1. barni	7.189		Bætur m. 1. barni	6.958					
Bætur m. 2. barni	7.189		Bætur m. 2. barni	6.958					
Einstætt foreldri með tvö börn yngri en 7 ára			Einstætt foreldri með tvö börn yngri en 7 ára						
Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Skatta-hækkun á mán.	Skatta-hækkun á ári	Hækkun skatt-byrðar	Hækkun skatt-greiðslu
40.000	-12.581	-31,5%	40.000	-12.175	-30,4%	406	4.872	1,0%	3,2%
45.000	-12.581	-28,0%	45.000	-12.175	-27,1%	406	4.872	0,9%	3,2%
50.000	-12.581	-25,2%	50.000	-11.250	-22,5%	1.331	15.972	2,7%	10,6%
55.000	-11.061	-20,1%	55.000	-9.390	-17,1%	1.671	20.052	3,0%	15,1%
60.000	-9.301	-15,5%	60.000	-7.530	-12,6%	1.771	21.252	3,0%	19,0%
65.000	-7.541	-11,6%	65.000	-5.670	-8,7%	1.871	22.452	2,9%	24,8%
70.000	-5.781	-8,3%	70.000	-3.810	-5,4%	1.971	23.652	2,8%	34,1%
75.000	-4.021	-5,4%	75.000	-1.950	-2,6%	2.071	24.852	2,8%	51,5%
80.000	-2.261	-2,8%	80.000	-90	-0,1%	2.171	26.052	2,7%	96,0%
85.000	-501	-0,6%	85.000	1.770	2,1%	2.271	27.252	2,7%	453,3%
90.000	1.259	1,4%	90.000	3.630	4,0%	2.371	28.452	2,6%	188,3%
95.000	3.019	3,2%	95.000	5.490	5,8%	2.471	29.652	2,6%	81,8%
100.000	4.779	4,8%	100.000	7.350	7,4%	2.571	30.852	2,6%	53,8%
105.000	6.539	6,2%	105.000	9.210	8,8%	2.671	32.052	2,5%	40,8%
110.000	8.299	7,5%	110.000	11.070	10,1%	2.771	33.252	2,5%	33,4%
115.000	10.059	8,7%	115.000	12.930	11,2%	2.871	34.452	2,5%	28,5%
120.000	11.819	9,8%	120.000	14.790	12,3%	2.971	35.652	2,5%	25,1%
125.000	13.579	10,9%	125.000	16.650	13,3%	3.071	36.852	2,5%	22,6%
130.000	15.339	11,8%	130.000	18.510	14,2%	3.171	38.052	2,4%	20,7%
135.000	17.099	12,7%	135.000	20.370	15,1%	3.271	39.252	2,4%	19,1%
140.000	18.859	13,5%	140.000	22.230	15,9%	3.371	40.452	2,4%	17,9%
145.000	20.619	14,2%	145.000	24.090	16,6%	3.471	41.652	2,4%	16,8%
150.000	22.379	14,9%	150.000	25.950	17,3%	3.571	42.852	2,4%	16,0%

Núverandi kerfi		Nýtt kerfi		16-Dec-88				
Bætur m. 1. barni	3.595	Bætur m. 1. barni	3.483					
Bætur m. 2. barni	4.494	Bætur m. 2. barni	4.350					
Hjón með tvö börn yngri en 7 ára, annað aflar allra tekna		Hjón með tvö börn yngri en 7 ára, annað aflar allra tekna						
Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Mánaðar-tekjur	Stað-greiðsla	Skatt-hlutf.	Skatta-hækkun á mán.	Skatta-hækkun á ári	Hækkun skatt-byrðar	Hækkun skatt-greiðslu
70.000	-8.089	-11,6%	70.000	-7.833	-11,2%	256	3.072	0,4%	3,2%
80.000	-8.089	-10,1%	80.000	-7.833	-9,8%	256	3.072	0,3%	3,2%
90.000	-8.089	-9,0%	90.000	-6.168	-6,9%	1.921	23.052	2,1%	23,7%
100.000	-5.001	-5,0%	100.000	-2.448	-2,4%	2.553	30.636	2,6%	51,0%
110.000	-1.481	-1,3%	110.000	1.272	1,2%	2.753	33.036	2,5%	185,9%
120.000	2.039	1,7%	120.000	4.992	4,2%	2.953	35.436	2,5%	144,8%
130.000	5.559	4,3%	130.000	8.712	6,7%	3.153	37.836	2,4%	56,7%
140.000	9.079	6,5%	140.000	12.432	8,9%	3.353	40.236	2,4%	36,9%
150.000	12.599	8,4%	150.000	16.152	10,8%	3.553	42.636	2,4%	28,2%
160.000	16.119	10,1%	160.000	19.872	12,4%	3.753	45.036	2,3%	23,3%
170.000	19.639	11,6%	170.000	23.592	13,9%	3.953	47.436	2,3%	20,1%
180.000	23.159	12,9%	180.000	27.312	15,2%	4.153	49.836	2,3%	17,9%
190.000	26.679	14,0%	190.000	31.032	16,3%	4.353	52.236	2,3%	16,3%
200.000	30.199	15,1%	200.000	34.752	17,4%	4.553	54.636	2,3%	15,1%
210.000	33.719	16,1%	210.000	38.472	18,3%	4.753	57.036	2,3%	14,1%
220.000	37.239	16,9%	220.000	42.192	19,2%	4.953	59.436	2,3%	13,3%
230.000	40.759	17,7%	230.000	45.912	20,0%	5.153	61.836	2,2%	12,6%
240.000	44.279	18,4%	240.000	49.632	20,7%	5.353	64.236	2,2%	12,1%
250.000	47.799	19,1%	250.000	53.352	21,3%	5.553	66.636	2,2%	11,6%

Nd. 336. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Hreggviði Jónssyni og Friðriki Sophussyni.

Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:

Ríkisstjórnin skal útvega 225 milljónir króna til að veita fjölskyldum og einstaklingum, sem eru í miklum nauðum, aðstoð til skuldbreytinga á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, banka og sparisjóða.

Nd. 337. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Þórhildi Þorleifsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Kristínu Einarsdóttur.

1. 10. gr. falli brott.
2. a-liður 11. gr. falli brott.
3. 12.–15. gr. falli brott.
4. 21. gr. falli brott.
5. Í 22. gr. falli brott tilvísanir til 68. og 69. gr. laganna.

Ed. 338. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur áherslu á að lántökugjaldið var sett á til að draga úr þeirri „þenslu“ sem var í landinu á fyrri hluta þessa árs. Nú eiga þau rök ekki lengur við og atvinnuleysi ýmist orðið eða blasir við í mörgum atvinnugreinum. Skattur þessi er því eingöngu til tekjuöflunar nú og einn angi af skattlagningaræði ríkisstjórnarinnar að ætla að framlengja hann, en skatturinn átti að falla niður um áramót.

Minni hl. flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. des. 1988.

Halldór Blöndal, frsm. Júlíus Sólnes. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 339. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, JúlS, EKJ).

Við 1. gr. bætist nýr stafliður, d, svohljóðandi:

Við 3. mgr. bætast tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

5. Lán sem tekin hafa verið eftir gildistöku laga þessara eða tekin verða vegna skuldbreytinga fyrirtækja í útflutningsgreinum.
6. Lán sem tekin hafa verið eftir gildistöku laga þessara eða tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi.

Nd. 340. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrir ári gengu í gildi róttækar breytingar á skattalögunum sem m.a. voru undirbúnar af milliþinganefnd skipaðri fulltrúum allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Frumvarpið, sem hér er til afgreiðslu, felur í sér margvíslegar breytingar á þeim lögum sem þurfa miklu nánari athugunar við en ráðrúm leyfir.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að hætta að miða framreikning persónuafsláttar og barnabóta við lánskjaravísitölu eins og lögin kveða á um, en taka þess í stað upp skattvísitölu sem breytist árlega. Með því er horfið frá því markmiði að tengja skattbyrði einstaklinganna við verðlagsþróun, en samkvæmt núgildandi lögum minnkar skattbyrðin hlutfallslega ef samdráttur er í launum. Auk þess er í frumvarpinu lögð til hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga sem þýðir hærri álögur en ella yrði á fólk með meðaltekjur og lægri. Þessar breytingar getur 2. minni hl. ekki sætt sig við og flytur breytingartillögur á þskj. 337 sem fela það í sér að núgildandi lög verði óbreytt hvað varðar framreikning persónuafsláttar og barnabóta og að skatthlutfall verði ekki hækkað.

Annar minni hl. minnir á að við skattalagabreytingarnar fyrir ári lagði Kvennalistinn til að háar tekjur yrðu skattlagðar sérstaklega, bæði í tekjuskatti og útsvari. Ekki eru gerðar tillögur um það nú, en Kvennalistinn er þó enn sömu skoðunar og mun vinna áfram að því máli.

Annar minni hl. er einnig þeirrar skoðunar að skattleggja beri eignir umfram hófleg mörk, svo sem ætlunin er skv. 19. gr. frumvarpsins, en telur að sú tillaga sé ekki grundvölluð á nægilega miklum athugunum. Viðmiðunarmörkin voru þó hækkuð í meðförum nefndarinnar og telur 2. minni hl. það til bóta.

Að tillögunum á þskj. 337 samþykktum mun 2. minni hl. sitja hjá við afgreiðslu málsins í heild, en greiða atkvæði gegn því ella. Ástæða þess er sú að 2. minni hl. er samþykkur í meginatriðum ýmsum þeim breytingum sem lagðar eru til á reglum varðandi skattlagningu fyrirtækja, en telur að þær hafi ekki fengið nægilega umfjöllun frekar en margt annað sem keyrt er gegnum þingið þessa dagana.

Alþingi, 21. des. 1988.

Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 341. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni.

Við 19. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Eignarskattur manna af eigin íbúðarhúsnæði reiknast, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þannig: Af fyrstu 5.000.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni af eigin íbúðarhúsnæði umfram 5.000.000 kr. greiðist 0,95%.

Eignarskattsstofn af íbúðarhúsnæði um allt land skal reiknaður eins og hann sé miðaður við endurstofnverð íbúðar eða húss.

Ed. 342. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, JúlS, EKJ).

Við 1. gr. Við bætist nýr stafliður, d, svohljóðandi:

Við 3. mgr. bætist tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

5. Lán sem tekin hafa verið frá og með 10. mars 1988 eða tekin verða vegna skuldbreytinga fyrirtækja í útflutningsgreinum.
6. Lán sem tekin hafa verið frá og með 10. mars 1988 eða tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi.

Nd. 343. Frumvarp til laga [210. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal.

1. gr.

Seðlabanki Íslands getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að nafnvextir af útlánum verði eigi hærri en þeir eru í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara lækka nafnvextir á óverðtryggðum útlánum í áföngum þannig að þeir verði innan 12 mánaða frá gildistöku laganna sambærilegir við hliðstæða vexti í samkeppnislöndum okkar.

3. gr.

Skammtímalán og lán að meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxlar, sem um er samið eftir gildistöku laganna, skulu fylgja sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr.

Fasteignatryggð langtímalán, þar með talin lán til íbúðarhúsabygginga, fylgja einnig sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr., þó með þeim fyrirvara að vextir af þeim mega að loknu vaxtaaðlögunartímabili vera allt að þremur prósentustigum hærri en vextir af skammtímalánum og lánum að meðallengd.

4. gr.

Af spariinnlánum eftir gildistöku laganna greiðist til jafnaðar vextir einu til tveimur prósentustigum neðar útlánsvöxtum. Af hlaupareikningum greiðast ekki vextir.

Jafnframt skal heimilt vera frá gildistöku laganna að gengistryggja spariinnlán sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur. Sama gildir um spariskírteini ríkissjóðs, enda séu þau ekki til skemmri tíma en eins árs.

5. gr.

Seðlabanki Íslands ákveður í samráði við ríkisstjórn við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða gengistryggingu skv. 4. gr. og sé hún nánar skilgreind í reglugerð.

Kostnað af gengistryggingu spariinnlána skal greiða að hluta til með gengishagnaði en að öðru leyti af viðkomandi innlánsstofnunum, með aðstoð ríkissjóðs ef þröf krefur. Ríkissjóður beri kostnað af gengistryggingu spariskírteinanna.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu. Þar með falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Enn fremur ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og hlaut þá afgreiðslu að vera vísað til ríkisstjórnarinnar eftir miklar umræður. Frumvarpið fékk mikinn stuðning úti í þjóðlífinu en lítinn hjá ráðandi mönnum. Þó er það staðreynd að síðan frumvarpið var lagt fram hefur í verulegum mæli verið unnið samkvæmt því, þ.e. vextirnir færðir niður. Gagnvart lánskjaravísitölunni hefur hins vegar lítið verið aðhafst nema að tala. Nú er þó boðuð sú breyting á grundvelli hennar af ráðamönnum sem óvíst er hvaða afgreiðslu hlýtur. Frumvarpið er hér endurflutt.

Landsmönnum er velflestum orðið ljóst að verðtrygging fjárskuldbindinga, sem kveðið var á um í lögum nr. 13/1979, fær ekki staðist lengur. Lánskjaravísitalan hefur sprengt gjaldþol þegnanna, ekki aðeins atvinnufyrirtækja og heimila, heldur einnig opinberra stofnana og ríkissjóðs sjálfs sem rekinn hefur verið með halla. Útflutningsframleiðslan á einkanlega undir högg að sækja, enda þarf hún að borga þrisvar til fjórum sinnum hærri vexti en keppendur hennar á erlendum mörkuðum (8–12%). Þess vegna er þrýst á gengislækkun sem er yfirvofandi ef ekkert er að gert. Hún hækkar hins vegar verð innfluttra vara og eykur skulda- og vaxtabyrði útflutningsfyrirtækjanna sjálfra, einnig ríkissjóðs og þar með skattþungann á þegnunum. Sjálfkrafa vaxtahækkanir samkvæmt vísitölu gera og íbúðarhúsnæði dýrara bæði fyrir þá sem byggja og leigja. Það eykur kaupkröfur launafólks og kaupgjaldshækkanir leiða aftur til vöruverðshækkana. Við höfum vaxta- og verðlagsskrúfu sem ekki er unnt að hemja, nema lánskjaravísitala verði tekin úr sambandi eins og kaupgjaldsvísitalan.

Hér er rétt að geta þess að lög nr. 13/1979 gerðu ráð fyrir verðbótavísitölu á laun, sbr. 48. gr. Hún hefur verið afnumin en lánskjaravísitala ekki. Orkar tvímælis hvort slíkt stenst lagalega. Í framkvæmd leiddi afnám kaupgjaldsvísitölunnar til þess að hundruð launþega misstu íbúðir sínar. Jafngilti það í raun réttri eignaupptöku.

Þessum orðum til staðfestingar læt ég fylgja hér með töflu sem unnin var af sérfræðingi í opinberri stofnun. Forsendur eru gefnar ofan við töfluna. Þær eru í stuttu máli þær að gengið er út frá húsnæðisstjórnarláni eins og það er í dag, þ.e. 3.300 þús. kr. til 40 ára á 3,5% ársvöxtum auk verðtryggingar samkvæmt lánskjaravísitölu. Miðað er við meðaltalshækkun hennar á ári hverju yfir sex ára tímaskeiðið frá janúar 1982 til desember 1987, þ.e. 35,8% (brotinu sleppt).

Mánaðarkaup verkamanns með yfirvinnu var á síðasta ársfjórðungi 1987 47.575 kr., eða 570.900 kr. á ári. Svo sem sjá má á töflunni, dálk 7, eru þessi árslaun öll upp etin af greiðslum vaxta og afborgana af þessu eina láni þegar á fjórða ári þess. Verkamaðurinn hefur þá ekkert aflögu til að lifa af. Má fara nærri um það hvílíkan þrýsting slík lánskjör skapa til grunnkaupshækkana þegar kaupgjaldsvísitala er ekki reiknuð. Launahækkanir skila sér út í verðlagið sem íþyngir atvinnurekstri og gerir samkeppnisstöðu okkar út á við erfiðari. Það kallar á gengislækkun sem gripið er til æ ofan í æ. Þannig höfum við þá vaxta- og verðlagsskrúfu sem nú er að sliga þjóðfélagið, jafnt fyrirtæki sem heimili.

Enda þótt tekist hafi að draga úr verðbólgu um hríð með því að keyra niður vexti með „handafli“ og með því að lögbjóða verðstöðvun og kaupstöðvun getur enginn maður vænst slíks til frambúðar meðan lánskjaravísitalan fær að leika lausum hala.

Skylt er að vekja athygli á því að eigendur fyrirtækja hafa að minnsta kosti siðferðislegan rétt að ávaxta eigið fjármagn með gildandi vaxtaprósentu. Hver yrðu áhrif slíks á verðlagið?

Lánskjaravísitala, sem breytist mánaðarlega eftir duttlungum óhefts verðs á vöru og þjónustu, veldur óstöðugleika á fjármagnsmörkuðum sem gerir áætlanir fram í tímann lítt eða ekki mögulegar. Af þeirri ástæðu m.a. er lagt til að verðtrygging samkvæmt henni verði afnumin á allar fjárskuldbindingar frá og með gildistöku þessara laga en vaxtapólitík okkar samræmd þeirri sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar.

Einstakar greinar frumvarpsins verða nú túlkaðar nokkru nánar.

Um 1. gr.

Hún felur í sér breytingu á 2. mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt 9. gr. þeirra laga ber bankanum að tryggja að *raunvextir* af útlánum innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum okkar. Það táknar að vextir af útlánum innlánsstofnana skuli elta verðbólguna, hver svo sem hún verður, og að raunvextir, eins og þeir kunna að vera í viðskiptalöndum okkar, komi þar til viðbótar.

Einmitt þessi skrúfuhækkun vaxta hefur verið helsti verðbólguvaldurinn hérlendis upp á síðkastið. Vaxtahækkanir á þensluskeiði leiða til hækkana á verði vöru og þjónustu innan lands. Fyrirtæki, sem flytja framleiðslu sína út og keppa erlendis, ráða ekki verði á heimsmarkaði og geta því ekki bætt hærri vaxtaprósentu við verðið þar. Skiptir í því tilviki ekki máli hvort við köllum hluta vaxtanna „verðbótaþátt“. Nafnvextir verða að vera svipaðir og í viðskiptalöndum okkar til að jafna samkeppnisstöðu hérlendra atvinnuvega við þá erlendu. Að öðrum kosti verður að jafna mismuninn með endurteknum gengisfellingum.

Um 2. gr.

Vextir af útlánum, sem ekki eru í viðjum verðtryggingar, séu lækkaðir þegar frá gildistöku laganna. Þetta er orðið aðkallandi eins og segir í greinargerð hér að framan. Hins vegar er óæskilegt að framkvæma snöggar vaxtabreytingar og því er lagt til að þær komi í áföngum.

Um 3. gr.

Frá sama tíma sé að því stefnt að lágvextir gildi um öll skammtímalán og lán af meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxla. Vextir af þessum lánum hafa beinust áhrif á framleiðslukostnað í landinu og á samkeppnisstöðu atvinnuveganna út á við, svo og á verð vöru og þjónustu almennt. Skammtímalán eru lán til skemmri tíma en þriggja ára, en lán af meðallengd lán frá þremur og allt að tíu árum.

Varðandi langtímaíbúða- og fasteignalán, þ.e. lán til tíu ára eða lengur, er settur sá fyrirvari að þau megi vera á vöxtum *allt að þremur prósentustigum* hærri en almennir útlánsvextir. Þetta er í samræmi við hefðir sem gilda í vestrænum ríkjum. Miðað við aðstæður ytra núna væru vextir af þessum langtímalánum mest 15% á ári. Ætti að vera vel mögulegt að halda verðbólgu langt fyrir neðan þau mörk þegar vísitölufarganinu er aflétt.

Um 4. gr.

Gengistrygging hæfir lengri tíma spariinnlánum. Hún sér fyrir því að króna sparifjáreigandans haldi verðgildi sínu þó að gengið sé lækkað af stjórn peningamála. Slík gengistrygging er óþörf á skammtímainnlán, sem bíða aðeins gróðatækifæris í bönkum eða sparisjóðum. Viðskiptareikningar mynda yfirleitt um ⅔ af innlánum viðskiptabanka og yfir 90% af rekstrarkostnaði bankanna fer í að þjónusta þá reikninga. Þess vegna greiða erlendir bankar litla eða enga vexti af veltiinnlánum. Það hjálpar þeim til að greiða hærri vexti af langtímaspariinnlánum.

Spariskírteini ríkissjóðs skulu vera gengistryggð, enda sé gildistími þeirra ekki skemmri en eitt ár. Þau geta gegnt miklu hlutverki við stjórn peningaframboðs og mega því hafa sérstöðu.

Önnur verðbréf og skuldabréf séu hins vegar ekki gengistryggð. Markaðsverð þeirra ákvarðast eftirleiðis af afföllum í stað verðtryggingar. Útgefandi veit þá frá byrjun að hverju hann gengur, en með verðtryggingu samkvæmt vísitölu er hann í stöðugri óvissu.

Um 5. gr.

Gengistrygging spariinnlána, sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur, skal nánar skilgreind í reglugerð svo sem segir í frumvarpinu. Þannig skal t.d. ákveða við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða.

Varðandi kostnað af gengistryggingunni skal þetta tekið fram:

1. Með gengishagnaði er átt við verðhækkun á birgðum útflutningsvara sem til eru í landinu þegar gengi er lækkað. Eðlilegt er að ríkissjóður ráðstafi honum. Gengislækkunin sjálf er hins vegar til þess að bæta rekstrarafkomu útflutningsatvinnuveganna. Hér er lagt til að hluta af gengishagnaði verði varið til að rétta hlut sparifjáreigenda þegar verðgildi krónunnar fellur.
2. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að halda gengi íslensku krónunnar stöðugu. Líklegt má telja að það takist í reynd, enda er skuldastaða bæði útflutningsgreinanna og ríkissjóðs sjálfs með þeim hætti að gengislækkun hjálpar lítt. Ef einhver gengislækkun, og þá væntanlega lítil, er talin óhjákvæmileg ætti hún ekki að hafa í för með sér neinn verulegan kostnað við gengistryggingu langtímaspariinnlána.
3. Þeir sem eiga stórar fjárhæðir í lausu fé ávaxta það gjarnan á verðbréfamarkaði, í viðskiptum eða í fasteignum. Einnig af þessari ástæðu er ekki að vænta mikils kostnaðar við gengistrygginguna. Það er einkum gamla fólkið sem lætur fé liggja lengi inni á sparisjóðsbókum og hag þess verður að tryggja.
4. Vextir af almennum spariinnlánum, svo og af þriggja og sex mánaða spariinnlánum, ættu gjarnan að vera hinir sömu og af spariinnlánum til eins árs eða lengur. Það dregur úr hinum síðastnefndu sem ein eru gengistryggð og lækkar því gengistryggingarkostnaðurinn.
5. Sú staðreynd að engir vextir eru greiddir af veltiinnlánum (tékkareikningum) og að spariinnlánin bera til jafnaðar vexti einu prósentustigi neðar almennum útlánsvöxtum gerir allsherjarvaxtamun banka og sparisjóða (svonefndur „spread") meiri en áður, og það auðveldar innlánsstofnunum að standa straum af gengistryggingunni.
6. Ætla má að fasteignalán banka og sparisjóða muni í framtíð nema, eins og í öðrum löndum, um 20% heildarútlána. Þar sem slík langtímalán mega bera allt að 3% hærri vexti en önnur lán hefur það líka þau áhrif að auka allsherjarvaxtamuninn og arðsemi innlánsstofnananna.
7. Ef gengishagnaður hrekkur ekki til og innlánsstofnanir hafa ekki heldur bolmagn til að gengistryggja langtímaspariinnlán, hvort tveggja harla ólíklegt, kemur í hlut ríkissjóðs að greiða kostnaðinn af slíkri gengistryggingu að minnsta kosti að nokkru. Sú fjárhæð yrði aðeins brot þess sem ríkissjóður sparar við afnám verðtryggingar samkvæmt lánskjaravísitölu.

Um 6. gr.

Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu. Gildir einu hvort til þeirra er stofnað hjá bönkum, sparisjóðum, fjárfestingarsjóðum, lífeyrissjóðum, verðbréfamörkuðum eða í öðrum viðskiptum.

Fylgiskjal.

Forsendur: -

Lánsfjárhæð kr. 3.300 þús.
Lánstími 40 ár
Vextir 3,5% p. a.
Verðtryggt lán skv. lánskjaravísitölu
35% út lánstímann

Allar upphæðir í þúsundum króna

Ár eftir	Eftir-stöðvar	Hækkun vísit.	Uppfærðar eftir-stöðvar	Afborgun	Vextir	Greiðslur alls
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
			(2)x(3)	af (4)	af (4)	(5)+(6)
40	3300.0	0.35	4455.0	111.4	155.9	267.3
39	4343.6	0.35	5863.9	150.4	205.2	355.6
38	5713.5	0.35	7713.3	203.0	270.0	472.9
37	7510.3	0.35	10138.9	274.0	354.9	628.9
36	9864.9	0.35	13317.6	369.9	466.1	836.0
35	12947.6	0.35	17479.3	499.4	611.8	1111.2
34	16979.9	0.35	22922.9	674.2	802.3	1476.5
33	22248.7	0.35	30035.7	910.2	1051.3	1961.4
32	29125.5	0.35	39319.5	1228.7	1376.2	2604.9
31	38090.8	0.35	51422.5	1658.8	1799.8	3458.6
30	49763.7	0.35	67161.0	2239.4	2351.3	4590.7
29	64941.7	0.35	87671.2	3023.1	3068.5	6091.6
28	84648.1	0.35	114274.9	4081.2	3999.6	8080.9
27	110193.7	0.35	148761.5	5509.7	5206.7	10716.3
26	143251.8	0.35	193389.9	7438.1	6768.6	14206.7
25	185951.8	0.35	251035.0	10041.4	8786.2	18827.6
24	240993.6	0.35	325341.3	13555.9	11386.9	24942.8
23	311785.5	0.35	420910.4	18300.5	14731.9	33032.3
22	402609.9	0.35	543523.4	24705.6	19023.3	43728.9
21	518817.8	0.35	700404.0	33352.6	24514.1	57866.7
20	667051.4	0.35	900519.4	45026.0	31518.2	76544.2
19	855493.4	0.35	1154916.2	60785.1	40422.1	101207.1
18	1094131.1	0.35	1477077.0	82059.8	51697.7	133757.5
17	1395017.1	0.35	1883273.1	110780.8	65914.6	176695.3
16	1772492.4	0.35	2392864.7	149554.0	83750.3	233304.3
15	2243310.7	0.35	3028469.4	201898.0	105996.4	307894.4
14	2826571.4	0.35	3815871.4	272562.2	133555.5	406117.7
13	3543309.2	0.35	4783467.4	367959.0	167421.4	535380.4
12	4415508.4	0.35	5960936.3	496744.7	208632.8	705377.5
11	5464191.6	0.35	7376658.7	670605.3	258183.1	928788.4
10	6706053.3	0.35	9053172.0	905317.2	316861.0	1222178.2
9	8147854.8	0.35	10999604.0	1222178.2	384986.1	1607164.4
8	9777425.8	0.35	13199524.8	1649940.6	461983.4	2111924.0
7	11549584.2	0.35	15591938.7	2227419.8	545717.9	2773137.7
6	13364518.8	0.35	18042100.4	3007016.7	631473.5	3638490.3
5	15035083.7	0.35	20297363.0	4059472.6	710407.7	4769880.3
4	16237890.4	0.35	21921152.0	5480288.0	767240.3	6247528.3
3	16440864.0	0.35	22195166.4	7398388.8	776830.8	8175219.6
2	14796777.6	0.35	19975649.8	9987824.9	699147.7	10686972.6
1	9987824.9	0.35	13483563.6	13483563.6	471924.7	13955488.3

ALLAR UPPHÆÐIR Í ÞÚSUNDUM KRÓNA.

Nd. 344. Lög [183. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 214.

Nd. 345. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 9% vörugjald:

1701.1100	1703.1001	2009.3001	2206.0000	3209.1001	3305.1001
1701.1200	1703.1002	2009.3009		3209.1002	3305.1009
1701.9101	1703.1009	2009.4001	2208.9009	3209.1009	3305.2000
1701.9102	1703.9001	2009.4009		3209.9001	3305.3000
1701.9103	1703.9009	2009.5001	2209.0000	3209.9002	3305.9000
1701.9104		2009.5009		3209.9009	
1701.9105	1704.1000	2009.6001	2523.1000		3307.1000
1701.9106	1704.9001	2009.6009	2523.2100	3210.0011	3307.2000
1701.9107	1704.9002	2009.7001	2523.2900	3210.0012	3307.3000
1701.9109	1704.9003	2009.7009	2523.3000	3210.0019	3307.4100
1701.9901	1704.9004	2009.8001	2523.9000	3210.0021	3307.4900
1701.9902	1704.9005	2009.8009		3210.0029	3307.9002
1701.9903	1704.9009	2009.9001	3003.9004		3307.9009
1701.9904		2009.9009		3211.0000	
1701.9905	1805.0001		3004.5004		3917.2100
1701.9906	1805.0009	2106.9011	3004.9004	3212.1000	3917.2200
1701.9907		2106.9019		3212.9001	3917.2300
1701.9909	1806.1000	2106.9021	3208.1001	3212.9009	3917.2900
	1806.2001	2106.9022	3208.1002		3917.3100
1702.1000	1806.2009	2106.9029	3208.1003	3213.1000	3917.3200
1702.2000	1806.3100	2106.9031	3208.1004	3213.9000	3917.3300
1702.3001	1806.3201		3208.1009		3917.3900
1702.3002	1806.3209	2201.1000	3208.2001	3214.1001	3917.4000
1702.3009	1806.9009		3208.2002	3214.1009	
1702.4001		2202.1001	3208.2003	3214.9000	3918.1001
1702.4002	1905.2000	2202.1009	3208.2009		3918.1002
1702.4009	1905.3000	2202.9001	3208.9001	3302.1002	3918.9001
1702.5000		2202.9009	3208.9002		3918.9002
1702.6000	2009.1101		3208.9003	3303.0001	
1702.9001	2009.1109	2203.0001	3208.9004	3303.0002	3919.9001
1702.9002	2009.1901	2203.0009	3208.9009		
1702.9003	2009.1909			3304.1000	3920.1002
1702.9004	2009.2001	2204.2101		3304.2000	3920.2001
1702.9009	2009.2009	2204.2901		3304.3000	3920.3001
		2204.3000		3304.9100	3920.4101
				3304.9900	

3920.4202
3920.6101
3920.6201
3920.6301
3920.6901
3920.7101
3920.7301
3920.7901
3920.9101
3920.9201
3920.9301
3920.9401
3920.9902

3921.1201
3921.1202
3921.9003

3922.1000
3922.2000
3922.9001
3922.9009

3925.2000
3925.3000
3925.9000

3926.3001

4008.1101
4008.2101

4009.1000
4009.2001
4009.2009
4009.3001
4009.3009
4009.4000
4009.5000

4016.9100
4016.9919

4403.1000
4403.2000
4403.3100
4403.3200
4403.3300
4403.3400
4403.3500
4403.9100
4403.9200
4403.9900

4407.1001
4407.1009
4407.2101
4407.2109
4407.2201
4407.2209
4407.2301
4407.2309
4407.9101
4407.9109
4407.9201
4407.9209
4407.9901
4407.9909

4408.1000
4408.2000
4408.9000

4409.1000
4409.2000

4410.1001
4410.1009
4410.9001
4410.9009

4411.1101
4411.1109
4411.1901
4411.1909
4411.2101
4411.2109
4411.2901
4411.2909
4411.3101
4411.3109
4411.3901
4411.3909
4411.9101
4411.9109
4411.9901
4411.9909

4412.1101
4412.1109
4412.1201
4412.1209
4412.1901
4412.1909
4412.2101
4412.2109
4412.2901
4412.2909
4412.9101
4412.9109
4412.9901
4412.9909

4413.0001
4413.0009

4418.1000
4418.2000
4418.3000
4418.5000
4418.9001
4418.9009

4504.1002

4601.2000

4814.1000
4814.2000
4814.3000
4814.9000

4815.0000

5701.1000
5701.9000

5702.1000
5702.2000
5702.3100
5702.3200
5702.3900
5702.4100
5702.4200
5702.4900
5702.5100
5702.5200
5702.5900
5702.9100
5702.9200
5702.9900

5703.1001
5703.1009
5703.2001
5703.2009
5703.3001
5703.3009
5703.9001
5703.9009

5704.1000
5704.9000

5705.0001
5705.0009

5805.0000

5904.1000
5904.9100
5904.9200

5905.0000

6801.0000

6802.1000
6802.2109
6802.2209
6802.2309
6802.2909
6802.9109
6802.9209
6802.9309
6802.9909

6803.0000

6806.1000
6806.2000
6806.9001
6806.9009

6807.1001
6807.9001

6808.0000

6809.1101
6809.1901
6809.9001

6810.1100
6810.1900
6810.9100
6810.9900

6811.1000
6811.2001
6811.9001
6811.9009

6814.1000

6815.9101
6815.9901

6901.0000

6902.1000
6902.2000
6902.9000

6904.1000
6904.9000

6905.1000
6905.9000

6907.1000
6907.9000

6908.1000
6908.9000

6910.1000
6910.9000

7003.1100
7003.1900
7003.2000
7003.3000

7004.1000
7004.9000

7005.1000
7005.2100
7005.2900
7005.3000

7006.0000

7007.1900
7007.2900

7008.0000

7009.9100
7009.9200

7016.1000
7016.9009

7019.3101
7019.3901
7019.9009

7210.1100
7210.1200
7210.2001
7210.2009
7210.3101
7210.3109
7210.3901
7210.3909
7210.4100
7210.4900
7210.5001
7210.5009
7210.6001
7210.6009
7210.7001
7210.7009
7210.9000

7211.1100
7211.1200
7211.1900
7211.2100
7211.2200
7211.2900
7211.3000
7211.4100
7211.4900
7211.9000

7212.1000
7212.2101
7212.2109
7212.2901
7212.2909
7212.3001
7212.3009
7212.4001
7212.4009
7212.5001
7212.5009
7212.6001
7212.6009

7213.1001
7213.1009
7213.2001
7213.2009
7213.3101
7213.3109
7213.3901
7213.3909
7213.4101
7213.4109
7213.4901
7213.4909
7213.5001
7213.5009

7214.1000
7214.2001
7214.2009
7214.3001
7214.3009
7214.4001
7214.4009
7214.5001
7214.5009
7214.6001
7214.6009

7215.1000
7215.2000
7215.3000
7215.4000
7215.9000

7216.1000
7216.2100
7216.2200
7216.3100
7216.3200
7216.3300
7216.4000
7216.5000
7216.6000
7216.9001
7216.9009

7217.1100
7217.1200
7217.1900
7217.2100
7217.2200
7217.2900
7217.3100
7217.3200
7217.3900

7301.1000
7301.2000

7303.0000

7304.1000
7304.2000
7304.3100
7304.3900
7304.4100
7304.4900
7304.5100
7304.5900
7304.9000

7305.1100
7305.1200
7305.1900
7305.2000
7305.3100
7305.3900
7305.9000

7306.1000
7306.2000
7306.3000
7306.4000
7306.5000
7306.6000
7306.9000

7307.1100
7307.1900
7307.2100
7307.2200
7307.2300
7307.2900
7307.9100
7307.9200
7307.9300
7307.9900

7308.3001
7308.3009
7308.9001
7308.9009

7313.0000

7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000

7321.1100
7321.1200
7321.1300
7321.8100
7321.8200
7321.8300
7321.9000

7322.1100
7322.1901
7322.1909
7322.9000

7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000

7407.1001
7407.1009
7407.2101
7407.2109
7407.2201
7407.2209
7407.2911
7407.2919
7407.2921
7407.2929

7408.1100
7408.1900
7408.2100
7408.2200
7408.2900

7409.1100
7409.1900
7409.2100
7409.2900
7409.3100
7409.3900
7409.4000
7409.9000

7411.1000
7411.2100
7411.2200
7411.2900

7412.1000
7412.2000

7417.0000

7418.2000

7419.9905

7505.1101
7505.1109
7505.1201
7505.1209
7505.2100
7505.2200

7506.1000
7506.2000

7507.1100
7507.1200
7507.2000

7604.1001
7604.1009
7604.2100
7604.2900

7605.1100
7605.1900
7605.2100
7605.2900

7606.1101
7606.1109
7606.1201
7606.1209
7606.9101
7606.9109
7606.9201
7606.9209

7608.1000
7608.2000

7609.0000

7610.1000
7610.9002
7610.9009

7615.2000

7803.0001
7803.0002
7803.0009

7804.1101
7804.1109
7804.1901
7804.1909

7805.0000

7904.0001
7904.0009

7905.0000

7906.0000

8003.0001
8003.0002
8003.0009

8004.0001
8004.0009

8006.0000

8303.0000

8403.1000
8403.9000

8407.3100
8407.3200
8407.3300
8407.3400

8408.2000

8414.5101
8414.5109
8414.5901
8414.5909
8414.6001
8414.6009
8414.8001
8414.8009
8414.9000

8415.1000
8415.8100
8415.8200
8415.8300
8415.9000

8418.1001
8418.2100
8418.2200
8418.2900
8418.3001
8418.4001
8418.6101
8418.6901

8421.1201
8421.3901

8422.1100

8428.1001
8428.4000

8431.3100
8450.1100
8450.1200
8450.1900
8450.2000
8450.9000
8451.1000
8451.2100
8451.2900
8451.3001
8452.1000
8479.8901
8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000
8507.1000
8507.2000
8507.3000
8507.4000
8507.8000
8507.9000
8509.2000
8509.3000
8509.8000
8509.9000
8516.4009
8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901
8516.7909
8518.2100
8518.2200
8518.2900
8518.3000
8518.4000
8518.5000
8518.9000
8519.1000
8519.2100
8519.2900
8519.3100
8519.3900
8519.4000
8519.9100
8519.9901
8519.9909
8520.1000
8520.2000
8520.3100
8520.3900
8520.9001
8520.9009
8521.1009
8521.9009
8522.1000
8522.9000
8527.1100
8527.1900
8527.2100
8527.2900
8527.3100
8527.3200
8527.3900
8527.9009
8528.1009
8528.2009
8529.1009
8529.9009
8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9001
8535.9009
8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000
8537.1000
8537.2000
8538.1000
8538.9000
8543.8001
8543.9001
8544.1100
8544.1900
8544.2000
8544.3000
8544.4100
8544.4900
8544.5100
8544.5900
8544.6000
8544.7000
8706.0009
8707.1000
8707.9000
8708.1000
8708.2900
8708.3100
8708.3900
8708.4000
8708.5000
8708.6000
8708.7000
8708.8000
8708.9100
8708.9200
8708.9300
8708.9400
8708.9900
8714.1100
8714.1900
8716.9002
8716.9009
9007.1000
9007.1900
9007.2100
9007.2900
9007.9100
9007.9200
9401.1000
9401.2000
9401.3000
9401.4000
9401.5000
9401.6100
9401.6900
9401.7100
9401.7900
9401.8000
9401.9000
9402.1000
9402.9000
9403.1001
9403.1009
9403.2001
9403.2002
9403.2003
9403.2009
9403.3001
9403.3009
9403.4000
9403.5001
9403.5009
9403.6001
9403.6002
9403.6009
9403.7001
9403.7002
9403.7009
9403.8001
9403.8002
9403.8003
9403.8009
9403.9000
9404.1000
9404.2100
9404.2900
9404.9000
9405.1001
9405.1009
9405.2001
9405.2009
9405.3000
9405.4001
9405.4009
9405.5000
9405.6001
9405.6009
9405.9101
9405.9109
9405.9201
9405.9209
9405.9901
9405.9909

B. Auk vörugjalds skv. A-lið skal greiða sérstakt vörugjald, 16%, af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

1701.1100	1702.3001	1704.1000	2009.1101	2106.9011	2206.0000
1701.1200	1702.3002	1704.9001	2009.1109	2106.9019	
1701.9101	1702.3009	1704.9002	2009.1901	2106.9021	2208.9009
1701.9102	1702.4001	1704.9003	2009.1909	2106.9022	
1701.9103	1702.4002	1704.9004	2009.2001	2106.9029	2209.0000
1701.9104	1702.4009	1704.9005	2009.2009	2106.9031	
1701.9105	1702.5000	1704.9009	2009.3001		3003.9004
1701.9106	1702.6000		2009.3009	2201.1000	
1701.9107	1702.9001	1805.0001	2009.4001		3004.5004
1701.9109	1702.9002	1805.0009	2009.4009	2202.1001	3004.9004
1701.9901	1702.9003		2009.5001	2202.1009	
1701.9902	1702.9004	1806.1000	2009.5009	2202.9001	3302.1002
1701.9903	1702.9009	1806.2001	2009.6001	2202.9009	
1701.9904		1806.2009	2009.6009		
1701.9905	1703.1001	1806.3100	2009.7001	2203.0001	
1701.9906	1703.1002	1806.3201	2009.7009	2203.0009	
1701.9907	1703.1009	1806.3209	2009.8001		
1701.9909	1703.9001	1806.9009	2009.8009	2204.2101	
	1703.9009			2204.2901	
1702.1000		1905.2000	2009.9001	2204.3000	
1702.2000		1905.3000	2009.9009		

2. gr.

Í stað 3. mgr. 8. gr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 4. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.
2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga, hið sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Ákvæði laga þessara um vörugjald gilda að öllu leyti um sérstakt vörugjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. janúar 1989 varðandi innlenda framleiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 10. janúar 1989 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II.

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum, sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir gildistökudag laga þessara og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með gildistökudegi laga þessara skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987.

III.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um afhendingu eða sölu vöru sem vörugjaldsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar vörugjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, og fyrirmæli stjórnvalda um stöðvun á hækkun verðs vöru og þjónustu má hækka verð vöru sem nemur álagningu gjalda samkvæmt lögum þessum.

V.

Lög þessi verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 1991.

Ed. 346. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt í neðri deild.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 21. des. 1988.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Júlíus Sólnes.	Valgerður Sverrisdóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 347. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt í neðri deild.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti hennar.

Alþingi, 21. des. 1988.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Júlíus Sólnes.	Valgerður Sverrisdóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 348. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „57.375“ og „114.750“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 90.000 og 180.000.
b. Í stað „45.900“ og „91.800“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 72.000 og 144.000.
c. Í stað „9.180.000“ og „18.360.000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 15.400.000 og 30.800.000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:
b. Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 8%.
c. Í stað „15%“ í 3. tölul. kemur: 12%.
d. Í stað „20%“ í 4. tölul. kemur: 15%.

3. gr.

40. gr. fellur niður.

4. gr.

41. gr. fellur niður.

5. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., og orðast svo:

Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

6. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Til eigna, sbr. 2. mgr., teljast ekki ógreidd hlutafjárloforð, lán til hluthafa svo og lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga skv. 1. tölul. 2. gr. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.

7. gr.

Í stað „30%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. kemur: 15%.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 57. gr. A, og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema það stundi skyldan rekstur eða haldi að mestu leyti áfram svipuðum rekstri eða starfsemi og það félag sem slitið var. Sama gildir þegar það félag, sem slitið var, átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr.:

a. Í stað „158.820“ í 1. mgr. kemur: 214.104.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

10. gr.

Í stað „365“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. kemur: 455.

11. gr.

Í stað „16.000“, „24.000“ og „48.000“ í A-lið 69. gr. kemur: 21.568, 32.353 og 64.705.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „38.000“ í 2. mgr. kemur: 51.224.
b. Í stað „600.000“ og „400.000“ í 3. mgr. kemur: 825.000 og 550.000.
c. Í stað „1.850.000“ og „2.475.000“ í 4. mgr. kemur: 2.850.000 og 4.275.000.

13. gr.

Í stað „38.000“ í C-lið 69. gr. kemur: 47.400.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 365. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 365 og margfalda þá útkomu með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

b. 3. mgr. fellur niður.

15. gr.

Í stað „48%“ í 72. gr. kemur: 50%.

16. gr.

Í stað „573.700“ og „1.147.400“ í 78. gr. kemur: 900.000 og 1.800.000.

17. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%.

18. gr.

Í stað „0,95%“ í 84. gr. kemur: 1,2%.

19. gr.

1. mgr. 121. gr. orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og C-lið 69. gr., skulu *hinn 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á* lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

20. gr.

122. gr. orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

21. gr.

Í stað „292.600“ og „585.200“ í 3. málsl. 2. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 92/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, kemur: 460.000 og 920.000.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1989 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., b-liðar 9. gr., 12. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4.250.000 kr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Ed. 349. Lög [135. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 142.

Nd. 350. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali þar sem lagt er til að gildistöku fjármálakafla framhaldsskólalaganna verði frestað og að þau ákvæði laga sem um fjármál skólanna fjalla haldi gildi sínu til 1. janúar 1990. Nefndin fjallaði ekki um skólanefndir og mun taka þau mál sérstaklega til umræðu eftir áramótin.

Tveir nefndarmenn taka fram að þeir styðji ekki frumvarpið og undirriti nefndarálitið með fyrirvara.

Þórhildur Þorleifsdóttir skilar séráliti.

Alþingi, 21. des. 1988.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.
Árni Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 351. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (RA, BÍG, ÓÞÞ, GGÞ, ÁrnG, RH).

1. gr. orðist svo:

2. málsl. 42. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði III. og VIII. kafla laganna skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna.

Nd. 352. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf um framhaldsskóla hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum telur Kvennalistinn að tímabært hafi verið að setja um þá rammalöggjöf. Við umræður um frumvarp til laga um framhaldsskóla á Alþingi sl. vor gagnrýndu þingkonur Kvennalistans ýmsa þætti þess og fluttu breytingartillögur við margar greinar þess. Að mati Kvennalistans var helstu agnúa frumvarpsins að finna varðandi stjórnunarþáttinn og aðbúnað nemenda og lutu breytingartillögurnar því einkum að þessu tvennu. Allar breytingartillögur Kvennalistans voru felldar. Því koma skoðanir Kvennalistans á ýmsum mikilvægum þáttum í starfi framhaldsskólans ekki fram í þeim lögum sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí 1988. Skólamenn hafa einnig gagnrýnt marga þætti laganna. Að mati þeirra, einkum stjórnenda skólanna, var þó stigið mikilvægt skref við lagasetninguna með því að kveðið er á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar framhaldsskólanna og yfirtöku ríkissjóðs á rekstri þeirra.

Með þeirri frestun á hluta laganna, sem hér er lögð til, er viðhaldið þeirri mismunun sem nú er eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Sveitarfélög, sem taka þátt í rekstri framhaldsskóla, hafa gert sínar áætlanir með tilliti til þess að fjármálakafli laganna taki gildi nú um áramótin. Kvennalistinn telur brýnt að þessi mismunun verði afnumin.

Þrátt fyrir þá vinnu, sem nú fer fram við smíð reglugerða og að boðuð hefur verið viss endurskoðun á ýmsum þáttum laganna sem Kvennalistinn hefur gagnrýnt, getur 1. minni hl. ekki stutt þá frestun á framkvæmd laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir og mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1988.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Ed. 353. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni.
b. Orðin „eða lengingu á lánstíma“ í 3. tölul. 3. mgr. falli niður.
c. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi:
   Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina. Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1988“ í 4. mgr. 22. gr. laganna komi: 31. desember 1989.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 354. Frumvarp til laga [211. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GGÞ, ÁrnG, RA, GHH, IBA).

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III orðast svo:

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000 skal lækka í 20% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991 og falla niður 1. janúar 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar síðustu breytingar voru gerðar á tollalögum var ráð fyrir því gert að landbúnaðarráðherra yrði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innflutt grænmeti til að viðhalda svipaðri samkeppnisaðstöðu innlendra grænmetisframleiðenda gagnvart innfluttu grænmeti og var fyrir tollalagabreytinguna.

Gert var ráð fyrir að tollar á innflutt grænmeti lækkuðu um næstu áramót, 1988–1989, um 10%, úr 30% í 20%. Fyrrnefnd álagning jöfnunargjalds hefur hins vegar enn ekki komið til framkvæmda.

Markaðsstaða innlendrar grænmetisframleiðslu versnaði verulega með álagningu söluskatts á innlent grænmeti, en jöfnunargjaldið átti m.a. að koma vegna söluskattsáhrifanna.

Frumvarp þetta er flutt til að fresta um sinn þeim tollalækkunum sem áttu að koma til framkvæmda um næstu áramót. Komi tollalækkunin til framkvæmda getur það haft alvarleg áhrif á innlenda grænmetisframleiðslu en í þessari grein eru nú miklir erfiðleikar. Frestun tollalækkunarinnar er einnig til þess fallin að unnt reynist að huga nánar að stöðu greinarinnar.

Ed. 355. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 1. gr. bætist nýr stafliður, d, svohljóðandi:

Lán sem tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi.

Ed. 356. Lög [196. mál]

um breyting á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 232.

Ed. 357. Lög [147. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 324.

Nd. 358. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. des.)

1. gr.

2. málsl. 42. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði III. og VIII. kafla laganna skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 359. Skýrsla [71. mál]

forsætisráðherra um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Að ósk forsætisráðherra hefur Þjóðhagsstofnun í samvinnu við ráðuneytið tekið saman gögn í samræmi við ofangreinda beiðni eftir því sem tök voru á. Byggt var að mestu á ársreikningum fyrirtækja 1987. Kannaðir voru möguleikar á að byggja skýrslugerðina á reikningum frystihúsa á þessu ári, þ.e. milliuppgjöri fyrirtækjanna fyrstu níu mánuði ársins 1988. Þessir möguleikar voru ekki fyrir hendi sem stafa af takmörkuðum fjölda reikninga hreinna frystihúsa. Þess í stað var gerð rekstraráætlun fyrir árið 1988 sem byggð var á reikningum 1987. Þessi rekstraráætlun var síðan borin saman við fyrirliggjandi milliuppgjör fyrstu níu mánuði ársins 1988 sem sýna svipaða niðurstöðu að því er varðar rekstur eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Það skal tekið skýrt fram að þessi samantekt Þjóðhagsstofnunar á rekstri og stöðu frystihúsanna miðast ekki við hagkvæmnisathugun né greiningu á vandkvæðum einstakra fyrirtækja. Heldur er reynt eftir fremsta megni að bæta við þær upplýsingar sem þegar hafa komið fram um þessa grein.

Skýrslan, sem hér fer á eftir, skiptist í fjóra hluta auk talnaefnis og fylgiskjals:

Fyrsti hlutinn fjallar um úrtak og úrvinnslu ársreikninga þeirra fyrirtækja sem könnunin nær yfir.

Annar hlutinn greinir frá helstu niðurstöðum.

Þriðji hlutinn fjallar sérstaklega um rekstur og afkomudreifingu frystihúsanna.

Fjórði hlutinn fjallar síðan sérstaklega um efnahagsstöðu.

Eftirtaldar töflur og fylgiskjal fylgja þessari skýrslu:

Tafla 1. Yfirlit yfir nokkrar rekstrar- og efnahagsstærðir 30 frystihúsa.
Tafla 2. Rekstraráætlun 30 frystihúsa almanaksárið 1988.
Tafla 3. Samandregið rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.
Tafla 4. Sundurgreint rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.
Tafla 5. Velta og ársverk í 30 frystihúsum 1987.
Tafla 6. Samandregið efnahagsyfirlit 30 frystihúsa í árslok 1987.
Tafla 7. Sundurgreint efnahagsyfirlit 30 frystihúsa í árslok 1987.

Töfluviðauki:

Tafla v1. Milliuppgjör reksturs frysti- og saltfiskdeilda 29 fyrirtækja fyrstu níu mánuði ársins 1988.
Tafla v2. Efnahagsreikningur 29 fyrirtækja í sjávarútvegi í septemberlok 1988.

Fylgiskjal:

Greinargerð um uppgjörsaðferðir Þjóðhagsstofnunar og aðrar uppgjörsaðferðir.

1. Úrtak og úrvinnsla.

Árlega safnar Þjóðhagsstofnun saman ársreikningum fyrirtækja í sjávarútvegi. Þessi söfnun er venjulega byggð á stóru úrtaki flestra vinnslugreina í sjávarútvegi. Árið 1987 náði þetta úrtak til um 85% af heföbundinni frystingu miðað við móttekið hráefni. En með heföbundinni frystingu er átt við alla landfrystingu fyrir utan rækju- og hörpudiskvinnslu. Það er kunnara en frá þurfi að segja að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi stunda blandaðan rekstur. Ekki aðeins með sameiginlegan rekstur veiða og vinnslu, heldur og fjölþætta starfsemi innan hvorrar greinar fyrir sig. Þannig eru mörg frystihús með framleiðslu á saltfiski, skreið, mjöli og lýsi samhliða freðfiskframleiðslunni. Þetta veldur því að afar fá fyrirtæki eru með hreina frystingu á sínum snærum. Sem dæmi má nefna að rúmlega helmingur af saltfiskverkuninni fer fram í frystihúsum landsins.

Við val á þeim fyrirtækjum, sem könnunin náði yfir, voru á grundvelli úrtaks Þjóðhagsstofnunar valin öll frystihús sem höfðu meira en 80% af framleiðslu sinni í heföbundinni frystingu og jafnframt efnhagsreikning á bak við rekstrarreikning. Með þessu móti fengust 30 fyrirtæki sem að uppistöðu stunda frystingu. Hlutfall frystingar í þessum fyrirtækjum var liðlega 90% árið 1987. Helmingur þessara fyrirtækja voru jafnframt með útgerð.

Við flokkun eftir rekstrarafkomu þessara fyrirtækja var miðað við verga hlutdeild fjármagns sem hlutfall af tekjum í vinnslu. En verg hlutdeild fjármagns er með öðrum orðum rekstrarafgangur sem er ætlað að mæta afskriftum og vöxtum af lánsfé auk ávöxtunar eigin fjár og tekju- og eignarsköttum. Þörfin fyrir verga hlutdeild fjármagns er afar mismunandi eftir fyrirtækjum sem ræðst af þeim þáttum sem taldir voru upp hér á undan.

Úrvinnslunni var þannig háttað að fyrirtækjunum er raðað eftir afkomu. Það lakasta er merkt númer 1 og það sem sýndi bestu rekstrarafkomuna er merkt númer 30 eins og kemur fram á **töflu 4**. Einnig voru fyrirtækin dregin saman í þrjá jafnstóra hópa til að auðvelda yfirsýn, sbr. töflurnar hér á eftir. Í hverjum hóp var helmingur fyrirtækjanna með útgerð.

Ekki þótti ráðlegt að flokka afkomuna eftir hreinum hagnaði því tvenns konar uppgjörsaðferðir tíðkast í ársreikningum fyrirtækjanna. Ýmist er um að ræða skattaleg uppgjör eða svokallaða fráviksaðferð. Þessar aðferðir geta leitt til mismunandi niðurstöðu í fjármagnsliðum, en hafa ekki áhrif á afkomuna á mælikvarða vergrar hlutdeildar fjármagns.

2. Helstu niðurstöður.

Í **töflu 1** er sýnt samandregið yfirlit yfir nokkrar rekstrar- og efnahagsstærðir fyrirtækjanna sem könnunin nær yfir. Hér kemur fram afar mismunandi afkoma í frystingu eftir hópum sem tilgeindir voru hér að framan. Þannig skilja um 14 prósentustig í vergri hlutdeild fjármagns á milli 10 lökustu og 10 bestu fyrirtækjanna. Einnig kemur fram á þessari töflu að aukin meðalvelta í fiskvinnslu á hvert fyrirtæki fer saman við betri afkomu. Hlutfall af seldum afla innan lands af hráefnisnotkun gefur til kynna í hve ríkum mæli fyrirtækin eru sjálfum sér nóg um öflun hráefnis. Þetta hlutfall er 32% í lakasta afkomuhópnum, en tæplega 70% í þeim besta. Seldur afli erlendis sem hlutfall af heildaraflaverðmæti hvers hóps virðist vera álíka stór eða í kringum 25%.

Það sem snýr að efnhags- og greiðslustöðu fyrirtækjanna má sjá að hærra eiginfjár- og veltufjárhlutfall fer saman með hærri vergri hlutdeild fjármagns þegar litið er á afkomuna eftir fyrrgreindum hópum. Hlutfall skulda af heildarveltu, útgerðar og fiskvinnslu samtals, er lægst í besta afkomuhópnum. Þessi sami hópur var aftur á móti með mestu fjárfestingarnar árið 1987, eða sem nemur um 18% af heildarveltu. Áætlaður afborgunartími langtímalána er greinilega að meðaltali knappastur hjá lökustu fyrirtækjunum en rýmstur hjá þeim sem tilheyra besta hópnum.

3. Rekstur og afkomudreifing.

Í **töflu 4** er sýnt rekstraryfirlit fiskvinnslunnar fyrir sérhvert fyrirtæki árið 1987 sem könnunin náði til. Allar tölur birtast sem hlutföll af veltu í fiskvinnslu fyrirtækjanna. Í þessari töflu kemur fram töluverð sundurliðun í tekju-, gjalda- og fjármagnsliði. Í rekstrartekjum er liður fyrir aðrar tekjur, en undir hann fellur innanlandssala afurða, endurgreiddur söluskattur og fleira. Í rekstrargjöldum kemur fram liður undir heitinu önnur aðföng, en þar eru færðir breytilegir kostnaðarliðir sem ekki er getið í tilgreindum rekstrargjöldum. Samkvæmt þessari töflu er mikil afkomubreidd milli lakasta fyrirtækisins og þess besta. En hann er nálægt 30 prósentustigum í vergri hlutdeild fjármagns (sjá neðstu línu í **töflu 4**).

Í **töflu 5** koma fram upplýsingar um veltu fyrirtækjanna árið 1987 og sundurgreining hennar milli vinnslu og veiða. Jafnframt þessu er sýndur áætlaður fjöldi ársverka í þessum fyrirtækjum í stað fjölda starfsmanna eins og beðið er um. Þessi áætlun byggir á launamiðaskrá 1986. Upplýsingar um nákvæman fjölda starfsmanna og hversu stór hluti þeirra er búsettur í sveitarfélagi fyrirtækisins liggja ekki fyrir.

Tafla 3 greinir frá samandregnu rekstraryfirliti reikninganna á **töflu 4**. Í þessu yfirliti má glöggt sjá hvernig helstu rekstrargjöld lækka í hlutfalli við veltu samfara betri afkomu. Skýrast er þetta samband með kostnaðarliðum eins og hráefni, launum vegna framleiðslu, flutningskostnaði og viðhaldi.

Tafla 2 sýnir áætlun um rekstur frystihúsanna fyrir árið 1988. Hér eru fjármagnsliðir endurmetnir samkvæmt aðferðum Þjóðhagsstofnunar. Einnig hér má greina töluverða afkomudreifingu á mælikvarða hreins hagnaðar. Þannig er áætlað að 10 lökustu húsin séu rekin með um 12½% halla og þau 10 bestu með um 2½% hagnaði að meðaltali. Þessi rekstraráætlun sýnir jafnframt um 3-4% versnun í vergri hlutdeild fjármagns fiskvinnslunnar sem verður fyrst og fremst rakin til hækkunar gjalda umfram hækkun tekna. Til samanburðar þessari rekstraráætlun er vísað til **töflu 1v**, en þar er sýnt milliuppgjör reksturs frysti- og saltfiskdeilda í 29 fyrirtækjum fyrstu níu mánuði ársins 1988. Af þessum samanburði að dæma virðist ekki mikill munur liggja í vergri hlutdeild fjármagns milli rekstraráætlunar Þjóðhagsstofnunar og milliuppgjörsins. En aftur á móti er töluverður munur í hreinum hagnaði þessara reikninga sem liggur í ólíkum uppgjörsaðferðum fjármagnsliða (sjá einnig meðfylgjandi fylgiskjal).

4. Efnahagsstaða.

Í **töflu 7** er efnahagsyfirlit sérhvers fyrirtækis og eru tölurnar þar sýndar sem hlutföll af eignum alls. Af þessum tölum að dæma virðist enn meiri breidd í eiginfjárhlutfalli miðað við afkomu meðal fyrirtækjanna 30. Þetta hlutfall var allt frá -84% til um 85% í árslok 1987, en þess ber að gæta að hér er um bókfært verð eigna að ræða. Ef notast væri við vátryggingarverð skipa í staðinn fyrir bókfært verð mundi þetta eiginfjárhlutfall hækka verulega hjá þeim fyrirtækjum sem reka útgerð. Á **töflu 6** getur að líta samandregið efnahagsyfirlit frystihúsanna. En í þessari töflu er aftur á móti sýnd meiri sundurliðun í einstökum eigna- og skuldaliðum. Samkvæmt þessari töflu var eigið fé fyrirtækjanna um 18% af eignum alls í árslok 1987.

Í **töflu 2v** er jafnframt sýndur efnahagsreikningur í septemberlok 1988 sem stendur á bak við áðurnefnt milliuppgjör 29 fyrirtækja í sjávarútvegi. Ekki er ráðlegt að gera beinan samanburð á **töflum 6** og **2v** því ekki er um að ræða sömu fyrirtækin í þessu tilviki. Í **töflu 2v** er eiginfjárhlutfallið tæplega 5%. En þess ber að gæta að ekki aðeins hallarekstur á árinu 1988 hefur áhrif á þetta hlutfall, heldur einnig endurmat eigna og skulda. Þannig er háttað að endurmat fastafjármuna er gert í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. En stór hluti kostnaðarverðs fastafjármuna í sjávarútvegi er eðlilegri tengdur gengi og erlendu verði. Frá ársbyrjun 1988 til september hefur byggingarvísitalan hækkað um 16% en gengið um 22%. Þetta leiðir til vanmats á verðbreytingum eigna innan ársins 1988 og um leið lækkunar á eiginfjárhlutfallinu. Síðan er það annað mál hversu nákvæmt eignamat er að finna í efnahagsreikningum fyrirtækjanna í ársbyrjun 1988. Til frekari skýringa á þessum aðferðum er vísað til meðfylgjandi fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Greinargerð um uppgjörsaðferðir Þjóðhagsstofnunar og aðrar uppgjörsaðferðir.

1. Uppgjörsaðferðir Þjóðhagsstofnunar.

Í rekstraryfirlitum Þjóðhagsstofnunar fyrir sjávarútveg eru m.a. færðir þrír reiknaðir gjaldaliðir sem ekki eru unnir upp úr ársreikningum fyrirtækja heldur eru reiknaðar stærðir. Þetta eru: a) verðbreyting kostnaðarliða (birgða), b) reiknaðir afurðalánavextir og c) ágreiðsla. Þessir liðir eru færðir í stað afskrifta, vaxta og verðbreytingarfærslu samkvæmt almennum uppgjörsaðferðum og eru fyrst og fremst til komnir vegna erfiðleika við að semja rekstraryfirlit þegar verðbreytingar eru miklar. Verður nú gerð frekari grein fyrir þessum gjaldaliðum.

a. Verðbreyting kostnaðarliða er færð í því skyni að leiðrétta fyrir kostnaðarbreytingum frá þeim tíma að vara er framleidd þar til hún er seld. Þjóðhagsstofnun áætlar þessa gjaldfærslu með þeim hætti að áætla verðmæti meðalbirgða í hverri grein og reikna verðbreytingu út frá samveginni hækkun á hráefnisverði, launum og vöru og þjónustu.
b. Reiknaðir afurðalánavextir. Rekstrarvextir eru áætlaðir sérstaklega á þann hátt að reikna gildandi vexti á hverjum tíma af afurðalánum á áætlað meðalverðmæti birgða að viðbættu því sem útistandandi er vegna ógreiddra afurða.
c. Ágreiðsla er hugsuð þannig að varanlegum rekstrarfjármunum er gefinn ákveðinn endingartími og jafnframt að það fjármagn, sem í þeim liggur, ávaxti sig. Þar með ber bæði eigið fé og lánsfé ákveðna vexti og í seinni tíð hefur almennt verið miðað við 6%

ávöxtunarkröfu. Þetta er þó í sjálfu sér ekki heilög tala, heldur nálgun við raunvaxtakostnað fyrirtækja. Því kemur vel til álita að nota mismunandi ávöxtunarkröfur eftir aðstæðum á fjármagnsmarkaði á hverjum tíma eins og Þjóðhagsstofnun hefur reyndar gert. Við ákvörðun á eignamati og endingartíma eignanna er stuðst við afskriftartíma samkvæmt skattalögum og upprunalegt kaupverð eignanna endurmetið. Þó er þetta ekki gert hvað fiskiskip varðar, en þar er stuðst við vátryggingarverðmæti að viðbættu 10% vegna veiðarfæra o.þ.h. Miðað hefur verið við 12 ára endingartíma skipa.

2. Aðrar uppgjörsaðferðir.

Reglur skattalaga hvað varðar uppgjör á fjármagnskostnaði eru nokkuð einfaldar og hafa endurskoðendur brugðið út frá þeim reglum og þróað svonefnda fráviksaðferð í því skyni að fá raunhæfari mynd af afkomu fyrirtækja. Sú aðferð er núorðið algeng við uppgjör á sjávarútvegsfyrirtækjum. Markmið með þessari aðferð er m.a. að nálgast betur þá raunvexti sem atvinnureksturinn býr við en skattauppgjör gera. Bæði í fráviksaðferð og reglum skattalaga er auk vaxta gjaldfært gengistap og verðbætur af höfuðstól skulda. Á móti kemur tekjufærsla. Samkvæmt fráviksaðferð er reiknað út frá verðbreytingum innan ársins í stað verðbreytinga milli ára eins og skattalög gera ráð fyrir. Í báðum tilvikum er reiknað með breytingum á byggingarvísitölu og er sú viðmiðun notuð til að mæla almennar verðlagsbreytingar innan lands. Þá er í fráviksaðferð endurskoðenda tekið tillit til efnahagsstærða í byrjun og lok uppgjörstímabils sem ekki er gert ráð fyrir í skattalögum. Þrátt fyrir þessa betrumbót endurskoðenda eru enn ýmis álitamál í þessum efnum. Má þar nefna þegar misvægi er í þróun gengis og innlends verðlags, meðferð á verðbreytingu birgða og gengishagnaðar vegna veittra afurðalána. Hér á eftir verður stuttlega fjallað um hvern þessara þriggja þátta.

2.1 Mismunandi verðbreytingar.

Þegar stuðst er við byggingarvísitölu til að leiða út raunvexti á sama tíma og misvægi er milli gengisbreytinga og verðbreytinga innan lands, eins og var á árinu 1987, leiðir þessi aðferð til þess að fjármagnskostnaður verður lítill í fyrirtækjum sem skulda mikið í erlendri mynt. Dæmi er um fyrirtæki í sjávarútvegi sem skuldaði á annan milljarð króna í árslok 1987, en var með nettó fjármagnstekjur (neikvæðan fjármagnskostnað) á því ári, þótt fjármagnskostnaður þess fyrirtækis væri rúmlega 15% sem hlutfall af tekjum á fyrstu sex mánuðum ársins 1988. Samhliða þessum aðferðum við uppgjör á fjármagnskostnaði eru varanlegir rekstrarfjármunir endurmetnir samkvæmt byggingarvísitölu þótt raunverulegt verðmæti eigna kunni frekar að fylgja gengisbreytingum. Þetta snýst svo aftur við þegar gengisbreytingar verða umfram hækkun á verðlagi innan lands eins og orðið hefur á árinu 1988 en þá fá eignir minni uppfærslu en erlendar skuldir sem leiðir til minnkandi eiginfjár í stað aukningar árið á undan.

Í uppgjöri fyrir Landsvirkjun fyrir árið 1987 bregður uppgjörsaðili út frá hinni almennu fráviksaðferð endurskoðenda og styðst við verðbreytingar sem hann metur út frá samsetningu eignanna og þá hvaða verðbreytingar sé eðlilegt að miða endurmatið við. Þetta leiðir til meiri útreiknaðs fjármagnskostnaðar og minna endurmats á eignum það ár en ef stuðst hefði verið við byggingarvísitölu, en ⅔ af eignum Landsvirkjunar eru endurmetnar samkvæmt hækkun á SDR að viðbættri erlendri verðbólgu og ⅓ samkvæmt byggingarvísitölu. Verðstuðull þannig reiknaður verður um 9% í stað þess að vera um 17% samkvæmt byggingarvísitölu. Þessi aðferð leiðir til þess að sveiflur milli ára verða mun minni bæði í eignamati og útreikningi á fjármagnskostnaði þegar mikið misvægi er milli gengis og verðbreytinga innan lands.

2.2 Verðbreyting birgða.

Verðbreyting birgða er gjaldaliður sem flest fyrirtæki færa með fjármagnskostnaði. Sum fyrirtækjanna gera grein fyrir honum sérstaklega sem verður að telja eðlilegra þar sem

gjaldfærslan er ekki vegna fjármagnskostnaðar heldur á að koma í veg fyrir að tekjur séu reiknaðar vegna almennra verðhækkana á birgðum. Í því uppgjöri, sem endurskoðendur gerðu nú fyrir árið 1988, var færsla á þessum lið samræmd og færð sérstaklega í uppgjörinu.

2.3 Gengishagnaður.

Þriðja atriðið, sem á fyrst og fremst við uppgjör á sjávarútvegsfyrirtækjum, er að gengishagnaður af útistandandi kröfum vegna afurðasölu er færður með framleiðslutekjum í stað þess að færa hann til lækkunar á fjármagnskostnaði. Þetta mun vera gert vegna erfiðleika við að skilgreina gengisbreytingar í skilaverði afurðanna.

3. Mat á rekstrarafkomu.

Eins og hér hefur komið fram þarf margt að hafa í huga þegar menn velta fyrir sé fjármagnskostnaði fyrirtækja. Við afkomumat Þjóðhagsstofnunar gætir framangreinds misvægis milli verðbreytinga hér innan lands og gengisbreytinga afar lítið. Um rekstrarvexti er það að segja að þar styðst Þjóðhagsstofnun við vexti afurðalána, en reiknar 6% ávöxtun vegna fastafjármuna og er því reiknuð ávöxtun jafnt á eigið fé og lánsfé eins og áður hefur komið fram. Ef miða á við vexti af skuldum samsvarar þetta heldur hærri raunvöxtum því eigið fé í sjávarútvegi hefur verið um 30% ef eignamat á skipum er miðað við vátryggingarverð þeirra. Hér er um að ræða stílfært dæmi með ákveðinni ávöxtunarkröfu á fastafjármuni. Þetta lýsir því ekki hinni eiginlegu raunvaxtagreiðslu, en hagnaður eða tap er það sem umfram er eða á vantar miðað að við þessa ákveðnu ávöxtun. Í umræðunni er þetta borið saman við útreiknaðan fjármagnskostnað fyrirtækja og því geta niðurstöður eðlilega orðið mismunandi. Erfitt er að meta hvaða ávöxtunarkrafa samkvæmt útreikningsaðferðum Þjóðhagsstofnunar lýsir á raunhæfastan hátt afkomu fyrirtækja. Þjóðhagsstofnun hefur að undanförnu oftast miðað við 6%. Fram hefur komið sú gagnrýni að þetta sé lág tala og ágerist gagnrýnin við aðstæður eins og á þessu ári þegar misvægið milli gengis og erlends verðlags magnar fjármagnskostnaðinn samkvæmt fráviksaðferðinni. Ekkert skal fullyrt í þessu efni en á það skal bent að mestur hluti skulda sjávarútvegsfyrirtækja eru lán sem tryggð eru með gengi og raunvextir útlána helsta fjárfestingarlánasjóðs sjávarútvegsins geta vart talist hærri en 5% um þessar mundir. Einnig má nefna að Þjóðhagsstofnun reiknar afurðalánavexti eins og þeir eru á hverjum tíma án þess að taka tillit til erlendrar verðbólgu. Hér yrðu því raunvextir af öðrum lánum að vera nokkuð háir til að vega upp þessa vexti ásamt ávöxtun eigin fjár.

Af því sem hér hefur verið sagt má ráða að þegar misræmi verður á milli gengis og innlendra verðhækkana veldur það því að almennar afkomumælingar verða ónákvæmari en ella og þá sérstaklega með tilliti til breytinga milli ára. Þessa fyrirvara er rík ástæða til að hafa í huga þegar niðurstöður reikningsuppgjöra eru skoðuð. Að öðrum kosti gætu menn dregið rangar ályktanir af niðurstöðum uppgjöranna. Jafnframt er rétt að leggja áherslu á það að til lengri tíma gefa þessar aðferðir líklega svipaða niðurstöðu en afkomusveiflurnar verða meiri samkvæmt fráviksaðferðinni en aðferð Þjóðhagsstofnunar.

Á árinu er talið að laun hafi hækkað um 46%. Á sama tíma jókst landsframleiðsla um 30% í krónum. Vegna þessarar hækkunar launa umfram breytingar í framleiðslu þá mætti ætla að afkoma atvinnulífsins í heild hafi verið verri en almennir afkomumælikvarðar fyrirtækja gefa til kynna. Ástæðuna fyrir því má örugglega rekja að einhverju leyti til þeirrar aðferðar sem viðhöfð er við uppgjör á fjármagnskostnaði og lýst hefur verið hér að framan því í stað þess að hafa fjármagnsgjöld af erlendum skuldum reiknast fyrirtækjunum af þeim fjármagnstekjur. Þá er rétt að hafa það í huga að sá mikli fjármagnskostnaður, sem kemur fram á árinu 1988 við það að verð á erlendum gjaldeyri hækkar meira en verðlag innan lands, kemur til með að lækka þegar betra samræmi verður milli breytinga á gengi og verðbreytinga hér innan lands.

Þjóðhagsstofnun
Tafla 1

Yfirlit yfir nokkrar rekstrar- og efnahagsstærðir 30 frystihúsa. 1)

Fyrirtæki nr.	1-10	11-20	21-30	Samtals
Velta í fiskvinnslu pr. fyrirtæki, millj.kr.	177	256	326	253
Samsetning framleiðslu, %				
Frysting	89,7	90,9	92,1	91,2
Söltun	8,4	6,7	4,4	6,1
Annað	1,9	2,4	3,5	2,7
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0
Fjöldi fyrirtækja með útgerð	5	5	5	15
Seldur afli erlendis sem hlutfall af heildaraflaverðmæti, %	25,8	26,5	23,0	24,6
Seldur afli innanlands sem hlutfall af hráefnisnotkun, %	32,0	58,5	69,6	56,6
Verg hlutdeild fjármagns, %				
Vinnsla 1987	0,5	6,1	14,4	8,4
Vinnsla 1988, áætlun	-2,7	3,5	12,2	5,8
Útgerð 1987	2,3	17,5	11,3	12,3
Eiginfjárhlutfall, % 2)	6,8	13,0	26,2	18,2
Veltufjárhlutfall, % 3)	72,4	73,8	86,2	78,5
Heildarskuldir sem hlutfall af heildarveltu, %	85,3	90,9	81,6	85,6
Fjárfesting sem hlutfall af heildarveltu, %	15,5	14,1	17,9	15,7
Áætluð afborgun langtímalána sem hlutfall af heildarveltu, %	11,5	10,1	8,2	9,5
Áætlaður afborgunartími langtímalána, ár	4,1	6,7	7,1	5,5

1) Hér er miðað við árið 1987 nema annað sé getið.

2) Miðað við bókfært verð eigna.

3) Þ.e. hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Við mat á þessu hlutfalli eru næsta árs afborganir af langtímalánum, reiknaðir skattar, og reiknaðir vextir dregnir frá skammtímaskuldum og færðir með langtímaskuldum.

Þjóðhagsstofnun
Tafla 2

Rekstraráætlun 30 frystihúsa almanaksárið 1988.

Hlutföll af tekjum alls, %

Fyrirtæki nr.	1-10	11-20	21-30	Samtals
1. Rekstrartekjur	100.0	100.0	100.0	100.0
Útflutningstekjur	90.1	90.2	93.1	91.4
Aðrar tekjur	7.6	7.5	4.5	6.3
Verðjöfnunarsjóður	2.3	2.3	2.4	2.3
2. Rekstrargjöld	102.7	96.5	87.8	94.2
Laun v/framleiðslu	28.4	27.9	24.6	26.6
Hráefniskaup	51.0	48.4	45.8	47.9
Umbúðir	3.7	3.9	3.6	3.7
Flutningskostnaður	2.3	1.9	1.5	1.8
Orka	2.4	2.2	1.9	2.1
Viðhald	5.7	4.6	3.6	4.5
Annar breytilegur kostnaður	9.2	7.6	6.8	7.6
3. Verg hlutdeild fjármagns (3.=1.-2.)	-2.7	3.5	12.2	5.8
4. Reiknaðir vextir vegna afurðalána	1.9	2.0	2.0	2.0
5. Árgreiðsla m.v. 6% ávöxtun stofnfjár	6.9	6.3	7.5	6.9
6. Hreinn hagnaður (6.=3.-4.-5.)	-12.5	-4.8	2.7	-3.1

Þjóðhagsstofnun
Tafla 3

Samandregið rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.

Hlutföll af tekjum alls, %

Fyrirtæki nr.	1-10	11-20	21-30	Samtals
Rekstrartekjur	100.0	100.0	100.0	100.0
Sala Útfl.afurða	91.9	92.3	97.6	94.5
Birgðabr.fullu.framl.vara	2.1	2.0	-0.5	0.9
Fiskúrgangur	0.5	0.9	0.7	0.7
Selt af hráefni	1.3	0.8	0.1	0.6
Leigutekjur	0.1	0.6	0.1	0.3
Aðrar tekjur	4.1	3.4	2.0	3.0
Rekstrargjöld	102.3	96.4	88.7	94.5
Hráefniskaup	51.9	49.3	46.6	48.8
Umbúðir	3.6	3.8	3.5	3.6
Flutningskostn.	2.0	1.6	1.3	1.6
Rafmagn og hitaveita	2.0	2.0	1.8	1.9
Olíur	0.3	0.1	0.1	0.1
Viðhald	4.9	3.9	3.1	3.8
Skrifstofukostnaður	1.6	0.9	1.1	1.2
Tryggingar	0.4	0.4	0.4	0.4
Leigur	0.5	0.3	0.1	0.2
Hjálparefni	0.6	0.6	0.2	0.4
Önnur aðföng	1.6	0.9	1.2	1.2
Laun og gj. v/framl.	25.8	25.4	22.4	24.2
Laun og gj. v/stjórn.	2.1	2.1	1.9	2.0
Aðstöðugjald	0.6	0.6	0.6	0.6
Fasteignaskattur	0.2	0.5	0.4	0.4
Afskriftir	4.0	3.7	4.4	4.0
Hrein hlutdeild fjármagns	-2.3	3.6	11.3	5.5
Fjármagnsliðir	-3.4	-3.1	-2.6	-3.0
Vaxtat. og verðbætur	0.9	1.1	1.0	1.0
Vaxtagj., verðb. og gengism.	-12.8	-9.8	-8.8	-10.1
Verðbrf. t. tekna	8.5	5.6	5.2	6.1
Arður af hlutabréfum	-	-	-	-
Hreinn hagnaður	-5.7	0.5	8.7	2.5
Tekju- og eignaskattar	0.2	0.3	0.5	0.4
Verg hlutdeild fjármagns	1.7	7.3	15.7	9.5

Þjóðhagsstofnun
Tafla 4

Sundurgreint rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.

Hlutföll af tekjum alls, %

Fyrirtæki nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Rekstrartekjur	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Sala Útfl.afurða	100.2	90.1	88.1	99.1	89.0	87.4	107.8	87.2	97.7	90.7
Birgðabr.fullu.framl.vara	-3.0	6.6	3.9	-	5.5	2.4	-19.1	4.1	-0.7	2.0
Fiskúrgangur	0.9	-	0.9	0.6	-	0.1	0.9	0.6	0.6	0.9
Selt af hráefni	-	1.0	-	-	2.6	2.4	-	6.7	-	-
Leigutekjur	-	-	-	-	-	0.6	-	-	-	-
Aðrar tekjur	1.8	2.4	7.2	0.3	2.8	7.1	10.4	1.3	2.3	6.4
Rekstrargjöld	128.7	107.8	103.9	104.0	106.1	100.8	101.0	99.2	98.2	98.3
Hráefniskaup	54.2	60.1	53.7	58.3	50.1	48.3	49.1	53.3	50.8	49.3
Umbúðir	3.1	3.7	3.2	3.6	3.6	3.4	4.8	4.6	3.7	3.8
Flutningskostn.	1.8	1.4	2.0	2.9	0.3	1.1	5.2	1.3	2.0	4.4
Rafmagn og hitaveita	3.3	2.0	1.7	1.0	2.1	2.2	0.9	1.6	2.3	1.8
Olíur	1.3	-	0.3	0.3	1.2	0.2	-	-	0.1	0.1
Viðhald	3.0	1.3	1.2	2.4	9.8	7.9	5.0	2.8	5.5	2.6
Skrifstofukostnaður	2.2	1.5	3.4	2.8	0.6	1.3	1.2	1.7	1.4	1.6
Tryggingar	1.0	0.6	0.4	0.8	0.4	0.3	0.1	1.4	0.3	0.2
Leigur	0.4	0.4	0.2	1.2	1.3	0.7	0.0	-	-	0.2
Hjálparefni	-	0.7	0.1	0.8	0.3	0.5	1.1	0.1	1.4	0.6
Önnur aðföng	1.8	1.2	2.2	2.8	1.4	2.6	0.8	2.4	1.1	-0.2
Laun og gj. v/framl.	30.2	27.7	29.7	20.7	25.8	25.5	25.2	24.3	23.8	28.1
Laun og gj. v/stjórn.	4.2	2.6	2.4	2.2	2.5	1.2	2.9	1.9	2.4	1.8
Aðstöðugjald	0.7	0.6	0.7	0.6	0.7	0.6	-	0.6	0.7	0.7
Fasteignaskattur	0.8	0.3	0.2	0.0	-	0.3	-	0.4	0.4	0.3
Aðrir óbeinir skattar	-	-	0.1	-	-	0.2	-	-	-	-
Afskriftir	20.7	3.7	2.7	3.4	6.0	4.3	4.8	2.9	2.3	3.1
Hrein hlutdeild fjármagns	-28.7	-7.8	-3.9	-4.0	-6.1	-0.8	-1.0	0.8	1.8	1.7
Fjármagnsliðir	-36.5	-2.9	-4.7	6.5	-8.1	-1.1	-19.2	-1.3	-0.9	-3.7
Vaxtat. og verðbætur	0.4	0.9	1.2	0.3	0.8	0.9	0.1	0.8	1.4	0.7
Vaxtagj.,verðb. og gengism.	-67.8	-10.6	-11.5	-23.6	-21.4	-4.9	-18.5	-2.2	-6.1	-16.1
Verðbrf. t. tekna	30.9	6.9	5.6	29.8	12.5	2.8	-0.8	0.1	3.8	11.8
Verðbrf. t. gjalda	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Arður af hlutabréfum	-	-	-	-	-	0.1	-	0.0	0.1	-
Hreinn hagnaður	-65.2	-10.7	-8.6	2.4	-14.1	-1.9	-20.2	-0.4	1.0	-1.9
Tekju- og eignaskattar	-	0.0	-	0.0	-	0.3	-	0.6	0.5	-
Verg hlutdeild fjármagns	-8.0	-4.1	-1.2	-0.7	-0.1	3.5	3.7	3.7	4.1	4.8

Þjóðhagsstofnun
Tafla 4, framh.

Rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.

Hlutföll af tekjum alls, %

Fyrirtæki nr.	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
Rekstrartekjur	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Sala Útfl.afurða	94.3	95.4	97.3	94.6	95.0	69.1	84.8	84.4	95.1	87.9
Birgðabr.fullu.framl.vara	1.6	-0.6	0.0	1.7	-1.0	6.9	9.9	3.7	-3.7	7.0
Fiskúrgangur	0.6	0.5	0.8	1.1	-	2.9	0.6	1.8	0.4	1.2
Selt af hráefni	-	-	-	-	1.6	6.5	-	-	2.9	1.7
Leigutekjur	-	0.9	-	0.0	-	9.3	3.6	0.0	-	0.1
Aðrar tekjur	3.5	3.9	1.9	2.6	4.4	5.3	1.2	10.0	5.2	2.2
Rekstrargjöld	100.9	96.9	94.1	96.3	96.3	104.4	96.1	95.2	95.8	95.4
Hráefniskaup	47.3	53.6	47.4	49.2	49.8	42.9	54.7	45.0	53.1	48.5
Umbúðir	6.6	-	5.1	4.3	4.1	3.4	2.8	4.2	-	4.0
Flutningskostn.	3.1	0.6	1.4	1.9	1.2	2.2	1.8	1.2	1.4	1.3
Rafmagn og hitaveita	2.0	2.2	1.3	2.2	1.3	3.6	2.5	2.9	2.1	1.6
Olíur	-	-	0.2	0.0	-	0.9	-	0.0	0.0	0.2
Viðhald	3.6	9.2	5.8	4.2	1.3	3.3	1.9	2.2	2.9	3.5
Skrifstofukostnaður	1.2	0.5	1.0	1.3	1.3	-5.8	0.9	1.3	0.8	1.5
Tryggingar	0.2	0.2	0.5	0.4	0.3	0.7	0.1	0.8	0.4	0.6
Leigur	0.9	-	0.0	-	0.3	0.0	0.1	-	1.1	0.6
Hjálparefni	0.8	-	1.1	1.8	0.2	0.5	0.1	0.1	-	0.2
Önnur aðföng	0.8	2.1	1.3	1.5	2.2	4.7	0.3	0.6	-2.0	0.9
Laun og gj. v/framl.	25.9	25.4	25.1	23.5	27.4	21.0	21.8	28.4	28.5	25.7
Laun og gj. v/stjórn.	1.5	0.3	2.7	2.1	2.4	9.7	2.2	2.9	1.5	1.0
Aðstöðugjald	0.7	0.6	0.7	0.7	0.7	0.8	0.6	0.6	0.6	0.6
Fasteignaskattur	0.5	0.2	0.2	0.4	0.3	3.1	1.4	0.7	0.4	0.5
Aðrir óbeinir skattar	-	-	-	-	-	-	-	0.2	-	0.1
Afskriftir	5.9	2.1	-	3.0	3.5	13.2	5.0	4.2	5.0	4.6
Hrein hlutdeild fjármagns	-0.9	3.1	5.9	3.7	3.7	-4.4	3.9	4.8	4.2	4.6
Fjármagnsliðir	-4.2	-0.9	-2.8	-2.3	-3.1	-13.2	-2.5	0.5	-4.5	-4.4
Vaxtat. og verðbætur	1.3	0.7	1.1	0.9	0.6	0.9	1.4	2.0	0.3	1.4
Vaxtagj.,verðb. og gengism.	-13.1	-3.8	-9.9	-10.0	-8.6	-40.4	-7.2	-0.3	-8.9	-10.8
Verðbrf. t. tekna	7.5	2.2	6.0	6.6	4.9	26.3	3.4	-	4.1	4.9
Verðbrf. t. gjalda	-	-	-	-	-	-	-	-1.6	-	-
Arður af hlutabréfum	-	-	-	0.1	0.1	-	-	0.3	-	-
Hreinn hagnaður	-5.1	2.2	3.1	1.3	0.6	-17.5	1.4	5.3	-0.3	0.2
Tekju- og eignaskattar	-	1.0	0.0	-	0.0	-	0.0	2.5	0.0	0.2
Verg hlutdeild fjármagns	5.0	5.1	5.9	6.6	7.2	8.8	8.8	9.0	9.2	9.3

Þjóðhagsstofnun
Tafla 4, framh.

Rekstraryfirlit 30 frystihúsa árið 1987.

Hlutföll af tekjum alls, %

Fyrirtæki nr.	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
Rekstrartekjur	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Sala Útfl.afurða	95.4	100.1	95.0	97.2	97.6	91.1	95.8	95.7	98.7	98.5
Birgðabr.fullu.framl.vara	-	-5.1	2.3	1.2	0.9	6.0	0.7	2.5	-	-
Fiskúrgangur	0.3	1.7	0.6	0.4	-	0.5	0.4	-	0.5	0.5
Selt af hráefni	-	-	-	-	-	-	1.9	-	-	-
Leigutekjur	0.0	-	-	0.5	0.5	-	-	-	-	-
Aðrar tekjur	4.3	3.3	2.2	0.7	0.9	2.4	1.2	1.8	0.8	1.0
Rekstrargjöld	93.6	92.9	94.5	95.1	93.8	90.4	85.6	90.3	86.5	81.9
Hráefniskaup	51.2	47.6	49.6	51.5	44.7	46.6	48.0	44.2	46.3	44.5
Umbúðir	3.3	3.7	3.9	3.4	4.7	4.3	2.7	3.7	3.6	2.8
Flutningskostn.	1.2	1.1	3.5	2.9	1.4	1.1	1.8	1.0	1.3	0.9
Rafmagn og hitaveita	2.2	1.9	1.8	1.3	2.2	2.0	1.8	2.0	1.7	1.3
Olíur	0.1	-	-	-	-	-	0.1	-	0.2	0.0
Viðhald	4.9	4.1	-	3.2	4.4	3.4	1.5	2.5	2.1	2.6
Skrifstofukostnaður	1.1	1.0	1.6	0.7	1.7	1.3	0.6	2.4	1.5	0.7
Tryggingar	0.7	0.6	-	-	0.3	0.5	0.5	-	0.4	0.3
Leigur	0.1	-	-	-	-	-	-	0.2	0.5	-
Hjálparefni	0.6	-	-	-	-	0.1	0.6	-	0.1	0.4
Önnur aðföng	0.7	1.3	2.9	1.4	-	1.4	1.3	1.4	1.3	1.0
Laun og gj. v/framl.	22.1	23.8	22.9	22.1	24.6	22.1	21.6	24.0	19.6	21.1
Laun og gj. v/stjórn.	1.2	2.0	1.7	1.2	1.8	1.4	2.6	2.0	2.3	1.8
Launaskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Aðstöðugjald	0.4	0.7	0.7	0.7	0.6	0.6	0.7	0.6	-	0.6
Fasteignaskattur	0.3	0.9	-	-	-	0.7	0.4	-	0.1	0.4
Aðrir óbeinir skattar	-	-	-	-	-	-	0.1	-	-	-
Afskriftir	3.5	4.1	6.0	6.5	7.3	4.9	1.4	6.3	5.5	3.3
Hrein hlutdeild fjármagns	6.4	7.1	5.5	4.9	6.2	9.6	14.4	9.7	13.5	18.1
Fjármagnsliðir	-0.3	-2.6	-6.2	-1.9	-1.2	-3.0	-8.0	-2.9	-5.5	-1.3
Vaxtat. og verðbætur	1.0	0.4	0.2	2.7	1.2	0.4	0.1	0.4	1.6	2.1
Vaxtagj.,verðb. og gengism.	-3.7	-9.2	-12.4	-4.4	-10.4	-8.7	-12.7	-21.0	-17.1	-2.7
Verðbrf. t. tekna	2.3	7.1	6.0	-	8.1	5.3	4.6	17.7	10.1	-0.7
Verðbrf. t. gjalda	-	-1.0	-	-0.2	-	-	-	-	-	-
Arður af hlutabréfum	-	0.0	-	-	-	-	0.0	-	-	-
Hreinn hagnaður	6.0	4.5	-0.8	3.0	5.1	6.6	6.4	6.8	8.0	16.8
Tekju- og eignaskattar	0.2	0.1	-	0.5	-	-	-	-	-	1.8
Verg hlutdeild fjármagns	9.9	11.2	11.5	11.5	13.5	14.5	15.8	16.0	19.0	21.5

Þjóðhagsstofnun
Tafla 5

Velta og fjöldi ársverka 30 frystihúsa 1987.

Fyrirtæki nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Milljónir króna:										
Velta alls	37	163	164	133	265	491	42	105	343	419
Velta í vinnslu	37	163	154	133	235	323	32	105	343	245
Velta í útgerð	-	-	10	-	30	168	10	-	-	174
Áætlaður fjöldi ársverka	19	58	48	37	113	150	16	51	110	170

Fyrirtæki nr.	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
Milljónir króna:										
Velta alls	452	154	778	403	275	363	208	167	498	308
Velta í vinnslu	278	154	474	403	216	71	208	167	284	308
Velta í útgerð	174	-	304	-	59	292	-	-	214	-
Áætlaður fjöldi ársverka	101	47	222	128	99	126	89	70	135	117

Fyrirtæki nr.	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
Milljónir króna:										
Velta alls	245	1.560	172	55	218	318	199	308	253	1.297
Velta í vinnslu	227	828	172	50	218	214	199	217	253	882
Velta í útgerð	18	742	-	5	-	104	-	91	-	415
Áætlaður fjöldi ársverka	68	490	48	19	56	85	52	113	70	405

Þjóðhagsstofnun
Tafla 6

Samandregið efnahagsyfirlit 30 frystihúsa í árslok 1987.

Hlutföll af eignum alls, %

Fyrirtæki nr.	1-10	11-20	21-30	Samtals
1. Eignir alls	100.0	100.0	100.0	100.0
1.1 Veltufjármunir	28.3	19.7	18.7	20.8
1.1.1 Birgðir	12.7	7.5	7.6	8.5
1.1.2 Skammtímakröfur	14.9	10.6	9.3	10.6
1.1.3 Sjóður og bankainnist.	0.7	0.6	1.3	1.0
1.1.4 Aðrir veltufjármunir	-	1.0	0.5	0.7
1.2 Fastafjármunir	71.7	80.3	81.3	79.2
1.2.1 Vélar og tæki	10.2	8.3	9.7	9.3
1.2.2 Fasteignir	35.8	22.2	24.8	25.9
1.2.3 Skip	14.7	40.1	38.3	34.6
1.2.4 Áhættufjármunir	11.0	7.3	7.8	8.2
1.2.5 Aðrar eignir	-	2.4	0.7	1.2
2. Skuldir alls	93.1	87.0	73.8	81.9
2.1 Skammtímaskuldir	56.3	38.1	31.0	38.0
2.1.1 Afurðalán	15.3	7.0	5.5	7.8
2.1.2 Afborgun næsta árs af langtímaskuldum	11.8	8.6	7.0	8.5
2.1.3 Reiknaðir vextir	3.2	1.4	0.8	1.4
2.1.4 Reikn. ógr. skattar	2.2	1.4	1.5	1.6
2.1.5 Aðrar skammt.skuldir	23.8	20.1	16.2	18.7
2.2 Langtímaskuldir	36.8	48.9	42.8	43.8
2.2.1 Fiskveiðasjóður	8.8	14.0	18.0	16.1
2.2.2 Byggðastofnun	3.0	0.9	3.5	2.8
2.2.3 Viðskiptabankar	18.2	10.9	12.2	14.2
2.2.4 Aðrar langtímaskuldir	6.8	23.1	9.1	10.7
3. Eigið fé	6.8	13.0	26.2	18.2
3.1 Hlutafé	10.3	7.3	10.8	9.5
3.2 Endurmatsreikningur	10.9	12.6	2.7	7.6
3.3 Óskattlagt eigið fé	0.4	0.5	2.0	1.2
3.4 Niðurfærsla birgða	0.2	0.2	7.1	3.4
3.5 Aukaafskriftir	2.1	-	0.6	0.7
3.6 Annað eigið fé	-17.1	-7.6	3.0	-4.2

Þjóðhagsstofnun
Tafla 7

Sundurgreint efnahagsyfirlit 30 frystihúsa í árslok 1987.

Hlutföll af eignum alls, %

Fyrirtæki nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Eignir alls	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Veltufjármunir	6.6	30.3	25.0	75.2	29.0	22.8	24.6	40.8	24.6	25.5
Fastafjármunir	93.4	69.7	75.0	24.8	71.0	77.2	75.4	59.2	75.4	74.5
Skuldir alls	184.4	88.2	82.2	160.8	129.1	48.0	93.9	44.3	55.4	147.3
Skammtímaskuldir	114.5	64.8	52.3	98.1	88.8	25.6	44.5	41.8	28.4	84.3
Langtímaskuldir	69.9	23.4	29.9	62.7	40.3	22.4	49.4	2.5	27.0	63.0
Eigið fé	-84.4	11.8	17.8	-60.8	-29.1	52.0	6.1	55.7	44.6	-47.3

Fyrirtæki nr.	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
Eignir alls	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Veltufjármunir	14.4	30.8	17.7	28.1	28.0	7.2	57.7	27.6	14.7	35.6
Fastafjármunir	85.6	69.2	82.3	71.9	72.0	92.7	42.3	72.4	85.3	64.4
Skuldir alls	98.6	68.7	84.6	98.2	90.5	112.1	29.6	15.4	91.0	71.3
Skammtímaskuldir	28.8	41.2	41.1	56.4	66.9	36.0	29.6	15.0	31.6	49.9
Langtímaskuldir	69.8	27.5	43.5	41.8	23.6	76.1	-	0.4	59.4	21.4
Eigið fé	1.4	31.3	15.4	1.8	9.5	-12.1	70.4	84.6	9.0	28.7

Fyrirtæki nr.	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
Eignir alls	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Veltufjármunir	24.8	15.9	31.1	31.1	18.5	26.0	18.6	11.1	27.4	20.4
Fastafjármunir	75.2	84.1	68.9	68.9	81.5	74.0	81.4	88.9	72.6	79.6
Skuldir alls	51.9	68.4	93.3	47.4	58.1	91.9	84.3	103.7	106.7	67.3
Skammtímaskuldir	28.1	19.7	65.9	31.4	24.8	44.8	44.6	55.4	31.0	32.7
Langtímaskuldir	23.8	48.7	27.4	16.0	33.3	47.1	39.7	48.3	75.7	34.6
Eigið fé	48.1	31.6	6.7	52.6	41.9	8.1	15.7	-3.7	-6.7	32.7

Þjóðhagsstofnun
Tafla 1v

Milliuppgjör reksturs frysti- og saltfiskdeilda í 29 fyrirtækjum fyrstu 9 mánuði ársins 1988.

Hlutföll af tekjum alls, %

	Frysting	Söltun	Samtals
1. Rekstrartekjur	100,0	100,0	100,0
Söluverðmæti framleiðslu	99,1	99,8	99,3
Verðbreytingarf. v/birgða	-2,6	-1,6	-2,4
Aðrar tekjur	3,5	1,8	3,1
2. Rekstrargjöld	95,2	88,7	93,6
Laun v/framleiðslu	26,6	18,0	24,5
Hráefniskaup	50,1	54,6	51,2
Umbúðir	3,8	2,7	3,5
Annar breytilegur kostnaður	14,7	13,4	14,4
3. Verg hlutdeild fjármagns (3.=1.-2.)	4,8	11,3	6,4
4. Afskriftir og fjármagnsliðir	15,7	12,3	14,9
Afskriftir	4,9	2,9	4,4
Vaxtagj., berðbætur og gengism.	22,0	17,7	21,0
Tekjur v/verðlagsbreytinga	-11,2	-8,3	-10,5
6. Hreinn hagnaður (6.=3.-4.-5.)	-10,9	-1,1	-8,5

Þjóðhagsstofnun
Tafla 2v

Efnahagsreikningur 29 fyrirtækja í sjávarútvegi í septemberlok 1988. *)

Hlutföll af eignum alls, %

Eignir alls	100,0
Veltufjármunir	26,8
Fastafjármunir	73,2
Skuldir alls	95,3
Skammtímaskuldir	44,3
Langtímaskuldir	51,0
Eigið fé	4,7

*) Miðað er við bókfært verð eigna.

Nd. 360. Frumvarp til laga [212. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1989 taka gildi, þó ekki lengur en til 31. janúar 1989, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er teljast til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1989 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1989 verðbréf, spariskírteini og ríkisvíxla að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 6.500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að greiða upp skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árunum 1987 og 1988, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með hliðsjón af samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu þingmála, þar á meðal fjárlaga, verður ekki unnt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1989 fyrir næstu áramót og ber því brýna nauðsyn til að veita ríkisstjórninni þær heimildir sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir þannig að ekki komi til greiðslustöðvunar hjá ríkissjóði þegar hinn 1. janúar nk. Ef til slíkrar greiðslustöðvunar kæmi næði hún m.a. til allra samningsbundinna greiðslna ríkissjóðs, þar á meðal launa, auk allra venjulegra rekstrargjalda og annarra gjalda sem talist geta venjulegar fastar greiðslur ríkissjóðs. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram.

Um 1. gr.

Gildistími þeirra heimilda sem um getur í þessari grein rennur eðlilega út við samþykkt fjárlaga 1989. Gildistíminn er þó takmarkaður við janúar 1989 með tilliti til þess að samkvæmt heimild þessari verða greidd laun fyrir janúarmánuð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og liður 2.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1988 og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er efnislega hliðstætt 1. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 og er m.a. nauðsynlegt vegna útgáfu spariskírteina á móti nokkrum flokkum þeirra sem innleysanlegir verða fyrri hluta janúar 1989.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 35. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1989, en fjárhæð lántökuheimildar er breytt með hliðsjón af breyttum afkomuhorfum ríkissjóðs. Tilvitnað ákvæði laga um Seðlabanka Íslands kveður á um uppgjör skammtímaskulda ríkissjóðs við bankann og er brýnt að frá lántökum í því skyni verði gengið hið fyrsta.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 361. Frumvarp til laga [213. mál]

um launavísitölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta mánaðarlega sérstaka launavísitölu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Launavísitala skal miðuð við meðaltal hvers mánaðar og birt eftir miðjan næsta mánuð. Vísitalan skal sett 100 stig í desember 1988 miðað við laun í nóvember 1988.

2. gr.

Launavísitala skv. lögum þessum skal sýna svo sem unnt er breytingar heildarlauna allra launþega fyrir fastan vinnutíma. Er þá átt við breytingar greiddra launa fyrir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu að meðtöldum starfs- eða launatengdum álögum og kaupaukum.

3. gr.

Við mat á launabreytingum skal Hagstofan afla þeirra gagna og skýrslna sem hún telur nauðsynlegar og jafnframt gera eigin kjararannsóknir eftir því sem nánar kann að verða ákveðið. Við gagnaöflun og mat á launabreytingum skal Hagstofan hafa samráð við kjararannsóknarnefndir, hagdeildir og aðra þá aðila á vegum samtaka á vinnumarkaðnum sem fást við kjararannsóknir og mat á launabreytingum. Opinberar stofnanir, sem vinna að launa- og tekjuskýrslum, skulu láta Hagstofunni í té allar þær upplýsingar, sem þær geta miðlað í þessum efnum.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í málefnasamningi stjórnarflokkana frá september 1988 er gert ráð fyrir að upp verði tekin ný lánskjaravísitala sem reist verði á launavísitölu auk vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu byggingarkostnaðar. Ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár eru í lögum um

stjórn efnahagsmála o.fl. nr. 13, 10. apríl 1979. Samkvæmt 39. gr. þeirra laga er það eitt skilyrða verðtryggingar að miðað sé við opinbera skráða vísitölu. Einu fyrirmælin sem nú eru í lögum um mat launavísitölu, eru í lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Í 6. gr. þeirra laga er kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar". Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslujöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána en ekki í öðru skyni. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna, að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 63/1985 eru því ófullnægjandi hvað snertir útreikning opinberrar launavísitölu sem fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 39. gr. laga nr. 13/1979 um vísitölu sem heimilt sé að miða verðtryggingu við. Því er hér flutt sérstakt frumvarp um launavísitölu sem fullnægi þessum skilyrðum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn lög um gerð launavísitölu. Ekki er nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um hagnýtingu þessarar launavísitölu til útreiknings nýrrar lánskjaravísitölu, enda eru almenn ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 13/1979 eins og áður sagði. Jafnframt sýnist eðlilegt að ákvæði laga um launavísitölu séu almenns eðlis og varði einungis gerð slíkrar vísitölu fremur en að þau séu háð tiltekinni notkun hennar.

Verði frumvarp þetta að lögum hefur það í för með sér að Hagstofa Íslands verður að gera sérstakt átak til að bæta skýrslugerð um laun og launabreytingar. Þetta er brýnt verkefni og óháð notkun launavísitölu til útreiknings lánskjaravísitölu. Eins og nú háttar er gerð launavísitölu ákaflega vandasöm vegna skorts á áreiðanlegum samtímaupplýsingum um launabreytingar. Meginuppsprettur upplýsinga um launabreytingar eru nú aðallega tvær, þ.e. kjararannsóknarnefnd ASÍ, VSÍ og VMS og Launaskrifstofa ríkisins. Upplýsingar kjararannsóknarnefndar eru byggðar á ársfjórðungslegum úrtaksathugunum hjá fyrirtækjum sem hafa í þjónustu sinni fólk sem fær laun skv. kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ. Gæði þessara athugana eru minni en æskilegt er. Úrtakið er óstöðugt frá einum ársfjórðungi til annars bæði vegna stopullar þátttöku fyrirtækja og tíðra mannaskipta. Þá nær úrtakið ekki til allra atvinnugreina og í ýmsum greinum kemur einungis lítill hluti starfsmanna í úrtakið. Loks má nefna að þessar upplýsingar liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en eftir 4–5 mánuði. Upplýsingar Launaskrifstofu ríkisins um greidd laun vegna tiltekins mánaðar geta verið tiltækar um miðjan næsta mánuð á eftir. Þær ná til allra starfsmanna ríkisins sem fá laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna, en jafnframt á nú að vera unnt að fá upplýsingar um laun þeirra starfsmanna í þjónustu ríkisins sem fá greidd laun skv. kjarasamningum ASÍ-félaga. Enn hefur ekki verið unnið með reglubundnum hætti að öflun upplýsinga um launabreytingar hjá starfsmönnum sveitarfélaga og banka, en það ætti þó að vera mögulegt að talsverðu marki. Aðrar heimildir um breytingar launa en hér hafa verið nefndar eru ýmist ekki fyrir hendi eða vannýttar. Að hluta má bæta úr þessu með nokkurri fyrirhöfn og talsverðum kostnaði en að öðru leyti má ætla að hér verði um viðvarandi vandamál að ræða. Ýmist verður að reikna með að upplýsingar fáist alls ekki um vissa hluta vinnumarkaðarins, einkum ýmsar greinar einkaþjónustu, eða að einungis sé unnt að gera ráð fyrir að launaupplýsingar fáist óreglulega eða aðeins einu sinni á ári.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt er úrvinnsla launaupplýsinga háð ýmsum vandkvæðum hvað snertir skilgreiningu og sundurgreiningu hinna ýmsu þátta launa, t.d. greiningu á milli dagvinnulauna og annarra launa svo og milli launa fyrir fast vinnuframlag og launa fyrir breytilegt vinnuframlag. Hér kemur m.a. til að dagvinnulaun eru skilgreind með mjög mismunandi hætti, t.d. sem hrein dagvinnulaun fyrir 8 stunda vinnudag eða sem heildarlaun

fyrir venjubundna vinnu sem hæglega getur svarað meiru en 40 stunda vinnuframlagi á viku. Þá má nefna sérstök vandkvæði við mat á launabreytingum í kjarasamningum. Slíkt mat er jafnan erfitt í sjálfu sér auk þess sem niðurstöður kunna að ráðast af ákveðnum forsendum um afköst, vinnutíma, aldurs- eða starfsaldursskiptingu launþeganna. Þá veldur það ekki síst vandkvæðum að viðsemjendur hafa yfirleitt tilhneigingu til að reikna launabreytingar á sem lægstum nótum og á það jafnt við um samninga á hinum svonefnda frjálsa vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Á sama hátt eru samningsaðilar oft tregir til að gefa upplýsingar um launabreytingar fljótt eftir að um þær hefur verið samið.

Það sem hér hefur verið rakið sýnir glöggt hversu nauðsynlegt það er að rík áhersla verði lögð á að endurskipuleggja gerð reglubundinna og samræmdra launaskýrslna. Þetta er á verksviði Hagstofunnar, en miklu skiptir að unnið verði að þessu í nánu samráði við þá aðila sem hafa með höndum söfnun upplýsinga um laun og mat á launabreytingum hver á sínu sviði. Hér er einkum um að ræða kjararannsóknarnefndir og hagdeildir samtaka á vinnumarkaðnum svo og Þjóðhagsstofnun. Auk þess sem þarf að endurbæta og auka þær launaupplýsingar, sem hér er safnað og áður var getið, verður jafnframt að stefna að upplýsingasöfnun frá þeim hluta vinnumarkaðarins sem lítil eða engin vitneskja er nú um. Í þessu sambandi gæti reynst nauðsynlegt að Hagstofan tækist á hendur sérstakar vinnumarkaðs- og launakannanir meðal einstaklinga. Jafnframt þarf að skipuleggja hagnýtingu þeirra launa- og tekjuupplýsinga, sem verða tiltækar á næstunni, þ.e. úr tekjuskattskerfinu eftir að staðgreiðsla var tekin upp og frá lífeyrissjóðum eftir að iðgjaldsstofn SAL-sjóða hefur að fullu verið samræmdur í ársbyrjun 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að Hagstofa Íslands skuli reikna og birta launavísitölu í hverjum mánuði. Álitamál er um það við hvaða tíma skuli miða nákvæmlega, en hér er lagt til að launavísitalan miðist við meðaltal mánaðar fremur en upphaf eða lok mánaðar. Tvær ástæður sýnast mæla með þessu. Í fyrsta lagi fellur vísitala sem miðuð er við meðaltal mánaðar betur að þeim launaathugunum sem nú eru gerðar. Því ætti að vera auðveldara en ella að bera hana saman við aðrar heimildir og leiðrétta eftir því sem ný vitneskja fæst um launabreytingar. Í öðru lagi má ætla að breytingar launavísitölunnar verði heldur jafnari sé miðað við meðaltal mánaðar fremur en upphaf. Í 1. gr. er lagt til að vísitalan verði sett 100 í desember 1988 miðað við laun í nóvember 1988. Vísitalan verður því fyrst reiknuð í janúar 1989 og tekur þá til breytinga frá nóvember til desember 1988.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru tillögur um hvernig skilgreina skuli þau laun sem launavísitalan á að mæla. Lagt er til að reynt verði að meta breytingar allra launaþátta, enda er ljóst að dagvinnulaun og breytingar þeirra gefa mjög ófullnægjandi mynd af raunverulegum launagreiðslum og breytingum þeirra. Um álitamál í þessu sambandi vísast að öðru leyti til þess sem segir í almennum athugasemdum hér að framan. Rétt er að taka tvennt fram sérstaklega. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að í reglugerð verði nákvæmari skilgreining á launum þeim sem mæla á, en í sjálfum lögunum. Í öðru lagi má benda á til að taka af vafa í því efni að í frumvarpinu er lagt til að miðað sé við greidd laun allra launþega fyrir fastan vinnutíma en ekki tekjur. Í þessu felst að ætlast er til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi ekki áhrif á launavísitöluna nema ef um er að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga.

Um 3. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra athugasemda umfram það sem þegar er um rætt í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um útreikning launavísitölu verði sett með reglugerð. Í reglugerðinni virðist einkum nauðsynlegt að kveða á um tvö atriði: Annars vegar þyrfti að skilgreina þau laun, sem vísitalan á að mæla, nánar en í frumvarpinu eins og áður er vikið að. Hins vegar þyrfti að kveða sérstaklega á um leiðréttingu launavísitölunnar ef hún yrði nýtt til útreiknings lánskjaravísitölu. Eins og þegar hefur verið vikið að er alls ekki hægt að reikna með því að þær tölur sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum um launabreytingar milli tveggja næstliðinna mánaða séu endanlegar þar sem haldgóð vitneskja um launabreytingar fæst oft fyrst nokkuð löngu eftir að launin hafa breyst. Því er óhjákvæmilegt að vísitalan verði leiðrétt því ella er hætta á að skekkjur safnist upp og að vísitalan verði slæmur mælikvarði á raunverulegar launabreytingar. Ýmislegt virðist mæla með því að leiðréttingar sem varða næstliðna sex mánuði, miðað við útreikningsmánuð launavísitölu hverju sinni, skuli hafa áhrif á þá launavísitölu sem verður hluti af lánskjaravísitölu. Slíkar leiðréttingar geta þó aldrei haft áhrif á lánskjaravísitöluna með afturvirkum hætti heldur geta einungis gilt við útreikning hennar fyrir mánuðinn næsta á eftir að þær hafa komið fram í launavísitölunni. Ljóst er að lengi verður hægt að leiðrétta launavísitöluna en eðlilegt þykir að áhrifum leiðréttinga á lánskjaravísitölu séu sett ákveðin tímamörk.

Takmörk við sex mánuði, eins og hér hefur verið gert ráð fyrir, miðast annars vegar við það að verðtrygging samninga um sparifé og lánsfé til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil samkvæmt lögum. Undantekningar eru þó gerðar varðandi tiltekna sparifjárreikninga en þeir þurfa þó að vera til a.m.k. sex mánaða og sömu takmörk gilda um samanburðartímabil svonefndra skiptikjarareikninga. Hins vegar er litið til þess að þessi tími ætti að vera nægilega langur til þess að öruggt sé að skýrslur kjararannsóknarnefndar ASÍ og vinnuveitenda séu fram komnar, en þær gefa mjög mikilvægar upplýsingar um launabreytingar.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 362. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 22. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Jóhann Einvarðsson.		Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 363. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, MF, VS, JE).

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Viðskiptabankar, sparisjóðir og veðdeildir við innlánsstofnanir skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
2. Við 2. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Til skattskyldra tekna og eigna aðila skv. 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða sem stofnaðir eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum.

Ed. 364. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild.

Til fundar við nefndina komu Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og frá fjármálaráðuneyti Bolli Þór Bollason, Lárus Ögmundsson, Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Alþingi, 22. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. | Margrét Frímannsdóttir.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 365. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Til fundar við nefndina komu Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og frá fjármálaráðuneyti Bolli Þór Bollason, Lárus Ögmundsson, Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Alþingi, 22. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 366. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, MF, JE).

1. Við 2. gr. D-liður orðist svo: 4. tölul. greinarinnar hljóði svo:
   a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
   b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul. og a-lið þessa töluliðar 15%.
2. Við 4. gr. Greinin falli brott.
3. Við 20. gr. Á eftir „2. mgr. 30. gr.“ komi: 41. gr.

Nd. 367. Frumvarp til laga [214. mál]

um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum. Lögin eiga við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Lögin taka til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga, stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila.

Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

2. gr.

Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956 og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita fellur utan marka laga þessara.

II. KAFLI

Almennar reglur um heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning persónuupplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá eftirtaldar upplýsingar er varða einkamálefni einstaklinga:

a. upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúarbrögð,
b. upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað,
c. upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun,
d. upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál,
e. upplýsingar um svipuð einkalífsatriði og greinir í a–d.

Skráning upplýsinga þeirra, er greinir í 1. mgr., er heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Þá er skráning upplýsinga skv. 1. mgr. og heimil ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans. Það er skilyrði slíkrar skráningar að upplýsinga sé aflað við þær aðstæður að hinum skráða geti eigi dulist að ætlunin er að skrá viðkomandi upplýsingar.

Þótt skilyrðum 2. mgr. sé eigi fullnægt getur tölvunefnd heimilað skráningu upplýsinga þeirra er greinir í 1. mgr. ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Tölvunefnd bindur heimild til slíkrar skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

III. KAFLI

Um aðgang að skráðum upplýsingum.

5. gr.

Án sérstakrar heimildar í öðrum lögum er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. nema með samþykki hins skráða eða einhvers er heimild hefur til að skuldbinda hann.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd þó heimilað að skýra megi frá upplýsingum þeim er greinir í 1. mgr. 4. gr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Öðrum upplýsingum, sem falla undir ákvæði laga þessara en þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Án sérstakrar lagaheimildar er þó eigi heimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en 5 ára nema sýnt sé fram á að aðgangur að upplýsingunum geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði sem upplýsingarnar tengjast.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum ef eigi er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár er falla undir ákvæði laga þessara nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama aðila er hér átt við sama einstakling, fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er jafnt átt við vélræna sem handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrár annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr., um heimild tölvunefndar til að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Skal þá ótvírætt að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda með samtengingunni, vegi þyngra en tillitið til hagsmuna hinna skráðu. Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þar með talið skilyrðum um það hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra hinum skráða frá því að samtenging kunni að fara fram.

7. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni er hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám varðandi hinn skráða. Þá er og heimilt, þegar læknir á í hlut, að veita upplýsingar um aðra menn, einkum vandamenn hins skráða, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

8. gr.

Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði látnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum.

IV. KAFLI

Um rétt skráðra aðila

9. gr.

Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með talið hagsmunum hins skráða sjálfs. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra, skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

10. gr.

Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.

11. gr.

Ákvæði 9. gr. taka ekki til skrár eða skráningar sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfræðilegra útdrátta. Tölvunefnd getur einnig ákveðið að aðrar skrár séu undanþegnar ákvæðum þessum ef ætla má að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni hafa í för með sér að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

12. gr.

Upplýsingar skv. 9. gr. skulu veittar skriflega ef þess er óskað. Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila og skýra honum frá efni upplýsinga innan fjögurra vikna frá því krafa

um slíkt kom fram, en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt.

Ef skrárhaldari hafnar kröfum aðila um að skýra frá efni skráðra upplýsinga, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr., er skrárhaldara skylt að vekja athygli hins skráða á rétti hans til þess að bera ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr.

13. gr.

Heimilt er að bera ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum samkvæmt þessum kafla laganna undir tölvunefnd sem úrskurðar um ágreininginn.

Dómsmálaráðuneytið getur sett reglur um sanngjarnt gjald er greiða skal fyrir veitingu skráðra upplýsinga.

14. gr.

Nú telur skráður aðili að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu rangar eða villandi. Getur hann þá krafist þess að sá er ábyrgur er fyrir skráningu færi þær í rétt horf, afmái þær eða bæti við þær, eftir því sem við á hverju sinni. Hið sama gildir ef aðili telur að á skrá séu upplýsingar sem eigi er heimilt að skrásetja eða upplýsingar sem eigi hafa lengur þýðingu.

Nú neitar sá er ábyrgur er fyrir skrá að fallast á kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan fjögurra vikna frá því hún sannanlega kom fram og getur hinn skráði þá óskað þess við tölvunefnd að nefndin kveði á um það hvort og að hvaða marki taka beri til greina kröfu hans um að leiðrétta upplýsingarnar eða afmá þær. Fallist tölvunefnd á kröfu manns um að afmá eða leiðrétta upplýsingar leggur hún fyrir skrárhaldara að afmá upplýsingarnar eða leiðrétta þær.

Í neitun skrárhaldara skv. 2. mgr. um leiðréttingu eða afmáun rangra eða villandi upplýsinga skal hinum skráða gerð grein fyrir því að ágreining í þeim efnum geti hann borið undir tölvunefnd.

Þegar um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust skv. V. kafla er að ræða skal skrárhaldari senda án tafar öllum þeim, er fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu sex mánuði svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá skrárhaldara um hverjir hafi móttekið rangar upplýsingar og hverjum leiðréttingar hafi verið sendar. Tölvunefnd getur, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt fyrir skrárhaldara að senda öllum þeim skriflega tilkynningu um leiðréttinguna er á síðustu sex mánuðum, áður en krafa um leiðréttingu kom fram, fengu rangar upplýsingar úr skrá. Skrárhaldari skal þá jafnframt upplýsa hinn skráða um það hverjir fengið hafa tilkynningu um slíka leiðréttingu.

Þegar sérstaklega stendur á getur tölvunefnd ákveðið að skylda skrárhaldara skv. 4. mgr. til þess að senda skriflega leiðréttingu taki til lengri tíma en síðustu sex mánaða áður en krafa um leiðréttingu kom fram.

V. KAFLI

Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

15. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna, í því skyni að miðla öðrum upplýsingum um það efni er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir. Þeim einum má veita starfsleyfi sem að mati tölvunefndar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur skrárhaldara samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15. gr. er einungis heimilt að skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Aldrei er heimilt að taka í slíka skrá upplýsingar þær sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. laganna.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fimm ára, er óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða. Áður en slíkar upplýsingar eru skráðar eða þeim miðlað skal það tilkynnt viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins frests frá móttöku tilkynningar. Skal sá frestur að lágmarki vera ein vika frá móttöku tilkynningar. Beri aðili fram andmæli er skráning eða miðlun upplýsinga aðeins heimil að fengnu samþykki tölvunefndar.

17. gr.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrám án þess að skýra hinum skráða frá því.

Ef önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr. eru tekin á skrá ber starfsleyfishafa að skýra skráðum aðila, sem í fyrsta skipti er tekinn á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og greina honum frá heimild hans til þess að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 18. gr.

18. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar skv. 15. gr. og er starfsleyfishafa þá skylt, innan fjögurra vikna frá því krafa kom fram um slíkt, að skýra aðila frá efni skráðra upplýsinga og þess mats sem starfsleyfishafinn hefur látið frá sér fara á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda.

Ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. hefur í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni skv. 1. mgr. lýtur að er honum skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hins skráða aðila til þess að fá að kynna sér efni skrár af eigin raun.

Hinn skráði aðili getur gert kröfu til þess að fá skrifleg svör skv. 1. mgr. frá skrárhaldara, en skráður aðili á eigi kröfu til þess að honum sé skýrt frá hvaðan upplýsingar eru fengnar.

19. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té skriflega, sbr. þó 1. og 2. mgr. 18. gr. Þegar fastir viðskiptavinir eiga í hlut er þó heimilt að veita almennar upplýsingar munnlega eða á annan svipaðan hátt, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a.m.k. sex mánuði.

Upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust mega aðeins geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins senda til áskrifenda. Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins.

Upplýsingar um skuldastöðu manna má því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a.m.k. 10.000,00 kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafin til fullnustu hennar.

Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varðar.

20. gr.

Um leiðréttingu eða afmáun rangra og villandi upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gilda ákvæði 14. gr.

VI. KAFLI

Nafnalistar og nafnáritanir. Markaðs- og skoðanakannanir.

21. gr.

Sala eða önnur afhending úr skrám á nöfnum og heimilisföngum tiltekinna hópa einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða félaga er óheimil án starfsleyfis sem tölvunefnd veitir. Þá er og óheimilt án slíks starfsleyfis að annast um fyrir aðra áritanir nafna og heimilisfanga, svo sem með límmiðaáritun, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Starfsleyfishafi skv. 1. mgr. má aðeins hafa á skrám sínum eftirtaldar upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang, kennitölu, fyrirtækjanúmer og starf,
2. upplýsingar sem almennur aðgangur er að í opinberum skrám, svo sem fyrirtækjaskrám,
3. upplýsingar um menntun, tómstundamál og svipað sem myndað getur grundvöll að almennt viðurkenndri greiningu manna og fyrirtækja í mismunandi hópa.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám þessum.

22. gr.

Ef skrá skv. 21. gr. er notuð til áritunar á bréf, tilkynningar, dreifirit eða þess háttar skal í áritun koma fram úr hvaða skrá upplýsingarnar eru fengnar.

Skrárhaldara skv. 21. gr. er skylt að verða við tilmælum skráðs aðila um það að nafn hins kráða verði máð af skrá. Ef beiðni um að má nafn af skrá berst til sendanda bréfs, lkynningar eða dreifirits er sendanda skylt að koma slíkri kröfu á framfæri við skrárhaldara. Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.

23. gr.

Nú fær skrárhaldari skv. 21. gr. í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár og er honum þá óheimilt án samþykkis þess sem afhent hefur gögnin að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum sem í skránum eða gögnunum felast.

24. gr.

Óheimilt er að framkvæma markaðs- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laga þessara nema áður hafi verið aflað heimildar tölvunefndar. Þeim sem slíkar kannanir framkvæma ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:

a. Gera skal þeim sem spurður er grein fyrir því að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild.
b. Ef svör eru ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frá gengin að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila.
c. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því sem verið er að kanna.
d. Óheimilt er að nota upplýsingar þær, sem skráðar hafa verið, til annars en þess sem var tilgangur könnunar.
e. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þeim sem skráðar hafa verið.

Tölvunefnd er heimilt að setja frekari skilyrði um framkvæmd slíkra kannana, meðferð og varðveislu gagna ef hún telur það nauðsynlegt.

VII. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

25. gr.

Þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra er óheimilt án starfsleyfis, sem tölvunefnd veitir, að varðveita eða vinna úr eftirtöldum upplýsingum um einkamálefni:

a. upplýsingum, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 4. gr.,
b. upplýsingum, sem falla undir ákvæði V. kafla,
c. upplýsingum, sem falla undir ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Starfsleyfishafa skv. 1. mgr. er, án samþykkis frá skráreiganda, óheimilt að nota upplýsingar þær, sem hann hefur veitt viðtöku, til annars en að framkvæma þá þjónustu sem samningur hans og skráreiganda varðar eða afhenda öðrum upplýsingarnar til vinnslu eða geymslu. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess sem upphaflega tók að sér verkið að því er varðar ákvæði laga þessara.

Starfsleyfishafa er skylt að beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar verði misnotaðar eða þær komist í hendur óviðkomandi. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

26. gr.

Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheiti áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíkan aðila og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns varðar, þegar svo stendur á, refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

27. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi skv. 1. og 2. mgr. má því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lög þessi búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn tölvunefndar ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða tillit til alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði mælir með því.

IX. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

28. gr.

Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim skal dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum.

Nefndina skal skipa til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar, varaformaður og einn nefndarmaður að auki skulu vera lögfræðingar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmanna skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti til fjögurra ára í senn og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari tölvunefndar.

29. gr.

Tölvunefnd hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma.

Úrlausnir tölvunefndar samkvæmt lögum þessum verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

30. gr.

Tölvunefnd getur krafið skrárhaldara og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar með talið upplýsinga til ákvörðunar um það hvort tiltekin starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftirlitsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu.

31. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi skráning eða upplýsingagjöf í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar. Þá getur tölvunefnd og, að sömu skilyrðum fullnægðum, mælt svo fyrir að upplýsingar í skrám verði afmáðar eða skrár í heild sinni eyðilagðar.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara ef skráning þeirra gengur í berhögg við ákvæði laga þessara eða upplýsingarnar eru rangar eða villandi.

Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, lagt fyrir skráningaraðila að afmá upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu.

Tölvunefnd getur bannað skráningaraðila að viðhafa tiltekna aðferð við söfnun og skráningu upplýsinga og miðlun þeirra, enda telji nefndin að sú aðferð, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi. Sömu heimild hefur tölvunefnd ef hún telur hættu á að teknar verði á skrá eða miðlað verði úr skrám upplýsingum sem óheimilt er að skrá eða miðla.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því að eigi verði tekin á skrá atriði sem óheimilt er að skrá eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði sem eru röng eða villandi. Með sama hætti getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að koma við ráðstöfunum til tryggingar því að skráðar upplýsingar verði ekki misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi aðila.

Ef aðili sinnir eigi fyrirmælum tölvunefndar skv. 1.–6. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd afturkallað starfsleyfi, samþykki eða heimild sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati með fullnægjandi hætti.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum er safnað hefur verið erlendis, þar á meðal um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

33. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eða samþykki til einstakra aðgerða og er henni þá heimilt að binda starfsleyfið eða samþykkið skilyrðum eða tímabinda það.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfa og einstakra heimilda.

34. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta yfirlit yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslunni skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri sem ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

X. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

35. gr.

Brot á eftirtöldum ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. brot á 3.–6. gr.,
b. brot á 9. og 12. gr.,
c. brot á 2. og 4. mgr. 14. gr.,
d. brot á 15.–20. gr.,
e. brot á 21.–24. gr.,
f. brot á 26., 27. og 1. mgr. 30. gr.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara að fyrirmælum tölvunefndar skv. 31. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, heimild eða samþykki samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda skv. 36. gr., enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir lögðaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögðaðilanum.

36. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15., 21. og 25. gr. má auk refsingar skv. 35. gr. með dómi svipta starfsleyfi ef sök er mikil. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

37. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

XI. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

38. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Íslensk löggjöf um tölvu- og skráningarmálefni.

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi til verndar einstaklingum vegna skráningar á upplýsingum um einkamálefni þeirra, voru lög nr. 63/1981, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Höfðu þau fyrir fram afmarkaðan gildistíma og féllu úr gildi 31. desember 1985. Þann 1. janúar 1986 tóku gildi ný lög um sama efni, lög nr. 39/1985, og hafa þau, eins og lög nr. 63/1981, einnig fyrir fram afmarkaðan gildistíma og falla úr gildi 31. desember 1989. Samkvæmt 31. gr. laganna skal dómsmálaráðherra láta endurskoða þau og leggja fram nýtt frumvarp í þingbyrjun haustið 1988.

Í janúar 1988 fól dómsmálaráðherra þeim Þorgeiri Örlygssyni, prófessor og formanni tölvunefndar, og Tryggva Gunnarssyni borgardómara að endurskoða lög nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og sömdu þeir frumvarp þetta.

Mál, er varða skráningu á upplýsingum um einkamálefni manna, hefur síðustu tvo áratugi oft borið á góma á Alþingi, einkum í tengslum við flutning þingsályktunartillagna. Á Alþingi 1973–1974 og 1975–1976 og 1976 voru fluttar tillögur til þingsályktunar um „tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi". Tillögurnar voru í meginatriðum sama efnis. Var skorað á ríkisstjórnina að skipa nefnd manna til að semja frumvarp til laga „um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið verði upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni". Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga. Þann 25. nóvember 1976 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum er varða einkahagi manna. Formaður nefndarinnar var skipaður dr. Ármann Snævarr, þá hæstaréttardómari, en aðrir nefndarmenn voru Hjalti Zóphóníasson, þá fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu en nú skrifstofustjóri í því ráðuneyti, og dr. Þorkell Helgason dósent. Í erindisbréfi til nefndarmanna var sérstaklega bent á að þörf væri á að hyggja að reglum um söfnun upplýsinga til varðveiðslu í tölvum og um vernd manna gegn misnotkun slíks efnis, svo og um skyldur þeirra manna sem starfa við rekstur á tölvum. Skyldi höfð hliðsjón af löggjöf sem sett hafði verið í öðrum löndum um þetta efni, svo og löggjafarundirbúningi á þessu sviði í einstökum löndum og á alþjóðavettvangi.

Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni og var það lagt fram á Alþingi undir þinglok 1978 (298. mál, þingskjal 683), en kom aldrei til umræðu.

Í nóvember 1978 ákvað dómsmálaráðherra að framangreint frumvarp skyldi, áður en það yrði á ný lagt fyrir Alþingi, sent til umsagnar ýmissa aðila sem málið varðaði. Umsagnir þær, sem bárust, voru því næst sendar nefnd þeirri er samdi upphaflega frumvarpið. Í framhaldi af

þessu skilaði nefndin nokkrum tillögum til breytinga á upphaflega frumvarpinu. Frumvarpið var lagt fram á 102. löggjafarþingi í ársbyrjun 1980, en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið var óbreytt lagt fram á 103. löggjafarþinginu árið 1980 af dómsmálaráðherra (þingskjal 2, n. 692, 693). Var markmið þess enn sem fyrr að veita einkamálefnum manna aukna vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga sem varðveittar eru eða skráðar hafa verið í tölvum. Fylgdu frumvarpinu ítarlegar athugasemdir í greinargerð. Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis flutti 57 breytingartillögur við frumvarpið og umsamdi það í raun. Af framsöguræðu formanns allsherjarnefndar neðri deildar, Eiðs Guðnasonar, fyrir breytingartillögunum má ráða að nefndinni þótti upphaflegt frumvarp nokkuð viðamikið og tölvuverndarmálefnin gerð óþarflega flókin. Miðuðu breytingartillögurnar að sögn nefndarformannsins að því að einfalda frumvarpið og koma í veg fyrir endurtekningar sem væru margar og reyna að koma í veg fyrir að hin svokallaða tölvunefnd yrði að stjórnsýslubákni, svo sem reyndin hafi orðið á Norðurlöndum. Upphaflegt frumvarp greindist í sjö þætti og 13 kafla, en samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir því að frumvarpið skiptist í 10 kafla. Þá voru greinar upphaflega frumvarpsins 51 talsins, en þeim fækkaði í 31 í tillögum nefndarinnar.

Breytingartillögur allsherjarnefndar neðri deildar voru allar samþykktar og var frumvarpið þannig samþykkt sem lög nr. 63/1981. Allsherjarnefnd neðri deildar samdi ekki nýja greinargerð með frumvarpinu, en í framsöguræðu formanns nefndarinnar er gerð grein fyrir breytingartillögunum og ástæðum þeirra.

Lög nr. 63/1981 tóku gildi 1. janúar 1982. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. þeirra féllu þau úr gildi 30. janúar 1985 og skv. 2. mgr. 30. gr. skyldi dómsmálaráðherra láta endurskoða lögin og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í haustbyrjun 1984.

Með bréfi 7. nóvember 1983 fól dómsmálaráðherra tölvunefnd að gera tillögur um þær breytingar á lögum nr. 63/1981 sem nefndin teldi þörf á. Allir nefndarmenn voru sammála um að leggja til breytingar á 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 6. gr., 13. gr., 19. gr. og 1. mgr. 28. gr. Er gerð grein fyrir breytingartillögum þessum í ársskýrslu tölvunefndar fyrir árið 1984 á bls. 15–16. Þá er og í ársskýrslu þessari á bls. 16–18 gerð grein fyrir hugmyndum einstakra nefndarmanna um breytingar á lögunum sem ekki fengu stuðning allra nefndarmanna. Dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi í haustbyrjun 1984 frumvarp til breytinga á lögum nr. 63/1981. Var í frumvarpinu lagt til að gerðar yrðu á lögunum þær breytingar sem allir nefndarmenn tölvunefndar höfðu verið sammála um. Breytingartillögur þessar voru allar samþykktar og voru ný lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni samþykkt sem lög nr. 39 frá 15. júní 1985. Tóku þau gildi 1. janúar 1986.

II.

Erlend löggjöf um tölvu- og skráningarmálefni.

Í frumvarpi því, er lagt var fram á Alþingi á 103. löggjafarþingi árið 1980, var að finna yfirlit um sögu löggjafar varðandi skráningu persónugagna. Svo sem þar kemur fram urðu Svíar fyrstir þjóða til þess að setja lög um þetta efni, þ.e. tölvulögin frá 11. maí 1973 er endanlega tóku gildi 1. júlí 1974, en í sambandsríkinu Hessen í Vestur-Þýskalandi hafði þó verið sett rammalöggjöf um þetta efni að nokkru árið 1970.

Til viðbótar þeim upplýsingum, er fram koma í áðurgreindu frumvarpi frá 1980, má geta þess að löggjöf um skráningu persónugagna er nú í gildi í Austurríki, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, á eyjunni Mön, í Ísrael, Kanada, Luxemborg, Noregi, New York ríki í Bandaríkjunum, Ontario og Quebeck í Kanada, Svíþjóð, Sviss og Vestur-Þýskalandi. Frumvörp til laga um skráningu persónugagna eru til umfjöllunar í þjóðþingum Argentínu, Belgíu, Grikklands, Hollands, Ítalíu, Portúgals og Spánar.

Alþjóðlegt samstarf á þessu réttarsviði hefur farið vaxandi og ýmis fjölþjóðleg samtök hafa sinnt tölvuverndarmálefnum í auknum mæli. Má í því sambandi annars vegar nefna

ályktun aðildarríkja OECD frá 1980 (OECD Guidelines on the Protection of Privacy and Transborder Flows of Personal Data) og hins vegar sáttmála Evrópuráðsríkjanna frá 1980 (A Convention for the Protection of Induviduals with Regard to Automatic Processing of Personal Data). Íslendingar hafa undirritað Evrópuráðssáttmálann en ekki fullgilt hann.

Íslendingar hafa tekið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi varðandi vernd persónuupplýsinga innan Evrópuráðsins, í samstarfi tölvueftirlitsstofnana á Norðurlöndum og í samstarfi við vestrænar tölvueftirlitsstofnanir. Má um það efni vísa til ársskýrslna tölvunefndar.

III.

Meginbreytingar samkvæmt frumvarpi þessu og helstu markmið þess.

Eins og lög nr. 63/1981 og lög nr. 39/1985 hefur frumvarp þetta það að meginmarkmiði að tryggja mönnum vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga um einkamálefni þeirra sem varðveittar eru eða skráðar hafa verið með kerfisbundnum hætti. Svo sem nánar verður vikið að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er verndarsvið þess þó ekki einskorðað við skráningu í tölvur, heldur tekur það til skráningar hvort sem hún er vélræn eða handunnin.

Lög nr. 63/1981 og 39/1985 voru fyrstu lög sem sett voru hér á landi um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Lögin hafa að mestu staðið óbreytt allt frá ársbyrjun 1982 ef frá eru taldar smávægilegar breytingar sem gerðar voru árið 1985 og áður er að vikið. Lög þessi hafa, að mati þeirra sem unnið hafa við að framfylgja ákvæðum þeirra, í flesta staði reynst vel þegar á heildina er litið. Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd gildandi laga og er í frumvarpinu leitast við að sníða af ýmsa vankanta gildandi löggjafar sem komið hafa í ljós. Má sem dæmi nefna að í gildandi lög skortir tilfinnanlega ýmis ákvæði um valdsvið tölvunefndar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa í löggjöf sem þessari.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið litið til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á réttarreglum á þessu sviði á Norðurlöndum. Gagnger endurskoðun fór fram á dönsku tölvulögunum árið 1987, sbr. lög nr. 383 frá 10. júní 1987, og gilda þar í landi nú um þetta efni annars vegar lög nr. 621 frá 2. ágúst 1987, Lov om offentlige myndigheders registre, og hins vegar lög nr. 622 frá 2. október 1987, Lov om private registre m.v. Hefur við samningu frumvarps þessa oft verið litið til ákvæða dönsku laganna, svo sem fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar, og verða hin dönsku lög í greinargerð þessari hér eftir kölluð dönsku e.s.l. (lögin um skráningu af hálfu einkaaðila) og dönsku o.s.l. (lögin um skráningu af hálfu opinberra aðila).

Meginmarkmið breytinga þeirra, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er að tryggja skráðum aðilum aukna vernd, kveða skýrar á um skyldur skráningaraðila og tryggja virkara eftirlit með framkvæmd laganna. Þótt breytingar þær á gildandi lögum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, séu allmargar raska þær þó ekki í neinum verulegum atriðum þeirri umgjörð sem er samkvæmt gildandi lögum á þessu verndarsviði og þær munu ekki hafa í för með sér verulegar breytingar á eðli og umfangi þess starfs sem fram fer til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Er áfram byggt á því fyrirkomulagi að hafa í einum lögum fyrirmæli um skráningu af hálfu opinberra aðila og einkaaðila og áfram er byggt á starfsleyfisskyldu skráningaraðila en ekki tilkynningarskyldu.

Engar athugasemdir við einstakar greinar fylgdu þingnefndarfrumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 63/1981 og 39/1985. Er úr því bætt í frumvarpi þessu og fylgja því skýringar við einstakar greinar. Kafla- og greinaskipan frumvarpsins er að mestu í samræmi við kafla- og greinaskipan gildandi laga.

Ýmis ákvæði gildandi laga um valdsvið og verkefni tölvunefndar og heimildir nefndarinnar í einstökum tilvikum eru óljós. Miðar frumvarpið m.a. að því að afmarka valdsvið nefndarinnar nánar og taka af skarið varðandi ýmsar heimildir nefndarinnar sem áður var

óljóst hvort nefndin hefði. Er nánari grein gerð fyrir þessum atriðum í athugasemdum við einstakar greinar, en hér á eftir skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar á ákvæðum gildandi laga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýju heiti laganna, þ.e. að þau heiti lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en gildandi lög heita lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.
2. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er orðið „persónuupplýsingar“ notað um það sem í gilandi lögum er kallað „upplýsingar varðandi einkamálefni einstaklinga“ og er hugtakið persónuupplýsingar nánar skilgreint í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru lögin sögð taka til skráningar og „annarrar meðferðar“ á persónuupplýsingum, en í gildandi lögum einvörðungu talað um skráningu.
3. Í II. kafla frumvarpsins, sem fjallar um heimild til skráningar, er greint með skýrari hætti annars vegar á milli þeirra upplýsinga sem eru sérstaklega viðkvæmar og eru þær greindar í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og hins vegar annarra upplýsinga. Gilda strangari reglur um heimild til skráningar hinna fyrrnefndu upplýsinga og aðra meðferð þeirra, t.d. um aðgang að skráðum upplýsingum, sbr. ákvæði III. kafla frumvarpsins.
4. III. kafli frumvarpsins „Um aðgang að skráðum upplýsingum“ kemur í stað V. kafla gildandi laga sem ber heitið: „Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða“. Ákvæðum um bann við samtengingu skráa og undanþágur frá því banni er skipað í þennan kafla. Kveðið er skýrar á um það hverjar heimildir tölvunefnd hefur til þess að veita aðgang að upplýsingum og settar eru viðmiðunarreglur sem tölvunefnd skal leggja til grundvallar við mat í þeim efnum. Veigamesta breytingin er sú sem fram kemur í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Gerir hún ráð fyrir því að ekki megi nema í undantekningartilvikum skýra frá upplýsingum sem eldri eru en fimm ára.
5. IV. kafli frumvarpsins, sem fjallar um rétt skráðra aðila og kemur í stað IV. kafla gildandi laga, hefur að geyma mörg nýmæli. Settar eru ítarlegar reglur um skyldur skrárhaldara þegar skráður aðili óskar upplýsinga um efni skráðra upplýsinga. Skulu skrárhaldarar veita upplýsingar skv. 9. gr. skriflega og þeir skulu hafa svarað tilmælum hins skráða innan fjögurra vikna, en gera ella fyrirspyrjanda skriflega grein fyrir því af hverju tilmælum hans hefur ekki verið sinnt, sbr. ákvæði 12. gr. frumvarpsins. Þá skal skrárhaldari, ef hann hafnar tilmælum aðila um að skýra frá efni upplýsinga, vekja athygli hins skráða á því að hann geti borið ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar. Þá er það nýmæli að finna í 13. gr. frumvarpsins að skýrt er kveðið á um það að ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum skv. IV. kafla geta menn borið undir úrlausn tölvunefndar. Loks er það meðal nýmæla í kafla þessum að þegar um aðrar upplýsingar er að ræða en upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að senda skriflega leiðréttingu til þeirra er rangar upplýsingar hafa fengið.
6. V. kafli frumvarpsins, sem fjallar um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, kemur í stað 5. gr. gildandi laga og felur í sér verulegar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við þann kafla og vísast þangað, en í stuttu máli má segja að kaflinn hafi að geyma nýjar og strangari reglur um skyldur skrárhaldara, um rétt skráðra aðila, um eðli upplýsinga og aldur þeirra og hvaðan þær eru fengnar.
7. Ákvæði VI. kafla um nafnalista og nafnaáritanir og um markaðs- og skoðanakannanir er nýmæli hvað varðar ákvæði um nafnalista og nafnaáritanir. Er þar m.a. kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem slíka þjónustu hafa með höndum, hvaða upplýsingar þeir megi hafa á skrám, skyldu þeirra til þess að láta það koma fram í áritun, úr hvaða skrá nafn er fengið og um takmarkanir á rétti skrárhaldara til þess að selja öðrum upplýsingarnar. Eru þetta allt nýmæli. Ákvæði 24. gr. um framkvæmd markaðs- og skoðanakann-

ana eru að mestu í samræmi við ákvæði gildandi laga og framkvæmd þeirra, en þó er þar það nýmæli að finna að afdráttarlaust er tekið fram að óheimilt sé að framkvæma slíkar kannanir án leyfis tölvunefndar ef skráning lýtur að upplýsingum sem falla undir ákvæði laganna.

8. VII. kafli frumvarpsins, sem fjallar um tölvuþjónustu, er að mestu óbreyttur miðað við ákvæði VI. kafla gildandi laga sem fjallar um sama efni.
9. IX. kafli frumvarpsins kemur í stað VIII. kafla gildandi laga og fjallar um eftirlit með framkvæmd laganna. Þau nýmæli er þar helst að finna að lagt er til í 28. gr. að nefndarmönnum í tölvunefnd verði fjölgað úr þremur í fimm. Samkvæmt 30. gr. frumvarpsins getur tölvunefnd krafið skrárhaldra og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt. Þá er það nýmæli að finna að tölvunefnd hefur án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu. Í 3. mgr. 31. gr. frumvarpins er tekið af skarið um það að eftirlitsvald tölvunefndar og þar með gildissvið laganna taki einnig til upplýsinga sem skráðar voru fyrir gildistöku laganna. Loks er að finna ákvæði í 32. gr. um alþjóðlegt samstarf á verndarsviði laganna og heimild til reglugerðarsetningar um það efni.
10. X. kafli um refsingar og önnur viðurlög kemur í stað IX. kafla gildandi laga og er efnislega eins að því þó viðbættu að ítarlegri ákvæði er að finna í frumvarpinu um refsiábyrgð lögaðila.
11. Í XI. kafla um lagaframkvæmd og gildistöku er gildistími laganna ekki fyrir fram markaður eins og er í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um gildissvið laganna.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga og markar gildissvið laganna. Af ákvæðum frumvarpsgreinarinnar leiðir að skráning persónuupplýsinga er aðeins heimil að því marki sem kveðið er á um í II. og V. kafla frumvarpsins.

Í frumvarpsgreininni er talað um kerfisbundna skráningu upplýsinga og skv. 1. mgr. skiptir ekki máli hvort skráning er vélræn eða handunnin. Kerfisbundin aðferð við geymslu upplýsinga, sem undir venjulegum kringumstæðum teldist ekki skrá, getur fallið undir ákvæði laganna að öðrum skilyrðum fullnægðum. Má sem dæmi nefna persónuupplýsingar í möppum sem varðveittar eru eftir ákveðnu kerfi. Af áskilnaði frumvarpsgreinarinnar um kerfisbundna skráningu leiðir að utan gildissviðs frumvarpsins falla einstakar tilviljunarkenndar skrár.

Þeir sem njóta verndar frumvarpsins eru einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir. Utan verndarsviðsins falla hins vegar opinberir aðilar. Hér er að meginstefnu til haft í huga einkalíf manna í sama skilningi og í XXV. kafla almennra hegningarlaga. Má sem dæmi nefna fjölskyldumálefni manna, heilsuhagi, kynlíf, brotaferil, skoðanir manna á trúmálum og stjórnmálum, tengsl manns við aðra menn eða álit manns á öðrum sem leynt á að fara, ágreiningur og átök innan fjölskyldu sem eðlilegt er að leynt fari og lífsvenjur manna. Upplýsingar þær, sem hér um ræðir, þurfa ekki að vera manni til hnjóðs eða meiða æru hans. Það greinimark, sem við er stuðst, er það að sanngjarnt sé og eðlilegt að upplýsingarnar fari leynt, sbr. ákvæði 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Verður að meta þetta hverju sinni og er matið afstætt. Er hér byggt á vísireglu sem tekur nokkurt mið af venjuhelguðum viðhorfum við túlkun ákvæða XXV. kafla almennra hegningarlaga þótt slíkt sé ekki einhlítt að því leyti að hér er einkalífssviðið, sem vernda á, nokkuð rýmra en skv. XXV. kafla hegningarlaganna,

sbr. t.d. fjárhagsmálefni. Utan gildissviðs frumvarpsins falla skrár sem eingöngu hafa að geyma nöfn manna og heimilisföng, símanúmer og stöðu, sbr. þó ákvæði VI. kafla. Það er þó skilyrði að hinar síðastnefndu skrár séu ekki þannig upp byggðar og fram settar að úr þeim megi jafnframt lesa upplýsingar sem falla undir ákvæði frumvarpsins.

Eins og áður segir er skráning upplýsinga þeirra, sem hér um ræðir, aðeins heimil að því marki sem II. og V. kafli frumvarpsins leyfir, en samkvæmt köflum þessum er þeim er hafa tiltekna starfsemi með höndum, atvinnufyrirtækjum, félögum og stofnunum, heimil skráning að ákveðnu marki, sbr. það sem síðar segir í athugasemdum við II. kafla. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir því að **einstaklingum** er óheimil skráning þeirra upplýsinga er falla undir ákvæði frumvarpsins.

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að lögin taki til hvers konar kerfisbundinnar **skráningar** á þeim upplýsingum sem falla undir lögin þótt lögin hafi að geyma fjölda ákvæða um aðra meðferð slíkra upplýsinga, t.d. um aðgang að þeim. Þar sem frumvarp þetta kveður bæði á um skráningu og aðra meðferð persónuupplýsinga þykir rétt að taka þetta fram berum orðum í 1. mgr. 1. gr., enda er vernd frumvarpsins ekki takmörkuð við skráninguna eina.

Í greininni er skýrt kveðið á um að lögin eigi við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Í þessu felst ekki efnisbreyting frá gildandi lögum, en rétt þykir taka af öll tvímæli í þeim efnum. Í þessu felst það að ekki er í frumvarpinu gerður greinarmunur á aðferðinni við söfnun og skráningu upplýsinga, enda tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst sá að veita vernd gegn óheimilli skráningu þeirra upplýsinga er lögin taka til hver svo sem aðferðin er sem viðhöfð er. Eigi kemur fram í 1. gr. gildandi laga að lögin taki bæði til vélrænnar og handunninnar skráningar þótt þau hafi verið túlkuð þannig. Hefur þetta verið til þess fallið að valda misskilningi um gildissvið þeirra.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sú orðalagsbreyting gerð að orðið **persónuupplýsingar** er notað sem **safnheiti** fyrir það sem í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er kallað upplýsingar „varðandi einkamálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari". Þykir þessi orðalagsbreyting horfa til einföldunar og hagræðis. Er hugtakið persónuupplýsingar nánar skilgreint í 3. mgr. greinarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá skráningaraðila sem frumvarpið tekur til. Fylgir frumvarpið því meginsjónarmiði gildandi laga að fjalla í einu lagi um skráningu af hálfu opinberra aðila og einkaaðila. Ekki þykir ástæða til þess að setja sérstakar reglur um skráningu af hálfu opinberra aðila þar sem ætla verður að 3. gr. frumvarpsins búi einkalífsvernd manna næga vernd hvort heldur sem skráningin er af hálfu opinberra aðila eða einkaaðila þar sem það er jafnan skilyrði skráningar að hún sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

Í gildandi lögum er talað um einkamálefni og fjárhagsmálefni þeirra aðila sem lögin tilgreina, en í frumvarpinu er tekið fram að með persónuupplýsingum sé auk upplýsinga um einkamálefni og fjárhagsmálefni einnig átt við önnur málefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Skilgreining hugtakanna **einkamálefni** og **fjárhagsmálefni** geta oft valdið vafa. Er hér því farið að fyrirmynd 1. gr. dönsku e.s.l. um skráningu af hálfu einkaaðila og til öryggis bætt við upptalninguna á einkamálefnum og fjárhagsmálefnum **öðrum málefnum.**

Verndin samkvæmt greininni miðast við það að sanngjarnt sé og eðlilegt að viðkomandi upplýsingar fari leynt. Hér er um matskennda viðmiðun að ræða, en hún stafar af því að ekki verður í öllum tilvikum fyrir fram afmarkað með nákvæmum hætti hverjar upplýsingar sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Heyrir það undir tölvunefnd að skera úr um það hvað sé sanngjarnt og eðlilegt í þessum efnum, sbr. m.a. IX. kafla frumvarpsins.

Í 4. mgr. er orðunum „kennitölu eða öðru" skráningarauðkenni bætt við. Er það til samræmis við breytta skráningarhætti af hálfu Hagstofu Íslands, þ.e. að taka upp kennitölu í stað nafnnúmers.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 2. gr. gildandi laga og hefur að geyma tæmandi talningu á því hvaða skráningarstarfsemi falli utan gildissviðs laganna. Sú skráningarstarfsemi, sem fellur utan marka laganna, er:

1. Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956.
2. Skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga, til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi fellur utan marka laganna og sömuleiðis önnur skipulagsbundin skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita. Við ættfræðirannsóknir og samningu æviskrárrita kann eigi að síður að þurfa að gæta annarra reglna er varða vernd einkalífs, sbr. t.d. Hrd. 1968 á bls. 1007.

Eins og fyrr segir er upptalning 2. gr. tæmandi. Af því leiðir að t.d. skráning í þágu vísindarannsókna fellur tvímælalaust undir gildissvið laganna. Við setningu fyrstu tölvuverndarlaganna í Danmörku var skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna undanþegin ákvæðum dönsku laganna. Því fyrirkomulagi var í sjálfu sér ekki breytt við endurskoðun dönsku laganna 1987, en þó bætt við lögin ákvæði þess efnis að slík skráning megi ekki fara fram nema tölvueftirlitinu hafi fyrst verið tilkynnt um skráninguna. Gegnir hinu sama um venjulegar markaðs- og skoðanakannanir ef um skráningu einkalífsatriða er jafnframt að ræða. Af ákvæðum II. kafla frumvarps þessa leiðir að skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna er því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Almennar reglur um heimild til skráningar.

Kaflinn hefur að geyma almennar reglur um heimild til skráningar. Reglur kaflans spanna vítt svið þar sem þær eiga við um sérhverja skráningu persónuupplýsinga er 1. gr. frumvarpsins tekur til og hafa þær því einkenni almennra viðmiðunarreglna. Um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og um starfsemi þeirra, er hafa með höndum sölu nafnalista og límmiðaáritana gilda sérákvæði V. og VI. kafla frumvarpsins.

Reglur kaflans taka fyrst og fremst til þeirra er hafa með höndum einhvers konar starfsemi eða atvinnurekstur, en eru þó ekki einskorðaðar við slíka aðila. Er í 3. gr. frumvarpsins talað um skráningu af hálfu „viðkomandi aðila". Það er í sjálfu sér ekki nákvæmt viðmiðunarmark, en vandkvæðum er bundið að telja það með tæmandi hætti hverjir hér koma til greina. Ljóst er að fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir, stjórnmálaflokkar og trúfélög lúta reglum kaflans, svo einhver dæmi séu nefnd, og það gera einnig sjálfstætt starfandi einstaklingar eins og læknar, lögmenn og endurskoðendur. Þá lýtur skráning af hálfu opinberra aðila og ákvæðum kaflans, svo sem gildissvið frumvarpsins er markað í 1. gr. þess.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga hvað efni og orðalag varðar og setur almenn skilyrði fyrir heimild til skráningar persónuupplýsinga er 1. gr. frumvarpsins tekur til. Reglur 3. og 4. gr. eiga einvörðungu við um skráningu upplýsinga **til eigin nota** fyrir skrárhaldara. Um heimild til þess að miðla upplýsingunum til annarra er hins vegar fjallað í III. kafla frumvarpsins um aðgang að skráðum upplýsingum. Afhending skráðra upplýsinga til lögmanns eða endurskoðanda, svo einhver dæmi séu nefnd, eða til varðveislu eða úrvinnslu í tölvu hjá tölvuþjónustufyrirtæki, sem einvörðungu notar upplýsingar til ákveðinnar úrvinnslu, teljast ekki til afhendingar eða miðlunar upplýsinga.

Annars vegar er það skilyrði sett í 3. gr. að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi skráningaraðila. Hins vegar er það skilyrði að skráningin taki eingöngu til þeirra sem tengjast starfi hans eða verksviði.

Viðmiðunarmarkið „eðlilegur þáttur“ í starfsemi viðkomandi aðila er að sjálfsögðu teygjanlegt og matskennt eins og áður er að vikið, enda ekki unnt að setja fram á tæmandi hátt hver efnisatriði eigi að ráða úrslitum. Hefur viðmiðunarmark þetta því einkenni vísireglu. Almennt má segja að jafnan sé heimilt að skrá upplýsingar að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til efnda á ýmsum lagaskyldum, t.d. reglum skattalaga. Verður að meta það í hverju tilfelli hvað teljist eðlilegur þáttur í starfsemi tiltekins aðila. Margs konar skráning persónutengdra upplýsinga getur verið eðlilegur þáttur í starfsemi ýmissa aðila. Má þar vísa til þeirra dæma sem nefnd eru í greinni, þ.e. skrár um viðskiptamenn, starfsmenn eða félagsmenn. Fyrirsvarsmönnum fyrirtækis er oft nauðsynlegt að halda skrár er hafa að geyma ýmsar upplýsingar um starfsmenn þess og hinu sama gegnir um félög ýmiss konar. Þeim kann að vera nauðsynlegt að halda skrár með ýmsum upplýsingum um félagsmenn sína. Af efni greinarinnar leiðir hins vegar að því eru settar hömlur vegna tillits til einkalífs manna hverjar upplýsingar megi taka í slíkar skrár og um hverja. Þannig má sem dæmi nefna að læknir skráir almennt ekki upplýsingar um fjárhag sjúklinga sinna og lánstraust og sá sem heldur skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust skráir ekki heilsufarsupplýsingar.

Um 4. gr.

Greinin svarar að mestu til 4. gr. gildandi laga þótt orðalagi og framsetningu sé nokkuð breytt.

Frumvarpsgreinin fjallar um skráningu þeirra upplýsinga sem eru taldar **sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar**. Upplýsingar þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., eru upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, brotaferil, kynlíf, heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun og veruleg félagsleg vandamál. Upplýsingarnar eru hins vegar ekki tæmandi taldar, sbr. ákvæði e-liðar 1. mgr. 4. gr.

Meginreglan er sú að skráning umræddra upplýsinga er óheimil. Þykir nauðsynlegt að geta þessa sérstaklega og taka af allan vafa í þeim efnum. Undantekningar frá þessu fortakslausa banni er að finna í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar þar sem fram kemur í fyrsta lagi að skráning sé heimil leiði slíkt af ákvæðum annarra laga. Í öðru lagi getur skráning þessara upplýsinga verið heimil ef hinn skráði hefur látið upplýsingarnar sjálfur í té eða þeirra verið aflað með samþykki hans. Í báðum tilvikum er það þó skilyrði að upplýsinganna hafi verið aflað við þær aðstæður að hinum skráða gat ekki dulist að ætlunin var að skrá upplýsingarnar. Þessu skilyrði yrði talið fullnægt, ef hinn skráði hefur beinlínis samþykkt skráninguna og slíkt samþykki verður oft einnig leitt af atvikum og aðstæðum við skráninguna. Sem dæmi má nefna umsókn hins skráða um þátttöku í félagsskap fólks sem haldið er tilteknum sjúkdómi og umsókn um inngöngu í stjórnmálafélag eða trúfélag. Einnig má sem dæmi nefna upplýsingar um heilsuhagi sem hinn skráði gefur lækni í tengslum við ákveðna sjúkdómsmeðferð.

Þótt ekki segi það berum orðum í greininni er það eigi að síður skilyrði skráningar að skrárhaldara sé ekki einungis nauðsynlegt að skrá upplýsingarnar, heldur einnig að hafa þær undir höndum til þess að gæta eigin hagsmuna eða annarra. Svo sem 4. gr. frumvarpsins er orðuð yrði það væntanlega einungis í undantekningartilvikum að þeim er hafa með höndum venjulegan atvinnurekstur teldist heimilt að skrá upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr.

Þess er áður getið að upplýsingar þær, sem falla undir bannákvæði 1. mgr. 4. gr., eru ekki tæmandi taldar í frumvarpsgreininni. Aðrar upplýsingar um einkalíf manna, sem jafna má til þeirra sem upp eru taldar, falla hér einnig undir.

Sem dæmi um skrár, sem eðlilegt er að haldnar séu, eru t.d. skrár um starfsmenn, viðskiptamenn, dreifingaraðila og samkeppnisaðila. Starfsmannaskrá má þó aðeins hafa að geyma upplýsingar sem nauðsynlegar eru í sambandi við eðlilega stjórnun fyrirtækis, t.d. upplýsingar um nafn, heimilisfang og nafnnúmer eða kennitölu, stöðu í fyrirtæki, starfshæfni, upplýsingar um tekjur og skatta viðkomandi starfsmanns og veikindadaga hans, en ekki

upplýsingar um stjórnmála- eða trúarskoðanir starfsmanns. Ef trúarviðhorf starfsmanns er þess valdandi að hann vill ekki vinna á tilteknum vinnutímum, t.d. laugardegi, væri eðlilegt að slíkt kæmi fram í skrá, en þó án þess að ástæðunnar sé getið.

Hvað skrár um viðskiptamenn varðar er það að segja að auk nafns og heimilisfangs er eðlilegt að slíkar skrár geymi upplýsingar um t.d. afhendingu vöru og greiðsluáætlun kaupanda. Um þá viðskiptavini, sem eru í reikningsviðskiptum, er ekki óeðlilegt, að skráðar séu upplýsingar um fjárhag þeirra og lánstraust, enda er þar oftast um að ræða upplýsingar sem hinn skráði hefur sjálfur látið í té. Lánastofnanir veita oft ekki lán nema fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um fjárhag lántaka, t.d. ársreikningar, efnahagsyfirlit o.s.frv., sem lántaki sendir lánastofnun. Þá verður og að telja að fyrirtæki sé heimilt að skrá upplýsingar um fjárhag og lánstraust viðskiptamanna sinna sem fyrirtækið hefur fengið hjá öðrum en hinum skráða, t.d. starfsleyfishafa skv. V. kafla frumvarpsins.

Til viðbótar þeim skrám, sem hér voru nefndar og eðlilegar teljast, má nefna sérhæfðari skrár sem eftir atvikum geta átt rétt á sér. Þannig má sem dæmi nefna skrár fasteignasala um hugsanlega kaupendur, skrár listaverkasala um eigendur mynda eftir tiltekin listamann og sjúklingaskrár lækna. Þegar um skrár vinnuveitenda og launþegasamtaka er að ræða verður að meta það í hverju einstöku tilviki, hvað er eðlilegt umfang skráningar af hálfu viðkomandi aðila.

Eins og áður segir er frumvarpsgreinin sama efnis og 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Við upptalningu 1. mgr. er þó bætt nýju atriði sem óheimilt er að skrá, en það eru upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál hins skráða. Sem dæmi tilvika, sem hér eru höfð í huga, eru upplýsingar um ósamlyndi milli hjóna eða milli foreldra og barna, upplýsingar um slys eða annað óhapp sem haft hefur alvarlegar persónulegar og félagslegar afleiðingar í för með sér, upplýsingar um langvarandi atvinnuleysi hins skráða og upplýsingar um að hinn skráði hafi þegið bætur eða styrki af hinu opinbera af einhverju tagi.

Í gildandi lögum er ekki skýrlega tekið fram að tölvunefnd hafi heimild til þess að veita undanþágur frá reglum 1. mgr. 4. gr. laganna. Eins og ársskýrslur tölvunefndar bera með sér beinist mikill fjöldi þeirra erinda, sem nefndinni berast, að því að fá undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Tölvunefnd hefur frá fyrstu tíð túlkað valdsvið sitt skv. VIII. kafla gildandi laga svo að hún geti veitt slíkar undanþágur. Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi framkvæmd verði staðfest og er það til samræmis við ákvæði 3. mgr. 3. gr. dönsku e.s.l. og 9. gr. norsku laganna.

Um III. kafla.

Um aðgang að skráðum upplýsingum.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna almennar reglur um heimild til skráningar, en í III. kafla er fjallað um miðlun upplýsinga, þ.e. að hvaða marki skráningaraðilar hafi heimild til þess að skýra þriðja manni, þ.e. öðrum en hinum skráða, frá efni skráðra upplýsinga. Um rétt skráðra aðila til aðgangs að skráðum upplýsingum um þá sjálfa er hins vegar fjallað í IV. kafla frumvarpsins.

Meginregla frumvarpsins varðandi miðlun upplýsinga, er falla undir ákvæði laganna, er sú að óheimilt sé að miðla upplýsingum, er falla undir ákvæði laganna, án samþykkis hins skráða nema því aðeins að miðlun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Sérstaklega viðkvæmum upplýsingum er þó ekki heimilt að miðla án samþykkis hins skráða, nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Sérstakar reglur gilda um miðlun upplýsinga er varða fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. ákvæði V. kafla frumvarpsins, enda hafa slíkar upplýsingar og miðlun þeirra verulega sérstöðu.

Með miðlun upplýsinga er, eins og áður segir, átt við það að upplýsingar séu látnar öðrum í té en hinum skráða. Ýmis vafatilvik geta komið upp varðandi mat á því hver sé þriðji maður í

þessu sambandi. Afhending upplýsinga af hálfu félags eða samtaka til meðlima sinna um tiltekna einstaklinga mundi falla undir miðlun upplýsinga í þessu sambandi. Hinu sama gegnir um afhendingu upplýsinga frá tilteknu hlutafélagi til annars félags sem tilheyrir sömu fyrirtækjasamsteypu. Hins vegar teldist það ekki miðlun upplýsinga í skilningi III. kafla þegar skrárhaldari fær tölvuþjónustufyrirtæki upplýsingar til vinnslumeðferðar, enda noti þjónustufyrirtækið einungis upplýsingarnar til þess að vinna úr þeim með þeim hætti sem um var beðið, sbr. ákvæði 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar að nokkru um sama efni og 7. og 16. gr. gildandi laga þótt bæði efni og framsetning sé með nokkuð öðrum hætti en efni og framsetning sambærilegra ákvæða í gildandi lögum. Er í frumvarpinu farið að fyrirmynd 1. og 2. mgr. 4. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgreininni er greint á milli tvenns konar upplýsinga. Annars vegar þeirra persónuupplýsinga sem greinir í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og þykja **sérstaklega viðkvæmar** og hins vegar **annarra skráðra upplýsinga**. Um hinar fyrrnefndu upplýsingar er fjallað í 1. og 2. mgr. 5. gr., en í 3. mgr. um hinar síðarnefndu. Ástæða þessa er sú að skráning þeirra upplýsinga, er greinir í 1. mgr. 4. gr., er aðeins heimil í undantekningartilvikum og þykir því eðlilegt að með sama hætti sé miðlun slíkra upplýsinga einungis heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Samkvæmt 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er almennt bannað að skýra frá sérstaklega viðkvæmum upplýsingum, nema hinn skráði hafi ótvírætt veitt til þess samþykki sitt. Í 2. mgr. er þó gert ráð fyrir því að tölvunefnd geti veitt undanþágu frá banni 1. mgr. ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem þar greinir. Í gildandi lögum er ekki kveðið berum orðum á um heimild tölvunefndar í þessum efnum, en með frumvarpsgreininni er staðfest sú framkvæmd sem fylgt hefur verið í tíð gildandi laga.

Í fyrri málslið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir því að heimilt geti verið samkvæmt ákvæðum annarra laga að skýra frá þeim upplýsingum er um ræðir í 1. mgr. 5. gr. Standa ákvæði frumvarpsins því ekki í vegi að slíkri upplýsingaskyldu verði sinnt.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um aðrar skráðar upplýsingar en þær sem þykja sérstaklega viðkvæmar. Eru í greininni sett tvö skilyrði fyrir því að skýra megi frá slíkum upplýsingum. Annaðhvort skal hinn skráði hafa veitt samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinganna **eða** upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Rétt eins og 3. gr. frumvarpsins setur það almenna skilyrði fyrir skráningu upplýsinga er falla undir ákvæði laganna að hún sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila er einnig í 3. mgr. 5. gr. áskilið að upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Rétt er að hafa það í huga að heimild til skráningar upplýsinga af þessu tagi skv. 3. gr. frumvarpsins veitir ekki sjálfkrafa heimild til þess að miðla hinum skráðu upplýsingum. Því verður sjálfstætt að meta það skilyrði 3. mgr. 5. gr. að miðlun upplýsinga sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans og óháð skilyrði 3. gr. frumvarpsins. Til þess að miðlun upplýsinganna sé heimil þarf **miðlunin** sem slík að vera í eðlilegum verkahring skrárhaldara.

Um það, hvenær miðlun upplýsinga getur talist vera þáttur í eðlilegum verkahring skrárhaldara, er erfitt að gefa nákvæmar relgur sem við geta átt í öllum tilvikum. Sem dæmi má þó nefna að eðlilegt getur verið að eitt atvinnufyrirtæki veiti öðru fyrirtæki að ósk hins síðara upplýsingar um tiltekinn starfsmann sinn, fyrrverandi eða núverandi, sem óskar eftir starfi í hinu síðarnefnda fyrirtæki.

Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er ákvæði þess efnis að afmá skuli skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Ekki er þó í því ákvæði sagt hversu gamlar upplýsingar megi verða. Það

nýmæli kemur fram í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að sett er skilyrði er varðar aldur þeirra upplýsinga sem miðla skal. Skráðar upplýsingar geta vegna aldurs glatað gildi sínu eða þýðing þeirra breyst og þykir því rétt að setja almenna viðmiðun um aldur þeirra upplýsinga er miðla skal. Aldrei er heimilt að skýra frá efni upplýsinga um atriði sem eldri eru en fimm ára, en þó er gert ráð fyrir því að láta megi eldri upplýsingar í té ef sýnt er fram á að **aðgangur** að þeim geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði er upplýsingarnar tengjast. Ágreiningi milli þess er hinar skráðu upplýsingar varða og hins er þeim miðlar um það hvort framangreindu skilyrði sé fullnægt geta aðilar skotið til úrskurðar tölvunefndar sbr. 13. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þessu ákvæði er ekki nægilegt að sjálfar upplýsingarnar hafi úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði, heldur **aðgangur** að upplýsingunum. Því er það svo að geti sá er upplýsinga óskar fengið þær hjá hinum skráða sjálfum ætti skrárhaldari að jafnaði ekki að veita aðgang að upplýsingunum. Af þessu ákvæði frumvarpsgreinarinnar leiðir að í öllum venjulegum tilvikum yrði óheimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en fimm ára. Það liggur þó í hlutarins eðli að vissar upplýsingar geta ekki fallið undir fyrningarákvæði þessarar greinar. Þannig má sem dæmi nefna upplýsingar um fæðingardag og hjúskaparstöðu.

Fjórða málsgrein er samhljóða 2. mgr. 16. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um starfsemi þeirra aðila, sem bundnir eru þagnarskylduákvæðum samkvæmt öðrum réttarheimildum, t.d. lækna og lögfræðinga, gilda auk laga þessara ákvæði þeirra laga er um slíka þagnarskyldu mæla.

Í 3. mgr. 4. gr. dönsku e.s.l. er miðlun upplýsinga til nota við tölfræðiathuganir og í vísinda skyni undanþegnar bannákvæði 2. mgr. 4. gr. dönsku laganna sem svarar til 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins þótt slík skráning sé tilkynningarskyld svo sem að er vikið í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þessa. Gegnir hinu sama um miðlun upplýsinga um heilsufarsmálefni. Eins og ársskýrslur tölvunefndar bera með sér, hefur beiðnum um aðgang að upplýsingum, t.d. heilsufarsupplýsingum, til nota við vísindarannsóknir og tölfræðiathuganir farið fjölgandi. Hefur tölvunefnd í tíð gildandi laga túlkað lögin svo að skrárhöldurum sé eigi heimilt að veita aðgang að slíkum upplýsingum án samþykkis nefndarinnar. Ekki þykja í frumvarpi þessu efni til að víkja frá þeirri framkvæmd og taka upp sambærilega reglu og í Danmörku, enda mála sannast að viðamesta söfnun upplýsinga um einkamálefni manna fer fram í þágu ýmiss konar rannsóknarstarfsemi. Er því nauðsynlegt að haft sé eftirlit með því að slík rannsóknarstarfsemi fari ekki á svig við ákvæði laga þessara og er það hlutverk tölvunefndar að hafa eftirlit með því.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 6. gr. gildandi laga og fjallar um samtengingu skráa. Orðalag 1. og 2. mgr. er óbreytt að öðru leyti en því að kennitala kemur í stað nafnnúmers.

Tækni á sviði tölvumála tekur stöðugum framförum. Með nýrri tækni er tiltölulega auðvelt að tengja saman hinar ýmsu skrár er hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni manna og safna á einn stað miklu magni upplýsinga um þá og ná þannig fram ákveðinni heildarmynd af þeim. Frumvarpsgrein þessi hefur það markmið að tryggja að ekki verði með samtengingu skráa (oft nefnt samkeyrsla) safnað saman upplýsingum um einkamálefni manna frá ólíkum skráningaraðilum og þær síðan notaðar til þess að ná fram ákveðinni heildarmynd af hinum skráða, mynd sem hann gat ekki vænst að hægt væri að ná fram þegar hann gaf umræddar upplýsingar.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er óheimilt að tengja saman skrár óskyldra skráningaraðila, þegar um er að ræða upplýsingar sem falla undir ákvæði laganna. Greinimarkið er það að um sé að ræða skrár óskyldra aðila. Vel er hugsanlegt að einn og sami aðilinn haldi af hagkvæmniástæðum tvær eða fleiri skrár, t.d. til þess að koma í veg fyrir hættu á misnotkun skráa. Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar stendur því ekki í vegi að slíkur aðili geti keyrt saman skrár sínar. Sem dæmi má nefna að haldi skráningaraðili eina skrá sem hefur að geyma

nöfn og heimilisföng starfsmanna sinna og aðra sem hefur að geyma upplýsingar um laun, sjúkrafjarvistir o.s.frv. stendur ákvæði þetta því ekki í vegi að skrár þessar megi keyra saman til þess að senda út launaseðla til starfsmannanna. Hið sama gildir um heimild fyrirtækis, sem hefur yfirtekið annað fyrirtæki, til þess að keyra sínar eigin skrár saman við skrár þess fyrirtækis sem yfirtekið var. Þá er og rétt að hafa það í huga að samtengingarbannið á aðeins við þar sem báðar skrárnar hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni.

Í 3. mgr. eru settar fyllri reglur en eru í gildandi lögum um heimild tölvunefndar til þess að veita undanþágur frá samtengingarbanni 1. mgr. Heimild tölvunefndar er takmörkuð við að fullnægt sé sömu skilyrðum og fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr. þegar veittur er aðgangur ella að upplýsingum, enda felur samtenging í sér ákveðna aðferð við að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Er því eðlilegt að sömu reglur gildi um heimild til þess að veita aðgang að upplýsingum hver svo sem aðferðin er. Af tilvísun 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins til skilyrða þeirra, sem fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr., leiðir að skilyrði þau, sem fullnægja þarf, eru tvenns konar. Þegar um er að ræða **sérstaklega viðkvæmar upplýsingar**, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, þarf að sýna fram á, að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess, enda sé ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess aðila er upplýsingarnar varða að þeim sé haldið leyndum. Ef um **aðrar upplýsingar** er að ræða en þær sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þarf slík upplýsingamiðlun að vera eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Almennt gildir sú regla að eigi verður veittur aðgangur að upplýsingum um atvik sem eru eldri en fimm ára nema við eigi niðurlagsákvæði 3. mgr. 5. gr. Til viðbótar er sett það skilyrði að ótvírætt sé að markmið samtengingar vegi þyngra en tillitið til hagsmuna þeirra er hinar skráðu upplýsingar varða.

Rétt þykir að tölvunefnd geti bundið samtengingu þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg. Ekki þykir fært að tilgreina með tæmandi hætti slík skilyrði. Eru því í dæma skyni tilgreind tvö skilyrði í niðurlagi 3. mgr. 6. gr.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 17. gr. gildandi laga og er að mestu eins. Þó er lagt til að sú orðalagsbreyting verði gerð frá ákvæði gildandi laga að í stað þess að binda heimildina við sjúkraála sjúkrahúss eða aðrar sjúklingaskrár þess megi einnig veita upplýsingar úr öðrum sjúklingaskrám. Í þessu felst ákveðin rýmkun á gildissviði ákvæðisins þannig að ótvírætt sé að ákvæðið nái t.d. til sjúklingaskráa meðferðarstofnana og skráa einstakra lækna.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma fyrirmæli um það með hvaða skilmálum upplýsingar úr sjúklingaskrám um tiltekna aðila verði látnar öðrum í té. Ljóst er að hér er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Hins vegar er oft þörf á að veita með hröðum hætti aðgang að þessum upplýsingum, þ.e. ef viðkomandi maður sýkist og þarf læknisrannsóknar eða læknisaðgerðar með. Er viðkomandi sjálfum þá mikið hagsmunamál að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir þá, sem um heilsu hans fjalla.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúklingaskrám o.fl. varðandi þennan mann. Upplýsingar geta einnig tekið til vandamanna hans þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum. Ákvæðið tekur ekki einvörðungu til rannsókna o.fl. á sjúkrahúsi sem viðkomandi hefur sætt þá næst á undan, heldur varðar einnig fyrri sjúkraferil hans og sjúkrasögu á sjúkrahúsi að svo miklu leyti sem máli getur skipt. Áskilið er að maður sé til læknismeðferðar hjá lækni eða tannlækni, en þeir eru þagnarskyldir að lögum um það sem þeir fá vitneskju um úr skrám þessum. Upplýsingar um vandamenn manns má veita lækni og er það þá skilyrði að slíkt skipti máli vegna læknismeðferðar á manninum.

Um 8. gr.

Frumvarpsgreinin svarar að mestu til 18. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi verið breytt lítils háttar. Ákvæðið á við um upplýsingar sem falla undir ákvæði laganna, þar með taldar upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. Í 18. gr. gildandi laga er ekki tekið fram, hvaða aðili eigi úrlausn þess hvort veita megi upplýsingar samkvæmt því ákvæði. Er í frumvarpinu lagt til að tölvunefnd eigi úrlausn þess.

Ákvæðið getur samkvæmt orðanna hljóðan átt við þegar tiltekinna upplýsinga er þörf vegna ákveðins dómsmáls. Þarf því að vera um ákveðnar, afmarkaðar upplýsingar að ræða. Því verður ekki veittur aðgangur að almennum og ósundurgreindum upplýsingum samkvæmt þessu ákvæði. Með öðrum laganauðsynjum í ákvæðinu er t.d. átt við gerðardómsmál þar sem slíkur háttur er lögmæltur.

Ákvæðið veitir ekki heimild til aðgangs að upplýsingum sem sérstök þagnarskylda ríkir um samkvæmt lögum, þ.e. slíkri þagnarskyldu verður ekki vikið til hliðar samkvæmt þessu ákvæði. Sem dæmi lagaákvæða um þagnarskyldu sem ákvæði þetta hróflar ekki við má nefna ákvæði læknalaga um þagnarskyldu lækna.

Um IV. kafla.

Um rétt skráðra aðila.

Það er almennt viðurkennt að eitt áhrifaríkasta úrræðið til þess að koma í veg fyrir skráningu rangra og villandi upplýsinga eða upplýsinga, sem óheimilt er að skrá, sé að veita skráðum aðilum lagalegan rétt til þess að fá að kynna sér efni þeirra upplýsinga er um þá hafa verið skráðar. Miða ákvæði þessa kafla frumvarpsins að því að tryggja skráðum aðilum slíkan rétt.

Heimildir skráðra aðila til þess að kynna sér efni þeirra upplýsinga, er um þá hafa verið skráðar, eru meðal þýðingarmestu ákvæða í tölvuverndarlöggjöf flestra ríkja í Evrópu og í 8. gr. b) Evrópuráðssáttmálans um verndun einstaklinga vegna skráningar persónuupplýsinga (A Convention for the Protection of Individuals with Regard to the Protection of Personal Data) er slíkt ákvæði að finna. Sáttmála þennan, sem gekk í gildi 1. október 1985, hafa Íslendingar undirritað en ekki fullgilt.

Um 9. gr.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er efnislega eins og 1. mgr. 10. gr. gildandi laga og ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Fyrsta málsgrein 9. gr. frumvarpsins hefur að geyma almennt ákvæði um rétt manna til aðgangs að upplýsingum er um þá hafa verið skráðar. Skrárhaldara er skylt að veita upplýsingarnar skriflega óski skráður aðili þess, en um það ræðir nánar í 12. gr. frumvarpsins. Ber skrárhaldara samkvæmt þessu að láta hinum skráða í té útskrift þeirra upplýsinga er skrá hefur um hann að geyma. Ef beiðandi er ekki á skrá hjá skrárhaldara eða sá er beiðni er beint að heldur ekki skrá ber honum að upplýsa beiðanda um þessi atriði.

Ekki er útilokað í einstökum tilvikum að óheppilegt sé að veita aðgang að skráðum upplýsingum hvort heldur sem er vegna hagsmuna hins skráða, hagsmuna skrárhaldara eða af tilliti til annarra. Þegar svo hagar til er heimilt að neita hinum skráða um aðgang að skráðum upplýsingum, sbr. ákvæði 2. mgr. 9. gr. Til grundvallar slíkri synjun verður að liggja annars vegar mat á hagsmunum hins skráða af því að fá aðgang að upplýsingunum og hins vegar mat á þeim hagsmunum er réttlætt geta slíka synjun. Ágreining um slíka synjun geta aðilar borið undir tölvunefnd sem hefur endanlegt úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um slíkan ágreining.

Um 10. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. gildandi laga sagði að teldi maður að upplýsingar um hann væru ritaðar í sjúkraannála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár og hann vildi fá vitneskju um efni þeirra skyldi hann óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni sem fjallað hefði um heilsuhagi hans að hann leiti eftir þessum upplýsingum frá þeim sem ábyrgur væri fyrir skráningunni. Þessi aðili skýrði síðan lækninum frá upplýsingunum svo að honum væri kleift að koma þeim á framfæri við viðkomandi.

Með setningu læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988 var í 14. gr. lögmælt ný regla um aðgang sjúklinga eða forráðamanna þeirra að sjúkraskrá í heild eða að hluta. Segir þar að lækni sé skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða læknalaga um þagnarskyldu lækna, sé lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Gerir lagaákvæði þetta ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Með hliðsjón af því, að í læknalögum hafa verið settar framangreindar sérreglur um rétt manna til aðgangs að heilsufarsupplýsingum um þá sjálfa sem víkja nokkuð frá ákvæðum gildandi tölvulaga, þykir hentast í frumvarpi þessu að vísa til ákvæða læknalaga í þeim efnum.

Um 11. gr.

Frumvarpsgrein þessi, sem er nýmæli, er efnislega samhljóða 6. mgr. 13. dönsku o.s.l. Samkvæmt greininni taka ákvæði 9. gr. ekki til skrár eða skráningar sem stofnað er til í þágu tölfræðirannsókna. Tölfræðiúrvinnsla persónugreinir ekki einstaklinginn og yfirleitt er hún ekki jafnmeinleg fyrir einkalíf manna eins og persónugreindar upplýsingar eru eða geta verið. Starfsnauðsynjar við tölfræðiskýrslur bjóða einnig að þessi undantekning sé lögmælt.

Í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, sem svarar til 4. mgr. 10. gr. gildandi laga, segir að ákveða megi að aðrar skrár séu undanþegnar þessum ákvæðum ef ætla megi að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni almennt hafa í för með sér að upplýsingum úr slíkum skrám verði hafnað. Eru hér m.a. hafðar í huga skrár sem gerðar eru af lögreglu í þágu rannsóknar brota.

Um 12. gr.

Í gildandi lög skortir ákvæði um það með hverjum hætti skrárhaldarar skuli veita skráðum aðilum aðgang að skráðum upplýsingum um þá sjálfa. Úr því er bætt í frumvarpi þessu og samkvæmt upphafsákvæði 12. gr. skulu upplýsingar skv. 9. gr. veittar skriflega. Ákvæðið er nýmæli og svarar til b-liðar 1. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l. .

Ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 12. gr. er einnig nýmæli og svarar það til c-liðar 1. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l. Af ákvæðinu leiðir skylda fyrir skrárhaldara að svara fyrirspurn um efni skráðra upplýsinga í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því krafa kom fram, en gera ella beiðanda skriflega grein fyrir því af hverju tilmælum hans hefur ekki verið sinnt.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. er nýmæli og svarar til c-liðar 2. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l. Í því felst að hafni skrárhaldari tilmælum um aðgang að skráðum upplýsingum ber skrárhaldara að vekja athygli beiðanda á rétti hans til þess að bera ágreining um aðgang að skráðum upplýsingum undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í gildandi lög skortir skýr ákvæði um rétt manna til þess að bera ágreining um aðgang að upplýsingum skv. IV. kafla laganna undir tölvunefnd. Þykir rétt að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Er í þeim efnum farið að fyrirmynd d-liðar 7. gr. í dönsku e.s.l.

Um 14. gr.

Svo sem að er vikið í athugasemdum við 9. gr. sem fjallar um rétt skráðra aðila til aðgangs að upplýsingum um þá sjálfa þjóna ákvæði þeirrar greinar þeim tilgangi að tryggja rétt manna til þess að ganga úr skugga um það hvort skráðar hafi verið um þá rangar eða villandi upplýsingar eða upplýsingar sem ekki er heimilt að skrá, svo þeim gefist kostur á að fá upplýsingarnar leiðréttar. Í 14. gr. eru hins vegar efnisákvæði um rétt manna til þess að fá upplýsingar leiðréttar og hvernig að því skuli staðið.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. fjallar um rétt manna til þess að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar og svarar greinin til 1. mgr. 13. gr. gildandi laga. Í því ákvæði er talað um að færa upplýsingar í rétt horf eða afmá þær. Í frumvarpsgreininni er að auki talað um rétt manna til þess að fá bætt við skrá upplýsingum, eftir því sem við á hverju sinni. Greinin svarar að þessu leyti til 8. gr. norsku laganna. Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er að vissu marki fjallað um svipað efni, þ.e. að afmá skuli upplýsingar sem misst hafa gildi sitt vegna aldurs.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er að nokkru sama efnis og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ákvæðið svarar til 1. mgr. 5. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt ákvæðinu getur skráður aðili óskað liðsinnis tölvunefndar ef skrárhaldari neitar að verða við kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 14. gr. getur tölvunefnd, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða en upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, lagt fyrir skráningaraðila að senda þeim er veitt hafa upplýsingum viðtöku skriflega leiðréttingu. Er hér um heimildarákvæði að ræða. Við mat á því, hvort tölvunefnd skyldar skráningaraðila til að senda skriflega leiðréttingu til þriðja aðila, verður tölvunefnd að leggja til grundvallar hvort hætta sé á því að hinar röngu upplýsingar geti skaðað móttakanda þeirra.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er nýmæli og svarar til 3. mgr. 15. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt ákvæðinu skal skrárhaldari, synji hann beiðni um leiðréttingu, gera hinum skráða grein fyrir rétti hans til þess að bera synjunina undir tölvunefnd. Felst í þessu skylda skrárningaraðila til að leiðbeina hinum skráða varðandi rétt hans til málskots. Samkvæmt dönsku e.s.l. er slík leiðbeiningarskylda takmörkuð við það þegar í hlut eiga upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ekki þykir rétt að takmarka leiðbeiningarskylduna með þeim hætti og því er lagt til að leiðbeiningarskylda þessi varði allar upplýsingar sem heyra undir ákvæði laganna.

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins fjallar um skyldu skrárhaldara til þess að senda þeim, er hlotið hafa rangar upplýsingar úr skrám skriflegar leiðréttingar. Fjallar upphafsákvæðið um upplýsingar er varða fjárhagsmálefni og lánstraust, en niðurlagsákvæðið um aðrar upplýsingar. Upphafsákvæðið svarar að nokkru til 8. gr. gildandi laga og samkvæmt því er skrárhaldara **skylt** að senda leiðréttingu. Samkvæmt niðurlagsákvæðinu sem er, eins og áður segir, nýmæli varðandi aðrar upplýsingar, **getur** tölvunefnd, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt fyrir skrárhaldara að senda skriflega leiðréttingu. Niðurlagsákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 5. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgreininni er ekki fjallað um bótaskyldu skráningaraðila gagnvart þeim aðila sem á er hallað með rangri skráningu. Ræðst slíkt af almennum reglum skaðabótaréttar.

Um V. kafla.

Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

V. kafli frumvarpsins fjallar um starfsemi þeirra sem miðla til annarra upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna. Í stórum dráttum er efni kaflans það að slíkir aðilar eru starfsleyfisskyldir skv. 15. gr. frumvarpsins. Starfsleyfishafar mega einvörðungu skrá og miðla upplýsingum sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Upplýsingar um viðkvæm einkamálefni mega skrárhaldarar ekki taka á skrá. Skrárhaldara ber að upplýsa hinn skráða þegar hann er tekinn á skrá í fyrsta

skipti ef um hann eru skráðar aðrar upplýsingar en þær sem almennt eru mönnum aðgengilegar. Hinn skráði á rétt á því að kynna sér efni skráðra upplýsinga er hann varða og hann getur krafist þess að rangar og villandi upplýsingar verði leiðréttar og verður ágreiningur í þeim efnum borinn undir tölvunefnd.

Ákvæði kaflans eiga einvörðungu við um skrár sem stofnaðar eru í því skyni að úr þeim verði miðlað upplýsingum til annarra um fjárhagsmálefni og lánstraust. Um miðlun slíkra upplýsinga úr skrám, sem ekki eru stofnaðar í þessum tilgangi, fer eftir reglum III. kafla frumvarpsins. Auk aðila, sem gagngert hafa með höndum upplýsingamiðlun af því tagi sem um ræðir í V. kafla, safna bankar og sparisjóðir upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust til eigin nota. Starfsemi þessara aðila lýtur reglum bankalöggjafar, m.a. um leynd upplýsinga, og starfsemi þeirra er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans. Þykir því ekki ástæða til þess að setja í frumvarp þetta sérstakar reglur um söfnun slíkra aðila á upplýsingum um fjárhagsmálefni.

Upplýsingamiðlun samkvæmt þessum kafla getur verið tvenns konar. **Annars vegar** með þeim hætti að skrárhaldari gefi út upplýsingarit um fjárhag manna, t.d. hinar svokölluðu vanskilaskrár. **Hins vegar** með þeim hætti að skrárhaldari láti í té sitt eigið mat á fjárhag hins skráða og lánstrausti hans á grundvelli upplýsinga sem hann hefur skráð hjá sér.

Segja má að V. kafli frumvarpsins geri ráð fyrir tvenns konar eftirliti með starfsemi þeirra skrárhaldara sem hér um ræðir. Annars vegar er eftirlit það sem tölvunefnd hefur með starfsleyfishöfum og hins vegar það eftirlit sem hinir skráðu geta sjálfir haft með höndum í skjóli þeirra ákvæða kaflans er tryggja þeim aðgang að skráðum upplýsingum.

Þessi kafli frumvarpsins felur í sér verulegar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Breytingarnar eru helstar þessar:

1. Öllum helstu ákvæðum er varða skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust er hér safnað í einn kafla, en þau eru dreifð um fleiri kafla gildandi laga, sbr. ákvæði 5. gr. sem er í II. kafla, ákvæði 8. gr. sem er í III. kafla og ákvæði 11. og 12. gr. sem er í IV. kafla.
2. Í frumvarpinu er greint milli almennra upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og annarra upplýsinga um sama efni.
3. Nákvæmari ákvæði eru um það hvað megi taka á skrá skv. V. kafla.
4. Sett eru ákvæði um hámarksaldur upplýsinga.
5. Sett eru sérákvæði um upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust, þar á meðal hvaða upplýsingar þær mega geyma.
6. Settar eru sérreglur um það hvaða upplýsingar um skuldastöðu manna megi veita öðrum.

Um 15. gr.

Fyrri málsliður greinarinnar svarar til 1. mgr. 5. gr. gildandi laga og kveður á um starfsleyfisskyldu skráningaraðila. Er þar farið að fyrirmynd 1. mgr. 14. gr. norsku laganna, en samkvæmt dönskum rétti eru slíkir aðilar aðeins tilkynningarskyldir. Síðari málsliðurinn er nýmæli og svarar til 2. mgr. 14. gr. norsku laganna.

Eins og fyrr er að vikið eiga ákvæði kaflans einvörðungu við um þá sem miðla til annarra upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Samkvæmt því eiga reglur kaflans ekki við um þá sem í einstaka tilvikum eða af tilviljun afla sér fjárhagsupplýsinga, skrá þær og miðla áfram í ákveðnum tilgangi, t.d. lögmenn. Hins vegar er ekki ætlunin að takmarka gildissvið greinarinnar við þá sem hafa umrædda upplýsingamiðlun að atvinnu, hvort heldur sem sá rekstur fer fram í nafni einkafirma eða t.d. hlutafélags. Félagasamtök, sem safna fjárhagsupplýsingum og miðla þeim áfram til félaga sinna, lúta ákvæðum greinarinnar. Úr framkvæmd gildandi laga má nefna að tölvunefnd hefur litið svo á að upplýsingamiðlun Verslunarráðs Íslands sé starfsleyfisskyld og lúti ákvæðum gildandi laga um skráningu og miðlun fjárhagsupplýsinga. Ekki skiptir máli hvort sá er upplýsingum miðlar tekur gjald fyrir eða ekki.

Greinimarkmið er aðeins það að viðkomandi safni upplýsingum og skrái þær **í því skyni að miðla þeim til annarra.** Þá skiptir heldur ekki máli hvort upplýsingamiðlunin er einasta starfsemi viðkomandi aðila eða hann hefur með höndum aðra starfsemi.

Þau rök liggja til grundvallar áskilnaði frumvarpsgreinarinnar um starfsleyfi skrárhaldara að sú skipan mála sé líklegri til að tryggja virkara eftirlit með starfsemi þeirra af opinberri hálfu. Af ákvæðum 33. gr. frumvarpsins leiðir að tölvunefnd getur sett reglur um form og efni umsókna samkvæmt lögunum, þar með talið umsóknum um starfsleyfi skv. 15. gr. frumvarpsins. Er eðlilegt að nefndin kynni sér vel möguleika umsækjanda um starfsleyfi á því að geta efnt skyldur þær sem á skrárhaldara hvíla og veiti þeim einum starfsleyfi, sem að mati nefndarinnar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur þessar. Af þeim toga er ákvæði síðari málsliðar 15. gr.

Um 16. gr.

Frumvarpsgreinin er nýmæli í heild. Fyrri málsgreinin hefur að geyma almenna viðmiðunarreglu um það hvað taka megi á skrá og svarar til 1. mgr. 9. gr. dönsku e.s.l., en síðari málsgreinin setur því skorður hversu gömlum upplýsingum megi miðla.

Samkvæmt 1. mgr. má skrárhaldari einungis skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti. Í þessu skilyrði felst að skrárhaldari hefur ekki heimild til þess að skrá t.d. upplýsingar um starfshæfileika hins skráða, þannig að slíkar upplýsingar verði notaðar við mat á starfsumsókn hans. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að fyrirtæki, sem hyggst ráða mann í starf, afli sér upplýsinga hjá skrárhaldara um fjárhag umsækjanda og lánstraust. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. er með öllu bannað að skrá upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. Þótt það leiði af ákvæðum fyrri málsliðarins að slík skráning sé óheimil þykir rétt að taka af allan vafa í þessum efnum. Að vísu má segja að upplýsingar um brotaferil og vímuefnanotkun geti haft þýðingu við mat á lánstrausti tiltekins aðila, en hér er eigi að síður um svo persónulegar og viðkvæmar upplýsingar að ræða að óeðlilegt þykir að slíkar upplýsingar liggi á lausu hjá einkaaðilum og sé miðlað af þeim til annarra.

Óheimilt er að skrá og miðla upplýsingum sem eldri eru en fimm ára. Er hér settur sami frestur og annars gildir skv. 5. gr. frumvarpsins. Í dönsku lögunum er aldurshámarkið fimm ár, en þrjú ár samkvæmt norsku lögunum. Sambærilegt ákvæði skortir í gildandi lög, en þó er í 4. mgr. 5. gr. talað um að upplýsingar skuli vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma getið.

Hlutlægar upplýsingar, eins og t.d. um nafn, heimilisfang, aldur, stöðu o.þ.h., lúta að sjálfsögðu ekki aldursreglunni og heldur ekki upplýsingar sem telja má jákvæðar fyrir hinn skráða. Nauðsynlegt er eigi að síður að hafa heimildarákvæði um skráningu og miðlun eldri upplýsinga því í vissum tilvikum geta slíkar upplýsingar haft þýðingu lengur en í fimm ár, t.d. upplýsingar um gjaldþrot. Upplýsingum, sem „fyrndar" eru samkvæmt þessu ákvæði, getur skrárhaldari ekki byggt á í mati sem hann lætur frá sér fara um fjárhag og lánstraust tiltekins aðila, jafnvel þótt upplýsingunum sjálfum sé ekki miðlað áfram. Niðurlagsákvæði 2. mgr. 16. gr. er ætlað að tryggja að aðili fái um það vitneskju áður en eldri eldri upplýsingar en fimm ára eru skráðar eða þeim miðlað. Eins er aðila tryggður réttur til þess að bera ágreining í þessum efnum undir tölvunefnd.

Um 17. gr.

Ákvæðið í heild svarar til 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Í upptalningu frumvarpsgreinarinnar kemur kennitala í stað nafnnúmers í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Svarar ákvæðið til 10. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæðið hefur það að markmiði að tryggja að hinn skráði fái vitneskju um það að hann sé kominn á tiltekna skrá. Er sú vitneskja forsenda þess, að hann eigi möguleika á því að kynna sér efni skráðra upplýsinga og fá leiðréttingu þeirra ef efni eru til þess.

Samkvæmt 2. mgr. skal skrárhaldari tilkynna hverjum þeim sem tekinn er á skrá ef skráð eru um hann önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr., þ.e. almennt aðgengilegar upplýsingar. Með almennt aðgengilegum upplýsingum er t.d. átt við upplýsingar úr þinglýsingarbókum eða upplýsingar sem birtast í opinberum blöðum, t.d. Lögbirtingablaði, eða eru með öðrum hætti almennt aðgengilegar. Er hér yfirleitt um að ræða upplýsingar sem hinn skráði hefur ekki sérstaka hagsmuni af að hafa eftirlit með, annaðhvort af þeirri ástæðu að þær eru ekki persónulegar upplýsingar í eðli sínu eða eru almennt aðgengilegar á grundvelli sérstakra reglna þar að lútandi. Upplýsingum þessum fylgja yfirleitt aðrar upplýsingar er gagngert varða fjárhag hins skráða og þegar þeim upplýsingum er bætt við hinar almennt aðgengilegu verður tilkynningarskylda skrárhaldara virk.

Til sanns vegar má færa að tilkynningarskylda af því tagi, sem hér um ræðir, sé íþyngjandi fyrir skráningaraðilann. Þegar hagsmunir hins skráða eru virtir verður þó að telja að slík tilkynningarskylda sé eðlileg, jafnvel þótt hún sé fyrirhafnarsöm, þar sem tilkynningarskyldan getur komið í veg fyrir mistök sem alltaf geta gerst og hafa reyndar gerst hér á landi eins og ársskýrsla tölvunefndar frá 1986 ber með sér. Hins vegar er reynt að koma til móts við hagsmuni skráningaraðila á þann hátt að tilkynna þarf þegar aðili er tekinn á skrá í fyrsta skipti, en ekki eftir það.

Um 18. gr.

Ákvæðið hefur það að markmiði að tryggja að hinn skráði geti haft eftirlit með þeim upplýsingum sem um hann eru skráðar og miðlað hefur verið þannig að hann geti eftir atvikum krafist leiðréttinga. Frumvarpsgreinin leggur ekki þá skyldu á herðar skráningaraðila að tilkynna af eigin frumkvæði um efni skráðra upplýsinga. Hins vegar skal skráningaraðili, komi fram krafa um slíkt, svara fyrirspurn innan fjögurra vikna um efni allra þeirra upplýsinga sem skráningaraðili hefur yfir að ráða um hinn skráða. Samkvæmt 2. mgr. á skráður aðili rétt á að fá að skoða upplýsingar í viðurvist skrárhaldara.

Fyrsta málsgreinin svarar til 1. mgr. 11. gr. gildandi laga. Það nýmæli er að finna að kveðið er á um skyldu skrárhaldara til þess að svara fyrirspurn innan fjögurra vikna. Auk þess að eiga rétt til að fá vitneskju um efni skráðra upplýsinga á hinn skráði einnig rétt til þess að fá upplýsingar um það mat sem skrárhaldari hefur látið frá sér fara um hinn skráða ef því er að skipta. Með þessu er tryggður möguleiki hins skráða á því að fá leiðréttar rangar upplýsingar. Hins vegar á hann ekki rétt á því að fá að vita hverjum upplýsingar voru veittar. Í þeim tilvikum, þar sem um rangar upplýsingar er að ræða, hefur hinn skráði þó hagsmuni af því að fá að vita hverjum upplýsingar voru sendar. Leiðir það af ákvæðum 4. mgr. 14. gr. Rök þessa eru þau að hinn skráði getur beðið fjártjón eigi hann þess ekki kost að hafa samband við móttakanda upplýsinganna. Þá getur vitneskja um móttakanda, þegar svona hagar til, haft þýðingu við mat hins skráða á því hvert tjón hann hefur beðið og hvort ástæða sé til þess að krefjast bóta af skrárhaldara.

Þær upplýsingar, sem skýra skal frá samkvæmt ákvæðinu, eru þær sem skrárhaldari hefur undir höndum þegar krafa kemur fram, en ekki þær sem skrárhaldari hefur þegar hann gefur svar sitt. Ástæða þessa er sú að ósk um upplýsingar stafar oftast af grunsemdum hins skráða um að rangar upplýsingar séu á skrá. Rangar tölvuskráðar upplýsingar er hins vegar auðvelt að leiðrétta á skömmum tíma og án þess að slíks sjáist merki í skránni.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. á hinn skráði ekki rétt til þess að fá upplýst hvaðan upplýsingar eru komnar. Á það einnig við þegar hinn skráði fær tækifæri til þess að skoða gögn sjálfur í viðurvist skrárhaldara. Megintilgangur frumvarpsgreinarinnar er að skapa hinum skráða betra tækifæri til þess að fá fullnægjandi upplýsingar, en vernda jafnframt „heimildir" skrárhaldara og láta skrárhaldara bera ábyrgð á því að upplýsingar hans séu réttar. Hins vegar gæti það reynst skrárhaldara erfitt að fá aðrar upplýsingar en þær sem eru almennt aðgengilegar ef á honum hvílir skylda til að skýra frá heimildarmönnum sínum.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. 19. gr. svarar til 3. mgr. 5. gr. gildandi laga og er efnislega eins og 1. mgr. 12. gr. dönsku laganna. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. er nýmæli og svarar til 2. mgr. 12. gr. dönsku e.s.l. Ákvæði 3. og 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins er nýmæli og svarar að nokkru til 3. og 4. mgr. 12. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgrein þessari er að finna ákvæði um það með hverjum hætti skrárhaldara er heimilt að miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ýmsar aðferðir eru hugsanlegar í þeim efnum. Hægt er að miðla upplýsingunum munnlega, skriflega og eftir tæknilegum leiðum. Með skriflegri miðlun er átt við skráningu á pappír, segulbönd, filmur eða annað þess háttar varanlegt form og með munnlegri miðlun er m.a. átt við miðlun í gegnum síma. Þá má og til munnlegrar miðlunar jafna miðlun upplýsinga sem birtast á tölvuskjá eða með öðrum sambærilegum hætti sem ekki er varanlegur.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er það meginreglan að upplýsingum skal miðla skriflega. Með því er tryggð nægjanleg sönnun um það hvaða upplýsingum var miðlað, en slíkt er nauðsynlegt í sambandi við eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. um rétt hins skráða til þess að kynna sér efni skráðra upplýsinga byggir á þeirri forsendu að skrárhaldari varðveiti upplýsingarnar eða afrit þeirra og það mat sem hann hefur látið frá sér fara.

Meginreglan um skriflegar upplýsingar sætir undantekningum, enda gæti það verið ýmsum vandkvæðum bundið ef ávallt þyrfti að svara skriflega. Hraði í viðskiptum gerir það nauðsynlegt að hægt sé með skömmum fyrirvara að afla tiltekinna upplýsinga. Þeim þörfum er reynt að mæta með því ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. að veita megi föstum viðskiptavinum munnlegar upplýsingar þegar um almennar upplýsingar er að ræða. Með almennum upplýsingum, sem á Norðurlandamálum hafa verið kallaðar „summariskar“ upplýsingar, er átt við einfaldar upplýsingar sem oft verður svarað með játandi eða neitandi. Auk nafns og heimilisfangs er hér t.d. átt við upplýsingar um stofnunarár fyrirtækis og heildarveltu þess hvort viðkomandi aðili sé gjaldþrota hvort hann eigi fasteign o.s.frv.

Þegar upplýsingar eru veittar munnlega ber að varðveita nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda. Er það gert svo unnt sé að koma til þeirra leiðréttingum ef rangar upplýsingar hafa verið sendar út. Þykja sex mánuðir hæfilegur tími í þeim efnum.

Ekki þykir ástæða til þess að amast við útgáfu upplýsingarita um fjárhagsmálefni og lánstraust, enda gegna þau ákveðnu hlutverki í viðskiptalífi nútímans. Er þetta sá háttur á miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust sem algengastur er hér á landi. Útgáfa þeirra er því heimil skv. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Hins vegar miða ákvæði greinarinnar að því að tryggja hagsmuni hinna skráðu eftir því sem kostur er. Skv. 2. mgr. mega upplýsingarit skrárhaldara aðeins hafa að geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins afhenda áskrifendum. Almenn sala slíkra rita, t.d. í bókaverslunum eða á öðrum sambærilegum stöðum, er því ekki heimil og heldur ekki sala beint frá skrárhaldara. Aðeins afhending til áskrifenda er heimil. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar skrárhaldara að hann tilkynni skráðum aðila um það að nafn hans ásamt tilteknum upplýsingum muni birtast í næstu útgáfu upplýsingaritsins **áður en** viðkomandi er settur á skrá. Verði frumvarp þetta að lögum þurfa þeir aðilar, sem nú hafa með höndum söfnun og skráningu upplýsinga samkvæmt þessum kafla frumvarpsins, að fá starfsleyfi sín endurnýjuð ætli þeir að halda áfram starfsemi á þessu sviði. Er við það miðað að tilkynningarskylda skv. 2. mgr. 19. gr. taki einnig til þeirra aðila sem nú þegar eru á skrám þessara starfsleyfishafa. Um rök tilkynningarskyldunnar má vísa til þess sem áður segir í athugasemdum við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna ákvæði sem setja því skorður hverjar almennar upplýsingar veita má um fjárhag manna og lánstraust, m.a. í upplýsingaritum. Birting á nafni manns eða fyrirtækis í upplýsingariti um fjárhagsmálefni, hinum svokölluðu

vanskilaskrám sem oft eru nefndar „svörtu listarnir“, hefur í raun þann tilgang að vara aðra við lögskiptum við hinn skráða. Slíkt getur haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir hinn skráða, t.d. hvað varðar lánsviðskipti við kaup á almennum verslunarvörum. Til þess að aðili verði tekinn á skrá er svo ákveðið í 3. mgr. að skuld eða skuldir hins skráða við tiltekinn kröfuhafa skuli í hverju einstöku tilviki ná ákveðnu lágmarki sem er 10.000 kr. Þótt ekki sé heimilt að veita almennar upplýsingar um lægri skuld eða skuldir er eigi að síður heimilt að nota slíkar upplýsingar í heildstæðu mati skrárhaldara á lánstrausti eða fjárhag hins skráða.

Mjög er það misjafnt hvaðan skrárhaldarar safna upplýsingum þeim er þeir birta í vanskilaskránum. Eru upplýsingarnar ýmist fengnar hjá dómstólum, í dagblöðum eða Lögbirtingablaði. Nauðsynlegt þykir að setja því skorður hvert slíkar upplýsingar verði sóttar og miða ákvæði 3. mgr. að því. Samkvæmt ákvæðinu má aðeins miðla upplýsingum sem eru almennt aðgengilegar, t.d. fengnar úr Lögbirtingablaði, dagblöðum eða aðgangur að þeim er almennur með öðrum hætti, t.d. í dómabókum. Þetta gildir þó ekki, hafi skuldari skriflega gengist við því gagnvart kröfuhafa að skuldin sé gjaldfallin eða kröfuhafi hefur byrjað réttargerð á hendur skuldara til fullnustu kröfunnar, t.d. með birtingu stefnu eða beiðni um beina aðför eða uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Erlendis hefur það komið fyrir að almennar upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust hafa verið notaðar við mat á lánstrausti annarra en hinna skráðu. Sem dæmi frá Danmörku má nefna að upplýsingar í vanskilaskrá um stóran hóp íbúa við tiltekna götu eða í tilteknu fjölbýlishúsi urðu þess valdandi að öðrum íbúum götunnar eða hússins, sem ekki voru á skránni, var neitað um lán. Ákvæði 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar hafa það m.a. að markmiði að tryggja að slíkt gerist ekki, en í greininni segir að almennar upplýsingar megi ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annarra en þeirra sem upplýsingarnar varða. Má því samkvæmt þessu ekki flokka hina skráðu eftir heimilisfangi, heldur eftir nafni. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort upplýsingar eru gefnar munnlega eða skriflega.

Um 20. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 12. gr. gildandi laga. Nánari fyrirmæli um það, hvernig að leiðréttingu skuli staðið, er að finna í 14. gr. sem er almennt ákvæði.

Um VI. kafla.
Nafnalistar og límmiðaáritanir.
Markaðs- og skoðanakannanir.

Kaflinn hefur að geyma reglur annars vegar um svokallaða nafnalista og nafnáritanir, svo sem með límmiðaáritun, og hins vegar reglur um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana.

Engin ákvæði eru í gildandi tölvulögum um starfsemi þeirra er hafa með höndum fyrir aðra útsendingu dreifibréfa, tilkynninga o.þ.h. ef frá eru talin ákvæði 2. mgr. 13. gr. Hvað varðar starfsemi þeirra, er selja nafnalista og annast um nafnáritanir, hefur kaflinn að geyma ferns konar reglur. Í fyrsta lagi er gerður áskilnaður um starfsleyfi þeirra er slíka starfsemi hafa með höndum og í öðru lagi eru því skorður settar hvað slíkir aðilar mega taka á skrá. Í þriðja lagi eru ákvæði um það að í áritun skuli koma fram úr hvaða skrá upplýsingar eru fengnar. Í fjórða lagi er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að framselja skrár eða gögn um fasta viðskiptamenn eða félagsmenn án samþykkis þess er gögnin hefur afhent.

Um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins. Eru þau að mestu eins og ákvæði gildandi laga, nema hvað ákvæði d- og e-liða eru nýmæli.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. 21. gr. er kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem selja eða afhenda nöfn og heimilisföng einstaklinga eða lögpersóna þegar nafnalistarnir og heimilisföngin eru notuð til

útsendinga dreifibréfa, áróðursrita, auglýsingabæklinga o.s.frv. Eins er kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem annast um fyrir aðra nafnáritanir, t.d. með límmiðaáritunum, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið 1. mgr. Er hér farið að fyrirmynd 25. gr. norsku laganna sem kveður á um starfsleyfisskyldu í þessum efnum.

Starfsemi fyrirtækja, er hafa með höndum sölu á nafnalistum og heimilisföngum og annast um nafnaáritanir, getur verið bæði eðlileg og nauðsynleg. Hins vegar er á því þörf af tilliti til einkalífsverndar manna að setja starfsemi þessara aðila ákveðnar skorður, þar á meðal skorður varðandi það hvaða upplýsingar þeim er heimilt að skrá.

Starfsemi fyrirtækja, er veita þá þjónstu er hér um ræðir, hefur farið vaxandi hér á landi síðustu árin. Rök þess að kveða á um starfsleyfisskyldu þeirra eru m.a. þau að gagnabönkum sem þessum er mjög auðvelt að breyta í annars konar gagnabanka með víðtækari upplýsingum og þykir því nauðsynlegt að slík starfsemi falli ótvírætt undir eftirlitsvald tölvunefndar.

Í 2. mgr. 21. gr. er upp talið hvað starfsleyfishöfum skv. 21. gr. er heimilt að skrá. Er þar um að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar og upplýsingar sem ekki eru mönnum viðkvæmar. Önnur mgr. telur það tæmandi hvað skrá megi. Í 3. mgr. er þess getið að dómsmálaráðherra geti í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám sem þessum.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. er nýmæli. Þar kemur fram sú regla að í nafnáritun eða annarri áritun, sem notuð er við útsendingu dreifibréfa o.þ.h., skuli það koma fram úr hvaða skrá upplýsingar um nafn eða heimilisfang viðtakanda bréfs eða tilkynningar eru fengnar. Er ákvæði þetta sett til þess að auðvelda viðtakendum slíkra bréfa eða rita að koma milliliðalaust á framfæri óskum sínum við skrárhaldara um að nöfn þeirra verði tekin af skrá, en skv. 2. mgr. 22. gr. er starfsleyfishafa skylt að verða við slíkum tilmælum. Ákvæði 22. gr. svarar að mestu til 18. gr. dönsku e.s.l.

Í niðurlagi 2. mgr. 22. gr. er tölvunefnd heimilað að setja reglur um framkvæmd merkingar skv. 1. mgr.

Um 23. gr.

Ákvæðið svarar til 19. gr. dönsku e.s.l. og niðurlagsákvæðis 27. gr. norsku laganna.

Í ákvæðinu er við það miðað að það geti verið fyllilega eðlilegt af fyrirtæki eða félagasamtökum að láta skrárhaldara skv. 21. gr. í té lista yfir félagsmenn sína eða fasta viðskiptavini til útsendingar dreifirita o.þ.h. Ákvæðið setur því hins vegar takmörk á hvern hátt starfsleyfishafi má nota slíkar skrár. Samkvæmt ákvæðinu er starfsleyfishafa óheimilt að selja öðrum skrá eða nota þá flokkun, sem þar kemur fram, til útsendinga fyrir aðra en þann sem skrána afhenti, nema með samþykki þess er afhenti starfsleyfishafa skrána. Þannig má hugsa sér það dæmi að starfsleyfishafi fái afhenta skrá yfir meðlimi í tilteknum stjórnmálaflokki til þess að annast um áritun dreifibréfa frá þeim stjórnmálaflokki til meðlima hans. Væri þá óeðlilegt ef starfsleyfishafinn gæti án samþykkis stjórnmálaflokksins notað skrá hans til útsendingar dreifibréfa fyrir aðra stjórnmálaflokka eða t.d. fyrir viðskiptaaðila. Hins vegar er gengið út frá því í ákvæðinu að með samþykki skráreiganda geti starfsleyfishafi notað slíkar skrár til útsendinga fyrir sjálfan sig eða aðra.

Um 24. gr.

Framkvæmd markaðs- og ýmiss konar skoðanakannana hefur færst mjög í vöxt á undanförnum árum hér á landi, svo sem ársskýrslur tölvunefndar bera með sér. Mjög er það misjafnt eins og sjá má af ársskýrslunum, hverjum upplýsingum er safnað í slíkum könnunum, en ekki er óalgengt að safnað sé viðkvæmum upplýsingum um hagi hinna spurðu, t.d. upplýsingum um stjórnmálaviðhorf þeirra, kynlíf, brotaferil, vímuefnanotkun og heilsuhagi. Hefur tilfinnanlega skort ítarleg ákvæði í íslensk lög um skyldur þeirra, er slíkar kannanir

framkvæma, um sjálfa framkvæmdina og eftirlit af opinberri hálfu með framkvæmdinni. Einu ákvæðin, sem nú er að finna í íslenskum lögum um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana, eru ákvæði 5. mgr. 13. gr. laga nr. 39/1985. Hafa þau verið grundvöllur þess eftirlits sem tölvunefnd hefur haft með framkvæmd slíkra kannana. Hefur nefndin, þrátt fyrir óljóst orðalag gildandi laga, talið sér heimilt að synja beiðnum um heimildir til þess að framkvæma slíkar kannanir ef hún hefur verið þeirrar skoðunar að réttur hinna spurðu væri ekki nægilega tryggður.

Að mörgu leyti væri æskilegt að sett yrðu hér á landi ítarleg lagaákvæði um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana. Hins vegar er það álitamál hvort rétt sé að setja slík ákvæði í löggjöf sem þessa. Af þeirri ástæðu og því að Alþingi samþykkti sl. vor þingsályktunartillögu þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir, þykir ekki rétt að setja í frumvarp þetta ítarlegri ákvæði um framkvæmd slíkra kannana en er að finna í 24. gr. frumvarpsins. Er með því reynt að tryggja að íslensk löggjöf hafi að geyma allra nauðsynlegustu ákvæðin um framkvæmd slíkra kannana þar til lokið er þeirri athugun sem að er vikið í framangreindri þingsályktun.

Mjög er það misjafnt í löggjöf erlendra ríkja hvernig háttað er lagareglum um skoðanakannanir. Má þannig sem dæmi nefna að dönsku tölvulögin hafa engin ákvæði að geyma um skoðanakannanir, en hins vegar eru slík ákvæði í norsku tölvulögunum.

Ákvæði liða a- til c-liða eru samhljóða ákvæðum 5. mgr. 13. gr. gildandi laga og mæla fyrir um helstu skyldur spyrjenda bæði hvað varðar framkvæmd könnunar og varðveislu gagna. Ákvæði d-liðar er nýmæli og setur því skorður hvernig nota má þær upplýsingar sem safnað var, þ.e. einvörðungu til þess að kanna það sem var tilgangur könnunar. Ákvæði e-liðar er af sama toga, en samkvæmt því er spyrjanda óheimilt að veita öðrum aðgang að upplýsingunum. Hér á landi eru starfandi ýmis fyrirtæki er annast framkvæmd markaðs- og skoðanakannana fyrir aðra. Ákvæði e-liðar er því að sjálfsögðu ekki til fyrirstöðu að slík fyrirtæki afhendi þeim er óskað hefur eftir könnun aðgang að upplýsingunum.

Um VII. kafla.
Um tölvuþjónustu o.fl.

Í VII. kafla frumvarpsins eru settar reglur um starfsemi þeirra er annast tölvuþjónustu fyrir aðra. Þýðingarmesta ákvæðið kemur fram í 1. mgr. 25. gr. og kveður á um starfsleyfisskyldu þeirra er slíka starfsemi hafa með höndum. Auk þess er að finna í kaflanum ákvæði um meðferð starfsleyfishafa á upplýsingum, þagnarskyldu hans og starfsmanna hans og um afleiðingar brota þeirra á þagnarskyldunni.

Um 25. gr.

Fyrsta mgr. 25. gr. svarar til 1. mgr. 19. gr. gildandi laga og er efnislega eins. Greinin kveður á um starfsleyfisskyldu þeirra er annast tölvuvinnslu fyrir aðra. Til samanburðar má geta þess að slíkir aðilar eru ekki starfsleyfisskyldir í Danmörku, heldur einvörðungu tilkynningarskyldir, sbr. 1. mgr. 20. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt gildandi lögum hér á landi eru slíkir aðilar starfsleyfisskyldir og þykir ekki ástæða til þess að breyta frá þeirri tilhögun í frumvarpi þessu, enda veitir þetta fyrirkomulag tölvunefnd betri möguleika til þess að hafa eftirlit með starfsemi slíkra aðila.

Ákvæðið tekur ekki einungis til svokallaðra tölvuþjónustufyrirtækja, heldur einnig allra annarra sem hafa með höndum þá starfsemi sem í greininni getur. Getur því verið um að ræða bæði fyrirtæki sem helga sig sölu á slíkri þjónustu og t.d. endurskoðendur sem stöku sinnum nýta tölvubúnað sinn til vinnslu gagna fyrir viðskiptavini sína.

Samkvæmt frumvarpinu er starfsleyfisskyldan takmörkuð við eftirfarandi tilvik: 1) að varðveittar séu viðkvæmar upplýsingar um einkamálefni eða úr þeim unnið, þ.e. upplýsingar

þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., 2) að varðveittar séu eða unnið úr upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. V. kafla frumvarpsins, og 3) unnið sé að samkeyrslu upplýsinga þar sem tölvunefnd hefur veitt heimild til slíkrar samkeyrslu, sbr. ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Í þeirri viðmiðun greinarinnar, að unnið sé úr upplýsingum fyrir aðra, felst að þeir sem í eigin þágu varðveita og vinna úr upplýsingum þeim, sem upp eru taldar í a- til c-liðum 1. mgr. 25. gr., þurfa ekki starfsleyfi. Bankar og sparisjóðir, sem varðveita fjárhagsupplýsingar um eigin viðskiptavini og vinna úr þeim í eigin þágu, þurfa ekki starfsleyfi samkvæmt greininni. Ef annar aðili hins vegar annaðist slíka tölvuvinnslu fyrir bankana væri sá hinn sami starfsleyfisskyldur. Eins má nefna það dæmi að læknum og sjúkrahúsum er heimilt að skrá heilsufarsupplýsingar um sjúklinga sína, en ef þessir aðilar fá annan aðila til þess að tölvuvinna slíkar upplýsingar fyrir sig yrði sá aðili að hafa starfsleyfi skv. 25. gr. Úr framkvæmd gildandi laga má nefna að landlæknir heldur svokallaða fóstureyðingaskrá og hefur hún verið tölvufærð af tilteknu verkfræðifyrirtæki hér í bæ. Það fyrirtæki hefur starfsleyfi til slíkrar þjónustu og yrði það tvímælalaust áfram samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. svarar til 2. mgr. 19. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Í 3. mgr. 25. gr. er ákvæði um meðferð starfsleyfishafa á þeim upplýsingum sem hann vinnur úr. Hefur ákvæðið það að meginmarkmiði að tryggja að upplýsingar úr skrá komist ekki til óviðkomandi án vitundar eiganda upplýsinganna. Er starfsleyfishafa óheimilt án samþykkis verkbeiðanda að nota upplýsingarnar til annars en að framkvæma þá þjónustu sem verkbeiðandi hefur óskað eftir. Í þeim tilvikum, þar sem upplýsingum úr skrám hefur með samþykki eiganda þeirra verið miðlað til þriðja aðila, er það eigandinn sem er ábyrgur fyrir því að sú miðlun fullnægi skilyrðum frumvarpsins fyrir slíkri upplýsingamiðlun. Þá er starfsleyfishafa óheimilt samkvæmt frumvarpsgreininni að fá upplýsingarnar öðrum til vinnslu. Er slík regla eðlileg til þess að koma í veg fyrir frjálslega meðferð upplýsinganna. Rétt þykir að árétta að í því ákvæði greinarinnar, að óheimilt sé að fá aðra til þess að vinna úr upplýsingunum, er bæði átt við aðila hérlendis og erlendis.

Ákvæði 4. mgr. 25. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 19. gr. gildandi laga og á það ákvæði sér fyrirmynd í 3. mgr. 20. gr. dönsku e.s.l. Ekki verða í lagaákvæði sem þessu sett nánari fyrirmæli um það hvers konar öryggisráðstöfunum starfsleyfishöfum er skylt að koma við. Hlýtur umfang og eðli slíkra ráðstafana að ráðast af því hvers konar starfsemi um er að ræða. Af þeirri ástæðu gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið geti sett nánari reglur um slíkar öryggisráðstafanir. Tölvunefnd sú, er skipuð var eftir gildistöku laga nr. 63/1981, setti í september 1983 „Reglur um ábyrgð og samskipti skráningaraðila og tölvuþjónustufyrirtækja". Eru reglur þessar birtar sem fylgiskjal nr. 3 með ársskýrslu tölvunefndar 1983.

Um 26. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna við tölvuþjónustu og svarar til 20. gr. gildandi laga. Ef tölvuþjónusta er látin í té af fyrirtæki sem rekið er af hinu opinbera má vænta þess að starfsmenn séu opinberir starfsmenn með þagnarskyldu um þau atriði er þeir komast að í sambandi við tölvustarfsemina, sbr. m.a. 32. gr. laga nr. 38/1954 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ekki þörf að setja sérreglur um þagnarskyldu þeirra hér, þó svo að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um þá, þ.e. áskilið er að þeir undirriti þagnarheit í sambandi við vitneskju sem þeir fá við framkvæmd þessara starfsverkefna. Er það gert til að árétta frekar en ella er hve miklu varðar að starfsmenn gæti þagnarskyldu í þessu sambandi. Ef fyrirtæki er ekki rekið af hinu opinbera, er slíkri almennri þagnarskyldu ekki til að dreifa. Þeir starfsmenn skulu undirrita þagnarheit, sbr. 1. mgr., og geta m.a. orðið skaðabaótaskyldir ef þeir virða ekki þagnarskyldu og unnið sér til refsingar, sbr. 35. gr.

frumvarpsins. Þagnarheitið gegnir hér vissulega hlutverki án tillits til refsihliðar þessa máls. Ætlast er til að forráðamenn fyrirtækis brýni þagnarskylduna fyrir starfsmönnum.

Ef tölvuþjónustufyrirtæki, sem tilheyrir einkageiranum, vinnur að verkefnum fyrir hið opinbera þykir nauðsynlegt að mæla svo fyrir að starfsmenn fyrirtækisins séu þagnarskyldir í sambandi við framkvæmd verkefnis með sama hætti og opinberir starfsmenn sem unnið hafa að því. Varðar rof á þagnarskyldu, þegar svo stendur á, refsingum skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, en refsiákvæði 35. gr. frumvarpsins tekur ekki til þessa.

Um VIII. kafla.
Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Aukin tækni á sviði tölvumála og fjarskipta hefur auðveldað mjög flutning gagna frá einu landi til annars. Má ljóst vera að einkalífsvernd þeirri, sem frumvarpi þessu er ætlað að veita mönnum, gæti verið hætta búin ef söfnun upplýsinga gæti óheft farið fram hér á landi til úrvinnslu í öðru landi. Þannig gæti orðið mjög erfitt fyrir skráðan aðila að fá hlut sinn réttan ef slík skráning gengi að einhverju leyti á svig við ákvæði frumvarpsins. Gegnir hinu sama ef óheft mætti flytja úr landi til geymslu eða frekari úrvinnslu erlendis skrár sem hafa að geyma persónupplýsingar.

Vandamál, sem tengjast flutningi persónugagna, hafa verið mjög til umræðu á fjölþjóðavettvangi. Má sem dæmi nefna umræður innan Evrópuráðs, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), Norðurlandaráðs og samstarfsnefndar vestrænna tölvueftirlitsstofnana.

Hlutverk VIII. kafla frumvarpsins, sem er sama efnis og ákvæði 21. gr. í VII. kafla gildandi laga, er fyrst og fremst það að vernda rétt skráðra aðila gegn óheftum flutningi persónugagna sem safnað hefur verið hérlendis til úrvinnslu erlendis.

Um 27. gr.

Utan sviðs frumvarpsins fellur skráning sem til er stofnað erlendis. Á þetta eins við þótt upplýsingar í skrá varði einstaklinga eða lögpersónur hér á landi. Ef skrá er á hinn bóginn varðveitt hér á landi eiga ákvæði frumvarpsins við um hana. Hlutverk 1. og 2. mgr. 27. gr. er fyrst og fremst að tryggja að ekki verði gengið á svig við skráningarreglur frumvarpsins, þar á meðal reglur þess um tilskilin samþykki tölvunefndar til skráningar með því að skrá upplýsingar erlendis. Ef reglna frumvarpsgreinarinnar nyti ekki við gæti það verið freistandi að stofna til skráningar erlendis og fullvinna skrár þar með upplýsingum sem safnað væri hér á landi.

Efni 27. gr. frumvarpsins er í raun tvíþætt. Í 1. mgr. er lagt bann við söfnun og skráningu persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Í 2. mgr. er á hinn bóginn lagt bann við því að skrár eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., verði látnar af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. getur tölvunefnd veitt undanþágu frá framangreindum bannákvæðum og í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru greind þau sjónarmið sem liggja skulu til grundvallar ákvörðunum nefndarinnar þegar hún veitir undanþágur. Ber nefndinni fyrst og fremst að leggja til grundvallar hver persónuvernd mönnum er búin á þessu sviði í því landi sem flytja skal gögnin til. Við mat nefndarinnar ber að mörgu að huga, m.a. hverjar reglur gildi í viðkomandi landi, m.a. um möguleika skráðra aðila til að fá upplýsingar um, hvað um þá er skráð, möguleika þeirra til að koma við leiðréttingum o.s.frv.

Ákvæði 4. mgr. er þarflegt í því skyni að greiða fyrir þjóðréttarsamningum og alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði.

Um IX. kafla.
Um eftirlit með lögum þessum.

Kafli þessi fjallar um sama efni og VIII. kafli gildandi laga nr. 39/1985. Í IX. kafla er að finna ákvæði um skipan, verkefni og valdsvið opinberrar nefndar, svokallaðrar tölvunefndar, sem hefur eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í frumvarpinu.

Um 28. gr.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 22. gr. gildandi laga, en efni og orðalag er töluvert breytt.

Til samræmis við ákvæði gildandi laga er áfram lagt til að eftirlit með framkvæmd laganna verði í höndum nefndar sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, svokallaðrar tölvunefndar. Eins og segir berum orðum í 1. gr. frumvarpsins eiga lögin við hvort sem skráning er handunnin eða vélræn. Er vernd laganna því ekki takmörkuð við vélræna skráningu eina. Orðið tölvunefnd er af þessum sökum ekki alls kostar heppilegt og væri að mörgu leyti eðlilegra að kalla nefndina skráningarnefnd eins og gert er t.d. í Danmörku (registertilsyn). Orðið tölvunefnd hefur hins vegar unnið sér fastan sess í vitund manna og þykir því ekki rétt að leggja til aðra orðnotkun í frumvarpi þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. er lagt til að tölvunefnd verði skipuð fimm mönnum, en samkvæmt gildandi lögum eiga þrír menn sæti í nefndinni. Sú venja myndaðist fljótlega eftir skipun fyrstu tölvunefndar í ársbyrjun 1982 og er enn framkvæmd að alla fundi nefndarinnar sóttu og sækja bæði aðalmenn og varamenn, en varamenn hafa að sjálfsögðu ekki tekið þátt í afgreiðslu mála nema í forföllum aðalmanna. Þetta fyrirkomulag hefur tryggt að fleiri sjónarmið hafa komist að við umræður í nefndinni en ella hefði verið og þetta hefur gert varamönnum auðveldara að taka sæti aðalmanna við ákvarðanatökur þegar til slíks hefur komið. Með hliðsjón af þessari jákvæðu reynslu þykir rétt að leggja til að skipaðir verði fimm fulltrúar í nefndina í stað þriggja. Má bæta því við að sú skipan mála hefði ekki kostnaðarauka í för með sér því varamenn í tölvunefnd hafa fengið greidd laun fyrir fundarsetur sínar. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir skipan fimm varamanna og yrðu þeir þá eingöngu kvaddir til fundarsetu í forföllum aðalmanna.

Í 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um það hverjum skilyrðum nefndarmenn skulu fullnægja. Í gildandi lögum er áskilnaður um að formaður nefndarinnar fullnægi skilyrðum til þess að vera dómari. Er sú tilhögun eðlileg með hliðsjón af verkefnum nefndarinnar og er því lagt til í frumvarpinu að svo verði áfram. Þá er og lagt til að auk formanns séu tveir aðrir nefndarmenn löglærðir og fullnægi annar þeirra einnig dómaraskilyrðum og sé jafnframt varaformaður. Ástæða þessa er sú að tölvunefnd hefur samkvæmt gildandi lögum og 29. gr. frumvarpsins úrskurðarvald í ágreiningsmálum er varða framkvæmd laganna. Erindi þau, sem berast tölvunefnd, eru mörg hver flókin og erfið úrlausnar lögfræðilega séð og ætti þetta fyrirkomulag að vera til þess fallið að styrkja niðurstöður nefndarinnar.

Samkvæmt gildandi lögum skal einn nefndarmanna vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Nauðsynlegt er að tæknileg sérþekking sé til staðar innan tölvunefndar og því er í frumvarpsgreininni lagt til að sama regla gildi áfram, þ.e. að einn nefndarmanna sé sérfróður á tæknisviðinu og verði tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Við setningu laga nr. 63/1981 var það sjónarmið lagt til grundvallar að auk formanns og sérfróðs tæknimanns sæti í tölvunefnd þriðji fulltrúinn er hefði að leiðarljósi sjónarmið hins almenna borgara án þess að þar kæmi til sérþekking á tölvumálum. Eðlilegt er að sjónarmið borgaranna komist að við ákvarðanatöku í tölvunefnd og því er við það miðað að ráðherra skipi fimmta fulltrúann í nefndina með það sjónarmið í huga.

Í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsmaður í dómsmálaráðuneytinu verði ritari nefndarinnar, en um það er nú ákvæði í 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Ritari tölvunefndar hefur allt frá setningu laga nr. 63/1981 annast daglega afgreiðslu á vegum nefndarinnar í nánu samráði við formann. Rök þessa fyrirkomulags voru á sínum tíma þau að koma í veg fyrir að tölvunefnd yrði að stjórnsýslubákni. Þá átti og með þessu að tryggja ákveðin tengsl milli nefndarinnar og dómsmálaráðuneytisins. Þessi skipan mála er hagkvæm af ýmsum ástæðum og í engu hefur hún skert sjálfstæði nefndarinnar gagnvart dómsmálaráðuneytinu. Verkefni tölvunefndar hafi að vísu farið vaxandi með árunum og mikið mætt á ritara tölvunefndar við daglega afgreiðslu og undirbúning mála. Ekki þykir það þó næg ástæða til að gera tillögu um að sett verði á laggirnar sérstök tölvueftirlitsstofnun hér á landi eins og tíðkast víða erlendis. Þar við bætist að frumvarp þetta hefur ekki neinar þær breytingar í för með sér á eðli eftirlitsstarfsins sem gera stofnun eftirlitsskrifstofu nauðsynlega. Þá má og segja að fjölgun nefndarmanna í fimm sé til þess fallin að gera eftirlitsstarfið auðveldara viðfangs en þó jafnframt markvissara fyrir þá sem því sinna.

Um 29. gr.

Skv. 1. mgr. 28. gr. skal tölvunefnd hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglum settum samkvæmt þeim. Í 29. gr. er að finna almennar reglur um verkahring nefndarinnar og eftirlitsstarf.

Ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. 29. gr. er nýmæli, en felur þó ekki í sér neina efnisbreytingu frá gildandi lögum. Þar segir að tölvunefnd hafi að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögunum. Í þessu felst tvennt. Annars vegar er kveðið á um eftirlit nefndarinnar að eigin frumkvæði og svo hins vegar vegna kvartana frá skráðum aðilum. Eins og víða kemur fram í frumvarpinu er það hlutverk nefndarinnar að taka við kvörtunum frá skráðum aðilum og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum ef þannig hagar til og er þetta almenna ákvæði því til samræmis við það hlutverk nefndarinnar.

Ákvæði 2. mgr. 29. gr. er sama efnis og 25. gr. gildandi laga. Í því felst að úrlausnir tölvunefndar eru stjórnsýslulega séð fullnaðarúrlausnir og verður þeim ekki skotið til annarra stjórnsýsluaðila, t.d. ráðherra til endanlegrar ákvörðunar. Ákvæði þetta tryggir mjög sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum. Rétt er að vekja á því athygli að með orðinu „úrlausnir“ í ákvæðinu er ekki einungis átt við eiginlega úrskurði nefndarinnar heldur aðrar ákvarðanir hennar. Þrátt fyrir ákvæði þetta stendur óhaggaður réttur manna til þess að bera úrlausnir nefndarinnar undir dómstóla eftir almennum reglum þar að lútandi.

Um 30. gr.

Ákvæði 30. gr. frumvarpsins í heild er nýmæli. Í ákvæðinu felst tvennt: Annars vegar réttur tölvunefndar skv. 1. mgr. 30. gr. til þess að krefja skrárhaldara allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitsstarf sitt. Er ákvæði þetta sama efnis og 2. mgr. 22. gr. dönsku e.s.l. Hins vegar er svo ákvæði 2. mgr. 30. gr. um rétt tölvunefndar án dómsúrskurðar til aðgangs að húsnæði þar sem skráning fer fram eða skráningargögn eru varðveitt, en það ákvæði er sama efnis og ákvæði 3. mgr. 22. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæði sama efnis og fram kemur í frumvarpsgrein þessari voru í frumvörpum þeim til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum um einkamálefni sem lögð voru fyrir Alþingi 1978, 1980 og 1981, en voru felld niður í meðförum Alþingis þegar lög nr. 63/1981 voru samþykkt.

Við endurskoðun laga 63/1981 árið 1984 lagði tölvunefnd til að sambærilegt ákvæði og 30. gr. frumvarps þessa yrði sett í hin nýju lög, sbr. ársskýrslu tölvunefndar 1984, bls. 17, en ekki náði sú tillaga fram að ganga.

Samkvæmt 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944 verður húsleit eigi framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Tölvutækni nútímans veitir möguleika til þess að eyða upplýsingum, sem geymdar eru í tölvum, á örskömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki. Með hliðsjón af því og þegar virtir eru hagsmunir þeir, sem lögum þessum er ætlað að vernda, verður að ætla að eftirlitshlutverk tölvunefndar verði markvissara og áhrifaríkara ef nefndin hefur ótvíræða heimild til beitingar þeirra úrræða sem í 30. gr. frumvarpsins greinir. Getur nefndin þannig betur fylgst með því að öryggisráðstafana sé gætt, aðgangur að upplýsingum sé takmarkaður í samræmi við ákvæði laga og að skráningu sé að öðru leyti staðið í samræmi við lög og reglur. Þá er og líklegt að ákvæði sem þetta sé til þess fallið að hafa almenn varnaðaráhrif á skrárhaldara, þ.e. verði þeim frekari hvatning til að standa rétt að málum ef þeir geta átt von á fyrirvaralausum eftirlitsheimsóknum tölvunefndar.

Um ákvæði 2. mgr. er það að segja að réttur tölvunefndar til aðgangs að húsnæði yrði ekki takmarkaður við húsnæði skrárhaldara eins, heldur næði hann einnig til húsnæðis þar sem unnið er úr skráningargögnum eða þau varðveitt hvort heldur sem það er hjá skrárhaldara eða öðrum.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta svarar til 24. gr. gildandi laga með nokkrum breytingum þó sem nánar verður gerð grein fyrir. Samkvæmt frumvarpsgreininni eru tölvunefnd veittar ýmsar heimildir til afskipta af skráningu eða meðferð upplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði frumvarpsins. Auk þeirra úrræða, sem þar greinir, getur tölvunefnd, ef um refsiverð brot á lögunum er að ræða, kært brot til yfirvalda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er samhljóða 1. og 2. mgr. 24. gr. gildandi laga. Samkvæmt þessum ákvæðum getur tölvunefnd mælt m.a. fyrir um að hætta skuli skráningu eða upplýsingamiðlun sem andstæð er ákvæðum laganna og að leiðrétta beri ranga skráningu eða afmá upplýsingar eða eyðileggja skrár í heild sinni.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 63/1981 sagði að þau lög tækju gildi 1. janúar 1982 og féllu úr gildi 31. desember 1985. Þá sagði að leita skyldi starfsleyfa skv. 5. og 19. gr. og heimilda skv. 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 7. gr. og 21. gr. vegna starfsemi sem hafin væri fyrir gildistöku laganna innan þriggja mánaða frá gildistökunni. Sambærilegt ákvæði var hins vegar ekki tekið upp í lög nr. 39/1985. Ákvæði 4. mgr. 31. gr. frumvarps þessa er því nýmæli ef mið er tekið af gildandi lögum. Samkvæmt því er valdsvið tölvunefndar ekki takmarkað við upplýsingar sem skráðar hafa verið eftir gildistöku laganna, heldur nær það einnig til upplýsinga sem safnað var fyrir það tímamark. Ákvæði þessa efnis hefur tilfinnanlega skort í gildandi lög, en tölvunefnd hefur eigi að síður túlkað valdsvið sitt svo að það nái til upplýsinga sem safnað var fyrir gildistöku tölvulaga, sbr. t.d. ákvörðun tölvunefndar sem frá greinir í kafla 4.0. í ársskýrslu nefndarinnar 1987. Má enda segja að ákvæði laga sem þessara mundu verulega missa marks ef eldri upplýsingar féllu ekki undir lögin. Með þeim orðum frumvarpsgreinarinnar, að tölvunefnd geti lagt fyrir aðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar, „sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara“, er jafnt átt við upplýsingar sem skráðar voru fyrir gildistöku laga nr. 63/1981 sem gildistöku laga nr. 39/1985. Ákvæðið svarar til 3. mgr. 23. gr. dönsku e.s.l.

Efni 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til efnis fyrri málsliðar 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Þykir eðlilegra að skipa ákvæði þessu með öðrum ákvæðum er mæla fyrir um almennar heimildir tölvunefndar til þess að hafa eftirlit með skráningu. Er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 23. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæði 5. mgr. 31. gr. svarar að nokkru til 4. mgr. 24. gildandi laga, en hefur rýmra gildissvið. Samkvæmt orðanna hljóðan er 4. mgr. 24. gr. gildandi laga takmörkuð við aðferðir

við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu, en í frumvarpsgreininni er bæði fjallað um aðferðir við söfnun og skráningu upplýsinga og aðferðir við miðlun þeirra. Komist tölvunefnd að því að skráningaraðili noti tilteknar aðferðir við söfnun upplýsinga eða miðlun þeirra og aðferðin hefur í för með sér hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða að teknar verði á skrá upplýsingar sem óheimilt er að skrá getur nefndin bannað þá aðferð. Ákvæðið gæti t.d. átt við ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. viðhefur aðferð við skráningu upplýsinga sem leiða til þess að upplýsingar eru rangar eða villandi eða starfsleyfishafinn miðlar upplýsingum með þeim hætti að upplýsingarnar geta verið villandi fyrir móttakandann. Hefur tölvunefnd beitt heimild 4. mgr. 24. gr. gildandi laga gagnvart skráningaraðila, sbr. ákvörðun nefndarinnar frá 13. júní 1986, en frá því máli greinir í árskýrslu nefndrinnar fyrir árið 1986 á bls. 26.

Sjötta málsgrein 31. gr. er sama efnis og 5. mgr. 24. gr. gildandi laga. Umfang þeirra tryggingaráðstafana, sem tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við samkvæmt ákvæðinu, verður án efa mismunandi eftir því hvers konar upplýsingar um er að ræða hjá viðkomandi skráningaraðila. Verður að meta slíkt eftir ástæðum hverju sinni. Þannig væri t.d. hægt að takmarka aðgang að upplýsingum við tiltekna aðila og mæla jafnframt fyrir um það með hverjum hætti þessir tilteknu aðilar mega meðhöndla upplýsingarnar.

Um 32. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í frumvarpinu. Samkvæmt því getur dómsmálaráðherra í reglugerð m.a. mælt fyrir um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir.

Tölvuúrvinnsla getur farið fram hér á landi á gögnum sem koma frá öðrum löndum og varða einkamálefni þar. Er aðstaðan þá andstæð við stöðuna skv. 27. gr. þar sem skorður eru reistar við því að gögn um einkamálefni hér á landi séu send til tölvuúrvinnslu erlendis. Er ástæða til að gefa gaum að tölvuvinnslu hér á landi, er tekur til erlendra gagna og setja reglugerðarákvæði um það efni og m.a. áskilja sérstaka tilkynningu um slíkt af hendi þeirra sem óska vinnslunnar.

Um 33. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. svarar til 26. gr. gildandi laga, en ákvæði 3. mgr. svarar til 2. mgr. 23. gr. Felur frumvarpsgreinin ekki í sér neina breytingu frá gildandi rétti.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar hefur það að markmiði að auðvelda tölvunefnd að rækja eftirlitshlutverk sitt með því að heimila nefndinni að setja reglur um form og efni tilkynninga og umsókna. Skiptir máli vegna eftirlitshlutverks nefndarinnar að tilkynningar og umsóknar séu skýrar og skipulega úr garði gerðar. Getur nefndin með þessum hætti safnað þeim upplýsingum um skráningaraðila sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Samkvæmt 2. mgr. er tölvunefnd heimilt að setja skilyrði í starfsleyfi og samþykki sem hún veitir til einstakra aðgerða og tímabinda þau. Getur slíkt verið bæði nauðsynlegt og eðlilegt eftir því hvernig á stendur hverju sinni og þykir rétt að orða um þetta sérstakt ákvæði til að taka af allan vafa í þeim efnum.

Um 34. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar er samhljóða 27. gr. gildandi laga. Allt frá setningu laga nr. 63/1981 hefur tölvunefnd gefið út ársskýrslu um starfsemi sína. Starfsemi tölvunefndar snertir málefni sem almenning varðar miklu að fylgjast með. Er því eðlilegt að tölvunefnd birti á ári hverju yfirlit um starfsemi sína svo almenningur eigi þess kost að fylgjast með starfsemi nefndarinnar.

Um IX. kafla.
Um refsingar og önnur viðurlög.

Í kaflanum er mælt fyrir um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum. Er það mjög misjafnt, hvort brot á einstökum ákvæðum laganna varða refsingu eða ekki. Refsing verður lögð bæði á einstaklinga og lögpersónur. Viðurlög þau, sem um ræðir, eru eftirfarandi:

1. sektir, varðhald eða fangelsi,
2. svipting réttar til að öðlast starfsleyfi,
3. svipting starfsleyfis,
4. upptaka tækja og hagnaðar.

Um 35. gr.

Eins og að framan segir er það mjög misjafnt hvort brot á einstökum ákvæðum laganna varða refsingu eða ekki. Brot á þeim ákvæðum, sem varða sektum eða fangelsi, eru talin upp í 1. mgr. 35. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu kemur fram að unnt sé að refsa jafnframt samkvæmt öðrum refsiákvæðum sem atferli kann að varða við, sbr. t.d. ákvæði 136. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Þykir því rétt að leggja til að hámarksrefsing samkvæmt þessari grein geti orðið sú sama og skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Í 3. mgr. 35. gr. eru sett ítarlegri ákvæði en er að finna í gildandi lögum um refsiábyrgð lögpersóna og ábyrgð þeirra á brotum starfsmanna.

Um 36. gr.

Forsenda réttindasviptingar samkvæmt ákvæðinu er svipuð og í 68. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að brot gefi til kynna nærlæga hættu á misnotkun í sambandi við skráningarstarfsemi. Tekið er fram að ákvæðum 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga verði beitt, eftir því sem við getur átt.

Í 2. mgr. eru ákvæði um eignaupptöku. Er heimilt að gera upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Um 37. gr.

Ákvæðið er nýmæli og mælir fyrir um refsingu vegna tilraunar og hlutdeildarbrota.

Um X. kafla
Lagaframkvæmd og gildistaka.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. er dómsmálaráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Reynslan verður að leiða í ljós hver þörfin verður í þeim efnum. Er þess getið í einstökum greinum frumvarpsins að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd einstakra greina.

Eins og áður er fram komið falla núverandi lög úr gildi 31. desember 1989. Er því lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar 1990.

Lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum um einkamálefni hafa verið í gildi hér á landi síðan í ársbyrjun 1982. Lög nr. 63/1981 og 39/1985 höfðu bæði fyrir fram afmarkaðan gildistíma, þ.e. fjögur ár. Þótti slíkt nauðsynlegt, þegar lögin voru sett, til að tryggja endurskoðun þeirra þar sem hér var um að ræða lagasetningu á áður óþekktu sviði, þar sem framfarir og tækniþróun voru örar. Hefur lögunum lítið verið breytt allt frá setningu þeirra.

Frumvarp þetta hefur sem fyrri lagasetning á þessu sviði það að markmiði að tryggja borgurunum vernd varðandi skráningu og miðlun upplýsinga um persónulega hagi þeirra. Jafnframt miðar frumvarpið að því að sníða af gildandi löggjöf helstu annmarka sem í ljós hafa komið. Er í almennum athugasemdum hér að framan gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir miðað við gildandi lög. Að þessu athuguðu þykir ekki rétt að leggja til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, hafi afmarkaðan gildistíma.

Ed. 368. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kom á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar felur frumvarpið í sér gífurlega þyngingu á skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja eins og gerð er grein fyrir í áliti l. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar. Með vísan til þess er einsýnt að fella frumvarpið.

Alþingi, 22. des. 1988.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Júlíus Sólnes.

Sþ. 369. Fyrirspurn [215. mál]

til fjármálaráðherra um upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvers vegna fær kjararannsóknarnefnd ekki aðgang að upplýsingum um launagreiðslur ríkissjóðs er varða félagsmenn Alþýðusambands Íslands?

Ed. 370. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Skattlagning sú, sem ríkisstjórnin boðar með frumvarpi þessu, er liður í gífurlegum nýjum álögum á almenning strax eftir áramótin eða í upphafi þess árs sem stjórnin telur verða ár atvinnuleysis og versnandi kjara. Þetta er liður í skattlagningu á ýmsar nauðsynjar launafólks í landinu sem nú býr við launafrystingu og kjararýrnun.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 22. des. 1988.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Júlíus Sólnes. Halldór Blöndal.

Ed. 371. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. des.)

1. gr.

Samhljóða þskj. 172 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir og veðdeildir við innlánsstofnanir skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr. hljóðar svo:

2. gr. laganna orðast svo:

Til skattskyldra tekna og eigna aðila skv. 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða sem stofnaðir eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum. Séu sjóðir þessir hluti af eða tengdir annarri skattskyldri starfsemi samkvæmt lögum þessum skal fjárhagur þeirra greinilega aðskilinn.

Ed. 372. Lög [184. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 358.

Ed. 373. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, JúlS, EKJ).

Við 6. gr. Á eftir orðunum „skv. 1. tölul. 2. gr.“ kemur: og lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga skv. 2. tölul. 2. gr.

Ed. 374. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1987, um breyt. á l. nr. 55 30. mars 1987, tollalögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Margrét Frímannsdóttir.
	Júlíus Sólnes.	

Nd. 375. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 360.

Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 22. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Geir H. Haarde.	Kristín Halldórsdóttir.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 376. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl. með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá efri deild.

Stefán Valgeirsson er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 22. des. 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Árni Gunnarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 377. Lög [158. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 353.

Sþ. 378. Skýrsla [216. mál]

iðnaðarráðherra árið 1987 um starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins.

Skýrsla sú sem hér er lögð fram er hin sjötta í röðinni, en undanfarin ár hefur iðnaðarráðherra sent Alþingi skýrslur með upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki sem undir iðnaðarráðuneytið heyra. Er þar gerð grein fyrir starfsemi þessara aðila á næstliðnu ári og þróun helstu rekstrarþátta.

Á árinu 1987 var Sjóefnavinnslan h.f. seld til Hitaveitu Suðurnesja, viðræður hófust um sameiningu Orkustofnunar erlendis h.f. og Virkis h.f. og ákvörðun var tekin um að hætta starfsemi Kísilmálmvinnslunnar h.f.

Skýrslan er ekki einungis lögð fyrir Alþingi til þess að varðveita sögulegan fróðleik, heldur er hún einnig gerð til þess að auðvelda framtíðarákvarðanir um breytingar á þeim stofnunum og fyrirtækjum sem skýrslan fjallar um.

Iðnaðarráðuneytinu, nóvember 1988.

Jón Sigurðsson
iðnaðarráðherra.

I. RÍKISFYRIRTÆKI

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 sem sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965 og skiptist eignaraðildin til helminga. Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar hinn 1. júlí 1983 varð Akureyrarbær eigandi Landsvirkjunar ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg. Síðan hefur eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun verið áfram 50%, Reykjavíkur 44, 525% og Akureyrar 5, 475%.

Núgildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983.

Iðnaðarráðherra staðfesti núgildandi reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 760/1983, hinn 16. nóvember 1983 og tók hún gildi 30. nóvember 1983.

Yfirlit 1987.

Rafmagnsvinnsla Landsvirkjunar nam alls 3.850 GWst á árinu 1987. Þar af nam rafmagnssalan 3.680 GWst en tap og eigin notkun 170 GWst, sem er 4,4% af rafmagnsvinnslunni í heild. Þetta er aðeins hærra hlutfall en var árið áður. Rafmagnssalan skiptist þannig að í hlut almenningsrafveitna féllu 1.610 GWst eða 43,7% og í hlut stóriðju 2.070 GWst eða 56,3%. Rafmagnssalan til almenningsrafveitna jókst á árinu um 34 GWst eða 2,1% og til stóriðju um 20 GWst eða 1,0%. Alls nam aukningin 54 GWst eða 1,5%.

Meðalrennsli Laxár í Aðaldal og Sogsins var undir meðallagi en meðalrennsli Þjórsár við Búrfell var heldur yfir meðallagi. Vatnsbúskapur á Þjórsársvæðinu var allgóður á árinu og jókst heildarforðinn um 126 Gl.

Gjaldskrá Landsvirkjunar fyrir sölu á rafmagni til almenningsrafveitna hækkaði um 7,5% 1. janúar og aftur 1. ágúst um 9,5% og loks 1. desember um 9%. Meðalverð ársins til almenningsrafveitna hækkaði um 11,55% frá meðalverði fyrra árs, en lækkaði að raungildi um 5,6%. Gjaldskrárverð Landsvirkjunar hafði í árslok 1987 lækkað um 35% að raungildi frá því um haustið 1983, er það var í hámarki.

Meðalverð ársins til ÍSAL lækkaði að raungildi um 14,6%, til Áburðarverksmiðju ríkisins lækkaði um 34,4% og um 4,1% til Íslenska járnblendifélagsins h.f. Er hér miðað við verð í íslenskum krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Framkvæmdir við Blönduvirkjun gengu vel á árinu. Lokið var við allan gröft vegna jarðganga og hellis stöðvarhúss og ⅔ af steypuvinnu í stöðvarhúsinu. Verður fyrsta vél virkjunarinnar gangsett 1991.

Í janúar 1987 festi Landsvirkjun kaup á nýjum kerfiráði til tölvuvæddrar fjarstýringar og fjargæslu afl- og aðveitustöðva Landsvirkjunar. Verða stjórnstöðvarnar tvær, önnur í Reykjavík, þar sem móðurtölvur verða til húsa í nýrri stjórnbyggingu og hin á Akureyri. Verður hinn nýi kerfiráður tekinn í notkun 1989 og kemur hann í stað eldri og úrelts búnaðar.

Engar vettvangsrannsóknir fóru fram á árinu vegna nýrra virkjana að undanskildum vatnamælingum og ýmsum grunnrannsóknum er krefjast frekari rannsókna eða mælinga.

Á árinu voru liðin 50 ár frá því að Ljósafossstöðin við Sog var gangsett, en virkjun Sogsins er einn merkasti kaflinn í virkjanasögu landsins. Ljósafossstöð er gott dæmi um hve vatnsaflsstöðvar eru góð fjárfesting, sem sést best á því að þrátt fyrir sín 50 ár og með sinn afskriftartíma að baki stenst Ljósafossstöðin vel samanburð við nýjar virkjanir og bendir allt til að svo verði áfram áratugum saman.

Í árslok var lokið frumathugun iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar á hagkvæmni þess að hefja byggingu nýs álvers í Straumsvík með allt að 180.000 tonna árlegri afkastagetu og krefjast mundi allt að 300 MW aflgetu í virkjunum. Einnig lauk Landsvirkjun frumathugun á því hvort það geti verið tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt að flytja og selja raforku um sæstreng frá Íslandi til Bretlands miðað við minnst 500 MW afl. Gefa þessar athuganir tilefni til bjartsýni varðandi möguleika á stóraukinni orkunýtingu hér á landi á næstu tveimur áratugum.

Ársfundur Landsvirkjunar, sem haldinn er samkvæmt lögum nr. 42/1983, fór fram í fjórða sinn 10. apríl 1987 og sóttu hann 77 þátttakendur.

Afkoma Landsvirkjunar 1987.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls 3.377 Mkr. og rekstrargjöld 3.119 Mkr. Vextir og afskriftir voru sem fyrr stærstu gjaldaliðirnir, alls 2.201 Mkr. eða 70,6% gjaldanna í heild.

Rekstrarafgangur á árinu 1987 varð 258 Mkr., sem er mun hagstæðari afkoma en 1986, er hann nam 8 Mkr. Með hliðsjón af hinni góðu afkomu var eigendum fyrirtækisins greiddur arður að fjárhæð alls um 45 Mkr., sem nam 4% af framreiknuðum eiginfjárframlögum þeirra. Meginástæðan fyrir bættri rekstrarafkomu, er hagstæð gengisþróun 1987 sem hafði í för með sér verulega lækkun raunvaxta á erlendum lánum. Er þetta fjórða árið í röð, sem rekstrarafkoman reynist jákvæð eftir að hafa verið óhagstæð um 6 ára skeið.

Eigið fé Landsvirkjunar jókst á árinu um 1.360 Mkr., vegna endurmats eigna og rekstrarafgangs að frádregnum arðgreiðslum til eigenda fyrirtækisins og nam í árslok 13.560 Mkr., að jafnvirði um 380 milljóna Bandaríkjadollara. Er eigið fé fyrirtækisins um 36% af heildareign þess miðað við árslok 1987.

Yfirstjórn.

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er stjórn fyrirtækisins skipuð til fjögurra ára í senn. Frá 1. júlí 1987 sitja í stjórn eftirtaldir menn:

Formaður:	Jóhannes Nordal
Kosnir af Alþingi:	Árni Grétar Finnsson
	Hafsteinn Kristinsson
	Ólafur Ragnar Grímsson
	Páll Pétursson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson
	Davíð Oddsson
	Sigurjón Pétursson
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Gunnar Ragnars

Framkvæmdastjórn skipa eftirtaldir menn:

Forstjóri	Halldór Jónatansson
Aðstoðarforstjóri	Jóhann Már Maríusson

Forstöðumenn deilda:

Aðalskrifstofa	Örn Marinósson
Byggingardeild	Páll Ólafsson
Rekstrardeild	Guðmundur Helgason

Svæðisskrifstofa	
Norður- og Austurlands	Knútur Otterstedt
Tækniþróunardeild	Elías B. Elíasson
Verkfræðideild	Agnar Olsen

Meðfylgjandi eru töflur er sýna rafmagnsöflun og rafmagnssölu fyrir árin 1986 og 1987, verðlagningu og yfirlit um starfsmannahald fyrirtækisins á árinu 1987.

Rafmagnsöflun

	1987 GWst	MW	1986 GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.850,2	605,0	3.786,5	592,0
Vatnsorka	3.677,3	577,0	3.635,6	564,0
Jarðvarmaorka	172,9	28,0	150,9	28,0
Eldsneytisorka	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildarrafmagnsöflun	3.850,2	605,0	3.786,5	592,0

Rafmagnssala

	1987				1986			
	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.514,6	95,5	1.610,1	-	1.479,4	96,9	1.576,3	
Rafmagnsveitu Reykjavíkur	569,2	-	569,2	106,3	531,6	-	531,6	98,5
Rafmagnsveitna ríkisins	608,8	35,5	644,3	115,5	626,6	36,5	663,1	118,4
Rafveitu Hafnarfjarðar	52,4	-	52,4	10,1	46,4	-	46,4	8,6
Orkubús Vestfjarða	72,8	48,7	121,5	27,3	80,9	49,6	130,5	26,1
Rafveitu Akureyrar	97,6	11,3	108,9	21,0	96,1	10,8	106,9	20,7
Hitaveitu Suðurnesja	113,8	-	113,8	22,3	97,8	-	97,8	17,0
Til stóriðju	1.680,1	390,2	2.070,3	-	1.676,2	374,3	2.050,5	-
Áburðarverksmiðju ríkisins	136,6	-	136,6	21,2	144,8	-	144,8	22,1
ISAL	1.307,0	78,4	1.385,4	171,0	1.275,2	25,5	1.300,7	165,0
Íslenska járnblendifélagsins	236,5	311,8	82,0	256,2	348,8	605,0	80,0	
Heildarrafmagnssala	3.197,7	485,7	-	3.155,6	471,2	3.626,8		
Tap og eigin notkun			169,8				159,7	

Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna 1987

	01.01.01.08.	01.08.01.12.	01.12.-
Forgangsrafmagn:			
Aflgjald, krónur á árskW	3.576,67	3.915,36	4.267,74
+ Orkugjald, aurar á kWst:			
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	114,0	124,8	136,0
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	31,3	34,3	37,4
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	31,3	34,3	37,4
Ótryggt rafmagn:			
Orkugjald (eingöngu), aurar á kWst	23,5	25,7	28,0

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum

	1987	1986
Yfirstjórn og tæknideildir	70	68
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	42	40
Aflstöðvar	102	103
	214	211

Lausráðnir starfsmenn

	1987	1986
Ársverk	61	68
	275	279

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða og er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hluti ríkissjóðs er 40%, en hluti sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hluti sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu og eru öll sveitarfélögin á Vestfjörðum eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Markmið Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og díselraforkustöðvar til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patreks-hrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist kyndistöðvar á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Flateyri og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1987.

Við gerð ársreiknings 1987 var ákveðið að breyta um reikningsskilaaðferð og taka upp svonefnda fráviksaðferð við uppgjörið. Jafnframt var framsetning reikningsins einfölduð og færð til samræmis við það sem tíðkast hjá öðrum orkufyrirtækjum. Þessar breytingar hafa það í för með sér að einstakir liðir reikningsins eru ekki að fullu samanburðarhæfir við ársreikninga undanfarinna ára.

Rekstrartekjur Orkubús Vestfjarða 1987 voru alls 388,4 Mkr. og rekstrargjöld alls 468,2 Mkr. Rekstrarafkoma 1987 var því neikvæð um 79,8 Mkr. Eldri reikningsskilaaðferð hefði sýnt tap að upphæð 55 Mkr.

Ástæða þessarar slæmu rekstrarafkomu, er fyrst og fremst sú að Orkubú Vestfjarða varð fyrir verulegum tekjumissi þegar verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður. Eigið fé fyrirtækisins nam í árslok 1987 1.759,1 Mkr. og var um 74,3% af heildarfjármagni.

Í árslok 1987 voru 56 starfsmenn í föstum störfum hjá Orkubúi Vestfjarða miðað við fullt starf.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 192,5 GWh og minnkaði um 1,1% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana		35,0%
Raforkuvinnsla dísilstöðva		0,6%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna		1,2%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK		63,2%
	Samtals	100,0%

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnslu í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Samtals varð orkusala Orkubúsins 1987 um 161,4 GWh.

Af raforku voru seldar um 112,9 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 1,6%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 290,1 Mkr. og meðalverð á seldri kílówattstund 257,0 sem er 14,2% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 48,5 GWh og er það 1,5% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 93,2 Mkr. og meðalverð á seldri kílówattstund 192,2 aurar, sem er 13,0% hækkun frá fyrra ári.

Orkusala	GWh	%
Til búrekstrar	7,9	4,9
Til stórra véla	26,3	16,3
Til hitunar	107,8*	66,8
Til annarra nota	19,4	12,0
Samtals	161,4	100,0

* Af raforku voru seldar 59,3 GWh og af heitu vatni 48,5 GWh.

Reiknað er með að 70% af allri raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 113,3 GWh til húshitunar eða 70,2 af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1987.

	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Rekstrartekjur	388.380	413.261	376.050
Rekstrargjöld	(413.922)	(362.394)	(292.695)
Fjármagnsgjöld	(54.251)	(92.642)	(84.716)
Óreglul. tekjur (gjöld)		39.575	
Hagnaður (Tap)	(79.793)	(2.200)	1.361
Eignir	2.368.592	2.028.151	1.764.930
Skuldir	(609.456)	460.571	(996.123)
Eigið fé	1.759.136	1.567.580	768.807

Framkvæmdir.

Á árinu 1987 var unnið að framkvæmdum fyrir 67,8 Mkr. og skiptust þær þannig:

	Mkr.
Fasteignir	4,7
Virkjanir	8,3
Dísilvélar	1,6
Aðveitulínur	0,7
Aðalorkufl. lína	11,8
Aðveitustöðvar	18,4
Innanbæjarkerfi	12,0
Kyndistöðvar	0,1

Dreifikerfi hitaveitu	1,0
Bifreiðar, áhöld og tæki	9,2
Samtals	67,8

Framkvæmdir voru fjármagnaðar að fullu úr rekstri án lántöku.

Rekstararhorfur 1987.

Um sl. áramót voru gjaldskrár hækkaðar um 7%. Hinn 1. ágúst hækkuðu gjaldskrár þannig að hitataxtar hækkuðu um 11,4%, marktaxtar um 10,8% og allir um 9,5%. Þann 1. desember hækkaði hitaorka um 18% og allir aðrir taxtar um 16%.

Þrír þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli: Gjaldskrá Landsvirkjunar, vextir lána og laun.

Rekstraráætlun 1988.

		Mkr.
Tekjur		465,0
Orkusala	452,0	
Annað	13,0	
Gjöld		(545,7)
Rekstrargjöld*	(497,5)	
Fjármagnsgjöld	(48,2)	
Tap		(80,7)

* Þar af afskriftir 125,5 Mkr.

Ljóst er að verðjöfnunargjaldið var verulegur þáttur í tekjuöflun Orkubúsins. Nú þegar verðjöfnunargjaldið hefur verið fellt niður með öllu er ljóst að annaðhvort verður að tryggja Orkubúinu aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum eða létta af því lánabyrði.

Framkvæmdir á árinu 1988 eru áætlaðar rúmar 60 Mkr.

Stjórn Orkubúsins.

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1988 var þannig skipuð:

Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Magnús Björnsson, skrifstofustjóri, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, Ólafur Helgi Kjartansson, skattstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson.

Stjórn fyrirtækisins eftir aðalfund 1988 er þannig skipuð:

Eiríkur Finnur Greipsson, tæknifræðingur, formaður, Magnús Björnsson, skrifstofustjóri, Sigríður Hrönn Elíasdóttir, oddviti, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, skipaður af fjármálaráðherra, Ólafur Helgi Kjartansson, skattstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun og einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá virkjunarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkan er seld áfram til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, eða flutning um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er eigandi byggðalína.

Starfsemi — Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um allt land (að undanskildum Vestfjörðum og Reykjanesi) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru 56% af íbúum í þéttbýli en um 44% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun.

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Orkuöflunin 1987 var sem hér segir:

Keypt orka:			
Frá Landsvirkjun	644.259	MWh	
Frá Andakílsárvirkjun	2.692	”	
Frá Skeiðsfossvirkjun	5.393	”	
Frá Sleitustaðavirkjun	492	”	
Alls	652.836	MWh	= 652,8 GWh
Framleidd orka:			
Í vatnsaflsstöðvum	113.151	MWh	
Í varmaorkustöðvum	1.873	”	
Í kyndistöðvum	673	”	
Alls	115.697	MWh	= 115,7 GWh
Orkuöflun alls			= 768,5 GWh

Orkuöflun Rafmagnsveitna ríkisins árið 1987 var tæpar 769 GWh eða nær óbreytt frá fyrra ári þegar hún var rúmar 767 GWh.

Orkukaup voru tæpar 653 GWh og minnkuðu um 2,2% frá 1986 er þau námu rúmum 667 GWh.

Framleiðsla í eigin orkuverum jókst úr tæpum 100 GWh 1986 í tæpar 116 GWh 1987 eða um 16%. Árið 1987 var metár hvað varðar framleiðslu þeirra vatnsaflsvirkjana sem Rafmagnsveiturnar reka nú. Hluti eigin framleiðslu í orkuöflun var 15% á móti 13% árið 1986.

Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður segir raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda á orkuveitusvæði sínu. Heildarraforkusala á árinu 1987 var 683 GWh. Í heildsölu voru seldar 158 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1986:

	GWh	%
Almenn notkun	62	12
Markmæling (landbúnaður)	162	31
Vélanotkun	100	19
Húshitun	187	35
Annað	14	3
Samtals	525	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 29 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði sé vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa selt samtals um 300 GWh til húshitunar (113 GWh til landbúnaðar og 187 GWh til annarrar húshitunar), eða tæplega 60% af raforku í smásölu.

Fjárfestingar.

Á árinu 1987 námu fjárfestingar 338,4 Mkr. samanborið við 239,4 Mkr. árið 1986.

Fjárfestingar ársins 1987 skiptast þannig:

		Mkr.
Aflstöðvar		0,1
Aðalorkuveitur		154,5
Dreifiveitur		153,0
Fasteignir, bifreiðar og áhöld	38,8	
-sala	8,0	30,8
		338,4

Framkvæmdir við dreifiveitur í sveitum eru að mestu fjármagnaðar með framlagi úr Orkusjóði, en aðrar framkvæmdir með lánsfé og úr rekstri, svo og með beinni verksölu.

Fjárhagsafkoma 1987.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús.kr.) í árslok 1987:

	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)
Tekjur:			
Orkusala	1.593.135	1.401.414	1.471.353
Verðjöfnunargj.		278.182	300.356
Aðrar tekjur	170.509	136.555	50.253
Tekjur samtals	1.763.644	1.816.151	1.821.962

Gjöld:			
Rekstrargjöld	1.976.163	1.674.886	1.595.148
Fjármagnsgjöld	109.605	148.297	101.441
Gjöld samtals	2.085.768	1.823.183	1.696.589
Hagnaður (tap)	(322.124)	(7.032)	125.373
Eignir	6.802.040	5.745.300	5.175.988
Skuldir	(1.330.236)	(859.088)	(3.675.741)
Eigið fé	5.471.804	4.886.212	1.500.247

Á árinu 1987 varð tap af rekstri Rafmagnsveitnanna að upphæð 322.124 þús.kr.

Ástæður þessa eru einkum tvær. Í fyrsta lagi lækkaði raunverð orku enn á fyrri hluta ársins 1987, þrátt fyrir talsverða hækkun gjaldskrár á árinu, en hækkanir urðu aðallega undir árslok og skiluðu því litlum tekjum á árinu. Þess má geta að meðalverð raforku til notenda var um 5% lægra að raunvirði en á fyrra ári, ef miðað er við byggingavísitölu.

Í öðru lagi var verðjöfnunargjald af raforku fellt niður á árinu 1986 og skilaði gjaldið því engum tekjum á árinu 1987. Við niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins gáfu stjórnvöld þá yfirlýsingu, að Rafmagnsveitunum yrði að fullu bættur tekjumissirinn, en við þetta hefur ekki verið staðið nema að hluta til.

Nettóframlag ríkissjóðs að upphæð 2.050 Mkr. vegur engan veginn á móti tekjum af verðjöfnunargjaldinu. Þetta hefur orðið til þess að Rafmagnsveiturnar hafa neyðst til að taka lán, bæði til rekstrar og framkvæmda.

Horfur í rekstri 1988.

Rekstraráætlun fyrir árið 1988 ber með sér að rekstrartap verði á árinu. Ástæður þessa eru þær sem lýst er hér að framan og að raforkuverð hefur lækkað verulega að raungildi á undanförnum árum þrátt fyrir talsverðar hækkanir á árinu 1987. Þetta leiðir til skuldasöfnunar á ný og verulegra erfiðleika í rekstri og verður til þess að raforkuverð til notenda Rafmagnsveitnanna hlýtur að hækka, ef ekki verður staðið við fyrrgreindar yfirlýsingar stjórnvalda.

Fjárhagsáætlun 1988 í þús. kr.

Tekjur	
Smásala	1.650.000
Heildsala	380.000
Aðrar tekjur	30.000.000
Samtals	2.060.000
Gjöld	
Laun	440.000
Önnur rekstrargjöld	340.000
Hráefni og vörur til endursölu	1.210.000
Samtals	1.950.000

Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármunagjöld	110.000
Afskriftir	440.000
Fjármunagjöld umfram fjármagnstekjur	40.000
Hagnaður (tap)	(370.000)

Starfsfólk.

Fjöldi starfsmanna Rafmagnsveitnanna hefur á undanförnum árum verið sem hér segir:

1982	1983	1984	1985	1986	1987
546	368	332	322	311	310

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Eiríkur Briem og forstöðumaður tæknisviðs er Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson Austurlandi og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki og Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Rekstur prentsmiðjunnar var með hefðbundnum hætti á árinu 1987 og svo var um mannahald líka þannig að í árslok voru 73 starfsmenn á launaskrá hjá fyrirtækinu. Lokið var við frágang á viðbótarhúsnæði og það tekið í notkun. Ákveðið var að stefnt skyldi að því að endurnýja setningarkerfi prentsmiðjunnar sem og að keypt yrði ný prentvél á árinu 1988. Í upphafi var það ætlunin að setningarkerfi þetta yrði á áætlun 1989, en það kom í ljós að svo lengi var ekki hægt að bíða með að kaupa nýtt kerfi þar sem bilanir voru tíðar í gamla kerfinu, enda er það orðið sjö ára, sem þykir hár aldur á tölvum.

Rekstur.

Staða á reksturs- og efnahagsreikningi var sem hér segir í árslok 1987.

	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Rekstrartekjur	114.925	97.718	79.538
Rekstrargjöld	(108.671)	(91.338)	(77.257)
Nettó fjárm.tekjur (gjöld)	(6.022)	(5.833)	(1.534)
Hagnaður (Tap)	232	547	747
Eignir	114.817	95.605	75.873
Skuldir	(34.630)	(30.268)	(24.949)
Eigið fé	80.187	65.337	50.924

Stjórn.

Í stjórn prentsmiðjunnar sitja eftirtaldir menn:
Eggert G. Þorsteinsson formaður
Lúðvík Hjálmtýsson varaformaður
Hjörtur Hjartarson ritari
Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1987.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 99.700 tonn, samanborið við 112.100 tonn árið 1986. Ástæða fyrir minni framleiðslu er 7 vikna framleiðslustöðvun hjá verksmiðjunni vegna mikilla endurbóta á brennsluofninum. Rekstrardagar ofnsins voru 310 og framleiðslan því 322 tonn á dag að meðaltali eða 1 tonni minna en árið áður.

Framleiðsla sements varð 127.200 tonn, en salan 130.523 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1987 (1986) í tonnum

	1987		1986	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	114.500	119.488	99.300	96.676
Hraðsement	9.500	8.309	13.300	13.444
Blöndusement	3.200	2.726	2.100	1.357
Alls tonn	127.200	130.523	114.700	111.477

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	92.891	26.597
Hraðsement	7.149	1.160
Blöndusement	2.337	389
Samtals	102.377	28.146
Skipting	78,4%	21,6%

Árið 1986 var hluti lausa sementsins um 76,7% og þess sekkjaða um 23,3%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði tvisvar á árinu, 1. mars um 5% og 1. september um 4%. Flutningsjöfnunarsjóðsgjald hækkaði einu sinni, 1. mars um 10%. Hækkun á sementi frá ársbyrjun til ársloka var um 9,3%.

Rekstur verksmiðjunnar gekk frekar vel á árinu og varð rekstrarhagnaður að upphæð um 33,1 Mkr. Afskriftir námu um 62,4 Mkr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1987 voru 146 (141 stöðugildi) og hafði fækkað um 7 frá fyrra ári. Starfsmönnum hefur fækkað um 36 síðustu 4 árin.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1987 (1986) (1985):

	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Rekstrartekjur	588.400	488.700	408.500
Rekstrargjöld	(524.550)	(390.200)	(396.200)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(30.750)	(35.900)	(58.800)
Hagnaður (tap)	33.100	62.600	(46.500)

Eignir	783.900	716.650	600.300
Skuldir	(291.500)	(332.300)	(360.300)
Eigið fé	492.400	384.350	240.000

Rekstrarhorfur 1988.

Ljóst er að sementssala verður talsvert meiri en áætlað var, sennilega mjög svipuð og árið 1987.

Framleiðslan hefur gengið mjög vel á árinu.

Sementsverð hækkaði um 8% í mars og um 9% í júlí.

Eins og horfur eru um mánaðamótin ágúst/september er útlit fyrir að hagnaður verði af rekstri verksmiðjunnar á árinu 1988.

Stjórn.

Á fundi sameinaðs Alþingis í desember 1984 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1985 til 6. febrúar 1989: Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, formaður, Daníel Ágústínusson, fyrrv. aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari, og Skúli Alexandersson, alþingismaður.

II. STOFNANIR

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Helstu störf Iðntæknistofnunar Íslands á árinu 1987.

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn Iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum í heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal Iðntæknistofnun gegna með því að:
- vinna að ráðgjöf og fræðslu,
- afla upplýsinga og dreifa þeim út í atvinnulífið,
- leggja stund á hagnýtar rannsóknir,
- fást við allskyns tilraunir og prófanir,
- hafa með höndum tæknilegt eftirlit og stöðlun,
- annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Stjórn.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Stjórn stofnunarinnar skipa:

Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður, Ágúst Valfells, framkvæmdastjóri, Guðjón Jónsson, járnsmiður, Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona og Steinar Steinsson, tæknifræðingur. Forstjóri er Páll Kr. Pálsson, hagverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands.

Stofnunin skiptist í 9 deildir og er sérhverri stjórnað af deildarstjóra sem hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafanefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Enn sem áður er lögð mikil áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Fræðsla og upplýsingamiðlun.

Á Iðntæknistofnun starfa Verkstjórnarfræðslan, Fræðslumiðstöð iðnaðarins og skipulögð eru námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla. Árlega eru tugir sérhæfðra námskeiða haldin fyrir starfsfólk í iðnaði og unnið nýtt námsefni í ýmsum greinum. Miðlun upplýsinga hefur batnað til muna eftir að PÚLSINN, fréttablað Iðntæknistofnunar var sett á laggirnar í byrjun árs 1987. Eitt umfangsmesta verkefni á sviði fræðslumála á tímabilinu var skipulagning og framkvæmd starfsnáms fyrir ófaglærða í fata- og vefjaiðnaði og húsgagna- og innréttingariðnaði. Má segja að hér hafi orðið tímamót í endurmenntunarmálum þessara iðngreina. Áframhald varð á hinum vinsælu námskeiðum um stofnun fyrirtækja sem ætluð eru konum eingöngu. Útgáfumál voru með líflegasta móti á árinu og tengdust einkum vöruþróunarátaki og framleiðniátaki stofnunarinnar.

Iðntækniþjónusta.

Efna- og matvælatæknideild hefur með höndum rannsóknir, þróun og gæðaeftirlit á framleiðslu fyrirtækja í efna- og matvælaiðnaði. Vaxandi þáttur í starfsemi deildarinnar er vöruþróun í matvælaiðnaði og er það í samræmi við markmið vöruþróunarátaks, sem stofnunin hrinti af stokkum síðari hluta árs og á að standa tvö ár. Markmiðið er að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki við að þróa vörur sem eru samkeppnisfærar á heimamarkaði og hæfar til útflutnings.

Sjálfvirknideild vinnur í samvinnu við Trétæknideild, Málmtæknideild og Efna- og matvælatæknideild að stóru sjálfvirkniverkefni með þátttöku rafeindafyrirtækja. Ákveðin fyrirtæki eru aðstoðuð við að taka í notkun tölvustudd hönnunar- og framleiðslukerfi (e.CAD/CAM).

Málmtæknideild sinnir ýmiss konar eftirliti með umfangsmeiri mannvirkjagerð. Deildin sér um þjálfun suðumanna og gefur út hæfnisskírteini. Þá er veitt aðstoð við vöruþróun, framleiðsluskipulagningu og notkun nýrrar tækni. Á sviði efnistækni er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum í samráði við innlend fyrirtæki á sviði málmsteypu og þróun nýrra efnasambanda áls. Auk ofangreindra verkefna er unnið að fjölda smærri verkefna á sviði efnisrannsókna, tæringar og tjónagreininga.

Trétæknideild og Trefjatæknideild hafa með höndum gæðaeftirlit og ýmis þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Trefjadeild vinnur m.a. að vöruþróunarverkefnum í samráði við fyrirtæki í ullarvöruframleiðslu og Trétæknideild vinnur m.a. að uppbyggingu gæðaeftirlits með framleiðslu húsgagna og innréttinga í samræmi við alþjóðlega staðla. Báðar taka þessar deildir virkan þátt í því menntunarátaki sem hafið er fyrir ófaglærða.

Rekstrartæknideild og Staðladeild starfa þverfaglega og taka því þátt í ýmsum sérverkefnum annarra deilda. Helstu verkefni Rekstrartæknideildar voru á tímabilinu rekstrarráðgjöf í fyrirtækjum og aðstoð við stefnumótun, birgða- og framleiðslustýringu, m.a. með hinu svokallaða „Just-in-Time“ kerfi. Á árinu var stofnað staðlaráð Íslands. Samhliða því verða mynduð fagráð sem vinna að stöðlun á afmörkuðum sviðum.

Nýiðnaðardeild hefur það markmið að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja eða nýrrar framleiðslu innan starfandi iðnaðar. Unnið var á tímabilinu að ýmsum viðamiklum langtíma rannsókna- og þróunarverkefnum sem ætlað er að leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Verkefni af þessu tagi eru mjög oft unnin í samvinnu við aðrar deildir stofnunarinnar, fyrirtæki og aðrar stofnanir innanlands og utan, mörg á vettvangi norrænnar samvinnu og fjármögnuð að hluta af samnorrænum sjóðum. Helstu verkefni deildarinnar voru:

- Þróun aðferða til framleiðslu oxíðdufts (ceramics) Þróun aðferða til framleiðslu kíslar til útflutnings í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Niðurstöður benda til að vinna megi árlega á hagkvæman hátt allt að 2500 tonn af kísl. Unnið var að því að fá innlend og erlend fyrirtæki til samstarfs um vinnsluna.

- Iðntæknistofnun er þátttakandi í umfangsmiklu líftækniverkefni um ensímvinnslu úr íslenskum hráefnum. Byggð var upp aðstaða til líftæknitilrauna á stofnuninni, komið upp ræktunartanki til tilraunaframleiðslu á örverum og tilheyrandi skiljubúnaði. Unnið var að því að stofna fyrirtæki sem nýtir sér niðurstöður tilraunanna.

Niðurstöður rekstrar 1987 (í þús.kr.):

	Yfir-stjórn	Iðntækni-þjónusta	Nýiðnaðar-rannsóknir	Fræðslu-mál	Framleiðni-átak	Vöru-þróun	Meirih. tækjak.	ITÍ samtals
Laun og launat. gjöld	10.274	41.207	10.900	10.018	213	504	0	73.116
Rekstrargjöld	10.461	16.136	5.171	14.208	3.932	801	0	50.709
Stofnkostnaður	1.916	2.525	1.280	117	0	0	856	6.694
Samtals gjöld	22.651	59.868	17.351	24.343	4.145	1.305	856	130.519
Sértekjur	4.284	39.798	12.487	10.493	617	1.023		68.703
Ríkisframlag	16.744	16.286	5.111	13.550		6.341	3.000	61.032

Hlutfall sértekna af launum og rekstrarkostnaði er 53%. Heildarfjöldi starfsmanna er 69.

Framtíð.

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Iðntæknistofnun að hafa á að skipa góðum tækjakosti og hæfasta fólki sem völ er á, þannig að fyrirtæki leiti til stofnunarinnar um lausn þeirra viðfangsefna sem starfsmenn þeirra ráða ekki við. Stærð stofnunarinnar leyfir ekki að til staðar sé sérfræðiþekking á öllum þeim sviðum sem stofnunin á að sinna. Því verður að velja áherslusvið í samræmi við þarfir iðnaðarins hverju sinni. Jafnframt er mikilvægt að stofnunin sé í nánu samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir til að geta leyst vandamál sem upp kunna að koma. Á næstu árum mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á vöruþróun og innleiðslu nýrrar tækni (T.d. tölvustudd framleiðslukerfi-CAD/CAM) með framleiðniaukningu í huga.

Vöruþróun er lykilatriði í þeim umskiptum sem framundan eru, frá framleiðslusinnuðum rekstri til markaðssinnaðs rekstrar. Vöruþróun á sér fyrst og fremst stað innan fyrirtækjanna. Starfsmenn Iðntæknistofnunar einbeita sér að því að kynna aðferðafræði vöruþróunar, aðstoða fyrirtæki við stýringu á vöruþróunarverkefnum og veita aðstoð við hönnun, frumgerðasmíði og tæknilegar útfærslur. Stofnunin stefnir að því að koma upp verkstæðum og rannsóknastofum fyrir vöruþróun á sem flestum sviðum.

Iðntæknistofnun mun einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað, sem byggist á nýrri tækni. Sjálfvirknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og málmiðnaði. Tæknibreytingar auk mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnuninni ber að fylgjast með þeim nýjungum, sem fram koma, og miðla þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafarstarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðvarma, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar, ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi oft frekari rannsóknir með höndum að hluta eða jafnvel öllu leyti, þá sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en hitaveitur, stórar og smáar, á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknarþættir, sem Orkustofnun annast einvörðungu sjálf og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir, en einnig oft eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þær sjálf af fjárveitingum sínum. Rannsóknirnar, sem í kjölfarið fylgja, nefnast verkhönnunarrannsóknir og fara þær fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkis, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess og til undirbúnings verkútboða. Þessi rannsóknarverk eru einnig nefnd söluverk vegna þess að Orkustofnun selur þau virkjunaraðilum.

Þessir síðasttöldu þættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, kosta oft yfir 80% af heildarkostnaðinum við undirbúningsrannsóknir undir virkjun vatnsorku og jarðvarma. Forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun kostar sjálf, kosta þá um og innan við 20%. Á hinn bóginn taka forathugun og forhönnun oft 80% eða meira af undirbúningstímanum og ríður því á að byrja á þeim nægilega snemma.

Þrátt fyrir aðgreiningu þessa eru undirbúningsrannsóknir undir virkjun vatnsorku og jarðvarma samfelld heild, þar sem fyrri rannsóknarþættirnir eru undirstaða hinna sem á eftir koma. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Miklu máli skiptir að þetta haldist í hendur; að undirstaðan sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Vegna þess hversu kostnaðurinn við fyrri þættina er lítill hluti heildarkostnaðarins við rannsóknina er lítið unnið við að seinka þeim, en vegna þess hve tíminn sem þeir taka er tiltölulega langur getur töf á þeim leitt af sér töf á því að virkjun komist í gagnið, töf sem getur verið mjög dýr. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir á því að hefja snemma.

Starfsemin 1987.

Almennt.

Starfsemi Orkustofnunar á árinu 1987 var í höfuðatriðum með hefðbundnum hætti. Samdráttur sá í starfseminni, ekki síst söluverkum, sem gætt hefur um nokkur undanfarin ár, hélt áfram á árinu. Vegna hans, en þó sérstaklega vegna væntanlegrar lækkunar fjárveitinga á árinu 1988, voru tvær stöður lagðar niður frá og með 1. október 1987, 14 starfsmönnum á ráðningarsamningum sagt upp frá árslokum og ákveðið að endurnýja ekki 4 samninga sem runnu út um áramót. Þetta er mesta fækkun starfsliðs sem orðið hefur á einu ári hjá stofnuninni frá upphafi hennar.

Á árinu var gerð áætlun um starfsemi stofnunarinnar næstu 5 árin 1988–1992.

Vatnsorka.

Unnið var að endurbótum og endurskipulagningu á vatnamælingakerfinu í landinu í samræmi við tillögur starfshóps manna frá Orkustofnun, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins, sem þessir aðilar höfðu komið sér saman um. Þessi skipan felur í sér að vatnshæðarmælar eru flokkaðir eftir markmiðum með rekstri þeirra og er að því stefnt að ýmsir aðilar, aðrir en Orkustofnun, taki þátt í kostnaði við mælakerfið á grundvelli þeirrar flokkunar. Lögð var áhersla á rennslismælingar að vetri, einkum á hálendinu.

Unnið var að undirbúningi sérstaks gagnabanka um virkjanir á Íslandi og virkjunarkosti sem rannsakaðir hafa verið, eða eru í rannsókn. Virkjanalíkan Vatnsorkudeildar var víkkað þannig að það nær nú einnig til smávirkjana (1-10 MW).

Rannsóknir á stærri virkjunarstöðum lágu að mestu niðri vegna þess hversu horft hefur um nýtingu vatnsorku hér á landi að undanförnu. Unnið var að landmælingum vegna virkjunar í Geithellnaá, en miðlungsvirkjanir (10 - 100 MW) geta hentað vel fyrir almennan raforkumarkað einan sér.

Fram var haldið jarðfræðikortlagningu á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, en það verkefni er unnið í samvinnu við Landsvirkjun, sem kostar það að hluta.

Gerðar voru, í samvinnu við Jarðhitadeild, nákvæmar fallmælingar á jarðhitasvæðinu í Svartsengi til að fylgjast með landssigi þar af völdum vinnslu úr því. Svipaðar mælingar fóru fram á Hengilssvæðinu, nú áður en varmavinnsla hefst á Nesjavöllum, til undirbúnings því að hægt verði að fylgjast með landssigi þar af hennar völdum þegar hún hefst.

Unnin voru söluverk fyrir vatnsveitur, byggjendur stórhýsa svo sem ráðhúss í Reykjavík og nýbyggingar fyrir Alþingi, flugmálastjórn vegna flugvallar á Egilsstöðum og ýmsar fiskeldisstöðvar.

Jarðvarmi.

Í samvinnu við Samband íslenskra hitaveitna og einstakar hitaveitur var unnið að því að skipuleggja og efla vinnslueftirlit hitaveitna, þ.e. kerfisbundna söfnun upplýsinga um dælingu úr borholum, breytingar á vatnsborði í borholum og á hitastigi og efnainnihaldi heita vatnsins, en öll skynsamleg nýting jarðhitasvæða byggist á upplýsingum um þetta.

Í samvinnu við Hitaveitusambandið heimsóttu fulltrúar Orkustofnunar m.a. Hitaveitu Egilsstaða og Fellahrepps, Siglufjarðar, Blönduóss, Sauðárkróks og fleiri hitaveitur og veittu þeim fræðslu og aðstoð við skipulagningu á eftirliti með vinnslu jarðvarmans. Einnig var fram haldið reglubundnu eftirliti, sem áður var komið á, með efnagreiningum og aflmælingum, hjá Hitaveitu Selfoss, Seltjarnarness og Akureyrar.

Haldið var áfram á efnarannsóknarstofu Jarðhitadeildar þróun nýrra aðferða við greiningu á uppleystu járni og mangani í vatni, en slík greining er nauðsynleg við mat á gæðum vatns til fiskeldis. Magnesíum-silikatútfellingar í Hveragerði voru rannsakaðar í sérsmíðuðum tilraunatækjum.

Lokið var við smíði og prófun á AMT-mælitækjum til viðnámsmælinga á 0,5 til 5 km dýpi.

Að rannsóknum á háhitasvæðum var unnið á Nesjavöllum (fyrir Hitaveitu Reykjavíkur) og í Hengli, sem Nesjavellir eru hluti af, við Kröflu (fyrir Landsvirkjun) og í Tröllladyngju og í Krísuvík. Að lághitarannsóknum var unnið fyrir fjölda hitaveitna víðsvegar um land, bæði almenningshitaveitur og einkaveitur einstakra sveitabýla og hópa þeirra og fyrir fiskeldisstöðvar víða um land, en þeim fjölgar mjög þessi árin.

Unnið var að eflingu forðafræði jarðhita, en sú fræðigrein skiptir sköpum fyrir lausn vandamála er tengjast langvarandi vinnslu á varma úr jörðu. Efling forðafræðinnar helst í hendur við þá styrkingu á vinnslueftirliti hitaveitna, sem áður er nefnt, og miðar að því að Jarðhitadeild geti betur en áður tekið á ofangreindum vinnsluvanda, sem fer vaxandi eftir því sem vinnsla stendur lengur á tilteknu svæði og eftir því sem fleiri nýta jarðvarma.

Í samvinnu við Oliedirektoratet í Noregi tók Orkustofnun þátt í áframhaldandi rannsóknum á Jan Mayen-hryggnum, í samræmi við samning Íslands og Noregs um þær. Hér er um að ræða endurkastsmælingar á sjó, segul-, þyngdar- og bylgjubrotsmælingar, samtals um 4200 km af mælilínum.

Fyrir hönd utanríkisráðuneytisins tók stofnunin þátt í undirbúningi undir sameiginlegar rannsóknir Dana, Færeyinga og Íslendinga á Rockall-Hatton svæðinu og ákveðið var að hún annist tölvuúrvinnslu á rannsóknargögnunum. Jarðhitadeild hefur þessar hafsbotnsrannsóknir með höndum af hálfu Orkustofnunar. Þetta er söluverk, 200.000 bandarískra dala virði og er frumraun Orkustofnunar á þessu sviði gagnavinnslu.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna var rekinn með svipuðu sniði og áður. Tólf nemendur voru í skólanum: 1 frá Eþíópíu, 2 frá Indónesíu, 3 frá Kenya, 3 frá Kína, 1 frá Thailandi og 2 frá Filippseyjum. HSÞ í Tókíó styrkti 5 til námsins, Þróunaraðstoð SÞ í New York (UNDP) aðra 5, en 2 voru kostaðir sameiginlega af Íslandi og Kína í samræmi við sérstaka bókun beggja landa um samvinnu á sviði jarðhita. Þeir komu báðir frá Tíbet.

Orkubúskapur.

Gagnasöfnun og úrvinnsla var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Mest allt gagnasafnið hefur nú verið fært í hina nýju HP-tölvu Orkustofnunar. Aukin var á árinu söfnun gagna um heimsmarkaðsverð á eldsneyti.

Upplýsingar um vinnslu og notkun orku á Íslandi og um aðra þætti íslenskra orkumála, voru eins og áður sendar reglubundið ýmsum fjölþjóðlegum samtökum, svo sem NORDEL, Sameinuðu þjóðunum (UN), Efnahags- og þróunarstofnuninni (OECD) og Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunni (WEC).

Orkubúskapardeild vann eins og áður fyrir Orkuspárnefnd, sem á árinu gaf út spá um notkun jarðvarma á Íslandi fram til ársins 2015. Er spáin greind í nokkra notkunarflokka: Húshitun, sundlaugar, ylrækt, snjóbræðslu, laxeldi, iðnað og aðra notkun. Raforkuspá nefndarinnar frá 1985 var endurreiknuð út frá rauntölum um mannfjölda, hitað húsrými og orkunotkun árin 1985 og 1986. Húshitunarspá nefndarinnar frá 1986 var á sama hátt endurreiknuð út frá rauntölum fyrir árið 1986.

Grundvallarforsendur spánna voru látnar halda sér óbreyttar í þessum endurreikningi að öðru leyti en því, að byggt var á spá starfshóps á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra frá 1986 um þróun mannfjölda í stað eldri mannfjöldaspár. Nýja mannfjöldaspáin gerir ráð fyrir hægari fólksfjölgun í landinu en hin eldri.

Hafinn var undirbúningur að nýju verkefni sem ráðgert er að vinna í samvinnu við Samband íslenskra hitaveitna, Landsvirkjun og fleiri og miðar að því að kanna samnýtingu á vatnsorku og jarðvarma með hagkvæmari rekstur orkukerfisins í heild fyrir augum. Einnig var, í samvinnu við Iðnaðarráðuneytið og Samband íslenskra hitaveitna, undirbúin athugun á raunverulegum kostnaði notenda við að hita íbúðarhúsnæði.

Orkustofnun og Iðnaðarráðuneytið keyptu í sameiningu upplag af kennslugögnum um orkumál, sem Norræna ráðherranefndin gaf út og bera heitið „Orka og Norðurlönd". Var efni þetta gefið í skóla landsins í ársbyrjun 1988.

Fiskeldi.

Orkustofnun fékk á árinu sérstaka fjárveitingu frá Alþingi og Iðnaðarráðuneytinu til könnunar á náttúrulegum skilyrðum til fiskeldis, þ.e. á aðstæðum til öflunar á heitu vatni og hreinu köldu vatni til seiðaeldis og á hreinum sjó til frameldis í sláturstærð. Þessar fjárveitingar voru bundnar skilyrði um mótframlag heimamanna og/eða áhugaaðila og Orkustofnunar. Alls voru 21,2 Mkr. til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu, þar af var áskilið að 4,76 Mkr. skyldi varið til rannsókna í Öxarfirði.

Rannsóknarsvæðin á árinu voru í Öxarfirði, í Skagafirði, á Vestfjörðum (þrjú aðgreind svæði), í uppsveitum Suðurlands, í Ölfusi og Grafningi, í grennd við Eyrarbakka og Stokkseyri og í Vestur-Skaftafellssýslu. Af þessum svæðum beindist rannsóknin á einu (Eyrarbakka/Stokkseyri) að sjótöku, á öllum hinum að öflun á heitu vatni ásamt með hreinu köldu vatni.

Auk þessara sérstöku yfirlitsrannsókna á skilyrðum til fiskeldis vann Orkustofnun mörg söluverk á árinu fyrir fiskeldisfyrirtæki víðs vegar um land, stór og smá.

Verkefni erlendis.

Fram var haldið tveimur verkefnum í Grikklandi sem hafin voru áður en Orkustofnun erlendis h.f. var stofnuð, í samvinnu við Virki h.f. Auk þess unnu starfsmenn stofnunarinnar að verkefni á vegum Orkustofnunar erlendis h.f.og Virkis h.f. í Denizli í Vestur-Tyrklandi og fyrir Orkustofnun erlendis h.f. að verkefnum í Tíbet og Kalíforníu, báðum litlum.

Stjórnsýsla.

Eftirtaldir menn sátu í þriggja manna stjórn Orkustofnunar á árinu 1987, skipaðir af iðnaðarráðherra til apríls 1988: Jónas Elíasson, prófessor, formaður; Valdimar K. Jónsson, prófessor, og Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í eftirtaldar fjórar deildir:
Stjórnsýsludeild, forstjóri Gunnlaugur Jónsson, Vatnsorkudeild, forstjóri Haukur Tómasson, Jarðhitadeild, forsjóri dr. Guðmundur Pálmason og Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Ingimarsson.

Rekstur og fjármál 1987.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu 1987 tæpum 278 Mkr., en tæpum 220 Mkr. árið áður. Útgjöldin hækkuðu um 6,3 % að raunvirði milli þessara tveggja ára. Fjárveitingar námu tæpum 179 Mkr. borið saman við tæpar 136 Mkr. árið 1986, hækkun að raunvirði um 10,7%. Sértekjur urðu um 83 Mkr. 1987, en voru rúmar 93 Mkr. 1986. Þær hafa dregist saman um 25 % að raunvirði.

Rekstrartekjur (verðl.hvers árs)	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar	178.916	135.788	106.200
Sértekjur:			
Framlög til Háskóla S.Þ.	16.730	10.228	9.253
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og iðnaðarráðuneytið	4.000	434	4.859
Seld þjónusta önnur	53.295	71.911	62.448
Ýmsar tekjur	10.200	10.596	17.429
Samtals	263.141	228.957	200.189
Hlutfall sértekna sem % af heild	32%	41%	47%

Rekstrarútgjöld (verðl.hvers árs)			
Rekstur Stjórnsýsludeildar	48.079	40.198	33.244
Rekstur Vatnsorkudeildar	87.650	64.018	66.195
Rekstur Jarðhitadeildar	125.511	96.668	83.638
Gjaldfærður stofnkostnaður	16.494	18.815	16.446
Viðhald	-	-	-
Samtals	277.734	219.699	199.523
Þar af launakostn. í rekstri	169.179	125.053	98.151
Hagnaður/(Tap)	(14.593)	9.258	666
Hagnaður/(Tap) %	(5,26)	4,04	0,33

Starfsmannahald.

Fjöldi stöðugilda á Orkustofnun í árslok 1987 var eins og taflan hér að neðan sýnir. Í 90 stöðugildi var ráðið svonefndri ótímabundinni ráðningu og í 26 stöðugildi svonefndri verkefnaráðningu, sem er tímabundin. Stöðugildi voru alls 116 á stofnuninni í árslok, þar af 4 vegna Jarðhitaskólans. Auk þess vann sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk 4 ársverk, þannig að fjöldi unninna ársverka á stofnuninni 1987 var 120, sem er 7,5 ársverkum færra en árið áður.

Þessi ársverk skiptust þannig á deildir stofnunarinnar:

	Vatns-orku-deild (1)	Jarð-hita-deild (2)	Stjórn-sýslu-deild (3)	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,3	21,0	89,8
Verkefnaráðning	9,6	14,1	2,4	26,1
Samtals	42,1	50,4	23,4	115,9
Lausráðið starfsfólk	1,0	3,0	-	4,0
Ársverk 1987 alls	43,1	53,4	23,4	119,9
Ársverk 1986	43,1	60,9	23,4	127,4
Ársverk 1985	48,3	63,2	25,9	137,4
Ársverk 1984	56,2	61,7	27,1	145,0

(1) Orkubúskapardeild er meðtalin í þessum tölum.
(2) Jarðhitadeild annast rekstur Jarðhitaskólans.
(3) Starfsfólk í mötuneyti, við ræstingu og húsvörður er ekki meðtalið í fjölda ársverka.

Fjárhagsáætlun 1988.

Eins og segir í upphafi þessarar skýrslu fækkaði starfsmönnum á Orkustofnun verulega í lok árs 1987. Í samræmi við það gerir fjárhagsáætlun fyrir 1988 ráð fyrir um 18% lækkunar útgjalda að raungildi frá 1987. Áætlaður fjöldi ársverka 1988 er 103.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins (skammst. RER) starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Lögin kveða á um að eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skulu vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. ný reglugerð um raforkuvirki, nr. 264 31. desemberf 1971, tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Tilgangur og tilhögun starfseminnar.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfirstjórn á eftirliti með öllum raforkuvirkjum sem reglugerð um raforkuvirki lýtur að. Eftirlit RER nær því til raforkuvera, einkarafstöðva, vararafstöðva, spennistöðva, aðveitustöðva, flutnings- og dreifivirkja raforku, iðnaðarveitna, neysluveitna og raffanga.

Með eftirliti sínu ber RER að fylgjast með hönnun og gerð raforkuvirkjanna, starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæslu og annast rannsóknir, skýrslugerðir og upplýsingasöfnun um truflanir, tjón og slys af völdum rafmagns. Því ber einnig að fylgjast með, að hvers konar rafföng, innflutt eða smíðuð innanlands, fullnægi lágmarkskröfum um öruggan umbúnað skv. þeim reglum, sem RER ákveður.

Í reglugerð um raforkuvirki eru ákvæði um eftirlit almenningsrafveitna og annarra rafveitna, t.d. iðnaðarveitna. Framkvæmd þess eftirlits er háð yfirumsjón RER.

Rafmagnseftirlitinu er falið að löggilda menn til rafvirkjunarstarfa, meta menntun þeirra, reynslu og hæfni, einnig sem eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.

Þá er RER falið samstarf við náttúruverndaraðila eða hlutaðeigandi yfirvöld við mat á mengunarhættu, náttúruspjöllum eða lýtum á umhverfi af völdum raforkuvirkja eða framkvæmda við þau.

Einnig eru ákvæði í lögum um Rafmagnseftirlitið um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim. Að auki hefur RER ávallt lagt áherslu á að fræða fagmenn, hvort sem eru starfsmenn rafverktaka eða rafveitna um málefni reglugerðarákvæða og önnur þau atriði sem efst eru á baugi í eftirlits- og öryggismálum hverju sinni. Er það gert á ýmsan hátt, t.d. á fundum um land allt.

Reglugerð um raforkuvirki, alþjóðlegir staðlar og samnorrænar reglur, eru sá bakgrunnur sem stuðst skal við og fylgja ber við hönnun, setningu, smíði, umgang, gæslu, viðhald og eftirlit allra raforkuvirkja. Með því verður eins lítil hætta af völdum raforkuvirkja og við verður komið. Með markvissu erlendu samstarfi er leitast við að einfalda störf við endurskoðun og samningu reglna og allt eftirlit, ekki síst raffangaprófun.

Yfirlit yfir starfsemi 1987.

Reglugerðarmál.

Í reglugerðardeild var unnið áfram að endurskoðun og samningu ákvæða Reglugerðar um raforkuvirki bæði á sviði háspennu og lágspennu. Allmargar tillögur að reglugerðarbreytingum voru staðfestar af iðnaðarráðherra að lokinni umfjöllun í reglugerðarnefnd lágspennu og birtust breytingarnar í Stjórnartíðindum B 378/1987.

Í fyrrnefndum reglugerðarbreytingum var tekið tillit til staðla sem þegar liggja fyrir frá IEC og CENELEC, en einnig voru ákvæði í samræmi við samnorræn tilmæli.

Gefnar voru út 5 orðsendingar á árinu. Að öðru leyti beindist starf í reglugerðardeild að túlkun og upplýsingum um reglugerðarákvæði vegna fyrirspurna frá ýmsum aðilum utan stofnunarinnar.

Reglugerðarnefndum um málefni á sviði háspennu og lágspennu er ætlað að gefa RER ráð, einkum við samningu reglugerðarákvæða og við túlkun ákvæða. Í þeim eiga sæti fulltrúar nokkurra hagsmunasamtaka auk fulltrúa RER.

Eftirlit með neysluveitum.

Athyglisverð voru óvenjunáin afskipti eftirlitsmanna lágspennudeildar af raflögnum og rafbúnaði tveggja stærstu mannvirkja á landinu sem í byggingu voru á árinu. Að öllu jöfnu hefði eftirlit og úttekt raflagna og búnaðar átt að vera í höndum viðkomandi rafveitna. Það er álit rafmagnseftirlitsmanna að mikil spenna og þrýstingur sem beitt var til að hraða framkvæmdum, hafi haft lítt eftirsóknarverð áhrif á ýmsa verkþætti, allt frá hönnun raflagna og vali rafbúnaðar til lokafrágangs. Önnur störf á vegum lágspennudeildar voru með eðlilegum hætti og unnin á hefðbundinn hátt. Áberandi er, hve misjafnlega gott ástand er á neysluveitum almennings og fyrirtækja eftir landshlutum. Þar sem rafveitur sinna eftirlitsskyldu sinni af kostgæfni, skv. ákvæðum Reglugerðar um raforkuvirki og nægilegur fjöldi rafiðnaðarmanna er til að gera nauðsynlegar úrbætur á úr sér gengnum raflögnum, hefur ástand neysluveitna á viðkomandi svæði færst almennt í viðunandi horf og sums staðar verið með ágætum.

Hjá nokkrum rafveitum landsins hefur skortur á rafmagnseftirlitsmönnum torveldað skipulegt eftirlit með neysluveitum.

Þrátt fyrir eðlilegt eftirlit rafveitna á ýmsum stöðum á landinu, lýsir Rafmagnseftirlit ríkisins áhyggjum sínum yfir eftirliti annarra rafveitna og telur þar verulegra úrbóta þörf.

Eftirlit með háspennuvirkjum og lágspennudreifikerfum.

Á vegum háspennudeildar voru alls veitt 87 leyfi til setningar háspennuvirkja sem sótt var um í samræmi við Reglugerð um raforkuvirki. Auk þess bárust tilkynningar um háspennuvirki fyrir allt að 22kV spennu, án þess að áður hafi verið sótt formlega um setningu þeirra.

Auk eftirlits og úttektar nýrra háspennuvirkja voru á árinu jafnhliða skoðuð eldri virki, bæði háspennuvirki og lágspennudreifikerfi. Einnig var unnið að kynningu á öryggisreglum, sem varða umgengni, rekstur og gerð háspennuvirkja meðal starfsmanna rafveitna og iðnaðarveitna.

Meðal stærstu verkefna, sem komu til úttektar á árinu, voru:
Laxá - Kópasker, 132 kV lína, síðasti áfangi.
Brúarland - Þórshöfn, 66 kV lína.
Vogaskeið - Grundarfjörður, 66 kV lína.
Grindavík, stækkun aðveitustöðvar.

Ennfremur var haft eftirlit með framkvæmdum á virkjunarsvæðum Blöndu og á Nesjavöllum.

Einkarafstöðvar.

Í árslok voru í notkun 541 einkarafstöð á landinu með 28983 kW afli alls. Af þeim voru 213 stöðvar í eigu bænda og sáu 277 sveitabýlum fyrir orku að hluta til eða öllu leyti. 284 stöðvar voru í atvinnufyrirtækjum í kaupstöðum og dreifbýli. 42 stöðvar voru í skólum, annarri félagsaðstöðu, á útivistarsvæðum o.þ.h.
Einkarafstöðvar eru ýmist aðalaflgjafar eða hlutaaflgjafar, þegar einnig er tenging við almenningsrafveitu. Í mörgum tilvikum eru einkarafstöðvar einungis varaaflgjafar, svo sem í sjúkrahúsum, bönkum, fiskeldisstöðvum, kjúklingabúum o.s.frv.

Almenningsrafveitur hafa eftirlit með vararafstöðvum sem ætlaðir eru til þess að sjá neysluveitum fyrir rafmagni, ef straumur fer af veitunni, en Rafmagnseftirlitið lítur eftir öðrum einkarafstöðvum og neysluveitum, sem þær tengjast.

Brunar og önnur tjón.

Rafmagnseftirlitið skráði alls 84 skýrslur um bruna og önnur tjón á árinu. Þar af voru 43 brunar og tjón sem talið var fullvíst eða sennilegt að rekja mætti til rafmagns eða rafbúnaðar, 8 tilvik frá háspennuvirkjum en 35 frá lágspennuvirkjum. 10 brunar frá lágspennuvirkjum voru taldir frá raflögnum, 20 frá biluðum raftækjum og 5 frá rangri eða óvarlegri notkun raftækja.

Bruna- og tjónarannsóknir, sem RER stendur að, eru unnar í samstarfi við rafveitur, lögreglu og aðrar stofnanir, eftir því sem tilefni gefst. Rafmagnseftirlitið komst að raun um að stofnuninni bárust ekki ávallt tilkynningar um bruna, ef lítið tjón varð eða lögreglumaður sem kom á staðinn, taldi eldsupptök vera ótvírætt af völdum rafmagns. Nauðsynlegt er að RER kanni aðstæður tjóna og slysa, ef þau eru af völdum rafmagns, til að koma hugsanlega í veg fyrir endurtekin tilvik. Stofnunin vinnur að því að treysta skilvirkari boðleiðir frá lögreglu og slökkviliðum á landinu. Aukinn fjöldi skýrslna frá árinu áður gefur ástæðu til að ætla að miðað hafi í þá átt.

Slys.

Rafmagnseftirlitið skráði 6 skýrslur um slys á mönnum af völdum rafmagns eða raftækjum á árinu. Þar af voru 4 slys við störf í rafvirkjun. Í þeim brenndust 5 fagmenn frá ljósboga. Í 2 tilvikum urðu starfsmenn í öðrum starfsgreinum fyrir rafstraumi, án þess að alvarleg meiðsli hlytust af.

Öll þessi slys urðu á vinnustöðum, en ekkert slys frá rafmagni eða rafbúnaði á heimilum var tilkynnt RER. Ekki var heldur tilkynnt til RER um tjón á húsdýrum af völdum rafmagns eða rafbúnaðar.

Komið hefur í ljós að yfirvöldum nágrannaþjóða er ekki tilkynnt um öll slys af völdum rafmagns. Upplýsingar um slysatíðni geta því verið ónákvæmar. Ástæða er til að kanna, hvort eins sé ástatt hér á landi og leita leiða til úrbóta, ef svo er.

Löggildingar til rafvirkjunarstarfa.

Á árinu voru gefnar út 35 lágspennulöggildingar og 18 háspennulöggildingar.

Í árslok var skráður 1301 maður með lágspennulöggildingu, 203 menn með háspennulöggildingu, 8 með staðbundna lágspennulöggildingu, 4 með staðbundna háspennulöggildingu og 7 menn með sérstæða löggildingu. Þessar tölur gefa ekki til kynna fjölda rafverktaka og ábyrgðarmanna. Margir sem hafa þessi réttindi starfa við önnur rafvirkjunarstörf og í öðrum atvinnugreinum eða eru hættir störfum.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki mega ekki aðrir takast á hendur rafvirkjunarstörf á eigin ábyrgð en þeir, sem hafa þá kunnáttu og verklega reynslu, sem til þess er krafist og hafa hlotið löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins.

Fræðslustörf og kynning.

Í ársbyrjun hófst nám til löggildingar í rafvirkjun samkvæmt nýjum reglum sem tóku gildi með reglugerð 25. apríl 1986. Tækniskóli Íslands annaðist rekstrar- og stjórnunarnám svo og tvo fagáfanga. Þessum námsáföngum lauk með prófi frá Tækniskólanum í desember.

Síðla árs voru samsvarandi áfangar í boði hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Rafiðnaðarskólinn í Reykjavík annaðist aðrar fagtæknilega áfanga.

Á árinu voru ýmis ákvæði reglugerðarinnar skýrð og einstakir þættir eftirlitsmála kynntir á fundum og námskeiðum hjá eftirlitsmönnum, rafveitum, rafverktökum og fleiri aðilum víðs vegar um land.

Á árinu voru fullgerðir 17 stuttir myndþættir fyrir sjónvarp, ætlaðir almenningi.

Rafmagnseftirlitið tók þátt í heimilissýningu í Laugardalshöll, er bar yfirskriftina: Veröldin '87 innan veggja og utan, dagana 27. ágúst – 6. september. Þarna voru helstu

viðfangsefni RER kynnt í máli, munum og myndum og starfsmenn RER voru á sýningunni til leiðbeiningar. Á sýningunni var afhentur bæklingur sem RER gaf út um svipað leyti og síðar var sendur á öll heimili landsins.

Skrifaðar voru nokkrar greinar í tímaritið Frey um rafmagn til sveita og umgengni við það. Pistlar voru sendir fleiri tímaritum.

Raffangaprófun.

Í ljósi reynslunnar var ákveðið að einn starfsmaður sinnti eingöngu markaðseftirliti með rafföngum frá áramótum. Þessi ráðstöfun skilaði góðum árangri, því að fjöldi umsókna um prófun og samþykkt (gildingu) jókst mjög verulega frá því sem verið hefur undanfarin ár. Alls barst 2691 umsókn um gildingu, sem er rúmlega 100% aukning frá árinu áður og nærri 70% aukning frá því sem mest hefur verið. Afgreiddar voru 2311 umsóknir, 1973 þeirra hlutu gildingu, 221 var synjað, 112 voru afskrifaðar eða voru dregnar til baka af umsækjendum sjálfum, og 5 notkunarleyfi voru veitt vegna sérstakra kringumstæðna. Í árslok var 781 umsókn óafgreidd, 380 umsóknum fleira en í ársbyrjun. Rafföngin sem umsóknir bárust um, voru smíðuð í 27 löndum, en 40% afgreiðslna voru rafföng frá Vestur-Þýskalandi.

Fjölþjóðasamstarf.

Samstarf Rafmagnseftirlitsins við aðrar þjóðir var óvenjumikið og fjölbreytt á árinu. Mjög náin samskipti eru við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum, ekki aðeins á reglubundnum fundum, heldur líka með því að skiptast stöðugt á upplýsingum sem miða að því að gera dagleg störf auðveldari og hagkvæmari.

Hið sama má raunar segja um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, þó að dagleg samskipti séu minni.

Í fyrsta sinn var haldinn á Íslandi árlegur aðalfundur samtaka raffangaprófunarstöðva á Norðurlöndum, en Ísland varð fullgildur aðili að samtökunum árið 1984.

Starfsfólk.

Á árinu 1987 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 25. Þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum fyrir ríkisstofnanir að Síðumúla 13. Ráðgjöf og önnur verktakaþjónusta var keypt vegna einstakra verkefna. Orkustofnun annaðist fjármálabókhald fyrir RER eins og undanfarin ár.

Á árinu hættu tveir menn störfum, aðrir tveir hófu störf. Verkefni skiptust þannig milli manna, að við skrifstofu, reglugerð og fræðslu störfuðu 10 manns, við eftirlitsstörf önnur en raffangaprófun og markaðseftirit 9 manns, við raffangaprófun og markaðseftirlit 6 manns.

Rekstur.

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60 1979, þ.e. að raforkuverð og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskilinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1987 var sem hér segir:

	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	44.413	38.718	35.130
Rekstrargjöld	57.299	38.834	(31.301)
Hagnaður (tap)	(12.886)	(116)	3.829

Stjórn.

Í stjórn RER sátu:

Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur, formaður, Helgi Ólafsson, hagfræðingur, Baldur Pétursson, viðskiptafræðingur, og Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins: Bergur Jónsson verkfræðingur.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti.

Stjórn.

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru: Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson byggingameistari og Halldór Jónsson verkfræðingur.

Almenn starfsemi 1987.

Forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, er Hákon Ólafsson verkfræðingur.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Á árinu störfuðu þannig 44 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsbyggingatækni, vegagerð/jarðtækni, steinsteypa, byggingarkostnaður, fræðsla/útgáfa, hagnýt jarðfræði.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf, sem skilgreina má á eftirfarandi hátt:

Rannsóknir: vinna við verkefni sem oft eru skilgreind í samráði við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að hluta greidd af þeim.

Þjónusta: úttektir og efnisprófanir sem að öllu leyti eru unnar á kostnað verkbeiðanda.

Ráðgjöf: fræðsla og upplýsingagjöf í formi útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar. Þessa þjónustu hefur stofnunin veitt endurgjaldslaust, að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsóknir	30%
Þjónusta	44%
Ráðgjöf	26%

Fjöldi þjónusturannsókna stórra og smárra var á árinu u.þ.b. 1400.

Af rannsóknaverkefnum má nefna eftirfarandi:

Steinsteypudeild.

Þjöppuð þurrsteypa
Vikurmúr - íslenskt múrkerfi
Sprungumyndun í nýrri steypu/múr
Samspil frostþols og alkalívirkni í steypu
„Betonskader - rehabilitering"
Múr-einangrunarkerfi, áhrif á grunnsteypu
Áhrif vatnsfæla á steinsteypu
Varmatæknilegir eiginleikar steinsteypu

Húsbyggingatækni.

„Takavvatning" - Nordtest verkefni um þróun prófunaraðferðar
Hljóðeinangrun milli sambyggðra íbúðarhúsa
Klæðingar á hús - veðrunarþol
Burðarþol timburhúsa
Hitun og loftræsting húsa - handbók
Prófun á brunaþoli byggingarefna

Vegtæknideild.

Á þessu sviði eru þjónustuverkefni hvað flest. Af rannsóknaverkefnum má nefna:
„Trögertæki" - til rannsókna á slitþoli bundinna slitlaga á rannsóknastofu
Notkun gropinna steinefna í bundin slitlög
Þróun á stóru þríásamælitæki

Byggingarkostnaður.

Starfsemi á deildinni hefur mest tengst útgáfu vísitalna byggingarkostnaðar fyrir mismunandi gerðir húsa. Vísitölurnar eru gefnar út mánaðarlega, sundurliðaðar samkvæmt kostnaðarkefi Rb. Unnið er að nokkrum fleiri verkefnum auk ýmissa hagkvæmniathugana í tengslum við rannsóknaverkefni annarra deilda. Auk þess eru ýmsar kostnaðarupplýsingar veittar, jafnt leikmönnum sem aðilum byggingariðnaðarins.

Hagnýt jarðfræði.

Helstu verkefni á deildinni voru:
Jarðefnaleit og námukönnun
Bergfræðilegt gæðamat fylliefna
Jarðefnisfræðilegar rannsóknir
Þróun gæðamatskerfis fyrir fylliefni
Innri gerð steinefna

Fræðsla – útgáfa.

Árlega eru gefin út nokkur rit með niðurstöðum rannsóknaverkefna og eru þau á söluskrá yfir rit Rb. Einnig eru gefin út Rb-tækniblöð, 15-20 á ári, en áskrifendur að þeim eru u.þ.b. 1500. Rb. tækniblöðin eru um 120 talsins í þrem lausblaðamöppum.

Stofnunin sér um fjölda námskeiða fyrir byggingariðnaðinn í samvinnu við Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Rekstur.		1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)
Tekjur:				
Frá ríkissjóði		33.790	25.746	18.824
Eigin tekjur Rb		37.215	27.851	19.254
		71.005	53.597	38.078
Aukning á útistandandi kröfum milli ára	+	76	2.377	
		71.081	51.220	

Útgjöld:			
Laun og launatengd gjöld	49.127	32.778	24.574
Rekstrargjöld	17.946	14.746	11.187
Gjaldfærður stofnkostnaður	4.008	3.696	2.317
	71.081	51.220	38.078
Hlutfall sértekna	52%	52%	51%

Norrænt samstarf.

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi á verkefnagrundvelli aðallega innan NBS og Nordtest, en einnig hefur stofnunin tekið þátt í verkefnum sem styrkt eru að Norræna iðnaðarsjóðnum.

III. HLUTAFÉLÖG MEÐ RÍKISAÐILD

HITAVEITA SUÐURNESJA h.f.

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 20. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1987.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn, er selt var í lok ársins, nam 28.772 lítrum á mínútu og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53,62%. Búist er við 1,5-2% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 359.349 tonn auk 305.898 tonna til laxeldis.

Helstu fjárfestingar.

Dreifikerfi rafmagns		23.2 Mkr.
Götulýsing		8,3 Mkr.
Aðveitustöðvar rafmagns		16,5 Mkr.
Stofnlínur rafmagns		10,2 Mkr.
Undirbúningur Ormat raforkuvers		0,4 Mkr.
Dreifikerfi hitaveitu		9,7 Mkr.
Stofnæð flugstöðvar		0,8 Mkr.
		69,1 Mkr.
Rannsóknir Svartsengi, Eldvörp o.fl.	2,6 Mkr.	
Baðhús við Bláa Lónið	1,3 Mkr.	
Verkfæri, áhöld, innréttingar	4,6 Mkr.	
Bifreiðar, vinnuvélar	6,4 Mkr.	14,9 Mkr.
Keypt hlutabréf í Sjóefnavinnslunni h.f.		53,4 Mkr.
Samtals		137,4 Mkr.

Á árinu varð, eins og 1986, hagnaður á rekstri fyrirtækisins og rann hann til jöfnunar á tapi fyrri ára, en eigið fé í árslok, að frádregnum stofnframlögum, er neikvætt um 478 Mkr. Megin ástæða fyrir þessari hagstæðu útkomu er, eins og næstu tvö árin á undan, hagstæð þróun gengis US $ miðað við almennar verðlagsbreytingar innan lands. Vegna þessa misvægis voru færðar 274,9 Mkr. í gengisjöfnunarreikningi og standa þá, eftir afskriftir og endurmat, 385,2 Mkr. í gengisjöfnunarreikningi. Afskriftir námu á árinu alls 235 Mkr. og hafa þá alls verið afskrifaðar 1.527 Mkr. eða 35,5% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Staða samkvæmt rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	759,801	665,041	539,073	279,289
Rekstrargjöld	(572,354)	(463,517)	(308,919)	(142,481)
Fjármagnsgj.(nettó)	63,000	(66,402)	(144,458)	(211,260)
Hagnaður (tap)	250,447	135,122	85,696	(74,452)

	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)
Eignir	3,140,525	2,786,075	2,467,691	1,584,191
Skuldir	(1,715,091)	(1,938,480)	(2,063,497)	(1,834,669)
Gengisjöfnunarreikn.	(385,180)	(205,697)	0	323,066
Eigið fé	1,040,254	641,898	404,194	72,588

Starfsmenn hitaveitunnar í árslok 1987 voru 66 og fækkaði þeim um 3 iðnlærða menn á árinu.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1988.

Gert er ráð fyrir nokkrum rekstrarhagnaði á árinu en greiðslustaðan er erfið meðal annars vegna mikilla afborgana af lánum, alls um 240 Mkr. og er gert ráð fyrir 150 Mkr. lántöku á árinu.

Fjárfestingar 1988 verða mjög miklar og eru samkvæmt fjárhagsáætlun alls um 300 Mkr. og skiptast þannig:

Ormat raforkuver (lýkur 1989)	70,0 Mkr.
Rofastöð Svartsengi (lýkur 1989)	29,5 Mkr.
Háspennulína Svartsengi - Fitjar	43,0 Mkr.
Aðveitustöð Flugstöðvarsvæði/Keflavík	24,0 Mkr.
Aðveitustöðvar annað	23,0 Mkr.
Stofnlínur annað	11,7 Mkr.
Dreifikerfi rafmagns	37,0 Mkr.
Götulýsing	10,0 Mkr.
Svartsengi - gufuaflsöflun o.fl.	2,5 Mkr.
Dreifikerfi hitaveitu	17,0 Mkr.
Baðhús, rannsóknir o.fl.	3,5 Mkr.
Stofnæð flugstöðvar	3,4 Mkr.
Samtals	274,6 Mkr.

Verkfæri, áhöld, innréttingar	4,0 Mkr.	
Húseignir, lóðir	7,0 Mkr.	
Bifreiðar, vinnuvélar	10,4 Mkr.	21,4 Mkr.
Samtals		296,0 Mkr.

Á árinu 1989 verða áframhaldandi miklar framkvæmdir og er þar að lang mestu leyti um að ræða verklok frá 1988, auk lagningar aðveituæðar að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Er þannig gert ráð fyrir um 350 Mkr. fjárfestingum á því ári.

Stjórn.

Aðalfundur var haldinn 27. mars 1987 og var stjórnin óbreytt frá fyrra ári, en hún var þannig skipuð:

Formaður: Finnbogi Björnsson, fulltrúi, Gerðahrepps. Varaformaður: Jóhann Einvarðsson, fulltrúi iðnaðarráðuneytis. Ritari: Ólafur Thordersen, fulltrúi Njarðvíkurbæjar. Meðstjórnendur: Hannes Einarsson, fulltrúi Keflavíkurbæjar, Jón Gunnar Stefánsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar, Ólafur G. Einarsson, fulltrúi fjármálaráðuneytis, Ómar Jónsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps, Stefán Jón Bjarnason, fulltrúi Miðneshrepps, Þórarinn St. Sigurðsson, fulltrúi Hafnahrepps.

Á aðalfundi sem haldinn var 8. apríl 1988 varð sú breyting á stjórn Hitaveitu Suðurnesja, að Karl Steinar Guðnason kom inn sem fulltrúi fjármálaráðuneytis í stað Ólafs G. Einarssonar sem síðan var skipaður fulltrúi iðnaðarráðuneytis í stað Jóhanns Einvarðssonar sem þá vék úr stjórninni.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:
Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson.
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs: Júlíus Jónsson.
Framkvæmdastjóri tæknisviðs: Albert Albertsson.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ h.f.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 frá 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 frá 11. maí 1982 og lög nr. 95 frá 28. maí 1984, um breytingu á lögum frá 1982. Íslenska ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutafjárins, en aðrir eigendur eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 „til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur", eins og segir í lögunum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járni, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillega til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Reksturinn 1987.

Afkoman var batnandi á árinu. Halli var 115,1 m.kr. í stað 212 Mkr. halla 1986. Framleidd voru ígildi 60.184 tonna af 75% kísiljárni. Flutt voru út 65.071 tonn sem er meira magn en áður hefur verið flutt út á einu ári. Framleiðsla minnkaði um tæp 10% milli ára af

markaðsástæðum og vegna nauðsynlegs viðhalds, en útflutningsaukning varð 1,6% í magni en söluaukning í krónum varð rúm 9%. Hallinn var 8% af brúttósölu, en þá höfðu verið færðar til gjalda 267 Mkr. af afskriftum og nettó fjármagnsgjöldum, eða sem svarar rúmum 18% af brúttósölu.

Starfsmannafjöldi í árslok var 185.

Helstu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í Mkr.

	1987 Mkr.	1986 Mkr.	1985 Mkr.
Rekstrartekjur	1.334,8	1.210,1	1.137,8
Rekstrargjöld	(1.502,6)	(1.365,2)	(1.116,9)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	52,7	(56,9)	(29,1)
Hagnaður (Tap)	(115,1)	(212,0)	(8,2)
Eignir	2.977,7	3.028,6	3.065,2
Skuldir	(1.640,3)	(1.730,9)	(1.706,1)
Eigið fé	1.337,4	1.297,7	1.359,1

Á árinu náðist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir kísiljárni á heimsmörkuðum, þannig að undir lok ársins var sölu- og verðþróun framleiðendum hagstæð. Stálframleiðsla er á fyrri hluta árs 1988 í örum vexti og eftirspurn eftir kísiljárni því traust. Verðþróun þessi misseri er af þessum sökum hagstæð.

Stjórn.

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í mars 1987 eru: Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank Myhre og Per Kristian Björgum og Sumitomo Corporation einn, Nobuo Kawasaki. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR h.f.

Jarðboranir h.f. er hlutafélag, sem stofnað var í ársbyrjun 1986 og er til helminga í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Fyrirtækið yfirtók allan rekstur Jarðborana ríkisins, sem hafði starfað í rúm fjörtíu ár og Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem hafði starfað í nær þrjátíu ár. Borverkefnin hjá fyrirtækinu sem nú hefur starfað í tvö ár, hafa verið mun minni að umfangi en áður var og munar þar mestu að ekkert var borað með stóru jarðborunum Jötni og Dofra á árinu. Jarðhitaboranir fyrir hitaveitur, boranir eftir fersku vatni fyrir vatnsveitur og kjarnaboranir fyrir vatnsaflsvirkjanir voru áður uppistaðan í borunarstarfseminni en á árinu voru engar slíkar boranir. Þrátt fyrir það voru boraðar 167 holur, samtals 18,6 kílómetrar árið 1987. Auk reinsana og viðhalds á gömlum holum tengdust þessar boranir fiskeldi að verulegu leyti en það hefur gefið góða raun að bora eftir sjó til strandeldis. Með tilliti til þess að framboð á seiðum til uppeldis er mun meira en aðstaðan í landinu getur annað og að eldi í sjókvíum virðist vera áhættusamt má búast við aukningu í borunum eftir sjó til strandeldis. Það veldur áhyggjum að Jötunn og Dofri standa verkefnalausir. Þess vegna var ákveðið að freista þess að fá verkefni fyrir Jötun erlendis og var tilboð sent í borun átta háhitahola í Kenýa. Af átján tilboðum var félagið með fimmta lægsta tilboðið.

Reynslan af hlutafélagaforminu.

Ef marka má af reynslu tveggja starfsára Jarðborana h.f. er augljóst að breytingin á rekstrinum í hlutafélagsform er til bóta frá því sem áður var, sveigjanleiki í rekstri er meiri og öll ákvarðanataka hraðari. Að auki hefur þessi ráðstöfun orðið til þess, að fleiri borfyrirtæki hafa verið stofnuð sem leiðir til samkeppni á markaðnum og tryggir viðskiptavinunum réttara verð á þjónustunni. Aukin samkeppni er einkenni allrar atvinnustarfsemi, en tækniþróun og aðrar breytingar sem sífellt þarf að bregðast við eru mun örari en áður gerðist. Fyrirtæki eins og Jarðboranir hf þarf að hafa það stefnumark að skapa nýjungar og taka áhættu og þurfa stjórnendur fyrirtækisins að skilja eðli þeirra og þróun. Allt eru þetta atriði, sem eru erfið í framkvæmd í ríkisrekstri án samkeppni við aðra.

Stjórn.

Stjórn félagsins var endurkjörin til eins ár og sitja í henni:
Jónas Elíasson, formaður, Þórður Þ. Þorbjarnarson, varaformaður
Jóhannes Zoëga, Ólafur Guðmundsson og Jakob Björnsson.

Í varastjórn eru:

Sigurður Ö. Gíslason, Sigurjón Ásbjörnsson, Gunnar Kristinsson og Stefán Hermannsson.

Endurskoðendur voru kjörnir Emil Th. Guðjónsson frá Endurskoðunarmiðstöðinni h.f. og Halldór V. Sigurðsson frá Ríkisendurskoðun.

Ársafkoma 1987.

Rekstrartekjur Jarðborana h.f. á árinu 1987 námu 94,6 Mkr. en rekstrargjöld án fjármagnsgjalda námu 98 Mkr. Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 1987 nam 1,4 Mkr. eftir að afskrifaðar höfðu verið 16,2 Mkr. af eignum þar af 6,87 Mkr. vegna stóru boranna tveggja, Jötuns og Dofra, er ekki voru í notkun á árinu 1987.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld á árinu 1987 námu 5,1 Mkr. eftir að reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga að fjárhæð 20,6 Mkr. höfðu verið dregin frá fjármunatekjum. Endurmat bora og annarra varanlegra rekstrarfjármuna og útreikningur á áhrifum almennra verðlagsbreytinga á fjáreignir og skuldir er sem fyrr byggður á hækkun byggingarvísitölu innan ársins er reyndist vera 17,7%.

Laun og starfsmannakostnaður er stærsti kostnaðarliður félagsins í rekstrarreikningi og nam 46,7 Mkr. eða um 46,7% af útgjöldum. Rekstrarliðurinn kostnaður vegna borverkefna er hár nú sem á liðnu ári og nam um 16,4 Mkr. á árinu sem er um 16,5% af útgjöldum.

Í efnahagsreikningi kemur fram að heildareignir félagsins í árslok 1987 voru 392,8 Mkr. Bókfært verðmæti bora félagsins 119,7 Mkr. en verðmæti áhalda, tækja og bifreiða samtals 59,7 Mkr. Fasteignir félagsins eru bókfærðar á 7,8 Mkr. Skuldir félagsins námu samtals 63,3 Mkr. og skiptast þannig að skammtímaskuldir nema 13,1 Mkr. en langtímaskuldir 50,2 Mkr. og var því eigið fé 329,4 Mkr. og eiginfjárhlutfall 83,9%.

Hlutafé félagsins er 236 Mkr.

Starfsmannahald.

Á árinu voru níu starfsmenn með aðsetur á skrifstofu við hönnun borverka og áætlanagerð, tilboðsgerð og verksamninga, innkaup á bortækjum, varahlutum og efni til borana, stjórnun borverka, fjármálastjórn, tekju- og kostnaðar- og launabókhald og almenn skrifstofustörf. Þrír starfsmenn unnu að staðaldri í áhaldahúsunum við Funahöfða og í Vesturvör við viðhald bora og afgreiðslu á tækjum og birgðavöru. Í áhöfnum boranna voru um 25 menn að staðaldri og nokkru fleiri að sumrinu. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 100.500 klst. og seldur tími í borverkum 54.700 klst. Samkvæmt því var umfang borverka 6% meira en árið áður en heildarvinnustundafjöldinn minnkaði um 20% þrátt fyrir aukninguna í borunum.

Heitt vatn fyrir hitaveitur.

Á árinu var ekkert borað fyrir hitaveitur á vegum fyrirtækisins þótt hitaveitur séu langstærsti notandi jarðhita á landinu og 85% landsmanna hiti híbýli sín með heitu vatni sem aflað hefur verið með borunum. Borunum hefur fækkað um sinn fyrir þessa aðila en ætla má að fljótlega muni þeim aftur fjölga bæði til aukningar og viðhalds veitum sem fyrir eru.

Gufa á háhitasvæðum.

Engar háhitaholur voru boraðar á árinu og var það í fyrsta sinn síðan jarðhitanotkun varð almenn á Íslandi til upphitunar, iðnaðar- og raforkukframleiðslu að ekki var borað eftir jarðgufu. Á árunum 1985 og 1986 boraði Jötunn samtals 8 holur á Nesjavöllum með fádæma góðum árangri og var þá aflað nægilegrar gufu fyrir fyrsta áfanga varmaorkuversins. Engin áform eru í bráð um boranir á Nesjavöllum, Svartsengi, Reykjanesi, Kröflu og Námafjalli og tilraunir til þess að koma jarðborunum Jötni og Dofra í verkefni erlendis hafa enn ekki tekist. Það veldur áhyggjum hve borarnir eru lítið notaðir og hætt er við að þeir grotni niður og skemmist ef langur tími líður þar til þeir komast aftur í notkun. Umhirða og gæsla tækjanna er líka kostnaðarsöm og segir sig sjálft að slíkt gengur ekki til lengdar.

Heitt vatn til fiskeldis.

Volgt vatn sem víða má finna á Íslandi hefur að undanförnu verið mjög vaxandi þáttur í nýtingu jarðhitans, einkum til notkunar í fiskeldi. Eldisstöðvar bæði stækkuðu og þeim fjölgaði á árinu og fóru boranir ekki varhluta af þeirri þróun. Í Hvalfirði boraði Glaumur við Hrafnabjörg með ágætum árangri, tvær holur voru boraðar í Ölfusi fyrir Vatnarækt og Silfurlax og fjórar holur í Grímsnesi fyrir Fjallalax. Í Þorlákshöfn var leitað að volgum sjó með borun 300 metra djúpra holu á lóð fiskeldisfyrirtækisins Smára hf. Þessi tilraunaborun var sameiginlega kostuð af Jarðborunum, Smára, Ísþór, Fjallalax og Orkustofnun sem lagði fram úrvinnslu og jarðvísindalegt mat á árangri borunarinnar. Í framhaldi af þessari borun bætti Smári um betur og kostaði borun 1100 metra djúprar holu sem boruð var í sama skyni. Þessar rannsóknarboranir eru mjög mikilvægar fyrir hagnýtingu á jarðhita í þessari atvinnugrein og má ljóst vera hve mikils virði samstarf hagsmunaaðila er þegar um er að tefla upplýsingar sem koma öllum til góða. Á Vestfjörðum og í Djúpi boraði Ýmir margar holur eftir volgu og heitu vatni með ágætum árangri. Á árinu voru samtals boraðar 23 holur eftir volgu og heitu vatni til fiskeldis.

Ferskt vatn og sjór til fiskeldis.

Boranir til öflunar á sjó í fiskeldi hafa verið mjög vaxandi og eiga enn eftir að aukast. Með vaxandi reynslu af þessum borunum kemur í ljós að við strendur landsins liggur fullsaltur sjór undir 30–50 metra þykku lagi af fersku vatni. Nægir að fóðra með heilli fóðringu niður í sjávarlagið og fleyta sjónum undan ferska vatninu. Þessi aðferð til sjávaröflunar hefur yfirburði umfram sjávartöku á yfirborði vegna þess að sjórinn kemur algerlega ómengaður úr borholunum og brim vill skemma inntaksmannvirki í fjöruborðinu. Á Reykjanesi voru boraðar sjóholur fyrir Íslandslax, Vogalax og Lindalax og fyrir þrjú fiskvinnslufyrirtæki í Sandgerði. Í Þorlákshöfn voru boraðar sjóholur á berginu vestan þorpsins fyrir Smára hf. og Ísþór hf. Í Vestmannaeyjum voru boraðar tvær sjóholur fyrir fiskvinnslufyrirtæki til öflunar á sjó til þvotta á loðnuhrognum. Í uppsveitum landsins var víða borað eftir fersku vatni, aðallega til notkunnar í fiskeldi.

Heitt vatn fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Einungis ein hola til öflunar á heitu vatni til upphitunar var boruð á árinu fyrir orlofsbyggðina í Flókalundi. Eins og fyrr segir voru engar boranir fyrir hitaveitur á árinu og

má af því marka, hve mjög jarðhitaboranir hafa dregist saman. Að hluta er skýringin sú, að engir fjárfestingarlánasjóðir eru starfandi síðan veitingu lána úr jarðhitaleitarsjóði Orkusjóðs var að mestu hætt.

Kalt vatn fyrir sveitarfélög og fyrirtæki.

Þrátt fyrir slæmt ástand vegna mengunar neysluvatns hjá mörgum vatnsveitum var ekki mikið borað eftir köldu vatni á árinu. Á Nesjavöllum var borað eftir köldu vatni til upphitunar í orkuverinu fyrir hitaveituna í Reykjavík og nokkrar rannsóknarholur voru boraðar í Heiðmörk fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur. Nokkuð var um boranir fyrir sumarhús og orlofsbyggðir.

Hreinsanir og viðgerðir á holum.

Að vanda voru hreinsaðar útfellingar í holum hjá hitaveitunum í Hveragerði og á Suðurnesjum. Fastar dælur voru fiskaðar úr holum hjá Íslandslax og í Súgandafirði. Í Reykjavík var unnið að hreinsun og steypingu í gömlum haglaborsholum. Hitaveitan er löngu hætt að nota þessar holur og voru þær til óþurftar vegna þess að vatn og jafnvel sjór úr efri jarðlögum átti greiða leið niður holurnar og blandaðist þar jarðhitakerfinu.

Rannsóknarborun vegna jarðhita.

Í Vestmannaeyjum voru boraðar tvær holur fyrir hraunhitaveituna, til þess að kanna hvort regnvatn sem dropið hefur niður í gegnum hraunið sitji í pollum í þéttum jarðvegi gamla yfirborðsins. Á Vestfjörðum, í Djúpi og á Ströndum boraði Ýmir mikinn fjölda hola fyrir einstaklinga og fyrirtæki og voru allar þessar boranir tengdar hugmyndum um fiskeldi. Í Hvalfirði, Skagafirði og Axarfirði voru boraðar grunnar hitastigulsholur.

Rannsóknarborun vegna mannavirkjagerðar.

Svokölluðum kjarnaborunum sem áður voru snar þáttur í rekstri fyrirtækisins hefur fækkað mjög mikið, einkum eftir að undirbúningsrannsóknum vatnsaflsvirkjana á hálendinu lauk. Í Kvosinni í Reykjavík voru boraðar tvær holur til þess að kanna berggrunninn undir tveim fyrirhuguðum stórhýsum þar, ráðhúsi og Alþingishúsi. Nokkrar holur voru boraðar á Hólmsbergi, þar sem Varnarliðið er að reisa nýja olíuhöfn.

Boranir til mannvirkjagerðar.

Á Nesjavöllum voru boraðir dælubrunnar í grunn stöðvarhússins fyrir aðaldælur orkuversins. Brunnarnir sem eru 110 sm víðir og 14 metra djúpir voru boraðir með höggbor og er það í fyrsta sinn að svo víðir dælubrunnar eru boraðir hér á landi, en áður var alltaf sprengt fyrir þeim. Þessi aðferð þykir mun hagkvæmari, henni fylgir minna rask og hún er mun ódýrari. Á Hólmsbergi voru boraðar holur fyrir jarðskaut og undirstöður.

Rekstrarreikningur ársins 1987.

	1987	1986
Rekstrartekjur samtals	94.673.999	97.494.827
Rekstrargjöld samtals	(98.050.044)	(91.843.912)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	5.135.599	(3.898.455)
Eignarskattur	(323.700)	(1.228.000)
Hagnaður (tap) ársins	1.435.854	524.460
Eignir	392.809.622	338.379.782
Skuldir	63.388.532	59.443.561
Eigið fé samtals	329.421.090	278.936.221

Kísiliðjan h.f. við Mývatn

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966, ásamt síðari breytingum.

Ríkissjóður	59,8%
Manville Corporation	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville Corporation framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville Corporation tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis voru kjörnir þrír fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1987 til jafnlengdar 1991. Stjórnarmenn ríkisins eru nú Björn Jósef Arnviðarson, lögfræðingur, formaður, Jón Illugason, framkvæmdastjóri er Pétur Torfason verkfræðingur.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi starfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Framleiðsla og sala.

Framleiðslumagn ársins 1987 var svipað og næstliðins árs. Samtals voru framleidd 23.345 tonna af fullunnum kísilgúr. Framleiðslan var 21% minni en árið 1985, en þá var mesta framleiðsla í sögu verksmiðjunnar.

Samtals var útflutningur kísilgúrs 22.959 tonn á árinu 1987. Það er um 17% minna en metárið 1985. Innanlands voru seld 43 tonn. Hörð samkeppni, sem hófst með falli dollars 1986, ríkti enn á mörkuðum fyrir kísilgúr á árinu 1987.

Afkoma.

Á árinu 1987 voru rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði 251,2 Mkr. árið 1986. Hækkun milli ára er 0,8%.

Hagnaður félagsins árið 1987 var 12,2 Mkr. sem er 4,8% af rekstrartekjum. Árið 1986 varð um 20,4 Mkr. hagnaður eða 8,1% af rekstrartekjum.

Rekstrarniðurstaða ársins 1987 verður að teljast viðunandi í ljósi þess að tekjur félagsins standa nánast í stað á milli ára. Ástæður þess eru samkeppni á kísilgúrmörkuðum og lítil hækkun á gengi þeirra gjaldmiðla sem selt er á. Hækkun lánskjaravísitölu mældist á sama tíma 17,4%. Lækkun orkukostnaðar, utan jarðgufu og lítil hækkun erlendra innkaupa vógu á móti verulegum kostnaðarhækkunum innanlands.

Helstu fjárfestingar á árinu 1987 voru nýjar áfyllingarvélar og sjálfvirkur pokaásetjari í pökkunardeild, gagnger endurnýjun rykhreinsibúnaðar votvinnsludeildar og tölvubúnaðar á skrifstofu.

Rekstrarfjárstaða Kísiliðjunnar h.f. er mjög góð. Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 1987 er veltufjárhlutfall félagsins 6,49. Á sama tíma námu langtímaskuldir félagsins 1,6 Mkr. og heildarskuldir voru samtals 5,8% af eigin fé.

	1985 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1987 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	359.888	376.283	365.441
Rekstragjöld	(330.547)	(344.084)	(347.811)
Fjármagnsgjöld	(5.798)	(11.752)	(5.392)

Hagnaður	23.543	20.447	12.238
Eignir	281.580	366.041	441.504
Skuldir	(30.341)	(22.749)	(24.245)
Eigið fé	251.239	343.292	417.259

Stjórn.

Þrír íslenskir stjórnarmenn Kísiliðjunnar h.f. voru kosnir af Alþingi í apríl 1987. Björn Jósef Arnviðarson, Jón Illugason og Pétur Torfason voru kjörnir til fjögurra ára stjórnarsetu. Úr stjórn gekk Sigurður Rúnar Ragnarsson. Iðnaðarráðherra skipaði Björn Jósef Arnviðarson stjórnarformann. Engin breyting varð á fulltrúum Manville Corporation í stjórninni.

Framkvæmdastjórn og starfslið.

Engar breytingar urðu á framkvæmdastjórn félagsins á árinu 1987. Fjöldi fastráðinna starfsmanna var 61 yfir vetrarmánuðina og 69 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni fór fram. Fjöldi vinnuvikna starfsmanna félagsins árið 1987 svaraði til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 63.

Launagreiðslur til starfsmanna og stjórnar voru á árinu 1987 62,1 Mkr.

Önnur mál.

Um áramótin 1986-87 var gerður samningur við Landsvirkjun um jarðgufukaup verksmiðjunnar. Landsvirkjun hafði áður fest kaup á jarðgufuveitunni í Bjarnarflagi af íslenska ríkinu. Stjórn Kísiliðjunnar h.f. falaðist einnig eftir kaupum á gufuveitunni. Ætlunin var að verksmiðjan yrði sjálfri sér nóg um gufu og rafmagn. Jarðgufusamningur Kísiliðjunnar h.f. og Landsvirkjunar er til 15 ára. Samið var um óbreytt gufuverð fyrstu fjögur árin í ljósi fyrirsjáanlegra rekstrarerfiðleika Kísiliðjunnar h.f. Að þeim tíma loknum hækkar gufuverð um 42%. Vegna þess að gufuverð tekur hækkunum samkvæmt lánskjaravísitölu hefur hluti jarðgufu í rekstrargjöldum Kísiliðjunnar h.f. hækkað óeðlilega mikið á árinu 1987. Unnið er að leiðréttingu á jarðgufuverðinu.

Rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms í Mývatni var fram haldið á árinu 1987. Fjárframlag, til viðbótar árlegu framlagi Kísiliðjunnar h.f., var samþykkt á Alþingi á haustmánuðum 1987.

Vorið 1987 voru gróðursettar ýmsar tegundir trjáplantna á verksmiðjusvæði Kísiliðjunnar h.f. Þetta er tilraun sem ætlað er að gefa vísbendingu um hvaða trjátegundir þrífast best á svæðinu.

Svokallaður Kísilvegur á milli Húsavíkur og Mývatns er mikil samgönguæð. Um veginn fer öll framleiðsla Kísiliðjunnar h.f. og öll aðföng til verksmiðjunnar. Íbúar Skútustaðahrepps nota Kísilveginn til að sækja nauðsynlega þjónustu til Húsavíkur. Í áranna rás hefur komið í ljós að snjór safnast á vetrum gjarnan fyrir á sömu stöðum á veginum. Nú eru 12 ár síðan forráðamenn Kísiliðjunnar h.f. hreyfðu því fyrst við vegamálayfirvöld að með litlum tilkostnaði mætti gera Kísilveginn mun öruggari til vetraraksturs, auk þess sem spara mætti fé til snjómoksturs. Af og til síðan hefur málinu verið hreyft, síðast á haustmánuðum 1986 þegar bréf var sent til vegamálayfirvalda og þingmanna kjördæmisins. Undanfarnir vetur hafa verið mildir, lítið um stór veður og ófærð. En menn muna verri tíð og mikilvægt er að sofna ekki á verðinum.

Framtíðarhorfur.

Afkoma félagsins fyrstu sjö mánuði ársins 1988 var betri en búist var við. Sölumagn er 12,5% meiri en á sama tíma 1987. Tvær gengisfellingar hafa nýst til tekjuaukingar og til að lækka söluverð í erlendri mynt. Hækkun dollars hefur einnig styrkt samkeppnisstöðu íslenska kísilgúrsins á mörkuðum í Evrópu. Góð eiginfjárstaða Kísiliðjunnar h.f. á einnig sinn þátt í sæmilegri afkomu.

Mikil óvissa hefur ríkt um framvindu efnahagsmála í landinu á árinu 1988. Í ljósi þessa voru fjárfestingar Kísiliðjunnar h.f. í lágmarki á árinu.

Undanfarið hefur borið ótímabærum fullyrðingum fárra manna, leikra sem lærðra um framtíð Kísiliðjunnar h.f. Varast ber að vera með sleggjudóma um fyrirtækið að óathuguðu máli. Það ber vott um fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart þeim fjölskyldum í Mývatnssveit og víðar sem hafa lífsviðurværi sitt af starfsemi félagsins. Verkefnisstjórn Mývatnsrannsókna, skipuð sérfræðingum, stýrir nú rannsóknum á hugsanlegum áhrifum kísilgúrnámsins á lífríkið. Svo umfangsmiklar rannsóknir taka langan tíma. Samkomulag varð um að Kísiliðjan dældi einungis kísilgúr af afmörkuðu svæði í Ytriflóa Mývatns til ársins 1991, en félagið hefur námuleyfi í Mývatni til ársins 2001.

KÍSILMÁLMVINNSLAN h.f.

Inngangur.

Árið 1982 voru samþykkt á Alþingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Með vísan til framangreindra laga var Kísilmálmvinnslan h.f. stofnuð 4. júní 1982.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild. Á árunum 1984 og 1985 var rætt við fulltrúa allmargra erlendra fyrirtækja um eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju án þess að jákvæð niðurstaða fengist.

Á miðju ári 1985 voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmverksmiðjunni h.f.

Í janúar 1986 skipaði iðnaðarráðherra, Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Formaður nefndarinnar er Birgir Ísl. Gunnarsson. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986 og í ársbyrjun 1987 voru samningsdrög tilbúin og fullnaðar hagkvæmniathugun lokið. Aðstæður höfðu þá breyst til hins verra, þ.e. stofnkostnaður hafði hækkað verulega en verð á málminum haldist óbreytt. Í sérstakri skýrslu til Alþingis sem dagsett var í febrúar 1987 gerði Albert Guðmundsson, þáverandi iðnaðarráðherra, ítarlega grein fyrir málinu og ástæðum þess að ekki þótti verjanlegt að ráðast í fjárveitinguna. Íslenska viðræðunefndin átti síðan fund um málið með fulltrúum RTZ Metals í júní 1987 og að nýju í desember 1987 og var á báðum fundunum staðfest að ekki hefðu orðið þær breytingar á aðstæðum að réttlætanlegt þætti að ráðast í framkvæmdir.

Sumarið 1987 var ákveðið að formlegri starfsemi á vegum Kísilmálmvinnslunnar h.f. yrði hætt og lét framkvæmdastjórinn af störfum. Var þetta gert vegna þess að ekki þótti rétt að halda þeirri starfsemi áfram með tilheyrandi kostnaði. Tillaga þar að lútandi var samþykkt á aðalfundi félagsins 30. júní 1987.

Rekstur 1987.

Starfsemi Kísilmálmvinnslunnar mótaðist fyrri hluta árs af viðræðum um eignaraðild RTZ Metals Ltd. að fyrirtækinu og lá síðan niðri frá júní 1987. Á árinu var nokkur vinna lögð í markaðsathugun. Hagkvæmniathuganir og arðsemisreikningar voru endurnýjaðir. Starfsemin fyrra hluta árs 1987 einkenndist af vinnu starfsmanna þess við þau verkefni er tengdust eignaraðildarkönnun og samningaviðræðum.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1987 (1986) eru:

	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.
Rekstrartekjur (styrkur)	7.237,7	17.717,5
Rekstrargjöld	(8.703,9)	(17.990,5)
Hagnaður (tap)	(1.466,3)	(273,0)
Eignir	5.201,0	108.098,5
Skuldir	(484,2)	(959,0)
Eigið fé	4.716,8	107.139,5

Ofangreindar niðurstöður úr rekstri verða að skoðast í því ljósi að enginn eiginlegur rekstur hófst og öll rekstrargjöld voru eignfærð sem stofnkostnaður. Eftir að ákveðið var að slíta félaginu var stofnkostnaður sem fram til þess hafði verið eignfærður afskrifaður að fullu.

Stjórn.

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn.

Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi Alþingis í maí 1987:

Geir H. Haarde hagfræðingur, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Axel Gíslason framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal tæknifræðingur, Helgi Hálfdánarson fulltrúi, Hörður Þórhallsson sveitarstjóri og Sveinn Þórarinsson verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri var Geir A. Gunnlaugsson.

Slit á félaginu.

Þann 10. maí 1988 var undirritað í Reykjavík stofnskjal Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar. Markaðsskrifstofan mun samræma öll störf íslenskra stjórnvalda varðandi ofangreind mál og yfirtaka áframhaldandi athuganir á kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Iðnaðarráðherra hefur falið skrifstofunni að fylgjast náið með þróun kísilmálmmarkaða og nýta þau tækifæri sem upp kunna að koma varðandi kísilmálmverksmiðju.

Ákvörðun um að slíta Kísilmálmverksmiðjunni h.f. var því rökrétt og eðlilegt framhald málsins. Ákvörðun þessi var kynnt stjórn félagsins með bréfi 5. maí 1988 og var forseti sameinaðs Alþingis og þingflokkum kynnt þessi ákvörðun sama dag. Í bréfi til Alþingis var frá þessu greint m.a. vegna þess að ekki var nauðsynlegt að kjósa stjórn fyrir félagið á sameinuðu Alþingi vorið 1988.

Formlegur aðalfundur til að slíta félaginu á grundvelli fyrri ákvarðana var haldinn 30. júní 1988.

ORKUSTOFNUN ERLENDIS h.f.

Inngangur.

Félagið er hlutafélag sem íslenska ríkið hefur stofnað á grundvelli laga nr. 32/1978, um hlutafélög og samkvæmt ákvæðum laga nr. 53/1985 um breytingu á orkulögum og nafn þess er Orkustofnun erlendis h.f. Á starfsvettvangi sínum erlendis gengur það undir nafninu Orkustofnun International (ORKINT).

Tilgangur félagsins er að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir. Hlutafélaginu er heimilt að taka þátt í stofnun fyrirtækja í fyrrgreindum tilgangi ásamt íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í samræmi við 7. gr. orkulaga nr. 58/1967, sbr. lög nr. 53/1985.

Reksturinn 1987.

Í samræmi við tilgang félagsins fólst starfsemi félagsins árið 1987 í því að markaðsfæra þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, auk vatnsorkurannsókna.

Meðal verkefna sem unnið var að má nefna:

Unnið var að gerð forathugunar í samvinnu við Virki h.f. á hitaveitu fyrir Denizli-borg í Tyrklandi og gert tillaga að forhönnun. Lokið var ráðgjafaverkefni fyrir Public Petroleum Corp. í Grikklandi varðandi borun lághitaholu í Makedoníu. Öflun jarðhitaverkefna í Kenýa, Alþýðulýðveldinu Kína, Grikklandi og Tyrklandi, í samstarfi ýmist við iðnaðarráðuneytið og eða Virki h.f. Unnið var ráðgjafaverkefni í Suður-Kaliforníu fyrir Ormat Ltd., Ísrael. Lokið var samsetningu tækja til efnasýnatöku fyrir Tíbet og starfsmanni þaðan kennd meðferð þeirra.

Helstu tölur úr ársreikningi félagsins eru þessar:	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.
Rekstrartekjur	2.535,1	3.650,8
Rekstrargjöld	(5.365,1)	(6.527,7)
Hagnaður (tap)	(2.830,0)	(2.876,9)
Eignir	9.799,1	3.430,4
Skuldir	(2.050,1)	(556,8)
Eigið fé	7.749,0	2.873,6

Rauntekjur af rekstri hafa verið litlar en útgjöld við verkefnaöflun fjármögnuð af hlutafjárframlögum.

Annað.

Í lok ársins 1987 fór Virkir h.f. þess á leit við Orkustofnun erlendis h.f. að félagið gerðist hluthafi í Virki h.f. og hófust samningsumleitanir fyrir tilstilli iðnaðarráðuneytisins síðast á árinu.

Stjórn.

Á aðalfundi félagsins 1987 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar Kr. Jónsson, prófessor og Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri. Framkvæmdastjóri félagsins var Ingvar Níelsson, verkfræðingur. Hann sagði upp störfum fyrri hluta árs 1987 og var enginn ráðinn í hans stað.

SJÓEFNAVINNSLAN h.f.

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur voru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður átti á árinu 1987 84% hlutafjárins.

Hlutverk félagsins er að stofna og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þessi er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Þann 5. desember undirrituðu Friðrik Sophusson, iðnaðarráðherra og Jón Baldvin Hannibalsson, fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs og Finnbogi Björnsson, stjórnarformaður, f.h. stjórnar Hitaveitu Suðurnesja, samning um kaup Hitaveitunnar á hlutafé ríkisins í Sjóefnavinnslunni h.f. (84% af heildarhlutafé í Sjóefnavinnslunni h.f.).

Salan á hlutafé ríkisins í félaginu átti sér stað í kjölfar ákvörðunar iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra um að endurskipuleggja fjárhag Sjóefnavinnslunnar h.f. og selja hlutafé ríkissjóðs í félaginu.

Meginatriði þessarar endurskipulagningar voru:

1. Hlutafé félagsins var fært niður í 4.000.000 krónur, en þar af nam hlutafé ríkisins 3.385.815 krónum.

2. Ríkissjóður létti af Sjóefnavinnslunni h.f. öllum skuldum við endurlánareikning ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóð, svo og skuld við Sparisjóð Keflavíkur, samtals að fjárhæð um 530.000.000 krónur, en félagið gaf þess í stað út til ríkissjóðs verðtryggt veðskuldabréf að fjárhæð 70.000.000 krónur.

3. Hlutafé Sjóefnavinnslunnar h.f. var hækkað um 50.000.000 krónur með hlutafjárútboði og skrifaði Hitaveita Suðurnesja sig fyrir allri hlutafjáraukningunni.

4. Samið var um að Sjóefnavinnslan h.f. myndi á næstu þremur árum verja eigi lægri fjárhæð en 2.000.000 krónum af fé félagsins á ári til að kynna hér á landi og erlendis möguleika til efnavinnslu og annars iðnreksturs á athafnasvæði félagsins.

5. Sjóefnavinnslan h.f. skuldbatt sig til að greiða ríkissjóði samtals 150.000.000 krónur á verðlagi nóvembermánaðar 1987 með 7,5% af rekstrarafgangi sínum.

6. Gerður var viðaukasamningur milli félagsins og ríkisins um jarðhita- og landsréttindi, sem tryggir félaginu aukið athafnasvæði.

7. Iðnaðarráðherra veitti samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 62/1981 Sjóefnavinnslunni h.f. leyfi til raforkuvirkjunar vegna iðnrekstrar á vegum félagsins allt að 5 MW til viðbótar núverandi virkjun félagsins.

Með sölu þessari náðust fram þau þríþættu markmið sem unnið var að:

1. Að hætt verði beinum afskiptum ríkisins af félaginu og það starfi framvegis eftir almennum lögum.

2. Að endurskipulagt félag verði áhugaverð fjárfesting og hafi traustan rekstrargrundvöll.

3. Að félagið haldi áfram að rannsaka nýtingu jarðgufu til efnavinnslu og annars iðnaðar og hafi fjárhagslega getu til uppbyggingar.

Iðnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi 4. nóvember 1987 skýrslu um fjárhagslega endurskipulagningu Sjóefnavinnslunnar h.f. á Reykjanesi og vísast til hennar um nánari upplýsingar varðandi málefni félagsins.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar h.f. skipuðu til söludags 5. desember 1988:
Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármála- og iðnaðarráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af fjármálaráðherra og Jón H. Júlíusson og Björgvin Gunnarsson, varaformaður, kosnir á aðalfundi. Framkvæmdastjóri árið 1987 var Magnús Magnússon.
Frá og með 5. desember 1987 tók ný stjórn skipuð fulltrúum stjórnar Hitaveitu Suðurnesja við stjórn félagsins og á ríkið enga aðild að fyrirtækinu.

STEINULLARVERKSMIÐJAN h.f.

Með lögum nr. 61 frá 4. júlí 1981 um Steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verður hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.
Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um að hann mundi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og OY Partek A/B, Finnlandi, að gerast hlutahafar í félaginu.

Hlutafé félagsins skiptist þannig í reikningum ársins 1987:

	Hlutafé kr. (nafnverð)
Ríkissjóður	46.494.000
Samband ísl. samvinnufélaga	19.110.000
Kaupfélag Skagfirðinga	7.600.900
OY Partek A/B	10.000.000
Steinullarfélagið h.f.	37.014.900
Starfsmenn	486.500
Einstaklingar	1.331.000
Samtals	122.043.300

Á aðalfundi félagsins 1985 samþykktu eigendur að hlutafé yrði aukið, þannig að það næði 30% af stofnkostnaði eins og ákvæði stofnsamnings segja til um. Þessi aukning nam 22 Mkr. á verðlagi í september 1985 og var innborguð á árinu 1986. Í kjölfar endurskipulagningar þeirrar sem framkvæmd var á rekstri og fjárhag félagsins 1986 og 1987 var hlutafé enn aukið um 66 Mkr. Þá var Steinullarfélaginu formlega slitið á þessu ári og eru hluthafar í því félagi orðnir beinir hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f.

Verði íslenskt efnahagslíf í jafnvægi og verðbólgu- og gengisbreytingar í lágmarki er ástæða til hóflegrar bjartsýni um rekstrargrundvöll fyrirtækisins á næstu misserum.

Ársreikningur.

Á árinu störfuðu 32 starfsmenn í fyrirtækinu í 31 1/2 stöðugildi. Launagreiðslur voru kr. 31.743.335, sem er 36% aukning milli ára. Stjórnarlaun voru kr. 625.253.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 22,5 Mkr.

Vaxtagjöld eru 42,5% af veltu á móti 85,6% árið áður. Fjármagnskostnaður er sömuleiðis 10,1% af veltu á móti 14,8% árið áður.

Hreint veltufé í árslok jókst um 146,3 Mkr. og veltufjárhlutfallið er hins vegar því sem næst 1,0 ef hlutafjárloforð ársins eru ekki tekin með.

Í heild eru veltufjármunir umfram skammtímaskuldir 35,8 Mkr.

Eigið fé Steinullarverksmiðjunnar var í árslok 1987 orðið 188,4 Mkr. og hafði aukist um 74 Mkr. á árinu. Eiginfjárhlutfall í árslok 1987 var 29,0% en var 20,3% árið áður.

Að öðru leyti er staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1987 sem hér segir:

	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1985 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	151.296	86.860	19.840
Rekstrargjöld	(177.065)	(116.868)	(44.147)
Fjármagnsgjöld (nettó)	15.306	(12.889)	(4.896)
Óreglulegar tekjur	431	7.973	9
Hagnaður (tap)	(10.030)	(34.925)	(29.195)
Eignir	648.426	561.478	434.427
Skuldir	(460.036)	(447.099)	(384.620)
Eigið fé	188.390	114.379	(49.807)

Veltuaukning milli ára varð 74% en sé tekið mið af sölu á heimamarkaði eingöngu er ljóst að raunhækkun á verði frá verksmiðju hefur orðið 8% milli ára.

Markaðsaðgerðir hafa verið tiltölulega umfangsmiklar á seinni hluta ársins 1987.

Verksmiðjan hélt 10 kynningar síðustu 4 mánuði ársins. Sérstök áhersla var lögð á að kynna notkun steinullar undir múr. Gefin var út bæklingur um einangrun og hönnun bygginga með hliðsjón af brunavörnum í samstarfi við Brunamálastofnun ríkisins og með styrk frá Brunabótafélagi Íslands. Þá voru haldnar kynningar í Færeyjum þar sem arkitektum, verkfræðingum og byggingavörusölum voru afhent ýtarleg gögn um tæknilega eiginleika íslensku steinullarinnar.

Steinullarverksmiðjan hefur frá upphafi haft náið samstarf við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins bæði hvað varðar hefðbundið eftirlit og sérstök rannsóknarverkefni.

Á árinu 1987 hafa farið fram rannsóknir á íslensku steinullinni með tilliti til ýmissa þeirra eiginleika sem áhugaverðir eru út frá samkeppnislegu sjónarmiði, svo sem hvað varðar einangrunargildi, styrk, hljóðeinangrunareiginleika, brunaþol o.fl.

Rekstrarhorfur.

Steinullarverksmiðjan h.f. undirbýr nú margháttaðar aðgerðir sem allar miða að aukinni hlutdeild á íslenska markaðinum, auknum útflutningi og bættri afkomu. Meðal þess helsta eru eftirfarandi atriði:

1. Framkvæmd verður athugun á hagkvæmni hliðarframleiðslu á afurðum unnum úr steinull.
2. Framleiðsla á lausull hefst á árinu 1988 og hefur þegar verið tryggð sala á þeim 350-400 tonnum, sem falla til árlega. Þannig hefur verið gerður samstarfssamningur við Húseinangrun h.f. um sölu á lausull innanlands og einnig hefur verið tryggð sala á því magni sem umfram er til erlendra aðila.
3. Sölusamstarf hefst á árinu 1988 við skoska aðila um sölu og dreifingu á steinull í Bretlandi og er mikils vænst af því samstarfi.

Rekstur ársins 1987.

Framleiðsla og sala.

Árið 1987 var annað heila rekstrarár félagsins. Rekstur gekk að mörgu leyti vel og má m.a. þakka það fastgengisstefnunni sem stuðlaði að tiltölulega litlu gengistapi á langtímalánum fyrirtækisins. Auk þess tókst að ná eðlilegum verðhækkunum og umtalsverðri söluaukningu vegna bættrar samkeppnisstöðu á heimamarkaði. Þá lauk endurskipulagningu rekstrar og fjárhags snemma á síðasta ári, þar sem samið var um lengingu á greiðslutíma langtímalána, hlutafjáraukningu og margháttaða rekstrarhagræðingu. Rekstrarafkoma ársins varð 10 Mkr. tap, sem er liðlega 20 Mkr. lægra tap en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum vegna endurskipulagningarinnar. Í þeim áætlunum var síðan gert ráð fyrir minnkandi tapi fram til 1990, en eftir það næði reksturinn jafnvægi.

Á síðasta ári jókst framleiðslan úr 2650 tonnum í 3395 tonn. Framleiðsluvikum fjölgaði hinsvegar um 10% milli ára úr 38 í 42. Vaktir eru tvískiptar, 12 tíma vaktir frá mánudegi til fimmtudags. Er nú svo komið að þær eru fullnýttar og er fyrirsjáanlegt að auka þarf framleiðslutímann í náinni framtíð. Seinni hluta ársins 1987 voru unnar samtals 16 aukavaktir vegna aukinnar eftirspurnar bæði á innanlandsmarkaði og á útflutningsmarkaði. Framleiðsla á aukavöktum er talsvert óhagkvæm, þar sem unnið er í næturvinnu. Sé tekið tillit til aukavaktanna, hefur aukning framleiðslutíma verið 17% milli ára á móti 28% framleiðsluaukningu.

Salan á árinu jókst um 49% milli ára, eða úr 2440 tonnum 1986 í 3656 1987.

Söluþróunin í tonnum er sem hér segir:

	1987	1986
Ísland	3030	2240
Færeyjar	376	200
England	205	0
Annar útflutningur	45	0
Samtals	3656	2440

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1987 eru:
Lára M. Ragnarsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra og
Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur tilnefndur af iðnaðarráðherra.
Aðrir stjórnarmenn eru:
Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, sem er formaður stjórnar,
Stefán Guðmundsson, alþm., Snorri Egilsson, aðst. framkvæmdastjóri
Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Kai Westeren frá Partek
A/B. Framkvæmdastjóri var Þórður H. Hilmarsson.

IV. SJÓÐIR

IÐNLÁNASJÓÐUR

Fjárfestingarlánadeild.

Fjárfestingarlánadeild hefur það hlutverk að styðja við íslenskan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, en hún veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Eftirspurn og lánveitingar.

Árið 1987 bárust deildinni 304 umsóknir í stað 313 umsókna árið 1986 eða 3% færri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust sjötta árið í röð eða um 40% og námu 1.579,5 Mkr. í stað 1.127,3 Mkr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins jókst verulega frá fyrra ári, um nær 80%. Á árinu gat deildin mætt um 31% af þeirri heildarfjárfestingu sem sótt var um lán til, en hún var 3.590,2 Mkr. Hins vegar var óskað eftir 1.579,5 Mkr. eins og áður segir eða 44% af heildarfjárfestingu.

Lánskjör.

Í upphafi árs 1987 voru vextir deildarinnar 8% á lánum með gengisviðmiðun SDR og 6,5% á lánum háðum lánskjaravísitölu. 15. ágúst var vöxtum breytt. Vextir á lánum með gengisviðmiðun SDR hækkuðu í 8,5%, vélalánum háðum lánskjaravísitölu í 7,5% og

byggingalánum háðum lánskjaravísitölu í 8,5%. 15. september hækkuðu vextir aftur. Vextir á lánum með gengisviðmiðun SDR hækkuðu í 8,65%, vélalánum háðum lánskjaravísitölu í 7,65% og byggingalánum háðum lánskjaravísitölu í 8,65%. Lánstími á lánum deildarinnar er allt að 7 ár á vélalánum og allt að 15 ár á byggingalánum.

	Mkr.
Lán bundið lánskjaravísitölu með 6,25%-9,20% ársvöxtum	380
Lán háð gengi USD með 0,1875% yfir LIBOR	188
Lán háð gengi FRF með 0,125% og 0,15% yfir LIBOR	187
Lán háð gengi DEM með 0,1875% yfir LIBOR	198
Samtals	953

Vöruþróunar- og markaðsdeild.

Hlutverk Vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

1. Að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins.
2. Að örva nýsköpun.
3. Að auka útflutning iðnaðarvara.

Deildin skal rækja hlutverk sitt með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði.
4. Kaupum og sölu hlutabréfa í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.
5. Veitingu ábyrgða á lánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Eftirspurn og lán- og styrkveitingar.

Árið 1987 bárust 259 umsóknir samtals að fjárhæð 254 Mkr. Samþykkt voru lán að fjárhæð 64 Mkr. og styrkir að fjárhæð 48 Mkr. Ráðstafað var 112 Mkr. sem er 44% af heildareftirspurn. Auk þess var fjárfest í hlutabréfum á árinu fyrir rúmar 2,8 Mkr.

Nánari skipting á ráðstöfun deildarinnar er eftirfarandi (Mkr.):

	Lán	Styrkir	Alls
Vöruþróun	29,7	9,2	39,0
Markaðsaðgerðir	34,0	38,7	72,7
Alls	63,7	47,9	111,7
Hlutabréfakaup			2,8
Samtals ráðstafað			114,5

Lánskjör.

Engin breyting varð á útlánsvöxtum deildarinnar en þeim var breytt 15. maí 1986 og voru þá lækkaðir úr 7% í 5%. Lán deildarinnar eru háð lánskjaravísitölu. Lánstími er yfirleitt 3–5 ár og er ákveðinn með hliðsjón af væntanlegum árangri þess verkefnis sem lánað er út á.

Hlutabréfaeign.

Eins og fram hefur komið hefur Vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs heimild til hlutabréfakaupa. Miðað er við að þátttaka sjóðsins fari ekki yfir 30% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis. Ávallt er stefnt að því að selja hlutabréfin aftur innan 5 ára frá kaupdegi.

Heildarhlutabréfaeign og veitt hlutafjárloforð Iðnlánasjóðs 31. desember 1987 sundurliðast svo:

	Nafnverð
	þús.kr.
Þróunarfélag Íslands h.f.	30.000
Fjárfestingarfélag Íslands	1.797
Fjárfestingarfélagið Draupnir h.f.	20
Nord-Invent AB	4.099
Tækniþróun h.f.	1.000
DNG h.f.	900
Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins h.f.	1.030
Hlutabréfamarkaðurinn h.f.	200
Glit h.f.	70
Melka h.f.	2.400
Samtals	þús. kr. 41.517

Rekstur og efnahagur.

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Rekstrartekjur	1.182.399	786.567	887.782
Rekstrargjöld	(918.683)	(625.590)	(695.656)
Hagnaður (tap)	263.716	160.977	192.126
Eignir	5.191.332	3.744.362	2.877.658
Skuldir	(3.690.135)	(2.727.609)	(2.137.518)
Eigið fé	1.501.197	1.016.753	740.140

Við uppgjör sjóðsins árið 1987 var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1986. Í rekstrarreikningi er færð til gjalda reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem fjáreignir sjóðsins voru umfram skuldir. Nam sú færsla 214.255 þús.kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1987 86.400 þús.kr., en var árið 1986 60.800 þús.kr. Er það um 42% aukning á milli ára. Iðnlánasjóðsgjald er 0,25% af aðstöðugjaldsstofni.

Framleiðslugjald af áli var 3.484 þús.kr. árið 1987 í stað 1.694 þús.kr. árið 1986. Er þetta hækkun um tæp 106%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs var 54.483 þús.kr. árið 1987 á móti 30.351 þús.kr. árið 1986.

Framlög til hagrannsókna námu 1.458 þús.kr. árið 1987 á móti 1.160 þús.kr. árið 1986.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn.

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f. og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 10. júní 1987, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára: Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Jónsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkaskiptingu annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Markmið.

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlandanna. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 millj. USD.

Upphaflegur tilgangur sjóðsins var að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Með lögum sem tóku gildi á árinu 1986 er verksvið sjóðsins víkkað. Samkvæmt þeirri breytingu skal tilgangur sjóðsins vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðli en USD og endurlána þau í sama gjaldmiðli.

Lán sem eru veitt af eigin fé sjóðsins má veita í öðrum gjaldmiðlum og er fyrst og fremst miðað við USD, DEM, GBP OG ECU en í sérstökum tilvikum eins og t.d. þegar viðskipti lántaka tengjast öðrum gjaldmiðlum má miða við aðrar myntir. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum sem bundin eru í reglugerð en þessi breyting á lögum sjóðsins tók gildi í maí 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn.

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju Norðurlandanna.

Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins til þriggja ára svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. mars 1985 eru: Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður og Friðrik Sophusson, alþm., varamaður.

Í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins. Formaður framkvæmdastjórnar á árinu 1987 var Ragnar Önundarson, bankastjóri Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Lánskjör.

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán að fullu gengistryggð en á árinu varð sú nýbreytni að jafnframt var byrjað að lána verðtryggð lán með lánskjaravísitölu. Vextir á gengistryggðum lánum eru breytilegir og ákvarðast þeir af þróun vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeim lánum sem sjóðurinn hefur tekið til að fjármagna útlán. Vísitölutryggð lán eru með

föstum vöxtum allan lánstímann. Í árslok 1987 voru í gildi eftirfarandi vaxtaprósentur miðað við ársgrundvöll:

Lán gengistryggð gagnvart USD	10,25%
Lán gengistryggð gagnvart DEM	6,50%
Lán gengistryggð gagnvart GBP	11,00%
Lán gengistryggð gagnvart DKK	12,00%
Lán gengistryggð gagnvart ECU	8,75%
Verðtryggð lán	10,25%

Til samanburðar voru 8,25% vextir á USD lánum í upphafi ársins, 6,5% á DEM lánum og 12,5% á GBP lánum.

Starfsemi á árinu 1987.

Á árinu 1987 voru til afgreiðslu 130 umsóknir að fjárhæð 1.410 Mkr. en voru til samanburðar 78 á árinu 1986 að fjárhæð 576 Mkr. Samþykkt voru 94 lán að fjárhæð 863 Mkr. en útborguð lán námu um 765 Mkr. Heildarútlán sjóðsins í árslok 1987 námu um 2.110 Mkr. Eins og framangreindar tölur bera með sér var veruleg aukning á lánastarfsemi sjóðsins á árinu 1987, sem stafar m.a. af útvíkkuðu verksviði sjóðsins og aukinni þjónustu við lántakendur. Þannig var nú í fyrsta skipti lánað til fyrirtækja á ýmsum sviðum þjónustu, viðskipta, samgangna og fiskeldis.

Í lögum Iðnþróunarsjóðs er heimilað að ráðstafa megi nokkru fjármagni til styrkveitinga og lánveitinga með sérstökum kjörum. Á árinu var tekin ákvörðun um að hætta að afgreiða þessa styrki og lán eftir þeim reglum sem í gildi höfðu verið. Í stað þess var ákveðið að sjóðurinn hefði frumkvæði um að verja þessu fé til þess að styrkja umfangsmeiri verkefni, sem hefðu almenna þýðingu í atvinnulífinu. Í þessu sambandi var tekin ákvörðun um að verja á næstu tveimur árum 10 Mkr. til undirbúningsaðgerða sem miða að því að auka sjálfvirkni í iðnaði. Verkefnið er unnið undir stjórn Iðntæknistofnunar Íslands í samstarfi við Iðnþróunarsjóð og var varið 2,6 Mkr. til verkefnisins á árinu 1987.

Á árinu 1987 ákváðu Iðnþróunarsjóður og Seðlabanki Íslands að láta gera sameiginlega athugun á stöðu hlutabréfaviðskipta hér á landi og með hvaða hætti aðstæður verði bættar til að örva viðskipti með hlutabréf. Til þess að framkvæma þessa athugun var fengið fyrirtækið Enskilda Securities í London.

Stofnun fjárfestingarfélags.

Í desember 1987 var stofnað fjárfestingarfélag að frumkvæði Iðnþróunarsjóðs. Heiti félagsins er Fjárfestingarfélagið Draupnir h.f. og er markmið þess að stuðla að þróun hlutabréfamarkaðar og verður megináhersla lögð á fjárfestingu í hlutabréfum starfandi fyrirtækja. Með því er stuðlað að aukinni eiginfjármyndun í atvinnufyrirtækjum og að bættu rekstraröryggi. Markmiði sínu hyggst félagið m.a. ná með því að festa kaup á hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum verðbréfum atvinnufyrirtækja er líkleg eru til þess að skila góðum arði miðað við áhættu. Félagið er opið fjárfestingarfélag og er hlutafé 150 Mkr. og er Iðnþróunarsjóður í upphafi meirihlutaeigandi með hlutafjáreign að fjárhæð 149,9 Mkr.

Endurgreiðsla stofnfjár.

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir að frá 10. ári skuli eftir nánari ákvörðun stjórnar Iðnþróunarsjóðs endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15. árum stofnframlög Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands að upphæð 13,5 milljónir USD. Endurgreiðsla stofnframlaga á árinu 1987 nam 570 þús. USD og námu heildarendurgreiðslur í árslok 2.510 þús. USD.

Lántökur.

Heildarlántökur Iðnþróunarsjóðs á árinu 1987 námu 609 Mkr. þar af námu lántökur frá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) 453 Mkr. og voru 303 Mkr. teknar í USD og jafnvirði 150 Mkr. í DEM. Iðnþróunarsjóður réðst út í almennt skuldabréfaútboð hér innanlands og nam sala 156 Mkr. á árinu 1987. Heildarlántökur sjóðsins í árslok 1987 námu um 932 Mkr.

Starfsaðstaða.

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og í maí 1987 opnaði sjóðurinn skrifstofur í nýbyggingu Seðlabankans við Kalkofnsveg. Bankinn veitir sjóðnum ýmsa þjónustu svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru auk framkvæmdastjóra, þrír sérfræðingar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu niðurstöður endurskoðaðra rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1985, 1986 og 1987, (þús.kr.)

	1987	1986	1985
Fjármunatekjur	454.685	256.963	246.700
Fjármagnsgjöld	(258.031)	(118.096)	(86.851)
Rekstrarkostnaður	(23.218)	(13.191)	(9.305)
Greiddir styrkir	(6.616)	(11.122)	(9.439)
Lagt á afskr.reikn.útl.	(4.477)	(9.380)	(15.574)
Hagnaður	162.343	105.174	125.531
Eignir	2.647.122	1.952.331	1.945.830
Skuldir	(1.185.130)	(465.633)	(482.148)
Eigið fé	1.461.992	1.486.698	1.463.682
Stofnframlag	410.423	486.018	528.185
Óráðstafað eigið fé	1.051.569	1.000.680	935.497

Upplýsingar um starfsemi á árinu 1988.

Um miðjan september voru komnar inn umsóknir að fjárhæð um 1.563 Mkr. en voru til samanburðar 1.410 Mkr. allt árið 1987.

Búast má við að umsóknir um lán á árinu 1988 verði yfir 1.900 Mkr. Lántökur á árinu 1988 nema væntanlega 600 til 700 Mkr.

Vextir á útlánum Iðnþróunarsjóðs sem tók gildi 1. ágúst 1988 eru eftirfarandi:

USD	10,25%	p.a. breytanlegir
DEM	6,75%	p.a. breytanlegir
GBP	12,00%	p.a. breytanlegir
DKK	10,50%	p.a. breytanlegir
ECU	9,00%	p.a. breytanlegir
ISK	10,00%	p.a. fastir

Sú breyting varð á stjórn Iðnþróunarsjóðs á árinu 1988 að frá 5. maí 1988 til þriggja ára voru skipaðir fulltrúar Íslands í stjórn sjóðsins þeir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður og Ragnar Önundarson, bankastjóri, varamaður. Formaður framkvæmdastjórnar var skipaður Valur Valsson, bankastjóri Iðnaðarbanka Íslands.

Skipting útlána eftir atvinnugreinum



ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, Orkulögum, með síðari breytingum. Hann er eign ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum; til bænda til að reisa vatnsaflsstöðvar og mótorrafstöðvar til heimilisnota og til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til jarðvarmaleitar. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins, eða öðrum rafveitum, styrki til að koma upp rafmagnsveitum í strjálbýli enda sýni kostnaðaráætlanir að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra, óafturkræfra, framlaga. Lán og styrkir eru veittir af lánum, sem sjóðurinn tekur eða framlögum til hans á fjárlögum.

Rekstur.

Á árinu 1987 fékk sjóðurinn innborguð framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 200,7 Mkr. Hann tók engin lán á árinu, en lánveitingar hans námu 9,5 Mkr. og kaup á skuldakröfum vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi sem gerð voru að fyrirmælum iðnaðarráðherra námu 10,5 Mkr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins 1987, 1986 og 1985 eru sem hér segir (á verðlagi hvers árs):

	1987 Mkr.	1986 Mkr.	1985 Mkr.
Tekjur	237,4	504,3	682,7
Gjöld	(113,1)	(309,5)	(590,5)
Eignir	554,0	1.118,5	5.497,6
Skuldir	(793,7)	(1.369,0)	(5.876,9)
Eigið fé	(239,7)	(250,5)	(379,3)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga að styrkveitingar eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á.m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvorttveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður halli 14,3 Mkr. 1987, hagnaður 4,9 Mkr. 1986, og halli 41,3 Mkr. árið 1985.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1987, 1986 og 1985 sem hér segir:

	1987 Mkr.	1986 Mkr.	1985 Mkr.
1. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	50,00	30,00	20,00
2. Jarðhitaleitarlán	10,00	20,00	15,00
3. Hitaveitulán	0,00	10,00	10,00
4. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	10,00	10,00	5,00
5. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	3,00	3,00	3,00
6. Greiddir vextir, vísitöluálag og afborganir	170,50	585,69	913,30
7. Reksturskostnaður Orkusjóðs	3,20	0,90	0,60
8. Styrkur til Hólsfjallabæja til raforkuframleiðslu	1,70	1,70	1,70
Samtals	248,40	661,29	968,60

Fé það, sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1985, 1986 og 1987, var fengið sem hér segir:

	1987 Mkr.	1986 Mkr.	1985 Mkr.
1. Framlög úr ríkissjóði o.fl.	213,90	230,49	192,10
2. Lántökur	0,00	20,00	20,00
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	34,50	410,80	756,50
Samtals	248,50	661,29	968,60

Stjórn.

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra þess sem fer með orkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkuráðs samkvæmt Orkulögum.

Orkuráð skipa frá 1. júlí 1987 til jafnlengdar 1991:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, forseti Sameinaðs þings, formaður, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri, Sverrir Sveinsson, veitustjóri, Þórður Skúlason, sveitarstjóri og Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri.

Páll Hafstað, fyrrv. skrifstofustjóri, sem var ritari Orkuráðs í áratugi, lést á árinu. Rútur Halldórsson, fulltrúi á Orkustofnun, tók við starfi ritara.

Auk ráðsmanna og ritara sitja þeir Páll Flygenring ráðuneytisstjóri og Jakob Björnsson orkumálastjóri fundi Orkuráðs.

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1984. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn, m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóður hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins, en hann er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands.

Helstu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1987 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti, þ.e. 45% af útflutningstekjum, en var 49% 1987, 3% af söltuðum matarhrognum, þ.e. 40% af útflutningstekjum, en var 30% 1987, 3% af frystum þorskhrognum, þ.e. 15% af útflutningstekjum, en var 21% 1987.

Heildartekjur sjóðsins voru 35.940 Mkr. og að frádregnum gjöldum ásamt styrkjum varð rekstrarafgangur 22.537 Mkr.

Á árinu voru veitt lán og styrkir til verksmiðja til tæknilegrar uppbyggingar og þjónustustarfa sem námu 3.900 Mkr. Til Sölustofnunar lagmetis voru veittir styrkir til markaðsmála og umbúðaþróunar að upphæð 10.977 Mkr.

Eigið fé Þróunarsjóðs var í árslok 1987 71.581 Mkr., en var í árslok 1986 46.556 Mkr.

Mannabreytingar urðu í stjórn 1. apríl 1986 og var stjórnin skipuð þessum mönnum til tveggja ára:

Guðni Jónsson, formaður,
Theodór S. Halldórsson,
Páll Kr. Pálsson,
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson,
Þórarinn Þ. Jónsson.
Halldór J. Kristjánsson, til vara,
Haraldur Gíslason, til vara,
Rögnvaldur S. Gíslason, til vara,
Gunnar Flóvenz, til vara,

Í janúar 1987 varð sú breyting að Halldór J. Kristjánsson tók við starfi formanns og Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, við starfi varaformanns.

1. desember 1986 tók gildi samningur milli Þróunarsjóðs og Iðnaðarbanka Íslands h.f. um að bankinn annaðist daglegan rekstur sjóðsins. Gísli Benediktsson tók frá og með þeim degi við framkvæmdastjórn Þróunarsjóðs. Sölustofnun lagmetis annaðist fyrir þann tíma daglegan rekstur sjóðsins.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Þ.L.	1987 þús.kr.	1986 þús.kr.	1985 þús.kr.
Tekjur	35.940	23.988	14.872
Rekstrargjöld	(13.403)	(13.370)	(7.790)
Hagnaður	22.537	10.617	10.640
Eignir	71.599	46.559	32.236
Skuldir	(17)	(3)	(499)
Eigið fé	71.582	46.556	31.737

Ed. 379. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá Halldóri Blöndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Júlíusi Sólnes og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Við 4. gr. Fyrir „1. janúar 1989“ kemur: 1. maí 1989.

Ed. 380. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „57.375“ og „114.750“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 90.000 og 180.000.
b. Í stað „45.900“ og „91.800“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 72.000 og 144.000.
c. Í stað „9.180.000“ og „18.360.000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 15.400.000 og 30.800.000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr.:

a. 1. málsl. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:
b. Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 8%.
c. Í stað „15%“ í 3. tölul. kemur: 12%.
d. 4. tölul. greinarinnar hljóðar svo:
   a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
   b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul. og a-lið þessa töluliðar 15%.

3. gr.

40. gr. fellur niður.

4. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., og orðast svo:

Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

5. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Til eigna, sbr. 2. mgr., teljast ekki ógreidd hlutafjárloforð, lán til hluthafa svo og lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga skv. 1. tölul. 2. gr. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.

6. gr.

Í stað „30%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. kemur: 15%.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 57. gr. A, og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur, nema það stundi skyldan rekstur eða haldi að mestu leyti áfram svipuðum rekstri eða starfsemi og það félag sem slitið var. Sama gildir þegar það félag, sem slitið var, átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr.:

a. Í stað „158.820“ í 1. mgr. kemur: 214.104.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við

persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

9. gr.

Í stað „365“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. kemur: 455.

10. gr.

Í stað „16.000“, „24.000“ og „48.000“ í A-lið 69. gr. kemur: 21.568, 32.353 og 64.705.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „38.000“ í 2. mgr. kemur: 51.224.
b. Í stað „600.000“ og „400.000“ í 3. mgr. kemur: 825.000 og 550.000.
c. Í stað „1.850.000“ og „2.475.000“ í 4. mgr. kemur: 2.850.000 og 4.275.000.

12. gr.

Í stað „38.000“ í C-lið 69. gr. kemur: 47.400.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 365. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 365 og margfalda þá útkomu með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

b. 3. mgr. fellur niður.

14. gr.

Í stað „48%“ í 72. gr. kemur: 50%.

15. gr.

Í stað „573.700“ og „1.147.400“ í 78. gr. kemur: 900.000 og 1.800.000.

16. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%.

17. gr.

Í stað „0,95%“ í 84. gr. kemur: 1,2%.

18. gr.

1. mgr. 121. gr. orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og C-lið 69. gr., skulu hinn 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

19. gr.

122. gr. orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

20. gr.

Í stað „292.600“ og „585.200“ í 3. málsl. 2. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 92/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, kemur: 460.000 og 920.000.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1989 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., b-liðar 8. gr., 11. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4.250.000 kr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Ed. 381. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 22. des. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Halldór Blöndal.	Margrét Frímannsdóttir.	Júlíus Sólnes.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 382. Lög [211. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 354.

Ed. 383. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, MF, JE).

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:
   Skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga, sbr. 1., 2. og 4. tölul. 2. gr., svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum og ógreidd hlutafjárloforð, teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan nema því aðeins að skuldir þessar og inneignir séu vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.
2. Við 9. gr. Í stað „455“ komi: 492.

Ed. 384. Frumvarp til laga [217. mál]

um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

(Lagt fram á Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.)

1. gr.

Með lögum þessum er stefnt að því að tryggja eftir föngum tilvist hóflegs fjölda hreindýra í landinu og kveða á um nytjar af hreindýrastofninum eftir því sem stærð hans leyfir.

Hreindýr skulu vera friðuð fyrir hvers konar veiðum með þeim undantekningum sem greinir í 6. gr. laga þessara.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón þeirra mála sem lög þessi taka til.

3. gr.

Við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands skal stofna stöðu umsjónarmanns með hreindýrastofninum. Skal umsjónarmaður hafa eftirlit með friðun og veiði hreindýra eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Í stöðuna skal skipa líffræðing eða mann með sambærilega menntun.

Umsjónarmaður skal vera búsettur á Austurlandi.

Umsjónarmaður gerir tillögur um framkvæmd hreindýraveiða og skipun eftirlitsmanna. Hann stjórnar og rannsóknum á hreindýrastofninum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn nefnd fimm manna, hreindýranefnd, og fimm til vara. Hreindýranefnd skal vera ráðgefandi um framkvæmd laganna og annast þau störf sem henni eru falin í lögum þessum.

Búnaðarfélag Íslands, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Skotveiðifélag Íslands tilnefna hvert einn aðalmann og einn varamann til setu í nefndinni. Náttúruverndarráð tilnefnir tvo aðalmenn og tvo varamenn. Aðalmenn í hreindýranefnd skulu allir vera búsettir á Austurlandi.

Umsjónarmaður með hreindýrum skv. 3. gr. skal sitja fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður að fengnum tillögum umsjónarmanns eftirlitsmann í hverju sveitarfélagi þar sem hreindýr ganga.

Eftirlitsmenn skulu starfa undir stjórn umsjónarmanns og vera honum til aðstoðar við framkvæmd laganna.

Menntamálaráðuneytið greiðir þóknun eftirlitsmanna að fengnum tillögum hreindýranefndar.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið getur ákveðið, að fengnum tillögum umsjónarmanns, að fella megi ákveðinn fjölda hreindýra á ári hverju, en hreindýranefnd ákveður þann fjölda dýra sem fella má í hverju sveitarfélagi. Veiðitími skal auglýstur og sá fjöldi dýra sem heimilt er að fella hverju sinni. Aldrei má heimila veiðar á tímabilinu frá 15. september til 1. ágúst.

Umsjónarmaður getur hvenær sem er heimilað að fella megi sjúk eða særð dýr. Einnig dýr, sem eru í svelti eða sjálfheldu og dýr til rannsókna. Þá getur umsjónarmaður heimilað að fella þau dýr sem valda verulegum spjöllum ef ekki verður komið í veg fyrir þau með öðrum hætti.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum umsjónarmanns, heimilað að handsama megi dýr til eldis, handa dýragörðum, til að nema ný lönd eða í öðrum áþekkum tilgangi.

7. gr.

Sveitarfélag, þar sem hreindýr ganga, á rétt til veiða á þeim dýrum sem hreindýranefnd ákveður að fella megi hverju sinni í því sveitarfélagi.

Sveitarstjórn skipuleggur veiðar í sínu sveitarfélagi og eru veiðar þar óheimilar án samþykkis hennar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur sveitarfélag ekki skipulagt veiðar í eignarlöndum og afréttum, sem háðir eru einstaklingseignarrétti, án samþykkis eiganda eða annarra rétthafa.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum umsjónarmanns, bannað veiðar á afmörkuðum svæðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur umsjónarmaður heimilað sveitarfélagi, sem rétt á til veiða skv. ákvörðun hreindýranefndar, veiðar í öðru sveitarfélagi, enda gangi hreindýr að jafnaði ekki í fyrrnefnda sveitarfélaginu á veiðitímabilinu.

8. gr.

Umsjónarmaður gefur út veiðileyfi til sveitarstjórna þegar fyrir liggur ákvörðun hreindýranefndar skv. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. Umsókn um veiðileyfi skal vera skrifleg. Óski sveitarstjórn ekki eftir leyfi til að fá að veiða öll þau dýr sem hreindýranefnd heimilar að veiða megi í því sveitarfélagi má umsjónarmaður leyfa öðrum sveitarfélögum veiðar á þeim dýrum sem umfram verða.

Heimilt er sveitarstjórn að endurselja veiðileyfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum hreindýranefndar.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um gjaldtöku fyrir veiðileyfi og felld hreindýr að fengnum tillögum hreindýranefndar.

Tekjum af sölu veiðileyfa, sem hreindýranefnd úthlutar, skal varið til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna þar á meðal til rannsókna og eftirlits með hreindýrastofninum samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Andvirði felldra dýra og tekjur af endursölu veiðileyfa renna í sveitarsjóð og ákvarðar sveitarstjórn meðferð fjárins eftir reglum sem hún setur. Í þeim reglum skal gert ráð fyrir að þeir aðilar fái sérstakar greiðslur sem verða fyrir mestum ágangi hreindýra á lönd sín.

9. gr.

Þeir einir mega veiða hreindýr sem að mati eftirlitsmanns hafa til þess nægа skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna. Skulu þeir hafa leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979.

10. gr.

Eftirlitsmaður í því sveitarfélagi þar sem hreindýr eru veidd eða leiðsögumaður á hans vegum skal vera með í sérhverjum veiðileiðangri. Hann skal ganga úr skugga um að veiðimenn hafi tilskilin leyfi og kunnáttu og búnað til veiðanna og synja um veiðiferð ef á það skortir.

Veiðimönnum er skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns um allt er veiðarnar varðar.

Sá er heimild hefur til veiða greiðir veiðieftirlitsmanni þóknun vegna veiðiferðar samkvæmt gjaldskrá sem hreindýranefnd setur.

11. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota:

a. Riffla cal. 243 eða stærri með minnst 100 „grain“ kúlu.
b. Kúlur sem þenjast eða fletjast út er þær lenda í veiðibráð.

Sjálfvirkir rifflar eru bannaðir við hreindýraveiðar.

12. gr.

Sá sem særir dýr er skyldur til að gera allt hvað hann getur til að aflífa það. Reynist það ekki framkvæmanlegt er honum skylt að tilkynna það eftirlitsmanni og aðstoða hann við að aflífa dýrið.

13. gr.

Hvorki má skjóta hreindýr úr vélknúnu farartæki né nota það til að smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

14. gr.

Þeim sem fá heimild til að veiða hreindýr er skylt að virða lög og reglur um náttúruvernd og umferð, m.a. að aka ekki utan vega og vegslóða.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða, ef sök er mikil, varðhaldi allt að þremur mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 28 frá 12. febrúar 1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. lög nr. 72 frá 24. apríl 1954 og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 25. janúar 1985 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, fimm manna nefnd er semja skyldi ný lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Skyldu þau koma í stað laga nr. 28/1940, sbr. lög nr. 72/1954 um sama efni. Í nefnd þessari áttu sæti Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, formaður, Bogi Nilsson sýslumaður, Jón Pétursson héraðsdýralæknir, Magnús Þorsteinsson bóndi, og Sverrir Scheving Thorsteinsson jarðfræðingur. Með nefndinni starfaði sem sérfróður ráðgjafi Skarphéðinn Þórisson líffræðingur.

Nefnd þessi skilaði drögum að frumvarpi haustið 1986, en tveir síðasttaldir nefndarmenn gerðu fyrirvara varðandi viss atriði í frumvarpinu. Frumvarpsdrögin voru því næst send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Sýslumönnum í Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu, héraðsdýralæknum á Egilsstöðum, Breiðdalsvík og Höfn í Hornafirði, Búnaðarsambandi Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Búnaðarfélagi Íslands, sauðfjárveikivörnum og dr. Gauki Jörundssyni prófessor.

Eftirtaldir aðilar fengu frumvarpsdrögin til kynningar: Náttúruverndarráð, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, oddvitar á Austurlandi, sveitarstjórar á Austurlandi, bæjarstjórar á Seyðisfirði og Eskifirði og hreindýraeftirlitsmenn á Austurlandi.

Umsagnir eða athugasemdir bárust frá eftirgreindum aðilum: Búnaðarsambandi Austurlands, bæjarráði Eskifjarðar, dr. Gauki Jörundssyni prófessor, hreppsnefnd Búðahrepps, hreppsnefnd Jökuldalshrepps, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Skotveiðifélagi Íslands og sýslumanni Suður-Múlasýslu.

Ýmsar athugasemdir bárust frá umsagnaraðilum og í framhaldi af þessu fól þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, þeim Friðgeiri Björnssyni, yfirborgardómara í Reykjavík, og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að endurskoða frumvarpsdrögin með tilliti til þeirra athugasemda sem borist höfðu varðandi fyrrgreind frumvarpsdrög og nokkrar breytingar hafa síðan verið gerðar eftir ábendingar frá þingflokkum.

II.

Þróun löggjafar um hreindýraveiðar á Íslandi.

Í umsögn dr. Gauks Jörundssonar prófessors um frumvarpsdrög þau, sem áðurgreind fimm manna nefnd samdi, er m.a. rakin söguleg þróun löggjafar hér á landi um hreindýr og veiðar þeirra. Þar segir: „Á síðari hluta 18. aldar voru flutt hingað til lands hreindýr frá Finnmörku og þeim sleppt á nokkrum stöðum hér á landi. Ráðagerðir voru um það í upphafi að alfriða hreindýrin, en ekki munu slík ákvæði hafa verið sett. Hins vegar virðist hafa verið á því byggt að veiði hreindýra væri óheimil, sbr. konungsúrskurð 19. maí 1790.

Þegar hreindýrum fór að fjölga hér á landi fór að gæta þeirrar skoðunar að þau yllu verulegu tjóni á gróðri og spilltu með því m.a. beit fyrir sauðfé. Þetta viðhorf var orðið áhrifamikið í byrjun 19. aldar og fór svo að lokum að takmarkanir á veiði hreindýra voru afnumdar í veiðitilskipuninni frá 20. júní 1849. Var þar svo kveðið á að hreindýr mætti veiða hvar sem væri. Var byggt á því að hreindýr yllu miklum spjöllum á gróðri og því bæri að stuðla að veiði þeirra.

Með lögum nr. 6/1882 voru á ný tekin upp ákvæði til verndar hreindýrum. Skyldu þau vera friðhelg frá 1. janúar til 1. ágúst ár hvert. Hreindýrum fækkaði samt á þeim harðindaárum sem í hönd fóru. Var gripið til þess ráðs með lögum nr. 42/1901 að friða hreindýr algjörlega fyrir veiðum í 10 ár frá 1. janúar 1902 að telja. Jafnframt var með lögum þessum numið úr gildi fyrrgreint ákvæði veiðitilskipunarinnar frá 1849 að hreindýr („hreina") mætti veiða hvar sem

væri. Verður að líta svo á að síðastgreint ákvæði hafi verið fellt úr gildi fyrir fullt og allt, enda þótt friðun samkvæmt lögum nr. 42/1901 væri út af fyrir sig tímabundin. Þar með var úr sögunni sú heimild sem verið hafði til að stunda hreindýraveiðar í eignarlöndum og löndum í afréttareign án leyfis landeiganda eða afréttareiganda. Friðunartími samkvæmt lögum nr. 42 1901 var framlengdur með lögum nr. 45/1911 og lögum nr. 49/1917. Samkvæmt lögum nr. 32 1927 áttu hreindýr að vera friðuð hvarvetna fyrir skotum og öðrum veiðivélum til 1. janúar 1935, en heimilt skyldi þó að handsama þau til eldis. Eigi var þess gætt að setja friðunarákvæði fyrr en með lögum nr. 49/1937. Samkvæmt þeim lögum skyldi friðunartíminn ná fram til 1. janúar 1945, en að öðru leyti voru ákvæði laganna sama efnis og lög nr. 33/1927.

Ný lög voru samþykkt á Alþingi í árslok 1939, lög nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Eru þau enn í gildi, en var breytt nokkuð með lögum nr. 72/1954, sbr. einnig lög nr. 75/1982. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1940 nutu hreindýr upphaflega algjörrar friðunar, en ráðherra var þó heimilt að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virtist til, og enn fremur að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis. Þessu ákvæði var breytt nokkuð með fyrrnefndum lögum nr. 72/1954 og undanþáguheimildin rýmkuð. Getur ráðherra nú heimilað veiðar ef eftirlitsmaður hreindýra telur að þeim hafi fjölgað svo að stofninum stafi ekki hætta af veiðum. Ráðherra á að setja reglur um veiðarnar að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanna. Einnig á ráðherra að kveða á um hvert sá hagnaður á að renna, sem kann að verða af veiðunum.

Reglur hafa verið settar um hreindýraveiðar samkvæmt lögum nr. 28/1940, sbr. lög nr. 72/1954 um breytingu á þeim lögum. Þar hefur verið tilgreind sú tala hreindýra, sem leyft er að veiða, og þeim skipt milli nafngreindra hreppa, sbr. t.d. 3. gr. reglna nr. 110/1956, um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1956, 3. gr. reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum og nú síðast 2. gr. reglna nr. 317/1987, um hreindýraveiðar árið 1987. Framan af var einnig heimilað að selja veiðifélögum og síðar einnig einstaklingum leyfi til að veiða dýr til viðbótar eða dýr sem hreppar nýttu sér ekki, sbr. t.d. 4. gr. reglna nr. 110/1956 og 5. gr. reglna nr. 263/1960. Um ráðstöfun arðs af veiðum hefur þeirri meginreglu verið fylgt að hann renni til viðkomandi hreppa. Hver sveitarstjórn á að skipta fénu innan síns umdæmis. Skal sveitarstjórn láta þá bændur sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín fyrst og fremst njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann nú þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmönnum til aðstoðar við veiðarnar, sbr. t.d. 5. gr. reglna nr. 110/1956, 5. gr. reglna nr. 263/1960, 4. gr. reglna nr. 209/1973 og 4. gr. reglna nr. 317/1987. Síðustu ár hefur verið tekið fram að taka megi tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum ef hreindýr valda spjöllum eða gera átroðning á eyðijörðum, sbr. nú 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 317/1987. Ýmis önnur fyrirmæli um veiðarnar hafa verið settar í reglum þessum.

III.

Markmið frumvarps þessa.

Hreindýr setja sérstakan svip á náttúru- og dýralíf landsins. Þau halda sig nær eingöngu á Austurlandi, en þar hafa þau á síðustu árum breytt mjög háttum sínum. Aðalsumarhagar þeirra voru til skamms tíma í nágrenni Snæfells, en þaðan leituðu þau út heiðar og niður til byggða, er vetra tók. Síðustu 10–15 árin hefur æ stærri hluti hreindýrahjarðarinnar tekið sér bólfestu í Austfjarðafjallgarðinum og dölunum inn af Austfjörðum, allt frá Borgarfirði í norðri til Hornafjarðar í suðri.

Bændur og sveitarstjórnir á þessu svæði munu líta þetta landnám hreindýranna misjöfnum augum, enda vill það bera við að hreindýr valdi gróðurspjöllum, einkum að vetrarlagi.

Með lögum þessum er, svo sem segir í 1. gr. þeirra, að því stefnt að tryggja eftir föngum tilvist hóflegs fjölda hreindýra í landinu, friðun þeirra og kveða á um nytjar af stofninum eftir því sem stærð hans leyfir. Með lögunum eru felld úr gildi lög nr. 28 frá 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 72 frá 24. apríl 1954 og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lýst markmiðum frumvarpsins. Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla sem frumvarpið byggir á, þ.e. að hreindýr séu friðuð með þeim undantekningum sem í lögunum greinir. Er því áfram fylgt sömu friðunarstefnu og mörkuð var m.a. með lögum nr. 28 12. febrúar 1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. lög nr. 72 24. apríl 1954, og reglum um hreindýraveiðar.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðum 12. tölul. 10. gr. auglýsingar nr. 96 frá 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, fer menntamálaráðuneytið með mál er varða friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Til samræmis við ákvæði þeirrar greinar er svo ákveðið í 2. gr. frumvarps þessa að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þeirra mála er lögin taka til.

Um 3. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður Fljótsdalshrepps hefur nú aðalumsjón með hreindýrum svo og umsjón með störfum annarra hreindýraeftirlitsmanna sem eru 31 talsins. Þessi skipan byggir á ákvæðum í reglum þeim sem menntamálaráðuneytið setur um hreindýraveiðar á ári hverju, nú síðast reglur nr. 366/1988. Nauðsynlegt þykir hins vegar að stofna sérstaka stöðu umsjónarmanns með hreindýrum sem hafi það hlutverk m.a. að vera tengiliður milli menntamálaráðuneytisins og þeirra ýmsu aðila er telja sig málefni hreindýra varða.

Hlutverki umsjónarmanns er lýst í 3. gr. Með hliðsjón af því að umsjónarmaður á m.a. að stjórna rannsóknum á hreindýrastofninum þykir eðlilegt að gera þær kröfur til umsjónarmanns að hann hafi líffræðimenntun eða sambærilega menntun.

Hagkvæmt þykir að umsjónarmaður sé starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, en þar er að finna þann tækjabúnað og þekkingu sem umsjónarmaður þarf að hafa aðgang að. Eðlilegt er að umsjónarmaður sé búsettur á Austurlandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd fimm manna, hreindýranefnd, er hafi með höndum það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd laganna og annast þau störf sem henni eru í lögunum falin. Gert er ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti fulltrúar þeirra aðila er þessi mál varða mest. Eðlilegt þykir, þar sem um er að ræða friðunarlöggjöf, að Náttúruverndarráð tilnefni tvo nefndarmenn.

Það ákvæði að nefndarmenn skuli vera búsettir á Austurlandi er til þess fallið að auðvelda störf nefndarinnar auk þess sem þetta fyrirkomulag er talið eðlilegt á meðan hreindýr ganga eingöngu á Austurlandi. Hins vegar þykir ekki ástæða til þess að sömu reglur um búsetu nái til varamanna.

Ljóst er að náið samstarf þarf að vera milli hreindýranefndar og umsjónarmanns og því er lagt til að umsjónarmaður sitji fundi nefndarinnar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Um 5. gr.

Með grein þessari er lagt til að lögfest verði að meginstefnu til það fyrirkomulag um skipun hreindýraeftirlitsmanna sem hingað til hefur gilt samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins um hreindýraveiðar.

Lagt er til að menntamálaráðuneytið ráði hreindýraeftirlitsmenn í öllum sveitarfélögum þar sem hreindýr ganga og umsjónarmaður geri tillögur um þær ráðningar.

Störf eftirlitsmanna eru samkvæmt frumvarpinu aðallega tvíþætt. Annars vegar er um að ræða eftirlitsstörf undir stjórn umsjónarmanns og hins vegar eftirlit í einstökum veiðiferðum. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er lagt til að handhafar veiðileyfa greiði þóknum til eftirlitsmanna vegna eftirlits í veiðiferðum, en samkvæmt þessari grein er lagt til að þóknun vegna almennra eftirlitsstarfa greiði menntamálaráðuneytið að fengnum tillögum hreindýranefndar.

Um 6. gr.

Í grein þessari koma fram þær undantekningar, sem lagt er til að gera megi frá friðunarákvæðum 1. gr.

Með reglum, er gefnar hafa verið út árlega, hefur menntamálaráðuneytið ákveðið þann fjölda dýra er veiða hefur mátt ár hvert. Einnig hefur veiðitími verið ákveðinn með sama hætti.

Lagt er til að þetta fyrirkomulag verði lögfest óbreytt að mestu. Þó myndi samkvæmt greininni nægja að auglýsa fjölda þeirra dýra er veiða má og veiðitíma í fjölmiðlum, en nauðsynlegt kann að reynast að breyta veiðitíma með stuttum fyrirvara vegna ástands stofnsins og framgangs veiðanna. Byggir frumvarpið á því að menntamálaráðuneytið ákveði þann heildarfjölda dýra sem fella má hverju sinni, en hreindýranefnd ákveði skiptinguna innbyrðis milli sveitarfélaga.

Í greininni eru sérstakar heimildir til handa umsjónarmanni til þess að taka ákvörðun um að fella megi dýr í sérstökum tilvikum utan hins reglulega veiðitíma. Þá er og gert ráð fyrir því að fella megi dýr sem valda verulegum spjöllum ef ekki verður komið í veg fyrir þau með öðru móti. Mat á því hvort öðrum úrræðum verði komið við er lagt í hendur umsjónarmanni.

Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið geti heimilað flutning á hreindýrum til annarra landsvæða, enda standi ákvæði laga eða samþykkta sveitarstjórna ekki í vegi fyrir slíkum flutningum.

Um 7. gr.

Grundvallarregla íslensks réttar um veiði er sú að veiði fylgi eignarrétti að landi, sbr. 1. gr. veiðitilskipunarinnar frá 20. júní 1849, 2. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og 2. gr. laga nr. 76/1970, ulm lax- og silungsveiði.

Sú tilhögun sem gerð er tillaga um í 1. mgr. 7. gr. frumvarps þessa varðandi hreindýraveiðar felur í sér nokkurt frávik frá þessari meginreglu.

Aðalregla frumvarpsins er sú að hreindýr skuli friðuð, en veiðar á þeim heimilar að vissu marki samkvæmt ákveðnu skipulagi. Til þess að auðvelda friðunina og skipulagningu hinna takmörkuðu veiða þykir hentast að rétturinn til veiða á hreindýrum og arðurinn af þeim tilheyri þeim sveitarfélögum þar sem hreindýr ganga, en fylgi ekki eignarrétti að landi. Telja verður að löggjafinn hafi heimild til þess að ákveða slíka tilhögun. Kemur þar til að hreindýr hafa að meginstefnu til verið friðuð um langa hríð og veiði þeirra ekki verið tengd veiðirétti landeigenda eða rétthafa beitarréttinda og veiðirétturinn ekki verið fémætur í höndum landeigenda.

Þótt rétturinn til veiða og arðs af veiðum tilheyri sveitarfélögum skv. 1. mgr. 7. gr. og sveitarstjórnir skuli skv. 2. mgr. 7. gr. skipuleggja veiðarnar í sínu sveitarfélagi er við það miðað að sveitarfélög geti ekki skipulagt veiðar í eignarlöndum án samþykkis eigenda þeirra. Verða veiðar því ekki stundaðar í eignarlöndum án samþykkis eigenda eða annarra rétthafa, sbr. ákvæði 3. mgr. 7. gr.

Hvað viðvíkur ákvæðum 4. mgr. 7. gr. um heimild til þess að leyfa sveitarfélagi veiðar utan marka sinna skal þess getið að nokkuð mun um það í einstaka sveitarafélögum, einkum í lágsveitum, að hreindýr gangi þar mest allt árið, en þó ekki á veiðitíma. Þykir því sanngjarnt að lögfesta þá tilhögun að umsjónarmaður megi veita þeim sveitarfélögum, sem þannig hagar til um, aðgang að veiðilendum utan marka sinna.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir því að sveitarfélög leysi til sín veiðileyfi gegn gjaldi sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Þetta fyrirkomulag á gjaldtöku þykir einfaldara en það sem tíðkast hefur. Hins vegar renni andvirði felldra dýra í sveitarsjóð og sveitarstjórn skal ákvarða meðferð fjárins eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Í þeim reglum skal gert ráð fyrir að þeir aðilar sem verða fyrir mestum ágangi hreindýra á lönd sín fái sérstakar greiðslur fram yfir aðra eða sérstakar greiðslur sé féð að öðru leyti látið renna beint í sveitarsjóðinn.

Þá er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir megi endurselja einstaklingum veiðileyfi, en þó eftir fyrirmælum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum að tillögum hreindýranefndar.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er sú skipan lögð til að veiðar fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns eða leiðsögumanns á hans vegum. Að rétti eftirlitsmanns eða leiðsögumanns til þóknunar fyrir þátttöku í veiðiferð er vikið í athugasemdum við 5. gr. og vísast þangað.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði þess efnis að veiðar og smölun hreindýra með vélknúnum farartækjum sé óheimil. Með vélknúnum farartækjum er átt við bifreiðar, vélsleða, dráttarvélar, fjórhjól, flugvélar og önnur slík farartæki.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla um hreindýratalningu árin 1984, 1985, 1987 og 1988.

Hreindýratalning 1984.

Hreindýratalning, norðan og vestan Kelduár og Lagarfljóts, var gerð þann 3. júlí 1984 að beiðni Menntamálaráðuneytisins. Aðstoðarmaður við talninguna var Kristinn H. Skarphéðinsson. Flugmaður var Kolbeinn Arason og var notuð vél frá Egilsstöðum af gerðinni Cessna Skyhawk II. Flogið var um hreindýraslóðir í rúmar sex klukkustundir.

Veður var eins og best getur orðið, hæg breytileg átt og léttskýjað.

Talningarsvæði voru Eyjabakkar, Vesturöræfi, Kringilsárrani og Sandfell og nágrenni á Jökuldalsheiði.

Niðurstöður flugtalningar:

Hópur	Staður	Fullorðin dýr og vetrungar	Kálfar	Samtals
1	SA S-Háöldu	4	3	7
2	SSA S-Háöldu	185	115	300
3	SV S-Háöldu	57	34	91
4	V V-Háöldu	194	49	243
5	V V-Háöldu	51	29	80
6	V V-Háöldu	28	7	35
7	Tunga	2		2
8	NV Eyjafells	5		5
9	Gegnt Hálskofa	19	8	27
10	Kringilsárrani	94	43	137
11	Kringilsárrani	119	70	189
12	Sandfell	2	2	4
13	Sandfell	1		1
		761	360	1121

Samanburður á hreindýratalningum 1982 og 1984 á þremur aðalsvæðum hreindýra á hásléttu Austurlands. (Talning 1982).

Eyjabakkar	26(0)	8(0)	34(0)
Vesturöræfi	519(701)	237(338)	756(1039)
Kringilsárrani	213(313)	113(140)	326(453)
	758(1014)	358(478)	1116(1492)

Alls fundust 1116 hreindýr á hásléttu Austurlands við norðausturhorn Vatnajökuls. Auk þess sáust um 30 dýr á Jökuldalsheiði í júní en líklegt er að 50-100 hreindýr haldi sig þar yfir sumartímann. Einnig er vitað um smáhópa vítt og breitt um Hérað, en það eru einungis örfáir tugir. Kálfahlutfall af heild var 32%, sem er mjög gott. Í hreindýratalningu á sama svæði 1982 fundust 256 fleiri fullorðin dýr og vetrungar og er því um töluverða fækkun að ræða frá 1982 til 1984. Fullorðnum hreindýrum og vetrungum fækkaði um 156 á Vesturöræfum, en um 100 vestan Jökulsár á Dal (Kringilsárrani og nágrenni).

Ef hugað er að ástæðum fyrir fækkuninni, eru fjórir möguleikar líklegastir. Í fyrsta lagi að hreindýrin hafi leitað út af svæðinu, í öðru lagi að dýrin hafi fallið af náttúrulegum orsökum, í þriðja lagi að veiðikvóti hafi verið of hár tvö síðustu ár og í fjórða lagi að veiðiþjófnaði sé um að kenna. Þar sem ekkert bendir til þess að dýrin hafi fallið af náttúrulegum orsökum né að veiðikvótinn hafi verið of stór, verður að telja nokkuð víst að annaðhvort hafi dýrin leitað út af svæðinu eða að veiðiþjófnaður hafi fækkað þeim.

Merki, Jökuldal 20. júlí 1984.

Skarphéðinn Þórisson.

Hreindýratalning 1985.

Þann 7. júlí 1985 voru hreindýr talin við NA-horn Vatnajökuls, þ.e. innsta hluta Brúardala, Sauðafelli, Kringilsárrana, Vesturöræfum, Eyjabökkum að Laugará og innsta hluta Múla austur að Kelduá.

Veður var mjög hagstætt til talningar, SV 2–3 vindstig, hiti um 15 stig og léttskýjað.

Flogið var með vélinni TF KLÓ frá Egilsstöðum, flugmaður var Gísli Sigurjónsson, en aðstoðarmenn í talningunni voru þeir Gísli Pálsson, bóndi á Aðalbóli í Hrafnkelsdal, og Helgi Ó. Bragason, kennari á Egilsstöðum. Flogið var í um 6 klst.

Auk þessa var ráðgerð talning í Norðfjarðar- og Helgustaðahreppi þann 8. júlí. Lagt var í talninguna í blíðskaparveðri, hægri SV átt. Aðstoðarmenn voru þeir Hálfdan Haraldsson á Kirkjumel í Norðfjarðarhreppi og Þórhallur Borgarsson á Ormsstöðum í Eiðaþinghá. Flugið gekk vel fyrsta klukkutímann, en þá var talningu hætt vegna slæmra flugskilyrða. Virðist fullsýnt að talning í þröngum dölum og víkum á Austfjörðum sé útilokuð úr flugvél.

Niðurstöður hreindýratalningar við NA-horn Vatnajökuls 7. júlí 1985.

Hópur	Staður	Fullorðin/vetrungar	Kálfar	Samtals
1	Kringilsárrani	121	61	182
2	Kringilsárrani	2	1	3
3	Vesturöræfi (v/V-Hááldu)	152	59	211
4	Vesturöræfi (v/V-Hááldu)	2		2
5	Vesturöræfi (SV Fitjahnjúks)	68	23	91
6	Vesturöræfi (SV Fitjahnjúks)	15	10	25
7	Vesturöræfi (Kofaflói)	209	67	276
8	Vesturöræfi (Tunga)	1		1
9	Eyjabakkar (v/Þjófahnjúk)	52	13	65
10	Eyjabakkar (v/Þjófahnjúk)	52	33	85
11	Múli (v/Bergkvísl)	87	32	119
		761	299	1060

Samanburður á hreindýratalningum 1982, 1984 og 1985.

	1982		1984		1985	
	Fullorðin	Kálfar	Fullorðin	Kálfar	Fullorðin	Kálfar
Kringilsárrani	321	140	213	113	123	62
Vesturöræfi/Eyjabakkar	747	338	545	245	638	237
	1068	478	758	358	761	299
	1546		1116		1060	

Heildarfjöldi hreindýra við NA-horn Vatnajökuls er því nær sá sami og 1984. Þær breytingar hafa þó orðið að nú eru fullorðin dýr um 100 færri í Kringilsárrana en 1984 en um 100 fleiri austan Jökulsár á Dal. Kálfahlutfall af heild er um 28%, sem er mjög gott.

Egilsstaðir, 9. júlí 1985.
Skarphéðinn Þórisson.

Hreindýratalning 1987.

Þann 9. júlí 1987 voru hreindýr talin á innsta hluta Brúardala, Sauðafelli, Kringilsárrana, Vesturöræfum, Eyjabökkum að Laugará og innsta hluta Múla austur að Kelduá.

Veður var ágætt til talningar, hæg vestanátt, hiti 10–15 stig og fremur léttskýjað. Flogið var í 7 klst.

Flogið var með vélinni TF KLÓ frá Egilsstöðum, flugmaður var Gísli Sigurjónsson, en aðstoðarmenn Ib Petersen líffræðingur og Eyjólfur Ingvarsson frá Melum í Fljótsdal.

Til viðbótar var leitað hreindýra norðan Vopnafjarðar og var Friðbjörn H. Guðmundsson á Hauksstöðum fenginn með í leitina. Flogið var um Viðvíkur- og Bakkaheiði og síðan leitað um Hágangaheiði suður undir Selá, að Heljardalsfjöllum í vestri og norður að Arnarfjöllum.

Niðurstöður hreindýratalningar við NA-horn Vatnajökuls 9. júlí 1987.

Hópur	Staður	Fullorðin/vetrungar	Kálfar	Samtals
1	Kringilsárrani	157	83	240
2	Kringilsárrani	81	35	116
3	Vesturöræfi (Syðradrag)	169	118	287
4	Vesturöræfi (Sauðárfit)	36	21	57
5	Vesturöræfi (V.-Háalda)	266	124	390
6	Vesturöræfi (Útigönguhnaus)	7		7
7	Vesturöræfi (v/Fitjahnjúk)	57	34	91
8	Eyjabakkar (v/Þjófahnjúk)	28	10	38
		801	425	1226

Norðan Vopnafjarðar fundust 24 tarfar austan við Ytri-Hágang, 7 tarfar sunnan Kistufells og einn tarfur norðan Kistufells.

Fjöldi hreindýra er mjög svipaður og í talningu 1985, en kálfahlutfall hefur aldrei verið hærra eða 35%.

Egilsstaðir, 16. júlí 1987.
Skarphéðinn Þórisson.

Hreindýratalning 1988.

Þann 18. júlí 1988 voru hreindýr talin á innsta hluta Brúardala, Sauðafelli, Kringilsárrana, Vesturöræfum, Eyjabökkum að Laugará og innsta hluta Múla austur að Kelduá.

Veðurútlit var slæmt til talningar um miðjan júlí og kostaði nokkra bið en þann 18. júlí rofaði til á hálendinu norður af Vatnajökli og voru þá hreindýrin talin við ágæt veðurskilyrði, suðaustan 3–4 vindstig, 10–12 stiga hiti og hálfskýjað.

Flogið var með vélinni TF KLÓ frá Egilsstöðum, flugmaður var Þórhallur Þorsteinsson, en aðstoðarmenn Sveinn Pálsson, bóndi á Aðalbóli, og Helgi Ómar Bragason, kennari á Egilsstöðum. Flogið var í 6 klst.

Vegna fellis hreindýra í Borgarfjarðarhreppi í vetur var ráðgert að leita að hreindýrum þar með aðstoð Jóns Sveinssonar á Hvannstóði, en vegna veðurs hefur það ekki verið gerlegt enn.

Niðurstöður hreindýratalningar við NA-horn Vatnajökuls 18. júlí 1988.

Hópur	Staður	Fullorðin	Kálfar	Samtals
1	Eyjabakkar (v/Bergkvísl)	194	109	303
2	Vesturöræfi (V Syðradrags)	291	121	412
3	Vesturöræfi (A Syðradrags)	249	132	381
4	Sauðafell	289	129	418
		1023	491	1514

Hreindýrin voru nú um 300 fleiri en 1987, kálfahlutfall var 32% sem er heldur lægra en 1987 (35%), en mjög gott engu að síður. Á meðfylgjandi töflum eru talningar áranna 1982 til 1988 bornar saman. Þar sést að kálfahlutfall hefur verið hátt og alljafnt á tímabilinu, en heildarfjöldi nokkuð breytilegur. Einnig sést að fjöldi hreindýra austan og vestan Jökulsár á Dal fylgist vel að (nema 1985), þ.e. um 70% á Vesturöræfum og Eyjabökkum, en um 30% í Kringilsárrana og Sauðafelli. Líklegustu ástæður fyrir breytilegum heildarfjölda hreindýra í talningum frá 1982 eru þær að mismörg dýr leiti inn á öræfin og mismunandi veiði á milli ára.

Egilsstaðir, 26. júlí 1988.
Skarphéðinn Þórisson.

	Vesturöræfi/Eyjabakkar				Kringilsárrani/Sauðafell					NA Vatnajökuls			
	Fullv.	Kálfar	%	Samtals	%	Fullv.	Kálfar	%	Samtals	%	Fullv.	Kálfar	%	Samtals
1982	747	338	31	1085	70	321	140	30	461	30	1068	478	31	1546
1984	545	245	31	790	71	213	113	35	326	29	758	358	32	1116
1985	638	237	27	875	83	123	62	34	185	17	761	299	28	1060
1987	563	307	35	870	71	238	118	33	356	29	801	425	35	1226
1988	734	362	33	1096	72	289	129	31	418	28	1023	491	32	1514

Samanburður á hreindýratalningum árin 1982 til 1988.

Hreindýratalning 1988.

Þann 2. ágúst 1988 voru hreindýr talin frá Héraðsflóa að Seyðisfirði og þaðan eftir sýslumörkum í Botndalsfjall.

Veðurskilyrði voru ákjósanleg til flugs, hæg breytileg átt og léttskýjað.

Flogið var með vélinni TF KLÓ frá Egilsstöðum, flugmaður var Þórhallur Þorsteinsson, en til aðstoðar Jón Sveinsson á Hvannstóði í Borgarfirði. Flogið var í um 4 klst.

Niðurstöður hreindýratalningar 2. ágúst 1988.

Staður	Fullv.	Kálfar	Samtals
Rauðitindur N. af Húsavík	90	18	108
Hjálmárdalsheiði	1		1
Urðardalur NV. af Dyrfjöllum	3		3
Tindfjall upp af Stapavík	5		5
Stórurð undir Dyr	65	20	85
Hraundalur (slóðir á fönn)			um 30
	164	38	um 230

Fullyrða má að talningin hafi heppnast vel vegna góðra veðurskilyrða og þess að Jón Sveinsson gjörþekkir svæðið og veit hvar hreindýrin hafa gengið mest á undanförnum árum. Ekki tókst að finna einn hópinn vegna eldsneytisskorts, en áætlað að þar hafi verið um 30 dýr. Auk þess má búast við að eitthvað af stökum eða örfáum dýrum í hóp hafi yfirsést talningarmönnum. Samkvæmt framansögðu er því líklegt að um 250 hreindýr séu á svæðinu.

Hreindýr féllu mikið í Borgarfirði og víkum í vetur og fundust hátt á annað hundrað hræ í vor, flest við sjávarsíðuna, t.d. 17 í Kjólsvík. Voru þetta mest kálfar og tarfar, en einnig kýr á besta aldri. Ljóst er að mörg dýranna horféllu ekki, þar sem þau drápust snögglega, en drógust ekki upp. Er talið að jarðbönn til fjalla hafi hrakið þau að sjávarsíðunni, þar sem þau náðu ekki heppilegum gróðri, og leitt þau til dauða.

Egilsstaðir, 11. ágúst 1988.

Skarphéðinn Þórisson.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um fjölda felldra hreindýra árin 1985, 1986, 1987 og 1988.

Veidd hreindýr voru sem hér segir sumarið 1985 samkvæmt upplýsingum hreindýraeftirlitsmanna:

Tölurnar innan sviga tákna þann fjölda, sem heimilað var að veiða samkvæmt reglum nr. 275/1985.

1.	Fjallahreppur	0	(3) hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	0	(3) hreindýr
3.	Vopnafjarðarhreppur	0	(9) hreindýr
4.	Fljótsdalshreppur	35	(35) hreindýr
5.	Jökuldalshreppur	30	(35) hreindýr
6.	Fellahreppur	16	(16) hreindýr
7.	Tunguhreppur	18	(16) hreindýr
8.	Hlíðarhreppur	2	(6) hreindýr
9.	Hjaltastaðahreppur	25	(24) hreindýr
10.	Borgarfjarðarhreppur	6	(50) hreindýr
11.	Seyðisfjarðarhreppur	4	(4) hreindýr
12.	Seyðisfjörður	6	(4) hreindýr
13.	Skriðdalshreppur	6	(26) hreindýr
14.	Vallahreppur	25	(26) hreindýr
15.	Egilsstaðahreppur	0	(12) hreindýr
16.	Eiðahreppur	16	(16) hreindýr
17.	Mjóafjarðarhreppur	0	(18) hreindýr
18.	Norðfjarðarhreppur	62	(60) hreindýr
19.	Helgustaðahreppur	60	(60) hreindýr
20.	Eskifjörður	14	(14) hreindýr
21.	Reyðarfjarðarhreppur	0	(18) hreindýr
22.	Búðahreppur	4	(4) hreindýr
23.	Stöðvarhreppur	4	(4) hreindýr
24.	Breiðdalshreppur	4	(14) hreindýr

25. Beruneshreppur	16	(14)	hreindýr
26. Búlandshreppur	8	(8)	hreindýr
27. Geithellnahreppur	5	(14)	hreindýr
28. Bæjarhreppur	1	(8)	hreindýr
29. Nesjahreppur	2	(6)	hreindýr
30. Hafnarhreppur	0	(3)	hreindýr
31. Mýrahreppur	20	(20)	hreindýr
Samtals	389	(550)	hreindýr

18. október 1985.

Veidd hreindýr voru sem hér segir sumarið 1986 samkvæmt upplýsingum hreindýraeftirlitsmanna:

Tölurnar innan sviga tákna þann fjölda, sem heimilað var að veiða samkvæmt reglum nr. 304/1986:

1. Fjallahreppur	0	(5)	hreindýr
2. Skeggjastaðahreppur	0	(4)	hreindýr
3. Vopnafjarðarhreppur	12	(14)	hreindýr
4. Fljótsdalshreppur	50	(50)	hreindýr
5. Jökuldalshreppur	50	(50)	hreindýr
6. Fellahreppur	22	(22)	hreindýr
7. Tunguhreppur	22	(22)	hreindýr
8. Hlíðarhreppur	0	(10)	hreindýr
9. Hjaltastaðahreppur	35	(32)	hreindýr
10. Borgarfjarðarhreppur	61	(60)	hreindýr
11. Seyðisfjarðarhreppur	2	(5)	hreindýr
12. Seyðisfjörður	2	(5)	hreindýr
13. Skriðdalshreppur	15	(34)	hreindýr
14. Vallahreppur	40	(34)	hreindýr
15. Egilsstaðahreppur	0	(18)	hreindýr
16. Eiðahreppur	8	(22)	hreindýr
17. Mjóafjarðarhreppur	0	(20)	hreindýr
18. Norðfjarðarhreppur	69	(66)	hreindýr
19. Helgustaðahreppur	65	(66)	hreindýr
20. Eskifjörður	0	(18)	hreindýr
21. Reyðarfjarðarhreppur	4	(22)	hreindýr
22. Búðahreppur	0	(4)	hreindýr
23. Fáskrúðsfjarðarhreppur	0	(5)	hreindýr
24. Stöðvarhreppur	0	(4)	hreindýr
25. Breiðdalshreppur	2	(18)	hreindýr
26. Beruneshreppur	2	(18)	hreindýr
27. Búlandshreppur	8	(10)	hreindýr
28. Geithellnahreppur	11	(18)	hreindýr
29. Bæjarhreppur	10	(10)	hreindýr
30. Nesjahreppur	4	(10)	hreindýr

31. Hafnarhreppur	0	(4)	hreindýr
32. Mýrahreppur	2	(25)	hreindýr
Samtals	496	(705)	hreindýr

5. nóvember 1986.

Veidd hreindýr voru sem hér segir sumarið og veturinn 1987 samkvæmt upplýsingum hreindýraeftirlitsmanna:

Tölurnar innan sviga tákna þann fjölda sem heimilað var að veiða samkvæmt reglum nr. 317/1987.

	Sumar-veiði	Vetrar-veiði	Alls		
1. Fjallahreppur	0		0	(4)	hreindýr
2. Skeggjastaðahreppur	0		0	(4)	hreindýr
3. Vopnafjarðarhreppur	3	5	8	(12)	hreindýr
4. Fljótsdalshreppur	45		45	(45)	hreindýr
5. Jökuldalshreppur	63		63	(45)	hreindýr
6. Fellahreppur	22		22	(20)	hreindýr
7. Tunguhreppur	14		14	(20)	hreindýr
8. Hlíðarhreppur	4		4	(8)	hreindýr
9. Hjaltastaðahreppur	24		24	(30)	hreindýr
10. Borgarfjarðarhreppur	54		54	(54)	hreindýr
11. Seyðisfjarðarhreppur	0	2	2	(4)	hreindýr
12. Seyðisfjörður	0	2	2	(4)	hreindýr
13. Skriðdalshreppur	11	10	21	(32)	hreindýr
14. Vallahreppur	21		21	(32)	hreindýr
15. Egilsstaðabær	0	11	11	(15)	hreindýr
16. Eiðahreppur	0	13	13	(20)	hreindýr
17. Mjóafjarðarhreppur	3		3	(12)	hreindýr
18. Norðfjarðarhreppur	48		48	(52)	hreindýr
19. Helgustaðahreppur	46		46	(52)	hreindýr
20. Eskifjörður	0		0	(15)	hreindýr
21. Reyðarfjarðarhreppur	0		0	(18)	hreindýr
22. Búðahreppur	4		4	(3)	hreindýr
23. Fáskrúðsfjarðarhreppur	0	4	4	(3)	hreindýr
24. Stöðvarhreppur	0	3	3	(3)	hreindýr
25. Breiðdalshreppur	0	7	7	(14)	hreindýr
26. Beruneshreppur	0	3	3	(14)	hreindýr
27. Búlandshreppur	8		8	(8)	hreindýr
28. Geithellnahreppur	13		13	(16)	hreindýr
29. Bæjarhreppur	5	4	9	(8)	hreindýr
30. Nesjahreppur	4	4	8	(8)	hreindýr
31. Hafnarhreppur	0		0	(3)	hreindýr
32. Mýrahreppur	5	8	13	(22)	hreindýr
33. Borgarhafnarhreppur	0	1	1	(0)	hreindýr
Samtals	397	77	474	(600)	hreindýr

27. janúar 1988.

Veidd hreindýr voru sem hér segir sumarið 1988 samkvæmt upplýsingum hreindýraeftirlitsmanna:

Tölur innan sviga tákna þann fjölda, sem heimilað var að veiða samkvæmt reglum nr. 366/1988.

1.	Fjallahreppur	2	2) hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	2	(2) hreindýr
3.	Vopnafjarðarhreppur	8	(7) hreindýr
4.	Fljótdalshreppur	29	(35) hreindýr
5.	Jökuldalshreppur	39	(35) hreindýr
6.	Fellahreppur	17	(14) hreindýr
7.	Tunguhreppur	16	(14) hreindýr
8.	Hlíðarhreppur	5	(5) hreindýr
9.	Hjaltastaðahreppur	0	(15) hreindýr
10.	Borgarfjarðarhreppur	0	(20) hreindýr
11.	Seyðisfjarðarhreppur	2	(2) hreindýr
12.	Seyðisfjörður	2	(2) hreindýr
13.	Skriðdalshreppur	4	(18) hreindýr
14.	Vallahreppur	6	(20) hreindýr
15.	Egilsstaðabær	0	(8) hreindýr
16.	Eiðahreppur	5	(11) hreindýr
17.	Mjóafjarðarhreppur	0	(6) hreindýr
18.	Norðfjarðarhreppur	20	(20) hreindýr
19.	Eskifjörður	20	(25) hreindýr
20.	Reyðarfjarðarhreppur	0	(6) hreindýr
21.	Búðahreppur	2	(2) hreindýr
22.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	0	(2) hreindýr
23.	Stöðvarhreppur	2	(2) hreindýr
24.	Breiðdalshreppur	6	(7) hreindýr
25.	Beruneshreppur	5	(7) hreindýr
26.	Búlandshreppur	8	(6) hreindýr
27.	Geithellnahreppur	13	(11) hreindýr
28.	Bæjarhreppur	0	(5) hreindýr
29.	Nesjahreppur	0	(5) hreindýr
30.	Hafnarhreppur	0	(2) hreindýr
31.	Mýrahreppur	0	(12) hreindýr
32.	Borgarhafnarhreppur	0	(2) hreindýr
		213	330 hreindýr

27. október 1988.

Nd. 385. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „57.375“ og „114.750“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 90.000 og 180.000.
b. Í stað „45.900“ og „91.800“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 72.000 og 144.000.
c. Í stað „9.180.000“ og „18.360.000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 15.400.000 og 30.800.000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr.:

a. 1. málsl. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:
b. Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 8%.
c. Í stað „15%“ í 3. tölul. kemur: 12%.
d. 4. tölul. greinarinnar hljóði svo:
   a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
   b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul. og a-lið þessa töluliðar 15%.

3. gr.

40. gr. fellur niður.

4. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., og orðast svo:

Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

5. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga, sbr. 1., 2. og 4. tölul. 2. gr., svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum og ógreidd hlutafjárloforð, teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan nema því aðeins að skuldir þessar og inneignir séu vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.

6. gr.

Í stað „30%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. kemur: 15%.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 57. gr. A, og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema það stundi skyldan rekstur eða haldi að mestu leyti áfram svipuðum rekstri eða starfsemi og það félag sem slitið var. Sama gildir þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr.:

a. Í stað „158.820“ í 1. mgr. kemur: 214.104.

b. 2. mgr. orðast svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

9. gr.

Í stað „365“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. kemur: 492.

10. gr.

Í stað „16.000“, „24.000“ og „48.000“ í A-lið 69. gr. kemur: 21.568, 32.353 og 64.705.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „38.000“ í 2. mgr. kemur: 51.224.

b. Í stað „600.000“ og „400.000“ í 3. mgr. kemur: 825.000 og 550.000.

c. Í stað „1.850.000“ og „2.475.000“ í 4. mgr. kemur: 2.850.000 og 4.275.000.

12. gr.

Í stað „38.000“ í C-lið 69. gr. kemur: 47.400.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 365. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 365 og margfalda þá útkomu með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

b. 3. mgr. fellur niður.

14. gr.

Í stað „48%“ í 72. gr. kemur: 50%.

15. gr.

Í stað „573.700“ og „1.147.400“ í 78. gr. kemur: 900.000 og 1.800.000.

16. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%.

17. gr.

Í stað „0,95%“ í 84. gr. kemur: 1,2%.

18. gr.

1. mgr. 121. gr. orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og C-lið 69. gr., skulu hinn 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

19. gr.

122. gr. orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

20. gr.

Í stað „292.600“ og „585.200“ í 3. málsl. 2. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 92/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, kemur: 460.000 og 920.000.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1989 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., b-liðar 8. gr., 11. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4.250.000 kr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Ed. 386. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, MF, JE).

Á eftir III. ákvæði til bráðabirgða komi nýtt ákvæði, IV, sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. skal ekki greiða vörugjald af innlendri húsgagna- og innréttingaframleiðslu í tollskrárnúmerum 9401.1000 til 9404.9000 fyrr en frá og með 1. mars 1989.

Ed. 387. Lög [212. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 360.

Nd. 388. Lög [189. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 385.

Nd. 389. Lög [161. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 371 (sbr. 172).

Nd. 390. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. des.)

Samhljóða þskj. 345 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 10. janúar 1989 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II.

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum, sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir gildistökudag laga þessara og vörugjald verið greitt af samkvæmt

ákvæðum laga nr. 97/1987, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með gildistökudegi laga þessara skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987.

III.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um afhendingu eða sölu vöru sem vörugjaldsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar vörugjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. skal ekki greiða vörugjald af innlendri húsgagna- og innréttingaframleiðslu í tollskrárnúmerum 9401.1000 til 9404.9000 fyrr en frá og með 1. mars 1989.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, og fyrirmæli stjórnvalda um stöðvun á hækkun verðs vöru og þjónustu má hækka verð vöru sem nemur álagningu gjalda samkvæmt lögum þessum.

VI.

Lög þessi verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 1991.

Nd. 391. Lög [162. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 390 (sbr. 345).

Nd. 392. Frumvarp til laga [218. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Við 83. gr. laganna, sbr. 16. gr. l. nr. 97/1988, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eignarskattur ellilífeyrisþega af íbúðarhúsnæði, sem þeir sjálfir nýta, reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í lok ársins 1988.

Greinargerð.

Margir ellilífeyrisþegar óska að búa áfram í íbúðum sínum eða einbýlishúsum sem þeir hafa á langri starfsæfi byggt upp.

Nýsett lög um viðbótareignarskattsálag þyngja skattbyrði þessa fólks mjög og í mörgum tilfellum langt umfram greiðslugetu þess. Nú á fólk að greiða 1,2% af hreinni eign umfram 2,5 millj. kr. og að auki 1,5% af hreinni eign umfram 7 millj. kr., auk svo sérstaks eignarskattsauka til þjóðarbókhlöðu (0,25%) og fasteignagjalda til sveitarsjóða. Með þessu frumvarpi er lagt til að auknar skattaálögur á ellilífeyrisþega verði teknar aftur og það fólk greiði nú sama eignarskatt og það gerði áður af því húsnæði sem það notar sjálft til íbúðar, þ.e. 0,95% af hreinni eign umfram 2,5 millj. kr.

Margt af þessu fólki hefur litlar eða engar tekjur umfram eftirlaun eða ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og má ekki við auknum skattaálögum, svo sem þeim eignarskatti sem því er ætlað að greiða samkvæmt lögum þeim sem samþykkt voru í byrjun jólahelgarinnar síðustu.

Ef svo fer sem horfir samkvæmt nýju eignarskattslögunum má gera ráð fyrir að fjöldi ellilífeyrisþega neyðist til að leysa upp heimili sín og selja íbúðir eða einbýlishús sín. Stóraukið framboð á slíku húsnæði mundi þýða verðfall á eignum þessa fólks og gera þeim, sem peningaráð hafa, kleift að komast yfir fasteignir á ódýran máta. Líklega mun uppboðum fjölga á eignum ellilífeyrisþega í greiðsluþroti.

Frumvarp þetta er flutt til að forða fjölda fólks frá greiðsluþroti og eignamissi á framangreindan hátt, enda er í flestum tilfellum um að ræða aldrað fólk sem greitt hefur að fullu til þjóðfélagsins skatta á langri ævi og á annað og betra skilið en að vera hrakið á götuna eftir starfslok. Því má heldur ekki gleyma að það er þjóðarhagur að því að aldraðir búi svo lengi sem kraftar og heilsa leyfir í eigin húsnæði.

Oft má mæla menningarstig þjóða, sem og einstakra byggðarlaga, á því hvernig aðbúnaði aldraðra og sjúkra er hagað.

Sþ. 393. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Inga Birni Albertssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Nýr liður:	
602 Til uppbyggingar búminjasafns	5.000

Nd. 394. Frumvarp til laga [219. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1987 og 2. gr. l. nr. 92/1987, bætist nýr töluliður svohljóðandi:

4. Tekjur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–2. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum

sínum áður en hann lætur af störfum fyrir aldurs sakir. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 2.500.000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar skv. 1. mgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt skv. 1. mgr. skal einnig veita framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við endanlega álagningu tekjuskatts á árinu 1989 af tekjum ársins 1988.

Greinargerð.

Þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp í ársbyrjun 1988 var afnuminn sérstakur frádráttur fyrir þá launþega sem voru að ljúka starfsdegi sínum. Fyrir þessum frádrætti hafði verið barist lengi en hann komst fyrst í lög vorið 1983 (lög nr. 21/1983) er samþykkt var frumvarp frá flutningsmanni þessa máls ásamt ellefu öðrum þingmönnum úr öllum flokkum. Síðar, þegar flutningsmaður var fjármálaráðherra, voru gerðar nokkrar breytingar á lagaákvæðum um þennan frádrátt til rýmkunar, sbr. lög nr. 119/1984, en ákvæðin síðan afnumin við upphaf staðgreiðslukerfis skatta, eins og áður segir, með lögum nr. 14/1987.

Þegar lagafrumvörp um staðgreiðsluna voru til meðferðar á Alþingi var því mótmælt að þessi réttur launafólks til skattfrelsis síðasta starfsárið yrði af því tekinn. Þá var því borið við að frádrátturinn ætti ekki lengur við þegar staðgreiðslukerfið væri komið á og að frádrátturinn ylli óviðráðanlegum flækjum í hinu nýja kerfi. Hvorttveggja er rangt. Staðgreiðslukerfið er engin grundvallarbreyting á skattkerfinu heldur aðeins nýtt fyrirkomulag *greiðslu* skatta, eins konar fyrirframgreiðsla. Eftir sem áður verður launamönnum gert að skila skattskýrslu og hefðbundin álagning fer fram um mitt ár.

Með því að taka aftur upp í skattalögin óbreytt ákvæðið um skattfrádrátt þeirra sem eru að ljúka starfsævi sinni mundi við endanlega álagningu tekjuskatts myndast inneign hjá þeim gjaldendum sem ættu rétt á þessum frádrætti og hún koma til endurgreiðslu eftir almennum reglum í 2. mgr. 112. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 14/1987).

Jafnframt er í frumvarpi þessu lagt til að skattfrádrátturinn komi til framkvæmda þegar í sumar við endanlega ákvörðun skatta fyrir tekjuárið 1988. Þar með væri bættur skaðinn sem skeði við upphaf staðgreiðslunnar 1988 og enginn launamaður, sem lokið hefur starfsævi sinni á því ári, fyrsta ári staðgreiðslunnar, yrði hlunnfarinn.

Loks er lagt til að hámark frádráttarins, eins og það var ákveðið í lögum nr. 72/1986, hækki til samræmis við aðrar tölur frá þeim tíma.

Sþ. 395. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 1. gr. Lánahreyfingar.
   a. Við Afborganir af teknum lánum. Þús. kr.
      Fyrir „6.590.000“ kemur 6.730.000
   b. Við Innheimtar afborganir af veittum lánum.
      Fyrir „–2.590.000“ kemur . . . . . –2.660.000

	Þús. kr.
c. Við Veitt lán. Til B-hluta ríkissjóðs.	
Fyrir „1.265.000“ kemur	1.340.000
d. Við Hluta- og stofnfjárframlög.	
Fyrir „115.000“ kemur	135.000
e. Á eftir „Viðskiptareikningar“ kemur nýr liður:	
Uppgjör skammtímaskulda við Seðlabanka	4.500.000
f. Við Innlend útgáfa verðbréfa.	
Fyrir „4.700.000“ kemur	5.300.000
g. Á eftir „Innlend útgáfa verðbréfa“ kemur nýr liður:	
Erlend lántaka	4.635.000
2. Við 4. gr. 0-101 Embætti forseta Íslands.	
a. Við 501 Viðhald fasteigna.	
Fyrir „7.400“ kemur	12.000
b. Nýr liður:	
601 Bifreiðakaup	2.100
3. Við 4. gr. 0-201 Alþingi.	
a. Við 104 Skrifstofu- og alþingiskostnaður.	
Fyrir „139.898“ kemur	143.198
b. Við 106 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda.	
Fyrir „18.200“ kemur	23.200
c. Við 110 Umboðsmaður Alþingis.	
Fyrir „9.193“ kemur	10.193
d. Við 134 Alþjóðaþingmannasamtökin.	
Fyrir „2.300“ kemur	2.585
e. Nýr liður:	
136 Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna	2.000
4. Við 4. gr. 1-102 Þjóðhagsstofnun.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „48.253“ kemur	51.156
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „19.390“ kemur	20.530
5. Við 4. gr. 2-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „68.712“ kemur	65.712
b. Við 110 Rannsóknadeild fisksjúkdóma.	
Fyrir „8.047“ kemur	11.047
6. Við 4. gr. 2-982 Listir, framlög.	
a. Við 124 Önnur leiklistastarfsemi.	
Fyrir „4.500“ kemur	3.000
b. Við 141 Listasöfn, styrkir.	
Fyrir „2.000“ kemur	3.000
c. Við 175 Lista- og menningarmál, ýmis.	
Fyrir „14.000“ kemur	12.000
d. Við 182 Ferðaleikhúsið.	
Fyrir „300“ kemur	800

7. Við 4. gr. 2-986 620 Bygging íþróttamannvirkja. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging íþróttamannvirkja (02-986 620).	Þús. kr.
1. Íþróttafélagið Leiknir, Rvík, vallarhús	300
2. Glímufélagið Ármann, Rvík, íþróttasvæði	600
3. Glímufélagið Ármann, Rvík, skíðasvæði	590
4. Knattspyrnufélagið Fylkir, Rvík, íþróttavöllur, 1. áf.	750
5. ÍR, Rvík, íþróttasvæði	350
6. ÍR, Rvík, skíðalyfta	300
7. Ungtemplarafélagið Hrönn, Rvík	300
8. Íþróttafélag fatlaðra, Rvík, íþróttahús	32
9. KR, Rvík, íþróttahús lyftingamanna	186
10. KR, Rvík, þjónustumiðstöð	50
11. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	80
12. Siglingasamband Íslands, róðrarbátur	93
13. Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, íþróttahús	4.000
14. Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, grasvöllur	700
15. Knattspyrnufélagið Víkingur, Rvík, íþróttasvæði	300
16. Knattspyrnufélagið Víkingur, Rvík, skíðalyfta	400
17. TBR, Rvík, íþróttahús	4.000
18. Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, skíðaskáli	750
19. Sundlaug Laugardal, Rvík, laugarhús	3.000
20. Skíðalyfta fyrir börn, Rvík	140
21. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	215
22. Gervigras á Laugardalsvöll, Rvík	1.000
23. Skíðalyfta í Bláfjöllum	400
24. Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	187
25. Hafnarfjörður, sundlaug	500
26. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	150
27. Hafnarfjörður, æfingasvæði í Kaplakrika	300
28. FH, Hafnarfirði, áhorfendasvæði, búningsklefar	1.000
29. Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfvallar	50
30. Kópavogur, íþróttahús	150
31. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	100
32. Seltjarnarnes, sundlaug	50
33. Garðabær, íþróttavöllur	700
34. Keflavík, æfingasvæði	137
35. Keflavík, endurbætur á sundlaug	30
36. Keflavík, íþróttaleikvangur	149
37. Keflavík, sundlaug	350
38. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	150
39. Njarðvík, búningsklefar við völl	90
40. Golfklúbbur Suðurnesja, golfvöllur og skáli	650
41. Umf. Grindavíkur, vallarhús	150
42. Umf. Grindavíkur, íþróttasvæði	250
43. Grindavík, golfklúbbur og skáli	150
44. Grindavík, íþróttahús	100
45. Gerðahreppur, grasvöllur og vallarhús	250

	Þús. kr.
46. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	156
47. Mosfellsbær, golfklúbburinn Kjölur	200
48. Mosfellsbær, íþróttaleikvangur	1.350
49. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	580
50. Akranes, íþróttahús ÍA	4.000
51. Akranes, sundlaug opin	590
52. Akranes, golfklúbburinn Leynir	50
53. Borgarnes, golfvöllur, skáli	100
54. Borgarnes, íþróttavöllur	2.100
55. Umf. Staðarsveitar, íþróttavöllur	94
56. Neshreppur, íþróttavöllur	100
57. Ólafsvík, íþróttavöllur	100
58. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	60
59. Eyrarsveit, íþróttahús	60
60. Eyrarsveit, skíðalyfta	102
61. Stykkishólmur, íþróttavöllur	100
62. Stykkishólmur, skíðalyfta	50
63. Búðardalur, íþróttavöllur	300
64. Patrekshreppur, malarvöllur	150
65. Tálknafjörður, íþróttahús	300
66. Bíldudalur, íþróttavöllur	250
67. Flateyri, sundlaug	51
68. Bolungarvík, skíðalyfta	144
69. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
70. Ísafjörður, sundlaug	100
71. ÍB, Ísafirði, skíðamannvirki	200
72. Golfklúbbur Ísafjarðar, golfklúbbur og skáli	200
73. Súðavíkurhr., malarvöllur og skíðamannvirki	142
74. Kaldrananeshreppur, laugarhús	150
75. Hólmavík, íþróttavöllur	100
76. Hvammstangahreppur, malarvöllur	100
77. Blönduósbær, íþróttahús	250
78. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	150
79. Höfðahreppur Skagaströnd, sundlaug	127
80. Höfðahreppur Skagaströnd, skíðaskáli	100
81. Umf. Vorboðinn, Engihlíðarhreppi	150
82. Lýtingstaðahreppur, íþróttavöllur	3
83. Seyluhreppur, íþróttavöllur	70
84. Sauðárkrókur, íþróttahús	50
85. Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	150
86. Umf. Glóðafeykir, Akrahreppi, íþróttavöllur	74
87. Umf. Fljótamanna, troðari	300
88. Siglufjörður, grasvöllur	630
89. Siglufjörður, íþróttahús	150
90. Íþróttabandalag Siglufjarðar, íþróttamiðstöð, skíðalyfta	150
91. Ólafsfjörður, malarvöllur	34
92. Ólafsfjörður, sundlaug	150
93. Golfklúbbur Ólafsfjarðar, golfvöllur	200

		Þús. kr.
94.	Umf. Leiftur, Ólafsfirði, snjótroðari	150
95.	Umf. Svarfdæla, íþróttavöllur, 1. áf.	250
96.	Dalvík, toglyfta	250
97.	Akureyri, íþróttahús	210
98.	Akureyri, skíðalyfta	850
99.	KA, Akureyri, vallarhús	650
100.	KA, Akureyri, grasvöllur	60
101.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, handbolta- og tennisvöllur	47
102.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, grasvöllur	360
103.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, vallarhús	370
104.	Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	110
105.	Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	400
106.	Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	610
107.	Grímsey, sundlaug	155
108.	Umf. Reynir, Árskógsströnd, íþróttavöllur	48
109.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, íþróttavöllur	120
110.	HSÞ, Laugum, stækkun íþróttavallar	250
111.	Reykjahreppur, sundlaug	200
112.	Skútustaðahreppur, sundlaug og vallarhús	160
113.	Skútustaðahreppur, íþróttavöllur	11
114.	Húsavík, grasvöllur, 2. áf.	160
115.	Húsavík, íþróttahús	350
116.	Húsavík, endurbætur á sundlaug	100
117.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	100
118.	Presthólahreppur, Kópasker, íþróttavöllur	139
119.	Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	150
120.	Vopnafjörður, íþróttavöllur	150
121.	Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	65
122.	Júdófélagið Kjarni, Fellabæ, æfingadýna	48
123.	Egilsstaðir, íþróttavöllur og vallarhús	11
124.	Egilsstaðir, skíðasvæði	100
125.	Siglingaklúbburinn Sörvi, Egilsstöðum, siglingaaðstaða	40
126.	Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	90
127.	Íþróttafélagið Huginn, Seyðisfirði, skíðamannvirki	200
128.	Seyðisfjörður, íþróttavöllur	150
129.	Neskaupstaður, íþróttasvæði	100
130.	Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	100
131.	Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, skíðamannvirki Oddsskarði	150
132.	Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur og skáli	100
133.	Umf. Valur, Reyðarfirði, íþróttavöllur	50
134.	Umf. Leiknir, Fáskrúðsfirði, grasvöllur, vallarhús	130
135.	Stöðvarhreppur, íþróttavöllur	131
136.	Djúpivogur, íþróttavöllur	65
137.	Hafnarbær í Hornafirði, sundlaug	123
138.	Golfklúbbur Hornafjarðar, golfvöllur og skáli	120
139.	Umf. Sindri, Höfn, skíðalyfta	20
140.	Umf. Máni, Nesjahreppi	120

	Þús. kr.	Þús. kr.
141. Kirkjubæjarhreppur, íþróttavöllur	100	
142. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	25	
143. Umf. Trausti, V-Eyjafjallahr., íþróttavöllur	29	
144. Hvolhreppur, íþróttavöllur	250	
145. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	150	
146. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	150	
147. Umf. Gnúpverja, íþróttavöllur	100	
148. Skeiðahreppur, baðstofa	155	
149. Sólheimar, Grímsnesi	300	
150. Vestmannaeyjar, grasvöllur	60	
151. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	250	
152. Þór, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur, vallarhús	1.050	
153. Týr, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	430	
154. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	260	
155. Umf. Hverageröis, íþróttavöllur	100	
156. Stokkseyrarhreppur, íþróttasvæði	81	
157. Sérfræðileg aðstoð og leiðbeiningar	400	
		51.209
8. Við 4. gr. 2-999 192 Ýmis framlög (menntamálaráðuneyti).		
Fyrir „8.890“ kemur		11.490
9. Við 4. gr. 3-103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.		
Fyrir „48.817“ kemur		51.117
10. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:		
4-221 Áburðarverksmiðja ríkisins		
101 Almennur rekstur		22.000
11. Við 4. gr. 4-231 Skógrækt ríkisins.		
a. Við 180. Liðurinn orðist svo:		
Tilraunir með rótarskóga í rannsóknastöð að Mógilsá		390
b. Við 181 Nytjaskógar.		
Fyrir „10.500“ kemur		10.300
c. Við 183. Liðurinn orðist svo:		
Tilraunir með ræktun iðnviðar í rannsóknastöð að Mógilsá		1.200
12. Við 4. gr. 4-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.		
a. Við 620 Landgræðsluáætlun, RALA.		
Fyrir „4.600“ kemur		5.100
b. Við 630 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.		
Fyrir „11.400“ kemur		12.300
c. Við 640 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.		
Fyrir „49.000“ kemur		54.500
d. Við 650 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.		
Fyrir „2.800“ kemur		3.000
e. Við 660 Landgræðsluáætlun, óskipt.		
Liðurinn fellur brott.		
13. Við 4. gr. 4-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.		
a. Nýr liður:		
680 Landþurrkun		500

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landþurrkun (04-270 680).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Araós	15	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
3. Leiðvallarhreppur	40	
4. Dyrhólaós	245	
5. Holtsós	55	
6. Austur-Landeyjahreppur	40	
7. Vestur-Landeyjahreppur	40	
8. Rangárvallahreppur	10	
9. Djúpárhreppur	40	
		500

14. Við 4. gr. 4-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.

a. Nýr liður:

690 Fyrirhleðslur 16.500

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fyrirhleðslur (04-270 690).

a. Til fyrirhleðslna:	Þús. kr.	
1. Norðurá	100	
2. Héraðsvötn	700	
3. Svarfaðardalsá	900	
4. Jökulsá á Dal	1.000	
5. Hoffellsá	500	
6. Hornafjarðarfljót	3.300	
7. Skaftá	400	
8. Kúðafljót	500	
9. Markarfljót	2.000	
10. Þjórsá	500	
		9.900
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
2. Snæfellsnessýsla	100	
3. Dalasýsla	100	
4. Múlasýslur	1.300	
5. Austur-Skaftafellssýsla	700	
6. Vestur-Skaftafellssýsla	800	
7. Rangárvallasýsla	400	
8. Árnessýsla	900	
		4.400
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	100	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	600	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	400	
6. Austurlandskjördæmi	200	
7. Suðurlandskjördæmi	700	
		2.200
		16.500

	Þús. kr.
15. Við 4. gr. 4-288 Jarðræktarlög, framlög. Nýr liður:	
120 Framlög til búnaðarsambanda	9.000
16. Við 4. gr. 5-280.	
a. Við 101 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla.	
Fyrir „937.000“ kemur	907.000
b. Nýr liður:	
110 Útflutningsráð Íslands	30.000
17. Við 4. gr. 6-212 Bæjarfógeti Akranesi. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	1.031
18. Við 4. gr. 6-213 Sýslumaður Borgarnesi 4 Sértekjur.	
Fyrir „460“ kemur	878
19. Við 4. gr. 6-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	927
20. Við 4. gr. 6-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	651
21. Við 4. gr. 6-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri.	
a. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	3.297
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „620“ kemur	1.008
22. Við 4. gr. 6-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „17.884“ kemur	18.089
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „930“ kemur	993
23. Við 4. gr. 6-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði 4 Sértekjur.	
Fyrir „310“ kemur	669
24. Við 4. gr. 6-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum.	
a. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	1.774
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.790“ kemur	2.864
25. Við 4. gr. 6-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík.	
a. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	5.491
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.650“ kemur	2.457
26. Við 4. gr. 6-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði. Nýr liður:	
140 Tollgæsla	5.367
27. Við 4. gr. 6-303 620 Byggingar á prestssetrum.	
Fyrir „7.000“ kemur	11.500
28. Við 4. gr. 7-271 Byggingarsjóður ríkisins.	
Fyrir „1.120.000“ kemur	1.050.000
29. Við 4. gr. 7-272 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „680.000“ kemur	600.000
30. Við 4. gr. 7-301 Skipulagsstjóri ríkisins 4 Sértekjur.	
Fyrir „59.010“ kemur	47.010

		Þús. kr.
31.	Við 4. gr. 7-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 131 Verndaður vinnustaður Bjargi.	
	Fyrir „8.200“ kemur	10.200
32.	Við 4. gr. 7-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
	Fyrir „200.000“ kemur	201.000
33.	Við 4. gr. 7-954 Vinnueftirlit ríkisins 4 Sértekjur.	
	Fyrir „87.990“ kemur	77.949
34.	Við 4. gr. 7-999 131 Félagasamtök, styrkir (félagsmálaráðuneyti).	
	Fyrir „10.000“ kemur	11.000
35.	Við 4. gr. 8-271 Tryggingastofnun ríkisins 120 Sjúkratryggingar.	
	Fyrir „5.830.800“ kemur	5.750.800
36.	Við 4. gr. 8-378 Læknishéraðasjóður.	
	Fyrir „1.000“ kemur	2.500
37.	Við 4. gr. 8-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
	a. Við 131. Liðurinn orðist svo:	
	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	62.950
	b. Við 195 Kynsjúkdómar, eyðni.	
	Fyrir „5.890“ kemur	8.390
38.	Við 4. gr. 9-261 Ríkistollstjóri.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „164.633“ kemur	45.921
	b. Við 610 Tölvubúnaður, bifreið o.fl.	
	Fyrir „4.700“ kemur	3.800
	c. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „7.310“ kemur	459
39.	Við 4. gr. 9-262 Tollstjórinn í Reykjavík.	
	a. Nýr liður:	
	140 Tollgæsla	99.969
	b. Við 610 Húsgögn og tölvubúnaður.	
	Fyrir „4.000“ kemur	4.900
	c. Nýr liður:	
	4 Sértekjur	4.742
40.	Við 4. gr. 9-381 Uppbætur á lífeyri.	
	Fyrir „1.035.090“ kemur	1.125.090
41.	Við 4. gr. 9-971 Ríkisábyrgðasjóður.	
	Fyrir „278.000“ kemur	200.000
42.	Við 4. gr. 9-989 Launa- og verðlagsmál.	
	Fyrir „650.000“ kemur	810.000
43.	Við 4. gr. 9-999 Ýmislegt (fjármálaráðuneyti).	
	a. Við 118. Liðurinn orðist svo:	
	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	50.000
	b. Nýr liður:	
	119 Ýmsar endurgreiðslur	10.000
44.	Við 4. gr. 10-102 Póst- og símamálastofnunin 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „138.000“ kemur	157.000

	Þús. kr.
45. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „183.091“ kemur	210.000
b. Við 510 Viðhald vega.	
Fyrir „1.167.200“ kemur	1.285.000
c. Við 610 Nýframkvæmdir.	
Fyrir „1.489.100“ kemur	1.345.000
d. Við 630 Fjallvegir.	
Fyrir „17.000“ kemur	30.000
e. Við 640 Tilraunir.	
Fyrir „12.600“ kemur	15.000
f. Við 651 Sýsluvegir.	
Fyrir „89.000“ kemur	140.000
g. Við 652 Þéttbýlisvegir.	
Fyrir „147.000“ kemur	190.000
46. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn.	
a. Við 680 Flugvellir, framkvæmdir.	
Fyrir „248.000“ kemur	272.000
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „403.260“ kemur	427.260
47. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög (samgönguráðuneyti) 126 Ýmislegt.	
Fyrir „3.240“ kemur	4.240
48. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „9.155“ kemur	8.155
b. Nýr liður:	
110 Ferðamálasamtök landshluta	1.000
49. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður.	
a. Við 615 Lán til jarðhitaleitar.	
Fyrir „11.200“ kemur	12.350
b. Við 620 Sveitarafvæðing.	
Fyrir „20.000“ kemur	21.000
c. Við 621 Styrking dreifikerfis í sveitum.	
Fyrir „40.000“ kemur	45.000
50. Við 4. gr. 15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.	
Fyrir „7.350.000“ kemur	7.540.000

51. Við 4. gr. Launaliðir í rekstri stofnana lækki um 1,5%. Fjárhæð þessi, sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar, skal koma til lækkunar á launagjöldum öðrum en föstum mánaðarlaunum. Þar sem sértekjur stofnana eru ákveðnar sem hlutfall gjalda skulu þær lækka til samræmis við þau. Auk þess skal framlag til eftirtalinna stofnana lækka sem hér segir:

A. 4-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
a. Við 190 Aðalstöðvar.	
Fyrir „81.390“ kemur	78.540
b. Við 191 Tilraunastöðin Sámsstöðum.	
Fyrir „5.250“ kemur	5.070
c. Við 192 Tilraunastöðvar, óskipt.	
Fyrir „9.000“ kemur	8.690

B. 4-246 Veiðimálastofnun. Þús. kr.
Við 190 Almennur rekstur.
Fyrir „26.010“ kemur 25.100
C. 5-201 Fiskifélag Íslands.
Fyrir „39.920“ kemur 38.520
D. 5-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Við 190 Almennur rekstur.
Fyrir „59.640“ kemur 57.550
E. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands.
Við 190 Almennur rekstur.
Fyrir „80.560“ kemur 77.740
F. 11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
Við 190 Almennur rekstur.
Fyrir „37.450“ kemur 36.140

52. Við 5. gr. 30-101 Póst- og símamálastofnunin 18 Fjárfestingar.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunar (30-101 18).	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjálfvirkar símstöðvar		94.000
b. Línukerfi		100.000
c. 1. Jarðsímaleiðir	109.000	
2. Fjölsímar	100.000	
3. Örbylgjuleiðir	11.000	
		220.000
d. Radíósendistöðvar		55.000
e. Gervihnattafjarskipti		11.000
f. Tölvur og fjarskiptabúnaður		30.000
g. Sundurliðun reikninga		5.000
h. Bifreiðar og vélar		15.000
i. Fasteignir		47.000
		577.000

53. Við 5. gr. 31-321 Rafmagnsveitur ríkisins 18 Fjárfestingar.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31-321 18).		
a. Virkjanir		2.000
b. Stofnlínur:		
1. Stuðlar–Fáskrúðsfjörður	30.020	
2. Flúðir–Hella	600	
3. Selfoss–Hella	13.200	
4. Undirbúningur o.fl.	2.000	
		45.820
c. Aðveitustöðvar:		
1. Raufarhöfn	2.500	
2. Rimakot	3.090	
3. Selfoss	4.960	
4. Þorlákshöfn	16.140	
5. Fjargæsla	7.000	
6. Undirbúningur o.fl.	1.000	
		34.690

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Skrifstofu- og lagerhúsnæði:		
1. Ólafsvík	1.960	
2. Akureyri	2.570	
3. Vopnafjörður	2.360	
4. Egilsstaðir	2.600	
		9.490
e. Innanbæjarkerfi		65.000
f. Vélar og tæki:		
1. Bifreiðar	8.000	
2. Vinnuvélar	3.000	
3. Áhöld og mælitæki	3.000	
4. Tölva	5.000	
		19.000
		176.000

Sþ. 396. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 6. gr.

a. Við bætist nýr liður:
   3.4 Að fella niður stimpilgjald vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing 737-400 þotu.
b. Við 4.17. Liðurinn fellur brott.
c. Við bætist nýir liðir:
   4.25 Að selja fasteignina Safamýri 18, Reykjavík.
   4.26 Að selja húsnæði ÁTVR við Álfheima 74, Reykjavík.
   4.27 Að selja fasteignina Hafrafell, Ísafirði.
   4.28 Að selja húsnæði ÁTVR að Túngötu 11, Siglufirði.
   4.29 Að selja Hlíðarveg 4, Siglufirði.
   4.30 Að selja Hafnarlóð 7, Skagaströnd.
   4.31 Að selja Austurstræti 18, 3. og 4. hæð, Reykjavík.
   4.32 Að selja Einbúastíg 8, Skagaströnd.
   4.33 Að selja Hafnarlóð 6, Skagaströnd.
   4.34 Að selja Vetrarbraut 6, Siglufirði.
   4.35 Að selja Strandgötu 34, Skagaströnd.
   4.36 Að selja eignarhlut ríkisins í Skerjabraut 1, Seltjarnarnesi.
   4.37 Að selja eignahlut ríkisins í Fjarðarstræti 28, Ísafirði.
   4.38 Að selja Skólagötu 10, Ísafirði.
   4.39 Að selja Pólgötu 2, Ísafirði.
   4.40 Að selja lögreglubifreiðaverkstæði og lóð að Síðumúla 24–26, Reykjavík, og kaupa í stað þess húsnæði fyrir þvotta- og þjónustustöð fyrir lögreglubifreiðar.
d. Við 5.9. Liðurinn fellur brott.
e. Við 5.11. Liðurinn fellur brott.
f. Við 5.14. Liðurinn orðist svo:
   5.14 Að semja um byggingarrétt og greiða gatnagerðargjöld af lóð undir dómshús við Ofanleiti í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

g. Við bætist nýir liðir:
   5.15 Að kaupa heimavistarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands og taka til þess nauðsynleg lán. Húsnæðiskaup þessi eru háð því að aðrir rekstraraðilar fjölbrautaskólans en ríkissjóður greiði sinn hluta kaupverðsins.
   5.16 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
   5.17 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
   5.18 Að kaupa húsnæði fyrir Fangelsismálastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
   5.19 Að taka nauðsynleg lán til að kaupa eða leigja húsnæði til að leysa húsnæðismál Ríkisendurskoðunar vegna flutnings hennar úr núverandi húsnæði.
   5.20 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og taka til þess nauðsynleg lán. Íbúðarkaup þessi eru háð því að aðrir rekstraraðilar framhaldsskólans en ríkissjóður greiði sinn hluta kaupverðsins.
   5.21 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra húsnæðis í eigu sendiráðsins.
   5.22 Að kaupa húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri opinbera aðila í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
   5.23 Að leigja eða kaupa húsnæði fyrir Listdansskóla Þjóðleikhússins að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.
   5.24 Að kaupa húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri opinbera aðila á Selfossi og taka til þess nauðsynleg lán.
   5.25 Að kaupa húsnæði í húsi Útvegsbankans á Akureyri samkvæmt ákvæðum um forkaupsrétt.
   5.26 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.

h. Við 6.8. Liðurinn fellur brott.

i. Við 6.10. Liðurinn orðist svo:
   6.10 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör vegna skólamannvirkja.

j. Við 6.11. Liðurinn fellur brott.

k. Við bætist nýir liðir:
   6.14 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningssgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
   6.15 Að fella niður söluskatt vegna flygilkaupa fyrir kirkju Víðistaðasóknar.
   6.16 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af flugskýli flugfélagsins Ernis á Ísafjarðarflugvelli.
   6.17 Að leita eftir tilboði og gera samning um kaup á siglingahermi fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.
   6.18 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
   6.19 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni í ammóníaksgeymi við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi.
   6.20 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð sem Akureyrarbær kann að taka til kaupa á röntgentækjum í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið án vaxta í fjárlögum 1990–1991.

6.21 Að ganga frá samningum við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku skulda til lúkningar á samkomulagi því sem gert var við þessi fyrirtæki við niðurfellingu „verðjöfnunargjalds á raforku“ árið 1986 að fenginni umsögn fjárveitinganefndar. Yfirtökunni verði hagað þannig að fyrirtækin geti öðlast þann rekstrargrundvöll miðað við eðlilega fjárfestingu, rekstrarumsvif og gjaldskrárákvarðanir sem umrætt samkomulag frá árinu 1986 gerði ráð fyrir.

Sþ. 397. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

Árið 1989 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 500	
5.8	Gjöld samtals	11 500	
48	Fjármunatekjur	11 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	500 000	
4.7	Tekjur samtals	511 500	
	Mismunur		500 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 900 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	2 400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	500 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	28 650	
52–57	Önnur rekstrargjöld	260 360	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	913 150	
5,8	Gjöld samtals	1 202 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 495 390	
48	Fjármunatekjur	18 270	
4,7	Tekjur samtals	1 513 660	
	Mismunur		311 500
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	62 300	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	249 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	311 500	
22–202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	28 180	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 350	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	65 950	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	107 970	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	114 700	
48	Fjármunatekjur	4 300	
4,7	Tekjur samtals	119 000	
	Mismunur		11 030
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	11 030	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 030	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	32 940	
52–57	Önnur rekstrargjöld	27 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	52 800	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	3 040	
593	Afskriftir	6 690	
5,8	Gjöld samtals	125 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	127 580	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	129 980	
	Mismunur		4 310
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	10 200	
32	Annað	800	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	6 690	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 310	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	80 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	80 000	
4,7	Tekjur samtals	80 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 760	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	23 760	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	13 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	62 300	
4,7	Tekjur samtals	75 970	
	Mismunur		52 210
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	46 500	
26	Afborgun lána	5 710	
	Fjármunahreyfingar inn:		
39	Ráðstöfun eigin fjár	52 210	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 280	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 240	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	6 010	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 560	
4,7	Tekjur samtals	6 560	
	Mismunur		550
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	550	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	550	
22–871	**Unglingaheimili ríkisins**		
51	Laun	31 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 400	
5,8	Gjöld samtals	43 940	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 540	
4910	Framlög úr ríkissjóði	24 400	
4,7	Tekjur samtals	43 940	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	29 950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	28 900	
571	Fjármagnskostnaður	280 800	
59	Yfirfærslur	57 200	
5,8	Gjöld samtals	396 850	
48	Fjármunatekjur	93 200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 617 000	
4,7	Tekjur samtals	1 710 200	
	Mismunur		1 313 350
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 995 450	
26	Afborgun lána	468 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	160 900	
26	Tekin lán	915 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 313 350	
32	Annað	74 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	170 000	
4,7	Tekjur samtals	170 000	
	Mismunur		170 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
26	Afborgun lána	83 200	
32	Annað	56 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	170 000	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	229 880	
52–57	Önnur rekstrargjöld	315 690	
571	Fjármagnskostnaður	15 220	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	63 000	
5,8	Gjöld samtals	714 990	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	633 000	
48	Fjármunatekjur	15 220	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	654 220	
	Mismunur		−60 770
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
32	Annað	5 430	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−60 770	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	290 140	
52–57	Önnur rekstrargjöld	433 000	
571	Fjármagnskostnaður	32 510	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	107 000	
5,8	Gjöld samtals	953 850	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 067 000	
48	Fjármunatekjur	15 220	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 088 220	
	Mismunur		134 370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
26	Afborgun lána	186 500	
32	Annað	9 070	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	134 370	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	175 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	52 540	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	38 260	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51–57	Viðhald	13 190	
593	Afskriftir	7 280	
5,8	Gjöld samtals	287 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 480	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	171 000	
49	Aðrar tekjur	13 440	
4,7	Tekjur samtals	281 040	
	Mismunur		−6 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	75 000	
32	Annað	940	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 280	
26	Tekin lán	75 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 340	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	94 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	30 330	
51–57	Viðhald	4 860	
5,8	Gjöld samtals	129 890	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 450	
4910	Framlög úr ríkissjóði	67 000	
49	Aðrar tekjur	47 440	
4.7	Tekjur samtals	129 890	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–975	**Vísindasjóður**		
51	Laun	3 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	810	
51–57	Viðhald	2 030	
59	Yfirfærslur	73 900	
5,8	Gjöld samtals	79 740	
48	Fjármunatekjur	900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 840	
49	Aðrar tekjur	63 000	
4,7	Tekjur samtals	79 740	
22–976	**Menningarsjóður**		
51	Laun	7 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 830	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	28 390	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	970	
59	Yfirfærslur	4 000	
5,8	Gjöld samtals	59 040	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	47 080	
48	Fjármunatekjur	360	
4910	Framlög úr ríkissjóði	11 000	
49	Aðrar tekjur	600	
4,7	Tekjur samtals	59 040	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	110 920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	95 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	662 720	
593	Afskriftir	16 060	
5,8	Gjöld samtals	884 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 114 080	
48	Fjármunatekjur	520	
49	Aðrar tekjur	540	
4,7	Tekjur samtals	1 115 140	
	Mismunur		230 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	28 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	218 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 060	
39	Ráðstöfun eigin fjár	230 340	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	80 950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	23 860	
51–57	Viðhald	2 100	
593	Afskriftir	1 820	
59	Yfirfærslur	14 200	
5,8	Gjöld samtals	122 930	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	143 650	
49	Aðrar tekjur	8 760	
4,7	Tekjur samtals	152 410	
	Mismunur		29 480
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 400	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	29 480	
23–114	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	60 650	
571	Fjármagnskostnaður	190 770	
51–57	Viðhald	20 000	
5,8	Gjöld samtals	271 420	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	215 500	
49	Aðrar tekjur	64 000	
4,7	Tekjur samtals	279 500	
	Mismunur		8 080
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	8 080	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 080	
23–115	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging**		
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	281 000	
26	Afborgun lána	69 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	350 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	119 830	
52–57	Önnur rekstrargjöld	196 920	
571	Fjármagnskostnaður	6 120	
593	Afskriftir	1 810	
5,8	Gjöld samtals	324 680	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	325 050	
4,7	Tekjur samtals	325 050	
	Mismunur		370
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 180	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 810	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370	

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	17 210	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 720	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	44 260	
51–57	Viðhald	1 280	
593	Afskriftir	2 430	
5,8	Gjöld samtals	73 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	86 300	
48	Fjármunatekjur	6 240	
49	Aðrar tekjur	30 600	
4,7	Tekjur samtals	123 140	
	Mismunur		49 240
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 670	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 430	
39	Ráðstöfun eigin fjár	49 240	

24 Landbúnaðarráðuneyti

24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 700	
4,7	Tekjur samtals	15 700	
	Mismunur		15 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	13 730	
26	Afborgun lána	1 970	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 700	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	15 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 160	
26	Afborgun lána	8 840	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
24–206	**Tilraunabúið Hesti**		
51	Laun	1 730	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 560	
51–57	Viðhald	1 090	
5,8	Gjöld samtals	6 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 380	
4,7	Tekjur samtals	6 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–207	**Tilraunastöðin Reykhólum**		
51	Laun	1 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150	
51–57	Viðhald	430	
5,8	Gjöld samtals	2 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 390	
4,7	Tekjur samtals	2 390	
24–211	**Tilraunastöðin Sámsstöðum**		
51	Laun	1 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 110	
5,8	Gjöld samtals	2 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 580	
4,7	Tekjur samtals	2 580	
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	218 110	
52–57	Önnur rekstrargjöld	223 020	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	227 020	
571	Fjármagnskostnaður	71 810	
51–57	Viðhald	45 480	
593	Afskriftir	169 020	
5,8	Gjöld samtals	954 460	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	878 300	
48	Fjármunatekjur	31 840	
4910	Framlög úr ríkissjóði	22 000	
4,7	Tekjur samtals	932 140	
	Mismunur		−22 320
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	78 300	
32	Annað	8 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	169 020	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−22 320	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–236	**Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti**		
571	Fjármagnskostnaður	3 200	
5,8	Gjöld samtals	3 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
24–237	**Stórólfsvallabúið**		
571	Fjármagnskostnaður	2 800	
5,8	Gjöld samtals	2 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
4,7	Tekjur samtals	4 200	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24–238	**Fóðuriðjan Ólafsdal**		
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
5,8	Gjöld samtals	3 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	7 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 250	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 470	
571	Fjármagnskostnaður	1 340	
593	Afskriftir	4 860	
5,8	Gjöld samtals	20 020	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 800	
48	Fjármunatekjur	600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	7 600	
4,7	Tekjur samtals	18 000	
	Mismunur		−2 020
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 940	
32	Annað	900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 860	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 020	
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	3 910	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 440	
51–57	Viðhald	300	
5,8	Gjöld samtals	7 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 270	
4910	Framlög úr ríkissjóði	3 180	
4,7	Tekjur samtals	8 450	
	Mismunur		800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	800	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–211	**Fiskimálasjóður**		
51	Laun	840	
571	Fjármagnskostnaður	3 470	
5,8	Gjöld samtals	4 310	
48	Fjármunatekjur	4 440	
4,7	Tekjur samtals	4 440	
	Mismunur		130
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborgun lána	3 950	
32	Annað	30	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	3 850	
39	Ráðstöfun eigin fjár	130	
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	233 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	333 550	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	950 360	
571	Fjármagnskostnaður	68 500	
51–57	Viðhald	65 410	
593	Afskriftir	129 100	
5,8	Gjöld samtals	1 780 120	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 795 240	
48	Fjármunatekjur	7 300	
49	Aðrar tekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 820 540	
	Mismunur		40 420
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	36 480	
26	Afborgun lána	50 500	
32	Annað	92 240	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	9 700	
19	Afskriftir	129 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	40 420	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 220	
51–57	Viðhald	3 400	
5,8	Gjöld samtals	8 540	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 290	
49	Aðrar tekjur	21 000	
4,7	Tekjur samtals	36 290	
	Mismunur		27 750
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	27 750	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 750	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	3 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 600	
5,8	Gjöld samtals	27 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 700	
4,7	Tekjur samtals	27 700	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
59	Yfirfærslur	80	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	1 860	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 610	
4,7	Tekjur samtals	6 470	
	Mismunur		6 390
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 390	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 680	
571	Fjármagnskostnaður	1 280	
5,8	Gjöld samtals	2 960	
48	Fjármunatekjur	5 240	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	13 240	
	Mismunur		10 280
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	800	
32	Annað	10 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 280	
26–373	**Kristnisjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	120	
571	Fjármagnskostnaður	190	
59	Yfirfærslur	13 420	
5,8	Gjöld samtals	13 730	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	14 310	
4,7	Tekjur samtals	14 430	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	80 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	121 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 949 000	
5,8	Gjöld samtals	2 150 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	47 000	
48	Fjármunatekjur	1 908 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 050 000	
49	Aðrar tekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	3 055 000	
	Mismunur		905 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 945 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 340 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 400 000	
26	Tekin lán	6 925 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	905 000	
32	Annað	70 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
571	Fjármagnskostnaður	183 000	
5,8	Gjöld samtals	233 000	
48	Fjármunatekjur	112 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	600 000	
49	Aðrar tekjur	398 000	
4,7	Tekjur samtals	1 110 000	
	Mismunur		877 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 540 000	
26	Afborgun lána	609 000	

	Fjármunahreyfingar inn:	Þús. kr.	Þús. kr.
16	Innheimtar afborganir	142 000	
26	Tekin lán	2 130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	877 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	4 690	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 270	
59	Yfirfærslur	84 100	
5,8	Gjöld samtals	92 060	
48	Fjármunatekjur	3 600	
49	Aðrar tekjur	88 460	
4,7	Tekjur samtals	92 060	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
59	Yfirfærslur	670 000	
5,8	Gjöld samtals	694 200	
48	Fjármunatekjur	203 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	277 000	
49	Aðrar tekjur	277 000	
4,7	Tekjur samtals	757 000	
	Mismunur		62 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	84 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	21 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	62 800	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	60 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	40 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	94 230	
5,8	Gjöld samtals	194 930	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	213 830	
4,7	Tekjur samtals	213 830	
	Mismunur		18 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	6 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	201 260	
52–57	Önnur rekstrargjöld	385 160	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 670 690	
571	Fjármagnskostnaður	1 710	
51–57	Viðhald	52 610	
593	Afskriftir	52 610	
5,8	Gjöld samtals	2 364 040	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 415 870	
48	Fjármunatekjur	8 500	
49	Aðrar tekjur	3 580	
4,7	Tekjur samtals	8 427 950	
	Mismunur		6 063 910
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 000	
26	Afborgun lána	3 520	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 050 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	52 610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 063 910	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	82 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	47 330	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	364 000	
571	Fjármagnskostnaður	18 270	
51–57	Viðhald	5 170	
593	Afskriftir	15 200	
5,8	Gjöld samtals	532 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	511 080	
48	Fjármunatekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	561 080	
	Mismunur		28 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 200	
26	Afborgun lána	5 500	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	28 500	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	31 440	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 850	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 138 990	
571	Fjármagnskostnaður	1 500	
51–57	Viðhald	860	
593	Afskriftir	610	
5,8	Gjöld samtals	1 189 250	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 179 280	
48	Fjármunatekjur	960	
49	Aðrar tekjur	8 400	
4,7	Tekjur samtals	1 188 640	
	Mismunur		−610
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−610	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	13 710	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 670	
51–57	Viðhald	10 940	
593	Afskriftir	2 000	
5,8	Gjöld samtals	41 320	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 320	
4,7	Tekjur samtals	41 320	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	8 190	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 270	
51–57	Viðhald	12 770	
5,8	Gjöld samtals	28 230	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 430	
48	Fjármunatekjur	1 800	
4,7	Tekjur samtals	28 230	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	12 490	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 320	
51–57	Viðhald	13 010	
5,8	Gjöld samtals	38 820	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	38 820	
4,7	Tekjur samtals	38 820	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	8 480	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 400	
571	Fjármagnskostnaður	22 000	
5,8	Gjöld samtals	35 880	
48	Fjármunatekjur	68 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	268 000	
	Mismunur		232 120
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	268 000	
26	Afborgun lána	76 500	
32	Annað	56 620	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	169 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	232 120	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	7 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	19 040	
51–57	Viðhald	29 310	
5,8	Gjöld samtals	56 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 160	
4,7	Tekjur samtals	56 160	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 537 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 400 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	230 000	
571	Fjármagnskostnaður	94 000	
51–57	Viðhald	91 000	
593	Afskriftir	900 000	
5,8	Gjöld samtals	6 252 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 234 000	
48	Fjármunatekjur	24 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði, skil ICAO-tekna	157 000	
49	Aðrar tekjur	71 000	
4,7	Tekjur samtals	6 486 000	
	Mismunur		234 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	577 000	
26	Afborgun lána	307 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	250 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	900 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	234 000	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	301 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	368 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	332 920	
571	Fjármagnskostnaður	2 240	
51–57	Viðhald	243 200	
593	Afskriftir	54 720	
5,8	Gjöld samtals	1 302 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 293 250	
4,7	Tekjur samtals	1 293 250	
	Mismunur		−9 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	45 000	
26	Afborgun lána	590	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	54 720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−9 130	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	178 120	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 700	
571	Fjármagnskostnaður	27 800	
51–57	Viðhald	25 000	
593	Afskriftir	55 000	
5,8	Gjöld samtals	468 420	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	347 900	
48	Fjármunatekjur	6 520	
4910	Framlög úr ríkissjóði	61 000	
4,7	Tekjur samtals	415 420	
	Mismunur		−53 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	62 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	55 000	
26	Tekin lán	60 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−53 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	17 860	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 320	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
5,8	Gjöld samtals	33 180	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 180	
4,7	Tekjur samtals	33 180	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 850	
571	Fjármagnskostnaður	6 900	
59	Yfirfærslur	15 200	
5,8	Gjöld samtals	23 950	
48	Fjármunatekjur	18 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	43 100	
	Mismunur		19 150
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	31 100	
26	Afborgun lána	13 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 150	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	7 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 450	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	7 410	
5,8	Gjöld samtals	20 780	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 030	
48	Fjármunatekjur	720	
4910	Framlög úr ríkissjóði	340	
4,7	Tekjur samtals	21 090	
	Mismunur		310
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	310	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	310	
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	12 280	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 690	
51–57	Viðhald	8 030	
5,8	Gjöld samtals	22 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 000	
4,7	Tekjur samtals	22 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 680	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 450	
5,8	Gjöld samtals	4 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 130	
4,7	Tekjur samtals	4 130	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	237 010	
52-57	Önnur rekstrargjöld	166 080	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	72 000	
571	Fjármagnskostnaður	27 500	
51-57	Viðhald	100 890	
593	Afskriftir	83 520	
5,8	Gjöld samtals	687 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	698 000	
49	Aðrar tekjur	7 200	
4,7	Tekjur samtals	705 200	
	Mismunur		18 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 000	
18	Fjárfestingar	73 000	
26	Afborgun lána	45 000	
32	Annað	16 320	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	6 100	
19	Afskriftir	83 520	
26	Tekin lán	31 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 200	
31-233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	75 880	
52-57	Önnur rekstrargjöld	16 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	43 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 900	
51-57	Viðhald	3 160	
593	Afskriftir	15 690	
5,8	Gjöld samtals	159 230	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	166 550	
48	Fjármunatekjur	720	
49	Aðrar tekjur	360	
4,7	Tekjur samtals	167 630	
	Mismunur		8 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 250	
26	Afborgun lána	3 050	
32	Annað	20 790	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 690	
26	Tekin lán	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 400	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	365 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 413 000	
571	Fjármagnskostnaður	90 000	
593	Afskriftir	423 000	
5,8	Gjöld samtals	2 721 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 311 000	
48	Fjármunatekjur	51 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	2 382 000	
	Mismunur		−339 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	176 000	
26	Afborgun lána	42 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	423 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−339 000	
32	Annað	134 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 300	
571	Fjármagnskostnaður	56 970	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	79 270	
48	Fjármunatekjur	16 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	240 450	
4,7	Tekjur samtals	257 120	
	Mismunur		177 850
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	12 350	
26	Afborgun lána	163 150	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	45 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	42 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	177 850	

Sþ. 398. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1989 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**2 975 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 420 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	90 000	
4111	Eignarskattur, félög	665 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	150 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	450 000	
4118	Erfðafjárskattur	200 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**10 450 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	8 200 000	
4123	Tekjuskattur, félög	2 250 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 350 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 350 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 131 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 315 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	2 830 000	
4212	Jöfnunargjald	551 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	8 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	113 000	
42154	Kartöflugjald	94 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	170 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	50 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**681 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	303 000	
4221	Leyfisgjald	178 000	
4225	Lántökugjald af erlendum lánum	200 000	
	Flutt		21 587 500

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		21 587 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 801 000**
4235	Vörugjald	2 750 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	51 000	
424	**Söluskattur**		**32 505 000**
4240–2	Söluskattur, alls	33 780 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 275 000	
426	**Skattar af orku**		**59 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	59 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 054 500**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 050 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	4 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**75 000**
42801	Skemmtanaskattur	64 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**351 000**
4290	Aukatekjur, almennar	339 000	
4291	Prófgjöld	5 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	7 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**5 353 000**
4301	Launaskattur	2 825 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 950 000	
4303	Slysatryggingagjald	318 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	260 000	
	Flutt		68 786 000

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		68 786 000
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**4 249 400**
4310	Þinglýsingar	33 000	
4311	Stimpilgjald	1 710 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, samkvæmt ökumælum	800 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	265 000	
43123	Bifreiðagjald	680 000	
43131	Lestagjald	100	
43132	Vitagjald	26 000	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	160 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	62 300	
4318	ICAO-tekjur	374 000	
43192	Gjald af sérstakri verktakastarfsemi	100 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 185 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 300 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 885 000	
482	**Arðgreiðslur**		**755 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 700	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	218 400	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	28 900	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	20 000	
48206	Póstur og sími	250 000	
4821	Sameignir ríkisins	15 000	
4822	Arður af hlutabréfum	5 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	52 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**125 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	115 000	
4999	Óvissar tekjur	10 000	
	Tekjur samtals		77 100 400

Sþ. 399. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Inga Birni Albertssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-986 620 Bygging íþróttamannvirkja.	
Fyrir „51.209“ kemur	75.000
2. Við 4. gr. 02-988 117 Starfsemi KFUM og KFUK.	
Fyrir „1.500“ kemur	2.000
3. Við 4. gr. 03-101 131 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning.	
Fyrir „480“ kemur	1.500
4. Við 4. gr. 10-651 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.	
Fyrir „28.000“ kemur	45.000

Sþ. 400. Fyrirspurn [220. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir varðandi loðdýrarækt.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu stjórnvalda til þess að bregðast við vanda loðdýraræktar í landinu?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera á næstunni til þess að treysta rekstrargrundvöll loðdýraræktar?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að viðmiðunarbústærð við lánveitingar úr Stofnlánadeild verði aukin?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Framleiðnisjóður greiði styrki vegna búháttabreytinga úr refarækt í minkarækt að fullu á árinu 1989?

Sþ. 401. Fyrirspurn [221. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskveiði og úthlutun á þorskkvóta.

Frá Skúla Alexanderssyni, Geir Gunnarssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Kristni Péturssyni, Guðmundi Ágústssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hver var úthlutun þorskkvóta samtals á hverju ári 1984–1989 til eftirtalinna skipaflokka:
   a. togara lengri en 39 metra,
   b. togara 39 metra og styttri,
   c. frystitogara,
   d. báta?

   Enn fremur sundurliðað á eftirtalin svæði fyrir sömu ár:
   1. Norðurfjörður til og með Þórshöfn.
   2. Bakkafjörður til og með Djúpavogi.
   3. Höfn til og með Vestmannaeyjum.
   4. Stokkseyri til og með Grindavík.
   5. Hafnir til og með Akranesi.
   6. Arnarstapi til og með Patreksfirði.
   7. Tálknafjörður til og með Súðavík.

2. Hver hefur þorskveiðin verið á fyrrnefndum svæðum samtals á hverju ári 1984–1988 á hvern eftirtalinn skipaflokk:
   a. togara lengri en 39 metra,
   b. togara 39 metra og styttri,
   c. frystitogara,
   d. báta 10 brl. og stærri,
   e. báta minni en 10 brl.?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 402. Nefndarálit [73. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta er á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði og á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Þó að reglurnar hafa verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundi nefndarinnar og veittu margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum tillagna nefndarinnar, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó og í lofti. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir, sem styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Samt er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgönguráðuneytinu fyrir yfirstandandi ár. Enn fremur vill nefndin beina því til ráðuneytisins að þeim, sem njóta stofnstyrkja undir liðnum flutningar á landi, verði kynnt sú meginregla nefndarinnar að stofnstyrkir til ákveðinna verkefna verði eingöngu veittir í þrjú ár. Við úthlutun stofnstyrkja hefur að jafnaði verið við það miðað að þeir verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum. Þrátt fyrir þessa meginreglu taldi nefndin eftir atvikum rétt að veita tveimur aðilum stofnstyrk í fjórða sinn á næsta ári. Það er til vetrarsamgangna í Árneshreppi og til snjóbifreiðar í Oddsskarði og Fagradal. Nefndin vill leggja á það áherslu að líta beri á þessar styrkveitingar sem algjöra undantekningu og ekki til eftirbreytni.

Akraborg.

Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 20 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 14,4 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann.

Á árinu 1987 nam hallinn á rekstri Akraborgar 779 þús. kr. Á árinu 1986 var hallinn 12,2 millj. kr. Rekstrartekjur Akraborgar voru 92,2 millj. kr. á árinu 1987 en voru 77,8 millj. kr. 1986. Hækkun milli ára er 20,5%. Rekstrargjöld voru 89,6 millj. kr. 1987 en 68,7 millj. kr. 1986. Gjöldin hækkuðu því um 30,4%.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 33,7 millj. kr. Eiginfjárstaðan batnaði um tæpar 40 millj. kr. á árinu. Skýringin er fyrst og fremst sú að með heimild í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1987 var felld niður skuld við Ríkisábyrgðasjóð vegna uppsafnaðra vaxta og dráttarvaxta, samtals að fjárhæð 45.515.519 kr. Þá var langtímaskuld fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði skuldbreytt á þann hátt að af tveimur gjalddögum á ári af láninu kemur aðeins ein til greiðslu þar til á lokagjalddaga lánsins að hinar frestuðu afborganir koma til greiðslu.

Afleiðing þessa er sú að skammtímaskuldir minnkuðu úr 69,1 millj. kr. í lok ársins 1986 í 28,1 millj. kr. í lok síðasta árs. Veltufjárhlutfallið er enn mjög lágt eða aðeins 0,22.

Í lok september sl. var hallinn á rekstri Akraborgar orðinn 6,6 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Hér er um veruleg umskipti frá árinu áður að ræða en þá skilaði reksturinn hagnaði fyrstu níu mánuði ársins að fjárhæð 3,1 millj. kr.

Samkvæmt yfirliti um greiðslubyrði afborgana og vaxta af langtímalánum Akraborgar, sem nefndinni var sent, falla til greiðslu hjá Ríkisábyrgðasjóði eftirtaldar fjárhæðir á árunum 1989–1992 (í þús. kr.):

Árið 1989	5.659
Árið 1990	14.740
Árið 1991	13.845
Árið 1992	52.406

Hér fara á eftir upplýsingar um flutninga Akraborgar frá janúar til október 1987 og sömu mánuði þessa árs:

	1987	*1988*
Bifreiðar	67.766	64.342
þar af flutningabílar	6.910	6.865
„Gangandi farþegar"	60.873	60.586

Samkvæmt þessu yfirlit hefur bílum fækkað um 3413 eða um 5% en lítil sem engin breyting hefur orðið á tölu „gangandi farþega" milli ára.

Akraborgin fór 78 fleiri ferðir í ár en í fyrra og flutti að meðaltali 2,33 færri bíla í hverri ferð. Í ár flutti Akraborgin 26,43 bíla í hverri ferð en 28,76 bíla á árinu 1987.

Baldur.

Eigandi Baldurs, Flóabáturinn Baldur hf., sækir um 20,8 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 14,7 millj. kr.

Í greinargerð rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu níu mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey hafi samstals orðið 153. Báturinn flutti í þessum ferðum 4859 farþega og 1311 bifreiðar. Til samanburðar má geta þess að í 151 ferð bátsins fyrstu tíu mánuði ársins 1987 flutti hann 6273 farþega og 1393 bifreiðar.

Auk viðkomu í Flatey var sem áður komið við í Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum. Yfir sumartímann fór báturinn sjö ferðir í viku yfir Breiðafjörðinn þegar þær urðu flestar, en á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl voru að jafnaði farnar tvær ferðir í viku hverri.

Eins og undanfarin ár voru engar fastar áætlunarferðir farnar milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna, en hins vegar voru farnar leiguferðir, m.a. með áburð og salt, svo og aðrar ferðir sem arðbærar þóttu.

Um þessa flutninga segir m.a. í greinargerð fyrirtækisins:

„Áburðarflutningar drógust saman í ár eins og búist var við í fyrrahaust. Reiknað var með nokkrum samdrætti á þessu ári. Aukin umræða og smíði nýrrar ferju hefur valdið því að vöruflutningar yfir Breiðafjörð hafa stóraukist."

Í bráðabirgðauppgjöri um rekstur bátsins til októberloka í ár og í áætlun til loka ársins er gert ráð fyrir að heildargjöld Baldurs verði 27,9 millj. kr. og tekjur 9,9 millj. kr. Ríkisframlagið verður 14,7 millj. kr., þannig að samkvæmt þessu kemur reksturinn til með að sýna 3,3 millj. kr. halla á árinu 1988.

Á árinu 1987 var hallinn á rekstri Baldurs 1,3 millj. kr., en 667 þús. kr. á árinu 1986.

Útgerðin gefur sér þá forsendu að laun hækki um 20% frá árinu í ár, en að aðrir gjaldaliðir hækki mismikið eða á bilinu 20–40%. Þannig er gert ráð fyrir að heildargjöld bátsins eða nýrrar ferju verði 39,2 millj. kr. eða um 40% hærri en í ár. Hér er gert ráð fyrir verulegri magnaukningu gjalda með tilkomu nýrrar ferju, hugsanlega fyrir mitt næsta ár.

Rekstraraðili áætlar að tekjur tvöfaldist á milli áranna og að þær verði 20,3 millj. kr. Til að jöfnuður náist þarf ríkisframlagið að vera *18,9 millj. kr.*

Með bréfi, dags. 8. maí 1987, veitti fyrrverandi samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, samþykki sitt til að hafin yrði smíði Breiðafjarðarferju og í kjölfar þess var undirritaður smíðasamningur við Þorgeir & Ellert hf., Akranesi. Umsamið verð var 156,8 millj. kr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er 85 millj. kr. lántökuheimild til þess að ljúka smíði ferjunnar og á lánsfjárlögum þessa árs er 100 millj. kr. lánsfjárheimild.

Samkvæmt smíðasamningi á að afhenda nýja Breiðafjarðarferju í mars 1989.

Fagranes.

Eins og mörg undanfarin ár fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins til samvinnunefndar samgöngumála, dags. 18. nóvember 1988, er tekið fram að við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 1988 hafi verið gert ráð fyrir 16,96% meðaltalshækkun gjaldaliða milli ára, en hækkunin varð 19,27%. Búist var við 20% hækkun tekjuliða en hækkunin reyndist vera 13,47%.

Áætlað er að reksturinn skili um 201 þús. kr. hagnaði á þessu ári þegar búið er að taka tillit til 12,7 millj. kr. ríkisframlags.

Áætlun fyrirtækisins fyrir næsta ár er í hefðbundnum stíl. Útgerðin gefur sér þá forsendu að gjöld hækki um 12–15% frá árinu í ár, að meðaltali um tæp 13,45%, og að þau verði 19,7 millj. kr. á næsta ári. Tekjur eru taldar aukast um 22% milli ára og að þær verði 5,8 millj. kr. Til að jöfnuður náist þarf ríkisframlagið að vera *14,0 millj. kr.*, samkvæmt umsókn útgerðar bátsins.

Hríseyjarferja.

Á undanförnum mánuðum hefur sveitarstjóri Hríseyjarhrepps látið vinna frumhönnun að nýju skipi sem hentað gæti til þeirra flutninga sem fellur í hlut Hríseyjarferjunnar að annast.

Ljóst er að slík ferja er nokkuð sérhannað skip og því kostnaðarsöm í nýsmíði. Síðastliðið haust var áætlað að smíðakostnaður ferjunnar yrði 50–70 millj. kr. Vegna þessa hafa Hríseyingar jafnframt athugað hvort ekki væri á söluskrá erlendis tiltölulega nýlegar notaðar

ferjur. Hafa þeir fengið til liðs við sig Jón B. Hafsteinsson skipaverkfræðing og er hann að kanna möguleika á notuðu skipi í löndunum næst okkur.

Til að standa undir kostnaði á næsta ári við kaup eða smíði nýrrar Hríseyjarferju sækir sveitarstjóri Hríseyjarhrepps um stofnstyrk að fjárhæð 15 millj. kr.

Mjóafjarðarbátur.

Sótt er um styrk til áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferða er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klst. í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á veturna.

Vegna áætlunarferðanna til Dalatanga hefur reynst nauðsynlegt að hafa yfir að ráða snjósleða og Subaru-bifreið og einnig Zodiak-gúmmíbát því að þegar landleiðin er ófær er farið á bátnum næsta dag og tekið land á gúmmíbátnum. Eru þær ferðir tímafrekar og bindandi þar sem oft þarf að bíða færis vegna erfiðra lendingarskilyrða á Dalatanga. Hefur það í för með sér allmikinn aukakostnað og tímatap.

Þessi bátur, sem keyptur var á árinu 1978, er að sögn heimamanna eini möguleikinn til þess að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Rekstraraðili Mjóafjarðarbáts, Egill Stefánsson, sækir um rekstrarstyrk á næsta ári að fjárhæð 2.640.000 kr. Enn fremur er sótt um stofnstyrk 1.000.000–1.200.000 kr. til endurbóta á bátnum.

Herjólfur.

Á árinu 1987 var hagnaður á rekstri Herjólfs 392 þús. kr. og er þá búið að taka tillit til 19,4 millj. kr. ríkisframlags. Hér er um að ræða töluverða breytingu frá árinu á undan þegar hallinn var um 10 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 42 millj. kr. og hafði það þá aukist um 12 millj. kr. á árinu. Skammtímaskuldir námu 21 millj. kr. í lok síðasta árs og höfðu þær þá hækkað um tæpar 10 millj. kr. frá árinu áður. Veltufjárhlutfallið er 0,70 sem er nokkuð lægra en það var í lok ársins 1986 (0,96).

Í lok október sl. var tap á rekstri Herjólfs 13,6 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til ríkisframlags og afskrifta. Í lok þessa árs er reiknað með að gjöld án afskrifta verði 128,2 millj. kr. og tekjur 105,6 millj. kr. Samkvæmt því áætlar útgerðin að tap á rekstri Herjólfs verði tæpar 22,6 millj. kr. í lok þessa árs án ríkisframlags, verðbreytingafærslna, afskrifta, verðbóta og óreglulegra rekstrarliða.

Samkvæmt bréfi Herjólfs hf. til nefndarinnar er áætlun fyrirtækisins um gjöld og tekjur á næsta ár sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989 með framreikningi á niðurstöðutölum ársins 1988. Gjöld og tekjur hækka samkvæmt því um 20%. Hallinn á rekstrinum hækkar úr 22,6 millj. kr. árið 1988 í 27,1 millj. kr. árið 1989.

Flutningar til Grímseyjar.

Fyrir nokkrum árum hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Til þess að sinna þeim flutningaverkefnum, sem flóabáturinn annaðist, var samið við Flugfélag Norðurlands hf. um að flytja vörur til Grímseyjar og jafnframt hefur Skipaútgerð ríkisins séð um flutning á þungavöru til eyjarinnar og fiskflutninga þaðan.

Áætlað er að þessir flutningar muni kosta um 8 millj. kr. á næsta ári.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér enda er þar um smáar upphæðir að ræða. Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Um 54. lið Óráðstafað, í breytingartillögu nefndarinnar, er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, að hann annaðist greiðslu slíkra reikninga í samráði við formenn samgöngunefnda Alþingis.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að á fjárlögum 1989 verði veittar samtals 109.609.000 kr. til flóabáta, fólks- og vöruflutninga, í staðinn fyrir 92.719.000 kr. á þessu ári og flytur nefndin breytingartillögu þess efnis á sérstöku þingskjali ásamt sundurliðun á framlaginu.

Alþingi, 4. jan. 1989.

Karvel Pálmason, form. Ed.-nefndar, frsm.	Hjörleifur Guttormsson, form. Nd.-nefndar.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Guðni Ágústsson, fundaskr. Nd.-nefndar.	Stefán Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.
Jón Helgason.	Friðjón Þórðarson.	Egill Jónsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Skúli Alexandersson.	Ingi Björn Albertsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.		Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 403. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10 321 120 Flóabátar og vöruflutningar.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „90.020“ kemur	109.609	
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Flóabátar og vöruflutningar (10-321 120).

a. Til flutninga á landi:

1.	Vetrarflutningar í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	160
2.	Vetrarflutningar í Dalahéraði	320
3.	Snjóbifreið í Reykhólahreppi	70
4.	Mjólkurflutningar í V-Barðastrandarsýslu	230
5.	Vetrarsamgöngur í Rauðasandshreppi	100
6.	Vetrarsamgöngur í Bíldudalshreppi	180
7.	Vetrarsamgöngur í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	115
8.	Vetrarsamgöngur við Ingjaldssand	170
	Stofnstyrkur	500
9.	Snjóbifreið í Önundarfirði	150
10.	Snjóbifreið um Botnsheiði	150
	Stofnstyrkur	500
11.	Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	560

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Vetrarflutningar í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	115	
13.	Vetrarflutningar í Ögurhreppi	70	
14.	Vetrarflutningar í Reykjafjarðarhreppi	70	
15.	Vetrarflutningar í Nauteyrarhreppi	70	
16.	Vetrarsamgöngur í Snæfjallahreppi	100	
17.	Vetrarflutningar í Árneshreppi	380	
18.	Vetrarsamgöngur í Árneshreppi	215	
	Stofnstyrkur	500	
19.	Vetrarsamgöngur í Kaldrananeshreppi	70	
20.	Snjóbifreið á Hólmavík	80	
21.	Fellshreppur	70	
22.	Óspakseyrarhreppur	70	
23.	Skefilsstaðahreppur	115	
24.	Snjóbifreið í Skagafirði	150	
25.	Vetrarflutningar í Haganes- og Holtshreppum	115	
	Stofnstyrkur	500	
26.	Snjóbifreið á Ólafsfirði, stofnstyrkur	500	
27.	Vetrarsamgöngur Ólafsfjörður–Akureyri	460	
28.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	50	
29.	Vetrarsamgöngur í Svarfaðardal	100	
30.	Snjóbifreið á Akureyri	80	
31.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	70	
32.	Vetrarsamgöngur Akureyri–Grýtubakkahreppur	115	
33.	Snjóbifreið í Hálshreppi S-Þingeyjarsýslu	70	
34.	Norðausturleið Vopnafjörður–Húsavík	830	
35.	Vetrarsamgöngur í Fjallahreppi	300	
36.	Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker	115	
37.	Snjóbifreið á Þórshöfn	100	
38.	Vetrarflutningar á Bakkafirði	170	
39.	Vetrarflutningar á Vopnafirði	170	
40.	Vetrarsamgöngur í Borgarfirði eystra	200	
41.	Vetrarsamgöngur í Hjaltastaðahreppi	70	
42.	Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	70	
43.	Vetrarsamgöngur á Jökuldal	115	
	Stofnstyrkur	670	
44.	Vetrarflutningar í Möðrudal	125	
	Stofnstyrkur	104	
45.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	60	
46.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	725	
47.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	875	
	Stofnstyrkur	575	
48.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	115	
49.	Vetrarflutningar á Breiðdalsvík	170	
50.	Vetrarflutningar Djúpivogur–Hornafjörður	400	
51.	Svínafell í Nesjum	70	
52.	Vöruflutningar á Suðurlandi	600	
53.	Snjóbifreið í V-Skaftafellssýslu, stofnstyrkur	400	
54.	Óráðstafað	1.600	
			16.049

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	16.500	
2. Baldur	18.800	
3. Mýrabátur	60	
4. Fagranes	14.000	
5. Dýrafjarðarbátur	200	
6. Hríseyjarferja, stofnstyrkur	3.500	
7. Mjóafjarðarbátur	2.500	
Stofnstyrkur	1.000	
8. Herjólfur	29.000	
9. Eyjafjörður, Grímsey	8.000	
		93.560
		109.609

Sþ. 404. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1.617.000“ kemur	1.762.000
2. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð 102 Fræðslustarfsemi.	
Fyrir „1.200“ kemur	3.120
3. Við 4. gr. 07-999 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „6.130“ kemur	9.700

Sþ. 405. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 6. janúar 1989 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 6. febrúar 1989.

Sþ. 406. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	Þús. kr.
a. Við 140 Kostnaður vegna laga nr. 25/1975.	
Fyrir „927“ kemur	5.000
b. Nýr liður:	
180 Forvarnasjóður	20.000
c. Við 195 Kynsjúkdómar, eyðni.	
Fyrir „5.890“ kemur	10.000

Ed. 407. Frumvarp til laga [223. mál]

um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, sbr. 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14/1988, er fjármálaráðherra heimilt að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, er óheimilt að hækka gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga á tímabilinu 28. september 1988 til 28. febrúar 1989. Þó er heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf. Samkvæmt framansögðu er að óbreyttum lögum óheimilt að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki nema vegna hækkana á innkaupsverði.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 450 milljónir á árinu 1989 vegna sérstakra hækkana á áfengi og tóbaki umfram almennar verðlagsbreytingar. Ljóst er að þetta markmið næst ekki nema að heimilt verði að hækka útsöluverð á þessum vörum sem allra fyrst. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt en það felur í sér að heimilt verði þrátt fyrir ákvæði 16. gr. laga nr. 83/1988 að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki fyrir 28. febrúar 1989.

Ed. 408. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentsstörf og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis,

leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Eiga fulltrúar stúdenta á skorar- og deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Engum manni má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við háskólann, nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti deildarfundar mæli með honum í embættið eða starfið.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda um sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breyting á gildandi lögum um Háskóla Íslands er flutt að fengnum tillögum háskólaráðs. Tillögunum fylgdi svofelld greinargerð af hendi háskólaráðs:

Almennar athugasemdir.

Reglur um undirbúning og framkvæmd stöðuveitinga við Háskóla Íslands gegna lykilhlutverki fyrir starfsemi stofnunarinnar og þróun. Miklu varðar að vel sé til reglnanna vandað og jafnframt kappkostað að beina framkvæmd þeirra inn á markvissar og skipulegar brautir. Í þessu skyni leggur háskólaráð til að skipan stöðuveitingamála verði framvegis byggð á þrenns konar réttarheimildum.

1. Á lögum þar sem mælt sé fyrir um meginatriði eins og verið hefur.
2. Á reglugerð þar sem sömu atriði séu rakin ásamt nánari útfærslu.
3. Á fyrirmælum eða reglum, sem háskólaráð setji innan marka háskólalaga og reglugerðar, þar sem orðaðar séu almennar reglur um starfshætti dómnefnda og ýmis atriði varðandi meðferð stöðuumsókna.

Skuli þessar reglur lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Markmið þeirra breytinga, sem háskólaráð gerir tillögur um, eru einkum þessi:

1. Að undirbúningur ákvörðunar um stöðuveitingar sé sem vandaðastur.
2. Að framkvæmd dómnefndarstarfa sé sem samræmdust.
3. Að sneiða svo sem kostur er hjá ágreiningi um stöðuveitingar.

Aðalbreytingar eru þessar:

1. Ritari skipaður af háskólaráði er dómnefnd til ráðuneytis og leiðbeiningar um störf hennar.
2. Áhrif háskóladeildar eru aukin. Hefur deildin vald til að velja úr hópi hæfra umsækjenda, en vald ráðherra þrengist og er fyrst og fremst synjunarvald.
3. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en deild fjallar um umsækjendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta er óbreytt.

2. mgr.

Lektorsstöður eru hér lagðar að jöfnu við prófessorsembætti og dósentsstöður um alla meðferð umsókna. Er engu minni ástæða til að vanda vel val manna þegar þeir fá fasta stöðu í fyrsta sinn við Háskólann en síðar er þeir hljóta hærri stöður.

3. mgr.

Gert er ráð fyrir að dómnefndir séu skipaðar með sama hætti og í gildandi lögum. Með því móti hafa háskóladeild, háskólaráð og ráðherra tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dómnefnd. Ætlast er þó til þess að dómnefndarmenn séu óháðir þeim stofnunum, sem skipa þá, eins og verið hefur.

Eitt nýmæli felst í ákvæðinu um skipan dómnefnda. Ritari skipaður af háskólaráði skal vera dómnefnd til trausts og halds í störfum hennar. Það er bæði til flýtisauka og öryggis fyrir dómnefnd að geta fengið allar upplýsingar innan nefndar um lagareglur, reglugerðarákvæði, starfsreglur, framkvæmdavenjur, fyrirmyndir og annað er snertir meðferð þessara mála. Er þessi tilhögun til þess fallin að stuðla að samkvæmni og vandaðri meðferð.

4. mgr.

Í ákvæði þessu felast verulegar breytingar. Í fyrsta lagi er tryggt að álit hlutaðeigandi skorar verður kynnt á deildarfundi áður en deildin fjallar um hæfa umsækjendur. Faglegt álit skorar á hæfi umsækjenda er veigamikið og nauðsynlegt í fjölfaglegum deildum þar sem viðfangsefni kennara eru mjög ólík.

Í öðru lagi er háskóladeild falið að velja nýjan háskólakennara úr hópi hæfra umsækjenda. Við flesta háskóla eru nýir kennarar valdir af háskólunum sjálfum, t.d. af deildum, ráðninga- og valnefndum eða með öðrum hætti. Er tímabært að færa þessa ákvörðun til þeirrar háskóladeildar þar sem væntanlegur kennari mun starfa.

Veitingarvald ráðherra er hér takmarkað mun meira en í gildandi lögum. Má ráðherra ekki veita manni stöðu, nema hann hafi hlotið meðmæli dómnefndar og háskóladeildar. Takmarkanir á stöðuveitingavaldi ráðherra tíðkast almennt erlendis þegar um mannaráðningar við háskóla er að ræða. Þykja þær eðlilegar afleiðing af sjálfstæði slíkra stofnana.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

Reykjavík, 12. desember 1988.

Menntamálaráðherra
Svavar Gestsson.

SHÍ fagnar þeirri ákvörðun Háskólaráðs að leggja til við yður breytingu á 11. gr. háskólalaga. Reynslan sýnir það ljóslega að nauðsynlegt er að Háskólinn sjálfur eigi sem mest vald í eigin efnum. Að sjálfsögðu má svo deila um á hvern hátt búa eigi um hnútana í þeim efnum svo sem umræður í háskólaráði sýndu glögglega. Er það mat stúdenta að sú lausn sé ágæt sem lagafrumvarpið felur í sér.

Athygli yðar er þó vakin á því að í háskólaráði lögðu fulltrúar stúdenta til að úr 11. gr. yrðu felld orðin: . . . „og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt". Var þetta lagt til m.a. vegna þess að hið nýja frumvarp leggur aukna áherslu á faglegt mat dómnefnda þannig að röksemdir gegn atkvæðisrétti stúdenta eigi ekki lengur við. Helstu röksemdir stúdenta voru þar að auki að stúdentar í háskólaráði hafa atkvæðisrétt í öllum málum, m.a. varðandi stöðuveitingar, stúdentar þekkja oft umsækjendur af eigin raun gegnum kennslu og að stúdentar eru minna háðir klíkumyndunum og flokkadráttum í deildum. Naut þessi tillaga stúdentafulltrúanna mikils stuðnings forystumanna stúdenta í deildum. Örlög hennar urðu þau að hún var felld í háskólaráði með átta atkvæðum gegn sjö.

Með bréfi þessu viljum við fullvissa yður, herra ráðherra, um stuðning stúdenta við lagafrumvarp þetta.

F.h. menntamálanefndar SHÍ,
Valborg Snævarr
formaður.

Sþ. 409. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands 104 Rannsóknir í kvennafræðum. Fyrir „1.140" kemur	4.000
2. Við 4. gr. 02-885 Fullorðinsfræðsla 160 Heimilisiðnaðarskólinn. Fyrir „500" kemur	2.370
3. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýir liðir:	
a. 133 Sérstakt átak til að auka atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli	5.000
b. 134 Sérstakt átak í jafnréttismálum	5.000

Sþ. **410. Svar** [146. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi H. Garðarssyni um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Með lögum nr. 56/1986, sem tóku gildi 1. sept. það ár, voru réttindi einstaklinga til lána úr Byggingarsjóði ríkisins bundin við iðgjaldagreiðslur þeirra til lífeyrissjóða og kaup sjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í lögunum var bráðabirgðaákvæði þar sem einstaklingum var tryggður hámarkslánsréttur á árinu 1986 þótt viðkomandi lífeyrissjóðir keyptu ekki skuldabréf það ár fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu eins og mælt var fyrir í lögunum að gera skyldi til að sjóðfélagar hefðu fullan lánsrétt. Hins vegar gildir 55%-reglan að fullu frá og með árinu 1987. Einstaka sjóðir hafa þó ekki samið við stofnunina eða samið um lægra kauphlutfall.

Félagsmálaráðuneytið óskaði með bréfi, dags. 15. des., eftir heimild Seðlabanka til að birta opinberlega upplýsingar um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna 1987 sem Húsnæðisstofnun var látið í té. Sú heimild var veitt með bréfi dags. 21. des. 1988. Meðfylgjandi er skrá (ráðstöfunarfé og skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1987, dags. 13. des. 1988) yfir ráðstöfunarfé lífeyrissjóða samkvæmt upplýsingum Seðlabankans, upphæð skuldabréfakaupa þeirra árið 1987 og kauphlutfall, ásamt athugasemdum. Einnig fylgir skrá (samningar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup 1986–1990) yfir gerða samninga við sjóðina og kauphlutfall af ráðstöfunarfé samkvæmt þeim, og skrá yfir kaup sjóðanna frá janúar til nóvember 1988 (skuldabréfakaup lífeyrissjóða tímabilið 1. jan. til 30. nóv. 1988).

Þær áætlanir, sem liggja fyrir um ráðstöfunarfé árið 1988 og fyrir árið 1989, eru áætlanir Seðlabankans um heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna frá 6. des. sl. og fylgja hér með (greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1983–1989). Nokkrir sjóðir hafa sent áætlanir eða skráð í samninga sína við stofnunina áætlun um ráðstöfunarfé og kaup. Þær áætlanir hafa reynst marklitlar og hafa flestir viðkomandi sjóða keypt fyrir meira en þar er skráð. Af framansögðu er ljóst að verulega skortir á fullnægjandi upplýsingar frá sjóðunum um ráðstöfunarfé.

Ekki hefur enn reynt á ákvæði laganna um skerðingu lána til einstaklinga eða missi réttar vegna ófullnægðra samninga eða vegna þess að ekki hefur verið samið um kaup á skuldabréfum en að mati Húsnæðisstofnunar munu slík dæmi geta komið upp á næstunni.

Í samningnum við lífeyrissjóðasamböndin, sem undirritaður var 21. des. 1988, um lánskjör á skuldabréfum þeim, sem lífeyrissjóðunum verður boðið að kaupa á næsta ári, var jafnframt gerður sérstakur samningur um fyrirkomulag skuldabréfakaupa lífeyrissjóða. Með þessum samningi um fyrirkomulag skuldabréfakaupa gera aðilar sér vonir um bætt eftirlit og betri skil á skuldabréfakaupunum en verið hefur.

Ráðstöfunarfé og skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1987.

1987	Ráðstöfunarfé þús.kr.	Skuldabréfakaup þús.kr.	Hlutfall.	Vöntun m.v.55% þús.kr.	Athugasemdir.
Lsj. verslunarmanna	1.429.959	761.000	53,22%	25.477	
Lsj. starfsm. ríkisins	943.549	532.300	56,38%	(13.048)	
Lsj. sjómanna	826.778	264.000	31,93%	190.728	
Samvinnulífeyrissjóðurinn	430.499	213.752	49,65%	23.922	
Lsj. Dagsbrúnar og Framsóknar	397.134	205.000	51,62%	13.424	
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	422.551	190.000	44,96%	42.403	
Lsj. bænda	298.503	130.000	43,55%	34.177	Ath. stofnsj.frl.
Lsj. Vestfirðinga		114.533			
Lsj. verkalýðsf. á Suðurnesjum	205.991	93.000	45,15%	20.295	
Lsj. lækna	176.145	89.633	50,89%	7.247	
Lsj. Sóknar	184.530	82.200	44,55%	19.292	
Lsj. málm- og skipasmiða	286.764	80.000	27,90%	77.720	
Lsj. byggingarmanna	215.278	80.000	37,16%	38.403	
B. starfsm. Landsb. og Seðlab.	256.039	108.000	42,18%	32.821	þar af 54mkr keypt í jan 88.
Lsj. Vestmanneyinga	178.651	70.250	39,32%	28.008	
Lsj. Austurlands	242.171	70.000	28,91%	63.194	
Lsj. hjúkrunarkvenna	134.376	69.600	51,79%	4.307	
Lsj. Sameining	155.036	68.000	43,86%	17.270	
Lsj. verksmiðjufólks	153.518	67.900	44,23%	16.525	
Lsj. Hlífar og Framtíðarinnar	127.640	56.500	44,27%	13.702	
Lsj. starfsm. Reykjavíkurborgar	13.436	50.161	373,28%	(42.770)	
Lsj. KEA	93.737	51.500	55,99%	(923)	þaraf 6.5 mkr keyptar í jan 88.
Lsj. rafiðnaðarmanna	178.272	45.000	25,24%	53.050	
Lsj. verkstjóra	120.003	43.000	35,83%	23.002	
Lsj. verkalýðsf. á Suðurlandi	79.923	40.000	50,05%	3.958	
Lsj. Verkfræðingafélags Íslands		40.000			Samn. um 40% kaup.
Lsj. Eimskipafélags Íslands	81.839	40.000	48,88%	5.011	
Lsj. Vesturlands		38.500			
Lsj. Björg		37.500			
Lsj. bókagerðarmanna	90.052	34.000	37,76%	15.529	
Lsj. verkalýðsf. á Norðurl. vestra		26.555			
Lsj. apótekara og lyfjafræðinga	42.652	25.301	59,32%	(1.842)	
Lsj. stéttarfélaga í Skagafirði	40.614	23.000	56,63%	(662)	
Lsj. Rangæinga	38.201	19.700	51,57%	1.311	
Almennur lsj. iðnaðarmanna	55.164	19.300	34,99%	11.040	
Lsj. múrara	51.738	19.225	37,16%	9.231	
Lsj. Flugvirkjafélag Íslands	71.387	19.000	26,62%	20.263	
Lsj. Bolungarvíkur	60.220	19.000	31,55%	14.121	
E. Sláturf. Suðurlands	39.425	17.000	43,12%	4.684	
Lsj. Blaðamanna	28.615	16.100	56,26%	(362)	
Lsj. Mjólkursamsölunnar	22.795	16.000	70,20%	(3.464)	
Lsj. Tæknifræðingafélags Íslands	67.298	15.725	23,37%	21.289	
E. starfsmanna Olíufél. Skeljungs	27.985	15.470	55,28%	(78)	
Lsj. Hlíf		15.000			
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	30.961	15.000	48,45%	2.029	
Lsj. starfsmanna Áburðarverksm.	24.707	13.200	53,43%	369	
Lsj. verkamanna Hvammstanga	15.850	13.000	82,02%	4.283	

Lsj. matreiðslumanna	35.225	12.600	35,77%	6.774	
Lsj. Kópavogskaupstaðar	26.340	12.425	47,17%	2.062	
Lsj. Skjöldur	24.806	12.000	48,38%	1.643	
Lsj. ísl stj. starfs. á Keflav. fl.	24.596	11.000	44,72%	2.529	
Lsj. Akraneskaupstaðar	25.601	10.450	40,82%	3.631	
E. Hafnarfjarðarkaupstaðar		10.000			
Lsj. slökkviliðsm. á Keflavíkurflugv	41.185	8.500	20,64%	14.152	
Lsj. Tannlæknafélag Íslands	25.250	8.000	31,68%	5.888	Samn. um 44% kaup.
Lsj. verkafólks í Grindavík	21.640	7.900	36,51%	4.002	
Lsj. byggingariðnaðarm í Hafnarf.	14.442	7.260	50,27%	663	
Lsj. trésmiða á Akureyri	20.207	7.000	34,64%	4.114	
Lsj. framreiðslumanna		6.500			
Lsj. Félags ísl hljómlistarmanna	13.647	6.024	44,14%	1.482	
Lsj. Félags starfsf. í veitingahúsum		6.000			
Lsj. Félags íslenskra leikara	14.726	6.000	40,74%	2.099	
Lsj. leigubifreiðastjóra		6.000			
Lsj. starfsmanna Húsavíkurbæjar	11.881	5.500	46,29%	1.035	
Lsj. Arkitektafélag Íslands	6.161	4.760	77,26%	(1.371)	
E. Keflavíkurkaupstaðar	12.817	4.260	33,24%	2.789	
Lsj. starfsm. Vestmannaeyjakaupst.	5.779	2.480	42,91%	698	
Lsj. Neskaupstaðar	14.689	2.347	15,98%	5.732	
Lsj. Félags garðyrkjumanna	8.536	2.100	24,60%	2.595	
Lsj. Félags leiðsögumanna		1.100			
Lsj. starfsm. SÍF	3.100	1.000	32,26%	705	
Lsj. Iðju á Akureyri	6.426	3.400	52,91%	134	þaraf keypt f.2.6mkr 301287
Lsj. Landssambands vörubifreiðastj		0			
Hlíf og örorkutryggingasj. lækna					samdi ekki
Lsj. starfsm. Sjóvátr. Íslands	2.596				samdi ekki
E. starfsm. Útvegsbanka Íslands		0		0	
Lsj. starfsm. Reykjavíkurapóteks					samdi ekki
E. starfsm. Olíuverslunar Íslands		0		0	
Lsj. Iðnaðarmannafélags Suðurnesja		0		0	
E. Starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	82.637	0	0.00%	45.450	
Lsj. starfsm. ríkisprent. Gutenberg					samdi ekki
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	68.776				samdi ekki
Lsj. ljósmæðra	116				samdi ekki
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	172.103				samdi ekki
Eftirl. og örorkubótasjóður RAFHA					samdi ekki
Alls:	9.023.168	4.238.211	46,97%	724.531	
Áætlaðar heildartölur (allir sjóðir)	9.850.000	5.400.000			

Samkvæmt töflunni hér að ofan hafa 62 sjóðir af um 75, sem gerðu samninga um kaup 1987, skilað skýrslum um um fjárhag sinn.
Heildarupphæð ráðstöfunarfjár þessara sjóða er um 91% af áætluðu heildarráðstöfunarfé allra sjóðanna þetta ár.

Byggt á nýjum upplýsingum frá Seðlabanka um ráðstöfunarfé sjóðanna 1987

Samningar við lífeyrissjóði um skuldbréfakaup 1986–1990.

LÍFEYRISSJÓÐUR:	HLUTFALL AF RÁÐST.FÉ HVERS ÁRS 1986 %	1987 %	1988 %	1989 %	1990 %
Almennur lsj. iðnaðarmanna	55	55	55	55	
Eftirl. og örorkubótasjóður RAFHA					
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	55	55	55	55	55
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	55				
E. Hafnarfjarðarkaupstaðar	55	55	55	55	
E. Keflavíkurkaupstaðar	20	55	55	55	
E. Sláturf. Suðurlands	55	55	55	55	55
E. Starfsm. Búnaðarbanka Íslands	55	55	55	55	
E. starfsm. Landsb. og Seðlab.	55	55	55	55	
E. starfsm. Olíuverslunar Íslands	55	55	55		
E. starfsmanna Olíufél. Skeljungs	55	55	55	55	
E. starfsm. Útvegsbanka Íslands	55	55	55		
Elli og örorkutryggingasj. lækna					
Frjálsi lífeyrissjóðurinn					
Lsj. Akraneskaupstaðar	55	55	55	55	55
Lsj. apótekara og lyfjafræðinga	20	55	55	55	
Lsj. Arkitektafélag Íslands	55	55	55	55	
Lsj. Austurlands	55	55	55	55	55
Lsj. Björg	55	55	55	55	55
Lsj. blaðamanna	55	55	55	55	
Lsj. bókagerðarmanna	55	55	55	55	
Lsj. Bolungarvíkur	55	55	55	55	55
Lsj. byggingarmanna	55	55	55	55	55
Lsj. byggingariðnaðarm í Hafnarf.	55	55	55	55	55
Lsj. bænda	20	55	55	55	
Lsj. Dagsbrúnar og Framsóknar	55	55	55	55	55
Lsj. Eimskipafélags Íslands	55	55	55	55	
Lsj. Félags garðyrkjumanna	55	55	55	55	55
Lsj. Félags ísl hljómlistarmanna	55	55	55	55	
Lsj. Félags íslenskra leikara	55	55	55	55	55
Lsj. Félags leiðsögumanna		55	55	55	55
Lsj. Félags starfsf. í veitingahúsum	55	55	55	55	55
Lsj. Flugvirkjafélag Íslands	55	55	55	55	
Lsj. framreiðslumanna	55	55	55	55	55
Lsj. hjúkrunarkvenna	55	55	55	55	55
Lsj. Hlíf	55	55	55	55	
Lsj. Hlífar og Framtíðarinnar	55	55	55	55	55
Lsj. Iðju á Akureyri	55	55	55	55	55
Lsj. Iðnaðarmannafélags Suðurnesja					
Lsj. ísl stj. starfs. á Keflav. fl.	55	55	55	21	
Lsj. KEA	20	55	55	55	
Lsj. Kópavogskaupstaðar	55	55	55	55	55
Lsj. Landssambands vörubifreiðastj	55	55	55		

Lsj. leigubifreiðastjóra	55	55	55	55	55
Lsj. ljósmæðra					
Lsj. lækna	30	55	55	55	
Lsj. málm- og skipasmiða	20	55	55	55	55
Lsj. matreiðslumanna	55	55	55	55	55
Lsj. Mjólkursamsölunnar	55	55	55	55	55
Lsj. múrara	55	55	55	55	
Lsj. Neskaupstaðar	20	55	55	55	55
Lsj. rafiðnaðarmanna	55	55	55	55	
Lsj. Rangæinga	55	55	55	55	55
Lsj. Sameining	55	55	55	55	55
Lsj. sjómanna	55	55	55	55	
Lsj. Skjöldur	55	55	55	55	55
Lsj. slökkviliðsm. á Keflavíkurflugv.	55	55	55	55	
Lsj. Sóknar	55	55	55	55	55
Lsj. starfsmanna Áburðarverksm.	55	55	55	55	
Lsj. starfsmanna Húsavíkurbæjar	55	55	55	55	55
Lsj. starfsm. Reykjavíkurapóteks					
Lsj. starfsm. Reykjavíkurborgar	20	55	55	55	
Lsj. starfsm. ríkisins	55	55	55	55	55
Lsj. starfsm. ríkisprent. Gutenberg					
Lsj. starfsm. SÍF	55	55	55	55	
Lsj. starfsm. Sjóvátr. Íslands					
Lsj. starfsm. Vestmannaeyjakaupst.	55	55	55	55	55
Lsj. stéttarfélaga í Skagafirði	55	55	55	55	55
Lsj. Tannlæknafélag Íslands	20	44	44	44	
Lsj. trésmiða á Akureyri	55	55	55	55	55
Lsj. Tæknifræðingafélags Íslands	55	55	55	55	
Lsj. verkafólks í Grindavík	55	55	55		
Lsj. verkalýðsf. á Norðurl. vestra	55	55	55	55	
Lsj. verkalýðsf. á Suðurlandi	55	55	55	55	55
Lsj. verkalýðsf. á Suðurnesjum	55	55	55	55	55
Lsj. verkamanna	55	55	55	55	
Lsj. Verkfræðingafélags Íslands		35	40	40	
Lsj. verksmiðjufólks	55	55	55	55	55
Lsj. verksmiðja SÍS á Akureyri	30	55	55	55	55
Lsj. verkstjóra	45	55	55	55	
Lsj. verslunarmanna	20	55	55	55	
Lsj. Vestfirðinga	55	55	55	55	55
Lsj. Vestmanneyinga	55	55	55	55	55
Lsj. Vesturlands	55	55	55	55	55
Samvinnulífeyrissjóðurinn	30	55	55	55	55
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	55	55	55	55	55

Húsnæðisstofnun ríkisins:

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða tímabilið 1. jan. til 30. nóv. 1988.
(1. des. 1988.)

NAFN LÍFEYRISSJÓÐS	HEILDARKAUP	KAUP NÓV.
ALMENNUR LÍFEYRISSJ IÐNAÐARM	47,000	6,000
BJÖRG,LÍFEYRISSJÓÐUR	48,000	
EFTIRLAUNASJ HAFNARFJKAUPST	5,000	
EFTIRLAUNASJ KEFLAVÍKURKAUPST	7,000	
EFTIRLAUNASJ SLÁTURFÉL SUÐURL	25,150	17,000
EFTIRLAUNASJ STARFSM BÚNAÐARB	67,400	
EFTIRLAUNASJ STARFSM LANDSB/SEB	159,000	39,000
EFTIRLAUNASJ STARFSM OLÍUV ÍSL	29,300	8,000
EFTIRLAUNASJ STARFSM SKELJUNGS	17,480	2,000
HLÍF,LÍFEYRISSJÓÐUR	32,500	5,000
LÍFEYRISSJÓÐUR AKRANESKAUPST	22,903	12,024
LÍFEYRISSJÓÐUR APÓTEKAR/LYFJAFR	29,000	5,000
LÍFEYRISSJÓÐUR ARKITEKTAFÉL ÍSL	5,000	1,500
LÍFEYRISSJÓÐUR AUSTURLANDS	60,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR BÓKAGERÐARMANNA	44,000	5,000
LÍFEYRISSJÓÐUR BLAÐAMANNA	20,520	2,200
LÍFEYRISSJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR	22,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR BYGGINGAMANNA	140,000	20,000
LÍFEYRISSJÓÐUR BYGGINGARIÐNAÐMA	5,300	5,300
LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA	160,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR DAGSBR/FRAMSÓKN	270,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR EIMSKIPAFÉL ÍSL	53,000	4,000
LÍFEYRISSJÓÐUR FÉL ÍSL HLJÓMLM	1,900	
LÍFEYRISSJÓÐUR FÉL ÍSL LEIKARA	10,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR FÉL GARÐYRKJUM	5,000	1,000
LÍFEYRISSJÓÐUR FÉL STF Í VEITHÚ	21,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR F.Í.S.K.	8,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR FLUGVIRKJAFÉLAGS	45,250	
LÍFEYRISSJÓÐUR FRAMREIÐSLUMANNA	3,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR HJÚKRUNARKVENNA	132,000	14,000
LÍFEYRISSJÓÐUR HLÍFAR/FRAMTÍÐAR	66,600	14,600
LÍFEYRISSJÓÐUR IÐJU Á AKUREYRI	4,860	
LÍFEYRISSJÓÐUR KÓPAVOGSKAUPST	18,527	
LÍFEYRISSJÓÐUR K.E.A.	45,700	
LÍFEYRISSJÓÐUR LEIGUBIFREIÐASTJ	12,500	1,000

NAFN LÍFEYRISSJÓÐS	HEILDARKAUP	KAUP NÓV.
LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA	150,000	10,000
LÍFEYRISSJÓÐUR MÁLM/SKIPASMIÐA	160,000	10,000
LÍFEYRISSJÓÐUR MÚRARA	27,300	
LÍFEYRISSJÓÐUR MATREIÐSLUMANNA	21,500	
LÍFEYRISSJÓÐUR MJÓLKURSAMSÖLU	21,000	4,000
LÍFEYRISSJÓÐUR NESKAUPSTAÐAR	2,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR RAFIÐNAÐARMANNA	57,000	20,000
LÍFEYRISSJÓÐUR RANGÆINGA HELLU	28,200	
LÍFEYRISSJÓÐUR SÓKNAR	110,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR SJÓMANNA	604,000	100,000
LÍFEYRISSJÓÐUR SLÖKKVILM KVFLV	30,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR STÉTTARFÉL SKAGF	23,000	10,000
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM ÁBURÐVSM	10,700	
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM AKUREYRB	19,900	2,500
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM HÚSAVKST	7,000	2,000
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM RÍKISINS	677,000	44,000
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM RVBORGAR	39,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM S.Í.F.	1,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSM VESTMKST	2,128	
LÍFEYRISSJÓÐUR TANNLÆKNAFÉL ÍSL	14,000	4,000
LÍFEYRISSJÓÐUR TRÉSM Á AKUREYRI	11,000	3,000
LÍFEYRISSJÓÐUR TÆKNIFRÆÐINGAFÉL	11,850	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKAF GRINDAVÍK	6,825	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKALFÉL NL V	12,600	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKALFÉL SUÐURL	47,000	5,000
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKALFÉL SUÐURN	150,000	30,000
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKAMANNA	10,000	1,000
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGAFÉL	63,000	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKSMIÐJUFÓLKS	91,500	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKSTJÓRA	48,400	
LÍFEYRISSJÓÐUR VERSLUNARMANNA	1,004,000	96,000
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA	126,989	10,770
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTMANNAEYINGA	122,915	8,200
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTURLANDS	35,700	5,000
SAMEINING,LÍFEYRISSJÓÐUR	131,000	10,000
SAMVINNULÍFEYRISSJÓÐURINN	200,000	
SKJÖLDUR,LÍFEYRISSJÓÐUR	12,450	
SÖFNUNARSJÓÐUR LÍFEYRISRÉTTINDA	256,000	40,000
S A M T A L S	5,989,847	578,094

Seðlabanki Íslands
peningamáladeild:

Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1983–1989. Áætlun 1988–1989.
(6. des. 1988.)

	1983	*1984*	*1985*	*1986*	*Bráðab. tölur 1987*	*Áætlun 1988*	*Áætlun *1989*
Eigið framlag	1266	1730	2673	3827	5800	8150	9900
Afborganir	386	734	1114	1886	2880	8650	10500
Vextir	943	1099	1701	2181	3325		
Annað, nettó	–64	–103	–143	–239	–405	–500	–600
Framlög, nettó	1145	1352	2063	2990	4050	5250	6100
Iðgjöld	2012	2512	3708	5318	7400	10250	12100
Lífeyrisgreiðslur	–865	–1155	–1638	–2324	–3350	–5000	–6000
Endurgreidd iðgjöld	–2	–5	–7	–4	0	–	–
Uppruni — ráðstöfun	2411	3082	4736	6817	9850	13400	16050
Útlán og skuldabréfakaup	2097	3217	4072	6325	9380	.	.
Byggingarsjóðir**	384	490	1024	2310	4195	7340	8825
Framkvæmdasjóður	146	91	113	8	–	.	.
Aðrir fjárf. lánasj.	256	263	481	565	1074	.	.
Ríkissjóður og -stofn.	87	270	333	1398	.	.	.
Sjóðfélagar o.fl.	1235	2103	2091	2044	.	.	.
Innstæðu- og sjóðsbr.	303	–135	664	492	470	.	.

* Miðað við 13% hækkun lánskjaravísitölu milli 1988 og 1989. Hækkun launa vegna lífeyris 8%, hækkun launagreiðslna vegna iðgjalda 5%, milli ára 1988 og 1989.
** Útlán til byggingarsjóða 1988 og 1989 reiknuð sem 55% af áætluðu ráðstöfunarfé.
. Merkir að tölu vantar.
– Merkir að talan er núll.

Sþ. 411. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	Þús. kr.
Fyrir „183.700“ kemur	308.022

Sþ. 412. Fyrirspurn [225. mál]

til iðnaðarráðherra um framhaldsundirbúning að nýju álveri.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Í framhaldi af upplýsingum iðnaðarráðherra í svari á þskj. 120, 10. mál þessa þings, er óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði varðandi undirbúning að nýju álveri við Straumsvík:

1. Hvernig er af Íslands hálfu lagt mat á forsendur Atlantal-hópsins vegna hagkvæmnikönnunar í einstökum atriðum og í heild?
2. Hver er áheyrnarfulltrúi og varamaður hans af hálfu iðnaðarráðherra í verkefnisstjórn Atlantal-hópsins, sbr. 4. tölul. á þskj. 120? Hvaða undirhópar hafa starfað á vegum verkefnisstjórnarinnar og hverjir eru fulltrúar íslenskra stjórnvalda í þeim? Að hvaða samningum er unnið til undirbúnings nýs álvers á vegum verkefnisstjórnarinnar?
3. Hvaða „nauðsynlegar upplýsingar“ hefur íslenska ríkið látið Atlantal-hópnum í té á grundvelli samnings aðila frá 4. júlí 1988, sbr. 5. tölul. á þskj. 120?
4. Hvert er það orkuverð í íslenskum krónum og bandaríkum millum á kílóvattsstund sem Atlantal-hópurinn notar til að reikna inn í hagkvæmniathugun vegna nýs álvers, upphafsáfanga og síðari áfanga?

   Við hvaða forsendur er það verð miðað að því er varðar „tímasetningu og stærð áfanga, kaupskyldu, afhendingarspennu og aðra söluskilmála, verðbreytingarákvæði, tímalengd samninga, endurskoðunarákvæði og fleiri atriði“, sbr. 8. tölul. á þskj. 120?
5. Hvers konar skattkerfi og hvaða skattgreiðslum og öðrum gjöldum til íslenska ríkisins og annarra íslenskra aðila er gert ráð fyrir í forsendum fyrir yfirstandandi hagkvæmnikönnun?

   Hverjir vinna að undirbúningi samninga um skattamál á vegum iðnaðar- og fjármálaráðuneytis í tengslum við hagkvæmnikönnunina?
6. Hverjar eru niðurstöður viðræðna heilbrigðisráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins um mengunarvarnakröfur fyrir nýtt álver, sbr. 7. tölul. á þskj. 120?
7. Er samhliða hagkvæmniathuguninni unnið að undirbúningi einhverra samninga og annarra gagna sem tengjast mundu lokasamningum um byggingu nýs álvers? Sé svo er óskað upplýsinga hvaða samningar og samningsígildi það eru.
8. Hversu mörg viðbótarársverk yrðu til á vegum Landsvirkjunar við rekstur fullbúinna virkjana sem reistar yrðu og framleiddu allt að 2600 gígavattstundum fyrir nýtt álver?
9. Hvenær er gert ráð fyrir að hagkvæmniathuguninni ljúki og hvaða málsmeðferð er fyrirhuguð í framhaldi af því á vegum iðnaðarráðherra?

Óskað er eftir að birt verði sem fylgiskjal með svari við fyrirspurninni minnisblað um rafmagnssamning milli Atlantal og Landsvirkjunar frá 24. febrúar 1988.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 413. Fyrirspurn [226. mál]

til viðskiptaráðherra um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.

Frá Geir H. Haarde.

Er viðskiptaráðherra samþykkur þeirri yfirlýsingu formanns Alþýðuflokksins í áramótagrein hans að „ferill Seðlabankans í íslenskri peningamálastjórn sé orðinn slíkur að ekki verði lengur hjá því komist að taka starfsemi bankans til gagngerrar endurskoðunar; við þurfum nýja löggjöf um Seðlabankann þar sem hlutverk hans og valdsvið verði þrengt og honum fengin forusta á faglegum grundvelli“?

Hyggst viðskiptaráðherra beita sér fyrir endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands af þessu tilefni?

Sþ. 414. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður:	Þús. kr.
102 Kvennahús í Mindelo á Grænhöfðaeyjum	4.000

Ed. 415. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 5. jan. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. Jóhann Einvarðsson.

Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 416. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meðan verðstöðvun er í gildi er óeðlilegt að ríkisvaldið geti í krafti valds síns ákveðið að undanskilja sjálft sig áhrifum verðstöðvunarinnar. Því leggur minni hl. til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 5. jan. 1989.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Guðmundur Ágústsson.

Ed. 417. Frumvarp til laga [227. mál]

um fjölskylduráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á vegum hins opinbera skal veita ráðgjöf í skilnaðarmálum, fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeiningar um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum.

Í þessum tilgangi skal starfrækja sérstaka miðstöð fjölskylduráðgjafar undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins þar sem veitt verði m.a. sérfræðiaðstoð sálfræðinga og lögfræðinga.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá og um starfsemi miðstöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrst um sinn verði miðstöð fjölskylduráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu sem veitir öllu landinu þjónustu. Að fenginni reynslu að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna verði lögin endurskoðuð á grundvelli sérstakrar athugunar á starfseminni. Þá verði athugað hvort staðsetja beri starfsemina víðar um landið, t.d. í tengslum við skipulag félagsþjónustu sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur um nokkurt skeið unnið við að semja frumvarp um fjölskylduráðgjöf. Í hópnum voru Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, Guðfinna Eydal sálfræðingur, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari og formaður barnaverndarráðs, og Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Á Alþingi 1983 var lagt fram stjórnarfrumvarp um fjölskylduráðgjöf sem þá var ekki afgreitt. Í vinnu starfshópsins hefur verið tekið mið af því frumvarpi. Jafnframt var lögð áhersla á að ráðgjöfin geti betur tekið á þeim brýnu vandamálum sem upp koma í tengslum við sambúðarslit og skilnað. Forsjárdeilumál verða sífellt fleiri þar sem skilnuðum hefur fjölgað, og hefur verulega skort ráðgjöf til fólks um þessi mál. Hugmyndir hópsins hafa einkum beinst að aðstoð við fólk til að greiða úr vandamálum, sem tengjast skilnaði, eins og forsjármálum. Það er mat hópsins að með auknu fyrirbyggjandi starfi eins og hér er lagt til megi oft komast hjá þeim skaða sem illskeyttar skilnaðardeilur foreldra valda börnum. Litið hefur verið til þeirrar starfsemi sem rekin er í öðrum löndum, einkum Danmörku og Bandaríkjunum, á vettvangi fjölskyldu- og skilnaðarráðgjafar.

Starfshópurinn taldi að þörfin fyrir fjölskylduráðgjöf væri einna brýnust vegna skilnaðar- og sambúðarslitamála, og því ætti þessi starfsemi fyrst og fremst að ná til þeirra málaflokka. Ekki væri nægilegt að veita hér einungis sálfræðiaðstoð því að nauðsynlegt er einnig að svara öllum þeim lögfræðilegu álitaefnum sem upp koma í tengslum við skilnað og sambúðarslit.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir gjaldtöku fyrir þessa þjónustu og að sett verði reglugerð um hana. Brýnt er að gjaldtaka verði við það miðuð að sérstakt tillit sé tekið til efnalítils fólks. Þar sem hér er ekki um ókeypis þjónustu að ræða ætti það að verða til þess að fólk legði sig frekar fram um að árangur næðist. Tekjur af þjónustunni mundu eiga a.m.k. að hluta til að standa undir kostnaði.

Með bráðabirgðaákvæði er lagt til að þremur árum eftir gildistöku laganna verði þau endurskoðuð á grundvelli sérstakrar úttektar á starfseminni. Eðlilegt þykir að við þá

endurskoðun verði starfsmenn ráðgjafarinnar sérstaklega hafðir með í ráðum. Einkum verði athugað hvort staðsetja skuli starfsemina víðar en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Rétt þykir að taka eftirfarandi fram þótt það hafi ekki komið fram í nefndaráliti starfshópsins.

Sérstök fjölskylduráðgjöf dregur á engan hátt úr þýðingu annarrar fyrirbyggjandi starfsemi í fjölskyldumálum sem einkum er unnið að á vegum félagsmálastofnana, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda.

Á heilsugæslustöðvum má segja að veitt sé almenn ráðgjöf. Fyrirbyggjandi aðgerðir þar felast í ungbarnaeftirliti, mæðraskoðun og fræðslu af ýmsum toga, í formi funda, námskeiða og bæklinga. Á sviði heilbrigðisþjónustunnar sjá sérfræðingar fyrst og fremst um líkamlega heilsugæslu.

Félagsmálastofnanir eru einungis starfræktar í stærri byggðarlögum. Við þær eru fjölskyldudeildir þar sem mestur þungi er af framfærslumálum og meðferð barnaverndarmála. Þar er oftast um að ræða erfið og bráð verkefni sem veita lítið svigrúm til ráðgjafar, meðferðar og skipulegs forvarnarstarfs.

Barnaverndarnefndir, sem eru umsagnaraðilar í umgengnisréttar- og forsjárdeilumálum, eru ekki í stakk búnar til að veita sérstaka fjölskylduráðgjöf, enda ekki heppilegt að slík ráðgjöf sé einnig í höndum þeirra sem e.t.v. þurfa síðar að veita umsögn í forsjárdeilumáli sömu aðila.

Samkvæmt könnun Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur á högum fjögurra ára barna á árunum 1981–1983 var talið að fjölskyldur um 20% barna þyrftu einhvers konar aðstoð. Foreldraráðgjöf Barnaverndarráðs Íslands sem starfrækt var frá 1979 gat aðeins sinnt litlum hluta þeirra og mörg mál barna biðu eftir að komast að, en foreldraráðgjöfin var lögð niður 1984.

Miðað við reynsluna í öðrum löndum er talið nauðsynlegt að fjölskylduráðgjöf sé starfrækt sem sjálfstæð og sérhæfð þjónusta. Á þeim þremur árum sem lagt er til að fjölskylduráðgjöfin starfi til reynslu má vænta að grundvöllur skapist til að flytja hana út um land verði það niðurstaða við endurskoðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að hið opinbera veiti ráðgjöf í sambúðarslita- og skilnaðarmálum. Leggja ber áherslu á nauðsyn þess að þjóðfélagið taki á þessum málum m.a. vegna fyrirbyggjandi starfs með börn. Eðlilegt verður að teljast að þjónustan verði undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins þar sem félagsleg aðstoð er veitt á vegum sveitarfélaganna sem félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með. Ekki þykir heppilegt að tengja þjónustuna dómsmálaráðuneyti þar sem það ráðuneyti úrskurðar í flestum tilvikum í forsjárdeilumálum. Einnig má benda á að barnaverndarnefndir, sem heyra undir menntamálaráðuneyti, eru umsagnaraðilar í forsjárdeilumálum. Gert er ráð fyrir að miðstöð ráðgjafarinnar verði fyrst um sinn á höfuðborgarsvæðinu, en hún þjóni öllu landinu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að þessi starfsemi verði fyrst um sinn tilraunastarfsemi, bundin við þrjú ár. Þá er gert ráð fyrir því að úttekt verði gerð á starfseminni og á grundvelli hennar ákveðið hvert framhald málsins skuli vera og hvernig megi koma betur til móts við þarfir fólks á landinu öllu. Þá verði sérstaklega athugað hvort staðsetja beri starfsemina víðar.

Sþ. 418. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 og brtt. á þskj. 398.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

		Þús. kr.
1.	Við brtt. á þskj. 398 (3. gr.), 4829 Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja.	
	Fyrir „150.000“ kemur	300.0000
2.	Við 4. gr. 2-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „140.903“ kemur	138.603
3.	Við 4. gr. 9-101 Fjármálaráðuneyti 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „66.810“ kemur	58.510
4.	Við 4. gr. 9-212 101 Skattstofur, sameiginleg útgjöld.	
	Fyrir „65.990“ kemur	58.990
5.	Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „47.978“ kemur	45.578
6.	Við 4. gr. Launaliðir í rekstri A-hluta stofnana lækki um 5%. Fjárhæð þessi, sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar, skal koma til lækkunar á launagjöldum öðrum en föstum mánaðarlaunum. Þar sem sértekjur stofnana eru ákveðnar sem hlutfall gjalda skulu þær lækka til samræmis við þau. Auk þess skal framlag til eftirtalinna stofnana lækka sem hér segir:	
	A. 4-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
	a. Við 190 Aðalstöðvar.	
	Fyrir „81.390“ kemur	71.900
	b. Við 191 Tilraunastöðin Sámsstöðum.	
	Fyrir „5.250“ kemur	4.650
	c. Við 192 Tilraunastöðvar, óskipt.	
	Fyrir „9000“ kemur	7.968
	B. 4-246 Veiðimálastofnun.	
	Við 190 Almennur rekstur.	
	Fyrir „26.010“ kemur	22.980
	C. 5-201 Fiskifélag Íslands.	
	Fyrir „39.920“ kemur	35.250
	D. 5-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.	
	Fyrir „59.640“ kemur	52.680
	E. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands.	
	Við 190 Almennur rekstur.	
	Fyrir „80.560“ kemur	71.170
	F. 11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.	
	Við 190 Almennur rekstur.	
	Fyrir „37.450“ kemur	33.088
7.	Við 5. gr. Launaliðir í rekstri B-hluta stofnana lækki um 3,5%. Fjárhæð þessi, sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar, skal koma til lækkunar á launagjöldum, öðrum en föstum mánaðarlaunum.	

Sþ. 419. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Ragnari Arnalds, Eiði Guðnasyni, Árna Gunnarssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðmundi Ágústssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Halldóri Blöndal, Jóni Helgasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Ragnhildi Helgadóttur, Skúla Alexanderssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis:

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „7.500“ kemur		10.200
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 170):		
1. Árni Kristjánsson	600	
2. Finnur Jónsson	600	
3. Guðmundur Daníelsson	600	
4. Halldór Laxness	600	
5. Hannes Pétursson	600	
6. Indriði G. Þorsteinsson	600	
7. Jakobína Sigurðardóttir	600	
8. Jóhann Briem	600	
9. Jón Nordal	600	
10. Jón úr Vör	600	
11. Jórunn Viðar	600	
12. Kristján Davíðsson	600	
13. María Markan	600	
14. Matthías Johannessen	600	
15. Stefán Íslandi	600	
16. Valur Gíslason	600	
17. Þorsteinn Ö. Stephensen	600	
		10.200

Sþ. 420. Breytingartillögur [73. mál]

við brtt. á þskj. 398 [Fjárlög 1989].

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Við 4211. Liðurinn orðist svo:		
Innflutningsgjald af bensíni	2.335	
Innheimt 1989 en geymt til ráðstöfunar fyrir Vegasjóð á næsta ári	495	
		2.830

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Við 43121. Liðurinn orðist svo:		
Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	660	
Innheimt 1989 en geymt til ráðstöfunar fyrir Vegasjóð á næsta ári	140	
		800
c. Við 43122. Liðurinn orðist svo:		
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	220	
Innheimt 1989 en geymt til ráðstöfunar fyrir Vegasjóð á næsta ári	45	
		265

Sþ. 421. Fyrirspurn [228. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun útvarpslaga.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður endurskoðun útvarpslaga?

Nd. 422. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndir beggja deilda þingsins héldu sameiginlegan fund 22. des. sl. þar sem farið var yfir frumvarpið strax að lokinni 1. umr. í neðri deild. Á fundinn komu fulltrúar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands sem gerðu grein fyrir afstöðu til málsins.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur haft málið til meðferðar síðan.

Fyrir liggur samþykkt stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem leggur áherslu á samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum.

Landbúnaðarnefndir beggja deilda þingsins héldu sameiginlegan fund um málið í dag. Á þann fund kom fulltrúi frá Búnaðarbanka Íslands, fulltrúar Landssamtaka fiskeldis- og hafbeitarstöðva, svo og fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti.

Ljóst er að frumvarp þetta, ef að lögum verður, er mikilvægt fyrir stöðu fiskeldis hér á landi ekki síst nú vegna alvarlegs rekstrarfjárskorts og takmarkaðra möguleika þessarar atvinnugreinar á nægjanlegum afurða- og rekstrarlánum. Þess vegna er brýnt að hraða afgreiðslu þessa frumvarps. Nefndin leggur til að svo verði gert. Vonast er til þess að góð samstaða verði um málið á Alþingi.

Nefndin flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. jan. 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 423. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr., a-lið (19. gr.). 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag en vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins er jafnframt sér um rekstur hans samkvæmt nánari reglum er landbúnaðarráðherra setur, sbr. 23. gr.
2. Við 1. gr., c-lið (21. gr.). 3. og 4. málsl. orðist svo:
   Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar og skal einn þeirra skipaður eftir tilnefningu stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, tveir samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sá fjórði samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Fimmta nefndarmanninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.
3. Við 1. gr., d-lið (22. gr.). 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra ákveður árlega í samráði við fjármálaráðherra iðgjald sem tekið er fyrir greiðslutryggingu sjóðsins.
4. Við 1. gr., d-lið (22. gr.). Orðin „þrátt fyrir ákvæði 11. gr.“ í niðurlagi 2. mgr. falli brott.
5. Við 1. gr., d-lið (22. gr.). 3. mgr. orðist svo:
   Auk hins árlega iðgjalds skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra í samráði við fjármálaráðherra og að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins ákveða sérstakt áhættugjald þeirra fyrirtækja, sem við sjóðinn skipta, sem hlutfall af söluverðmæti þeirra. Iðgjaldið skal ákveðið út frá eðlilegu áhættumati og með tilliti til þess að ná jöfnuði í fjárhag sjóðsins. Iðgjöld þessi skulu verðtryggð með byggingarvísitölu og falla í gjalddaga að fjórum árum liðnum og er þá heimilt að taka þau lögtaki. Telji ráðherra að fjárhag sjóðsins sé borgið án iðgjaldsins í heild eða að hluta, þegar að innheimtu kemur, skal ráðherra heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður.
6. Við 1. gr., e-lið (23. gr.). Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Um endurskoðun og bókhald Tryggingasjóðs fiskeldislána fer eftir lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir landbúnaðarráðherra til staðfestingar. Reikningar Tryggingasjóðs fiskeldislána skulu birtir árlega í *Stjórnartíðindum* með reikningum Stofnlánadeildar.
7. Við 2. gr. Í stað „1993“ komi: 1992.

Nd. 424. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl. með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 407.

Alþingi, 6. jan. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Árni Gunnarsson. Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 425. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Kvennalistakonur styðja þessa hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks sem er þeim hugnanlegri en margar aðrar fjáröflunarleiðir, ekki síst með hliðsjón af forvörnum og heilbrigðissjónarmiðum. Af sömu ástæðum telur undirrituð rétt að verðhækkunin verði hlutfallslega meiri á sterkari tegundum áfengis en hinum veikari.

Sá ókostur fylgir þó þessari verðhækkun að verð á áfengi og tóbaki vegur þungt í framfærslugrunninum og leiðir til hækkunar á vísitölu framfærslu og lánskjara og eykur verðbólgu. Það er skoðun kvennalistakvenna að áfengi og tóbak eigi ekki heima í grundvelli framfærsluvísitölunnar og beri að taka þessa liði út úr þeim grundvelli hið fyrsta.

Alþingi, 6. jan. 1989.

Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 426. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meðan verðstöðvun er í gildi er óeðlilegt að ríkisvaldið geti í krafti valds síns ákveðið að undanskilja sjálft sig áhrifum verðstöðvunarinnar. Því leggur 2. minni hl. til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 6. jan. 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 427. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Sé ekki starfandi hjúkrunarfræðingur á viðkomandi stofnun, deild eða sviði getur ráðuneytið heimilað að sjúkraliði beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs.

Ráðherra ákveður í reglugerð um nám sjúkraliða og starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, sbr. áður 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, starfa sjúkraliðar undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Þetta hefur haft í för með sér að því aðeins er hægt að ráða sjúkraliða til starfa að til staðar sé hjúkrunarfræðingur. Hefur þetta löngum valdið óánægju hjá sjúkraliðum sem m.a. hafa haldið því fram að ástæða sé til þess að sjúkraliðar geti starfað sem aðstoðarmenn annarra sérfræðinga en hjúkrunarfræðinga sé hjúkrunarfræðingum ekki til að dreifa á hlutaðeigandi stofnun, sviði eða deild.

Við gerð kjarasamninga í apríl 1987 var gefið vilyrði fyrir því af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að þessi þáttur laga nr. 58/1984, um sjúkraliða, yrði skoðaður sérstaklega. Að tilhlutan ráðuneytisins hefur verið útbúið frumvarp til laga um breyting á lögum um sjúkraliða sem tekur mið af því að sjúkraliðar starfi undir stjórn tiltekins hjúkrunarfræðings, þ.e.a.s. þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs, og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum en ekki gagnvart ótilteknum hjúkrunarfræðingum sem kunna að starfa á viðkomandi stofnun, sviði eða deild, eins og nú er.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að sé ekki starfandi hjúkrunarfræðingur á viðkomandi stofnun, deild eða sviði geti ráðuneytið heimilað að sjúkraliði starfi undir yfirstjórn tiltekins sérfræðings, t.d. læknis sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Enn fremur er lögð til sú breyting að í lögum um sjúkraliða sé að finna ákvæði er kveði á um starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands, en núgildandi ákvæði um skólann er að finna í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974. Fer betur á að hafa ákvæði um skólann í lögum um sjúkraliða.

Samstaða hefur náðst um frumvarp þetta við stjórn Sjúkraliðafélags Íslands.

Nd. 428. Lög [223. mál]

um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 6. jan.)

Samhljóða þskj. 407.

Nd. 429. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. jan.)

1. gr.

Við lögin, sbr. lög nr. 68/1973, bætist nýr kafli: **Um Tryggingasjóð fiskeldislána**, er verður II. kafli, 19.–23. gr., svohljóðandi:

a. (19. gr.)

Starfa skal sérstakur sjóður er nefnist Tryggingasjóður fiskeldislána er lýtur stjórn nefndar er landbúnaðarráðherra skipar, sbr. 21. gr. Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag en vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins er jafnframt sér um rekstur hans samkvæmt nánari reglum er landbúnaðarráðherra setur, sbr. 23. gr. Hlutverk sjóðsins er að tryggja greiðslu afurðalána sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum þannig að rekstrar- og afurðalán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti birgða.

Greiðslutrygging skal því aðeins veitt að viðkomandi fyrirtæki hafi tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu eða hliðstæðri tryggingu er nemi a.m.k. 50% af tryggingarverðmætum afurða og að fyrirtækið fái afurðalán frá lánastofnunum í eðlilegu hlutfalli við það sem tryggt er, og verði sá hluti afurðalánsins utan greiðslutryggingar sjóðsins. Landbúnaðarráðherra er heimilt að víkja frá þessu ákvæði við ákvörðun reglna fyrir hafbeit að fengnum tillögum nefndar, sbr. 21. gr. Ekki verði gripið til greiðslutryggingar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á afurðaláni og fyrirtækið geti ekki greitt það með öðrum hætti.

b. (20. gr.)

Hámark skuldbindinga sjóðsins á hverjum tíma má nema samtals 1800 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt (SDR).

c. (21. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar sérstaka nefnd sem ákveður skilyrði fyrir veitingu greiðslutryggingar. Skal nefndin fjalla um hverja einstaka umsókn og ákveða með hvaða kjörum sjóðurinn veiti greiðslutryggingar hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar og skal einn þeirra skipaður eftir tilnefningu stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, tveir samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sá fjórði samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Fimmta nefndarmanninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

d. (22. gr.)

Landbúnaðarráðherra ákveður árlega í samráði við fjármálaráðherra iðgjald sem tekið er fyrir greiðslutryggingu sjóðsins. Skal gjaldið ákveðið að fengnum tillögum nefndar, sbr. 21. gr. Nefndin skal leita tillagna tryggingaeftirlitsins. Við ákvörðun gjaldsins skal hverju sinni miða við að sjóðurinn verði rekinn hallalaus.

Tekjuafgang skal leggja í sérstakan varasjóð. Nægi varasjóður eigi til að greiða áfallnar tryggingar skal sjóðnum aflað lánsfjár til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Reynist nauðsynlegt vegna stöðu sjóðsins skal veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir slíkum lánum.

Auk hins árlega iðgjalds skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra í samráði við fjármálaráðherra og að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins ákveða sérstakt áhættugjald þeirra fyrirtækja, sem við sjóðinn skipta, sem hlutfall af söluverðmæti þeirra. Iðgjaldið skal ákveðið út frá eðlilegu áhættumati og með tilliti til þess að ná jöfnuði í fjárhag sjóðsins. Iðgjöld þessi skulu verðtryggð með byggingarvísitölu og falla í gjalddaga að fjórum árum liðnum og er þá heimilt að taka þau lögtaki. Telji ráðherra að fjárhag sjóðsins sé borgið án iðgjaldsins í heild eða að hluta, þegar að innheimtu kemur, skal ráðherra heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður.

e. (23.gr.)

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum nefndar skv. 21. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Skal þar m.a. kveðið á um efni og eðli trygginga, hversu hátt hlutfall afurðalána er tryggt, sbr. ákvæði 19. gr., röð ábyrgða, rekstur sjóðsins og þóknun fyrir umsjón hans og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalds skv. 22. gr. ef til þess kemur.

Um endurskoðun og bókhald Tryggingasjóðs fiskeldislána fer eftir lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir landbúnaðarráðherra til staðfestingar. Reikningar Tryggingasjóðs fiskeldislána skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum með reikningum Stofnlánadeildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð fyrir lok ársins 1992.

Sþ. # 430. Fjárlög [73. mál]

fyrir árið 1989.

(Afgreidd frá Sþ. 6. jan.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**77 100 400**
Beinir skattar	13 425 000	
Óbeinir skattar	59 610 400	
Fjármagnstekjur, vextir	3 185 000	
Aðrar tekjur	880 000	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**67 650 893**
Samneysla	35 056 956	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	28 667 173	
– Sértekjur stofnana	–3 613 236	
Fjármagnsgjöld, vextir	7 540 000	
Jöfnuður		9 449 507
Fjárfesting		**8 813 554**
Stofnkostnaður	4 130 335	
Fjármagnstilfærslur	4 683 219	
Tekjur umfram gjöld		**635 953**
Lánahreyfingar		
Afborganir		4 070 000
Afborganir af teknum lánum	6 730 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–2 660 000	
Veitt lán		1 340 000
Til B-hluta ríkissjóðs	1 340 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		135 000
Viðskiptareikningar		500 000
Útstreymi umfram innstreymi	500 000	
Uppgjör skammtímaskulda við Seðlabanka		4 500 000
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**9 909 047**
Lántökur		9 935 000
Innlend útgáfa verðbréfa	5 300 000	
Erlend lántaka	4 635 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		25 953

2. gr.

Árið 1989 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**634 041**
01	**Forsætisráðuneyti**			**721 113**
101		Yfirstjórn	54 096	
102—902		Annað	667 017	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**12 413 841**
101		Yfirstjórn	139 658	
201—885		Fræðslumál	11 187 940	
901—999		Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	1 086 243	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**849 321**
101—103		Yfirstjórn	269 050	
201		Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	156 697	
301—313		Sendiráð	249 574	
390—401		Alþjóðastofnanir	174 000	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**2 876 950**
101—172		Yfirstjórn	75 304	
201—299		Búnaðarmál	2 646 561	
501—503		Skólar	155 085	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**1 628 521**
101		Yfirstjórn	50 562	
201—299		Útvegsmál	1 530 843	
901		Annað	47 116	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**3 459 058**
101—102		Yfirstjórn	71 834	
201—284		Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	3 073 620	
301—373		Þjóðkirkjan	313 604	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**3 137 452**
101		Yfirstjórn	55 525	
271—272		Húsnæðismál	1 650 000	
700—795		Málefni fatlaðra	1 178 697	
301—399, 951—999		Önnur félagsmál	253 230	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**29 496 242**
101		Yfirstjórn	69 845	
271—274		Tryggingamál	17 406 098	
301—408		Heilbrigðismál	11 946 654	
471—502		Annað	73 645	
		Flutt		55 216 539

3. gr.

Árið 1989 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**2 975 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 420 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	90 000	
4111	Eignarskattur, félög	665 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	150 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	450 000	
4118	Erfðafjárskattur	200 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**10 450 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	8 200 000	
4123	Tekjuskattur, félög	2 250 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 350 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 350 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 131 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 315 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	2 830 000	
4212	Jöfnunargjald	551 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	8 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	113 000	
42154	Kartöflugjald	94 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	170 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	50 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**681 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	303 000	
4221	Leyfisgjald	178 000	
4225	Lántökugjald af erlendum lánum	200 000	
	Flutt		21 587 500

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		55 216 539
09	**Fjármálaráðuneyti**			**3 539 959**
	101—105	Yfirstjórn	191 732	
	201—282	Toll- og skattheimta	789 581	
	381	Lífeyrissjóðir	1 011 510	
	402—999	Annað	1 547 136	
10	**Samgönguráðuneyti**			**5 073 383**
	101	Yfirstjórn	37 564	
	102	Póst- og símamál	157 000	
	211	Vegamál	3 213 372	
	321—672	Önnur samgöngumál	1 665 447	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**1 220 644**
	101	Yfirstjórn	35 185	
	201—299	Iðnaðarmál	463 840	
	301—399	Orkumál	721 619	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**3 713 493**
	101	Yfirstjórn	47 630	
	201	Niðurgreiðslur	3 613 000	
	902—903	Annað	52 863	
13	**Hagstofa Íslands**			**89 392**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**7 611 037**
	101—182	Yfirstjórn	71 037	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 540 000	
		Flutt		76 464 447

Tekjur:

		Þús. kr	Þús. kr.
	Flutt		21 587 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 801 000**
4235	Vörugjald	2 750 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	51 000	
424	**Söluskattur**		**32 505 000**
4240–2	Söluskattur, alls	33 780 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 275 000	
426	**Skattar af orku**		**59 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	59 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 054 500**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 050 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	4 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**75 000**
42801	Skemmtanaskattur	64 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**351 000**
4290	Aukatekjur, almennar	339 000	
4291	Prófgjöld	5 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	7 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**5 353 000**
4301	Launaskattur	2 825 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 950 000	
4303	Slysatryggingagjald	318 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	260 000	
	Flutt		68 786 000

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		76 464 447

Gjöld samtals	76 464 447
Tekjur umfram gjöld	635 953
Samtals	77 100 400

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		68 786 000
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**4 249 400**
4310	Þinglýsingar	33 000	
4311	Stimpilgjald	1 710 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, samkvæmt ökumælum	800 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	265 000	
43123	Bifreiðagjald	680 000	
43131	Lestagjald	100	
43132	Vitagjald	26 000	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	160 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	62 300	
4318	ICAO-tekjur	374 000	
43192	Gjald af sérstakri verktakastarfsemi	100 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 185 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 300 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 885 000	
482	**Arðgreiðslur**		**755 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 700	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	218 400	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	28 900	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	20 000	
48206	Póstur og sími	250 000	
4821	Sameignir ríkisins	15 000	
4822	Arður af hlutabréfum	5 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	52 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**125 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	115 000	
4999	Óvissar tekjur	10 000	
	Tekjur samtals		77 100 400

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101	**Embætti forseta Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 137
1 01	Yfirstjórn	24 279	
1 30	Opinberar heimsóknir	9 158	
1 50	Fálkaorðan	700	
Viðhaldsverkefni:			12 000
5 01	Viðhald fasteigna	12 000	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Bifreiðakaup	2 100	
	Gjöld samtals		48 237
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 227	
52–58	Önnur gjöld	33 010	
5	Gjöld samtals	48 237	
4	Sértekjur	260	
	Mismunur		**47 977**
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			404 491
1 01	Þingfararkaup alþingismanna	131 309	
1 02	Starfskostnaður	38 720	
1 04	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	141 646	
1 05	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	970	
1 06	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	23 200	
1 07	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	18 000	
1 10	Umboðsmaður Alþingis	10 101	
1 20	Rekstrarkostnaður fasteigna	10 280	
1 21	Hús Jóns Sigurðssonar	4 550	
1 30	Þingmannasamtök NATO	2 560	
1 31	Þingmannanefndir Evrópuráðsins	3 590	
1 32	Norðurlandaráð	12 240	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1 600	
1 34	Alþjóðaþingmannasamtökin	2 585	
1 35	Vestnorræna þingmannaráðið	1 140	
1 36	Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna	2 000	
Viðhaldsverkefni:			10 095
5 20	Fasteignir	4 865	
5 21	Hús Jóns Sigurðssonar	5 230	
Stofnkostnaður:			23 600
6 10	Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1 000	
6 90	Ýmis stofnkostnaður	22 600	
	Gjöld samtals		438 186
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	240 326	
52–58	Önnur gjöld	179 860	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals	438 186	
4	Sértekjur	2 040	
	Mismunur		**436 146**

00–202 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 775
1 01	Yfirstjórn	85 775	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tölvu- og húsbúnaður	3 000	
	Gjöld samtals		88 775
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 935	
52–58	Önnur gjöld	28 840	
5	Gjöld samtals	88 775	
4	Sértekjur	10	
	Mismunur		**88 765**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–301 Ríkisstjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 701
1 01	Ríkisstjórn	39 701	
	Gjöld samtals		39 701
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 341	
52–58	Önnur gjöld	5 360	
5	Gjöld samtals		**39 701**
00–401 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 452
1 01	Hæstiréttur	21 452	
	Gjöld samtals		21 452
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 102	
52–58	Önnur gjöld	350	
5	Gjöld samtals		**21 452**
	Samtals		634 041

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 856
1 01	Yfirstjórn	33 800	
1 20	Stjórnarráðshús	5 448	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 914	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	670	
1 23	Hrafnseyri	640	
1 30	Öryggismálanefnd	6 020	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 364	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 20	Stjórnarráðshús, viðhald	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald	2 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum, viðhald	200	
	Gjöld samtals		54 156
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 302	
52–58	Önnur gjöld	29 850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 004	
5	Gjöld samtals	54 156	
4	Sértekjur	60	
	Mismunur		**54 096**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 560
1 01	Þjóðhagsstofnun	50 560	
	Gjöld samtals		50 560

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 610	
52–58	Önnur gjöld	9 950	
5	Gjöld samtals	50 560	
4	Sértekjur	20 220	
	Mismunur		**30 340**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			125 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	125 000	
	Gjöld samtals		125 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	125 000	
5	Gjöld samtals		**125 000**

01–172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			500 000
6 01	Stofnframlag	500 000	
	Gjöld samtals		500 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	500 000	
5	Gjöld samtals		**500 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 393
1 01	Yfirstjórn	9 103	
1 10	Teiknistofa	21 499	
1 20	Byggingaeftirlit	2 791	
	Gjöld samtals		33 393

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 823	
52–58	Önnur gjöld	6 570	
5	Gjöld samtals	33 393	
4	Sértekjur	38 760	
	Mismunur		**–5 367**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 154
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	12 154	
Viðhaldsverkefni:			1 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 400	
Stofnkostnaður:			5 200
6 01	Aðalskipulag	1 200	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	2 500	
6 60	Bygging snyrtiaðstöðu	1 500	
	Gjöld samtals		18 754
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 024	
52–58	Önnur gjöld	12 730	
5	Gjöld samtals	18 754	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**17 044**
	Samtals		721 113

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 658
1 01	Yfirstjórn	139 658	
	Gjöld samtals		139 658
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	81 848	
52–58	Önnur gjöld	57 810	
5	Gjöld samtals		**139 658**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 110 625
1 01	Yfirstjórn	79 590	
1 02	Sameiginleg útgjöld	129 586	
1 03	Rekstur fasteigna	117 899	
1 04	Rannsóknir í kvennafræðum	1 140	
1 05	Fjarkennsla	7 139	
1 10	Guðfræðideild	17 237	
1 11	Læknadeild	114 010	
1 12	Tannlæknadeild	34 346	
1 13	Lyfjafræði lyfsala	17 978	
1 14	Lagadeild	21 116	
1 15	Viðskipta- og hagfræðideild	43 378	
1 16	Heimspekideild	94 327	
1 17	Verkfræðideild	79 007	
1 18	Félagsvísindadeild	53 477	
1 19	Íþróttakennsla	6 637	
1 20	Háskólabókasafn	31 119	
1 21	Mannfræðistofnun	3 501	
1 22	Reiknistofnun	37 499	
1 23	Námsbraut í hjúkrunarfræðum	32 712	
1 24	Námsbraut í sjúkraþjálfun	12 969	
1 25	Raunvísindadeild	168 512	
1 26	Stofnun Sigurðar Nordals	3 960	
1 27	Upplýsingaþjónusta	3 486	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			35 000
5 50	Viðhald fasteigna	35 000	
Stofnkostnaður:			202 800
6 20	Bókakaup o.fl.	15 000	
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	187 800	
	Gjöld samtals		1 348 425
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	825 475	
52–58	Önnur gjöld	521 810	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 140	
5	Gjöld samtals	1 348 425	
4	Sértekjur	312 010	
	Mismunur		**1 036 415**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 130
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	65 195	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	10 935	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Viðhald húseigna	4 900	
Stofnkostnaður:			8 700
6 01	Tæki og búnaður	8 700	
	Gjöld samtals		89 730
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 110	
52–58	Önnur gjöld	45 620	
5	Gjöld samtals	89 730	
4	Sértekjur	33 760	
	Mismunur		**55 970**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 946
1 01	Yfirstjórn	11 702	
1 02	Rekstur fasteigna	8 101	
1 20	Eðlisfræðistofa	18 911	
1 30	Efnafræðistofa	19 314	
1 40	Jarðfræðistofa	14 141	
1 50	Jarðeðlisfræðistofa	19 293	
1 60	Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild	4 480	
1 70	Reiknifræðistofa	7 850	
1 80	Stærðfræðistofa	8 154	
Stofnkostnaður:			18 100
6 02	Tæknigarður	13 600	
6 90	Tækjakaup deilda	4 500	
	Gjöld samtals		130 046
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 526	
52–58	Önnur gjöld	51 520	
5	Gjöld samtals	130 046	
4	Sértekjur	39 070	
	Mismunur		**90 976**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 015
1 01	Yfirstjórn	26 772	
1 20	Bókaútgáfa	6 243	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tækjabúnaður	1 000	
	Gjöld samtals		34 015
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 955	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
5	Gjöld samtals	34 015	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**32 375**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 941
1 01	Orðabók Háskólans	10 941	
	Gjöld samtals		10 941
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 371	
52–58	Önnur gjöld	1 570	
5	Gjöld samtals		**10 941**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 318
1 01	Íslensk málstöð	7 318	
	Gjöld samtals		7 318
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 108	
52–58	Önnur gjöld	3 210	
5	Gjöld samtals	7 318	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**6 178**
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 912
1 01	Örnefnastofnun	3 912	
	Gjöld samtals		3 912
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 582	
52–58	Önnur gjöld	1 330	
5	Gjöld samtals	3 912	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**3 562**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–210 Háskóli á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 359
1 01	Háskóli á Akureyri	42 359	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Eignakaup	7 000	
	Gjöld samtals		49 359
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 139	
52–58	Önnur gjöld	20 220	
5	Gjöld samtals	49 359	
4	Sértekjur	290	
	Mismunur		**49 069**
02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 156
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	22 156	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Innréttingar	3 600	
	Gjöld samtals		25 756
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 906	
52–58	Önnur gjöld	10 850	
5	Gjöld samtals	25 756	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**24 556**
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 096
1 01	Yfirstjórn	10 086	
1 02	Erlend samskipti	2 360	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	3 650	
	Gjöld samtals		16 096

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 026	
52–58	Önnur gjöld	9 070	
5	Gjöld samtals	16 096	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**15 866**

02–233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			80 000
6 01	Rannsóknasjóður	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**

02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			62 300
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	62 300	
	Gjöld samtals		62 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	62 300	
5	Gjöld samtals		**62 300**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 263
1 01	Kennsla	64 668	
1 02	Annað en kennsla	19 595	
Viðhaldsverkefni:			8 100
5 01	Endurbætur	8 100	
	Gjöld samtals		92 363

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 023	
52–58	Önnur gjöld	16 340	
5	Gjöld samtals		**92 363**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 164
1 01	Kennsla	51 630	
1 02	Annað en kennsla	24 534	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		80 164
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 304	
52–58	Önnur gjöld	16 860	
5	Gjöld samtals	80 164	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**79 104**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 027
1 01	Kennsla	18 274	
1 02	Annað en kennsla	10 753	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Endurbætur	4 000	
	Gjöld samtals		33 027
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 657	
52–58	Önnur gjöld	9 370	
5	Gjöld samtals	33 027	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**32 337**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 426
1 01	Kennsla	90 316	
1 02	Annað en kennsla	29 110	
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 01	Endurbætur	9 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Breyting á húsnæði	7 000	
	Gjöld samtals		135 426
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	102 416	
52–58	Önnur gjöld	33 010	
5	Gjöld samtals	135 426	
4	Sértekjur	7 540	
	Mismunur		**127 886**
02–305 Menntaskólinn við Sund			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 853
1 01	Kennsla	69 137	
1 02	Annað en kennsla	18 716	
Stofnkostnaður:			7 300
6 01	Endurbætur og hönnun	7 300	
	Gjöld samtals		95 153
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 913	
52–58	Önnur gjöld	16 240	
5	Gjöld samtals	95 153	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**94 693**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–306	**Menntaskólinn á Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 346
1 01	Kennsla	29 367	
1 02	Annað en kennsla	15 979	
Stofnkostnaður:			12 200
6 01	Bóknámshús, verklok	12 200	
	Gjöld samtals		57 546
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 296	
52–58	Önnur gjöld	22 250	
5	Gjöld samtals	57 546	
4	Sértekjur	2 290	
	Mismunur		**55 256**
02–307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 338
1 01	Kennsla	25 376	
1 02	Annað en kennsla	13 962	
Stofnkostnaður:			20 100
6 01	Kennsluhúsnæði	20 100	
	Gjöld samtals		59 438
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 098	
52–58	Önnur gjöld	29 340	
5	Gjöld samtals	59 438	
4	Sértekjur	950	
	Mismunur		**58 488**
02–308	**Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 929
1 01	Kennsla	39 077	
1 02	Annað en kennsla	15 852	
	Gjöld samtals		54 929

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 649	
52–58	Önnur gjöld	7 280	
5	Gjöld samtals	54 929	
4	Sértekjur	9 550	
	Mismunur		**45 379**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 421
1 01	Kennsla	23 575	
1 02	Annað en kennsla	8 846	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Endurnýjun á þaki	1 500	
	Gjöld samtals		33 921
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 831	
52–58	Önnur gjöld	6 090	
5	Gjöld samtals		**33 921**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 385
1 01	Framhaldsskólar, almennt	79 385	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	6 000	
Stofnkostnaður:			9 500
6 01	Tölvur og búnaður	9 500	
	Gjöld samtals		94 885
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 495	
52–58	Önnur gjöld	22 390	
5	Gjöld samtals		**94 885**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–321	**Kennaraháskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 215
1 01	Kennaraháskóli Íslands	145 945	
1 20	Endurmenntun	7 213	
1 30	Réttindanám	8 057	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Fasteign	2 400	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Endurbætur og tækjakaup	7 000	
	Gjöld samtals		170 615
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	125 105	
52–58	Önnur gjöld	45 510	
5	Gjöld samtals	170 615	
4	Sértekjur	3 460	
	Mismunur		**167 155**
02–322	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 264
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	51 264	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Lóð og tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		55 264
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 464	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals	55 264	
4	Sértekjur	11 420	
	Mismunur		**43 844**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–323 Rannsóknastofnun uppeldismála			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 202
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	4 202	
	Gjöld samtals		4 202
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 422	
52–58	Önnur gjöld	1 780	
5	Gjöld samtals	4 202	
4	Sértekjur	70	
	Mismunur		**4 132**
02–331 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 856
1 01	Kennsla	11 801	
1 02	Annað en kennsla	8 055	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	1 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Kennslutæki	5 000	
	Gjöld samtals		26 356
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 986	
52–58	Önnur gjöld	11 370	
5	Gjöld samtals	26 356	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**25 526**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 254
1 01	Kennsla	162 118	
1 02	Annað en kennsla	30 136	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			31 000
6 01	Íþróttahús	28 000	
6 02	Lóðaframkvæmdir	3 000	
	Gjöld samtals		223 254
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 754	
52–58	Önnur gjöld	45 500	
5	Gjöld samtals	223 254	
4	Sértekjur	41 760	
	Mismunur		**181 494**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 780
1 01	Kennsla	55 591	
1 02	Annað en kennsla	17 189	
	Gjöld samtals		72 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 520	
52–58	Önnur gjöld	10 260	
5	Gjöld samtals	72 780	
4	Sértekjur	10 230	
	Mismunur		**62 550**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 207
1 01	Kennsla	48 260	
1 02	Annað en kennsla	15 947	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Endurbætur	1 200	
	Gjöld samtals		65 407

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 627	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals	65 407	
4	Sértekjur	13 200	
	Mismunur		**52 207**

02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 802
1 01	Kennsla	61 549	
1 02	Annað en kennsla	24 253	
Stofnkostnaður:			10 200
6 10	Viðbygging	10 200	
	Gjöld samtals		96 002
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 812	
52–58	Önnur gjöld	27 190	
5	Gjöld samtals	96 002	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**77 182**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 702
1 01	Kennsla	62 242	
1 02	Annað en kennsla	23 460	
Viðhaldsverkefni:			2 400
5 01	Endurbætur	2 400	
Stofnkostnaður:			23 300
6 01	Tæki og búnaður	2 300	
6 02	Mötuneyti, nýbygging	21 000	
	Gjöld samtals		111 402

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 022	
52–58	Önnur gjöld	41 380	
5	Gjöld samtals	111 402	
4	Sértekjur	17 680	
	Mismunur		**93 722**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 960
1 01	Kennsla	25 327	
1 02	Annað en kennsla	8 633	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Kennsluhúsnæði	2 100	
	Gjöld samtals		36 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 310	
52–58	Önnur gjöld	6 750	
5	Gjöld samtals	36 060	
4	Sértekjur	6 050	
	Mismunur		**30 010**

02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 827
1 01	Kennsla	32 572	
1 02	Annað en kennsla	16 255	
Stofnkostnaður:			27 100
6 01	Heimavist	23 100	
6 10	Bóknámshús og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		75 927

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 517	
52–58	Önnur gjöld	37 410	
5	Gjöld samtals	75 927	
4	Sértekjur	12 030	
	Mismunur		**63 897**

02–357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 588
1 01	Kennsla	59 229	
1 02	Annað en kennsla	20 359	
Stofnkostnaður:			28 500
6 01	Kennsluhúsnæði	28 500	
	Gjöld samtals		108 088
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 078	
52–58	Önnur gjöld	41 010	
5	Gjöld samtals	108 088	
4	Sértekjur	16 920	
	Mismunur		**91 168**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 756
1 01	Kennsla	18 082	
1 02	Annað en kennsla	7 674	
Stofnkostnaður:			19 800
6 01	Heimavist	15 800	
6 10	Kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	4 000	
	Gjöld samtals		45 556

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 796	
52–58	Önnur gjöld	24 760	
5	Gjöld samtals	45 556	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**41 056**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 346
1 01	Kennsla	83 174	
1 02	Annað en kennsla	26 172	
Stofnkostnaður:			46 000
6 01	Nýbygging	46 000	
	Gjöld samtals		155 346
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 596	
52–58	Önnur gjöld	62 750	
5	Gjöld samtals	155 346	
4	Sértekjur	18 410	
	Mismunur		**136 936**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 570
1 01	Kennsla	39 986	
1 02	Annað en kennsla	15 584	
Stofnkostnaður:			3 700
6 01	Innrétting á húsnæði	3 700	
	Gjöld samtals		59 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 310	
52–58	Önnur gjöld	13 960	
5	Gjöld samtals	59 270	
4	Sértekjur	8 870	
	Mismunur		**50 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 784
1 01	Kennsla	7 330	
1 02	Annað en kennsla	4 454	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		13 784
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 324	
52–58	Önnur gjöld	4 460	
5	Gjöld samtals	13 784	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**11 284**
02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 463
1 01	Kennsla	7 256	
1 02	Annað en kennsla	4 207	
Stofnkostnaður:			3 500
6 02	Tölvur og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		14 963
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 373	
52–58	Önnur gjöld	5 590	
5	Gjöld samtals	14 963	
4	Sértekjur	2 410	
	Mismunur		**12 553**
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			222 433
1 01	Skrifstofa	16 211	
1 10	Skólavörubúð	54 903	
1 11	Afgreiðsludeild	11 044	
1 20	Framleiðsludeild	81 030	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Fræðslumyndasafn	18 507	
1 40	Kennslumiðstöð	6 545	
1 60	Námsefnisgerð	34 193	
	Stofnkostnaður:		17 200
6 01	Símstöð	12 200	
6 02	Innrétting húsnæðis	5 000	
	Gjöld samtals		239 633
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	47 093	
52–58	Önnur gjöld	192 540	
5	Gjöld samtals	239 633	
4	Sértekjur	60 030	
	Mismunur		**179 603**

02–423 Námsstjórn og þróunarverkefni

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		25 114
1 01	Námsstjórn og þróunarverkefni	25 114	
	Gjöld samtals		25 114
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	17 584	
52–58	Önnur gjöld	7 530	
5	Gjöld samtals		**25 114**

02–431 Iðnfræðsluráð

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		14 711
1 01	Iðnfræðsluráð	14 711	
	Gjöld samtals		14 711
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	11 291	
52–58	Önnur gjöld	3 420	
5	Gjöld samtals	14 711	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**14 601**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 287
1 01	Tækniskóli Íslands	115 287	
Stofnkostnaður:			27 300
6 01	Kennslutæki	6 000	
6 02	Tækniskóli Íslands	21 300	
	Gjöld samtals		142 587
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 347	
52–58	Önnur gjöld	60 240	
5	Gjöld samtals	142 587	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**142 247**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 447
1 01	Kennsla	31 628	
1 02	Annað en kennsla	8 819	
Stofnkostnaður:			4 700
6 90	Tækjakaup	4 700	
	Gjöld samtals		45 147
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 307	
52–58	Önnur gjöld	9 840	
5	Gjöld samtals	45 147	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**44 917**
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 734
1 01	Kennsla	19 421	
1 02	Annað en kennsla	4 313	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Kennslutæki	2 200	
	Gjöld samtals		25 934
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 894	
52–58	Önnur gjöld	5 040	
5	Gjöld samtals	25 934	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**25 594**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 599
1 01	Kennsla	216 946	
1 02	Annað en kennsla	46 653	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteignir	4 500	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		271 099
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	232 149	
52–58	Önnur gjöld	38 950	
5	Gjöld samtals	271 099	
4	Sértekjur	72 890	
	Mismunur		**198 209**

02–515 Iðnnám, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 243
1 01	Iðnnám, almennt	25 243	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Stofnkostnaður, Ísafjörður	1 500	
	Gjöld samtals		26 743

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 063	
52–58	Önnur gjöld	4 680	
5	Gjöld samtals		**26 743**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 030
1 01	Kennsla	27 462	
1 02	Annað en kennsla	8 568	
	Gjöld samtals		36 030
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 320	
52–58	Önnur gjöld	4 710	
5	Gjöld samtals	36 030	
4	Sértekjur	8 590	
	Mismunur		**27 440**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 635
1 01	Kennsla	10 928	
1 02	Annað en kennsla	13 707	
Stofnkostnaður:			2 300
6 01	Innréttingar	2 300	
	Gjöld samtals		26 935
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 755	
52–58	Önnur gjöld	14 180	
5	Gjöld samtals	26 935	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**25 445**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–518 Fiskvinnsluskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 578
1 01	Kennsla	9 372	
1 02	Annað en kennsla	10 206	
Stofnkostnaður:			23 400
6 01	Tæki og búnaður	23 400	
	Gjöld samtals		42 978
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 918	
52–58	Önnur gjöld	32 060	
5	Gjöld samtals	42 978	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**38 978**
02–522 Nýi hjúkrunarskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 812
1 01	Kennsla	6 308	
1 02	Annað en kennsla	2 504	
	Gjöld samtals		8 812
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 372	
52–58	Önnur gjöld	1 440	
5	Gjöld samtals		**8 812**
02–523 Fósturskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 233
1 01	Kennsla	20 868	
1 02	Annað en kennsla	8 365	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Lóðaframkvæmdir	2 000	
	Gjöld samtals		31 233

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 883	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	31 233	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**30 893**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 958
1 01	Hússtjórnarskólar	16 958	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 90	Viðhald, óskipt	6 200	
	Gjöld samtals		23 158
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 068	
52–58	Önnur gjöld	10 090	
5	Gjöld samtals	23 158	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**21 448**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 167
1 01	Kennsla	31 771	
1 02	Annað en kennsla	34 396	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1 000	
	Gjöld samtals		67 167
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 907	
52–58	Önnur gjöld	27 260	
5	Gjöld samtals	67 167	
4	Sértekjur	25 290	
	Mismunur		**41 877**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 773
1 01	Kennsla	8 369	
1 02	Annað en kennsla	13 404	
	Gjöld samtals		21 773
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 033	
52–58	Önnur gjöld	7 740	
5	Gjöld samtals	21 773	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 063**
02–563 Tónlistarfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 529
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	21 983	
1 20	Aðrir tónlistarskólar	189 546	
	Gjöld samtals		211 529
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	211 529	
5	Gjöld samtals		**211 529**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 636
1 01	Sjómannaskólahúsið	14 636	
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 01	Fasteign	3 600	
Stofnkostnaður:			7 100
6 01	Eldvarnir	7 100	
	Gjöld samtals		25 336

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 926	
52–58	Önnur gjöld	17 410	
5	Gjöld samtals	25 336	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**24 766**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 123
1 01	Kennsla	12 637	
1 02	Annað en kennsla	14 486	
	Gjöld samtals		27 123
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 753	
52–58	Önnur gjöld	12 370	
5	Gjöld samtals	27 123	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**25 983**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 104
1 01	Verslunarskóli Íslands	136 104	
	Gjöld samtals		136 104
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 294	
52–58	Önnur gjöld	36 810	
5	Gjöld samtals		**136 104**

02–601 Héraðsskólinn Reykholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 525
1 01	Kennsla	13 522	
1 02	Annað en kennsla	6 003	
	Gjöld samtals		19 525

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 545	
52–58	Önnur gjöld	3 980	
5	Gjöld samtals	19 525	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**19 255**

02–602 Héraðsskólinn Núpi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 634
1 01	Kennsla	6 698	
1 02	Annað en kennsla	7 936	
	Gjöld samtals		14 634
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 844	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
5	Gjöld samtals	14 634	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**14 044**

02–603 Héraðsskólinn Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 619
1 01	Kennsla	8 109	
1 02	Annað en kennsla	6 510	
	Gjöld samtals		14 619
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 259	
52–58	Önnur gjöld	4 360	
5	Gjöld samtals	14 619	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**14 049**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604 Héraðsskólinn Reykjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 373
1 02	Annað en kennsla	13 373	
	Gjöld samtals		13 373
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 843	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals		**13 373**
02–605 Alþýðuskólinn Eiðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 143
1 01	Kennsla	14 095	
1 02	Annað en kennsla	10 048	
	Gjöld samtals		24 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 823	
52–58	Önnur gjöld	7 320	
5	Gjöld samtals	24 143	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**22 883**
02–606 Héraðsskólinn Skógum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 293
1 01	Kennsla	9 062	
1 02	Annað en kennsla	7 231	
	Gjöld samtals		16 293
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 363	
52–58	Önnur gjöld	4 930	
5	Gjöld samtals	16 293	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**15 783**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–607 Héraðsskólinn Laugarvatni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 780
1 01	Kennsla	6 730	
1 02	Annað en kennsla	5 050	
	Gjöld samtals		11 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 090	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals	11 780	
4	Sértekjur	740	
	Mismunur		**11 040**
02–609 Héraðsskólinn Laugum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 899
1 01	Kennsla	16 787	
1 02	Annað en kennsla	7 112	
	Gjöld samtals		23 899
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 369	
52–58	Önnur gjöld	3 530	
5	Gjöld samtals	23 899	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**23 369**
02–610 Héraðsskólar almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 90	Viðhaldsfé, óskipt	3 000	
Stofnkostnaður:			39 000
6 90	Stofnkostnaður[1])	39 000	
	Gjöld samtals		42 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 000	
5	Gjöld samtals		**42 000**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–621 Skálholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 947
1 01	Kennsla	4 162	
1 02	Annað en kennsla	2 785	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 01	Skálholtsskóli, fasteign	4 900	
	Gjöld samtals		11 847
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 587	
52–58	Önnur gjöld	7 260	
5	Gjöld samtals		**11 847**
02–700 Grunnskólar, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			986 503
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	986 503	
	Gjöld samtals		986 503
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	961 623	
52–58	Önnur gjöld	24 880	
5	Gjöld samtals		**986 503**
02–701 Grunnskólar, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			797 891
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	797 891	
	Gjöld samtals		797 891
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	749 921	
52–58	Önnur gjöld	44 740	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 230	
5	Gjöld samtals		**797 891**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–703 Grunnskólar, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			296 956
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	296 956	
	Gjöld samtals		296 956
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	261 096	
52–58	Önnur gjöld	34 220	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 640	
5	Gjöld samtals		**296 956**
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 662
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	190 662	
	Gjöld samtals		190 662
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 622	
52–58	Önnur gjöld	19 810	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 230	
5	Gjöld samtals		**190 662**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 287
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	231 287	
	Gjöld samtals		231 287
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	190 707	
52–58	Önnur gjöld	39 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 380	
5	Gjöld samtals		**231 287**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			451 354
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	451 354	
	Gjöld samtals		451 354
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	406 704	
52–58	Önnur gjöld	42 670	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 980	
5	Gjöld samtals		**451 354**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 219
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	250 219	
	Gjöld samtals		250 219
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	224 719	
52–58	Önnur gjöld	23 980	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 520	
5	Gjöld samtals		**250 219**
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			384 042
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	384 042	
	Gjöld samtals		384 042
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	323 242	
52–58	Önnur gjöld	59 020	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 780	
5	Gjöld samtals		**384 042**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			240 898
1 10	Framhaldsdeildir í grunnskólum	9 631	
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	2 298	
1 13	Sundskylda í skólum	20 000	
1 14	Skíðakennsla í skólum	400	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	2 630	
1 21	Unglingaheimili, skóli	5 437	
1 30	Safnakennsla	2 142	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	3 000	
1 40	Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum	10 535	
1 50	Orlof kennara	8 510	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	9 538	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	8 580	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	12 025	
1 81	Forskólakennsla í grunnskólum	14 847	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	4 194	
1 84	Umsjón með bekkjardeildum o.fl.	58 515	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	590	
1 87	Áfanga- og fagstjórn	53 436	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	5 010	
1 90	Grunnskólar, óskipt	9 580	
Stofnkostnaður:			6 400
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 400	
	Gjöld samtals		247 298
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	192 368	
52–58	Önnur gjöld	20 720	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	20 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 210	
5	Gjöld samtals		**247 298**
02–730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			385 005
6 90	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o. fl.[1])	385 005	
	Gjöld samtals		385 005

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	385 005	
5	Gjöld samtals		**385 005**

02–750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			303 317
1 10	Öskjuhlíðarskóli	68 417	
1 21	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	5 026	
1 22	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4 001	
1 31	Þjálfunarskóli Kópavogshælis	27 549	
1 32	Þjálfunarskólinn Sólheimum	2 513	
1 33	Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala	17 328	
1 34	Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf	14 071	
1 35	Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri	38 770	
1 36	Þjálfunarskóli Tjaldanesi	2 430	
1 37	Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg)	17 406	
1 38	Þjálfunarskóli Dalbraut	2 954	
1 40	Dagvist forskólabarna	57 399	
1 50	Sameiginleg þjónusta	37 995	
1 60	Almennt	7 458	
	Gjöld samtals		303 317
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200 277	
52–58	Önnur gjöld	34 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	52 770	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 380	
5	Gjöld samtals	303 317	
4	Sértekjur	2 240	
	Mismunur		**301 077**

02–799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 215
1 01	Heyrnleysingjaskólinn	32 151	
1 02	Annað en kennsla	16 064	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Endurbætur	6 100	
	Gjöld samtals		54 315
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 105	
52–58	Önnur gjöld	13 210	
5	Gjöld samtals	54 315	
4	Sértekjur	310	
	Mismunur		**54 005**

02–802 Vernd barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 813
1 10	Barnaverndarráð Íslands	8 223	
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	4 590	
	Gjöld samtals		12 813
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 223	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 590	
5	Gjöld samtals		**12 813**

02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			95 000
6 90	Dagvistarheimili, stofnkostnaður[1])	95 000	
	Gjöld samtals		95 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	95 000	
5	Gjöld samtals		**95 000**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–871 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Unglingaheimili ríkisins	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	24 400	
5	Gjöld samtals		**24 400**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 617 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617 000	
	Gjöld samtals		1 617 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 617 000	
5	Gjöld samtals		**1 617 000**
02–881 Náms- og fræðimenn, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 750
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	4 600	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	400	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	1 950	
1 16	Upplýsingastofa námsmanna	880	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 360	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	4 560	
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		20 750
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	410	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 340	
5	Gjöld samtals		**20 750**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–883	**Lektorar í íslensku við erlenda háskóla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 203
1 10	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	764	
1 20	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	1 439	
	Gjöld samtals		2 203
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 203	
5	Gjöld samtals		**2 203**
02–884	**Jöfnun á námskostnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 01	Jöfnun á námskostnaði	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**
02–885	**Fullorðinsfræðsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 830
1 20	Bréfaskólinn	1 870	
1 30	Námsflokkar	230	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	500	
1 80	Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	230	
	Gjöld samtals		2 830
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	230	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 370	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	230	
5	Gjöld samtals		**2 830**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 209
1 01	Landsbókasafn Íslands	31 209	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		38 209
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 599	
52–58	Önnur gjöld	14 610	
5	Gjöld samtals	38 209	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**37 299**
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 417
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	33 417	
Viðhaldsverkefni:			14 600
5 01	Húseign við Suðurgötu	8 400	
5 90	Verndun gamalla húsa	6 200	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	1 000	
6 02	Endurbætur	3 000	
	Gjöld samtals		52 017
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 787	
52–58	Önnur gjöld	26 230	
5	Gjöld samtals	52 017	
4	Sértekjur	430	
	Mismunur		**51 587**
02–903 Þjóðskjalasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 202
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	27 202	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Innréttingar	10 000	
	Gjöld samtals		37 202
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 722	
52–58	Önnur gjöld	23 480	
5	Gjöld samtals	37 202	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**36 062**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	4 500	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald fasteignar	500	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 240	
52–58	Önnur gjöld	1 760	
5	Gjöld samtals		**5 000**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 019
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	3 019	
	Gjöld samtals		3 019
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 339	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals	3 019	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**2 789**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–907 Listasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 133
1 01	Listasafn Íslands	24 019	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 114	
Stofnkostnaður:			29 800
6 01	Listaverkakaup	7 400	
6 20	Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7	22 400	
	Gjöld samtals		55 933
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 853	
52–58	Önnur gjöld	40 080	
5	Gjöld samtals	55 933	
4	Sértekjur	1 520	
	Mismunur		**54 413**
02–908 Kvikmyndasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 808
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	5 808	
	Gjöld samtals		5 808
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 588	
52–58	Önnur gjöld	4 220	
5	Gjöld samtals		**5 808**
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 997
1 01	Blindrabókasafn Íslands	16 997	
Stofnkostnaður:			400
6 01	Tölvuvæðing útlánakerfis	400	
	Gjöld samtals		17 397

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 127	
52–58	Önnur gjöld	8 270	
5	Gjöld samtals		**17 397**

02–931 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 047
1 01	Náttúruverndarráð	9 584	
1 02	Fræðslustarfsemi	1 120	
1 20	Friðlýsingarsjóður	1 900	
1 30	Eftirlit við Mývatn og Laxá	1 295	
1 31	Rannsóknastörf við Mývatn	2 836	
1 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	6 246	
1 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	3 830	
1 34	Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	3 636	
1 50	Sérfræðirannsóknir við Mývatn	10 600	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 34	Viðhaldsfé, óskipt	1 200	
Stofnkostnaður:			4 900
6 31	Rannsóknastörf við Mývatn	1 000	
6 32	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	1 800	
6 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	1 100	
6 35	Hreinlætisaðstaða við Gullfoss	1 000	
	Gjöld samtals		47 147
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 947	
52–58	Önnur gjöld	34 200	
5	Gjöld samtals	47 147	
4	Sértekjur	11 790	
	Mismunur		**35 357**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 000
1 01	Þjóðleikhús	171 000	
	Gjöld samtals		171 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	171 000	
5	Gjöld samtals		**171 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	67 000	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	67 000	
5	Gjöld samtals		**67 000**

02–975 Vísindasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 950
1 01	Vísindaráð	5 950	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Vísindasjóður, framlag	10 000	
	Gjöld samtals		15 950
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 950	
5	Gjöld samtals		**15 950**

02–976 Menningarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Menningarsjóður, framlag	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–977 Þjóðarbókhlaða			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			90 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	90 000	
	Gjöld samtals		90 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	90 000	
5	Gjöld samtals		**90 000**
02–980 Listskreytingasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Listskreytingasjóður	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 01	Kvikmyndasjóður	71 000	
	Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	71 000	
5	Gjöld samtals		**71 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			184 400
1 10	Listamannalaun	7 000	
1 11	Launasjóður rithöfunda	20 000	
1 12	Starfslaun listamanna	18 000	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	7 200	
1 15	Þýðingarsjóður	4 600	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	12 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 21	Leikfélag Akureyrar	11 000	
1 22	Leiklistarstarfsemi	12 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 770	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	3 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	7 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	12 000	
1 31	Íslenski dansflokkurinn	2 500	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	2 500	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 000	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	5 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	3 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	3 800	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	3 800	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 46	Listasafn ASÍ	2 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis[1])	10 200	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 000	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	400	
1 74	Listkynning, styrkir	400	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	12 000	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 80	Listahátíð	1 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	800	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		184 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	184 400	
5	Gjöld samtals		**184 400**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 4.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 742
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 310	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknarleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	8 532	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
	Gjöld samtals		11 742
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 532	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 210	
5	Gjöld samtals		**11 742**
02–984 Norræn samvinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 130
1 10	Norrænt samstarf	660	
1 11	Norræna félagið	490	
1 15	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	500	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	400	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	2 650	
1 20	Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	230	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	740	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	460	
	Gjöld samtals		6 130
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 130	
5	Gjöld samtals		**6 130**
02–985 Félagsheimilasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 000
6 01	Félagsheimilasjóður	21 000	
	Gjöld samtals		21 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 000	
5	Gjöld samtals		**21 000**

02–986 Íþróttasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			51 209
6 20	Bygging íþróttamannvirkja[1])	51 209	
	Gjöld samtals		51 209
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	51 209	
5	Gjöld samtals		**51 209**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 840
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 280	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	8 090	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	4 220	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns	1 500	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	750	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	1 500	
	Gjöld samtals		17 840
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 840	
5	Gjöld samtals		**17 840**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 090
1 10	Íþróttasamband Íslands	21 420	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 930	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	2 620	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 5.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2 000	
1 21	Skáksamband Íslands	1 280	
1 22	Stórmeistarar í skák	4 560	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 25	Skákskólinn	400	
1 30	Bridgesamband Íslands	520	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	4 500	
	Stofnkostnaður:		2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		47 090
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	47 090	
5	Gjöld samtals		**47 090**

02-991 Húsafriðun

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		230
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	230	
	Stofnkostnaður:		14 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	3 200	
6 20	Nesstofa	800	
6 40	Byggða- og minjasöfn	7 000	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	3 500	
	Gjöld samtals		14 730
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 730	
5	Gjöld samtals		**14 730**

02-999 Ýmislegt

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		42 440
1 20	Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	2 000	
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	330	
1 31	Geysir í Haukadal	1 500	
1 40	Dimmuborgir	500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 42	Reykholtsstaður	600	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	1 480	
1 60	Evreka	3 620	
1 70	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	2 620	
1 71	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	140	
1 90	Söfn, styrkir	1 730	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	1 530	
1 92	Ýmis framlög	11 490	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 110	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 96	Útflutnings- og markaðsskólinn	3 000	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	750	
Stofnkostnaður:			12 000
6 24	Safnastofnun Austurlands	3 500	
6 43	Skriðuklaustur	4 000	
6 72	Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður	4 500	
	Gjöld samtals		54 440
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 440	
5	Gjöld samtals		**54 440**
	Samtals		12 413 841

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			187 700
1 01	Yfirstjórn	101 118	
1 10	Kjörræðismenn	870	
1 20	Samningar við erlend ríki	1 310	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	15 070	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	4 600	
1 31	Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	480	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	51 152	
1 51	Útflutningsráð Íslands	13 100	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tölvubúnaður	1 500	
	Gjöld samtals		189 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 980	
52–58	Önnur gjöld	121 120	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 100	
5	Gjöld samtals		**189 200**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 223
1 01	Varnarmálaskrifstofa	26 681	
1 02	Fulltrúi í Brussel	3 542	
	Gjöld samtals		30 223

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 083	
52–58	Önnur gjöld	11 140	
5	Gjöld samtals	30 223	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**28 793**

03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 057
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	51 057	
	Gjöld samtals		51 057
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 937	
52–58	Önnur gjöld	7 320	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	39 800	
5	Gjöld samtals		**51 057**

03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			173 367
1 01	Yfirstjórn	13 799	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	70 202	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	87 529	
1 30	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	1 837	
Stofnkostnaður:			1 800
6 10	Bifreiðakaup o.fl.	900	
6 20	Fjarskiptabúnaður o.fl.	300	
6 30	Tölvubúnaður o.fl.	600	
	Gjöld samtals		175 167
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 997	
52–58	Önnur gjöld	37 170	
5	Gjöld samtals	175 167	
4	Sértekjur	18 470	
	Mismunur		**156 697**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		14 849
1 01 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	14 849	
Gjöld samtals		14 849
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	10 529	
52–58 Önnur gjöld	4 320	
5 Gjöld samtals		**14 849**
03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		19 415
1 01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	19 415	
Gjöld samtals		19 415
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	11 855	
52–58 Önnur gjöld	7 560	
5 Gjöld samtals		**19 415**
03–303 Sendiráð Íslands í London		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 673
1 01 Sendiráð Íslands í London	20 673	
Gjöld samtals		20 673
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	12 203	
52–58 Önnur gjöld	8 470	
5 Gjöld samtals		**20 673**
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 374
1 01 Sendiráð Íslands í Moskvu	20 374	
Gjöld samtals		20 374

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 534	
52–58	Önnur gjöld	6 840	
5	Gjöld samtals		**20 374**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 943
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	16 943	
	Gjöld samtals		16 943
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 043	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**16 943**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 380
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	24 380	
	Gjöld samtals		24 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 370	
52–58	Önnur gjöld	10 010	
5	Gjöld samtals		**24 380**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 032
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	14 032	
	Gjöld samtals		14 032
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 782	
52–58	Önnur gjöld	4 250	
5	Gjöld samtals		**14 032**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308	**Sendiráð Íslands í Washington**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 889
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	21 889	
	Gjöld samtals		21 889
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 889	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**21 889**
03–309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 429
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	28 429	
	Gjöld samtals		28 429
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 659	
52–58	Önnur gjöld	14 770	
5	Gjöld samtals		**28 429**
03–310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 260
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	13 260	
	Gjöld samtals		13 260
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 740	
52–58	Önnur gjöld	5 520	
5	Gjöld samtals		**13 260**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 469
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	20 469	
	Gjöld samtals		20 469
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 379	
52–58	Önnur gjöld	7 090	
5	Gjöld samtals		**20 469**
03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 661
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	22 661	
	Gjöld samtals		22 661
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 641	
52–58	Önnur gjöld	9 020	
5	Gjöld samtals		**22 661**
03–313 Sendiráð, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			7 300
5 90	Viðhald sendiráða	7 300	
Stofnkostnaður:			4 900
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	4 900	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 810
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	60 000	
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	11 540	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	3 660	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	10 760	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	1 550	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	680	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 690	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	460	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	530	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	1 370	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	290	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	280	
	Gjöld samtals		92 810
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	92 810	
5	Gjöld samtals		**92 810**
03–399 Ýmis utanríkismál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550
1 30	Lögberg-Heimskringla	320	
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	230	
	Gjöld samtals		550
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	550	
5	Gjöld samtals		**550**
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 640
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	10 620	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	4 660	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	2 420	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3 660	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	3 080	
1 16	GATT	2 370	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	760	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	580	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	530	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	40	
1 27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	730	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	310	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	1 340	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	3 300	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	70	
1 33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	20	
1 34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	20	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	700	
1 36	Bernarsambandið	410	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	1 210	
1 39	Evrópuráðið	4 440	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	5 910	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	17 320	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	8 370	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	240	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	560	
1 46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	30	
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	50	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	3 220	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	200	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 480	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	260	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	120	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	110	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 230	
	Gjöld samtals		80 640
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	80 640	
5	Gjöld samtals		**80 640**
	Samtals		849 321

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 604
1 01	Yfirstjórn	44 604	
	Gjöld samtals		44 604
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 914	
52–58	Önnur gjöld	21 690	
5	Gjöld samtals		**44 604**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 700
6 01	Jarðeignir ríkisins	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 700	
5	Gjöld samtals		**15 700**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðasjóður	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 810
1 01	Yfirstjórn	23 510	
1 20	Ráðunautar	33 899	
1 30	Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	25 401	
1 40	Ýmis framlög	3 000	
	Gjöld samtals		85 810
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 123	
52–58	Önnur gjöld	30 687	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	85 810	
4	Sértekjur	9 187	
	Mismunur		**76 623**
04–205 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 670
1 90	Veiðistjóri	13 670	
	Gjöld samtals		13 670
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 670	
5	Gjöld samtals		**13 670**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 300
1 90	Aðalstöðvar	78 540	
1 91	Tilraunastöðin Sámsstöðum	5 070	
1 92	Tilraunastöðvar, óskipt	8 690	
Stofnkostnaður:			10 400
6 82	Stóra-Ármót	3 000	
6 90	Tækjakaup	5 700	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	1 700	
	Gjöld samtals		102 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	102 700	
5	Gjöld samtals		**102 700**

04–221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 01	Áburðarverksmiðja ríkisins	22 000	
	Gjöld samtals		22 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	22 000	
5	Gjöld samtals		**22 000**

04–231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 176
1 01	Almennur rekstur	87 252	
1 80	Tilraunir með rótarskóga í rannsóknastöð að Mógilsá	390	
1 81	Nytjaskógar	10 300	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	3 410	
1 83	Tilraunir með ræktun iðnviðar í rannsóknastöð að Mógilsá	1 200	
1 85	Rannsóknastöð að Mógilsá	15 134	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	1 490	
Viðhaldsverkefni:			2 800
5 01	Fasteignir	2 800	
Stofnkostnaður:			8 000
6 30	Vélar og tæki	2 600	
6 32	Fasteignir, óskipt	3 500	
6 33	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		129 976

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 436	
52–58	Önnur gjöld	52 750	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 710	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 080	
5	Gjöld samtals	129 976	
4	Sértekjur	50 110	
	Mismunur		**79 866**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 999
1 10	Almenn landgræðsla	64 067	
1 60	Búrekstur	8 932	
Viðhaldsverkefni:			3 200
5 20	Viðhaldsfé, óskipt	3 200	
Stofnkostnaður:			2 500
6 20	Fræverkunarstöð	2 500	
	Gjöld samtals		78 699
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 930	
52–58	Önnur gjöld	55 769	
5	Gjöld samtals	78 699	
4	Sértekjur	12 070	
	Mismunur		**66 629**

04–242 Mat á landbúnaðarafurðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 081
1 01	Mat á landbúnaðarafurðum	5 081	
	Gjöld samtals		5 081

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 571	
52–58	Önnur gjöld	2 510	
5	Gjöld samtals	5 081	
4	Sértekjur	5 081	
	Mismunur		

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			350 984
1 01	Sauðfjárveikivarnir	350 984	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Varnargirðingar	3 700	
	Gjöld samtals		354 684
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 584	
52–58	Önnur gjöld	7 380	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	334 720	
5	Gjöld samtals		**354 684**

04–244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 665
1 01	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5 665	
	Gjöld samtals		5 665
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 225	
52–58	Önnur gjöld	440	
5	Gjöld samtals		**5 665**

04–246 Veiðimálastofnunin

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 700
1 40	Laxeldisstöðin í Kollafirði	7 600	
1 90	Veiðimálastofnun	25 100	
	Gjöld samtals		32 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	7 600	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 100	
5	Gjöld samtals		**32 700**

04–247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 940
1 01	Yfirstjórn	3 494	
1 20	Héraðsdýralæknar	33 585	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	4 543	
1 31	Menntun í fisksjúkdómum	2 000	
1 40	Dýralæknir loðdýra	1 878	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	440	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 400	
	Gjöld samtals		50 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 170	
52–58	Önnur gjöld	11 170	
5	Gjöld samtals	50 340	
4	Sértekjur	4 220	
	Mismunur		**46 120**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			91 900
6 20	Landgræðsluáætlun, RALA	5 100	
6 30	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	12 300	
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	54 500	
6 50	Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	3 000	
6 80	Landþurrkun[1])	500	
6 90	Fyrirhleðslur[2])	16 500	
	Gjöld samtals		91 900

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 6.
[2]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 7.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	91 400	
5	Gjöld samtals		**91 900**

04–271 Landgræðslusjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Landgræðslusjóður	1 900	
	Gjöld samtals		1 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 900	
5	Gjöld samtals		**1 900**

04–272 Einangrunarstöð í Hrísey

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 380
1 01	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 380	
Stofnkostnaður:			800
6 02	Einangrunarstarfsemi, önnur	800	
	Gjöld samtals		3 180
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	3 180	
5	Gjöld samtals		**3 180**

04–287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 830
1 01	Stofnlánadeild landbúnaðarins	38 830	
	Gjöld samtals		38 830
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 830	
5	Gjöld samtals		**38 830**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–288 Jarðræktarlög, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 374
1 10	Ráðunautar	22 374	
1 20	Framlög til búnaðarsambanda	9 000	
Stofnkostnaður:			100 000
6 20	Jarðræktarframlög o.fl.	100 000	
	Gjöld samtals		131 374
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 374	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals		**131 374**
04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			453 080
1 10	Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	383 080	
1 20	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	70 000	
	Gjöld samtals		453 080
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	383 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	70 000	
5	Gjöld samtals		**453 080**
04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	610 000	
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	490 000	
	Gjöld samtals		1 100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100 000	
5	Gjöld samtals		**1 100 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 370
1 01	Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973	18 370	
	Gjöld samtals		18 370
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 370	
5	Gjöld samtals		**18 370**
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 270
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 270	
1 22	Ýmis verkefni	6 000	
	Gjöld samtals		7 270
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 270	
5	Gjöld samtals		**7 270**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 433
1 01	Yfirstjórn	12 299	
1 30	Rekstur skóla	50 686	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	4 741	
1 50	Búrekstur	17 707	
Viðhaldsverkefni:			3 800
5 01	Fasteignir	3 800	
Stofnkostnaður:			12 500
6 01	Fasteignir og lóðir	8 500	
6 10	Hundrað ára afmæli, framlag	4 000	
	Gjöld samtals		101 733

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 923	
52–58	Önnur gjöld	55 810	
5	Gjöld samtals	101 733	
4	Sértekjur	33 930	
	Mismunur		**67 803**

04–502 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 255
1 01	Bændaskólinn á Hólum	49 255	
Viðhaldsverkefni:			6 000
5 01	Fasteignir	6 000	
Stofnkostnaður:			3 900
6 01	Fasteignir og lóðir	3 000	
6 02	Vélar og áhöld	900	
	Gjöld samtals		59 155
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 195	
52–58	Önnur gjöld	31 960	
5	Gjöld samtals	59 155	
4	Sértekjur	9 540	
	Mismunur		**49 615**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 017
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	29 985	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	2 032	
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Fasteignir, gróðurhús	2 500	
Stofnkostnaður:			4 900
6 01	Fasteignir, óskipt	4 000	
6 10	Tækjakaup	900	
	Gjöld samtals		39 417

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 137	
52–58	Önnur gjöld	17 280	
5	Gjöld samtals	39 417	
4	Sértekjur	1 750	
	Mismunur		**37 667**
	Samtals		2 876 950

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 562
1 01	Yfirstjórn	48 562	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Stofnkostnaður	2 100	
	Gjöld samtals		50 662
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 922	
52–58	Önnur gjöld	22 740	
5	Gjöld samtals	50 662	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**50 562**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 520
1 90	Fiskifélag Íslands	38 520	
	Gjöld samtals		38 520
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 520	
5	Gjöld samtals		**38 520**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			330 600
1 01	Yfirstjórn	39 323	
1 10	Rannsóknasvið	75 290	
1 11	Raftæknideild	6 947	
1 19	Tímabundin verkefni	15 073	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Útibú á Húsavík	2 456	
1 21	Útibú á Höfn í Hornafirði	1 950	
1 22	Útibú á Ísafirði	2 765	
1 23	Útibú í Ólafsvík	2 445	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	2 525	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	43 148	
1 32	R/s Árni Friðriksson	36 332	
1 33	R/s Dröfn	21 276	
1 36	Veiðarfærakostnaður	13 650	
1 39	Annar skiparekstur	27 540	
1 40	Hvalarannsóknir	25 600	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	8 180	
1 42	Aflaskýrslur	1 150	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	4 950	
Viðhaldsverkefni:			25 700
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	15 600	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	7 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	1 900	
5 90	Viðhald, óskipt	1 200	
Stofnkostnaður:			35 900
6 31	Búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	1 300	
6 32	Búnaður í r/s Árna Friðriksson	26 000	
6 33	Búnaður í r/s Dröfn	3 600	
6 90	Búnaður deilda og útibúa	5 000	
	Gjöld samtals		392 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 400	
52–58	Önnur gjöld	211 800	
5	Gjöld samtals	392 200	
4	Sértekjur	51 760	
	Mismunur		**340 440**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 550
1 90	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	57 550	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 100
6 10	Tæki og búnaður	10 100	
	Gjöld samtals		67 650
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	67 650	
5	Gjöld samtals		**67 650**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 240
1 01	Ríkismat sjávarafurða	76 240	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Bifreiðakaup	1 100	
	Gjöld samtals		77 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 440	
52–58	Önnur gjöld	34 900	
5	Gjöld samtals	77 340	
4	Sértekjur	19 720	
	Mismunur		**57 620**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 928
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	4 928	
	Gjöld samtals		4 928
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 398	
52–58	Önnur gjöld	1 530	
5	Gjöld samtals		**4 928**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–280	**Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			937 000
1 01	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	907 000	
1 10	Útflutningsráð Íslands	30 000	
	Gjöld samtals		937 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	907 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5	Gjöld samtals		**937 000**
05–290	**Veiðieftirlit**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 365
1 01	Veiðieftirlit	39 365	
	Gjöld samtals		39 365
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 445	
52–58	Önnur gjöld	11 920	
5	Gjöld samtals		**39 365**
05–298	**Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 380
1 01	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	6 380	
	Gjöld samtals		6 380
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 380	
5	Gjöld samtals		**6 380**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 940
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	5 000	
1 23	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	240	
1 31	Stjórn fiskveiða	7 970	
1 32	Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	25 730	
	Gjöld samtals		38 940
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 550	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	33 390	
5	Gjöld samtals		**38 940**
05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 476
1 01	Yfirstjórn	18 883	
1 30	Keldnaholt	24 593	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	4 400	
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		48 376
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 236	
52–58	Önnur gjöld	29 140	
5	Gjöld samtals	48 376	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**47 116**
	Samtals		1 628 521

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 286
1 01	Yfirstjórn	63 286	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		64 286
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 276	
52–58	Önnur gjöld	22 010	
5	Gjöld samtals		**64 286**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 318
1 01	Stjórnartíðindi	15 318	
	Gjöld samtals		15 318
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 028	
52–58	Önnur gjöld	13 290	
5	Gjöld samtals	15 318	
4	Sértekjur	7 770	
	Mismunur		**7 548**
06–201 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 997
1 01	Yfirstjórn	10 714	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	9 843	
1 03	Ljósprentun Hæstaréttardóma	1 440	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			600
5 01	Viðhald fasteigna	600	
	Gjöld samtals		22 597
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 807	
52–58	Önnur gjöld	14 790	
5	Gjöld samtals	22 597	
4	Sértekjur	1 710	
	Mismunur		**20 887**

06–202 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 763
1 01	Ríkissaksóknari	31 763	
	Gjöld samtals		31 763
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 173	
52–58	Önnur gjöld	8 590	
5	Gjöld samtals		**31 763**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 209
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	46 209	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og húsbúnaður	2 700	
	Gjöld samtals		48 909
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 439	
52–58	Önnur gjöld	11 470	
5	Gjöld samtals	48 909	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**48 379**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 450
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	67 450	
	Gjöld samtals		67 450
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 750	
52–58	Önnur gjöld	19 700	
5	Gjöld samtals	67 450	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**66 880**
06–205 Sakadómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 394
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	47 394	
	Gjöld samtals		47 394
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 204	
52–58	Önnur gjöld	8 190	
5	Gjöld samtals		**47 394**
06–206 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			648 920
1 01	Yfirstjórn	41 839	
1 02	Sími og fjarskipti	6 060	
1 20	Almenn löggæsla	527 751	
1 21	Eftirlit á vegum	5 100	
1 22	Fangaklefar	12 677	
1 24	Eftirlit með vínveitingahúsum	3 234	
1 30	Útlendingaeftirlit	11 273	
1 40	Mötuneyti	17 801	
1 60	Aðallögreglustöð	23 185	
Viðhaldsverkefni:			13 500
5 60	Aðallögreglustöð, viðhald	13 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			23 900
6 01	Tæki og búnaður	2 900	
6 02	Sími og fjarskipti	4 100	
6 60	Aðallögreglustöð	3 000	
6 80	Bifreiðar o.fl.	13 900	
	Gjöld samtals		686 320
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	493 520	
52–58	Önnur gjöld	192 800	
5	Gjöld samtals	686 320	
4	Sértekjur	52 914	
	Mismunur		**633 406**

06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 731
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	119 731	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		124 731
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 081	
52–58	Önnur gjöld	25 650	
5	Gjöld samtals	124 731	
4	Sértekjur	1 390	
	Mismunur		**123 341**

06–209 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 461
1 01	Yfirstjórn	13 886	
1 10	Námskostnaður	20 575	
Stofnkostnaður:			3 300
6 01	Tæki og búnaður	3 300	
	Gjöld samtals		37 761

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 671	
52–58	Önnur gjöld	23 090	
5	Gjöld samtals		**37 761**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 840
1 10	Sýslumenn og bæjarfógetar	8 840	
Viðhaldsverkefni:			10 500
5 50	Fasteignir	10 500	
Stofnkostnaður:			14 000
6 10	Tæki og búnaður	14 000	
	Gjöld samtals		33 340
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 340	
5	Gjöld samtals		**33 340**

06–212 Bæjarfógeti Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 456
1 01	Yfirstjórn	16 326	
1 20	Löggæsla	26 113	
1 40	Tollgæsla	1 017	
Stofnkostnaður:			7 500
6 10	Innrétting lögreglustöðvar	7 500	
	Gjöld samtals		50 956
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 116	
52–58	Önnur gjöld	15 840	
5	Gjöld samtals	50 956	
4	Sértekjur	1 430	
	Mismunur		**49 526**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–213	**Sýslumaður Borgarnesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 143
1 01	Yfirstjórn	16 572	
1 20	Löggæsla	16 590	
1 30	Hreppstjórar	981	
	Gjöld samtals		34 143
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 943	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	34 143	
4	Sértekjur	878	
	Mismunur		**33 265**
06–214	**Sýslumaður Stykkishólmi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 721
1 01	Yfirstjórn	16 705	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	10 102	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	6 360	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	10 778	
1 30	Hreppstjórar	776	
	Gjöld samtals		44 721
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 301	
52–58	Önnur gjöld	11 420	
5	Gjöld samtals	44 721	
4	Sértekjur	1 150	
	Mismunur		**43 571**
06–215	**Sýslumaður Búðardal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 434
1 01	Yfirstjórn	6 375	
1 20	Löggæsla	2 603	
1 30	Hreppstjórar	456	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			600
6 50	Stjórnsýsluhús	600	
	Gjöld samtals		10 034
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 954	
52–58	Önnur gjöld	3 080	
5	Gjöld samtals	10 034	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**9 854**

06–216 Sýslumaður Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 608
1 01	Yfirstjórn	11 726	
1 20	Löggæsla	12 174	
1 30	Hreppstjórar	708	
Stofnkostnaður:			5 700
6 10	Viðbygging	5 700	
	Gjöld samtals		30 308
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 568	
52–58	Önnur gjöld	11 740	
5	Gjöld samtals	30 308	
4	Sértekjur	630	
	Mismunur		**29 678**

06–217 Bæjarfógeti Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 697
1 01	Yfirstjórn	5 944	
1 20	Löggæsla	6 753	
	Gjöld samtals		12 697
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 007	
52–58	Önnur gjöld	2 690	
5	Gjöld samtals		**12 697**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 121
1 01	Yfirstjórn	22 954	
1 20	Löggæsla	30 471	
1 30	Hreppstjórar	782	
1 40	Tollgæsla	914	
	Gjöld samtals		55 121
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 559	
52–58	Önnur gjöld	14 562	
5	Gjöld samtals	55 121	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**53 221**
06–219 Sýslumaður Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 795
1 01	Yfirstjórn	5 610	
1 20	Löggæsla	2 681	
1 30	Hreppstjórar	504	
	Gjöld samtals		8 795
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 415	
52–58	Önnur gjöld	2 380	
5	Gjöld samtals	8 795	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**8 555**
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 703
1 01	Yfirstjórn	15 076	
1 20	Löggæsla	16 460	
1 30	Hreppstjórar	1 167	
	Gjöld samtals		32 703

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 563	
52–58	Önnur gjöld	9 140	
5	Gjöld samtals	32 703	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**32 303**

06–222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 102
1 01	Yfirstjórn	14 757	
1 20	Löggæsla	18 923	
1 30	Hreppstjórar	780	
1 40	Tollgæsla	642	
Stofnkostnaður:			9 200
6 10	Nýbygging	9 200	
	Gjöld samtals		44 302
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 963	
52–58	Önnur gjöld	16 339	
5	Gjöld samtals	44 302	
4	Sértekjur	230	
	Mismunur		**44 072**

06–223 Bæjarfógeti Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 397
1 01	Yfirstjórn	9 045	
1 20	Löggæsla	10 352	
Stofnkostnaður:			19 100
6 10	Nýbygging	19 100	
	Gjöld samtals		38 497

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 507	
52–58	Önnur gjöld	22 990	
5	Gjöld samtals	38 497	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**38 197**

06–224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 825
1 01	Yfirstjórn	5 580	
1 20	Löggæsla	6 245	
	Gjöld samtals		11 825
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 005	
52–58	Önnur gjöld	2 820	
5	Gjöld samtals	11 825	
4	Sértekjur	150	
	Mismunur		**11 675**

06–225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 316
1 01	Yfirstjórn	44 550	
1 20	Löggæsla Akureyri	64 604	
1 21	Löggæsla Dalvík	6 102	
1 30	Hreppstjórar	806	
1 40	Tollgæsla	3 254	
	Gjöld samtals		119 316
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 626	
52–58	Önnur gjöld	24 690	
5	Gjöld samtals	119 316	
4	Sértekjur	1 008	
	Mismunur		**118 308**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 135
1 01	Yfirstjórn	21 704	
1 20	Löggæsla Húsavík	19 573	
1 21	Löggæsla Raufarhöfn	5 805	
1 22	Löggæsla Þórshöfn	5 424	
1 30	Hreppstjórar	1 629	
Stofnkostnaður:			8 500
6 01	Nýbygging	8 500	
	Gjöld samtals		62 635
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 815	
52–58	Önnur gjöld	22 820	
5	Gjöld samtals	62 635	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**61 725**
06–227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 677
1 01	Yfirstjórn	14 009	
1 20	Löggæsla Seyðisfirði	7 978	
1 21	Löggæsla Vopnafirði	4 971	
1 30	Hreppstjórar	719	
	Gjöld samtals		27 677
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 547	
52–58	Önnur gjöld	7 130	
5	Gjöld samtals	27 677	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**27 287**
06–228 Bæjarfógeti Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 993
1 01	Yfirstjórn	8 148	
1 20	Löggæsla	5 845	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 20	Lögreglustöð	1 300	
	Gjöld samtals		15 293
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 973	
52–58	Önnur gjöld	5 320	
5	Gjöld samtals	15 293	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**15 183**

06–229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 273
1 01	Yfirstjórn	17 899	
1 20	Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	8 960	
1 21	Löggæsla Egilsstöðum	8 243	
1 22	Löggæsla Fáskrúðsfirði	3 923	
1 23	Löggæsla Suðurfjörðum	1 023	
1 30	Hreppstjórar	1 225	
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Lögreglustöð Egilsstöðum	1 000	
	Gjöld samtals		42 273
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 108	
52–58	Önnur gjöld	12 165	
5	Gjöld samtals	42 273	
4	Sértekjur	993	
	Mismunur		**41 280**

06–230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 906
1 01	Yfirstjórn	9 165	
1 20	Löggæsla	9 222	
1 30	Hreppstjórar	519	
	Gjöld samtals		18 906

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 666	
52–58	Önnur gjöld	5 240	
5	Gjöld samtals	18 906	
4	Sértekjur	669	
	Mismunur		**18 237**

06–231 Sýslumaður Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 607
1 01	Yfirstjórn	7 675	
1 20	Löggæsla	3 444	
1 30	Hreppstjórar	488	
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Innréttingar o.fl.	2 500	
	Gjöld samtals		14 107
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 537	
52–58	Önnur gjöld	5 570	
5	Gjöld samtals	14 107	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**13 597**

06–232 Sýslumaður Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 976
1 01	Yfirstjórn	12 402	
1 20	Löggæsla	12 754	
1 30	Hreppstjórar	820	
	Gjöld samtals		25 976
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 006	
52–58	Önnur gjöld	6 970	
5	Gjöld samtals	25 976	
4	Sértekjur	940	
	Mismunur		**25 036**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 161
1 01	Yfirstjórn	18 283	
1 20	Löggæsla	26 130	
1 40	Tollgæsla	1 748	
	Gjöld samtals		46 161
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 767	
52–58	Önnur gjöld	9 394	
5	Gjöld samtals	46 161	
4	Sértekjur	2 864	
	Mismunur		**43 297**
06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 864
1 01	Yfirstjórn	28 156	
1 20	Löggæsla	52 364	
1 30	Hreppstjórar	1 344	
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Lögreglustöð	11 000	
	Gjöld samtals		92 864
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 704	
52–58	Önnur gjöld	31 160	
5	Gjöld samtals	92 864	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**92 174**
06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 853
1 01	Yfirstjórn	42 244	
1 20	Löggæsla Keflavík og Njarðvík	70 453	
1 21	Löggæsla Grindavík	13 354	
1 30	Hreppstjórar	389	
1 40	Tollgæsla	5 413	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 500
6 01	Skrifstofuhúsnæði	7 500	
6 21	Lögreglustöð Grindavík	4 000	
	Gjöld samtals		143 353
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 649	
52–58	Önnur gjöld	39 704	
5	Gjöld samtals	143 353	
4	Sértekjur	2 457	
	Mismunur		**140 896**

06–236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			159 388
1 01	Yfirstjórn	69 110	
1 20	Löggæsla Hafnarfirði	84 668	
1 30	Hreppstjórar	321	
1 40	Tollgæsla	5 289	
Stofnkostnaður:			3 600
6 01	Fasteign	3 600	
	Gjöld samtals		162 988
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 241	
52–58	Önnur gjöld	35 747	
5	Gjöld samtals	162 988	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**161 208**

06–237 Bæjarfógeti Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 156
1 01	Yfirstjórn	45 529	
1 20	Löggæsla	50 627	
Stofnkostnaður:			2 500
6 10	Fasteign, búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		98 656

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 056	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	98 656	
4	Sértekjur	340	
	Mismunur		**98 316**

06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 112
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	8 112	
	Gjöld samtals		8 112
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 432	
52–58	Önnur gjöld	680	
5	Gjöld samtals		**8 112**

06–239 Fangelsismálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 506
1 01	Fangelsismálastofnun	17 506	
Stofnkostnaður:			2 000
6 10	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		19 506
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 236	
52–58	Önnur gjöld	6 270	
5	Gjöld samtals		**19 506**

06–240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 408
1 01	Yfirstjórn	2 115	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	30 311	
1 22	Fangelsið Síðumúla	22 688	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	18 294	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 500
6 23	Fangelsi, Kópavogsbraut	4 500	
	Gjöld samtals		77 908
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 678	
52–58	Önnur gjöld	27 230	
5	Gjöld samtals	77 908	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**77 668**

06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 225
1 01	Vinnuhælið Litla-Hrauni	103 225	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Endurnýjun innanhúss	2 000	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Eignakaup	1 800	
	Gjöld samtals		107 025
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 645	
52–58	Önnur gjöld	41 380	
5	Gjöld samtals	107 025	
4	Sértekjur	14 010	
	Mismunur		**93 015**

06–243 Vinnuhælið Kvíabryggju

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 802
1 01	Vinnuhælið Kvíabryggju	21 802	
	Gjöld samtals		21 802

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 352	
52–58	Önnur gjöld	8 450	
5	Gjöld samtals	21 802	
4	Sértekjur	4 280	
	Mismunur		**17 522**

06–251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 811
1 01	Yfirstjórn	39 803	
1 21	V/s Ægir	76 583	
1 22	V/s Óðinn	51 271	
1 23	V/s Týr	74 233	
1 30	Fluggæsla	135 407	
1 31	Þyrluvakt lækna	2 565	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	20 949	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 90	Viðhald	4 500	
Stofnkostnaður:			17 600
6 90	Tæki og búnaður	17 600	
	Gjöld samtals		422 911
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	226 021	
52–58	Önnur gjöld	196 890	
5	Gjöld samtals	422 911	
4	Sértekjur	5 710	
	Mismunur		**417 201**

06–252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 819
1 01	Bifreiðaeftirlit	13 819	
	Gjöld samtals		13 819

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 819	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**13 819**

06–253 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 846
1 01	Almannavarnir ríkisins	14 846	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		17 346
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 106	
52–58	Önnur gjöld	10 240	
5	Gjöld samtals		**17 346**

06–255 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 089
1 01	Umferðarráð	24 089	
1 03	Þjóðarátak í umferðaröryggi	5 000	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		30 189
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 799	
52–58	Önnur gjöld	23 390	
5	Gjöld samtals	30 189	
4	Sértekjur	6 830	
	Mismunur		**23 359**

06–262 Löggildingarstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 521
1 01	Löggildingarstofan	13 521	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		14 621
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 231	
52–58	Önnur gjöld	7 390	
5	Gjöld samtals	14 621	
4	Sértekjur	16 070	
	Mismunur		**−1 449**

06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 831
1 10	Málskostnaður	43 924	
1 11	Meðdómsmenn	4 857	
1 12	Setu- og varadómarar	2 137	
1 13	Siglingadómur	503	
1 14	Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2 510	
1 15	Setusaksóknari	3 691	
1 20	Próf málflytjenda	271	
1 21	Próf skjalaþýðenda	493	
1 22	Próf fasteignasala	1 522	
1 30	Útgáfa lagasafns	16 602	
1 31	Útgáfa norræns dómasafns	314	
1 40	Tölvunefnd	1 874	
1 41	Matsnefnd eignarnámsbóta	1 555	
1 50	Námsleyfi lögfræðinga	2 198	
1 80	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	190	
1 81	Norræn samvinna á sviði sakfræði	300	
1 82	Aðgerðir gegn fíkniefnum	2 890	
Stofnkostnaður:			7 300
6 90	Dómsmál, ýmis kostnaður	7 300	
	Gjöld samtals		93 131

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 221	
52–58	Önnur gjöld	68 580	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	330	
5	Gjöld samtals	93 131	
4	Sértekjur	13 085	
	Mismunur		**80 046**

06–282 Ýmis löggæslukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 741
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	3 741	
Stofnkostnaður:			28 100
6 10	Lögreglubifreiðir	28 100	
	Gjöld samtals		31 841
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 541	
52–58	Önnur gjöld	29 510	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	790	
5	Gjöld samtals	31 841	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**25 441**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 131
1 10	Fangahjálp	3 910	
1 12	Námskeið fangavarða	2 221	
Viðhaldsverkefni:			7 000
5 30	Viðhald og endurnýjun fangelsa	7 000	
Stofnkostnaður:			500
6 30	Bygging ríkisfangelsa	500	
	Gjöld samtals		13 631

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	551	
52–58	Önnur gjöld	9 170	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 910	
5	Gjöld samtals		**13 631**

06–284 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 094
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	847	
1 11	Öleftirlit	589	
1 20	Fíkniefnamál	658	
	Gjöld samtals		2 094
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 474	
52–58	Önnur gjöld	480	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals		**2 094**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 884
1 01	Yfirstjórn	12 548	
1 02	Biskupsbústaður	490	
1 10	Æskulýðsstarf	6 846	
Viðhaldsverkefni:			600
5 02	Viðhald bústaðar	600	
	Gjöld samtals		20 484
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 444	
52–58	Önnur gjöld	7 750	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	290	
5	Gjöld samtals	20 484	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**18 684**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 607
1 01	Yfirstjórn	6 317	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	4 290	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		12 107
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 037	
52–58	Önnur gjöld	5 070	
5	Gjöld samtals	12 107	
4	Sértekjur	750	
	Mismunur		**11 357**
06–303 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			197 302
1 90	Prestar og prófastar	197 302	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 20	Embættisbústaðir	20 000	
Stofnkostnaður:			14 500
6 20	Byggingar á prestssetrum	11 500	
6 21	Kaup á eignum	3 000	
	Gjöld samtals		231 802
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 842	
52–58	Önnur gjöld	68 960	
5	Gjöld samtals	231 802	
4	Sértekjur	50	
	Mismunur		**231 752**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–304 Ýmis kirkjuleg málefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 391
1 42	Húsmæðraskólinn Löngumýri	752	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 358	
1 90	Ýmislegt	8 281	
Viðhaldsverkefni:			500
5 42	Viðhald húseignar á Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			22 000
6 50	Skálholtsstaður	1 000	
6 51	Hallgrímskirkja	12 000	
6 52	Hóladómkirkja	9 000	
	Gjöld samtals		32 891
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 927	
52–58	Önnur gjöld	5 254	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 710	
5	Gjöld samtals		**32 891**
06–371 Kirkjubyggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 610
1 01	Kirkjubyggingasjóður	4 610	
	Gjöld samtals		4 610
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	4 610	
5	Gjöld samtals		**4 610**
06–373 Kristnisjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 310
1 01	Kristnisjóður	14 310	
	Gjöld samtals		14 310

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	14 310	
5	Gjöld samtals		**14 310**
	Samtals		3 459 058

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 675
1 01	Yfirstjórn	54 675	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tækjabúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		55 875
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 075	
52–58	Önnur gjöld	25 580	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 080	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140	
5	Gjöld samtals	55 875	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**55 525**
07–271 Byggingarsjóður ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 050 000
6 01	Byggingarsjóður ríkisins	1 050 000	
	Gjöld samtals		1 050 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 050 000	
5	Gjöld samtals		**1 050 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			600 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	600 000	
	Gjöld samtals		600 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	600 000	
5	Gjöld samtals		**600 000**
07–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 541
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	58 541	
	Gjöld samtals		58 541
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 561	
52–58	Önnur gjöld	27 890	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	17 090	
5	Gjöld samtals	58 541	
4	Sértekjur	47 010	
	Mismunur		**11 531**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 433
1 01	Ríkissáttasemjari	17 433	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Ríkissáttasemjari	1 100	
	Gjöld samtals		18 533

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 223	
52–58	Önnur gjöld	6 310	
5	Gjöld samtals	18 533	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 433**

07–399 Vatnsveitur

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Vatnsveitur	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 352
1 01	Stjórnarnefnd	1 563	
1 02	Samráðsnefnd	1 027	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 405	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	103 680	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	5 430	
1 10	Vistanir	2 280	
1 80	Starfsþjálfun	5 640	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	1 600	
1 99	Óskipt	30 727	
	Gjöld samtals		153 352
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 062	
52–58	Önnur gjöld	5 790	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	120 500	
5	Gjöld samtals		**153 352**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			228 527
1 01	Svæðisstjórn	7 128	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	5 413	
1 21	Sambýli Akurgerði	2 230	
1 22	Sambýli, leiguhúsnæði	5 284	
1 23	Sambýli Háteigsvegi 6	3 248	
1 24	Sambýli Sigluvogi 5	3 738	
1 25	Sambýli Auðarstræti 15	5 374	
1 26	Sambýli Víðihlíð 11	6 280	
1 27	Sambýli Víðihlíð 7	4 422	
1 28	Sambýli Víðihlíð 5	4 550	
1 29	Sambýli Sóleyjargötu	5 499	
1 30	Vinnustofan Ás	16 069	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	3 710	
1 32	Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar	2 220	
1 60	Dagvistun Lækjarási	16 984	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	22 116	
1 62	Dagvistun Lyngási	29 826	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	10 064	
1 64	Skammtímavistun Dalbraut	6 960	
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	19 882	
1 72	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	11 168	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	12 064	
1 74	Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	6 968	
1 75	Hjúkrunarheimili / vistheimili	3 186	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
1 90	Sambýli 1, nýtt	5 384	
1 91	Sambýli 2, nýtt	4 891	
1 92	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	1 909	
	Gjöld samtals		228 527
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	164 827	
52–58	Önnur gjöld	46 620	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	11 150	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 930	
5	Gjöld samtals	228 527	
4	Sértekjur	9 780	
	Mismunur		**218 747**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			197 394
1 01	Svæðisstjórn	6 657	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	7 693	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	6 151	
1 22	Sambýli Markarflöt Garðabæ	5 094	
1 24	Sambýli Bakkaflöt Garðabæ	350	
1 26	Sambýli 1, nýtt	8 035	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	15 124	
1 32	Verkstjórn	761	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	852	
1 60	Skammtímavistun	10 573	
1 61	Dagvistun Keflavík	6 812	
1 62	Helgarskammtímavist	2 317	
1 64	Dagvist	5 888	
1 70	Vistheimilið Skálatúni	80 002	
1 71	Vistheimilið Tjaldanesi	27 926	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	2 341	
1 73	Vistheimili fyrir börn	8 858	
1 80	Atvinnuleit	1 960	
	Gjöld samtals		197 394
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	150 284	
52–58	Önnur gjöld	45 150	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 960	
5	Gjöld samtals	197 394	
4	Sértekjur	7 820	
	Mismunur		**189 574**
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 277
1 01	Svæðisstjórn	4 872	
1 20	Sambýli Akranesi	8 910	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	3 748	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	953	
1 60	Dagvistun Akranesi	3 431	
1 70	Sumarbúðir	1 363	
	Gjöld samtals		23 277

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 717	
52–58	Önnur gjöld	4 560	
5	Gjöld samtals	23 277	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**22 037**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 985
1 01	Svæðisstjórn	4 115	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	24 870	
	Gjöld samtals		28 985
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 795	
52–58	Önnur gjöld	7 190	
5	Gjöld samtals	28 985	
4	Sértekjur	170	
	Mismunur		**28 815**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 429
1 01	Svæðisstjórn	5 375	
1 20	Sambýli Siglufirði	6 985	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	4 131	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	1 526	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	1 540	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	1 603	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 269	
	Gjöld samtals		22 429
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 689	
52–58	Önnur gjöld	4 740	
5	Gjöld samtals	22 429	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**21 719**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 532
1 01	Svæðisstjórn	7 355	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	6 087	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	4 824	
1 22	Sambýli Vanabyggð 4c	4 775	
1 23	Sambýli Húsavík	5 791	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	22 875	
1 31	Verndaður vinnustaður Bjargi	10 200	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	1 068	
1 60	Skammtímavistun	2 365	
1 70	Vistheimilið Sólborg	101 712	
1 71	Sumarbúðir í Botni	3 620	
1 80	Atvinnuleit	860	
	Gjöld samtals		171 532
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 932	
52–58	Önnur gjöld	46 540	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	860	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 200	
5	Gjöld samtals	171 532	
4	Sértekjur	17 320	
	Mismunur		**154 212**
07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 608
1 01	Svæðisstjórn	4 259	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	5 911	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	4 821	
1 40	Leikfangasafn	934	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	24 348	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 335	
	Gjöld samtals		41 608

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 818	
52–58	Önnur gjöld	8 790	
5	Gjöld samtals	41 608	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**40 338**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 151
1 01	Svæðisstjórn	4 818	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	5 816	
1 21	Sambýli Vallholti 9	8 191	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	4 810	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 320	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 482	
1 70	Lambhagi	8 919	
1 71	Sólheimar	63 842	
1 72	Skaftholt	5 870	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	5 083	
	Gjöld samtals		120 151
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 561	
52–58	Önnur gjöld	44 720	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 870	
5	Gjöld samtals	120 151	
4	Sértekjur	11 070	
	Mismunur		**109 081**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 542
1 01	Yfirstjórn	40 542	
	Gjöld samtals		40 542

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 352	
52–58	Önnur gjöld	10 190	
5	Gjöld samtals	40 542	
4	Sértekjur	720	
	Mismunur		**39 822**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			201 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	201 000	
	Gjöld samtals		201 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	201 000	
5	Gjöld samtals		**201 000**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 636
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	25 636	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Gámur til reykköfunar	1 000	
	Gjöld samtals		26 636
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 376	
52–58	Önnur gjöld	13 260	
5	Gjöld samtals	26 636	
4	Sértekjur	26 636	
	Mismunur		

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 489
1 01	Jafnréttisráð	8 489	
	Gjöld samtals		8 489

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 899	
52–58	Önnur gjöld	2 590	
5	Gjöld samtals		**8 489**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 936
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	71 936	
Stofnkostnaður:			5 300
6 01	Vinnueftirlit ríkisins	5 300	
	Gjöld samtals		77 236
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 846	
52–58	Önnur gjöld	30 390	
5	Gjöld samtals	77 236	
4	Sértekjur	77 236	
	Mismunur		

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 527
1 10	Félagsdómur	1 737	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	420	
1 51	Sjómannadagsráð	170	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	4 870	
1 90	Ýmislegt	35 330	
	Gjöld samtals		42 527
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	797	
52–58	Önnur gjöld	940	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	170	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 620	
5	Gjöld samtals		**42 527**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 440
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	35 440	
	Gjöld samtals		35 440
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 440	
5	Gjöld samtals		**35 440**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 810
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	6 210	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	56 050	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	7 080	
1 30	Sjómannastofur	680	
1 31	Félagasamtök, styrkir	11 000	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	12 250	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	6 130	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3 420	
1 90	Ýmis framlög	3 990	
	Gjöld samtals		106 810
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 420	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	103 390	
5	Gjöld samtals		**106 810**
	Samtals		3 137 452

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 505
1 01	Yfirstjórn	71 505	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Endurbætur og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		72 705
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 305	
52–58	Önnur gjöld	34 400	
5	Gjöld samtals	72 705	
4	Sértekjur	2 860	
	Mismunur		**69 845**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 105 471
1 01	Yfirstjórn	276 581	
1 10	Lífeyristryggingar	10 760 000	
1 20	Sjúkratryggingar	5 750 800	
1 30	Slysatryggingar	318 090	
	Gjöld samtals		17 105 471
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 891	
52–58	Önnur gjöld	123 690	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 828 890	
5	Gjöld samtals	17 105 471	
4	Sértekjur	63 670	
	Mismunur		**17 041 801**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			277 000
1 01	Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	277 000	
	Gjöld samtals		277 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	277 000	
5	Gjöld samtals		**277 000**
08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 297
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	87 297	
	Gjöld samtals		87 297
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 297	
5	Gjöld samtals		**87 297**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 847
1 01	Yfirstjórn	20 691	
1 02	Lækningaferðir sérfræðinga	540	
1 10	Læknaráð	906	
1 20	Sjúkraflutningaráð	710	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tölvuvæðing	1 000	
	Gjöld samtals		23 847
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 067	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals		**23 847**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 042
1 01	Tryggingaeftirlitið	15 042	
	Gjöld samtals		15 042
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 512	
52–58	Önnur gjöld	6 530	
5	Gjöld samtals	15 042	
4	Sértekjur	15 042	
	Mismunur		
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 929
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	56 929	
	Gjöld samtals		56 929
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 579	
52–58	Önnur gjöld	10 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 060	
5	Gjöld samtals	56 929	
4	Sértekjur	6 970	
	Mismunur		**49 959**
08–325 Hollustuvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 795
1 01	Hollustuvernd ríkisins	16 774	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	11 217	
1 03	Rannsóknastofa	19 915	
1 04	Mengunarvarnir	12 483	
1 05	Eiturefnaeftirlit	3 406	
Stofnkostnaður:			2 700
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	2 700	
	Gjöld samtals		66 495

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 695	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	66 495	
4	Sértekjur	5 990	
	Mismunur		**60 505**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 698
1 01	Almennur rekstur	19 698	
	Gjöld samtals		19 698
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 108	
52–58	Önnur gjöld	6 890	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 700	
5	Gjöld samtals		**19 698**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 01	Geislavarnir	11 700	
Stofnkostnaður:			10 100
6 01	Tækjabúnaður og innréttingar	10 100	
	Gjöld samtals		21 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 970	
52–58	Önnur gjöld	14 830	
5	Gjöld samtals	21 800	
4	Sértekjur	3 860	
	Mismunur		**17 940**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 430
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	7 980	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 650	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	7 410	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 230	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	3 130	
1 70	MS-félag Íslands	390	
1 90	Önnur starfsemi	1 640	
	Gjöld samtals		31 430
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 430	
5	Gjöld samtals		**31 430**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			334 651
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	334 651	
	Gjöld samtals		334 651
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	226 771	
52–58	Önnur gjöld	107 880	
5	Gjöld samtals	334 651	
4	Sértekjur	30 160	
	Mismunur		**304 491**
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 355
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	63 355	
	Gjöld samtals		63 355

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 085	
52–58	Önnur gjöld	21 270	
5	Gjöld samtals	63 355	
4	Sértekjur	2 160	
	Mismunur		**61 195**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 816
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	135 816	
	Gjöld samtals		135 816
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 626	
52–58	Önnur gjöld	45 190	
5	Gjöld samtals	135 816	
4	Sértekjur	12 340	
	Mismunur		**123 476**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 943
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	94 943	
	Gjöld samtals		94 943
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 053	
52–58	Önnur gjöld	22 890	
5	Gjöld samtals	94 943	
4	Sértekjur	8 370	
	Mismunur		**86 573**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			207 529
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	207 529	
	Gjöld samtals		207 529

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	153 549	
52–58	Önnur gjöld	53 980	
5	Gjöld samtals	207 529	
4	Sértekjur	7 340	
	Mismunur		**200 189**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 146
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	99 146	
	Gjöld samtals		99 146
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 876	
52–58	Önnur gjöld	31 270	
5	Gjöld samtals	99 146	
4	Sértekjur	3 770	
	Mismunur		**95 376**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			836 631
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	836 631	
Viðhaldsverkefni:			6 100
5 01	Viðhald húsnæðis	6 100	
Stofnkostnaður:			57 300
6 01	Ýmis eignakaup	11 600	
6 50	Nýbygging	45 700	
	Gjöld samtals		900 031
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	575 391	
52–58	Önnur gjöld	324 640	
5	Gjöld samtals	900 031	
4	Sértekjur	66 030	
	Mismunur		**834 001**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 810
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	190 810	
	Gjöld samtals		190 810
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 040	
52–58	Önnur gjöld	53 770	
5	Gjöld samtals	190 810	
4	Sértekjur	17 020	
	Mismunur		**173 790**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 507
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	60 507	
	Gjöld samtals		60 507
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 507	
52–58	Önnur gjöld	21 000	
5	Gjöld samtals	60 507	
4	Sértekjur	1 740	
	Mismunur		**58 767**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			128 612
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	128 612	
	Gjöld samtals		128 612
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 382	
52–58	Önnur gjöld	42 230	
5	Gjöld samtals	128 612	
4	Sértekjur	7 120	
	Mismunur		**121 492**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 446
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	76 446	
	Gjöld samtals		76 446
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 956	
52–58	Önnur gjöld	23 490	
5	Gjöld samtals	76 446	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**74 956**
08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 189
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	181 189	
	Gjöld samtals		181 189
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 519	
52–58	Önnur gjöld	50 670	
5	Gjöld samtals	181 189	
4	Sértekjur	16 680	
	Mismunur		**164 509**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			146 582
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	146 582	
	Gjöld samtals		146 582
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	98 442	
52–58	Önnur gjöld	48 140	
5	Gjöld samtals	146 582	
4	Sértekjur	13 370	
	Mismunur		**133 212**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			159 911
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	159 911	
	Gjöld samtals		159 911
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	99 451	
52–58	Önnur gjöld	60 460	
5	Gjöld samtals	159 911	
4	Sértekjur	33 040	
	Mismunur		**126 871**
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			166 222
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	166 222	
	Gjöld samtals		166 222
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 852	
52–58	Önnur gjöld	37 370	
5	Gjöld samtals	166 222	
4	Sértekjur	1 830	
	Mismunur		**164 392**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 575 143
1 10	Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	2 094 664	
1 20	Geðdeild	693 408	
1 30	Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	284 170	
1 40	Stoðdeildir, rannsóknastofur	558 318	
1 50	Þjónustudeildir	933 696	
1 90	Óbreytt starfsemi	10 887	
Viðhaldsverkefni:			48 700
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	48 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			294 600
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	85 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	130 500	
6 80	Ármúli 1a	79 100	
	Gjöld samtals		4 918 443
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 918 423	
52–58	Önnur gjöld	2 000 020	
5	Gjöld samtals	4 918 443	
4	Sértekjur	422 070	
	Mismunur		**4 496 373**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 248 781
1 01	Borgarspítalinn	2 248 781	
Viðhaldsverkefni:			32 200
5 01	Viðhald, óskipt	32 200	
Stofnkostnaður:			56 000
6 01	Ýmis eignakaup	45 100	
6 50	Nýframkvæmdir	10 900	
	Gjöld samtals		2 336 981
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 518 671	
52–58	Önnur gjöld	818 310	
5	Gjöld samtals	2 336 981	
4	Sértekjur	317 170	
	Mismunur		**2 019 811**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 003 343
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 003 343	
Viðhaldsverkefni:			9 500
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	9 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			14 400
6 01	Ýmis eignakaup	14 400	
	Gjöld samtals		1 027 243
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	651 843	
52–58	Önnur gjöld	375 400	
5	Gjöld samtals	1 027 243	
4	Sértekjur	103 360	
	Mismunur		**923 883**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 545
1 20	Heilsuverndarstöðvar, styrkur	30 545	
1 21	Öldrunarþjónusta á Suðurnesjum	9 000	
Viðhaldsverkefni:			23 200
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	23 200	
Stofnkostnaður:			287 320
6 60	Tækjakaup, óskipt	30 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða[1])	240 320	
6 91	Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ	8 000	
	Gjöld samtals		350 065

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 8.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 875	
52–58	Önnur gjöld	63 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	269 990	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals		**350 065**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			160 000
6 01	Framkvæmdasjóður aldraðra	160 000	
	Gjöld samtals		160 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	160 000	
5	Gjöld samtals		**160 000**

08–391 Heilsugæslustöðvar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			405 427
1 01	Heilsugæslustöðvar	405 427	
Viðhaldsverkefni:			14 800
5 01	Viðhaldsfé, óskipt	14 800	
	Gjöld samtals		420 227
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	342 197	
52–58	Önnur gjöld	63 030	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	4 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**420 227**

08–395 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 990
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	8 309	
1 11	Lyfjaverðlagsnefnd	1 728	
1 21	Lyfjanefnd	10 813	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 31	Lyfsölusjóður	720	
1 41	Útgáfa lyfjaverðskrár	940	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	240	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	240	
	Gjöld samtals		22 990
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 540	
52–58	Önnur gjöld	8 730	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	720	
5	Gjöld samtals	22 990	
4	Sértekjur	23 459	
	Mismunur		**–469**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 047
1 22	Eiturefnanefnd	1 688	
1 23	Daggjaldanefnd	2 574	
1 25	Neyslu- og manneldismál	5 954	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	62 950	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	7 000	
1 35	Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	2 850	
1 37	Hjartavernd	6 270	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	922	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	29 490	
1 53	Tóbaksvarnir	5 130	
1 60	Ljósmæðralaun	1 709	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 390	
1 90	Ýmis framlög	7 280	
1 91	Kvartananefnd	150	
1 95	Kynsjúkdómar, eyðni	8 390	
1 97	Réttargeðlækningar	300	
	Gjöld samtals		154 047

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 557	
52–58	Önnur gjöld	29 620	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	115 870	
5	Gjöld samtals		**154 047**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			207 684
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	207 684	
	Gjöld samtals		207 684
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 284	
52–58	Önnur gjöld	67 400	
5	Gjöld samtals	207 684	
4	Sértekjur	12 360	
	Mismunur		**195 324**

08–401 St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 932
1 01	St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi	79 932	
	Gjöld samtals		79 932
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 892	
52–58	Önnur gjöld	26 040	
5	Gjöld samtals	79 932	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**77 432**

08–402 Sjúkrahús Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 793
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	67 793	
	Gjöld samtals		67 793

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 153	
52–58	Önnur gjöld	18 640	
5	Gjöld samtals	67 793	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**66 523**

08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 291
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	29 291	
	Gjöld samtals		29 291
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 041	
52–58	Önnur gjöld	7 250	
5	Gjöld samtals	29 291	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**28 901**

08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 159
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	18 159	
	Gjöld samtals		18 159
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 809	
52–58	Önnur gjöld	5 350	
5	Gjöld samtals	18 159	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**18 059**

08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 311
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	8 311	
	Gjöld samtals		8 311

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 491	
52–58	Önnur gjöld	1 820	
5	Gjöld samtals	8 311	
4	Sértekjur	30	
	Mismunur		**8 281**

08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 195
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7 195	
	Gjöld samtals		7 195
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 275	
52–58	Önnur gjöld	1 920	
5	Gjöld samtals		**7 195**

08–407 Sundabúð II, Vopnafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 570
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	19 570	
	Gjöld samtals		19 570
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 530	
52–58	Önnur gjöld	6 040	
5	Gjöld samtals	19 570	
4	Sértekjur	730	
	Mismunur		**18 840**

08–408 Sunnuhlíð Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 773
1 01	Sunnuhlíð Kópavogi	74 773	
	Gjöld samtals		74 773

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 053	
52–58	Önnur gjöld	21 720	
5	Gjöld samtals	74 773	
4	Sértekjur	1 780	
	Mismunur		**72 993**

08–471 Gæsluvistarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 700
6 10	Gæsluvistarsjóður	6 000	
6 30	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	15 000	
6 40	Samhjálp	700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 700	
5	Gjöld samtals		**21 700**

08–481 Bindindisstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 098
1 10	Áfengisvarnir	5 098	
1 20	Stórstúka Íslands, ungliðastarf	1 000	
1 40	Átak í áfengisvörnum	15 000	
	Gjöld samtals		21 098
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 278	
52–58	Önnur gjöld	16 820	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**21 098**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–501	**Skólar heilbrigðisstétta**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 839
1 10	Sjúkraliðaskóli Íslands	10 791	
1 30	Lyfjatæknaskóli Íslands	6 068	
1 40	Ljósmæðraskóli Íslands	1 980	
	Gjöld samtals		18 839
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 939	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**18 839**
08–502	**Þroskaþjálfaskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 008
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	12 008	
	Gjöld samtals		12 008
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 928	
52–58	Önnur gjöld	4 080	
5	Gjöld samtals		**12 008**
	Samtals		29 496 242

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 113
1 01	Yfirstjórn	66 113	
Stofnkostnaður:			1 000
6 10	Búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		67 113
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 723	
52–58	Önnur gjöld	21 390	
5	Gjöld samtals		**67 113**
09–102 Launaskrifstofa ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 416
1 01	Launaskrifstofa ríkisins	45 416	
Stofnkostnaður:			3 600
6 10	Tölvubúnaður	3 600	
	Gjöld samtals		49 016
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 376	
52–58	Önnur gjöld	14 640	
5	Gjöld samtals		**49 016**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 908
1 01	Ríkisbókhald	85 908	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 300
6 10	Búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		87 208
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 628	
52–58	Önnur gjöld	44 580	
5	Gjöld samtals	87 208	
4	Sértekjur	43 410	
	Mismunur		**43 798**

09–104 Ríkisfjárhirsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 318
1 01	Ríkisfjárhirsla	19 318	
	Gjöld samtals		19 318
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 398	
52–58	Önnur gjöld	5 920	
5	Gjöld samtals		**19 318**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 567
1 01	Ríkislögmaður	12 567	
	Gjöld samtals		12 567
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 097	
52–58	Önnur gjöld	4 470	
5	Gjöld samtals	12 567	
4	Sértekjur	80	
	Mismunur		**12 487**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 857
1 01	Ríkisskattstjóri	118 857	
	Gjöld samtals		118 857
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 797	
52–58	Önnur gjöld	23 060	
5	Gjöld samtals		**118 857**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 030
1 01	Skattstofan í Reykjavík	94 030	
Stofnkostnaður:			1 600
6 01	Tölvuvæðing	1 600	
	Gjöld samtals		95 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 850	
52–58	Önnur gjöld	17 780	
5	Gjöld samtals		**95 630**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 681
1 01	Skattstofa Vesturlands	18 681	
	Gjöld samtals		18 681
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 631	
52–58	Önnur gjöld	4 050	
5	Gjöld samtals	18 681	
4	Sértekjur	140	
	Mismunur		**18 541**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–204 Skattstofa Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 136
1 01	Skattstofa Vestfjarða	11 136	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Innréttingar	1 000	
	Gjöld samtals		12 136
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 526	
52–58	Önnur gjöld	2 610	
5	Gjöld samtals	12 136	
4	Sértekjur	160	
	Mismunur		**11 976**
09–205 Skattstofa Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 434
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	12 434	
	Gjöld samtals		12 434
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 864	
52–58	Önnur gjöld	2 570	
5	Gjöld samtals	12 434	
4	Sértekjur	90	
	Mismunur		**12 344**
09–206 Skattstofa Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 675
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	29 675	
	Gjöld samtals		29 675

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 515	
52–58	Önnur gjöld	5 160	
5	Gjöld samtals	29 675	
4	Sértekjur	120	
	Mismunur		**29 555**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 491
1 01	Skattstofa Austurlands	16 491	
	Gjöld samtals		16 491
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 161	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
5	Gjöld samtals	16 491	
4	Sértekjur	180	
	Mismunur		**16 311**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 676
1 01	Skattstofa Suðurlands	16 676	
	Gjöld samtals		16 676
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 996	
52–58	Önnur gjöld	3 680	
5	Gjöld samtals	16 676	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**16 436**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 089
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	7 089	
	Gjöld samtals		7 089

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 679	
52–58	Önnur gjöld	1 410	
5	Gjöld samtals	7 089	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**7 069**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 578
1 01	Skattstofa Reykjaness	42 578	
	Gjöld samtals		42 578
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 968	
52–58	Önnur gjöld	5 610	
5	Gjöld samtals	42 578	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**41 888**

09–212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 839
1 01	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	65 990	
1 20	Virðisaukaskattur	38 849	
	Gjöld samtals		104 839
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 549	
52–58	Önnur gjöld	88 290	
5	Gjöld samtals		**104 839**

09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 499
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	14 499	
	Gjöld samtals		14 499

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 439	
52–58	Önnur gjöld	2 060	
5	Gjöld samtals		**14 499**

09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 850
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	103 850	
	Gjöld samtals		103 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 570	
52–58	Önnur gjöld	51 280	
5	Gjöld samtals	103 850	
4	Sértekjur	62 430	
	Mismunur		**41 420**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 498
1 01	Ríkistollstjóri	45 498	
Stofnkostnaður:			3 800
6 10	Tölvubúnaður	3 800	
	Gjöld samtals		49 298
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 824	
52–58	Önnur gjöld	21 474	
5	Gjöld samtals	49 298	
4	Sértekjur	459	
	Mismunur		**48 839**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 219
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	112 578	
1 10	Tollgæsla	98 641	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 900
6 10	Húsgögn og tölvubúnaður	4 900	
	Gjöld samtals		216 119
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 074	
52–58	Önnur gjöld	56 045	
5	Gjöld samtals	216 119	
4	Sértekjur	4 742	
	Mismunur		**211 377**

09–381 Uppbætur á lífeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 125 090
1 01	Uppbætur á lífeyri	1 125 090	
	Gjöld samtals		1 125 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 125 090	
5	Gjöld samtals	1 125 090	
4	Sértekjur	113 580	
	Mismunur		**1 011 510**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 026
1 01	Fasteignamat ríkisins	69 026	
Stofnkostnaður:			4 200
6 10	Eignakaup	4 200	
	Gjöld samtals		73 226
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 076	
52–58	Önnur gjöld	31 150	
5	Gjöld samtals	73 226	
4	Sértekjur	33 130	
	Mismunur		**40 096**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		150 000
6 01 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	150 000	
Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	150 000	
5 Gjöld samtals		**150 000**
09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		34 109
1 01 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	34 109	
Stofnkostnaður:		3 100
6 10 Eignakaup	3 100	
Gjöld samtals		37 209
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	21 009	
52–58 Önnur gjöld	16 200	
5 Gjöld samtals	37 209	
4 Sértekjur	41 410	
Mismunur		**−4 201**
09–971 Ríkisábyrgðasjóður		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		200 000
6 01 Ríkisábyrgðasjóður	200 000	
Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	200 000	
5 Gjöld samtals		**200 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			28 400
6 50	Sölvhólsgata 7	18 400	
6 60	Sölvhólsgata 4 og Lindargata 9a	6 000	
6 70	Laugavegur 118d	4 000	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 400	
5	Gjöld samtals		**28 400**
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			810 000
1 01	Launa- og verðlagsmál	810 000	
	Gjöld samtals		810 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	250 000	
52–58	Önnur gjöld	310 000	
5	Gjöld samtals		**810 000**[1])
09–997	**Niðurgreiðslur á fiski**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 580
1 01	Niðurgreiðslur á fiski	176 580	
	Gjöld samtals		176 580
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	176 580	
5	Gjöld samtals		**176 580**
09–999	**Ýmislegt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			396 261
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35 228	
1 11	Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	35 340	
1 12	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	67 150	

[1]) Þessi tala, áætlaðar verðlagsbætur, er af vangá 250 m.kr. of há, sjá nmgr. á bls. 2090.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Kjarasamningar	5 143	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1 730	
1 15	Kjararannsóknir	2 780	
1 16	Bókhaldskerfi ríkisins	1 770	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	15 000	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	50 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	10 000	
1 30	Lífeyrissjóðir sjómanna	990	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	75 790	
1 40	Milliþinganefndir	230	
1 60	Dómkröfur og málskostnaður	5 890	
1 61	Ýmis innheimtukostnaður	28 480	
1 62	Þungaskattsálagning með ökumælum	3 740	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	22 000	
1 90	Óviss útgjöld	35 000	
	Gjöld samtals		396 261
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 431	
52–58	Önnur gjöld	247 340	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	137 490	
5	Gjöld samtals		**396 261**
	Samtals		3 539 959[1])

[1]) Í þessari samtölu og niðurstöðutölum fjárlaganna eru ekki reiknaðar með oftaldar 250 m.kr. á lið 09-989, sbr. þskj. 244 og ræðu frsm. meiri hl. fjvn. við 3. umr. fjárlaga í Sþ. 5. jan. 1989.

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 564
1 01	Yfirstjórn	37 564	
	Gjöld samtals		37 564
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 304	
52–58	Önnur gjöld	15 260	
5	Gjöld samtals		**37 564**
10–102 Póst- og símamálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 000
1 01	Póst- og símamálastofnunin	157 000	
	Gjöld samtals		157 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	157 000	
5	Gjöld samtals		**157 000**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 372
1 01	Yfirstjórn	208 372	
Viðhaldsverkefni:			1 285 000
5 10	Viðhald vega	1 285 000	
Stofnkostnaður:			1 720 000
6 10	Nýframkvæmdir	1 345 000	
6 30	Fjallvegir	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 40	Tilraunir	15 000	
6 51	Sýsluvegir	140 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	190 000	
	Gjöld samtals		3 213 372
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	285 473	
52–58	Önnur gjöld	2 597 899	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	330 000	
5	Gjöld samtals		**3 213 372**

10–321 Strandferðir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			264 609
1 10	Skipaútgerð ríkisins	61 000	
1 20	Flóabátar og vöruflutningar[1]	109 609	
1 30	Endurskipulagning strandflutninga	94 000	
	Gjöld samtals		264 609
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	61 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	203 609	
5	Gjöld samtals		**264 609**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 599
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	54 599	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tækjakaup	1 500	
	Gjöld samtals		56 099
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 269	
52–58	Önnur gjöld	16 830	
5	Gjöld samtals	56 099	
4	Sértekjur	26 730	
	Mismunur		**29 369**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 9.

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–332 Vitastofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 106
1 10	Rekstur vita	69 546	
1 20	Sjómerki	3 060	
1 40	Rekstur vitaskips	1 500	
Stofnkostnaður:			17 400
6 30	Vitabyggingar	14 000	
6 40	Kolbeinsey, sjóvarnarmerki	3 400	
	Gjöld samtals		91 506
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 946	
52–58	Önnur gjöld	46 560	
5	Gjöld samtals	91 506	
4	Sértekjur	13 710	
	Mismunur		**77 796**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni.			
Almennur rekstur:			17 970
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	17 970	
Stofnkostnaður:			487 640
6 20	Ferjubryggjur	6 000	
6 30	Hafnarmannvirki og lendingarbætur[1])	410 000	
6 31	Landshafnir, óskipt	15 000	
6 40	Sjóvarnargarðar[2])	31 300	
6 50	Landshafnir, endurgreiðslur lána	340	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	25 000	
	Gjöld samtals		505 610
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 970	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 340	
	5912 Til sveitarfélaga	462 300	
5	Gjöld samtals		**505 610**

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 10.
[2]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 11.

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–341 Siglingamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 884
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	82 884	
Stofnkostnaður:			3 630
6 01	Mengunarvarnartæki o.fl.	3 630	
	Gjöld samtals		86 514
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 664	
52–58	Önnur gjöld	34 850	
5	Gjöld samtals	86 514	
4	Sértekjur	18 160	
	Mismunur		**68 354**
10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 402
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	4 402	
	Gjöld samtals		4 402
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 082	
52–58	Önnur gjöld	2 320	
5	Gjöld samtals		**4 402**
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			544 798
1 01	Yfirstjórn	41 557	
1 20	Loftferðaeftirlit	22 253	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	67 419	
1 40	Flugvalladeild	107 015	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	67 137	
1 60	Flugumferðarþjónusta	111 680	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	127 737	
Stofnkostnaður:			272 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	272 000	
	Gjöld samtals		816 798

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	342 108	
52–58	Önnur gjöld	474 690	
5	Gjöld samtals	816 798	
4	Sértekjur	427 260	
	Mismunur		**389 538**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 120
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 190	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	8 500	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	660	
1 23	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3 990	
1 25	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	4 060	
1 26	Ýmislegt	4 240	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	980	
1 33	Öryggismálaskóli sjómanna	11 500	
	Gjöld samtals		35 120
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 990	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 130	
5	Gjöld samtals		**35 120**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 068
1 01	Ferðamálaráð	8 068	
1 10	Ferðamálasamtök landshluta	1 000	
Stofnkostnaður:			48 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	28 000	
6 20	Hótel, framlög	20 000	
	Gjöld samtals		57 068

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 698	
52–58	Önnur gjöld	2 370	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 000	
5	Gjöld samtals		**57 068**

10–652 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			187 104
1 01	Yfirstjórn	21 056	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 095	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	14 740	
1 10	Veðurspádeild	17 727	
1 11	Veðurfarsdeild	6 602	
1 12	Veðurstöðvar	29 944	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	11 836	
1 40	Tölvudeild	6 003	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	15 675	
1 60	Hálendisathuganir	3 976	
1 61	Hafísrannsóknir	3 055	
1 62	Snjóflóðavarnir	2 088	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	1 702	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 430	
1 70	Veðurþjónusta vegna millilandaflugs	50 175	
Stofnkostnaður:			10 600
6 90	Veðurratsjá	10 600	
	Gjöld samtals		197 704
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	126 654	
52–58	Önnur gjöld	71 050	
5	Gjöld samtals	197 704	
4	Sértekjur	5 020	
	Mismunur		**192 684**

10–656 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 237
1 01	Landmælingar Íslands	75 237	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tækjakaup	4 000	
	Gjöld samtals		79 237
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 677	
52–58	Önnur gjöld	49 560	
5	Gjöld samtals	79 237	
4	Sértekjur	38 340	
	Mismunur		**40 897**
	Samtals		5 073 383

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 220
1 01	Yfirstjórn	35 185	
1 02	Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa	7 035	
	Gjöld samtals		42 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 500	
52-58	Önnur gjöld	17 720	
5	Gjöld samtals	42 220	
4	Sértekjur	7 035	
	Mismunur		**35 185**
11-201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 740
1 90	Iðntæknistofnun Íslands	77 740	
Stofnkostnaður:			8 800
6 90	Tækjakaup	8 800	
	Gjöld samtals		86 540
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	86 540	
5	Gjöld samtals		**86 540**
11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 140
1 90	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	36 140	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tækjakaup	6 800	
	Gjöld samtals		42 940
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	36 140	
5	Gjöld samtals		**42 940**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 690
1 01	Iðnaðarrannsóknir	17 690	
	Gjöld samtals		17 690
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 690	
5	Gjöld samtals		**17 690**

11–289 Jöfnunargjald

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 01	Jöfnunargjald í iðnaði	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 670
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	7 960	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	6 520	
1 21	Byggingarþjónustan	500	
1 26	Iðnþróunarverkefni	1 910	
1 27	Iðnráðgjafar	10 620	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Evreka	12 160	
1 40	Framlag til ullariðnaðar	20 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	7 000	
	Gjöld samtals		66 670
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	13 520	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	10 620	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 030	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals		**66 670**

11–301 Orkustofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 665
1 01	Orkustofnun	264 885	
1 10	Sérverkefni tengt fiskeldi	11 780	
Stofnkostnaður:			4 600
6 01	Tækjakaup	4 600	
	Gjöld samtals		281 265
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	147 065	
52–58	Önnur gjöld	134 200	
5	Gjöld samtals	281 265	
4	Sértekjur	93 600	
	Mismunur		**187 665**

11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 344
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	61 344	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tækjakaup	1 800	
	Gjöld samtals		63 144

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 264	
52–58	Önnur gjöld	26 880	
5	Gjöld samtals	63 144	
4	Sértekjur	6 630	
	Mismunur		**56 514**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 470
1 01	Rekstur Orkusjóðs	1 300	
1 23	Notendur utan samveitna	2 170	
Stofnkostnaður:			239 150
6 14	Lánagreiðslur, framlög	160 800	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	12 350	
6 20	Sveitarafvæðing	21 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	45 000	
	Gjöld samtals		242 620
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	240 450	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 170	
5	Gjöld samtals		**242 620**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 820
1 13	Setlagarannsóknir	4 950	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	224 890	
1 18	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	2 700	
1 19	Önnur orkumál	2 280	
	Gjöld samtals		234 820
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	234 820	
5	Gjöld samtals		**234 820**
	Samtals		1 220 644

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 630
1 01	Yfirstjórn	47 630	
	Gjöld samtals		47 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 970	
52–58	Önnur gjöld	22 240	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 420	
5	Gjöld samtals		**47 630**
12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 613 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	3 353 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	260 000	
	Gjöld samtals		3 613 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 613 000	
5	Gjöld samtals		**3 613 000**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 663
1 01	Verðlagsstofnun	51 663	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tölvu- og skrifstofubúnaður	1 200	
	Gjöld samtals		52 863

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 023	
52–58	Önnur gjöld	12 840	
5	Gjöld samtals		**52 863**

12–903 Skráning hlutafélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 821
1 01	Skráning hlutafélaga	5 821	
	Gjöld samtals		5 821
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 151	
52–58	Önnur gjöld	670	
5	Gjöld samtals	5 821	
4	Sértekjur	5 821	
	Mismunur		
	Samtals		3 713 493

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 158
1 01	Yfirstjórn	69 158	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tölvubúnaður	4 000	
	Gjöld samtals		73 158
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 568	
52–58	Önnur gjöld	29 590	
5	Gjöld samtals	73 158	
4	Sértekjur	4 570	
	Mismunur		**68 588**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 524
1 01	Þjóðskráin	38 524	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tölvubúnaður	1 100	
	Gjöld samtals		39 624
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 024	
52–58	Önnur gjöld	22 600	
5	Gjöld samtals	39 624	
4	Sértekjur	18 820	
	Mismunur		**20 804**
	Samtals		89 392

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

		Þús. kr.	Þús. kr.
15–101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 669
1 01	Yfirstjórn	35 385	
1 10	Hagræðingarverkefni	9 284	
	Gjöld samtals		44 669
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 819	
52–58	Önnur gjöld	15 850	
5	Gjöld samtals		**44 669**
15–181 Ríkisbifreiðar, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 500
6 90	Ríkisbifreiðar, framlag	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
15–182 Tölvumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 268
1 01	Tölvumál	6 268	
Stofnkostnaður:			17 600
6 50	Stjórnarráð, tölvuvæðing	14 000	
6 90	Tækjabúnaður	3 600	
	Gjöld samtals		23 868

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 778	
52–58	Önnur gjöld	21 090	
5	Gjöld samtals		**23 868**

15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 540 000
1 01	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7 540 000	
	Gjöld samtals		7 540 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 540 000	
5	Gjöld samtals		**7 540 000**
	Samtals		7 611 037

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1989 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 500	
5,8	Gjöld samtals	11 500	
48	Fjármunatekjur	11 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	500 000	
4,7	Tekjur samtals	511 500	
	Mismunur		500 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 900 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	2 400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	500 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	28 650	
52–57	Önnur rekstrargjöld	260 360	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	913 150	
5,8	Gjöld samtals	1 202 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 495 390	
48	Fjármunatekjur	18 270	
4,7	Tekjur samtals	1 513 660	
	Mismunur		311 500
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	62 300	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	249 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	311 500	
22–202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	28 180	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 350	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	65 950	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	107 970	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	114 700	
48	Fjármunatekjur	4 300	
4,7	Tekjur samtals	119 000	
	Mismunur		11 030
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	11 030	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 030	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	32 940	
52–57	Önnur rekstrargjöld	27 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	52 800	
571	Fjármagnskostnaður	2 500	
51–57	Viðhald	3 040	
593	Afskriftir	6 690	
5,8	Gjöld samtals	125 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	127 580	
48	Fjármunatekjur	2 400	
4,7	Tekjur samtals	129 980	
	Mismunur		4 310
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 200	
32	Annað	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 690	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 310	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	80 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	80 000	
4,7	Tekjur samtals	80 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 760	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	23 760	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	13 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	62 300	
4,7	Tekjur samtals	75 970	
	Mismunur		52 210
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	46 500	
26	Afborgun lána	5 710	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	52 210	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 280	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 240	
51–57	Viðhald	490	
5,8	Gjöld samtals	6 010	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 560	
4,7	Tekjur samtals	6 560	
	Mismunur		550
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	550	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	550	
22–871	**Unglingaheimili ríkisins**		
51	Laun	31 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 400	
5,8	Gjöld samtals	43 940	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 540	
4910	Framlög úr ríkissjóði	24 400	
4,7	Tekjur samtals	43 940	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	29 950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	28 900	
571	Fjármagnskostnaður	280 800	
59	Yfirfærslur	57 200	
5,8	Gjöld samtals	396 850	
48	Fjármunatekjur	93 200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 617 000	
4,7	Tekjur samtals	1 710 200	
	Mismunur		1 313 350
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 995 450	
26	Afborgun lána	468 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	160 900	
26	Tekin lán	915 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 313 350	
32	Annað	74 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	170 000	
4,7	Tekjur samtals	170 000	
	Mismunur		170 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
26	Afborgun lána	83 200	
32	Annað	56 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	170 000	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	229 880	
52–57	Önnur rekstrargjöld	315 690	
571	Fjármagnskostnaður	15 220	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	63 000	
5,8	Gjöld samtals	714 990	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	633 000	
48	Fjármunatekjur	15 220	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	654 220	
	Mismunur		−60 770
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
32	Annað	5 430	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−60 770	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	290 140	
52–57	Önnur rekstrargjöld	433 000	
571	Fjármagnskostnaður	32 510	
593	Afskriftir	91 200	
59	Yfirfærslur	107 000	
5,8	Gjöld samtals	953 850	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 067 000	
48	Fjármunatekjur	15 220	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 088 220	
	Mismunur		134 370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
26	Afborgun lána	186 500	
32	Annað	9 070	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	91 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	134 370	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	175 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	52 540	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	38 260	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51–57	Viðhald	13 190	
593	Afskriftir	7 280	
5,8	Gjöld samtals	287 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 480	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	171 000	
49	Aðrar tekjur	13 440	
4,7	Tekjur samtals	281 040	
	Mismunur		−6 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	75 000	
32	Annað	940	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 280	
26	Tekin lán	75 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 340	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	94 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	30 330	
51–57	Viðhald	4 860	
5,8	Gjöld samtals	129 890	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 450	
4910	Framlög úr ríkissjóði	67 000	
49	Aðrar tekjur	47 440	
4,7	Tekjur samtals	129 890	

		Þús. kr.
22–975	**Vísindasjóður**	
51	Laun	3 000
52–57	Önnur rekstrargjöld	810
51–57	Viðhald	2 030
59	Yfirfærslur	73 900
5,8	Gjöld samtals	79 740
48	Fjármunatekjur	900
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 840
49	Aðrar tekjur	63 000
4,7	Tekjur samtals	79 740
22–976	**Menningarsjóður**	
51	Laun	7 350
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 830
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	28 390
571	Fjármagnskostnaður	2 500
51–57	Viðhald	970
59	Yfirfærslur	4 000
5,8	Gjöld samtals	59 040
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	47 080
48	Fjármunatekjur	360
4910	Framlög úr ríkissjóði	11 000
49	Aðrar tekjur	600
4,7	Tekjur samtals	59 040

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	110 920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	95 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	662 720	
593	Afskriftir	16 060	
5,8	Gjöld samtals	884 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 114 080	
48	Fjármunatekjur	520	
49	Aðrar tekjur	540	
4,7	Tekjur samtals	1 115 140	
	Mismunur		230 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	28 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	218 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 060	
39	Ráðstöfun eigin fjár	230 340	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	80 950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	23 860	
51–57	Viðhald	2 100	
593	Afskriftir	1 820	
59	Yfirfærslur	14 200	
5,8	Gjöld samtals	122 930	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	143 650	
49	Aðrar tekjur	8 760	
4,7	Tekjur samtals	152 410	
	Mismunur		29 480
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 400	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	29 480	
23–114	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	60 650	
571	Fjármagnskostnaður	190 770	
51–57	Viðhald	20 000	
5,8	Gjöld samtals	271 420	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	215 500	
49	Aðrar tekjur	64 000	
4,7	Tekjur samtals	279 500	
	Mismunur		8 080
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	8 080	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 080	
23–115	**Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging**		
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	281 000	
26	Afborgun lána	69 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	350 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	119 830	
52–57	Önnur rekstrargjöld	196 920	
571	Fjármagnskostnaður	6 120	
593	Afskriftir	1 810	
5,8	Gjöld samtals	324 680	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	325 050	
4,7	Tekjur samtals	325 050	
	Mismunur		370
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 180	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 810	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370	

23–121	**Sala varnarliðseigna**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	17 210	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 720	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	44 260	
51–57	Viðhald	1 280	
593	Afskriftir	2 430	
5,8	Gjöld samtals	73 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	86 300	
48	Fjármunatekjur	6 240	
49	Aðrar tekjur	30 600	
4,7	Tekjur samtals	123 140	
	Mismunur		49 240
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	1 670	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	50 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	2 430	
39	Ráðstöfun eigin fjár	49 240	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 700	
4,7	Tekjur samtals	15 700	
	Mismunur		15 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	13 730	
26	Afborgun lána	1 970	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 700	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	15 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 160	
26	Afborgun lána	8 840	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
24–206	**Tilraunabúið Hesti**		
51	Laun	1 730	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 560	
51–57	Viðhald	1 090	
5,8	Gjöld samtals	6 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 380	
4,7	Tekjur samtals	6 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–207	**Tilraunastöðin Reykhólum**		
51	Laun	1 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150	
51–57	Viðhald	430	
5,8	Gjöld samtals	2 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 390	
4,7	Tekjur samtals	2 390	
24–211	**Tilraunastöðin Sámsstöðum**		
51	Laun	1 470	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 110	
5,8	Gjöld samtals	2 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 580	
4,7	Tekjur samtals	2 580	
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	218 110	
52–57	Önnur rekstrargjöld	223 020	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	227 020	
571	Fjármagnskostnaður	71 810	
51–57	Viðhald	45 480	
593	Afskriftir	169 020	
5,8	Gjöld samtals	954 460	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	878 300	
48	Fjármunatekjur	31 840	
4910	Framlög úr ríkissjóði	22 000	
4,7	Tekjur samtals	932 140	
	Mismunur		−22 320
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	78 300	
32	Annað	8 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	169 020	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−22 320	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–236	**Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti**		
571	Fjármagnskostnaður	3 200	
5,8	Gjöld samtals	3 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
24–237	**Stórólfsvallabúið**		
571	Fjármagnskostnaður	2 800	
5,8	Gjöld samtals	2 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
4,7	Tekjur samtals	4 200	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24–238	**Fóðuriðjan Ólafsdal**		
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
5,8	Gjöld samtals	3 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 300	
4,7	Tekjur samtals	5 300	
	Mismunur		2 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	7 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 250	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 470	
571	Fjármagnskostnaður	1 340	
593	Afskriftir	4 860	
5,8	Gjöld samtals	20 020	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 800	
48	Fjármunatekjur	600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	7 600	
4,7	Tekjur samtals	18 000	
	Mismunur		−2 020
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 940	
32	Annað	900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 860	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 020	
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	3 910	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 440	
51–57	Viðhald	300	
5,8	Gjöld samtals	7 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 270	
4910	Framlög úr ríkissjóði	3 180	
4,7	Tekjur samtals	8 450	
	Mismunur		800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	800	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–211	**Fiskimálasjóður**		
51	Laun	840	
571	Fjármagnskostnaður	3 470	
5,8	Gjöld samtals	4 310	
48	Fjármunatekjur	4 440	
4,7	Tekjur samtals	4 440	
	Mismunur		130
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborgun lána	3 950	
32	Annað	30	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	3 850	
39	Ráðstöfun eigin fjár	130	
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	233 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	333 550	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	950 360	
571	Fjármagnskostnaður	68 500	
51–57	Viðhald	65 410	
593	Afskriftir	129 100	
5,8	Gjöld samtals	1 780 120	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 795 240	
48	Fjármunatekjur	7 300	
49	Aðrar tekjur	18 000	
4,7	Tekjur samtals	1 820 540	
	Mismunur		40 420
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	36 480	
26	Afborgun lána	50 500	
32	Annað	92 240	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	9 700	
19	Afskriftir	129 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	40 420	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 220	
51–57	Viðhald	3 400	
5,8	Gjöld samtals	8 540	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 290	
49	Aðrar tekjur	21 000	
4,7	Tekjur samtals	36 290	
	Mismunur		27 750
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	27 750	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 750	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	3 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 600	
5,8	Gjöld samtals	27 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	27 700	
4,7	Tekjur samtals	27 700	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
59	Yfirfærslur	80	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	1 860	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 610	
4,7	Tekjur samtals	6 470	
	Mismunur		6 390
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 390	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 680	
571	Fjármagnskostnaður	1 280	
5,8	Gjöld samtals	2 960	
48	Fjármunatekjur	5 240	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	13 240	
	Mismunur		10 280
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	800	
32	Annað	10 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 280	
26–373	**Kristnisjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	120	
571	Fjármagnskostnaður	190	
59	Yfirfærslur	13 420	
5,8	Gjöld samtals	13 730	
48	Fjármunatekjur	120	
4910	Framlög úr ríkissjóði	14 310	
4,7	Tekjur samtals	14 430	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	80 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	121 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 949 000	
5,8	Gjöld samtals	2 150 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	47 000	
48	Fjármunatekjur	1 908 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 050 000	
49	Aðrar tekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	3 055 000	
	Mismunur		905 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 945 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 340 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 400 000	
26	Tekin lán	6 925 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	905 000	
32	Annað	70 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
571	Fjármagnskostnaður	183 000	
5,8	Gjöld samtals	233 000	
48	Fjármunatekjur	112 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	600 000	
49	Aðrar tekjur	398 000	
4,7	Tekjur samtals	1 110 000	
	Mismunur		877 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 540 000	
26	Afborgun lána	609 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	142 000	
26	Tekin lán	2 130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	877 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	4 690	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 270	
59	Yfirfærslur	84 100	
5,8	Gjöld samtals	92 060	
48	Fjármunatekjur	3 600	
49	Aðrar tekjur	88 460	
4,7	Tekjur samtals	92 060	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 200	
59	Yfirfærslur	670 000	
5,8	Gjöld samtals	694 200	
48	Fjármunatekjur	203 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	277 000	
49	Aðrar tekjur	277 000	
4,7	Tekjur samtals	757 000	
	Mismunur		62 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	84 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	21 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	62 800	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	60 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	40 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	94 230	
5,8	Gjöld samtals	194 930	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	213 830	
4,7	Tekjur samtals	213 830	
	Mismunur		18 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	6 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	201 260	
52–57	Önnur rekstrargjöld	385 160	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 670 690	
571	Fjármagnskostnaður	1 710	
51–57	Viðhald	52 610	
593	Afskriftir	52 610	
5,8	Gjöld samtals	2 364 040	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 415 870	
48	Fjármunatekjur	8 500	
49	Aðrar tekjur	3 580	
4,7	Tekjur samtals	8 427 950	
	Mismunur		6 063 910
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 000	
26	Afborgun lána	3 520	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 050 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	52 610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 063 910	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	82 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	47 330	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	364 000	
571	Fjármagnskostnaður	18 270	
51–57	Viðhald	5 170	
593	Afskriftir	15 200	
5,8	Gjöld samtals	532 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	511 080	
48	Fjármunatekjur	50 000	
4,7	Tekjur samtals	561 080	
	Mismunur		28 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 200	
26	Afborgun lána	5 500	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	28 500	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	31 440	
52–57	Önnur rekstrargjöld	15 850	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 138 990	
571	Fjármagnskostnaður	1 500	
51–57	Viðhald	860	
593	Afskriftir	610	
5,8	Gjöld samtals	1 189 250	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 179 280	
48	Fjármunatekjur	960	
49	Aðrar tekjur	8 400	
4,7	Tekjur samtals	1 188 640	
	Mismunur		−610
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	610	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−610	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	13 710	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 670	
51–57	Viðhald	10 940	
593	Afskriftir	2 000	
5,8	Gjöld samtals	41 320	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 320	
4,7	Tekjur samtals	41 320	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	8 190	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 270	
51–57	Viðhald	12 770	
5,8	Gjöld samtals	28 230	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 430	
48	Fjármunatekjur	1 800	
4,7	Tekjur samtals	28 230	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	12 490	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 320	
51–57	Viðhald	13 010	
5,8	Gjöld samtals	38 820	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	38 820	
4,7	Tekjur samtals	38 820	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	8 480	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 400	
571	Fjármagnskostnaður	22 000	
5,8	Gjöld samtals	35 880	
48	Fjármunatekjur	68 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	268 000	
	Mismunur		232 120
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	268 000	
26	Afborgun lána	76 500	
32	Annað	56 620	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	169 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	232 120	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	7 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	19 040	
51–57	Viðhald	29 310	
5,8	Gjöld samtals	56 160	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 160	
4,7	Tekjur samtals	56 160	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 537 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 400 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	230 000	
571	Fjármagnskostnaður	94 000	
51–57	Viðhald	91 000	
593	Afskriftir	900 000	
5,8	Gjöld samtals	6 252 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 234 000	
48	Fjármunatekjur	24 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði, skil ICAO-tekna	157 000	
49	Aðrar tekjur	71 000	
4,7	Tekjur samtals	6 486 000	
	Mismunur		234 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar[1])	577 000	
26	Afborgun lána	307 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	250 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	900 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	234 000	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	301 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	368 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	332 920	
571	Fjármagnskostnaður	2 240	
51–57	Viðhald	243 200	
593	Afskriftir	54 720	
5,8	Gjöld samtals	1 302 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 293 250	
4,7	Tekjur samtals	1 293 250	
	Mismunur		−9 130

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 12.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	45 000	
26	Afborgun lána	590	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	54 720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−9 130	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	178 120	
52–57	Önnur rekstrargjöld	150 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 700	
571	Fjármagnskostnaður	27 800	
51–57	Viðhald	25 000	
593	Afskriftir	55 000	
5,8	Gjöld samtals	468 420	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	347 900	
48	Fjármunatekjur	6 520	
4910	Framlög úr ríkissjóði	61 000	
4,7	Tekjur samtals	415 420	
	Mismunur		−53 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	62 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	55 000	
26	Tekin lán	60 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−53 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	17 860	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 320	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
5,8	Gjöld samtals	33 180	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 180	
4,7	Tekjur samtals	33 180	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 850	
571	Fjármagnskostnaður	6 900	
59	Yfirfærslur	15 200	
5,8	Gjöld samtals	23 950	
48	Fjármunatekjur	18 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	43 100	
	Mismunur		19 150
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	31 100	
26	Afborgun lána	13 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 150	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	7 810	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 450	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	7 410	
5,8	Gjöld samtals	20 780	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 030	
48	Fjármunatekjur	720	
4910	Framlög úr ríkissjóði	340	
4,7	Tekjur samtals	21 090	
	Mismunur		310
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	310	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	310	
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	12 280	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 690	
51–57	Viðhald	8 030	
5,8	Gjöld samtals	22 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 000	
4,7	Tekjur samtals	22 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 680	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 450	
5,8	Gjöld samtals	4 130	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 130	
4,7	Tekjur samtals	4 130	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	237 010	
52-57	Önnur rekstrargjöld	166 080	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	72 000	
571	Fjármagnskostnaður	27 500	
51-57	Viðhald	100 890	
593	Afskriftir	83 520	
5,8	Gjöld samtals	687 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	698 000	
49	Aðrar tekjur	7 200	
4,7	Tekjur samtals	705 200	
	Mismunur		18 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 000	
18	Fjárfestingar	73 000	
26	Afborgun lána	45 000	
32	Annað	16 320	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	6 100	
19	Afskriftir	83 520	
26	Tekin lán	31 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 200	
31-233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	75 880	
52-57	Önnur rekstrargjöld	16 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	43 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 900	
51-57	Viðhald	3 160	
593	Afskriftir	15 690	
5,8	Gjöld samtals	159 230	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	166 550	
48	Fjármunatekjur	720	
49	Aðrar tekjur	360	
4,7	Tekjur samtals	167 630	
	Mismunur		8 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 250	
26	Afborgun lána	3 050	
32	Annað	20 790	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 690	
26	Tekin lán	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 400	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	365 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 413 000	
571	Fjármagnskostnaður	90 000	
593	Afskriftir	423 000	
5,8	Gjöld samtals	2 721 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 311 000	
48	Fjármunatekjur	51 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	2 382 000	
	Mismunur		−339 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar[1])	176 000	
26	Afborgun lána	42 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	423 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−339 000	
32	Annað	134 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 300	
571	Fjármagnskostnaður	56 970	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	79 270	
48	Fjármunatekjur	16 670	
4910	Framlög úr ríkissjóði	240 450	
4,7	Tekjur samtals	257 120	
	Mismunur		177 850

[1]) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 13.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	12 350	
26	Afborgun lána	163 150	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	45 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	42 650	
39	Ráðstöfun eigin fjár	177 850	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1989 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1989 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1989 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds.

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

3.4 Að fella niður stimpilgjald vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing 737-400 þotum.

Ráðstöfun eigna.

4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík.

4.2 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

4.3 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.4 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.5 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.

4.6 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.

4.7 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Hafnarstræti 6, Ísafirði.

4.8 Að selja grænfóðurverksmiðjuna Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.

4.9 Að selja verksmiðjuhúsnæði, ásamt vélbúnaði og tækjum, í eigu Síldarverksmiðja ríkisins á Húsavík.

4.10 Að selja íbúðarhúsnæðið að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.11 Að selja gamla skólastjórabústaðinn á Bíldudal.
4.12 Að selja íbúð ríkisins í húseigninni Bröttuhlíð 5, Hveragerði.
4.13 Að selja húseignina Bæ III, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
4.14 Að selja skrifstofuhúsnæði skattstofunnar á Ísafirði.
4.15 Að selja skrifstofuhúsnæði bæjarfógetans á Ísafirði.
4.16 Að selja húsnæði ÁTVR við Álfheima í Reykjavík.
4.17 Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík.
4.18 Að selja Reykjavíkurborg allt að 57 ha af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi.
4.19 Að selja húseign Póst- og símamálastofnunar að Blöndubyggð 10, Blönduósi.
4.20 Að selja hlut Póst- og símamálastofnunar í húseigninni Arnarbakka 9, Reykjavík.
4.21 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins við Grundargerði í Ólafsvík (160 m^2 geymsluhúsnæði).
4.22 Að selja húseignina Seljavegi 32 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til að byggja upp aðstöðu Vita- og hafnarmálastofnunar í Kópavogi.
4.23 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.
4.24 Að selja fasteignina Safamýri 18, Reykjavík.
4.25 Að selja húsnæði ÁTVR við Álfheima 74, Reykjavík.
4.26 Að selja fasteignina Hafrafell, Ísafirði.
4.27 Að selja húsnæði ÁTVR að Túngötu 11, Siglufirði.
4.28 Að selja Hlíðarveg 4, Siglufirði.
4.29 Að selja Hafnarlóð 7, Skagaströnd.
4.30 Að selja Austurstræti 18, 3. og 4. hæð, Reykjavík.
4.31 Að selja Einbúastíg 8, Skagaströnd.
4.32 Að selja Hafnarlóð 6, Skagaströnd.
4.33 Að selja Vetrarbraut 6, Siglufirði.
4.34 Að selja Strandgötu 34, Skagaströnd.
4.35 Að selja eignarhlut ríkisins í Skerjabraut 1, Seltjarnarnesi.
4.36 Að selja eignahlut ríkisins í Fjarðarstræti 28, Ísafirði.
4.37 Að selja Skólagötu 10, Ísafirði.
4.38 Að selja Pólgötu 2, Ísafirði.
4.39 Að selja lögreglubifreiðaverkstæði og lóð að Síðumúla 24–26, Reykjavík, og kaupa í stað þess húsnæði fyrir þvotta- og þjónustustöð fyrir lögreglubifreiðar.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að kaupa húsnæði eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi til nota sem skrifstofuhúsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa lóð og útihús við Nesstofu á Seltjarnarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.

5.9 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa kennarabústað á Eiðum, svonefnt Þórarinshús, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði á Höfn í Hornafirði til nota fyrir sóknarprest Bjarnanesprestakalls.
5.12 Að semja um byggingarrétt og greiða gatnagerðargjöld af lóð undir dómshús við Ofanleiti í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa heimavistarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands og taka til þess nauðsynleg lán. Húsnæðiskaup þessi eru háð því að aðrir rekstraraðilar fjölbrautaskólans en ríkissjóður greiði sinn hluta kaupverðsins.
5.14 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa húsnæði fyrir Fangelsismálastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.17 Að taka nauðsynleg lán til að kaupa eða leigja húsnæði til að leysa húsnæðismál Ríkisendurskoðunar vegna flutnings hennar úr núverandi húsnæði.
5.18 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og taka til þess nauðsynleg lán. Íbúðarkaup þessi eru háð því að aðrir rekstraraðilar framhaldsskólans en ríkissjóður greiði sinn hluta kaupverðsins.
5.19 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra húsnæðis í eigu sendiráðsins.
5.20 Að kaupa húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri opinbera aðila í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.21 Að leigja eða kaupa húsnæði fyrir Listdansskóla Þjóðleikhússins að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.
5.22 Að kaupa húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri opinbera aðila á Selfossi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.23 Að kaupa húsnæði í húsi Útvegsbankans á Akureyri samkvæmt ákvæðum um forkaupsrétt.
5.24 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir.

6.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
6.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 14.000 þús. kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.
6.3 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.
6.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
6.5 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

6.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 24 m.kr. til byggingar dráttarbrautar.
6.7 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bæturnar ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.8 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.
6.9 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör vegna skólamannvirkja.
6.10 Að semja um greiðslu á ógreiddum hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar fyrir Reykvíkinga að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.
6.11 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í heilsugæslustöðinni í Vogum og sambærilegri eign.
6.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningssgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
6.13 Að fella niður söluskatt vegna flygilkaupa fyrir kirkju Víðistaðasóknar.
6.14 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af flugskýli flugfélagsins Ernis á Ísafjarðarflugvelli.
6.15 Að leita eftir tilboði og gera samning um kaup á siglingahermi fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.
6.16 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
6.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni í ammóníaksgeymi við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi.
6.18 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð sem Akureyrarbær kann að taka til kaupa á röntgentækjum í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið án vaxta í fjárlögum 1990–1991.
6.19 Að ganga frá samningum við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku skulda til lúkningar á samkomulagi því sem gert var við þessi fyrirtæki við niðurfellingu „verðjöfnunargjalds á raforku“ árið 1986 að fenginni umsögn fjárveitinganefndar. Yfirtökunni verði hagað þannig að fyrirtækin geti öðlast þann rekstrargrundvöll miðað við eðlilaga fjárfestingu, rekstrarumsvif og gjaldskrárákvarðanir sem umrætt samkomulag frá árinu 1986 gerði ráð fyrir.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Héraðsskólar almennt (02-610 690):		
1. Reykholt	21.000	
2. Núpur	3.000	
3. Reykjanes	2.000	
4. Reykir	2.000	
5. Eiðar	8.000	
6. Skógar	1.000	
7. Laugarvatn	1.000	
8. Laugar	1.000	
		39.000
2. Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl., framlög (02-730 690).		
a. Bygging grunnskóla o.fl.		
1. Reykjavík:		
Seljaskóli	21.400	
Foldaskóli, 1. og 2. áf.	50.000	
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	500	
Ölduselsskóli, 2. áf. og lóð	100	
Ölduselsskóli, sundlaug	100	
Ártúnsskóli	100	
Selásskóli, 1. og 2. áf.	100	
Grandaskóli	100	
2. Kópavogur:		
Fastur samningur	9.750	
Íþróttahús (Digranesskóli)	3.000	
3. Hafnarfjörður:		
Sundlaug	2.000	
Víðistaðaskóli, 4. og 5. áf.	5.000	
Víðistaðaskóli, viðbygging	2.000	
Öldutúnsskóli, 4. áf.	5.000	
4. Seltjarnarnes:		
Sundlaug	100	
5. Garðabær:		
Íþróttahús og sundlaug	4.000	
6. Keflavík:		
Íþróttahús, 1. áf.	100	
Sundlaug	2.000	
Myllubakkaskóli	5.900	
7. Grindavík:		
Íþróttahús	2.000	
Skóli, viðbygging	1.000	

	Þús. kr.
8. Njarðvík:	
Viðbygging skóla	3.000
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli, íþróttahús og sundlaug	4.950
10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús, 1. áf.	4.400
Varmárskóli, 2. áf.	1.600
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla	2.500
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	2.100
Stækkun skóla	900
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Skóli	1.500
14. Kjalarneshreppur:	
Skóli, stækkun 1. áf.	5.000
15. Akranes:	
Fastur samningur	15.800
Sundlaug	1.000
16. Ólafsvík:	
Stækkun skóla	800
17. Leirársveit:	
Heiðaskóli, íþróttaaðstaða	2.000
18. Reykholtsdalshreppur, Kleppjárnsreykir:	
Fastur samningur	3.500
19. Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
Viðbygging, 1. áf.	1.000
20. Borgarnes:	
Grunnskóli, stækkun og breytingar	3.000
21. Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
Íþróttahús og stækkun skóla	1.300
22. Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
23. Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
Íþróttahús	5.000
24. Stykkishólmur:	
Íþróttahús (fastur samningur)	6.000
Skóli, lausar stofur	200
25. Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
Skóli, 2. áf.	1.500
26. Hvammshreppur, Laugaskóli:	
Íþróttahús	3.800
Uppgjör, skuldaskil	200
27. Ísafjörður:	
Skólamannvirki	2.000
Íþróttahús (fastur samningur)	12.800
28. Bolungarvík:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Stækkun skóla, 1. áf.	8.500

	Þús. kr.
29. Reykhólahreppur:	
Endurbætur á sundlaug	1.000
30. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla	1.000
31. Tálknafjarðarhreppur:	
Íþróttahús og félagsheimili	2.000
32. Suðurfjarðarhreppur, Bíldudalur:	
Íþróttahús	1.000
33. Flateyrarhreppur:	
Íþróttamannvirki	1.000
34. Suðureyrarhreppur:	
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1.000
Sundlaug	1.000
35. Súðavíkurhreppur:	
Skóli, endurbygging og viðbygging	1.000
36. Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
Skólastjóraíbúð, stækkun	1.000
37. Kaldrananeshreppur, Drangsnes:	
Stækkun skóla	1.500
38. Hólmavíkurhreppur:	
Félagsaðstaða	1.000
39. Siglufjörður:	
Íþróttahús	5.000
40. Sauðárkrókur:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Grunnskólar, endurbætur og lóðir	2.500
41. Ytri-Torfustaðahreppur, Laugabakkaskóli:	
Íþróttahús	100
Uppgjör	500
42. Hvammstangahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	150
Skóli, nýbygging	5.000
43. Þverárhreppur:	
Skólastjóraíbúð	400
44. Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
Endurbætur o.fl.	1.500
Kennaraíbúð	400
45. Skagaströnd:	
Sundlaug	1.400
Skólastjóraíbúð	100
46. Blönduós:	
Íþróttahús	6.000
47. Seyluhreppur, Varmahlíð:	
Íþróttamannvirki	3.700
Uppgjör skóla	100
48. Lýtingsstaðahreppur:	
Íþróttahús og sundlaug	100
Skólastjórabústaður	500

	Þús. kr.
49. Akrahreppur:	
Skóli, viðbygging	500
50. Hólahreppur:	
Skóli og íbúðir	100
51. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla og bókasafn	100
52. Haganeshreppur:	
Skóli, nýbygging	850
53. Akureyri:	
Fastur samningur	15.900
54. Húsavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	600
Barnaskóli, stækkun	1.000
55. Ólafsfjörður:	
Íþróttahús	500
Barnaskóli	3.500
56. Dalvík:	
Skóli, stækkun	2.000
57. Grímseyjarhreppur:	
Sundlaug	2.000
58. Svarfaðardalshreppur:	
Sundskáli, endurbætur	500
59. Hríseyjarhreppur:	
Íþróttahús og skóli	1.500
60. Árskógshreppur, Árskógsskóli:	
Viðbygging	100
61. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug, 3. áf., og íþróttahús	3.500
62. Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
Endurbætur	1.500
63. Svalbarðsstrandarhreppur:	
Íþróttahús	1.500
64. Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
Skóli, 1. áf., og íþróttahús	3.000
65. Bárðdælahreppur:	
Mötuneyti skóla	100
66. Skútustaðahreppur:	
Skóli	2.500
67. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
Íbúð og lóðir	1.000
68. Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
Skóli, 1. áf., og mötuneyti	1.000
69. Presthólahreppur, Kópasker:	
Skóli, nýbygging	1.500
70. Raufarhafnarhreppur:	
Sundlaug	100
71. Svalbarðshreppur:	
Skóli og íbúð	800

	Þús. kr.
72. Þórshöfn:	
Félagsheimili, endurbætur	800
73. Seyðisfjörður:	
Nýbygging skóla	1.000
Íþróttahús	3.000
74. Neskaupstaður:	
Íþróttahús og skóli	2.500
75. Eskifjörður:	
Skóli, nýbygging	1.200
Íþróttahús, endurbætur	1.300
76. Skeggjastaðahreppur:	
Skóli, nýbygging	1.000
77. Vopnafjarðarhreppur:	
Íþróttahús	2.000
78. Hlíðarhreppur:	
Lóðarframkvæmdir	100
79. Jökuldalshreppur:	
Stækkun skóla og íþróttahús	1.000
80. Fellahreppur:	
Grunnskóli	2.000
81. Hallormsstaður:	
Íþróttahús	2.800
82. Egilsstaðahreppur:	
Íþróttahús, 2. áf.	2.000
83. Eiðahreppur:	
Viðbygging skóla	1.500
84. Reyðarfjörður:	
Stækkun skóla	4.000
85. Búðahreppur, Fáskrúðsfjörður:	
Sundlaug, endurbætur	700
Íbúð, endurbætur	700
Íþróttahús	100
86. Stöðvarhreppur:	
Skóli og sundlaug	3.000
87. Breiðdalshreppur:	
Skóli	2.000
88. Beruneshreppur:	
Íbúð, endurbætur	100
89. Búlandshreppur, Djúpivogur:	
Heimavist og íþróttahús	4.000
90. Geithellnahreppur:	
Skóli, nýbygging	100
91. Nesjahreppur:	
Nesjaskóli, lóðir o.fl.	400
Sundlaug	2.000
92. Hafnarhreppur:	
Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
93. Mýrahreppur:	
Íbúð	200

		Þús. kr.	Þús. kr.
94.	Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðaskóli:		
	Viðbygging og endurbætur	1.000	
95.	Vestmannaeyjar:		
	Hamarsskóli	5.000	
	Breytingar á barnaskóla	2.000	
96.	Selfoss:		
	Gagnfræðaskóli og íþróttahús	3.000	
97.	Kirkjubæjarhreppur:		
	Skóli, stækkun	200	
98.	Mýrdalshreppur:		
	Skólamannvirki	1.000	
99.	Austur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	900	
	Endurbætur á skóla	600	
100.	Vestur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	1.300	
101.	Austur-Landeyjahreppur:		
	Íbúð	1.000	
102.	Vestur-Landeyjahreppur:		
	Stækkun skóla og íbúð	100	
103.	Hvolhreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
	Sundlaug og búningsklefar	1.000	
104.	Rangárvallahreppur:		
	Skóli, stækkun	2.500	
	Endurbætur á skólastjórabústað	500	
105.	Holtahreppur, Laugaland:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3.000	
106.	Gaulverjabæjarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500	
107.	Stokkseyrarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	500	
	Viðbygging	500	
108.	Eyrarbakkahreppur:		
	Skóli, stækkun	500	
109.	Hraungerðishreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2.000	
110.	Skeiðahreppur:		
	Skóli, viðbygging	1.000	
111.	Gnúpverjahreppur:		
	Skóli, nýbygging	1.500	
112.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	2.500	
113.	Hveragerðishreppur:		
	Skóli, viðbygging	6.000	
114.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Skóli, stækkun	2.000	
	Sundlaug	2.000	
			380.500

b. Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:	Þús. kr.
1. Seltjarnarnes, skóli	5
2. Kópavogur, kennslusundlaug	5
3. Garðabær, Hofsstaðaskóli	5
4. Hafnarfjörður, Setbergsskóli	5
5. Hafnarfjörður, Engidalsskóli, viðbygging	5
6. Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5
7. Mosfellsbær, gagnfræðask. Brúará, stækkun	5
8. Njarðvík, kaup á Þórustíg 1	5
9. Kjalarnes, stækkun, 2. áf.	5
10. Stóru-Vogaskóli, Vatnsleysuströnd	5
11. Ólafsvík, íþróttahús	5
12. Ólafsvík, endurbætur á skólastjórabústað	5
13. Stykkishólmur, sundlaug	5
14. Varmaland, hitaveita	5
15. Grundarfjörður, endurbætur á skólastjórabústað	5
16. Staðarsveit, Lýsuhóll, nýb. skóla og íb.	5
17. Reykhólar, íbúð og lóð	5
18. Þingeyri, sundlaug	5
19. Flateyrarhreppur, stækkun skóla o.fl.	5
20. Bæjarhreppur, íbúð	5
21. Siglufjörður, viðbygging	5
22. Hvammstangi, íþróttahús	5
23. Blönduós, stækkun skóla	5
24. Húnavellir, sundlaug	5
25. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5
26. Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5
27. Ólafsfjörður, endurbætur á sundlaug	5
28. Þelamörk, íþróttahús	5
29. Grýtubakkahreppur, sundlaug	5
30. Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5
31. Raufarhöfn, hönnun íþróttahúss	5
32. Neskaupstaður, stækkun Nesskóla	5
33. Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5
34. Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5
35. Norðfjarðarhreppur, skóli	5
36. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5
37. Borgarfjörður eystri, skóli, nýbygging	5
38. Fellahreppur, skólastjórabústaður	5
39. Mýrdalshreppur, íbúð Vík	5
40. Mýrdalshreppur, sundlaug Vík	5
41. Ketilsstaðaskóli, stækkun	5
42. Vestur-Landeyjahreppur, skólastjóraíbúð	5
43. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5
44. Djúpárhr., sundlaug og íþróttahús Þykkvabæ	5
45. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5
46. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5

	Þús. kr.	Þús. kr.
47. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
48. Villingaholtshreppur, skóli, viðbygging	5	
49. Selfoss, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
		245
c. Orkusparandi aðgerðir		1.500
d. Stofnbúnaður eldri skóla		2.000
e. Hagræðing		760
3. Dagvistarheimili, stofnkostnaður (02-803 690).		385.005
a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa, nýbyggingar:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Hálsasel (Tungusel)	1.000	
b. Eiðsgrandi	11.000	
c. Ártúnsholt	1.000	
d. Rofabær	11.175	
e. Stangarholt	1.000	
f. Grafarvogur	1.000	
g. Jöklasel	1.000	
2. Kópavogur, Grænatún	3.970	
3. Kópavogur, Marbakki	4.000	
4. Garðabær, Hofstaðabraut	2.840	
5. Hafnarfjörður, Staðarhvammur	6.000	
6. Mosfellsbær	2.930	
7. Akureyri, Fíladelfíusöfnuður	1.400	
8. Akureyri, Flúðir	3.300	
9. Fellahreppur	700	
10. Stöðvarfjörður	855	
11. Stokkseyri	2.550	
		55.720
b. Dagvistarheimili sem enn eru í byggingu:		
1. Þingeyri, leikskóli	1.790	
2. Hólmavík, leikskóli	850	
3. Hvammstangi	2.000	
4. Kópasker	560	
5. Breiðdalsvík	1.000	
6. Kirkjubæjarhreppur	2.000	
7. Hella	2.000	
8. Selfoss	4.000	
9. Keflavík, Heiðabyggð	3.000	
10. Seltjarnarnes	1.500	
11. Borgarnes	530	
12. Skagaströnd	500	
13. Egilsstaðir	2.000	
14. Höfn í Hornafirði	1.500	
		23.230
c. Dagheimili tekin í fjárlög 1987 og 1988 og ný heimili:		
1. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	15	
2. Garðabær, dagheimili, leikskóli	15	
3. Sauðárkrókur, viðbygging	15	
4. Ólafsvík, viðbygging	15	
		60

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Ný heimili, ekki tekin í fjárlög áður:		
1. Ísafjörður, skóladagheimili	1.000	
2. Dalvík, viðbygging	15	
3. Foreldrafélag Laugum	85	
4. Foreldrafélag Keldnaholti, Reykjavík	15	
5. Marargata 6, Reykjavík, innbú, lóð	350	
6. Foreldrafélag lækna, Reykjavík	500	
7. Hafnarfjörður, Hvaleyrarholt	15	
		1.980
e. Hönnun nýrra dagvistarheimila og styrkir til sveitarfélaga vegna þróunarverkefna		3.000
f. Gömul hús, breytingar og búnaður, tekin til starfa:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Fornhagi 8	15	
b. Njálsgata 9	15	
2. Reykjavík, foreldrafélagið Ós	1.000	
3. Kópavogur, skóladagheimili við Ástún	1.000	
4. Kópavogur, Kársnesbraut 121, einkarekstur	160	
5. Stykkishólmur, lóð	250	
6. Ísafjörður, Hlíðarvegur, lóð	100	
7. Dalvík, 1. áf.	700	
8. Seyðisfjörður	500	
9. Fáskrúðsfjörður	570	
10. Djúpivogur	400	
11. Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	1.000	
12. Eskifjörður	600	
13. Egilsstaðir	100	
		6.410
g. Dagvistarheimili, nýbyggingar á undirbúningsstigi, teknar í fjárlög 1987 eða fyrr:		
1. Reykjavíkurborg:		
a. Seljavegur	50	
b. Rekagrandi	50	
2. Kópavogur, dagheimili í Austurbæ	50	
3. Bessastaðahreppur	200	
4. Grindavík	10	
5. Vatnsleysuströnd	10	
6. Akranes, Víðigerði	1.000	
7. Andakílshreppur	10	
8. Flateyri, leikskóli	800	
9. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	2.000	
10. Akureyri, Þórunnarstræti	10	
11. Vopnafjörður, leikskóli	10	
12. Hvolsvöllur	400	
		4.600
		95.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 170):		
1. Árni Kristjánsson	600	
2. Finnur Jónsson	600	
3. Guðmundur Daníelsson	600	
4. Halldór Laxness	600	
5. Hannes Pétursson	600	
6. Indriði G. Þorsteinsson	600	
7. Jakobína Sigurðardóttir	600	
8. Jóhann Briem	600	
9. Jón Nordal	600	
10. Jón úr Vör	600	
11. Jórunn Viðar	600	
12. Kristján Davíðsson	600	
13. María Markan	600	
14. Matthías Johannessen	600	
15. Stefán Íslandi	600	
16. Valur Gíslason	600	
17. Þorsteinn Ö. Stephensen	600	
		10.200
5. Bygging íþróttamannvirkja (02-986 620).		
1. Íþróttafélagið Leiknir, Rvík, vallarhús	300	
2. Glímufélagið Ármann, Rvík, íþróttasvæði	600	
3. Glímufélagið Ármann, Rvík, skíðasvæði	590	
4. Knattspyrnufélagið Fylkir, Rvík, íþróttavöllur, 1. áf.	750	
5. ÍR, Rvík, íþróttasvæði	350	
6. ÍR, Rvík, skíðalyfta	300	
7. Ungtemplarafélagið Hrönn, Rvík	300	
8. Íþróttafélag fatlaðra, Rvík, íþróttahús	32	
9. KR, Rvík, íþróttahús lyftingamanna	186	
10. KR, Rvík, þjónustumiðstöð	50	
11. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	80	
12. Siglingasamband Íslands, róðrarbátur	93	
13. Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, íþróttahús	4.000	
14. Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, grasvöllur	700	
15. Knattspyrnufélagið Víkingur, Rvík, íþróttasvæði	300	
16. Knattspyrnufélagið Víkingur, Rvík, skíðalyfta	400	
17. TBR, Rvík, íþróttahús	4.000	
18. Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, skíðaskáli	750	
19. Sundlaug Laugardal, Rvík, laugarhús	3.000	
20. Skíðalyfta fyrir börn, Rvík	140	
21. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	215	
22. Gervigras á Laugardalsvöll, Rvík	1.000	
23. Skíðalyfta í Bláfjöllum	400	
24. Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	187	
25. Hafnarfjörður, sundlaug	500	
26. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	150	
27. Hafnarfjörður, æfingasvæði í Kaplakrika	300	
28. FH, Hafnarfirði, áhorfendasvæði, búningsklefar	1.000	

	Þús. kr.
29. Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfvallar	50
30. Kópavogur, íþróttahús	150
31. Seltjarnanes, íþróttavöllur	100
32. Seltjarnanes, sundlaug	50
33. Garðabær, íþróttavöllur	700
34. Keflavík, æfingasvæði	137
35. Keflavík, endurbætur á sundlaug	30
36. Keflavík, íþróttaleikvangur	149
37. Keflavík, sundlaug	350
38. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	150
39. Njarðvík, búningsklefar við völl	90
40. Golfklúbbur Suðurnesja, golfvöllur og skáli	650
41. Umf. Grindavíkur, vallarhús	150
42. Umf. Grindavíkur, íþróttasvæði	250
43. Grindavík, golfklúbbur og skáli	150
44. Grindavík, íþróttahús	100
45. Gerðahreppur, grasvöllur og vallarhús	250
46. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	156
47. Mosfellsbær, golfklúbburinn Kjölur	200
48. Mosfellsbær, íþróttaleikvangur	1.350
49. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	580
50. Akranes, íþróttahús ÍA	4.000
51. Akranes, sundlaug opin	590
52. Akranes, golfklúbburinn Leynir	50
53. Borgarnes, golfvöllur, skáli	100
54. Borgarnes, íþróttavöllur	2.100
55. Umf. Staðarsveitar, íþróttavöllur	94
56. Neshreppur, íþróttavöllur	100
57. Ólafsvík, íþróttavöllur	100
58. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	60
59. Eyrarsveit, íþróttahús	60
60. Eyrarsveit, skíðalyfta	102
61. Stykkishólmur, íþróttavöllur	100
62. Stykkishólmur, skíðalyfta	50
63. Búðardalur, íþróttavöllur	300
64. Patrekshreppur, malarvöllur	150
65. Tálknafjörður, íþróttahús	300
66. Bíldudalur, íþróttavöllur	250
67. Flateyri, sundlaug	51
68. Bolungarvík, skíðalyfta	144
69. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
70. Ísafjörður, sundlaug	100
71. ÍB, Ísafirði, skíðamannvirki	200
72. Golfklúbbur Ísafjarðar, golfklúbbur og skáli	200
73. Súðavíkurhr., malarvöllur og skíðamannvirki	142
74. Kaldrananeshreppur, laugarhús	150
75. Hólmavík, íþróttavöllur	100
76. Hvammstangahreppur, malarvöllur	100

	Þús. kr.
77. Blönduósbær, íþróttahús	250
78. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	150
79. Höfðahreppur Skagaströnd, sundlaug	127
80. Höfðahreppur Skagaströnd, skíðaskáli	100
81. Umf. Vorboðinn, Engihlíðarhreppi	150
82. Lýtingstaðahreppur, íþróttavöllur	3
83. Seyluhreppur, íþróttavöllur	70
84. Sauðárkrókur, íþróttahús	50
85. Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	150
86. Umf. Glóðafeykir, Akrahreppi, íþróttavöllur	74
87. Umf. Fljótamanna, troðari	300
88. Siglufjörður, grasvöllur	630
89. Siglufjörður, íþróttahús	150
90. Íþróttabandalag Siglufjarðar, íþróttamiðstöð, skíðalyfta	150
91. Ólafsfjörður, malarvöllur	34
92. Ólafsfjörður sundlaug	150
93. Golfklúbbur Ólafsfjarðar, golfvöllur	200
94. Umf. Leiftur, Ólafsfirði, snjótroðari	150
95. Umf. Svarfdæla, íþróttavöllur, 1. áf.	250
96. Dalvík, toglyfta	250
97. Akureyri, íþróttahús	210
98. Akureyri, skíðalyfta	850
99. KA, Akureyri, vallarhús	650
100. KA, Akureyri grasvöllur	60
101. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, handbolta- og tennisvöllur	47
102. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, grasvöllur	360
103. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, vallarhús	370
104. Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	110
105. Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	400
106. Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	610
107. Grímsey, sundlaug	155
108. Umf. Reynir, Árskógsströnd, íþróttavöllur	48
109. Umf. Bjarmi, Hálshreppi, íþróttavöllur	120
110. HSÞ, Laugum, stækkun íþróttavallar	250
111. Reykjahreppur, sundlaug	200
112. Skútustaðahreppur, sundlaug og vallarhús	160
113. Skútustaðahreppur, íþróttavöllur	11
114. Húsavík, grasvöllur, 2. áf.	160
115. Húsavík, íþróttahús	350
116. Húsavík, endurbætur á sundlaug	100
117. Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	100
118. Presthólahreppur, Kópasker, íþróttavöllur	139
119. Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	150
120. Vopnafjörður, íþróttavöllur	150
121. Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	65
122. Júdófélagið Kjarni, Fellabæ, æfingadýna	48
123. Egilsstaðir, íþróttavöllur og vallarhús	11
124. Egilsstaðir, skíðasvæði	100

	Þús. kr.	Þús. kr.
125. Siglingaklúbburinn Sörvi, Egilsstöðum, siglingaaðstaða ...	40	
126. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	90	
127. Íþróttafélagið Huginn, Seyðisfirði, skíðamannvirki	200	
128. Seyðisfjörður, íþróttavöllur	150	
129. Neskaupstaður, íþróttasvæði	100	
130. Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	100	
131. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, skíðamannvirki Oddskarði	150	
132. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur og skáli	100	
133. Umf. Valur, Reyðarfirði, íþróttavöllur	50	
134. Umf. Leiknir, Fáskrúðsfirði, grasvöllur, vallarhús	130	
135. Stöðvarhreppur, íþróttavöllur	131	
136. Djúpivogur, íþróttavöllur	65	
137. Hafnarbær í Hornafirði, sundlaug	123	
138. Golfklúbbur Hornafjarðar, golfvöllur og skáli	120	
139. Umf. Sindri, Höfn, skíðalyfta	20	
140. Umf. Máni, Nesjahreppi	120	
141. Kirkjubæjarhreppur, íþróttavöllur	100	
142. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	25	
143. Umf. Trausti, V-Eyjafjallahr., íþróttavöllur	29	
144. Hvolhreppur, íþróttavöllur	250	
145. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	150	
146. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	150	
147. Umf. Gnúpverja, íþróttavöllur	100	
148. Skeiðahreppur, baðstofa	155	
149. Sólheimar, Grímsnesi	300	
150. Vestmannaeyjar, grasvöllur	60	
151. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	250	
152. Þór, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur, vallarhús	1.050	
153. Týr, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	430	
154. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	260	
155. Umf. Hveragerðis, íþróttavöllur	100	
156. Stokkseyrarhreppur, íþróttasvæði	81	
157. Sérfræðileg aðstoð og leiðbeiningar	400	
		51.209

6. Landþurrkun (04-270 680).

1. Araós	15	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
3. Leiðvallarhreppur	40	
4. Dyrhólaós	245	
5. Holtsós	55	
6. Austur-Landeyjahreppur	40	
7. Vestur-Landeyjahreppur	40	
8. Rangárvallahreppur	10	
9. Djúpárhreppur	40	
		500

7. Fyrirhleðslur (04-270 690).	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Norðurá	100	
2. Héraðsvötn	700	
3. Svarfaðardalsá	900	
4. Jökulsá á Dal	1.000	
5. Hoffellsá	500	
6. Hornafjarðarfljót	3.300	
7. Skaftá	400	
8. Kúðafljót	500	
9. Markarfljót	2.000	
10. Þjórsá	500	
		9.900
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
2. Snæfellsnessýsla	100	
3. Dalasýsla	100	
4. Múlasýslur	1.300	
5. Austur-Skaftafellssýsla	700	
6. Vestur-Skaftafellssýsla	800	
7. Rangárvallasýsla	400	
8. Árnessýsla	900	
		4.400
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	100	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	600	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	400	
6. Austurlandskjördæmi	200	
7. Suðurlandskjördæmi	700	
		2.200
		16.500

8. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).	
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	
1. Akranes, sjúkrahús	10.500
2. Akranes, H2	14.600
3. Ólafsvík, H2	1.100
4. Stykkishólmur, H2	5.000
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000
6. Ísafjörður, sjúkrahús	27.000
7. Blönduós, H2	23.200
8. Hvammstangi, H2	1.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	2.000	
10. Siglufjörður, sjúkrahús	7.500	
11. Ólafsfjörður	2.200	
12. Akureyri, H2	5.800	
13. Kópasker, H1	500	
14. Raufarhöfn, H1	1.000	
15. Þórshöfn, H1	1.000	
16. Húsavík, H2	25.500	
17. Bakkafjörður, H	400	
18. Egilsstaðir, H2 og sjúkrahús	300	
19. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	5.000	
20. Djúpivogur, H2	6.000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús	2.000	
22. Vík í Mýrdal, H1	1.000	
23. Hella, sjúkrahús	2.000	
24. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	5.500	
25. Þorlákshöfn, H2	6.500	
26. Selfoss, sjúkrahús	3.100	
27. Gerðar, H2	2.400	
28. Vogar, H	2.200	
29. Sandgerði, H	1.200	
30. Hafnarfjörður, H2	20.000	
31. Garðabær, H2	6.200	
32. Mosfellsbær	2.800	
33. Seltjarnarnes, H2	8.000	
		206.500
b. Húsaleiga:		
1. Suðurnes	800	
2. Mosfellsbær	320	
3. Akureyri	7.500	
4. Reyðarfjörður	1.100	
5. Þorlákshöfn	600	
		10.320
c. Læknisbústaðir:		
1. Blönduós	3.000	
2. Hvolsvöllur	4.700	
		7.700
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Sauðárkrókur	6.100	
2. Egilsstaðir	1.700	
3. Sólvangur	8.000	
		15.800
		240.320

9. Flóabátar og vöruflutningar (10-321 120). Þús. kr.

a. Til flutninga á landi:

1.	Vetrarflutningar í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	160
2.	Vetrarflutningar í Dalahéraði	320
3.	Snjóbifreið í Reykhólahreppi	70
4.	Mjólkurflutningar í V-Barðastrandarsýslu	230
5.	Vetrarsamgöngur í Rauðasandshreppi	100
6.	Vetrarsamgöngur í Bíldudalshreppi	180
7.	Vetrarsamgöngur í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	115
8.	Vetrarsamgöngur við Ingjaldssand	170
	Stofnstyrkur	500
9.	Snjóbifreið í Önundarfirði	150
10.	Snjóbifreið um Botnsheiði	150
	Stofnstyrkur	500
11.	Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	560
12.	Vetararflutningar í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	115
13.	Vetrarflutningar í Ögurhreppi	70
14.	Vetrarflutningar í Reykjafjarðarhreppi	70
15.	Vetrarflutningar í Nauteyrarhreppi	70
16.	Vetrarsamgöngur í Snæfjallahreppi	100
17.	Vetrarflutningar í Árneshreppi	380
18.	Vetrarsamgöngur í Árneshreppi	215
	Stofnstyrkur	500
19.	Vetrarsamgöngur í Kaldrananeshreppi	70
20.	Snjóbifreið á Hólmavík	80
21.	Fellshreppur	70
22.	Óspakseyrarhreppur	70
23.	Skefilsstaðahreppur	115
24.	Snjóbifreið í Skagafirði	150
25.	Vetrarflutningar í Haganes- og Holtshreppum	115
	Stofnstyrkur	500
26.	Snjóbifreið á Ólafsfirði, stofnstyrkur	500
27.	Vetrarsamgöngur Ólafsfjörður–Akureyri	460
28.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	50
29.	Vetrarsamgöngur í Svarfaðardal	100
30.	Snjóbifreið á Akureyri	80
31.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	70
32.	Vetrarsamgöngur Akureyri–Grýtubakkahreppur	115
33.	Snjóbifreið í Hálshreppi S-Þingeyjarsýslu	70
34.	Norðausturleið Vopnafjörður–Húsavík	830
35.	Vetrarsamgöngur í Fjallahreppi	300
36.	Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker	115

	Þús. kr.	Þús. kr.
37. Snjóbifreið á Þórshöfn	100	
38. Vetrarflutningar á Bakkafirði	170	
39. Vetrarflutningar á Vopnafirði	170	
40. Vetrarsamgöngur í Borgarfirði eystra	200	
41. Vetrarsamgöngur í Hjaltastaðahreppi	70	
42. Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	70	
43. Vetrarsamgöngur á Jökuldal	115	
Stofnstyrkur	670	
44. Vetrarflutningar í Möðrudal	125	
Stofnstyrkur	104	
45. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	60	
46. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	725	
47. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	875	
Stofnstyrkur	575	
48. Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaða-flugvöllur	115	
49. Vetrarflutningar á Breiðdalsvík	170	
50. Vetrarflutningar Djúpivogur–Hornafjörður	400	
51. Svínafell í Nesjum	70	
52. Vöruflutningar á Suðurlandi	600	
53. Snjóbifreið í V-Skaftafellssýslu, stofnstyrkur	400	
54. Óráðstafað	1.600	
		16.049
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	16.500	
2. Baldur	18.800	
3. Mýrabátur	60	
4. Fagranes	14.000	
5. Dýrafjarðarbátur	200	
6. Hríseyjarferja, stofnstyrkur	3.500	
7. Mjóafjarðarbátur	2.500	
Stofnstyrkur	1.000	
8. Herjólfur	29.000	
9. Eyjafjörður, Grímsey	8.000	
		93.560
		109.609

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 630).

1. Akranes	13.100
2. Ólafsvík	8.000
3. Grundarfjörður	4.900
4. Stykkishólmur	30.000
5. Brjánslækur	14.100
6. Patreksfjörður	10.500
7. Tálknafjörður	900

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Þingeyri	3.000	
9. Suðureyri	1.200	
10. Bolungarvík	1.000	
11. Ísafjörður	26.500	
12. Bíldudalur	1.500	
13. Súðavík	10.100	
14. Norðurfjörður	3.300	
15. Hvammstangi	3.500	
16. Blönduós	6.000	
17. Skagaströnd	8.000	
18. Sauðárkrókur	4.500	
19. Hofsós	200	
20. Siglufjörður	20.800	
21. Ólafsfjörður	4.100	
22. Dalvík	10.800	
23. Árskógssandur	3.300	
24. Akureyri	14.400	
25. Grímsey	5.000	
26. Húsavík	30.600	
27. Kópasker	1.000	
28. Hallbjarnarstaðakrókur	600	
29. Raufarhöfn	11.200	
30. Þórshöfn	8.400	
31. Bakkafjörður	5.600	
32. Vopnafjörður	22.400	
33. Borgarfjörður eystri	4.900	
34. Seyðisfjörður	4.500	
35. Eskifjörður	7.800	
36. Reyðarfjörður	8.900	
37. Fáskrúðsfjörður	14.600	
38. Breiðdalsvík	1.300	
39. Djúpivogur	1.200	
40. Höfn, Hornafirði	4.800	
41. Vestmannaeyjar	17.500	
42. Grindavík	15.200	
43. Sandgerði	3.800	
44. Vogar	5.000	
45. Hafnarfjörður	18.200	
46. Garðabær	3.800	
		400.000
Óskipt fjárveiting til slysavarna		6.000
Lendingarbætur, Kópavogur		2.000
Lendingarbætur, óskipt		2.000
		410.000

11. Sjóvarnargarðar (10-333 640).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	1.300	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Búðardalur	700	
4. Neshreppur utan Ennis	800	
5. Flateyri	1.500	
6. Suðureyri	1.000	
7. Bolungarvík	1.500	
8. Ísafjörður	1.500	
9. Blönduós	3.800	
10. Skagaströnd	1.000	
11. Sauðárkrókur	1.500	
12. Húsavík	3.000	
13. Stokkseyri	4.800	
14. Eyrarbakki	2.000	
15. Grindavík	1.300	
16. Miðneshreppur	800	
17. Gerðahreppur	800	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	1.000	
19. Hafnahreppur	1.000	
20. Bessastaðahreppur	500	
21. Seltjarnarnes	500	
		31.300

12. Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunar (30-101 18).		
a. Sjálfvirkar símstöðvar		94.000
b. Línukerfi		100.000
c. 1. Jarðsímaleiðir	109.000	
2. Fjölsímar	100.000	
3. Örbylgjuleiðir	11.000	
		220.000
d. Radíósendistöðvar		55.000
e. Gervihnattafjarskipti		11.000
f. Tölvur og fjarskiptabúnaður		30.000
g. Sundurliðun reikninga		5.000
h. Bifreiðar og vélar		15.000
i. Fasteignir		47.000
		577.000

13. Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31-321 18).	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Virkjanir		2.000
b. Stofnlínur:		
1. Stuðlar–Fáskrúðsfjörður	30.020	
2. Flúðir–Hella	600	
3. Selfoss–Hella	13.200	
4. Undirbúningur o.fl.	2.000	
		45.820
c. Aðveitustöðvar:		
1. Raufarhöfn	2.500	
2. Rimakot	3.090	
3. Selfoss	4.960	
4. Þorlákshöfn	16.140	
5. Fjargæsla	7.000	
6. Undirbúningur o.fl.	1.000	
		34.690
d. Skrifstofu- og lagerhúsnæði:		
1. Ólafsvík	1.960	
2. Akureyri	2.570	
3. Vopnafjörður	2.360	
4. Egilsstaðir	2.600	
		9.490
e. Innanbæjarkerfi		65.000
f. Vélar og tæki:		
1. Bifreiðar	8.000	
2. Vinnuvélar	3.000	
3. Áhöld og mælitæki	3.000	
4. Tölva	5.000	
		19.000
		176.000

Nd. 431. Frumvarp til laga [230. mál]

um samræmda stjórn umhverfismála.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Þorsteinn Pálsson.

I. KAFLI
Skilgreiningar, tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Með umhverfismálum er í lögum þessum átt við ytra umhverfi, þ.e. mengunarmál, skipulagsmál og náttúruvernd, þar með talið landvernd, verndun náttúrulegs skóglendis og friðun villtra dýra.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um verndun auðlinda hafsins, veiðihlunnindi, vinnuvernd, geislavarnir, svo og aðra þætti sem kunna með sérlöggjöf að vera undanþegnir lögunum.

3. gr.

Tilgangur laga þessara er að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum, sbr. 1. gr., svo og annarra sem fjalla um þau umhverfismál er lúta þessum lögum. Lögunum er ætlað að efla varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að verndun náttúrugæða landsins.

II. KAFLI
Yfirstjórn.

4. gr.

Umhverfismál samkvæmt lögum þessum heyra undir eftirtalin þrjú ráðuneyti: félagsmálaráðuneyti, sem fer með skipulagsmál, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sem fer með málefni er snerta mengunarvarnir aðrar en varnir gegn mengun sjávar, og samgöngu- og umhverfisráðuneyti sem fer með málefni er snerta varnir gegn mengun sjávar, alhliða náttúruvernd og friðun villtra dýra. Samgöngu- og umhverfisráðuneyti fer einnig með stjórn þeirra umhverfismála sem önnur ráðuneyti fara ekki með. Ráðuneytið fer með erlend samskipti á sviði umhverfismála í samráði við stjórnarnefnd umhverfismála, sbr. 6. gr. Samgöngu- og umhverfisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti skulu hafa sérstakt samstarf um verndun og eflingu gróðurs utan hefðbundinna ræktunarsvæða landbúnaðarins í samráði við landeigendur.

5. gr.

Umhverfismálaskrifstofa innan samgöngu- og umhverfisráðuneytisins annast samræmda yfirstjórn umhverfismála. Sérstakur skrifstofustjóri skal skipaður til þess að veita skrifstofunni forstöðu. Hlutverk skrifstofunnar er að annast framkvæmd umhverfismála, sbr. 6.–8. gr., svo og framkvæmd þeirra umhverfismála sem samgöngu- og umhverfisráðuneytið fer með sérstaklega. Skrifstofan skal vera fjárhagslega óháð annarri starfsemi ráðuneytisins.

Samgöngu- og umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um verkefni skrifstofunnar að fengnum tillögum stjórnarnefndar, sbr. 6. gr.

6. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar tilnefna ráðherrar skv. 4. gr. einn fulltrúa hver í stjórnarnefnd umhverfismála. Auk þess tilnefna landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, iðnaðarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa og náttúruverndarþing einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fulltrúi samgöngu- og umhverfisráðherra skal vera formaður nefndarinnar. Skrifstofustjóri umhverfismálaskrifstofu situr fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður af störfum nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk stjórnarnefndar umhverfismála er eftirfarandi:

1. Gera tillögur til ráðherra um samræmingu og stefnumótun í umhverfismálum.
2. Taka ákvörðun um aðgerðir þegar mál heyra undir tvö ráðuneyti eða fleiri og vinna að auknu samstarfi stofnana sem fást við umhverfismál og starfsmanna þeirra.
3. Úrskurða í ágreiningsmálum um aðgerðir. Vísa má úrskurði nefndarinnar til samgöngu- og umhverfisráðherra.
4. Veita umsögn um öll lagafrumvörp og reglugerðardrög á sviði umhverfismála.
5. Veita umsögn um leyfi fyrir starfsemi sem ætla má að geti valdið mengun.
6. Fylgjast með framkvæmd einstakra þátta umhverfismála. Telji nefndin að brotið sé gegn settum reglum skal hún vísa málinu ásamt tillögum til úrbóta til hlutaðeigandi ráðherra. Rísi ágreiningur milli stjórnarnefndar og ráðherra sker samgöngu- og umhverfisráðherra úr.
7. Hafa frumkvæði að rannsóknar-, fræðslu- og útgáfustarfsemi.
8. Afgreiða einstök mál er ríkisstjórnin eða ráðherrar, sem fara með umhverfismál, fela henni. Stjórnarnefnd skal við afgreiðslu einstakra mála leita álits hlutaðeigandi stofnana og samtaka eftir því sem við á.

8. gr.

Samgöngu- og umhverfisráðherra skipar umhverfismálaráð og skal það vera til ráðgjafar og umsagnar fyrir ráðherra og stjórnarnefnd umhverfismála. Ráðið skal skipað sjö mönnum: Formaður skal skipaður að fengnum tillögum Háskóla Íslands og skal hann hafa alhliða þekkingu á umhverfismálum. Hinir skulu skipaðir þannig að tveir skulu hafa sérþekkingu á náttúruvernd, þar af annar á landvernd, tveir sérþekkingu á mengunarmálum, þar af annar á mengun sjávar, og tveir sérþekkingu á skipulagsmálum, þar af annar á umhverfisskipulagsmálum. Ráðið skal skipað til fjögurra ára. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Kostnaður af störfum ráðsins skal greiddur úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Stjórn í héraði.

9. gr.

Um stjórn umhverfismála sveitarfélaga fer samkvæmt skipulagslögum, lögum um náttúruvernd og lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

IV. KAFLI
Eftirlit og gjaldtaka.

10. gr.

Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna fara með eftirlit með mengandi starfsemi að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið falið Hollustuvernd ríkisins, sbr. lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Eftirlit með náttúruvernd og friðunarmálum er í höndum samgöngu- og umhverfisráðuneytis.

Til þess að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs utan ræktaðs lands getur samgöngu- og umhverfisráðuneyti, að fenginni tillögu stjórnarnefndar umhverfismála og að höfðu samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, takmarkað beit tímabundið og hvers konar umferð um hlutaðeigandi svæði.

Eftirlit með mengun sjávar frá skipum og olíu- og grútarmengun frá landstöðvum er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Eftirlit með skipulagsmálum er í höndum Skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. lög nr. 19/1964, um skipulagsmál.

Annað eftirlit, sem fellur undir lög þessi og ekki er nánar tiltekið, fellur undir samgöngu- og umhverfisráðuneyti.

Heimilt er að fela heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna að annast aðra þætti eftirlitsins en teknir eru fram í 1. mgr. samkvæmt sérstökum reglum sem samgöngu- og umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarnefndar og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

11. gr.

Samgöngu- og umhverfisráðuneyti er heimilt að setja gjaldskrá fyrir einnota umbúðir, vélar og tæki og hvers konar pappír, fast gjald eða árlegt gjald, í þeim tilgangi að stuðla að förgun þeirra með viðurkenndum hætti og endurvinnslu í eins ríkum mæli og við verður komið. Stjórnarnefnd umhverfismála gerir tillögur um gjaldskrá og skal taka mið af kostnaði við hreinsun, förgun og eftirlit. Í gjaldskrá er m.a. heimilt að setja ákvæði um skilagjald af einnota umbúðum fyrir matvörur, drykkjarvörur, aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, eiturefni og hættuleg efni.

V. KAFLI
Umhverfisverndarsjóður.

12. gr.

Gjöld skv. 11. gr. renna í umhverfisverndarsjóð, en stjórnarnefnd umhverfismála fer með stjórn sjóðsins. Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja þau sveitarfélög og aðila sem þurfa á sérstöku átaki að halda í sambandi við lausn umhverfismála, að stuðla að ákveðnum aðgerðum til lausnar einstakra umhverfismála í samræmi við áætlanir stjórnarnefndar umhverfismála og að standa fyrir rannsóknum á skaðlegum þáttum umhverfisins. Veita skal allt að einum tíunda hluta sjóðsins til fræðslu og upplýsingastarfa á sviði umhverfismála.

VI. KAFLI
Förgun úrgangs.

13. gr.

Meðferð úrgangs skal ávallt vera með þeim hætti að umhverfisáhrif séu sem minnst. Þegar förgun verður ekki við komið skal heimilt að koma úrgangi fyrir með urðun eða í sérstökum geymslum. Finnist síðar ráð til förgunar er hægt að krefjast þess að úrganginum verði fargað með þeim hætti. Með förgun er átt við eyðingu hluta og efna með þeim hætti að þau valdi ekki umhverfisspjöllum. Meðferð úrgangs samkvæmt þessari grein er á kostnað hlutaðeigandi aðila.

14. gr.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um förgun úrgangs að fengnum tillögum stjórnarnefndar, sbr. 7. gr., og skal hún leita umsagnar hlutaðeigandi aðila.

VII. KAFLI
Viðurlög.

15. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsað með sektum eða varðhaldi séu sakir miklar. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990. Jafnframt falla úr gildi ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, laga nr. 17/1965, um landgræðslu, og laga nr. 3/1955, um skógrækt.

IX. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

1. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Við endurskoðunina skal sérstaklega huga að frekari samræmingu einstakra þátta umhverfismála og stofnana er sinna verkefnum á þessu sviði, í þeim tilgangi að sameina í einu ráðuneyti skipulagsmál, náttúruverndarmál og mengunarvarnir.
2. Stöðuheimildir Náttúruverndarráðs skulu, frá gildistíma laganna, flytjast yfir í umhverfismálaskrifstofu samgöngu- og umhverfismálaráðuneytis.
3. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. um tilnefningu náttúruverndarþings á fulltrúa í stjórnarnefnd skal Náttúruverndarráð tilnefna fulltrúann í fyrsta skipti.
4. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 16. gr. skal landvernd og verndun náttúrulegs skóglendis starfrækt óbreytt innan Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins til ársloka 1990. Frá 1. jan. 1991 skulu liggja fyrir endurskoðuð lög um starfsemi þessara stofnana er taki mið af breyttum rekstri í samræmi við 4. gr. Stjórnarnefnd skal, skv. 6. gr., hafa frumkvæði að endurskoðun laganna í samráði við landbúnaðarráðuneyti.
5. Stjórnarnefnd skv. 6. gr. skal taka til starfa þegar við birtingu laganna og undirbúa gildistöku þeirra.
6. Fyrir 1. júní 1990 skal ríkisstjórnin, í samvinnu við sveitarfélög, gera tíu ára áætlun um frágang skolp- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Í áætluninni skal enn fremur koma fram hvernig kostnaði skuli skipt milli ríkis og sveitarfélaga og hvernig sveitarfélögum verði gert kleift að standa undir kostnaði vegna þessa.
7. Notkun á bensíni með blýi skal vera óheimil eftir árið 1995 til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun af útblæstri frá bifreiðum og vélum. Bifreiðar, vélar og tæki, sem flutt verða til landsins eftir 1991, skulu geta nýtt blýlaust eldsneyti.
8. Dregið skal úr notkun efna og efnasambanda sem valdið geta eyðingu ósonlagsins. Skal notkunin minnka um a.m.k. 25% fyrir árið 1991, miðað við notkunina 1986, og um a.m.k. 50% fyrir árið 1994.

Greinargerð.

Þetta frumvarp byggist að langmestu leyti á frumvarpi sem unnið var fyrir ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Eftirfarandi efnislegar breytingar hafa verið gerðar á upprunalega frumvarpinu, auk orðalagsbreytinga:

1. Í 4. gr. er gert ráð fyrir sérstöku samstarfi samgöngu- og landbúnaðarráðuneytis um verndun og eflingu gróðurs.

2. Í 6. gr. er fulltrúum í stjórnarnefnd fjölgað um þrjá þannig að landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarráðherra tilnefni einn fulltrúa hver. Auk þess er gert ráð fyrir að skipunartími miðist við alþingiskosningar.
3. Í 10. gr. er gert ráð fyrir að samgöngu- og umhverfisráðuneyti geti, að fenginni tillögu stjórnarnefndar og að höfðu samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, takmarkað tímabundið beit og hvers kyns umferð um hlutaðeigandi svæði.
4. Í 16. gr. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. jan. 1990. Tímamörkum í öðrum greinum er breytt til samræmis við gildistöku laganna.
5. Í ákvæðum til bráðabirgða er 8. tölul. breytt til samræmis við norræna framkvæmdaáætlun um minni notkun ósoneyðandi efna.

Athugasemdir með upphaflega lagafrumvarpinu fylgja hér á eftir nokkuð styttar.

I. Athugasemdir með lagafrumvarpinu.

a. Inngangur.

Með bréfi, dagsettu 3. sept. 1987, skipaði forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd sem falið var að gera drög að frumvarpi til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Er þetta í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sbr. 12. kafla í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí sama ár.

Í nefndina voru skipuð: Sigurður M. Magnússon forstöðumaður, formaður, Alda Möller matvælafræðingur og Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra. Ritari nefndarinnar og starfsmaður var skipaður Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur. Var nefndinni sérstaklega falið að hafa samráð við þau ráðuneyti og samtök sem fara með verkefni á sviði umhverfismála. Að höfðu samráði við forsætisráðherra var ákveðið að auka verksvið nefndarinnar þannig að henni yrði einnig falið að gera tillögur um sérstakt átak í umhverfismálum.

Í 12. kafla í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 er fjallað um umhverfismál. Þar segir að ríkisstjórnin muni samræma aðgerðir stjórnvalda að umhverfisvernd og mengunarvörnum, m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti.
2. Gerð verði áætlun um nýtingu landsins sem miði að því að endurheimta, varðveita og nýta landgæðin á hagkvæman hátt.
3. Ríkisjarðir verði nýttar til útivistar, skógræktar og orlofsdvalar fyrir almenning þar sem því verði við komið.
4. Skógrækt, landgræðsla og gróðurvernd verði aukin í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og frjálsra samtaka.
5. Umhverfisáhrif atvinnufyrirtækja, svo sem í fiskeldi, verði könnuð og reglur settar til að koma í veg fyrir mengun frá þeim.
6. Við skipulag ferðamála verði þess gætt að hlífa viðkvæmum landsvæðum svo að komið verði í veg fyrir umhverfisspjöll.
7. Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin.
8. Eftirlit með losun hættulegra efna verði bætt.
9. Athugað verði hvernig auka megi endurvinnslu á úrgangi.
10. Strangara eftirlit verði haft með efnanotkun við matvælaframleiðslu og í innfluttri neysluvöru.

Á fyrsta fundi nefndarinnar urðu umræður um hlutverk hennar, sérstaklega um hversu víðtækt það væri. Nefndarmenn voru sammála um að höfuðviðfangsefnið væri að gera sér grein fyrir því hvaða skref væru heillavænlegust til þess að koma á samstjórn og samræmdri yfirstjórn helstu þátta umhverfismála, þ.e. mengunarmála, náttúruverndar og skipulagsmála, í einu ráðuneyti.

Nefndin hefur í störfum sínum leitast við að fá fram álit ráðuneyta og stofnana er fara með einstaka þætti umhverfismála. Í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar voru samhljóða bréf send til félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Í bréfunum var óskað eftir upplýsingum þessara ráðuneyta um þá málaflokka á sviði umhverfismála er lúta yfirstjórn þeirra, m.a. um lög og reglugerðir, stofnanir og framkvæmd umhverfisverndar. Jafnframt var óskað eftir því að hvert ráðuneyti tilnefndi samstarfsaðila við nefndina.

Með hliðsjón af þeim svörum sem nefndinni bárust við þessu bréfi og í framhaldi af umræðum innan nefndarinnar var ákveðið að halda fund með fulltrúum þeirra ráðuneyta og stofnana sem fara með ákveðna þætti umhverfismála. Fyrirkomulag fundarins var með þeim hætti að fulltrúar hvers ráðuneytis og stofnana fyrir sig voru boðaðir saman. Gerðu þeir grein fyrir þeim þáttum umhverfismála sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti, svo og framkvæmd þeirra hjá þeim stofnunum sem hlut eiga að máli.

Jón Höskuldsson deildarstjóri mætti fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins og fyrir hönd Skógræktar ríkisins þeir Sigurður Blöndal skógræktarstjóri og Snorri Sigurðsson, starfsmaður Skógræktar ríkisins. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri mætti fyrir hönd Landgræðslu ríkisins. Fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mætti Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur. Ingimar mætti einnig fyrir hönd Hollustuverndar ríkisins, en hann er formaður stjórnar stofnunarinnar. Einnig mættu fyrir hönd Hollustuverndar ríkisins þeir Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnadeildar, og Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður heilbrigðiseftirlitsdeildar. Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri mætti fyrir hönd samgönguráðuneytisins og Gunnar H. Ágústsson, deildarstjóri alþjóða- og mengunardeildar Siglingamálastofnunar, mætti fyrir Siglingamálastofnun. Fyrir hönd menntamálaráðuneytis mætti Þórunn Hafstein deildarstjóri og fyrir hönd Náttúruverndarráðs mætti Eyþór Einarsson, formaður ráðsins. Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri mætti fyrir hönd félagsmálaráðuneytis og Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, mætti fyrir hönd Skipulagsstjórnar ríkisins.

Að mati nefndarinnar var niðurstaða fundarins sú að mismunandi aðstaða er í ráðuneytum og stofnunum til að sinna þessum málum. Valdsvið einstakra ráðuneyta og stofnana til þess að koma í veg fyrir umhverfisspjöll eru mismunandi. Þannig virðist t.d. vanta nokkuð á að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að fyrirbyggja landeyðingu.

Auk þess boðaði nefndin á sinn fund Sigurgeir Sigurðsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Einarsson, formann Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, svo og Ingva Þorsteinsson magister.

Sigurgeir Sigurðsson ræddi afskipti sveitarfélaganna af umhverfismálum, einkum þó starfsemi heilbrigðiseftirlitsins sem sveitarfélögin standa fyrir lögum samkvæmt. Kvað hann afskiptin mikil og í nánum tengslum við sjálft heilbrigðiseftirlitið. Enn fremur kvað hann þetta tengjast skipulagsmálum sem sveitarfélögin bera ábyrgð á. Fram kom í máli Sigurgeirs að sveitarfélögin hefðu kappkostað að koma upp heilbrigðiseftirliti í samræmi við gildandi lög og væri málum nú svo komið að öll sveitarfélög landsins væru með slíkt eftirlit og þjónustu eða að það hillti undir hana þegar á næsta ári. Taldi hann eðlilegt að byggja mengunarvarnir upp í sambandi við aukið heilbrigðiseftirlit og kunnáttumenn á því sviði, þ.e. að styrkja bæri enn frekar eftirlit sveitarfélaganna.

Guðmundur Einarsson rakti framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins í héraði og gerði grein fyrir þeirri eflingu sem orðið hefur á þeim vettvangi á undanförnum árum. Guðmundur fjallaði sérstaklega um samstarf við önnur yfirvöld og taldi að það mætti vera betra, t.d. við skipulagsyfirvöld. Guðmundur kvað heilbrigðisfulltrúa vel í stakk búna til þess að takast á við aukið umhverfiseftirlit, en þeir þyrftu sem fyrr sérfræðilega ráðgjöf og aðstoð Hollustuverndar ríkisins. Hann benti á að margir heilbrigðisfulltrúar hefðu þegar sótt námskeið í

umhverfiseftirliti, í allt að fjóra mánuði hver, í Norræna heilsuverndarháskólanum í Gautaborg. Menntun heilbrigðisfulltrúa væri mismunandi en á síðari árum hefðu þó næstum eingöngu komið til háskólamenntaðir starfsmenn, m.a. dýralæknar, náttúrufræðingar og líffræðingar. Hann benti á að í Reykjavík hefði verið komið fyrir sérstakri umhverfiseftirlitsdeild innan heilbrigðiseftirlitsins undir faglegri stjórn líffræðings.

Ingvi Þorsteinsson magister fjallaði um landgræðslu og náttúruverndarmál. Hann kvað stefnuna í þeim málum vera með öfugum formerkjum, þ.e. að þeir sem nú vilja græða upp verða sjálfir að girða sig af en ekki þeir sem beittu sauðfé og búpeningi. Ingvi kvað það skoðun sína að verja ætti miklu fé til girðingarframkvæmda til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár. Ingvi kvað fyllstu ástæðu til þess að tengja landgræðslu og skógrækt saman við önnur náttúruverndarmál sé ætlunin að samræma náttúruvernd, sem hlýtur að vera æskilegt ef ekki bráðnauðsynlegt.

Ingvi kvað það skoðun sína að Íslendingar hefðu aldrei efni á því að græða landið upp með áburði heldur fyrst og fremst með friðun þó að slík uppgræðsla gæti tekið marga áratugi. Sem dæmi um slíka friðun nefndi hann stefnu Nýsjálendinga, en þar hefur verið dregið mjög úr áburðarnotkun við uppgræðslu. Ingvi undirstrikaði að gróðureyðing væri alvarlegasta umhverfisvandamál á Íslandi og að aðalatriðið væri að stemma stigu við frekari gróðureyðingu, svo og að græða upp landið með friðun.

Ingvi nefndi ferðamannaiðnaðinn, en ágangur á viðkvæmum svæðum væri mikill. Hér væri um að ræða stórt vandamál sem bregðast þyrfti við á sama hátt og átroðningi búfjár. Lítið hefði verið gert til þess að taka við ferðamönnum annað en að byggja hótel.

Varðandi störf Náttúruverndarráðs taldi Ingvi að það hefði yfir að ráða allt of litlu fjármagni og þess vegna einnig fámennu starfsliði. Of mikil verkefni væru ætluð ráðinu sem skipað væri kjörnum áhugamönnum.

b. Tilraunir til lagasetningar hérlendis.

Fyrir hartnær áratug var hafist handa um könnun á nýskipun og yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, níu manna nefnd undir formennsku Gunnars G. Schram til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál sem þáverandi félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi vorið 1978.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í apríl 1978 var ákveðið að félagsmálaráðuneyti skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Félagsmálaráðuneytinu var tilkynnt þessi ákvörðun og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram frumvarp það sem samið hafði verið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Hliðstætt frumvarp var flutt sem þingmannafrumvarp á þinginu veturinn 1980–1981 en hlaut ekki afgreiðslu.

Í ráðherratíð Svavars Gestssonar 1980–1983 voru samin tvö frumvörp um yfirstjórn umhverfismála. Hið fyrra var samið af nefnd undir formennsku Árna Reynissonar og hið síðara af þeim Ingimar Sigurðssyni, lögfræðingi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Stefáni Thors skipulagsstjóra. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fyrir Alþingi.

Í upphafi starfstíma síns ákvað ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að ganga frá frumvarpi til laga um umhverfismál með það fyrir augum að málið fengi fullnaðarafgreiðslu á Alþingi. Þann 26. sept. 1983 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, fimm manna nefnd til þessa verks undir formennsku Hermanns Sveinbjörnssonar. Hlutverk nefndarinnar var að semja frumvarp samkvæmt framansögðu og vinna m.a. úr eldri frumvörpum og drögum um þetta efni. Ekki náðist samstaða í nefndinni. Í lok árs 1983 lagði Gunnar G. Schram, ásamt fimm öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, fram frumvarp til laga um umhverfismál. Þar með þótti ekki grundvöllur fyrir frekara starfi nefndarinnar og var hún skömmu síðar leyst frá störfum.

Í ársbyrjun 1985 ákvað ríkisstjórnin að tillögur þáverandi félagsmálaráðherra, Alexanders Stefánssonar, um stjórn umhverfismála skyldu hljóta frekari umfjöllun í viðkomandi ráðuneytum. Í þeirri umfjöllun kom fram greinileg andstaða við tillögurnar hvað varðaði breytingar á skipan umhverfismála í íslenskri stjórnsýslu. Tilraunir voru gerðar til þess að ná samstöðu um málið, en þeim ekki fylgt eftir. Eftir þetta komu umhverfismál nokkrum sinnum til umræðu í ríkisstjórninni, en ekki voru lögð fram frumvörp um umhverfismál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Er leið að kosningum 1987 lögðu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur fram tillögur til þingsályktana um skipan umhverfismála.

Af framansögðu má ljóst vera að hugmyndir um heildarstjórn umhverfismála virðast hafa átt og eiga enn töluverðu fylgi að fagna. Um það vitnar sá mikli fjöldi frumvarpa sem saminn hefur verið á undanförnum árum um það efni. Þessi frumvörp hafa ekki náð fram að ganga, annaðhvort vegna þess að þau hafa ekki verið lögð fram á Alþingi eða að þau hefur dagað uppi í meðförum þingsins.

Líklegt er að ekki hafi verið fyrir hendi raunverulegur vilji á Alþingi fyrir því að stofna sérstakt umhverfismálaráðuneyti og jafnframt að þau frumvörp sem gerðu ráð fyrir samstjórn, þ.e. samræmdri yfirstjórn, hafi ekki þótt ganga nægilega langt. Mikillar tregðu hefur gætt hjá viðkomandi ráðuneytum og stofnunum varðandi sérstakt umhverfismálaráðuneyti, þ.e. að þessi víðfeðmi málaflokkur, sem snertir fjölmörg ráðuneyti, yrði fluttur undir eina stjórn í einu ráðuneyti. Enn fremur var gagnrýnt að í frumvörpunum var fyrst og fremst tekið á yfirstjórninni en ekki nægilega á framkvæmdaatriðum og þá sérstaklega umhverfiseftirliti sem þó er lykilatriði.

Í ljósi þessa hefur nefndin í störfum sínum leitast við að finna raunhæfa lausn. Ákveðnir málaflokkar eru fluttir milli ráðuneyta og kveðið svo á um samstjórn málaflokksins að raunveruleg breyting verður þar á án þess að gengið sé það langt að allir þættir umhverfismála séu fluttir til eins ráðuneytis, úr þeim ráðuneytum þar sem þeir hafa verið til þessa. Þar með er komið í veg fyrir að stofnunum sé skipt upp. Eftirlitskerfi það, sem byggt hefur verið upp á löngum tíma, er ekki brotið niður heldur er reynt að styrkja það og kveða á um eftirlit þar sem því er ábótavant.

Það er álit nefndarinnar að með hliðsjón af því hve umhverfismál eru víðtækur málaflokkur sé á þessu stigi ekki hægt að ganga lengra í átt til samræmingar og tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta miðað við núverandi skipan mála í Stjórnarráði Íslands. Nefndin lítur svo á að með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, sé stigið fyrsta skrefið í þá átt að flytja málaflokkinn í heild sinni í eitt ráðuneyti. Slík tilfærsla tengist óhjákvæmilega endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og nýrri verkaskiptingu ráðuneyta.

c. Hugtakið umhverfisvernd, markmið umhverfismálalaga.

Skýring hugtaksins umhverfisvernd liggur til grundvallar öllum réttarreglum á sviði umhverfismála og er því nauðsynlegt að skýra það í stuttu máli.

Markmið umhverfisverndar er að tryggja íbúum jarðar þau gæði láðs og lagar sem gefa þeim möguleika á sem bestum lífsskilyrðum. Er þá átt við ástand mála eins og þau er á hverjum tíma og ekki síður þegar til framtíðar er litið. Er hér um að ræða alla þætti lífríkisins.

Umhverfismálalöggjöf er forsenda allrar stjórnar á þessu sviði. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að skipa fyrir um hvernig taka beri tillit til eiginleika umhverfisins með hliðsjón af lífríkinu. Þótt umhverfisvandamál séu fyrst og fremst leyst á tæknilegan hátt er umhverfismálaréttur löngu viðurkenndur innan fræðikerfis lögfræðinnar. Rétt er t.d. að benda á að umhverfismálaréttur viðurkennir því aðeins mengun og aðra röskun að fjárhagslegir hagsmunir liggi að baki, þ.e. að efnahagslegur ábati vegi þyngra en sú röskun sem starfseminni fylgir.

Rétturinn til heilbrigði í tengslum við óspillt umhverfi er viðurkenndur sem grundvallarréttur og telst því til sjálfsagðra mannréttinda og er meginmarkmið umhverfismálalöggjafar.

Fræðilega er hugtakið umhverfi skýrt mjög rúmt og tekur þannig yfir öll líffræðileg, efnafræðileg og félagsleg atriði sem geta haft áhrif á heilsu manna, bæði beint og óbeint. Skiptir þar ekki máli hvort áreiti beinist gegn einstaklingum eða hópum.

Til að ná fram þeim þáttum sem áður eru nefndir hefur reynst nauðsynlegt að setja reglur á sviði umhverfismála. Er það ekki síst vegna þess að iðnaðurinn sjálfur hefur reynst ófær um eftirlitið vegna eigin hagsmuna, en slík er ótvíræð reynsla allra þjóða og má þá sérstaklega skírskota til reynslu landa Evrópubandalagsins. Þessar reglur verða að taka tillit til langtímanota af gæðum umhverfisins, þ.e. að gæðin þrjóti aldrei, og kveða á um verndun lofts, láðs og lagar. Því er nauðsynlegt að ná fram réttarreglum um hráefnisöflun, vinnslu hráefnis, um varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, og ekki síst reglum sem stuðla að því að bæta ríkjandi ástand. Rannsóknir á gæðum og þoli umhverfisins og náttúrunnar eru nauðsynleg forsenda þessa alls. Þessir þættir hafa leitt til alþjóðlegrar samvinnu, alþjóðlegra áætlanagerða og alþjóðaverndarstarfs.

d. Núverandi skipan umhverfismála á Íslandi.

1. Yfirstjórn.

Umhverfismál heyra nú undir átta ráðuneyti. Veigamestu málaflokkarnir eru í höndum fimm ráðuneyta en þau eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Samkvæmt auglýsingu nr. 96/1969 um staðfesting forseta á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og síðar tilkomnum lögum heyra umhverfismálaþættir í stórum dráttum undir ráðuneyti sem hér segir:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 109/1984 og reglugerðir nr. 45/1972 og nr. 390/1985. Heilsugæsla, heilbrigðismál og heilsuvernd, sbr. lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 85/1968, með síðari breytingum. Geislavarnir, sbr. lög nr. 117/1985.

Menntamálaráðuneyti.

Náttúruvernd, sbr. lög 41/1971, friðunarmál, sbr. lög um dýravernd, nr. 21/1957, og fuglafriðun, nr. 33/1966.

Landbúnaðarráðuneyti.

Gróðurvernd, sbr. lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og lög um Skógrækt ríkisins, nr. 5/1955.

Samgönguráðuneyti.

Mengunarvarnir á sjó, sbr. lög nr. 32/1986, málefni Siglingamálastofnunar ríkisins.

Félagsmálaráðuneyti.

Skipulagsmál, sbr. skipulagslög, nr. 16/1964, og embætti skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar ríkisins. Vinnuverndarmál, sbr. lög nr. 41/1980, um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins.

Auk þess fara eftirtalin ráðuneyti með viðamikla málaflokka sem tengjast umhverfismálum beint eða óbeint:

Sjávarútvegsráðuneyti.

Friðun fiskimiða, sbr. lög nr. 44/1948.

Iðnaðarráðuneyti.

Ýmis sérlög um verksmiðjur, sbr. lög nr. 76/1966, varðandi Álbræðslu í Straumsvík (flúornefnd), lög nr. 80/1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og lög nr. 18/1977, um Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Utanríkisráðuneyti.

Öll umhverfismál á umráðasvæði varnarliðsins.

2. Stofnanir er sinna umhverfismálum.

Nokkrar stofnanir, bæði rannsókna- og eftirlitsstofnanir, starfa að umhverfisvernd á vegum hins opinbera. Þessum stofnunum er falið að sjá um ákveðna þætti umhverfismála auk annarra verkefna. Hér má nefna Hollustuvernd ríkisins, sem starfar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Náttúruverndarráð, sem starfar á vegum menntamálaráðuneytis, Siglingamálastofnun ríkisins, sem starfar á vegum samgönguráðuneytis, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, sem starfa á vegum landbúnaðarráðuneytis, og skipulagsstjóra ríkisins sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytis. Enn fremur sinna Hafrannsóknastofnun, sem starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytis, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem starfar á vegum landbúnaðarráðuneytis, svo og Geislavarnir ríkisins og eiturefnanefnd, sem starfa á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis ýmsum verkefnum er tengjast umhverfisvernd.

Hollustuvernd ríkisins starfar samkvæmt þessum lögum, nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Starfsemi stofnunarinnar skiptist í þrjár deildir. Þar af fer mengunarvarnadeild eingöngu með umhverfismál og heilbrigðiseftirlitsdeild með ákveðna þætti sem snerta umhverfismál þótt verkefni hennar séu víðtækari og ekki eingöngu bundin umhverfismálum.

Fram að gildistöku þeirra laga 1. ágúst 1982 má segja að mengunarvarnaþáttur umhverfisverndar hafi fyrir venju sakir verið settur undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að vísu með skírskotun til laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni. Eitt helsta nýmæli laga nr. 109/1984 snerti starfsemi og framkvæmdir sem geta haft í för með sér mengun lofts, láðs og lagar, að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum aðilum með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum. Samkvæmt lögum nr. 109/1984 er gert ráð fyrir því að sett verði sérstök mengunarvarnareglugerð í samráði við þau ráðuneyti sem fara með mál er snerta umhverfisvernd. Ákveðinn þáttur hefur þegar verið staðfestur. Kveður hann á um starfsleyfisskyldu fyrirtækja, sem valdið geta mengun, sbr. reglugerð nr. 390/1985 og gjaldskrá nr. 355/1986. Stjórnskipuð nefnd hefur nýlega skilað tillögum að mengunarvarnareglugerð. Í henni áttu sæti fulltrúar frá Hollustuvernd ríkisins, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íslenskra iðnrekenda. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gefa mengunarvarnareglugerð út sem tvær reglugerðir. Önnur reglugerðin nái yfir dreifða og smáa mengunarvalda þar sem fram komi viðmiðunarmörk fyrir leyfilega mengun í umhverfinu, en hin reglugerðin fjalli um stóra mengunarvalda, sem þurfa á starfsleyfi að halda. Reglugerðin er til umfjöllunar hjá stjórn Hollustuverndar ríkisins og er gert ráð fyrir því að tillögur hennar liggi fyrir bráðlega.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar mun reglugerðin ná til mengunar ytra umhverfis af völdum úrgangs, loftmengunar, vatnsmengunar og hávaða. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með mengun undir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins. Ef um sérhæft eftirlit er að ræða getur Hollustuvernd ríkisins unnið að því beint.

Samkvæmt lögum nr. 109/1984, annast sveitarfélögin heilbrigðiseftirlit í héruðum, þar með talið mengunareftirlit, og standa straum af kostnaði við það. Ábyrgð beins eftirlits (frumeftirlits) er því í höndum sveitarfélaga, þ.e. heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa sem starfa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Hlutverk þessara aðila er að sjá um að ákvæðum þeirra laga og reglna, sem á þessu sviði gilda, sé framfylgt. Hollustuvernd ríkisins hefur eingöngu beint eftirlit (frumeftirlit) séu verkefni sérhæfð og þá ýmist samkvæmt sérlögum eða ákvörðun ráðherra. Hér er fyrst og fremst um að ræða eftirlit sem krefst sérkunnáttu. Er ekki hægt að ætlast til að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna ráði yfir slíkri sérkunnáttu.

Náttúruverndarráð starfar samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd. Tilgangur þeirra laga er að stuðla að bættum samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist að

óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir lögmálum hennar og verndun þess sem þar er sérstaklega sögulegt. Lögunum er ætlað að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni manna af henni. Í 29. gr. náttúruverndarlaga eru mjög skýr og skorinorð ákvæði um mengun og er þar átt við mengun í víðasta skilningi. Þar segir að sé hætta á mengun lofts, láðs eða lagar við fyrirhugaða mannvirkjagerð eða jarðrask beri að leita álits Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast. Sé slíkt vanrækt geti Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til varnar gegn því að verkið verði hafið eða því haldið áfram.

Vatnalög, nr. 15/1923, eru einhver fyrstu lög sem hafa að geyma mengunarákvæði. Í IX. kafla þeirra laga eru ákvæði um óhreinkun vatns, m.a. frá iðjuverum. Þótt lögin séu rúmlega 60 ára gömul og sjónarmið hafi þá verið önnur gagnvart umhverfinu en þau eru nú hefur framkvæmdarvaldið töluverð völd samkvæmt lögunum til þess að kveða á um vernd gegn skaðlegri óhreinkun vatns frá iðjuverum, sem og frá annarri starfrækslu, að vísu eingöngu ef hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér ekki saman um hvað gera skuli.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með mengun sjávar samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Tilgangur laganna er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali með lögunum, ef þau stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi auðlindir hafsins, raska lífríki þess og spilla umhverfinu eða trufla lögmæta nýtingu hafsins.

Skógrækt ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 3/1955, um skógrækt. Samkvæmt lögunum er markmið Skógræktar ríkisins í fyrsta lagi að vernda, friða og rækta skóga, í öðru lagi að græða upp nýja skóga og í þriðja lagi að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs. Í reynd hefur starfsemin þó fyrst og fremst snúist um verklegar framkvæmdir, þ.e. gróðursetningu, girðingarvinnu o.fl., en verndun og eftirlit með birkiskóglendum hefur mætt afgangi. Þennan þátt þarf að stórefla því að friðun birkiskóga og kjarrlendis er ódýrasta skógræktin og öflugasta vörnin gegn landeyðingu. Með núverandi lögum hefur Skógræktin verið vanmegnug að framfylgja verndunarstefnu, bæði vegna kostnaðar við girðingar og vegna einhliða réttarstöðu landeigenda eða ábúenda.

Landgræðsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 17/1965, með síðari breytingum. Markmið stofnunarinnar, samkvæmt lögunum frá 1965, er í fyrsta lagi að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og í öðru lagi að græða upp eydd og vangróin lönd. Starfsemi stofnunarinnar greinist í eftirfarandi þætti:

1. Sandgræðslu sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.

Annar kafli fjallar um landgræðslu en þar segir m.a. að stofnunin skuli kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu og græðslu eyddra landa. Þar segir einnig að stofnunin hafi eftirlit með þeim löndum sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

Þriðji kafli laganna fjallar um gróðurvernd og þar segir m.a. að land skuli nytja svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta, svo og að sá sem valdi landspjöllum sé skyldur að bæta þau. Landgræðslu ríkisins er falið að hafa gát á meðferð gróðurs og vinna gegn því að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð. Líkt og með Skógræktina eru verklegar framkvæmdir, svo sem áburðardeifing, meginþunginn í starfsemi stofnunarinnar.

Geislavarnir ríkisins starfa samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir. Hlutverk stofnunarinnar er að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum. Starfsemi stofnunarinnar er fyrst og fremst fólgin í

eftirliti með röntgentækjum á sjúkrastofnunum og notkun þeirra vegna öryggis sjúklinga og starfsmanna. Einnig annast stofnunin eftirlit með geislun er starfsmenn verða fyrir við störf sín. Einn þáttur í starfsemi stofnunarinnar er á sviði umhverfismála, en það er eftirlit með geislavirkum efnum í umhverfinu.

Eiturefnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 52/1988, sbr. lög nr. 103/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Í eldri lögum nr. 85/1968 (13. gr.) var lengi að finna eitt veigamesta ákvæði um mengun í íslenskri löggjöf. Í þeirri grein var fjallað um eiturefni og hættuleg efni sem úrgangsefni í iðnrekstri, atvinnurekstri eða á annan hátt og að þá skuli þess gætt að hættuleg efni valdi ekki tjóni á mönnum eða dýrum.

Þau lög og stofnanir, sem fjallað er um hér að framan, skipta einna mestu máli varðandi framkvæmd umhverfisverndar hér á landi, þ.e. gagnvart hinu ytra umhverfi. Um innra umhverfi, þ.e. starfsumhverfi, fjalla lög nr. 47/1980, um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins fer með eftirlit samkvæmt þeim lögum. Auk þessara grundvallarlaga má nefna ýmis sérlög, t.d. um iðnrekstur, svo sem um Sementsverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn, Álbræðsluna í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki. Á síðari árum hafa verið sett sérstök ákvæði í lög um einstakar verksmiðjur sem fyrirskipa strangar mengunarvarnir að mati heilbrigðisyfirvalda.

e. Helstu nýmæli lagafrumvarpsins.

1. Í 1. gr. er hugtakið umhverfismál skilgreint og er þar átt við ytra umhverfi. Umhverfismál eru samkvæmt lögunum mengunarmál, náttúruvernd, þar með talin friðun lands og dýra, landvernd og verndun náttúrulegra skóga, svo og skipulagsmál.
2. Í 3. gr. kemur fram skýr tilgangur laganna sem er að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum. Lögunum er ætlað að efla varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að vernd náttúrugæða landsins.
3. Lagt er til að umhverfismál, þ.e. mengunarmál, náttúruvernd og skipulagsmál, falli hér eftir undir þrjú ráðuneyti, þ.e. félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti. Enn fremur er það nýmæli að lagt er til að eitt ákveðið ráðuneyti fari með ábyrgð á samræmingu umhverfismála er undir lögin falla og kemur það í hlut samgönguráðuneytis sem framvegis heiti samgöngu- og umhverfisráðuneyti.
4. Lagt er til að umhverfismálaskrifstofa verði starfrækt innan samgöngu- og umhverfisráðuneytis sem hafi það hlutverk að samræma yfirstjórn umhverfismála og að skipaður verði sérstakur skrifstofustjóri til að veita henni forstöðu.
5. Í 6. gr. er lagt til að stofnuð verði sérstök stjórnarnefnd umhverfismála þar sem í eiga sæti fulltrúar ráðherranna þriggja, auk tilnefndra fulltrúa landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, iðnaðarráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og náttúruverndarþings.
6. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fjalli m.a. um ágreiningsmál og úrskurði í slíkum málum. Enn fremur er lagt til að vísa megi þeim úrskurði til samgöngu- og umhverfisráðherra sem fari með endanlegt úrskurðarvald í stjórnkerfinu.
7. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fylgist með framkvæmd einstakra þátta umhverfismála og fjalli m.a. um öll lagafrumvörp og reglugerðardrög á sviði umhverfismála og veiti umsögn um starfsleyfi fyrir stórframkvæmdir og starfsemi sem getur valdið verulegri mengun.
8. Í stað Náttúruverndarráðs er lagt til að skipað verði umhverfismálaráð, er hafi það hlutverk að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili, bæði fyrir ríkisstjórn og stjórnarnefnd umhverfismála. Yrði umhverfismálaráð skipað sjö mönnum og er gerð krafa um sérþekkingu þeirra allra.

9. Í 10. gr. frumvarpsins er tekið á eftirlitsþáttum þeirra umhverfismála er undir frumvarpið falla. Er skýrt tekið fram hvað skuli vera í höndum heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna, samgöngu- og umhverfisráðuneytis, Siglingamálastofnunar og Skipulagsstjórnar ríkisins. Enn fremur er það nýmæli lagt til að annað eftirlit, sem fellur undir lögin og ekki er tiltekið, falli undir samræmingarráðuneytið, þ.e. samgöngu- og umhverfisráðuneyti.
10. Í 10. greininni er veitt heimild til þess að fela heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna að annast aðra þætti eftirlitsins, en þeim er beinlínis falið samkvæmt sérlögum verði aðilar ásáttir um nauðsyn slíks eftirlits. Samgöngu- og umhverfisráðherra setur reglur um þetta eftirlit, að fengnum tillögum stjórnarnefndar og að höfðu samráði við sveitarfélögin.
11. Í 11. gr. er samgöngu- og umhverfisráðuneyti veitt heimild til þess að setja gjaldskrá fyrir notkun á ýmiss konar einnota umbúðum, vélum og tækjum, pappír o.s.frv. í þeim tilgangi að stuðla að viðurkenndri förgun þeirra og endurvinnslu í eins ríkum mæli og við verður komið. Heimilt er að setja í slíka gjaldskrá ákvæði um svonefnt skilagjald einnota umbúða undir matvörur, eiturefni og hættuleg efni o.fl.
12. Í 12. gr. er lagt til að stofnaður verði svonefndur umhverfisverndarsjóður og að stjórnarnefnd umhverfismála fari með stjórn sjóðsins. Tekjur sjóðsins verða gjöld sem innheimt verða skv. 11. gr. af ýmiss konar einnota umbúðum o.s.frv. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þau sveitarfélög og þá aðila sem þurfa á sérstöku átaki að halda til að leysa umhverfisvandamál og að standa fyrir rannsóknum á skaðlegum þáttum umhverfisins. Enn fremur er lagt til að verja skuli allt að einum tíunda hluta sjóðsins til fræðslu- og upplýsingastarfa á sviði umhverfismála.
13. Í 13. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að við förgun úrgangs skuli ávallt gætt að umhverfinu. Enn fremur er gengið út frá því að urðun úrgangs sé neyðarúrræði. Lögð er sú skylda á hlutaðeigandi aðila að þeir standi sjálfir undir kostnaði. Enn fremur skal unnið að því að finna ráð til þess að farga úrgangi á viðunandi hátt.
14. Í ákvæðum til bráðabirgða, 6. tölul., er lagt til að fyrir 1. júní 1990 skuli ríkisstjórnin í samvinnu við sveitarfélög gera áætlun um frágang skólps- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Þar skal koma fram á hvern hátt stjórnvöld hyggjast leysa þessi mál á næstu tíu árum og hvernig kostnaði skuli skipt. Einnig skulu koma fram tillögur um á hvern hátt sveitarfélögum verði gert kleift að standa undir kostnaði.
15. Í ákvæðum til bráðabirgða, 7. tölul., er lagt til að notkun svokallaðs blýbensíns verði óheimil eftir 1995 og að bifreiðar, vélar og tæki, sem flutt verða til landsins eftir 1991, skulu geta nýtt blýlaust eldsneyti. Enn fremur er lagt til í 8. tölul. að dregið verði úr notkun efnasambanda sem valdið geta eyðingu á ósonlaginu þannig að hún minnki um a.m.k. 25% fyrir 1991 miðað við notkunina 1986 og um a.m.k. 50% fyrir 1994.
16. Lagt er til að stöðuheimildir Náttúruverndarráðs skuli flytjast yfir í umhverfismálaskrifstofu samgöngu- og umhverfisráðuneytis frá og með gildistöku laganna.

II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. og 2. gr. er fjallað um þá þætti umhverfismála sem lögunum er ætlað að ná yfir, þ.e. hið ytra umhverfi og þá þætti sem þeim er ekki ætlað að ná yfir. Mengunarmál, náttúruvernd og friðunarmál, ekki síst landvernd, og skipulagsmál eru þeir þættir umhverfismála sem helst þarf að taka á hér á landi, ekki síst út frá samræmdri heildarstjórn. Varnir gegn mengun sjávar og alþjóðlegt samstarf á því sviði skipta Íslendinga miklu og hljóta því að hafa forgang. Ekki er deilt um það að gróðureyðing, sorp- og frárennslismál, mengun frá bifreiðum, svo og skortur á tengslum skipulagsmála við önnur umhverfismál, séu þeir þættir umhverfismála sem hér þurfi helst að huga að á næstu árum og að gera þurfi stórátak til úrbóta fyrr en seinna. Um alla þessa

þætti gilda sérlög, þó misjafnlega til þess fallin að grípa til ráðstafana. Þannig má segja að lög um náttúruvernd, lög um landgræðslu og lög um skógrækt og skógvernd séu ekki þannig gerð að hægt sé að grípa til aðgerða án þess að hlutaðeigandi hagsmunaðilar hafi þar áhrif á. Lög um mengunarvarnir, sérstaklega lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eru hins vegar nægilega traust til aðgerða. Ekki hefur þó tekist að beita þeim sem skyldi þar sem skort hefur á fjárveitingar til starfsemi mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og mengunarvarna á vegum sveitarfélaganna.

Í 2. gr. eru sérstaklega teknir fyrir þeir þættir sem lögunum er ekki ætlað að ná yfir. Er þar fyrst og fremst um að ræða verndun auðlinda hafsins í samræmi við lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, lög um fiskveiðar og verndun fiskistofna, lög um veiðihlunnindi í ám og vötnum í samræmi við vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, lög um vinnuvernd, en um hana gilda lög nr. 46/1980, um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Enn fremur lög um geislavarnir en um þann þátt gilda lög nr. 119/1985, um geislavarnir. Allir þessir þættir eru sérstæðir, hver á sinn hátt, og geta ekki fallið undir hugtakið umhverfismál nema í víðustu merkingu. Sem dæmi má nefna að hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er fyrst og fremst að standa vörð um heilbrigði starfsmanna. Hlutverk Geislavarna ríkisins er fyrst og fremst eftirlit með röntgentækjum á heilbrigðisstofnunum. Einnig annast stofnunin mælingar á geislavirkum efnum í umhverfinu.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um tilgang laganna en hann er að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með ákveðnum aðgerðum, ekki síst með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum, sbr. nánar í 1. gr. Rétt er að ítreka það að þegar eru í gildi hér á landi lög sem taka á flestum þessum þáttum, að vísu misjafnlega sterkt. Ákvæðum þessarar greinar svipar um margt til markmiða þeirra frumvarpa sem lögð hafa verið fram á Alþingi um umhverfismál, svo og þeirra frumvarpa sem unnin hafa verið á vegum stjórnvalda án þess að hafa verið lögð fram á Alþingi.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það undir hvaða þrjú ráðuneyti umhverfismál skuli heyra, en þau eru samgönguráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Á þennan hátt verður ráðuneytum sem fara með umhverfismál innan Stjórnarráðsins fækkað verulega, en sem stendur má segja að næstum öll ráðuneytin í Stjórnarráði Íslands fari með umhverfismál í einni eða annarri mynd. Helstu breytingarnar eru þó fólgnar í því að náttúruverndarmál og friðunarmál eru færð frá menntamálaráðuneyti og gerð er tillaga um að hægt sé við þá endurskipulagningu að færa ákveðna þætti landgræðslu og skógræktar frá landbúnaðarráðuneyti yfir til samgönguráðuneytis. Gerð er tillaga um að samgönguráðuneyti annist samræmingu umhverfismála. Í samgönguráðuneyti eru þegar vistaðar mengunarvarnir á sjó auk annars er tengist umhverfismálum, svo sem allar samgönguframkvæmdir um landið, vegir og brýr, flugvellir, hafnir og vitar auk ferðamála. Eðlilegt er að tengja náttúruverndarmál og samgöngu- og ferðamál. Samgönguráðuneytið er tiltölulega lítið og miklu minna ráðuneyti en þau tvö ráðuneyti sem lagt er til að einnig annist umhverfismál, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Ætti því að reynast auðveldara að byggja upp sérstaka umhverfismálaskrifstofu innan þess, en í hinum tveimur sem eru þegar með verkefnastærstu ráðuneytum innan stjórnarráðsins. Einnig er gert ráð fyrir því að önnur umhverfismál sem ekki eru sérstaklega talin upp í lögunum og ekki eru tekin undan lögunum, sbr. 3. gr., falli undir stjórn þess ráðuneytis og að það ráðuneyti fái inn í heiti sitt orðið umhverfisráðuneyti. Enn fremur fari það ráðuneyti með erlend samskipti á sviði umhverfis-

mála í samráði við stjórnarnefnd umhverfismála, sbr. 6. gr. Gert er ráð fyrir sérstöku samstarfi samgöngu- og umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis um verndun og eflingu gróðurs utan hefðbundinna ræktunarsvæða. Með þessu fyrirkomulagi eiga mál er varða endurheimt landgæða að fá umfjöllun í stjórnkerfinu út frá víðara sjónarhorni en tíðkast hefur til þessa. Þannig á að vera hægt að koma betur til móts við landeigendur og aðra sem vilja beita sér fyrir landgræðslu og landverndarmálum með sérstöku tilliti til fjölbreytilegra möguleika á landnýtingu og til hagsbóta þegar litið er til lengri tíma. Vonast er til að víðtækt samstarf takist um endurheimt landgæða.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að umhverfismálaskrifstofa innan samgönguráðuneytis fari með samræmda yfirstjórn umhverfismála. Vegna mikilvægis málsins er lagt til að hér verði um sérstaka skrifstofu að ræða, skipaða skrifstofustjóra, en ekki deild. Mismunurinn er fyrst og fremst fólginn í því að skrifstofan verður fjárhagslega og verkefnalega óháð annarri starfsemi ráðuneytisins. Er þetta mikilvægt atriði miðað við þann forgang sem umhverfismál þurfa að hafa á næstu árum. Sérstakur skrifstofustjóri skal skipaður til þess að veita skrifstofunni forstöðu. Hlutverk skrifstofunnar er að annast samræmingu umhverfismála og framkvæmd þeirra umhverfismála sem ráðuneytið fer með sérstaklega.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að stofnuð verði stjórnarnefnd umhverfismála skipuð fulltrúum ráðherra, sbr. 4. gr., auk fulltrúa landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, iðnaðarráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og náttúruverndarþings.

Slíkt fyrirkomulag hefur verið reynt áður við lausn mála sem þóttu hornreka í kerfinu. Má þar sem dæmi nefna lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, áður lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, en samkvæmt þeim lögum er málefnum fatlaðra skipað undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti og félagsmálamálaráðuneyti sem jafnframt fer með yfirstjórn á málasviðinu. Til þess að treysta þessa yfirstjórn og samstjórn mála, eftirlit og umsjón með lögunum starfar stjórnarnefnd skipuð fulltrúum þessara ráðuneyta, Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila, samtals sjö fulltrúar. Nefndinni er t.d. falið að leysa úr ágreiningsmálum varðandi framkvæmd laganna og gera tillögur um reglugerðir og um úthlutun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og margt fleira. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er að mati hlutaðeigandi ráðuneyta góð og er svo komið að mál velkjast ekki á milli ráðuneyta eða „detta á milli skips og bryggju".

Með framangreindri stjórnarnefnd er kveðið á um það hverjum beri að marka stefnu á þessu sviði, vinna að skipulagningu og fylgja þessum þáttum eftir. Eitt aðalhlutverk nefndarinnar verði því að vinna að stefnumótun og að samræma störf ráðuneytanna. Óneitanlega hafa umhverfismál verið því marki brennd að þar hafi margir kvatt sér hljóðs og jafnvel skipað fyrir um sömu hluti samkvæmt ýmsum lögum án nokkurs samráðs innbyrðis. Slíkt leiðir eingöngu til réttaróvissu þannig að segja má að með þessu frumvarpi sé líka verið að kveða á um réttaröryggi í landinu og að ákvarðanir veki tiltrú almennings og nái því betur fram að ganga.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er að finna ákvæði um það hver eiga að vera verkefni stjórnarnefndar skv. 6. gr. Eins og áður hefur komið fram hljóta störfin fyrst og fremst að byggjast á stefnumótun í umhverfismálum og samræmingu mála. Gert er ráð fyrir því m.a. að nefndin taki á „skörunartilvikum" og vinni að samnýtingu starfskrafta og úrskurði um ágreiningsefni varðandi aðgerðir. Gert er ráð fyrir því að í slíkum tilvikum sé sá aðili sem fer með

yfirstjórnina endanlegur úrskurðaraðili á vegum framkvæmdarvaldsins þótt ekki sé verið að taka mál úr höndum dómstóla með því. Nefndinni er m.a. falið að fylgjast með framkvæmd einstakra þátta umhverfismála og er henni ætlað að gera tillögur til úrbóta ef út af er brugðið til hlutaðeigandi ráðherra.

Jafnframt er gert ráð fyrir að stjórnarnefndin hafi frumkvæði að rannsóknar-, fræðslu- og útgáfustarfsemi. Stjórnarnefndinni er einnig ætlað að afgreiða einstök mál er ríkisstjórnin eða ráðherrar, sem fara með umhverfismál, fela henni. Skýr ákvæði eru um að stjórnarnefnd skuli við afgreiðslu einstakra mála leita álits stofnana og samtaka er í hlut eiga eftir því sem við á hverju sinni.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um að umhverfisráðherra skipi umhverfismálaráð er komi í stað Náttúruverndarráðs og verði ráðgjafar- og umsagnaraðili fyrir ríkisstjórn og stjórnarnefnd umhverfismála. Gert er ráð fyrir því að ráðið sé skipað sjö mönnum þannig að formaður sé skipaður að fengnum tillögum Háskóla Íslands og er reiknað með að hann hafi alhliða þekkingu á umhverfismálum. Skipan hinna aðilanna sex er með þeim hætti að tveir þeirra hafi sérstaka þekkingu á náttúruvernd, og þar af annar á landvernd, tveir hafi sérstaka þekkingu á mengunarmálum, og þar af annar á mengun sjávar, og tveir með sérþekkingu á skipulagsmálum, þar af annar á umhverfisskipulagsmálum. Gæti nefndin því sem best starfað ein og sér eða þá skipt eftir því um hvaða mengunarþætti er að ræða, t.d. náttúruvernd, þar með telst landvernd, mengunarmál eða skipulagsmál.

Á þennan hátt ætti að vera tryggt að stjórnarnefnd fengi álit sérfróðra aðila um mál er snerta þá þætti umhverfismála er þessi lög ná yfir. Gert er ráð fyrir því að ráð þetta taki við hlutverki Náttúruverndarráðs eins og það er skilgreint í lögum nr. 47/1971.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn mála í héraði og er reiknað með að hún verði óbreytt frá því sem verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Hér er fyrst og fremst um að ræða þá þætti er snerta eftirlit og framkvæmdir. Sérlög á þessu sviði, eins og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 109/1984, eru nægjanlega traust til þess að byggja á slíkt eftirlit á vegum sveitarfélaganna, auk þess sem veittar eru heimildir í 10. gr. til frekari aðgerða.

Um 10. gr.

Þótt gripið verði til þess ráðs að koma á markvissri yfirstjórn og samræmingu á sviði umhverfismála, dugir það engan veginn til þess að takast á við þau umhverfisvandamál sem við Íslendingar eigum við að glíma. Í 10. gr. er sérstaklega tekið á eftirlitsþætti og framkvæmd laganna og er gert ráð fyrir að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna fari áfram með eftirlit með mengandi starfsemi að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið falið Hollustuvernd ríkisins, sbr. lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Sú breyting yrði helst hér að heilbrigðisfulltrúar gætu fengið frekari verkefni og að starfsemi þeirra mundi í auknum mæli beinast að mengunareftirliti.

Rétt er að benda á að einu aðilarnir, sem sótt hafa framhaldsmenntun í umhverfiseftirliti, t.d. í Norræna heilsuverndarháskólann í Gautaborg, eru heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna. Þannig hafa á undanförnum árum einn eða tveir heilbrigðisfulltrúar farið árlega til náms eingöngu í þessum þætti. Nú eru starfandi í landinu um 25 til 30 heilbrigðisfulltrúar á vegum sveitarfélaganna, allir með sérstök starfsréttindi og flestir með töluverða menntun og langa reynslu að baki.

Það er vilji sveitarfélaganna að heilbrigðisfulltrúar sinni þessu eftirliti áfram á þeirra vegum.

Hvað snertir aðra þætti eins og gróðureyðingu og eftirlit með verndun skóga er reiknað með því að eftirlitið verði í höndum umhverfismálaskrifstofu. Heimilt verði að fenginni tillögu stjórnarnefndar umhverfismála og að höfðu samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að takmarka tímabundið beit og hvers konar umferð um svæði til þess að fyrirbyggja gróðureyðingu eða til þess að vinna að ræktun sem getur skipt sköpum um það hvort takist að snúa vörn í sókn í gróðurverndarmálum.

Eftirlit með mengun sjávar frá skipum og olíu- og grútarmengun frá landstöðvum yrði í höndum Siglingamálastofnunar í samræmi við lög nr. 28/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Önnur mengun sjávar en frá skipum og olíu- og grútarmengun verði falin heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

Eftirlit með skipulagsmálum verði í höndum Skipulagsstjórnar og eftirlit með náttúruvernd, sbr. lög nr. 47/1971, verði í höndum samgöngu- og umhverfisráðuneytis og náttúruverndarnefnda í héraði. Allt annað eftirlit sem fellur undir lögin og ekki er sérstaklega tiltekið er ætlast til að umhverfismálaskrifstofan yfirtaki.

Lagt er til að heimilt verði að fela heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna að annast aðra þætti eftirlitsins en þeim ber að annast samkvæmt núgildandi lögum. Umhverfisráðherra setur reglur um þetta eftirlit að fengnum tillögum stjórnarnefndar og að höfðu samráði við sveitarfélögin. Á þennan hátt verði hægt að byggja upp frekara umhverfiseftirlit á vegum sveitarfélaganna í tengslum við það eftirlit sem þegar hefur tekið til starfa og hefur verið í markvissri uppbyggingu á síðustu fimm árum. Sem dæmi má nefna að ekkert sveitarfélag á Íslandi er án eftirlits heilbrigðisfulltrúa en fyrir fimm árum var það nánast ekkert nema á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði og á nokkrum þéttbýlisstöðum.

Um 11. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði er heimila samgöngu- og umhverfisráðuneyti að setja gjaldskrá fyrir notkun og starfrækslu sem getur haft í för með sér óæskileg umhverfisáhrif. Hér er fyrst og fremst um að ræða ýmiss konar einnota umbúðir, vélar og tæki, pappír og því líku sem óhæfa er að skilja eftir úti í náttúrunni og jafnvel ástæða til að endurvinna, þótt endurvinnslan sé hér ekki markmið í sjálfu sér. Um yrði að ræða annaðhvort fast gjald, þ.e. fyrir fram greitt gjald eða árlegt gjald, nema hvort tveggja sé.

Á þennan hátt verði stuðlað að förgun þessara efna á viðurkenndan hátt og jafnvel endurvinnslu í eins miklum mæli og við verður komið. Gert er ráð fyrir því að stjórnarnefnd geri tillögur um þessa gjaldskrá og að hún taki mið af raunverulegum kostnaði við hreinsun og förgun og eftirlit með þessum þáttum. Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að setja í slíka gjaldskrá ákvæði um skilagjald af einnota umbúðum undir matvæli, drykkjarvörur o.s.frv. og af umbúðum utan um eiturefni og hættuleg efni.

Með þessu ákvæði er reynt að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í þingsályktunum og ýmiss konar athugasemdum, m.a. frá náttúruverndarþingi, Hollustuvernd ríkisins og fleiri aðilum um að tryggja þurfi nægilega vel lagalegan grundvöll fyrir slík gjöld. Núgildandi lög um mengunarmál heimila ekki slíka gjaldtöku svo ótvírætt sé. Um ráðstöfun þess fjár, sem innheimtist samkvæmt þessu, er fjallað í 12. gr.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um sérstakan umhverfismálasjóð en í hann eiga að renna fjármunir skv. 11. gr. Stjórnarnefnd umhverfismála er jafnframt falin stjórn sjóðsins og er hlutverk hans að styrkja þau sveitarfélög og þá aðila sem þurfa á sérstöku átaki að halda í sambandi við lausn umhverfisvandamála. Jafnframt á sjóðurinn að standa fyrir rannsóknum á skaðlegum þáttum umhverfisins og er lagt til að veita megi allt að einum tíunda hluta sjóðsins til fræðslu og upplýsinga á sviði umhverfismála. Ætla verður að hægt sé að afla verulegs fjár með þessum

hætti og gæti það komið að góðum notum við verndun umhverfis, t.d. landgræðslu og frágang sorphauga.

Sú stefna hefur verið mótuð í nágrannalöndunum að taka gjöld, annaðhvort skilagjöld eða föst gjöld, til þess að koma í veg fyrir umhverfisskaða af völdum ýmiss konar einnota umbúða, véla og tækja og hefur mælst vel fyrir. Þannig hafa öll Norðurlöndin tekið upp slíka gjaldheimtu og á næsta ári verður tekin upp svipuð gjaldheimta í Vestur-Þýskalandi. Varðandi frekari röksemdir vísast til þingsályktunartillagna sem nýlega voru lagðar fram á Alþingi og greinargerðar Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Landverndar sem fylgir með annarri þeirra, en ítarlega hefur verið fjallað um þessi mál á vegum þessara aðila og á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eru þeir aðilar á einu máli um að taka verði upp einhvers konar gjaldheimtu til þess að snúa vörn í sókn.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum greinum er sérstaklega fjallað um förgun úrgangs, en hún hefur verið eitt mesta vandamál í íslenskri umhverfismálasögu á undanförnum árum. Gildandi lagaákvæði um förgun er fyrst og fremst að finna í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Eigi að síður er talin ástæða til að setja inn stefnumarkandi ákvæði um förgun úrgangs, þ.e. í þeim tilvikum þar sem ekki verður komið við endurvinnslu.

Samkvæmt 13. gr. skal heimilt að koma úrgangi fyrir, t.d. með urðun eða í sérstökum geymslum ef ekki er hægt að farga þessum hlutum með öðrum viðurkenndum hætti. Enn fremur er gert ráð fyrir því að finnist síðar ráð til förgunar sé hægt að gera kröfur um að úrgangi verði fargað með þeim hætti.

Með þessu er lögð áhersla á það að sérstök merking verði lögð í orðið „förgun“ og að átt sé við meðferð hluta og efna með þeim hætti að þau valdi sem minnstum umhverfisspjöllum. Þannig verður ekki fallist á það að urðun eða geymsla falli undir hugtakið förgun og má í reynd segja að slíkur háttur verði því aðeins viðhafður að förgunarleiðir séu ekki fyrir hendi þegar koma þarf úrgangi fyrir.

Gert er ráð fyrir að meðferð úrgangs samkvæmt þessari grein verði á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji reglugerð um förgun úrgangs að fengnum tillögum stjórnarnefndar, sbr. 7. gr., sem leiti umsagnar hlutaðeigandi aðila og er þar sérstaklega átt við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, skipulagsyfirvöld, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um viðurlög við brotum á lögunum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim og að refsa skuli með sektum eða varðhaldi séu sakir miklar. Á þennan hátt eru refsiákvæðin felld undir ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 8/1940, með síðari breytingum, en í þeim er m.a. að finna ýmiss konar refsiákvæði vegna umhverfisspjalla. Þótt vissulega væri ástæða til þess að taka á viðurlögum í sjálfum lögunum og jafnvel að hafa þau þyngri en gerist og gengur í öðrum lögum þykir ekki ástæða til þess að leggja slíkt til hér enda eru hegningarlög þannig að dómarar hafa tiltölulega frjálsar hendur t.d. um ákvörðun sekta samkvæmt þeim. Verði því að treysta á það að dómarar líti á málin í ljósi þess að um alvarleg brot getur verið að ræða og það jafnvel brot sem hingað til hefur ekki verið refsað fyrir þar sem þjóðin hefur almennt lítt skeytt um umhverfismál og skaða á umhverfinu. Dæmi um slíkt er t.d. leikaraskapur utan vega á ýmiss konar vélknúnum tækjum. Viðurlög verða að taka mið af skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og dýra, svo og efnahagslegum áhrifum þegar til lengri tíma er litið.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. jan. 1990 og að úr gildi falli ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, laga nr. 28/1986, um varnir gegn mengun sjávar, laga nr. 17/1965, um landgræðslu, og laga nr. 3/1955, um skógrækt.

Þau ákvæði, sem sérstaklega féllu hér undir sem ósamrýmanleg eru ákvæði um skipan og starfsemi Náttúruverndarráðs og um afskipti Siglingamálastofnunar ríkisins af annarri mengun sjávar en frá skipum og vegna olíu- og grútarmengunar frá landstöðvum. Í lögum um landgræðslu er um að ræða þau ákvæði er lúta að gróðurvernd og í lögum um skógrækt eru það ákvæði um vernd náttúrulegs skóglendis.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er annars vegar fjallað um skipulagsbreytingar og hins vegar um sérstakar aðgerðir í umhverfismálum.

Í 1. tölul. segir að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku og að við þá endurskoðun skuli sérstaklega huga frekar að samræmingu einstakra þátta umhverfismála og stofnana er sinna verkefnum á þessu sviði í þeim tilgangi að sameina yfirstjórn umhverfismála í einu ráðuneyti.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir því að stöðuheimildir Náttúruverndarráðs skuli frá gildistíma laganna flytjast yfir í það ráðuneyti sem falin verður samræming umhverfismála. Þetta er eðlilegt þegar tekið er mið af því að starfsemi Náttúruverndarráðs verður lögð niður nái frumvarpið fram að ganga og að verkefni þess sem framkvæmdaaðila færist yfir til ráðuneytis umhverfismála. Að öðru leyti þarfnast þessi töluliður ekki skýringa.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð tilnefni fulltrúa í fyrstu stjórnarnefnd umhverfismála þar sem náttúruverndarþing er haldið á þriggja ára fresti. Næsta náttúruverndarþing verður ekki haldið fyrr en haustið 1990 miðað við núgildandi lög.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að endurskipulagning verkefna á sviði landverndar og verndunar náttúrulegs skóglendis muni taka eitt ár því að endurskoða þarf lög um landgræðslu og skógrækt. Lög um landgræðslu eru að stofni til frá 1907 og eru sennilega elstu sérlög á sviði umhverfismála hér á landi. Þessi lög hafa síðan verið endurskoðuð og aukin.

Í 5. tölul. er gert ráð fyrir að stjórnarnefnd verði skipuð þegar eftir birtingu laganna og taki hún til starfa þá þegar í þeim tilgangi að undirbúa gildistöku laganna.

Í 6. tölul. er kveðið á um það að fyrir 1. júní 1990 skuli ríkisstjórnin í samvinnu við sveitarfélög gera áætlun um frágang skolp- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Í þessari áætlun á að koma fram á hvern hátt stjórnvöld hyggjast leysa þetta mál innan næstu tíu ára, svo og hvernig kostnaði skuli skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur hvernig sveitarfélögum verði gert kleift að standa undir kostnaði af þessu. Hér er um mjög brýnt mál að ræða þar sem þegar liggur fyrir að einhver mesta mengun sem herjar á Ísland er skolp frá fráveitum, heimilisskolp, iðnaðarskolp, fiskvinnsluskolp og, í auknum mæli, skolp frá ýmiss konar landstöðvum öðrum, ekki síst fiskeldi. Þetta snertir ekki eitt sveitarfélag öðrum fremur, þótt vandamálið kunni að lenda með misjöfnum þunga á einstökum sveitarfélögum, og því er gert ráð fyrir að ríkisvaldið hafi forgöngu um lausn mála á næstu tíu árum.

Í 7. tölul. er fjallað um blýbensín. Óheimilt verður að nota það eftir árið 1995. Enn fremur að bifreiðar, vélar og tæki, sem flutt verða til landsins eftir 1991 verði að geta nýtt blýlaust eldsneyti. Um nauðsyn þessa atriðis þarf ekki að fjölyrða svo mjög sem það hefur verið til umfjöllunar á undanförnum árum. Rétt er að benda á að samkvæmt mælingum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem fram hafa farið í Reykjavík á undanförnum árum kemur fram veruleg mengun af útblæstri frá bílum. Vitað er að í nágrannalöndunum hefur náðst verulegur árangur á þessu sviði. Margt bendir til að í þessum málum hafi íslensk

stjórnvöld mótað ranga stefnu, t.d. með því að fyrirskipa ekki mengunarvarnabúnað á bifreiðum. Það er alþekkt að bifreiðar, sem fluttar eru til landsins og gerðar eru fyrir erlendan markað þar sem krafist er mengunarvarnabúnaðar, koma til Íslands án slíks búnaðar.

Í 8. tölul. segir að dregið skuli úr notkun efna og efnasambanda sem valdið geta eyðingu ósonlagsins og að notkun minnki um a.m.k 25% fyrir 1991, miðað við notkunina 1986, og um a.m.k. 50% fyrir 1994. Er þetta í samræmi við norræna framkvæmdaáætlun um minni notkun ósoneyðandi efna.

Ed. 432. Nefndarálit [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, auk þess sem málið hefur verið rætt á sameiginlegum fundum landbúnaðarnefnda beggja deilda. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og því var breytt í meðferð neðri deildar, sbr. þskj. 429.

Alþingi, 6. jan. 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Karvel Pálmason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Jón Helgason.

Ed. 433. Nefndarálit [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Stjórnvöldum ber skylda til þess að skapa hagkvæmar aðstæður fyrir útflutningsgreinar. Það er einnig eðlilegt að efla fjölbreytni þeirra og hvetja til nýrra atvinnugreina. Miklu varðar þó að vanda til undirbúnings og líta til lengri tíma. Það er eðlilegt að styðja við bakið á nýjum atvinnugreinum meðan þær eru að fóta sig en sjálfsagt er einnig að krefjast ákveðinna lágmarksskilyrða áður en stjórnvöld veita fé eða styrki til framkvæmda og það hlýtur að vera grundvallaratriði að útflutingsgreinar beri sig. Alltaf geta þó komið upp óviðráðanlegar aðstæður sem gera kröfur til þess að stjórnvöld hlaupi undir bagga.

Þetta frumvarp er flutt til að taka á langvinnum og vaxandi vanda fiskeldisfyrirtækja, en þar hefur gætt meira kapps en forsjár. Hvort tveggja er að stjórnvöld hafa óspart hvatt menn til framkvæmda og margir hafa eygt skjótfenginn gróða í þessari atvinnugrein.

Vandi fiskeldisfyrirtækja var viðurkenndur af stjórnvöldum í maí síðastliðnum þegar þau veittu þeim nokkurn stuðning. Sá stuðningur hvatti menn til að halda áfram rekstri. Síðan hefur orðið óskiljanleg töf á frekari aðgerðum stjórnvalda og hefur það aukið mjög á skuldabagga og annan vanda fiskeldisfyrirtækja.

Það er því enn óskiljanlegra að þessu máli skuli nú skellt næsta fyrirvaralítið inn á Alþingi og þess krafist að það sé afgreitt næstum umyrðalaust án þess að nægilegur tími gefist fyrir þingmenn til að athuga það. Af viðræðum við ýmsa menn sem sótt hafa tvo sameiginlega fundi

landbúnaðarnefnda beggja deilda er ljóst að vandinn er mikill og nauðsyn að taka á honum án mikillar tafar. Það er hins vegar einnig ljóst að á málinu eru margir lausir endar og margt óljóst um framkvæmd þess jafnvel fyrir þá sem ætlað er að sjá um lánveitingar. Ekki liggur fyrir mat á áhættu sem stjórnvöld taka með þessum aðgerðum en hún hlýtur að vera töluverð þar sem hér er um mjög fjármagnsfrekan atvinnurekstur að ræða. Skilyrði fyrir lánveitingu eru einnig mjög óljós svo og þáttur erlendra aðila, t.d. raunverulegur eignarhluti þeirra.

Það er til að mynda undarlegt að hvergi í frumvarpinu skuli minnst á mikilvæg skilyrði eins og staðsetningu fiskeldisstöðva, mengunarvarnir, hollustuhætti og kröfur um menntun og þekkingu þeirra sem að greininni starfa. En það verða að teljast eðlilegar kröfur þegar um slíkan áhætturekstur er að ræða.

Lengri tíma þarf til að athuga málið og betri umfjöllun þarf ekki að tefja það. Án þess telja þingkonur Kvennalistans ekki óhætt fyrir stjórnvöld að styðja við þessa mikilvægu atvinnugrein á þann hátt sem til er lagt. Við viljum þó ekki standa gegn málinu og munum sitja hjá við afgreiðslu þess í þinginu.

Alþingi, 6. jan. 1989.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.

Ed. 434. Lög [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 6. jan.)

Samhljóða þskj. 429.

Sþ. 435. Þingsályktun [222. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 6. jan.)

Samhljóða þskj. 405.

Sþ. 436. Fyrirspurn [231. mál]

til fjármálaráðherra um aukafjárveitingar 1. okt. til 31. des. 1988.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hverjum, hve háar og til hvaða verkefna voru aukafjárveitingar veittar á tímabilinu 1. okt. til 31. des. 1988?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 437. Fyrirspurn [232. mál]

til dómsmálaráðherra um björgunarþyrlu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu?

Sþ. 438. Fyrirspurn [233. mál]

til samgönguráðherra um neyðarsíma.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 9. maí 1988 um könnun á uppsetningu neyðarsíma á fjallvegum og kostnaðaráætlun um hana?

Sþ. 439. Fyrirspurn [234. mál]

til viðskiptaráðherra um ríkisábyrgð á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvernig er sú álitsgerð frá orði til orðs sem viðskiptaráðherra lagði fram á ríkisstjórnarfundi 12. jan. sl. þar sem fram kemur að ríkissjóður beri „einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs enda sé hann ekki undanskilinn slíkri ábyrgð með sérstökum ákvæðum í lagafrumvarpinu eins og það stendur“ sbr. frétt Morgunblaðsins 13. jan. sl.?

Hvaða lögfræðingar stóðu að álitsgerðinni?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 440. Fyrirspurn [235. mál]

til fjármálaráðherra um samræmt kerfi fyrir fasteignamat og brunabótamat.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvenær má vænta ákvörðunar stjórnvalda um að samræma matskerfi Fasteignamats ríkisins og brunabótamats samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar frá 9. ágúst 1983 sem skilaði skýrslu, tillögum og frumvörpum í árslok 1985 og þáverandi ríkisstjórn skipaði sérstakri nefnd að undirbúa í framkvæmd?
2. Hvað líður undirbúningi sjálfstæðrar fagstofnunar, er annist bæði fasteignamat, brunabótamat og viðlagamat, auk annarra matsstarfa, sem samkvæmt tillögum sömu nefndar er lagt til að taki til starfa árið 1990?

Sþ. 441. Fyrirspurn [236. mál]

til forsætisráðherra um notkun endurunnins pappírs.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hafa Stjórnarráðið og Alþingi tekið upp notkun endurunnins pappírs? Er hann notaður sem bréfsefni, ljósritunarblöð eða rissblöð?
2. Hyggst ríkisstjórnin hvetja ríkisstofnanir almennt til þess að hefja notkun endurunnins pappírs?

Sþ. 442. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um skipulag til verndunar vatnsbóla.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Guðmundur Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að umhverfi allra byggðakjarna á landinu verði rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns.

Á skipulagsuppdráttum þéttbýlisstaða verði sýnd fyrirhuguð þróun byggðar, friðlýst svæði og önnur landnotkun.

Jafnframt verði gerð kort af jarðfræði og grunnvatnskerfum á viðkomandi svæðum með tilliti til vatnsbóla.

Greinargerð.

Íslendingar hafa löngum hælt sér af því að eiga besta vatn í heimi. Sagt er að hér sé hægt að drekka vatn úti í náttúrunni úr lækjum og vötnum og að vatnið í vatnskrönum heimahúsa sé alls staðar drykkjarhæft. Þótt þetta sé sannmæli um marga staði á það því miður ekki við um alla. Sums staðar er neysluvatn jafnvel svo mengað að talið hefur verið varhugavert að nota það óhreinsað.

Mikil hætta getur stafað af mengun á vatnasviðum vatnsbóla. Gildir það jafnt um yfirborðsvatn sem grunnvatn. Þótt grugg síist oftast alveg frá í grunnvatni og mikill hluti bakteríugróðurs deyi út á löngum ferli grunnvatnsins neðan jarðar geta borist efni í grunnvatn sem ekki eyðast auðveldlega. Efni berast með vatni frá yfirborði niður í grunnvatn og geta flust með því langar leiðir eftir sprungum og glufum í berginu. Efni sem komist hafa í jarðveg geta eftir fjölda ára borist í vatnsból þéttbýlisstaða. Kalt grunnvatn hér á landi er talið vera nokkurra ára gamalt upp í nokkurra tuga ára gamalt.

Yfirborðsvatn er opið fyrir mengun. Grugg og óhreinindi berast í það í flóðum og leysingum, auk þess sem það getur orðið fyrir áfoki. Vatnið er ekki verndað fyrir úrgangi, fugladriti og hræjum fugla og fénaðar.

Meðal þess sem veldur mengun má telja ýmiss konar atvinnurekstur, mannvirkjagerð, efnistöku, ruslahauga og urðun sorps. Umferð vélknúinna farartækja, útivist og sumarbústaðir geta einnig valdið mengun, einkum þar sem ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu og eyðingu úrgangs og annarra mengandi efna.

Frágangi vatnsbóla er víða ábótavant þótt breyting hafi orðið til hins betra á því sviði hin seinni ár, einkum hjá nýlegum vatnsveitum. Einkum eru brögð að því að ekki sé nógu vel komið í veg fyrir írennsli yfirborðsvatns og að skepnum sé ekki haldið nógu langt frá með girðingum.

Eitt af vandamálunum sem fylgir þéttri byggð er losun sorps og eyðing þess. Eiturefnum og ýmsum hættulegum efnum hefur verið fleygt út í náttúruna án þess að hugsað væri um afleiðingarnar. Þar er ekki síst mikilvægt að taka tillit til vatnsbóla, bæði núverandi vatnsbóla og ekki síður til þeirra staða sem kunna að verða nýttir til vatnsöflunar síðar.

Nú sjá heilbrigðisfulltrúar á hverjum stað um að fylgjast með gæðum neysluvatns. Oftast er þar eingöngu um mælingu á gerlamagni í vatninu að ræða. Minna er um reglulegar mælingar á annarri mengun af völdum ólífrænna eða lífrænna efna. Mengun af völdum slíkra efna getur haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir menn og skepnur ekki síður en gerlamengun. Nauðsynlegt er því að setja staðla um mengandi efni í neysluvatni og gera á því reglulegar mælingar. Til þess þarf að gera úttekt á vatnstökusvæðum og aðrennslissvæðum þeirra. Jafnframt þarf að endurskoða löggjöf um vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd og samræma hana kröfum tímans. Samhæfa verður eftirlit með vatnstöku, vatnsnýtingu og vatnsvernd á landinu, þar með talið mengunar- og hollustueftirlit.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvernig æskilegt er að framtíðarskipulag þéttbýlisstaða þróist. Land er nýtt fyrir íbúðabyggð, atvinnuhúsnæði, til landbúnaðar eða útivistar. Þau svæði, sem eru ætluð til útivistar, eru nú vernduð eða friðlýst en slík friðun nær ekki til vatnsbóla.

Til þess að hægt sé að gera skipulagsuppdrætti af því tagi sem hér er gert ráð fyrir þarf að kortleggja jarðlög undir yfirborði ekki síður en landið ofan jarðar. Gerð jarðlaga, halli, sprungur, gangar og fleira skipta verulegu máli þegar meta á landsvæði með tilliti til nýtingar. Jarðfræðikort af slíkum svæðum eru því mikilvæg til að geta skipulagt æskilega landnotkun og meta hvar mengunarhætta er mikil við vatnsból.

Þessa kortlagningu þyrfti að tengja öllu skipulagi og því er rétt að það ráðuneyti sem fer með skipulagsmál, nú félagsmálaráðuneyti (Skipulagsstjórn ríkisins) hafi um það forustu. Eðlilegt er að við gerð kortanna verði samvinna milli Skipulagsstjórnar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Orkustofnunar og e.t.v. fleiri aðila.

Tillaga þessi felur í sér að skipulega verði aflað þekkingar á náttúruauðlindinni *ferskvatn* og mótuð stefna um nýtingu hennar og vernd. Markmiðið er að tryggja verndun grunnvatnskerfa fyrir mengun svo að þau geti gefið af sér gott neysluvatn fyrir vaxandi byggð. Jafnframt því þarf að leiða í ljós hvert ástand vatnsbóla er um land allt og ráða bót á þar sem þess er talið þörf.

Verkefni eins og það sem hér um ræðir fellur eðlilega undir starfssvið þess ráðuneytis sem mun fara með stjórn umhverfismála þegar loks kemur að því að sérstöku ráðuneyti verður falin yfirstjórn þeirra.

Sþ. 443. Fyrirspurn [238. mál]

til viðskiptaráðherra um vinnubrögð í Seðlabanka Íslands.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Er ráðherra samþykkur þeirri skoðun sem utanríkisráðherra lýsti á opinberum fundi á Akureyri 21. janúar sl. að 150 af 166 starfsmönnum Seðlabankans starfi við að naga blýanta?
2. Ef svo er:
   a. Hefur farið fram könnun á vinnubrögðum starfsfólksins?
   b. Hvaða 16 starfsmenn bankans vinna við annað en að naga blýanta og við hvað starfa þeir?
   c. Hvaða aðgerðum mun ráðherra beita til að koma í veg fyrir að slík vinnubrögð starfsmanna viðgangist?

3. Ef svo er ekki:
   a. Ætlar viðskiptaráðherra að hreinsa starfsfólk bankans af áburði utanríkisráðherra?
   b. Ætlar viðskiptaráðherra að beita sér fyrir því að utanríkisráðherra biðji starfsmenn bankans afsökunar?
   c. Mun ráðherra mælast til þess að slíkar yfirlýsingar verði ekki endurteknar?

Ed. 444. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1.gr.

5.gr. laganna orðist svo:

Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi málsliður: Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum, sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá, og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og röð annarra málsgreina breytist til samræmis við það. Málsgreinin orðist svo:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir, nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

6. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjenda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

7. gr.

Á eftir III. kafla laganna bætist nýr kafli, sem verði IV. kafli, og breytist röð kafla í samræmi við það svo og greinaröð. Þannig verði 17. gr. laganna 20. gr. o.s.frv.

IV. kafli beri fyrirsögnina: Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða.

8. gr.

Í lögin komi ný 17. grein sem orðist svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

9. gr.

Í lögin komi ný 18. gr. sem orðist svo:

Fjárfestingarlánasjóðir endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr. og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

10. gr.

Í lögin komi ný 19. gr. sem orðist svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu á aðstöðu í lánsviðskiptum. Þá er tekin af tvímæli um nokkur óljós atriði í lögunum. Loks er lagt til að í lögunum verði kveðið á um að vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða verði háð staðfestingu viðskiptaráðuneytis, en slíkt vald var áður í höndum forsætisráðuneytis samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1975.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að breytt verði orðalagi á 5. gr. laganna, en ógreinilegt orðalag hennar, ásamt 7. gr. laganna, hefur valdið óvissu. Rétt þykir því að taka af allan vafa þar að lútandi og breyta orðalagi greinanna í þá veru sem að var stefnt við setningu vaxtalaganna.

Því er lögð til sú breyting á 5. gr. að þar standi að vextir skuli vera jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum „á þeim tíma sem til skuldar er stofnað“ komi orðalagið „á hverjum tíma frá því er til skuldar var stofnað“.

Tilgangurinn með lagabreytingunni er, sem fyrr segir, að taka af allan vafa varðandi tilætlun löggjafans með ákvæðinu. Af lagabreytingu þessari má því ljóst vera að ekki hafi verið ætlunin að festa þá vexti er hér um ræðir við hið vegna meðaltal á þeim tíma er til skuldar var stofnað, sbr. núgildandi ákvæði 5. gr. Án þeirrar lagabreytingar, sem hér er lögð til, yrði niðurstaðan hins vegar önnur.

Um 2. gr.

Hér er með sama hætti og í 1. gr. frumvarpsins lagt til að gerð verði nauðsynleg lagfæring á texta greinarinnar til þess að ljóst verði að skaðabótakröfur beri vexti er miðast við vegið meðaltal af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Rétt þykir að sama skylda hvíli á verðbréfa- og eignarleigufyrirtækjum að breyttu breytanda og nú hvílir á viðskiptabönkum og sparisjóðum, hvað snertir tilkynningaskyldu um vaxtakjör.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um töku dráttarvaxta verði nákvæmar orðuð. Í núgildandi ákvæði segir að dráttarvextir skuli reiknast „frá og með“ gjalddaga sé hann fyrir fram ákveðinn og fram að greiðsludegi. Augljóst er að þetta mun aðeins eiga við, ef eigi er greitt á gjalddaga, þá er heimilt samkvæmt ákvæðinu að reikna dráttarvexti sem dagvexti, frá þeim degi til greiðsludags. Sé hins vegar greitt á gjalddaga ber eigi að krefjast dráttarvaxta fyrir þann dag. Orðalag greinarinnar í núgildandi lagatexta gefur þó tilefni til að ályktað sé heimilt, en breyting sú, sem hér er lögð til, mun taka af þau tvímæli.

Um 5. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er samkvæmt ábendingu frá fulltrúum hjá Borgardómaraembættinu í Reykjavík. Jafnframt hefur stjórn Lögmannafélags Íslands mælt með henni.

Fram til þessa hafa dómstólar talið að óheimilt sé að gera vaxtakröfu á þann veg sem hér er lagt til. Ástæða þess er m.a. sú að fyrir gildistöku vaxtalaganna fór það eftir tegund kröfu hvað krefjast mátti hárra dráttarvaxta, sbr. t.d. tilskipan frá 27. maí 1859, lög nr. 10/1980 og 38. gr. laga nr. 39/1922. Við þær aðstæður óhjákvæmilegt að telja kröfu vanreifaða, ef ekki var gerð grein fyrir vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar. Við tilkomu vaxtalaganna breyttist þetta hins vegar og bera nú allar peningakröfur í íslenskum gjaldmiðli sömu dráttarvexti, sbr. 10. gr. vaxtalaganna. Kröfugerð ætti því að vera nægilega skýr eftir breytinguna þó aðeins væri getið gjalddaga kröfunnar og krafist dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi að greiðsludegi. Til þess að svo megi verða þarf þó að koma lagabreyting sú, sem hér er gerð tillaga um í

því skyni að slík kröfugerð fullnægi skilyrðum c-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, samkvæmt hefðbundinni túlkun.

Málsgreinin mun eingöngu taka til peningakrafna sem gjaldféllu eftir gildistöku vaxtalaganna. Kröfur, sem gjaldféllu fyrir gildistöku laganna, bæri enn sem fyrr að tilgreina vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar, sbr. 1. mgr. 14. gr.

Hagræði 2. mgr. 14. gr. á aðeins við um dráttarvexti skv. 10. gr., en ekki kröfur í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. vaxtalaganna. Ástæða þess er m.a. sú að upplýsingar um vexti samkvæmt þeirri grein eru ekki eins aðgengilegar og um dráttarvexti skv. 10. gr. og þykir því eigi rétt að leggja til samsvarandi breytingu varðandi þá.

Um upphafsdag dráttarvaxtakröfu í skaðabótamálum vísast til 15. gr. vaxtalaganna. Þess má þó geta að til þess að kröfugerð varðandi dráttarvexti í slíkum málum yrði nægjanlega skýr samkvæmt reglum réttarfars verður að telja nauðsynlegt að getið sé upphafsdags dráttarvaxta í vaxtakröfu.

Sú breyting, sem hér er lögð til varðandi 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga, felur aðeins í sér heimild en ekki skyldu til þess að gera vaxtakröfu með framangreindum hætti. Telja verður þó líklegt að hún verði almennt notuð til þess að losna við að sundurliða vaxtakröfuna í langri þulu.

Um 6. gr.

Rétt þykir að það sé ljóst við túlkun 17. gr. að hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá bönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laganna um Seðlabanka Íslands, þá gildi þau vaxtamörk, sem bankinn ákveður sem viðmiðun varðandi það, hvort um misneytingu hafi verið að ræða.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að bæta nýjum kafla við lögin sem fjallar um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Slík ákvæði voru áður í lögum nr. 13/1975, en þau voru felld niður í lok síðasta árs um leið og veðdeildir banka urðu skattskyldar. Rétt þykir að opinberir fjárfestingarlánasjóðir búi við samræmdar reglur um vaxtakjör.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér eru settar meginreglur um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og um að skuldbindingar þeirra skuli standast á varðandi eignir og skuldir bæði með hliðsjón af vöxtum og gengi svo dæmi sé tekið. Sjóðirnir geta varist áföllum með útlánastefnu sinni og með skuldaskiptum við aðrar fjármálastofnanir innan lands og erlendis (svokölluðum „swap“ viðskiptum).

Í 2. mgr. er viðskiptaráðherra falið að hafa eftirlit með lánskjörum fjárfestingarlánasjóðanna.

Um 10. gr.

Hér er viðskiptaráðherra heimilað að setja meginreglur um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða og settar eru verklagsreglur um nánari útfærslu þeirra.

Ed. 445. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1.gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn,
2. að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum,
3. að verðtrygging sparifjár og lánsfjár sé eigi til skemmri tíma en tveggja ára hvað varðar aðrar skuldbindingar en sparifjárinnstæður sem því aðeins mega njóta verðtryggingar að bundnar séu í sex mánuði eða lengur,
4. að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
   a. miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma,
   b. miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Seðlabanki Íslands skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Seðlabanka Íslands er að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilt að ákveða lengri lágmarkstíma verðtryggðra sparireikninga og útlána, sbr. 3. tölul., og að ákveða að vextir verðtryggðra útlána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Seðlabankinn getur einnig með samþykki ráðherra veitt undanþágu til skemmri lágmarkstíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár skv. 38. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að bæta inn í ákvæði laga, sem fjalla um verðtryggingu fjárskuldbindinga, nauðsynlegum heimildum varðandi lágmarkstíma verðtryggðra innlána og útlána og varðandi vexti af verðtryggðum skuldbindingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að efni ákvæða í bráðabirgðalögum nr. 44 frá 20. maí 1988 verði tekin inn í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sem skilyrði verðtryggingar. Þá er tekið inn heimildarákvæði til að lengja lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga sem nú er tvö ár á útlánum en sex mánuðir á sparifjárinnstæðum. Þessari heimild má beita til þess að draga úr mikilvægi verðtryggingar á lánamarkaði eftir því sem úr verðbólgu dregur með því að lengja lágmarkstímann. Heimild er einnig fyrir Seðlabankann til að veita undanþágu frá lágmarkstíma í sérstökum tilvikum.

Þá er hér í öðru lagi lagt til að heimilt verði að ákveða að vextir verðtryggðra lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Það virðist sanngjarnt að óbreytanlegir vextir gildi á verðtryggðum lánum, enda eyðir verðtryggingin stærstum hluta óvissu í lánssamningum. Eðlilegast virðist að gefa færi á að taka slíka ákvörðun þegar Seðlabankinn metur aðstæður á lánamarkaði vel til þess fallnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 446. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1.gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., en 4. og 5. mgr. hljóði svo:

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádregnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvíxla eða aðrar sambærilegar eignir.

Seðlabankanum er heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir þeirra (gjaldeyrisjöfnuð), svo og endurlánajöfnuð sem miði að því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir skuli sjá til þess að slíkar eignir séu í jafnvægi þannig að gengisáhætta sé sem minnst. Seðlabankinn getur beitt innlánsstofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum 41. gr. sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.

3. gr.

Við 41. gr. laganna bætist nýr málsliður: Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að ¾ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

4. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður, liður VI, svohljóðandi:

Innheimt viðurlög skv. 41. gr., sem lögð voru á á árinu 1988, skulu að ¾ hlutum greiðast í ríkissjóð og skulu greiðast ríkissjóði 1. júní 1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í fyrsta lagi til þess að draga úr réttaróvissu varðandi skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana. Í öðru lagi er með frumvarpi þessu gerð tillaga um heimildir til að setja reglur um gjaldeyris- og endurlánajöfnuð innlánsstofnana í því skyni að draga úr gengisáhættu. Í þriðja lagi er tilgangur frumvarpsins að skerpa heimildir stjórnvalda til að tryggja hóflegar vaxtaákvarðanir. Loks er lagt til í frumvarpinu að ¾ hlutar af fé sem innheimt er hjá innlánsstofnunum sem viðurlög skv. 41. gr. seðlabankalaganna renni í ríkissjóð. Eru þessar tillögur fluttar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana, sem byggja á ákvæðum 4. mgr. 8. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, eru nú frá 30. desember 1988. Innan þess þrönga ramma, sem lögin setja Seðlabankanum til reglusetningar í þessu tilliti, veita reglurnar, sem nú eru í gildi, mörgum innlánsstofnunum svigrúm til að bæta „lausafé" sitt með því að taka erlend lán til endurlána í stað þess fjár af innlendum gjaldeyrisreikningum (IG) sem áður hafði verið varið til útlána. Þannig losa þær IG fé og leggja það inn á reikninga sem teljast með lausu fé. Þetta er óæskileg þróun m.a. frá peningapólitísku sjónarmiði. Seðlabankinn reyndi að afstýra þessu með reglum sem hann setti síðastliðið vor, en féll síðan frá í lok ársins þar sem nánari athugun þótti sýna að þær væru ekki að öllu leyti innan ramma 8. gr. seðlabankalaganna. Reglurnar, sem giltu síðari hluta síðasta árs, og taldar voru stangast á við ákvæði laganna, voru þannig að með lausu fé töldust hvorki erlendir peningar né nettógjaldeyrisinnlán í öðrum innlánsstofnum að fullu, þar eð Seðlabankinn taldi að þau gætu verið „bundin" við það að mæta ýmsum gjaldeyrisskuldum. Með lausu fé taldist því aðeins svonefndur heildargjaldeyrisjöfnuður, þ.e. allar gengisbundnar eignir að frádregnum gengisbundnum skuldum. Töldu fulltrúar innlánsstofnana að Seðlabankinn leggði með þessu annan skilning í orðin „óbundin nettóinnlán" en venja er. Seðlabankinn taldi aftur á móti að gjaldeyrisinnstæður væru ekki „óbundnar" ef innlánsstofnun gæti ekki selt þær fyrir íslenskar krónur til að mæta skuldbindingum sínum.

Með þeim breytingum, sem lagðar eru til á 4. mgr. 8. gr. seðlabankalaganna með 1. gr. frumvarps þessa, er reynt að leysa þennan vanda og gera Seðlabankanum kleift að færa reglur um laust fé innlánsstofnana til skynsamlegri vegar eins og stefnt var að með reglum eins og þær voru settar á tímabilinu 1. júní til ársloka 1988. Breytingin er einungis fólgin í því hvernig farið er með gengisbundna liði við uppgjör á lausu fé. Önnur atriði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru óbreytt frá gildandi lögum. Þar á meðal eru „aðrar sambærilegar eignir" taldar með lausu fé en nokkuð hefur verið um það rætt hvað átt sé við með þeim. Telja verður æskilegt að lögin feli í sér vissan sveigjanleika hvað varðar skilgreiningu á lausu fé, þar eð breytingar eru örar á fjármagnsmarkaðnum. Því er ekki lagt til að reynt sé að setja ákveðnara orðalag í stað orðanna „aðrar sambærilegar eignir". Eins og fram kemur í fylgiskjali I mun breyting á 4. mgr. bæta stöðu þeirra banka sem þjóna útflutningsstarfsemi.

Í annan stað er lagt til að bæta nýrri málgrein, 5. mgr., við 8. gr. laganna til þess að skjóta styrkari stoðum undir reglur um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana. Slíkar reglur sem nú er settar aðallega með tilvísun til 10. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en samkvæmt orðanna hljóðan fjalla þær, þó aðallega 10. gr., um tiltekin viðskipti milli banka sem talin eru vera of takmörkuð sem grunnur undir heildarreglur af þessu tagi. Reglur þessar hafa eigi síður nú en áður veigamiklu hlutverki að gegna ef lögfest

verður breyting á 4. mgr. greinarinnar samkvæmt framanskráðu. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir að Seðlabankinn geti beitt innlánsstofnanir viðurlögum sem ekki hefur verið mögulegt til þessa vegna skorts á heimild til slíks. Ráðgert er að viðurlögin renni að ¾ hlutum í ríkissjóð, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 2. mgr. 9. gr. laganna sem felst í því að Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra betur tryggt að raunvaxtaákvarðanir innlánsstofnana á útlánahlið séu hóflegar og leiði ekki til hærri vaxta en að jafnaði eru í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Seðlabankinn getur samkvæmt orðalagi tillögunnar einnig bundið vaxtaákvarðanirnar til þess að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana. Seðlabankinn getur á þessum grundvelli metið alla þætti í ávöxtun og ávöxtunarkröfum í peningastofnunum. Með breytingunni er áréttuð heimild Seðlabankans til þess að veita vaxtamyndun aðhald, enda ríkja hér skilyrði fákeppni á tiltölulega lokuðum markaði.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á 41. gr. laganna. Samkvæmt lögum og reglugerð um Seðlabankann hefur bankinn heimild til þess að innheimta viðurlög, ef hlutfall lausafjár er fyrir neðan sett mörk eða ekki er staðið við skyldu til innlánsbindingar. Eru þessi viðurlög mjög mikilvæg til þess að tryggja að settum reglum sé fylgt í þessum efnum, en það er aftur á móti grundvallaratriði við framkvæmd stefnu Seðlabankans í peningamálum. Hjá því verður hins vegar ekki komist að há viðurlög, sem einstaka stofnanir þurfa að greiða, leiði til óánægju og þrýstings, bæði á Seðlabankann og stjórnvöld, um að lina tökin og hygla einstökum stofnunum með einum eða öðrum hætti. Það eykur hins vegar vafalaust þrýsting innlánsstofnananna að Seðlabankinn hafi verulegar tekjur af þessum viðurlögum og sumir gera því jafnvel skóna að þær tekjur hafi áhrif á ákvarðanir Seðlabankans í þessum efnum. Vegna þess hve miklu hlutverki þessi stjórntæki Seðlabankans gegna er mikilvægt að þau verði ekki veikt vegna áróðurs af þessu tagi, enda hafa tekjur af viðurlögum aldrei verið forsenda í ákvörðunum Seðlabankans.

Líklegasta leiðin til þess að ná þessu markmiði er að breyta seðlabankalögunum í þá veru að innheimt viðurlög skv. 41. gr. laganna renni að einhverju eða öllu leyti til ríkissjóðs. Hér er lagt til að þau renni til ríkissjóðs að ¾ hlutum. Með því móti væri ljóst að Seðlabankinn hefði ekki verulegan hag af slíkum viðurlögum til eða frá og að kröfur um endurgreiðslu þessa fjár með einum eða öðrum hætti væru kveðnar niður.

Það skal upplýst að viðurlög, sem innheimt voru á árinu 1988, námu samtals 335,8 milljónum króna.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæði um að innheimt viðurlög á árinu 1988 skuli að ¾ hlutum greiðast í ríkissjóð. Er þar samkvæmt framangreindu um 251,8 milljónir króna að ræða.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Greinargerð peningamáladeildar Seðlabanka Íslands um breytingu bindingar- og lausafjárreglna.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarps um breytingu á lögum um Seðlabankann er skilgreining á lausu fé sem felur í sér að gengisbundið fé, sem talið er með lausu fé, verði takmarkað við heildargengisbundnar eignir umfram skuldir, eins og reglur Seðlabankans 1. júní til 31. desember 1988 gerðu ráð fyrir. Er Seðlabankinn féll frá þeim reglum um áramótin urðu í raun þríþættar breytingar á reglunum. Í fyrsta lagi taldist meira fé með lausu fé en áður. Í öðru lagi var reiknigrunnurinn, þ.e. ráðstöfunarfé sem lausafjárhlutfallið reiknast af, stækkaður því inn í hann voru tekin innlán á innlendum gjaldeyrisreikningum. Í þriðja lagi var lausafjárhlutfallið hækkað úr 9 í 10% af ráðstöfunarfé. Verði frumvarpið að lögum mundi væntanlega verða breytt til baka þannig að reiknigrunnurinn lækkaði aftur og lausafjárhlutfallið einnig.

Rétt er að geta þess að til athugunar er einnig breyting á framkvæmd bindiskyldu að fenginni heimild viðskiptaráðherra á gundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Er þar um að ræða að binding reiknist af ráðstöfunarfé í íslenskum krónum í stað innlána. Við það breikkar grundvöllur bindingarinnar því að inn í hann kæmi m.a. verðbréfaútgáfa banka og veðdeilda. Grundvöllur bindingar mundi stækka við þetta um nálægt 20% og gæti því bindihlutfallið lækkað úr 12% í 10%. Bindiskylda er nú 12% af innlánum. Annað ráðstöfunarfé innlánsstofnana hefur aukist verulega að undanförnu, ekki síst verðbréfaútgáfa banka og veðdeilda þeirra. Þetta nýja ráðstöfunarfé hafa stofnanirnar til útlána engu síður en innlán. Það mundi styrkja hagstjórnarhlutverk bindiskyldu að hún reiknaðist einnig af þessu fé. Verðbréfaútgáfa banka yrði þá ekki leið framhjá bindingu eins og verið hefur.

Samfara breytingu á grunni bindiskyldu væri eðlilegt að breyta framkvæmd bindingar hvað varðar færslu vaxta og/eða verðbóta af bundnu fé. Til þessa hafa vextir og verðbætur verið færð á bundna reikninga í lok árs, en við umrædda breytingu yrði það gert í lok hvers mánaðar þar eð bindingin yrði reiknuð af ráðstöfunarfé sem m.a. innifelur áfallna vexti innlána. Vextir og/eða verðbætur bundna fjárins kæmu því innlánsstofnunum til góða jafnóðum og þær falla til í stað þess að geymast til loka hvers árs.

Ljóst er að framangreindar breytingar hafa mismunandi áhrif á einstaka banka og sparisjóði og kann því að þurfa að veita nokkrum þeirra aðlögunarfrest. Ekki er unnt að greina áhrifin nákvæmlega þar sem miklu skiptir hvernig þeir hafa brugðist við lausafjárreglunum frá áramótum, en upplýsingar um það liggja ekki enn fyrir. Nýjustu tölur, sem fyrir liggja, benda til að aðgerðirnar sem hér um ræðir kæmu sér vel fyrir þá banka sem mesta fyrirgreiðslu veita útflutningsatvinnuvegunum.

Fylgiskjal II.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. febrúar 1989 um peninga- og vaxtamál.

Ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í peninga- og vaxtamálum sem hefur að meginmarkmiði að koma á lægri raunvöxtum en stuðla jafnframt að betra jafnvægi á lánamarkaði með ýmsum umbótum í peninga- og vaxtamálum. Helstu markmiðin eru:

- ★ Með samræmdu átaki verði unnið að því að lækka raunvexti þannig að vextir af verðtryggðum ríkisskuldabréfum verði ekki hærri en 5% og raunvextir af öðrum fjárskuldbindingum lagi sig að því.
- ★ Vaxtamunur hjá bönkum og sparisjóðum og öðrum lánastofnunum minnki frá því sem nú er.
- ★ Starfskilyrði fjármálastofnana verði samræmd með breytingum á reglum um bindi- og lausafjárskyldu og hvað varðar heimildir til tímabundinnar íhlutunar um ávöxtunarkjör.
- ★ Skipulag bankakerfisins verði bætt og samkeppni aukin á lánamarkaði.

Til þess að ná fram þessum markmiðum hefur ríkisstjórnin ákveðið margvíslegar ráðstafanir.

Ríkisstjórnin felur Seðlabankanum að stuðla að því að vextir á lánamarkaðnum lagi sig að vöxtum á ríkisskuldabréfum að teknu tilliti til áhættu og annarra atriða sem máli skipta. Ríkisstjórnin hefur veitt Seðlabankanum heimild til þess að beita ákvæðum 9. gr. seðlabankalaganna, ef þörf krefur, til þess að markmiðum hennar í peninga- og vaxtamálum verði náð. Jafnframt mun ríkissjóður neyta stöðu sinnar sem langstærsti lántakandi á innlendum fjármagnsmarkaði til þess að ná fram hóflegum raunvöxtum af ríkisskuldabréfum, m.a. þeim sem lífeyrissjóðir kaupa af ríkissjóði og byggingarsjóðum ríkisins, jafnframt því sem dregið verður úr lánsfjárþörf ríkissjóðs með ítrasta aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Seðlabankanum er í samráði við viðskiptaráðuneytið falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánssamninga. Seðlabankanum er falið að beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtunarkjörum viðskiptaskuldabréfa og viðskiptavíxla og á skiptikjarareikningum í innlánsstofnunum. Honum er einnig falið að fylgjast náið með þróun vaxtamunar inn- og útlána og beita ákvæðum í seðlabankalögum til að innlánsstofnanir leggi fram áætlanir um þróun vaxtamunar samhliða tilkynningum um vaxtaákvarðanir. Nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins, sem vinnur að athugun á þróun vaxtamunar í bankakerfinu, er falið að móta tillögur um minnkun vaxtamunar.

Ríkisstjórnin hefur undirbúið og mun leggja fyrir Alþingi á næstu dögum ýmis frumvörp til breytinga á lögum til að tryggja að markmið hennar nái fram að ganga.

Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem verður kveðið skarpar á um heimildir bankans til að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að í lögum um verðbréfafyrirtæki og eignarleigustarfsemi verði hliðstæð ákvæði þannig að allir aðilar á fjármagnsmarkaði sitji við sama borð í þessu efni. Þá verður laust fé innlánsstofnana skilgreint með markvissari hætti en verið hefur og kveðið á um að stærstur hluti viðurlaga, sem Seðlabankinn innheimtir af

innlánsstofnunum, renni í ríkissjóð. Jafnframt verður reglugerð um bindi- og lausafjárskyldu breytt þannig að miðað verði við ráðstöfunarfé innlánsstofnana en ekki innlán eins og nú er. Breyttar reglur um bindi- og lausafjárskyldu munu jafna starfskilyrði innlánsstofnana og koma bönkum sem þjóna útflutningsgreinum til góða. Þær eru jafnframt forsenda þess að unnt verði að beita bindiskyldu eða hliðstæðum kvöðum á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði til þess að jafnræðis sé gætt.

Ríkisstjórnin mun leggja til breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem skilgreina nánar og auka verksvið bankaráða m.a. hvað varðar vaxtaákvarðanir, gjaldskrár, skuldabréfaútgáfu og viðskiptahætti jafnframt því sem þær girða fyrir hagsmunaárekstra.

Ríkisstjórnin mun flytja frumvarp um breytingu á vaxtalögum til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu á aðstöðu í lánsviðskiptum. Þá verður lagt til að í lögunum verði kveðið á um að vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða verði áfram háð staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrirliggjandi frumvörp um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði og um eignarleigufyrirtæki verði að lögum sem fyrst.

Ríkisstjórnin mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna lánastofnana hér á landi og áætlun um aðlögun íslenska lánamarkaðarins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Í þessu felst m.a. að íslensku atvinnulífi verði tryggð sambærileg aðstaða á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum. Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja með aukinni samkeppni og hagræðingu í bankakerfinu og nánari tengslum innlends lánamarkaðar við fjármagnsmarkaði í nágrannalöndunum. Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð eða ábyrgð banka eða sjóða í eigu ríkisins verða takmarkaðar en hins vegar verða heimildir fyrirtækja til að taka erlend lán á eigin ábyrgð rýmkaðar. Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi.

Þá mun ríkisstjórnin flytja frumvarp til breytinga á verðtryggingarkafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., þannig að þar komi inn ákvæði sem heimila Seðlabankanum með samþykki viðskiptaráðuneytis að setja reglur um lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga og að ákveða að vextir verðtryggðra lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Ríkisstjórnin mun fela Seðlabankanum að lengja lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga eftir því sem verðbólga hjaðnar. Í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar ætlar hún sér að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og lánskjara þegar jafnvægi í efnahagsmálum er náð.

Seðlabankinn gegnir lykilhlutverki í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og vaxtamálum. Ríkisstjórnin felur honum að vinna að framgangi þeirrar stefnu sem mörkuð er með þessari samþykkt.

Ed. 447. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist:

Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það, þegar sérstaklega stendur á, veitt viðkomandi aðila frest í allt að 3 mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

2. gr.

4. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð ákvarðar vexti bankans og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum, sem bankinn gefur út, og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum.

5. mgr. 21. gr. hljóði svo:

Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 5. mgr. færist aftur og verði 6. mgr.

3. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 2. mgr. 33. gr. færist aftur og verði 3. mgr.

4. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans, skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð, nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um viðskiptabanka öðluðust gildi 1. janúar 1986. Eftir þriggja ára reynslu af framkvæmd laganna og í ljósri breyttra aðstæðna þykir nú rétt að leggja til nokkrar breytingar á þeim. Hér er fyrst og fremst um að ræða breytingar sem miða að því að skýra betur ákvæði núgildandi laga, girða fyrir hagsmunaárekstra og skilgreina verkefni bankaráða annars vegar og bankastjóra hins vegar. Að hluta til er hér endurflutt efni lagafrumvarps sem flutt var á 110. löggjafarþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Komið hefur upp það álitamál hvort hlutafjáreign teljist þátttaka í atvinnurekstri. Meirihlutaeign í hlutafélagi telst tvímælalaust þátttaka í atvinnurekstri og í mörgum tilvikum á það einnig við um eignarhald á minni hluta hlutabréfa í félagi. Svo er t.d. þegar hlutafjáreignin er þess eðlis að hún sé til þess fallin að hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækis, t.d. með hliðsjón af stærð eignarhlutarins, tengslum við stjórn fyrirtækisins, áhrifamætti hlutar miðað við valdahlutföll á hluthafafundum o.fl. Í öðrum tilvikum getur eignarhald smáhluta t.d. í almenningshlutafélagi, sem til er komið vegna arftöku eða ávöxtunar sparifjár, fallið utan þátttöku í atvinnurekstri í skilningi greinarinnar. Hér er lagt til að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands úrskurði í einstökum tilvikum, þar sem vafi þykir leika á hvort skilyrði greinarinnar séu uppfyllt og að það geti gefið viðkomandi aðila frest til þess að fullnægja settum skilyrðum.

Um 2. gr.

Hér er í fyrsta lagi gerð tillaga um ákveðnara orðalag varðandi hlutdeild bankaráða í vaxtaákvörðunum og ákvörðunum um þjónustugjöld banka, en verkaskipting bankaráða og bankastjórna virðist í einstökum tilvikum hafa verið óljós. Það liggur í hlutarins eðli, að bankaráð á tvímælalaust að taka ákvörðun um jafn þýðingarmikil atriði sem vexti bankans og þjónustugjöld. Lögð er sú skylda á bankaráð að þau gæti þess að ávöxtunarkrafa bankans í viðskiptum með viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréf sé sambærileg við vexti sem bankinn tekur í útlánum í sambærilegum áhættuflokkum.

Í öðru lagi er gerð tillaga um nánari útfærslu á núverandi ákvæði laganna varðandi almennar reglur um lánveitingar bankans. Lagt er til að í ákvæðinu sé kveðið á um að í hinum almennu reglum, sem settar eru um lánveitingar og ábyrgðir, skuli m.a. vera ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánunum. Reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega. Gert er ráð fyrir að sama málsmeðferð gildi um ábyrgðir og tryggingar. Á þennan hátt er þess m.a. freistað að draga úr líkum á stóráföllum í rekstri banka og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigenda. Það er gullvæg regla í rekstri innlánsstofnana að þær bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptaaðilum, enda hafa fjárhagsörðugleikar banka oft stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í þeim efnum.

Um 3. gr.

Í íslenskum stjórnarfarsrétti hafa ekki almennt verið lögfestar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana, gagnstætt því sem er um handhafa dómsvalds hér á landi. Rétt þykir nú að gera í lögum strangari kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem banka, þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær og því mikilvægt að tryggja óháðar ákvarðanir. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim sem eru í bankalöggjöf nágrannalanda okkar.

Um 4. gr.

Með lögum nr. 12 29. apríl 1986, um ríkisendurskoðun, var Ríkisendurskoðun falið m.a. að endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Sú breyting, sem hér er lögð til, er í samræmi við ákvæði ofangreindra laga um ríkisendurskoðun og er gerð í kjölfar endurskoðunar á ákvæðum viðskiptabankalaga um skoðunarmenn eins og lagt var til í framhaldsnefndaráliti á þskj. 753 frá fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis á 108. löggjafarþingi.

Ekki er þörf á að breyta ákvæðum laga nr. 86/1985 hvað þetta snertir að öðru leyti og munu þau ákvæði laganna sem fjalla um skoðunarmenn taka jafnt til skoðunarmanna Ríkisendurskoðunar sem og þeirra skoðunarmanna er ráðherra tilnefnir.

Í 6. gr. laga nr. 12/1985 segir að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun þeirra fyrirtækja sem ríkisjóður eigi að hálfu eða meira og gildir þetta einnig um þá hlutafélagsbanka er ríkið kann að eiga. Um þetta er að finna ákvæði í 2. mgr. 40. gr. viðskiptabankalaga og er óþarft að breyta því ákvæði enda yrði skoðunarmaður ávallt tilnefndur af Ríkisendurskoðun og kjörinn á aðalfundi hlutafélagsbanka eins og mælt er fyrir í 2. mgr. 40. gr. laganna nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Um 5. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 54. gr. laganna. Hefur borið á því að viðskiptabankar, þar sem bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem bankarnir nota til starfsemi sinnar, er hærra en nemur 65% af eigin fé bankanna, telji sér í sjálfsvald sett að hækka þetta hlutfall, m.a. með því að bæta við útibúum, á því fimm ára aðlögunartímabili sem ákveðið er í lögunum (1986–1990), og telji nóg að hafa farið niður í 65% hlutfallið í lok tímabilsins. Tekin eru af öll tvímæli um það í frumvarpinu að lögin heimili ekki svo frjálslega túlkun. Þó er gert ráð fyrir möguleika á undanþágum í undantekningartilvikum.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Ed. 448. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr. Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

2. gr.

1. mgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta Verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.

2. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. september 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í fyrsta lagi flutt í því skyni að bæta úr ágöllum núgildandi ákvæða laganna varðandi skipan varamanna í Verðlagsráði og skyldu til að gefa Verðlagsstofnun umbeðnar og nauðsynlegar upplýsingar vegna framkvæmdar laganna. Í öðru lagi er í því lagt til að verðlagning orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falli undir lögin frá því að yfirstandandi verðstöðvun lýkur og til 1. september 1989.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Verðlagsráð kemur oft saman til mikilvægra ákvarðana með litlum fyrirvara. Reynslan hefur sýnt að þeir aðalmenn, sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu í ráðið, eiga oft erfitt með að mæta á fundum þess við slíkar aðstæður og sama hefur gilt um varamenn þeirra.

Það er því eindregin ósk þessara aðila að varamönnum þeirra verði fjölgað. Er hér lagt til að skipaðir verði bæði 1. og 2. varamaður, sem taki sæti eftir röð, þannig að 2. varamaður sé kvaddur til fundar, ef bæði aðalmaður og 1. varamaður eru forfallaðir.

Um 2. gr.

Eins og 49. gr. laganna er nú orðuð er gert ráð fyrir dagsektum við vanskil skýrslna og gagna, sem Verðlagsstofnun óskar eftir og sem henni eru nauðsynleg vegna starfa sinna, einkum hvað varðar verðgæslu og verðkannanir. Dagsektaákvæðið hefur reynst ónothæft til þess að knýja á um skil umbeðinna upplýsinga. Því er lagt til að það verði fellt úr gildi, en þess í stað komi tilvísun til 52. gr., þar sem er að finna almenn refsiákvæði vegna brota á lögunum.

Um 3. gr.

Verðlagning orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna fer eftir sérstökum lögum og er því undanþegin ákvæðum laganna. Þegar tímabundinni verðstöðvun lýkur hinn 1. mars 1989 þykir nauðsynlegt að beita um skeið sérstöku aðhaldi í verðlagsmálum þar á meðal varðandi verðlag á innlendri orku. Því er lagt til að Verðlagsráð fjalli um verðlagningu orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna tímabundið um sex mánaða skeið. Á það er rétt að benda í þessu sambandi að orkuverð er yfirleitt ekki niðurgreitt og ræðst fyrst og fremst af framleiðslu- og dreifingarkostnaði líkt og gildir um almennt verðlag á vöru og þjónustu sem fellur undir verðlagslögin. Á þessu sviði er samkeppni takmörkuð, seljendur fáir en kaupendur margir og oftast bundnir einum orkusöluaðila.

Fylgiskjal.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. febrúar 1989 um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar.

Ríkisstjórnin samþykkir að við lok verðstöðvunar, sem í gildi hefur verið frá því í lok ágúst á síðasta ári og lýkur 28. febrúar n.k., taki við sex mánaða umþóttunartímabil í verðlagsmálum með sérstöku aðhaldi að verðhækkunum. Ríkisstjórnin felur Verðlagsráði og Verðlagsstofnun að framkvæma þessa ákvörðun og leggur í því sambandi áherslu á eftirfarandi atriði:

- ★ Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að náið verði fylgst með verðlagsþróun í einstökum greinum eftir að verðstöðvun lýkur. Í því skyni verði fyrirtækjum skylt að tilkynna verðhækkanir og ástæður fyrir þeim til verðlagsyfirvalda þegar eftir er leitað. Komi í ljós að verðhækkanir verði umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til skulu verðlagsyfirvöld beita tímabundið ýtrustu ákvæðum verðlagslaga eftir því sem efni standa til. Til þess að tryggja örugg skil á upplýsingum til Verðlagsstofnunar mun ríkisstjórnin leggja fram á Alþingi frumvarp til breytinga á 49. gr. verðlagslaga um viðurlög við vanrækslu á tilkynningaskyldu.
- ★ Ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að fylgjast sérstaklega með verðákvörðunum einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja, sbr. ákvæði verðlagslaga um slík fyrirtæki, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða opinber þjónustufyrirtæki. Þetta á einnig við um verðákvarðanir sem teknar eru af samtökum starfsgreina en þau hafa að öðru jöfnu meiri möguleika en fyrirtæki í samkeppnisgreinum til að snögghækka verð í kjölfar verðstöðvunar.
- ★ Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til tímabundna breytingu á verðlagslögum þannig að á umþóttunartímanum verði hækkun á orkuverði háð samþykki verðlagsyfirvalda.
- ★ Ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að sinna verðkönnunum af árvekni og kynna niðurstöður þeirra rækilega. Jafnframt er nauðsynlegt að halda áfram samanburðarkönnunum á verðlagi hér á landi og í nágrannalöndum. Ríkisstjórnin mun styðja sérstakt átak á þessu sviði.
- ★ Loks leggur ríkisstjórnin það fyrir Verðlagsstofnun að hún taki upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi. Þetta er mikilvægt vegna þess að opinbert verðlagseftirlit hversu gott sem það er getur aldrei komið í staðinn fyrir árvekni neytenda.

Nd. 449. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá forsætisráðherra.

1. Síðasti málsl. 3. gr. orðist svo: Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjársjóði Byggðastofnunar og leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.
2. Í stað lokamálsl. 6. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar með töldum lántökuskatti. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem Atvinnutryggingarsjóður veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi. Öll skjöl vegna útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjala vegna lána sem hlutabréfasjóður Byggðastofnunar kann að veita eða taka skulu undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjársjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Til sjóðsins skal einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs, ef Alþingi ákveður svo, annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum.
   Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsætisráðherra.
5. Lokamálsliður 10. gr. falli brott.

Sþ. 450. Svar [15. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur um leiðbeinendur og stundakennara í grunnskólum og framhaldsskólum.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

Reykjavík	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Stöðugildi*	*Hlutfall*
Grunnskólakennarar	852	95,95%	749,80	97,11%
Leiðbeinendur	36	4,15%	22,29	2,89%
Reykjanesumdæmi				
Grunnskólakennarar	613	85,38%	541,23	86,63%
Leiðbeinendur	105	14,62%	83,53	13,37%
Vesturlandsumdæmi				
Grunnskólakennarar	179	72,76%	164,19	76,51%
Leiðbeinendur	67	27,24%	50,40	23,49%
Vestfjarðaumdæmi				
Grunnskólakennarar	82	50,62%	71,53	51,30%
Leiðbeinendur	80	49,38%	67,90	48,70%
Norðurlandsumdæmi vestra				
Grunnskólakennarar	109	57,98%	103,09	67,00%
Leiðbeinendur	79	42,02%	50,79	33,00%
Norðurlandsumdæmi eystra				
Grunnskólakennarar	275	68,41%	241,41	74,97%
Leiðbeinendur	127	31,59%	80,69	25,03%

Austurlandsumdæmi	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Stöðugildi*	*Hlutfall*
Grunnskólakennarar	141	58,51%	114,09	61,62%
Leiðbeinendur	100	41,49%	71,06	38,38%
Suðurlandsumdæmi				
Grunnskólakennarar	254	72,57%	210,80	79,60%
Leiðbeinendur	96	27,43%	53,90	20,40%
Landið allt				
Grunnskólakennarar	2505	78,38%	2196,14	82,05%
Leiðbeinendur	690	21,62%	480,56	17,95%

2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

Reykjavík	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Stöðugildi*	*Hlutfall*
Framhaldsskólakennarar	397	69,00%	498,70	72,00%
Leiðbeinendur	178	31,00%	193,30	28,00%
Reykjanesumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	111	61,00%	140,30	66,70%
Leiðbeinendur	71	39,00%	70,10	33,30%
Vesturlandsumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	24	55,80%	34,90	61,40%
Leiðbeinendur	19	44,20%	21,90	38,60%
Vestfjarðaumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	10	58,80%	14,00	63,60%
Leiðbeinendur	7	41,20%	8,00	36,40%
Norðurlandsumdæmi vestra				
Framhaldsskólakennarar	7	38,90%	10,40	38,90%
Leiðbeinendur	11	61,10%	16,30	61,10%
Norðurlandsumdæmi eystra				
Framhaldsskólakennarar	72	57,10%	94,20	64,80%
Leiðbeinendur	54	42,90%	51,20	35,20%
Austurlandsumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	15	40,50%	18,60	42,50%
Leiðbeinendur	22	59,50%	25,20	57,50%

Suðurlandsumdæmi	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Stöðugildi*	*Hlutfall*
Framhaldsskólakennarar	47	56,60%	53,70	53,30%
Leiðbeinendur	36	43,40%	47,00	46,70%
Landið allt				
Framhaldsskólakennarar	683	63,20%	864,80	66,40%
Leiðbeinendur	398	36,80%	433,00	33,60%

3. Hve margir stundakennarar á hvoru skólastigi fyrir sig starfa án kennsluréttinda?

Engir stundakennarar eru án réttinda en samtals 690 leiðbeinendur starfa við grunnskóla landsins, settir til eins árs eða ráðnir af viðkomandi skólastjórum með heimild frá undanþágunefnd eða ráðherra. Í framhaldsskólum eru leiðbeinendur 398.

4. Hve margir hinna réttindalausu stundakennara á hvoru skólastigi fyrir sig ná lægsta launaþrepi kennara?

Hér á fyrirspyrjandi væntanlega við lægsta launaflokk kennara. Samkvæmt upplýsingum launadeildar fjármálaráðuneytisins ná 45 leiðbeinendur við grunnskóla lægsta launaflokki grunnskólakennara, en 39 leiðbeinendur við framhaldsskóla lægsta launaflokki framhaldsskólakennara.

5. Hefur umsóknum fyrir leiðbeinendur verið synjað? Ef svo er, hve mörgum á hvoru skólastigi?

Átta beiðnum frá skólastjórum grunnskóla um að ráða leiðbeinendur hefur verið hafnað og nálægt 20 beiðnum verið vísað frá. Engri beiðni frá framhaldsskólum hefur verið synjað, en 13 umsóknum var vísað til ráðherra til úrskurðar.

6. Hve margir kennarar á hvoru skólastigi eru í launalausu leyfi skólaárið 1988–1989?

Alls 175 grunnskólakennarar eru í launalausu leyfi á yfirstandandi skólaári og 64 framhaldsskólakennarar.

7. Hver hefur fjöldi kennara í launalausu leyfi verið undanfarin fimm skólaár, sundurliðað eftir skólastigum?

Kennarar í launalausu leyfi undanfarin fimm skólaár:

	Grunnskólar	*Framhaldsskólar*
1987–1988	180	58
1986–1987	181	66
1985–1986	232	71
1984–1985	166	53
1983–1984	135	37

Ed. 451. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um norrænan þróunarsjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 7. febr. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Margrét Frímannsdóttir.	Halldór Blöndal.	Jóhann Einvarðsson.
	Sólveig Pétursdóttir.	

Ed. 452. Frumvarp til laga [244. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Orðið „sýslufélög“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falli brott.

2. gr.

2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna einn mann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sparisjóðsins. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tvo stjórnarmenn. Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir alla stjórnina.

B-liður 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

b. að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. bætist:

Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut, sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum, hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það veitt viðkomandi aðila frest í allt að 3 mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á.

4. gr.

3. mgr. 24. gr. hljóði svo:

Sparisjóðsstjórn ákvarðar vexti sparisjóðsins og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn fjallar einnig um vexti af skuldabréfum, sem sparisjóðurinn gefur út og þá vexti sem sparisjóðurinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal sparisjóðsstjórn gæta þess, að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sparisjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum.

4. mgr. 24. gr. hljóði svo:

Sparisjóðsstjórn setur og að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu, sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 4. mgr. færist aftur og verði 5. mgr.

5. gr.

3. mgr. 38. gr. hljóði svo:

Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 3. mgr. 38. gr. færist aftur og verði 4. mgr.

6. gr.

Við 1. mgr. 71. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar hærra en sem nemur 65% af eigin fé sparisjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, og geymir það svipuð ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Breyting sú, er hér er lögð til, er gerð í kjölfar þess að sýslunefndir hafa nú verið lagðar niður en sveitarsjórnir og héraðsnefndir hafa tekið við hlutverki þeirra, sbr. lög nr. 8/1986.

Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að breyta ákvæðum 5. og 21. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, eins og lagt er til í 1. og 2. gr. þessa frumvarps.

Að öðru leyti þarfnast greinar þessar ekki skýringa.

Um 3. gr.

Komið hefur upp það álitamál hvort hlutafjáreign teljist þátttaka í atvinnurekstri. Meirihlutaeign í hlutafélagi telst tvímælalaust þátttaka í atvinnurekstri og í mörgum tilvikum á það einnig við um eignarhald á minni hluta hlutabréfa í félagi. Svo er t.d. þegar hlutafjáreignin er þess eðlis að hún sé til þess fallin að hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækis, t.d. með hliðsjón af stærð eignarhlutarins, tengslum við stjórn fyrirtækisins, áhrifamætti hlutar miðað við valdahlutföll á hluthafafundum o.fl. Í öðrum tilvikum getur eignarhald smáhluta t.d. í almenningshlutafélagi, sem til er komið vegna arftöku eða ávöxtunar sparifjár, fallið utan þátttöku í atvinnurekstri í skilningi greinarinnar. Hér er lagt til að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands úrskurði í einstökum tilvikum, þar sem vafi þykir leika á, hvort skilyrði greinarinnar séu uppfyllt og að það geti gefið viðkomandi aðila frest til þess að fullnægja settum skilyrðum.

Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði sem gerð hefur verið tillaga um í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Um 4. gr.

Í lögum nr. 87 4. júlí 1985, um sparisjóði, er kveðið á um það í 3. mgr. 24. gr. að sparisjóðsstjórn setji að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins og skuli reglurnar sendar bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Jafnframt segir þar að sparisjóðsstjórnin móti með sama hætti meginreglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir viðskiptaaðilum sínum. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var vikið að því að í reglum um lánveitingar sparisjóða mætti m.a. kveða á um skyldu sparisjóðsstjóra til að tilkynna sparisjóðsstjórn fyrir fram sérstaklega stórar lánveitingar til einstakra viðskiptaaðila, tilkynningarskyldu sparisjóðsstjóra varðandi þær tryggingar sem teknar væru vegna slíkra lánveitinga, bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé sparisjóðs o.s.frv.

Talið er til bóta að kveða á um það að í hinum almennu reglum, sem settar eru um lánveitingarnar, skuli vera ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda, svo og að reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega. Gert er ráð fyrir að sama málsmeðferð gildi um ábyrgðir og tryggingar. M.a. á þennan hátt má freista þess að draga úr líkum á stórum áföllum í rekstri sparisjóða og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigenda. Í þessu sambandi má benda á að bankasérfræðingar telja óeðlilegt að innlánsstofnanir bindi fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptaaðilum, enda hafa fjárhagsörðugleikar innlánsstofnana oft stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í þeim efnum.

Um 5. gr.

Í íslenskum stjórnarfarsrétti hafa ekki almennt verið lögfestar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana, gagnstætt því sem er um handhafa dómsvalds hér á landi. Rétt þykir að gera í lögum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem sparisjóði þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær.

Um 6. gr.

Með ákvæði þessu er stefnt að samræmi við lögin um viðskiptabanka, en í frumvarpi til laga um breytingu á þeim lögum er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri samsvarandi grein í lögunum.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 453. Fyrirspurn [245. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkradagpeninga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Telur ráðherrann eðlilegt að upphæð sjúkradagpeninga sé 12.671 kr. á mánuði eins og nú er?
2. Ef ekki, hvenær er að vænta hækkunar á þessum framfærslueyri þeirra sem misst hafa tekjur vegna veikinda?

Nd. 454. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ragnar Arnalds og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1989.

Páll Pétursson, form. Árni Gunnarsson, frsm. Jón Kristjánsson.

Kristín Halldórsdóttir. Friðrik Sophusson.

Nd. 455. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ragnar Arnalds og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1989.

Páll Pétursson, form. Árni Gunnarsson, frsm. Jón Kristjánsson.

Kristín Halldórsdóttir. Friðrik Sophusson.

Sþ. 456. Fyrirspurn [246. mál]

til landbúnaðarráðherra um landnýtingaráætlun.

Frá Sigríði Hjartar.

Hvað líður gerð landnýtingaráætlunar sem samþykkt var með þingsályktun 22. maí 1984 að gerð yrði?

Ed. 457. Frumvarp til laga [247. mál]

um lögbókandagerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Lögbókandagerðir (notarialgerðir) eru valdsmannsathafnir sem sýslumenn framkvæma hver í sínu umdæmi. Nefnist sýslumaður lögbókandi (notarius publicus) við þær gerðir.

Starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands, sem veita sendiráðum erlendis forstöðu, og sendiræðismenn eru hver í sínu umdæmi lögbókendur varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Utanríkisráðherra getur veitt kjörræðismönnum Íslands erlendis sömu heimild.

Um hæfi lögbókanda til að annast lögbókandagerð fer eftir almennum reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við á.

Ekki er þörf votta við lögbókandagerðir, nema þar sem slíkt er sérstaklega áskilið í lögum.

2. gr.

Lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Jafngildir hún vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til.

Að því leyti, sem reglur annarra laga kveða á um sérstakar gerðir lögbókanda eða framkvæmd þeirra, halda þær gildi sínu, en beita skal ákvæðum þessara laga að öðru leyti um þær gerðir, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Lögbókandagerð fer fram á starfsstöð lögbókanda, nema nauðsyn beri til annars vegna aðstæðna eða eðlis málefnisins.

Þeim, sem fara með lögbókandagerðir, skulu lagðar til á kostnað ríkissjóðs tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar gerðabækur. Slíkar bækur skulu löggiltar af því ráðuneyti sem hlutaðeigandi embættismaður heyrir undir.

4. gr.

Óski maður eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift hans á skjali skal hann sanna á sér deili og undirrita skjalið eða kannast við undirskrift sína að lögbókanda viðstöddum.

Nú er ástæða til að ætla að endurtekið verði óskað staðfestingar lögbókanda á undirskrift sama manns. Getur sá, sem svo er ástatt um, á eigin ábyrgð látið lögbókanda í té í eitt skipti fyrir öll sýnishorn undirskriftar sinnar. Áður skal hann sanna á sér deili og rita undir yfirlýsingu í gerðabók lögbókanda um að framvegis megi í skjóli hennar staðfesta samkvæmt bréflegri beiðni undirskrift hans undir skjöl sem lögbókanda berast í því skyni.

5. gr.

Nú lýsir maður því yfir í viðurvist lögbókanda að efni skjals sé í samræmi við ætlun sína, en hann sé ófær vegna líkamlegs heilsubrests um að undirrita það. Getur þá lögbókandi ritað vottorð um þetta á skjalið. Telst það vottorð hafa sömu þýðingu og ef sá, sem skjalið stafar frá, hefði sjálfur undirritað skjalið að lögbókanda viðstöddum.

6. gr.

Ef maður óskar eftir staðfestingu lögbókanda á hæfi sínu eða heimild til að standa að efni skjals skulu lögbókanda látin í té þau sönnunargögn um málefnið sem hann telur þörf. Lögbókandi verður að öðru leyti ekki krafinn um að meta hæfi eða heimild útgefanda skjals eða að afla gagna um þau efni, nema lög mæli á annan veg.

7. gr.

Lögbókandi ritar vottorð á skjöl sem hann staðfestir skv. 4., 5. eða 6. gr. Í vottorði hans skal tekið nákvæmlega fram til hvers eða hverra atriða staðfestingin tekur. Eftir því sem lögbókanda þykir ástæða til má hann geta í vottorði sínu með hverjum hætti þau atriði hafa verið sönnuð sem vottorðið fjallar um. Þá skal hann einnig geta annarra atriða, ef hann telur þau geta haft þýðingu við mat á hæfi þess, sem stendur að löggerningnum, eða við mat á gildi löggerningsins að öðru leyti. Við undirskrift sína undir vottorð skal lögbókandi tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting á sér stað.

8. gr.

Nú er þess beiðst að lögbókandi staðfesti undirskrift undir skjal á erlendu tungumáli eða efni þess. Má lögbókandi þá krefja þann, sem um gerðina biður, um þýðingu löggilts skjalaþýðanda á skjalinu, nema lögbókandi telji sjálfum sér fært að þýða það. Ef óskað er eftir að vottorð lögbókanda á skjali verði á erlendu tungumáli, skal sá, sem um það biður, leggja til þýðingu löggilts skjalaþýðanda á þeim texta vottorðs sem lögbókandi mælir fyrir um.

9. gr.

Nú er skjal, sem óskað er staðfestingar lögbókanda á, ætlað til afnota erlendis, og reglur eða venjur í viðkomandi ríki leiða til að efni þess hafi ekki tilætlaða þýðingu, nema það sé staðfest með eiði eða drengskaparheiti. Lögbókanda er þá heimilt að færa upplýsingar um meginefni skjalsins til bókar í gerðabók. Má sá, sem um staðfestingu lögbókanda biður, vinna eið eða drengskaparheit að sannleiksgildi efnis skjalsins, og skal það sérstaklega bókað.

Um framkvæmd og skilyrði heitfestingar skv. 1. mgr. skal farið eftir réttarfarsreglum um eiðvinning vitnis í einkamáli, eftir því sem við á.

10. gr.

Ef óskað er eftir að lögbókandi staðfesti að atburður hafi átt sér stað eða að athöfn hafi farið fram með tilteknum hætti skal hann kvaddur með hæfilegum fyrirvara til að vera viðstaddur.

Lögbókandi færir í gerðabók frásögn sína af þeim atburðum eða athöfnum sem hann staðfestir. Um efni bókunar skal eftir atvikum gæta ákvæða 7. gr. Bókun sína undirritar lögbókandi ásamt þeim sem hlut eiga að máli.

Ef sérstakar aðstæður krefjast þess getur lögbókandi fært efni löggernings jafnharðan í gerðabók eftir fyrirsögn þess sem hann stafar frá. Um staðfestingu lögbókanda á undirritun og efnisatriðum slíkra löggerninga gilda fyrirmæli 4. til 9. gr., eftir því sem við á.

11. gr.

Lögbókanda skulu afhent skjöl, sem honum er ætlað að staðfesta, í nægilegum fjölda samhljóða eintaka til að hann fái haldið einu eftir. Á því eintaki skulu vera undirritanir þeirra, sem hlut eiga að máli, auk vottorðs lögbókanda.

Með samritum skjala skv. 1. mgr. skulu geymd eintök þeirra sönnunargagna, sem lögbókanda hafa verið afhent skv. 6. gr., auk þýðinga skjala á erlendum tungumálum, ef þær hafa verið fengnar. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um varðveislu og umbúnað þessara skjala og sönnunargagna.

12. gr.

Staðfest endurrit eða myndrit af öðrum skjölum en viðskiptabréfum, sem lögbókandi varðveitir skv. 11. gr., teljast jafngild frumriti þeirra að lögum.

Að því leyti, sem bókun lögbókanda í gerðabók felur í sér löggerning manns, telst staðfest endurrit úr gerðabókinni samsvara skjalfestu eintaki löggerningsins.

13. gr.

Lögbókanda er óheimilt að láta af hendi endurrit eða myndrit skjala, sem hann varðveitir, eða endurrit úr gerðabók nema með samþykki þess sem um gerð hans hefur beðið. Nú er sá maður látinn og má lögbókandi þá láta af hendi endurrit eða myndrit til þeirra sem telja sig geta byggt rétt á efni skjalsins.

Nú hefur staðfestingar lögbókanda verið leitað til að sanna atburð eða athöfn, sem varðar réttindi annars manns en þess, er um gerðina hefur beðið, eða ótiltekins fjölda manna. Er þá lögbókanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að afhenda þeim, er telur málefnið sig varða, endurrit úr gerðabók varðandi viðkomandi atburð eða athöfn.

Lögbókanda ber að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Honum er óheimilt nema með samþykki þess, sem um gerð hans hefur beðið, að veita upplýsingar um hvort hún hafi farið fram eða um efni hennar, nema svo standi á að þeim, sem um upplýsingar biður, megi afhenda samrit eða endurrit löggernings eða gerðar samkvæmt reglum 1. eða 2. mgr.

14. gr.

Nú er óskað lögbókandagerðar, en lögbókandi telur að gerðin muni engum tilgangi þjóna eða að skilyrðum þessara eða annarra laga fyrir gerð með því efni, sem um er beðið, sé ófullnægt, og má hann þá hafna beiðni um gerðina. Lögbókanda er skylt að afhenda þeim, sem hann synjar um gerð, skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni, ef krafist er.

Þótt svo standi á sem í 1. mgr. segir má lögbókandi framkvæma gerð, ef hann telur eftir atvikum ekki ástæðu til að synja um hana, en í bókun sinni eða rituðu vottorði á skjali skal hann geta þeirra atriða sem hann telur áfátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Meðan lög nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., eru enn í gildi, skulu þeir embættismenn, sem þar er mælt fyrir, eftir sem áður fara með lögbókandagerðir (notarialgerðir) auk þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. 1. gr. laga þessara.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Opið bréf um testamenti og notarialgerðir 8. janúar 1823.
2. Í 1. málsl. 2. mgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, orðin „auk nótaríalgerða".
3. 3. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 43. gr. erfðalaga nr. 8 14. mars 1962.
4. 15. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39 16. apríl 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögbókandagerð er í frumvarpi þessu átt við það sama og nefnt hefur verið notarialgerð hér á landi að erlendri fyrirmynd. Í lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 72/1974, er kveðið á um að bæjarfógetar og sýslumenn, í Reykjavík borgarfógetar, hafi með höndum notarialgerðir, auk lögreglustjóra utan kaupstaða. Í fyrirliggjandi frumvarpi til laga, sem ætlað er til að leysa þau lög af hólmi, hefur verið gengið út frá að þessar gerðir verði framvegis í höndum sýslumanna sem fari með stjórnsýslustörf í þágu ríkisins í héraði. Í því frumvarpi er þó ekki kveðið á um einstök viðfangsefni sýslumanna, heldur ætlast til að þau ráðist af fyrirmælum annarra laga. Er því þörf sérstakrar lagasetningar um það hverjir fari með þessar gerðir, ef það frumvarp verður að lögum.

Hér á landi hefur líkt og næstu nágrannalöndum vantað almennar reglur um lögbókandagerðir (notarialgerðir) þótt gert sé ráð fyrir framkvæmd þeirra í ýmsum lögum, með þeim hætti að tiltekin opinber vottun skjala eða atburða eigi sér stað með atbeina lögbókanda (notarius publicus). Frá þessu er þó sú undantekning að í opnu bréfi 8. janúar 1823 um testamenti og notarialgerðir er að finna svohljóðandi almenn fyrirmæli í þessu sambandi:

„7. Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario uppálagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni, þó má, ef við þarf, annar áreiðanlegur maður . . . . setjast . . . . til að framkvæma verk hans í forföllum þessa embættismanns og ber þess í gerðunum, sem útgefast, að geta, er þau verk af þvílíkum útréttast.

8. Loksins ber notario til alls, er honum viðkemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka."

Af augljósum ástæðum hefur verið takmarkað gagn af þessum reglum við framkvæmd umræddra gerða sem eru algengar og geta tekið til fjölbreytilegra atriða. Vegna þess tilefnis, sem hefur gefist samkvæmt áðursögðu til að gera frumvarp til laga um þessar gerðir, hefur þótt rétt að leggja til setningu almennra reglna um framkvæmd þeirra til að taka af vafa um ýmis atriði sem risið hefur í þessum efnum.

Í lagaákvæðum um þær gerðir, sem frumvarp þetta tekur til, eru þær jafnan nefndar „notarialgerðir" (eða „nótaríalgerðir") og sá embættismaður, sem annast þær, nefndur heitinu „notarius publicus". Í frumvarpinu er lagt til að þessar gerðir verði nefndar lögbókandagerðir og samkvæmt því að sá maður, sem þær annast, beri heitið lögbókandi. Eru þessi hugtök tekin upp eftir fyrirmynd í lögum um verndun fornmenja, nr. 40/1907, sem að vísu eru fallin úr gildi fyrir fjölda ára síðan, en ekki er vitað til að annars staðar hafi verið leitast við að íslenska framangreind heiti í lögum.

Reglur laga nr. 74/1972 hafa eins og eldri lög um sama efni falið þeim embættismönnum að hafa lögbókandagerðir með höndum sem fara með dómstörf í héraði. Er hér um sömu skipan mála að ræða og þekkist í til dæmis Danmörku og Noregi. Hefur þetta haft í för með sér að á köflum hefur þótt óljóst hvort lögbókandagerðir verði taldar til dómsathafna eða umboðsstarfa héraðsdómara í þágu framkvæmdarvaldsins. Þeirri skoðun hefur almennt verið fylgt hér á landi, bæði í fræðiritum og framkvæmd, að gerðir þessar séu yfirvaldsgerðir, ekki dómsathafnir. Með frumvarpi þessu er tekið af skarið í þessum efnum til samræmis við þá skoðun. Er því gengið út frá að lögbókandagerðir verði í höndum sýslumanna sem frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ráðgerir að fari með stjórnsýslustörf í þágu ríkisins.

Eins og getið hefur verið hér á undan, eru ýmis sérákvæði í lögum, sem ráðgera að lögbókandagerðir fari fram í tilteknu skyni. Má í grófum dráttum flokka efni þessara reglna með eftirfarandi hætti:

Staðfesting undirritunar á skjali.

1. 15. gr. laga nr. 29/1885, um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar (undirritun veðskuldabréfa).
2. 2. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð (undirritun tilkynninga til firmaskrár).
3. 146. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög (undirritun tilkynninga til hlutafélagaskrár).

Staðfesting á hæfi manns til að standa að ráðstöfun.

1. 4. liður VI. kafla erfðalaga, nr. 8/1962 (staðfesting erfðaskráa).
2. 22. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978 (staðfesting fjárræðis þeirra sem gefa út skjöl til þinglýsingar).

Staðfesting á hvernig athöfn hefur farið fram og eftir atvikum einnig framkvæmd hennar.

1. 12. gr. laga nr. 1/1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík (útdráttur skuldabréfa).

2. 16. gr. laga nr. 60/1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (útdráttur skuldabréfa).
3. 44. gr. og 15. kapítuli víxillaga, nr. 93/1933 (víxilafsagnir).
4. 40. gr. og 13. kapítuli tékkalaga, nr. 94/1933 (tékkaafsagnir).
5. 89. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði (stefnubirtingar).
6. 3. gr. laga nr. 67/1947, um eignakönnun (útdráttur ríkisskuldabréfa).
7. 15. gr. laga nr. 73/1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (útdráttur skuldabréfa).
8. 11. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands (útdráttur vaxtamiða).

Um langan tíma hefur einnig tíðkast að nýta lögbókandagerðir til annarra þarfa en framangreindar reglur gefa til kynna. Hefur meðal annars gætt áhrifa af þeirri framkvæmd í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í 15. gr. laga nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, en í 7. gr. núgildandi reglugerðar um þetta efni, nr. 585/1987, er að finna fyrirmæli um gjaldtöku fyrir lögbókandagerðir sem þar eru taldar eftirfarandi:

1. Afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir.
2. Notarialvottorð á erfðaskrám.
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga.
4. Dráttur í happdrættum.
5. Útdráttur skuldabréfa.

Um þær gerðir, sem 3. og 4. liður hér að ofan taka til, er ekki að finna sérstök lagafyrirmæli að öðru leyti. Hér er þó um algengar gerðir lögbókanda að ræða, einkum við vottun samninga og annarra löggerninga varðandi viðskipti Íslendinga við erlenda menn eða fyrirtæki, enda munu lögbókandagerðir vera almennari í þessu sambandi erlendis en hér á landi. Af þessari ástæðu gerist iðulega að ekki sé aðeins óskað eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift manns undir skjal, sem nýta á erlendis, heldur einnig að viðkomandi maður sé bær um að ráðstafa viðkomandi hagsmunum. Svo víðtæk staðfesting af hendi lögbókanda þekkist hins vegar almennt ekki vegna þarfa hér á landi.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að breyta með neinum hætti framangreindum lagareglum eða framkvæmdavenjum um það við hverjar aðstæður lögbókandagerðum verður beitt eða til hvers þær taki. Hér er einungis leitast við að setja almennar reglur um hvernig standa beri að þeim gerðum og hverja þýðingu þær teljast hafa. Fyrrgreind lagafyrirmæli og venjur hafa hins vegar umtalsverð áhrif á efni frumvarpsins þar sem gengið er út frá að lögbókandagerða sé almennt ekki þörf við aðrar aðstæður en áður er getið.

Efnisskipan þessa frumvarps er í stuttu máli með þeim hætti að í 1. gr. er tiltekið hverjir fari með lögbókandagerðir og hverjum sérstökum hæfisskilyrðum viðkomandi verður að fullnægja. Í 2. gr. eru almenn fyrirmæli um þýðingu lögbókandagerða. Í 3. eru reglur um hvar lögbókandagerðir fari fram og um gerðabækur lögbókanda. Í 4. til 9. gr. eru reglur um vottun lögbókanda á undirskrift undir skjöl og fleiri atriði sem því tengjast. Í 10. gr. eru fyrirmæli um vottun atburðar eða athafnar. Í 11. til 13. gr. eru reglur um varðveislu lögbókanda á gögnum, þagnarskyldu hans og heimildir til að afhenda samrit gagna. Loks er í 14. gr. kveðið á um úrræði lögbókanda ef hann telur orka tvímælis að gerð geti náð fram að ganga.

Verður nú gerð nánari grein fyrir efni frumvarpsins með athugasemdum um einstök ákvæði þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafi 1. mgr. 1. gr. er tekið fram að lögbókandagerðir séu valdsmannsathafnir. Þetta er gert til að taka af tvímæli um að hér sé ekki um dómsathöfn að ræða. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum um frumvarpið hér á undan felst ekki breyting í þessu frá því sem

þótt hefur gilda hér á landi í kenningum fræðimanna og dómaframkvæmd. Í þessu sambandi er rétt að benda á að heimilt hefur verið talið að reyna á gildi lögbókandagerða í dómsmálum sem rekin hafa verið í héraði, bæði hvað varðar form þeirra og efnislegt réttmæti. Samkvæmt grundvallarreglum réttarfars gæti þetta ekki staðist ef lögbókandagerð teldist dómsathöfn því að þær reglur fela meðal annars í sér það lögmál að héraðsdómur geti ekki metið aðgerðir annars og hliðsetts héraðsdómstóls, heldur sé það aðeins á færi Hæstaréttar. Á það hefur enn fremur reynt beinlínis í dómsúrlausn hvort lögbókandagerð teljist dómsathöfn, en því var hafnað í dómi Hæstaréttar sem birtur er í dómasafni 1976/563 (víxilafsögn). Telst það samkvæmt þessu ekki fara í bága við grundvallarreglur um verkaskipti milli dómstóla og framkvæmdarvaldshafa að hér sé lagt til að þeir embættismenn, sem fara með stjórnsýslustörf ríkisins í héraði, fari með lögbókandagerðir.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að sýslumenn fari með lögbókandagerðir og er þetta gert í samræmi við framangreint og til samræmis við skipan mála samkvæmt frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þótt hér sé tekið þannig til orða að sýslumenn fari með gerðir þessar er að sjálfsögðu gengið út frá að þeir geti falið starfsmönnum sínum (fulltrúum) að hafa þessi verkefni með höndum. Er óþarft að taka slíkt sérstaklega fram hér, enda leiðir það af fyrirmælum annarra laga sem kveða á um heimildir fulltrúa sýslumanns til að vinna í nafni hans að einstökum verkum.

Tekið er svo til orða í 1. mgr. 1. gr. að sýslumenn fari með lögbókandagerðir „hver í sínu umdæmi“. Með þessu er vísað til almennra reglna um að embættismenn sem þessir hafi einungis staðbundið vald og geti því almennt ekki neytt þess utan umdæmis síns. Lögbókandi í Reykjavík gæti því ekki framkvæmt gerð í umdæmi sýslumanns í Kópavogi, heldur einungis innan marka eigin umdæmis. Á hinn bóginn útilokar þetta orðalag það ekki að menn, sem heimilisfastir eru í einu umdæmi, leiti til lögbókanda í öðru umdæmi til að framkvæma gerð að því gættu að gerðin sem slík þarf þá að eiga sér stað innan umdæmis þess lögbókanda sem leitað er til.

Loks ber að geta þess um 1. mgr. ákvæðisins að tiltekið er innan sviga að hugtakið lögbókandagerð merki hið sama og „notarialgerð og að nafngiftin lögbókandi samsvari heitinu „notarius publicus“. Er þetta gert í ljósi þess að nokkur fjöldi ákvæða annarra laga notar umrædd latnesk heiti eða samsetningar á grunni þeirra, en hér er sem áður segir gengið út frá að almennar reglur þessa frumvarps taki til allra tilvika þar sem mælt er fyrir um beitingu lögbókandagerða eða aðgerðir lögbókanda í öðrum lögum þótt þessar gerðir eða viðkomandi embættismaður beri þar annað heiti.

Í 2. mgr. 1. gr. er tekin upp með lítið breyttu orðalagi regla sem nú kemur fram í 15. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands. Rétt þykir að umrædd fyrirmæli komi fram í almennri löggjöf um lögbókandagerðir, enda er reglum frumvarpsins ætlað að taka jafnt til lögbókandagerða sendiherra og ræðismanna erlendis sem sýslumanna hér á landi. Ólíklegt er að mjög reyni á heimildir sendiherra og ræðismanna Íslands erlendis til að framkvæma lögbókandagerðir. Vegna tilvistar reglu 15. gr. laga nr. 39/1971 þykir þó ekki rétt að afnema þessa heimild, enda munu réttarreglur annarra ríkja, sem hafa sendiherra eða ræðismenn hér á landi, jafnan ráðgera samsvarandi heimild hvað þá varðar.

Um skýringu á embættis eða starfsheitum í 2. mgr. 1. gr. má vísa alfarið til fyrirmæla laga nr. 39/1971. Hér ber að árétta að tekið er fram í ákvæðinu að sendiherrar og ræðismenn fari með lögbókandagerðir „hver í sínu umdæmi og gilda því sömu reglur um heimildir þeirra í þessum efnum og áður er lýst varðandi sýslumenn.

Það er tekið fram í 2. mgr. 1. gr., að sendiherrar og ræðismenn Íslands erlendis geti aðeins framkvæmt lögbókandagerðir varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Með þessu er afmarkað að umræddir fulltrúar íslenska ríkisins geti ekki í skjóli valds síns samkvæmt íslenskum lögum framkvæmt þessar gerðir svo

gilt sé, nema því sé fullnægt að íslenskur ríkisborgari standi einn eða meðal annarra að viðkomandi ráðstöfun eða athöfn. Að þessu fullnægðu hefur lögbókandagerð við þessar aðstæður hins vegar gildi, einnig hvað varðar hlutdeild erlendra ríkisborgara að viðkomandi aðgerð.

Í 3. mgr. 1. gr. er kveðið á um sérstök hæfisskilyrði til að lögbókandi megi standa að gerð hverju sinni. Er í þessum efnum vísað til almennra reglna um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði. Reglur um það hæfi koma nú fram í 36. gr. laga nr. 85/1936. Við þær verður þó eðli málsins samkvæmt ekki stuðst fullum fetum undir þessum kringumstæðum, enda er tekið fram í 3. mgr. 1. gr. að hér verði umræddum hæfisreglum aðeins beitt að því leyti sem þær geti átt við. Af þeim sökum eiga eftirfarandi viðhorf einkum við um hæfi lögbókanda:

1. Lögbókandi má ekki standa að gerð ef hann á sjálfur aðild að málefninu. Þannig gæti lögbókandi til dæmis ekki staðfest erfðaskrá sem hann ætti að taka arf eftir eða sem hefði í för með sér missi erfðaréttar hans sem hann nyti ella samkvæmt lögerfðareglum. Eðlilega væri lögbókandi einnig óhæfur til að staðfesta eigin erfðaskrá. Eins yrði að telja hann vanhæfan til að standa að afsögn víxils sem hann væri sjálfur útgefandi að. Með sama hætti teldist lögbókandi vanhæfur ef félag, sem hann er í fyrirsvari fyrir, ætti samsvarandi hlut að máli.
2. Lögbókandi má ekki vera skyldur eða mægður mönnum sem eiga sams konar hagsmuna að gæta og nefndir eru í 1. lið hér að ofan. Um mörk skyldleika og mægða í þessu sambandi koma fram sérstök fyrirmæli í 2. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936.
3. Samkvæmt 5. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 er dómari vanhæfur til að fara með mál ef hann hefur flutt það eða leiðbeint aðila málsins um málefnið. Hér koma einungis til álita atriði sem varða leiðbeiningar af hendi lögbókanda. Þessi fyrirmæli verður að skoða í ljósi þess að í 114. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um skyldu dómara til að leiðbeina ólöglærðum manni sem flytur mál sitt sjálfur. Slík leiðbeiningarskylda, sem getur tekið til verulegra atriða, veldur ekki vanhæfi samkvæmt ívitnuðum lið 36. gr. laganna. Það veldur heldur ekki vanhæfi dómara í einkamáli þótt hann semji stefnu í máli fyrir ólöglærðan mann samkvæmt fyrirmælum 87. gr. umræddra laga. Með beitingu reglu 5. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 kemur ekki til álita að telja lögbókanda vanhæfan til að annast gerð, nema hann hafi veitt viðkomandi manni verulega ráðgjöf um ráðstöfun hans. Af þeim sökum væri lögbókanda vítalaust að veita talsverðar almennar leiðbeiningar um réttarreglur varðandi ráðstöfun, og ef með þarf, að semja texta hennar samkvæmt óskum þess sem til hans leitar. Lögbókanda væri hins vegar óskylt að veita slíkar leiðbeiningar eða aðstoð.
4. Lögbókandi yrði loks talinn vanhæfur ef hann er óvinveittur þeim sem um gerð biður eða ef hann sjálfur eða venslamenn hans geta talist hafa verulegra fjárhagslegra eða siðferðislegra hagsmuna að gæta af ráðstöfuninni. Eins getur það leitt til vanhæfis ef annars er hætta á að lögbókandi geti ekki litið hlutdrægnislaust á málefnið. Eðli málsins samkvæmt eiga þessi viðhorf sjaldan við um lögbókandagerðir, en á þetta gæti þó reynt til dæmis við staðfestingu erfðagerninga. Forsendur vanhæfis við þessar aðstæður eru þær að til þess gæti komið á síðari stigum að lögbókandi yrði krafinn vitnisburðar um staðfestingu sína í dómsmáli. Er annað ófært en að leitast sé við að tryggja að slíkur vitnisburður yrði með öllu hafinn yfir tvímæli.

Þótt þess sé ekki sérstaklega getið hefði vanhæfi sýslumanns það sjálfkrafa í för með sér að starfsmenn hans teldust einnig vanhæfir til lögbókandagerðar, enda sækja þeir valdheimild sína til hans persónulega. Felst þessi skilmáli í tilvísun 3. mgr. 1. gr. til almennra hæfisreglna um dómara í einkamálum, en um fulltrúa þeirra gildir umrædd regla skv. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 1. gr. er tekið fram að ekki sé þörf votta við lögbókandagerðir, nema þar sem slíks er sérstaklega krafist í lögum. Í reglu 8. gr. opins bréfs frá 8. janúar 1823, sem fram kemur

hér á undan, er mælt fyrir um hið gagnstæða þar sem lögbókanda er gert skylt „tvö vitni til staðfestingar að brúka". Sú regla er í samræmi við þá formfestu sem ríkti við setningu hennar, en í seinni tíð hefur hún þótt stinga mjög í stúf við hlutverk lögbókanda sem við ýmsar aðstæður vottar löggerninga með jafngildum hætti og tveir menn annars. Sem dæmi af slíku má benda á að í 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er kveðið á um að jafngilt sé að tveir menn votti skjal, ef lögbókandi, lögmaður eða löggiltur fasteignasali gerir slíkt. Er í hæsta máta óeðlilegt að lögbókandi þurfi að auki að hafa tvo votta við staðfestingu sína við þessar aðstæður meðan slíks er ekki krafist varðandi aðra umrædda. Hefur þessi aðstaða m.a. orðið til að vanrækt hefur verið í framkvæmd að fylgja reglu 8. gr. fyrrnefnds opins bréfs sem skyldi, bæði við þessar aðstæður og aðrar lögbókandagerðir, og verulegur vafi hefur einnig þótt leika á því hverjum tilgangi svonefndir „notarialvottar" eiga almennt að þjóna. Í ljósi löggjafarþróunar, sem meðal annars sést af ívitnuðu ákvæði þinglýsingalaga og hefur beinst að því að létta formkröfur um vottun löggerninga, verður að teljast eðlilegt að valdsmaður geti einn vottað það sem ella þyrfti tvo menn til.

Þótt lagt sé til samkvæmt framansögðu að afnema þá almennu reglu að lögbókandi þurfi tvo votta við gerðir sínar er allt að einu gerður fyrirvari í niðurlagi 4. mgr. 1. gr. þess efnis að sérstakur áskilnaður annarra laga um viðveru votta við lögbókandagerðir haldist. Slíkur áskilnaður finnst óvíða. Annars vegar er tekið fram í lagafyrirmælum um útdrátt bankaskuldabréfa (lög nr. 1/1900, 60/1928, 73/1965 og 34/1979) að tveir menn skuli vera staddir við þær lögbókandagerðir, en sérstakar reglur gilda um tilnefningu þeirra. Hér getur orkað tvímælis hvort í reynd sé um vottun að ræða í þeim skilningi sem hér er að öðru leyti fjallað um. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, raskar þó ekki gildi þessara reglna, bæði vegna umrædds fyrirvara í 4. mgr. 1. gr. og almennrar reglu í 2. mgr. 2. gr. sem vikið er að hér á eftir. Hins vegar kemur fram ráðagerð í reglum 4. liðar VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962, um að tveir „notarialvottar" eigi að vera staddir við staðfestingu lögbókanda á erfðaskrá. Fyrirmæli um þessa skyldu eiga að falla niður skv. 3. tölul. 16. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein þessa ákvæðis er að finna almenna skilgreiningu á því hvað felst í lögbókandagerð. Er þessu lýst með þeim hætti að hún teljist opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Með opinberri staðfestingu er hér átt við að handhafi ríkisvalds, lögbókandi, hafi lýst yfir réttmæti ákveðins atriðis með vottorði sínu á skjali eða færslu í gerðabók, og mega því þeir, sem hagsmuni hafa af viðkomandi efni, treysta réttmæti þessarar yfirlýsingar að viðlagðri ábyrgð ríkissjóðs.

Því er sérstaklega bætt við í seinni málslið fyrri málsgreinar að vottun lögbókanda jafngildi að lögum vottun tveggja manna þar sem slíks er þörf. Með þessu er því slegið föstu að ef áskilið er í lögum að tveir menn votti tiltekin atvik jafngildi það því ef lögbókandi vottar slíkt einn.

Í seinni málsgrein 2. gr. er mælt fyrir um að sérreglur annarra laga haldist um tilvik þar sem lögbókandagerðir geta átt sér stað þrátt fyrir reglur frumvarpsins og á hið sama við um slíkar sérreglur um verklag við framkvæmd einstakra lögbókandagerða. Um fyrrnefnda atriðið hefur þegar verið fjallað í almennum athugasemdum um frumvarpið, en þar er að finna talningu núgildandi lagaheimilda um notkun lögbókandagerða. Síðarnefnda atriðið, að sérreglur annarra laga um framkvæmd lögbókandagerða haldist, á ekki við um marga málaflokka. Hér eru hafðar í huga reglur sem mæla fyrir um sérstakt verklag við tiltekin afbrigði lögbókandagerða. Þær lagareglur eru eftirfarandi:

1. Reglur 15. kapítula víxillaga, nr. 93/1933, um framkvæmd víxilafsagnar.
2. Reglur 13. kapítula tékkalaga, nr. 94/1933, um framkvæmd tékkaafsagnar.

3. Reglur VIII. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þar sem fram kemur með hverjum hætti lögbókandi jafnt sem stefnuvottar þurfa að bera sig að við birtingu stefnu.
4. Reglur 4. liðar VI. kafla erfðalaga, nr. 8/1962, um staðfestingu lögbókanda á erfðaskrám.

Í ofangreindum lagaákvæðum er að finna ýmsar verklagsreglur sem leiða af séreðli viðkomandi gerða. Er óþarft að leitast við að móta reglur í þessu frumvarpi sem geta í heild tekið til þessara gerða. Að því leyti hins vegar, sem reglur frumvarpsins eru ítarlegri en framangreind lagaákvæði, kemur fram í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. að reglum þess skuli beitt að auki. Á þetta t.d. við um skyldu lögbókanda til að varðveita samrit skjala, sbr. 11. gr. frumvarpsins, um heimildir hans til að láta af hendi ljósrit skjala og um þagnarskyldu, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram sú almenna regla að gerðir lögbókanda fari fram á starfsstöð hans. Þessi regla á eðlilega við ef óskað er til dæmis staðfestingar lögbókanda á skjali. Heimilað er þó að víkja frá þessari meginreglu í tveimur tilvikum. Annars vegar segir að það megi ef það telst nauðsynlegt vegna aðstæðna. Hér er til dæmis haft í huga að óskað kunni að vera að lögbókandi staðfesti erfðagerning manns sem ófær er um að koma á fund hans af heilsufarsástæðum. Hins vegar má víkja frá meginreglu ákvæðisins ef það telst nauðsynlegt vegna eðlis málefnisins. Með þessu er til dæmis átt við útdrátt skuldabréfa sem óeðlilegt yrði að hafa fyrir að færa á skrifstofu lögbókanda. Á hið sama við ef óskað er vottunar lögbókanda á athöfn sem eftir eðli sínu getur ekki farið fram á skrifstofu hans, t.d. víxilafsagnir sem ákveðið er með öðrum lögum hvar megi eiga sér stað.

Í 2. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að ríkið skuli sjá lögbókanda fyrir gerðabókum til afnota í störfum sínum. Er mælt fyrir um að þær bækur verði úr garði gerðar eins og dómsmálabækur, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, en eðlilegt er að gera sömu kröfur í þessum efnum, enda gert ráð fyrir að lögbókandi færi ýmsar mikilsverðar ráðstafanir í gerðabók. Sérstaklega er tekið fram í niðurlagi ákvæðisins að það ráðuneyti, sem viðkomandi lögbókandi heyrir undir, eigi að löggilda gerðabækur hans. Er hér tekið tillit til að sýslumenn heyri undir dómsmálaráðuneytið, en þeir menn sem heimilað er að framkvæma lögbókandagerðir í 2. mgr. 1. gr. undir utanríkisráðuneytið.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins geymir almenna reglu um þær lögbókandagerðir sem einna algengastar eru í framkvæmd, en þar er um að ræða staðfestingu undirskriftar manns á skjali. Þetta ákvæði tekur einungis til þeirra tilvika þar sem undirskriftin er ein vottuð, en önnur atriði ekki, enda varða reglur 6. og eftir atvikum 9. gr. víðtækari staðfestingu. Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um að sá sem biður um staðfestingu undirskriftar sinnar þurfi að sanna á sér deili fyrir lögbókanda og annað hvort að rita nafn sitt á skjalið að honum viðstöddum eða kannast þar við undirskrift sína sem áður hefur verið rituð á það. Það orðalag, að viðkomandi kannist við undirskrift sína, er notað í sama skilningi í reglum 40. og 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962 um staðfestingu erfðaskráa og orkar merking þess ekki tvímælis.

Í 2. mgr. 4. gr. er að finna reglu sem tekur til óvenjulegra aðstæðna. Þess eru dæmi úr framkvæmd að ýmis stór atvinnufyrirtæki eða stofnanir þurfi oft á ári að leita lögbókandagerða vegna erlendra viðskipta. Eins og minnst er á í almennum athugasemdum hér að framan er lögbókandagerðum beitt talsvert meira erlendis en hér á landi til staðfestingar á undirskriftum manna undir viðskiptaskjöl. Í viðskiptum við erlenda aðila t.d. um lántökur eða kaup, sölu eða veðsetningu eigna, virðist jafnan ætlast til íslenskir viðsemjendur hlíti erlendum venjum um að skjöl af slíku tilefni verði staðfest af lögbókanda. Þau fyrirtæki eða stofnanir, sem þetta snýr helst að hér á landi, hafa jafnan fjölmennar stjórnir sem þurfa að

undirrita löggerninga sem þessa. Er augljóst óhagræði, bæði fyrir lögbókanda og viðkomandi menn, að hver og einn þurfi að vitja lögbókanda í þessu skyni. Er því lagt hér til að tekin verði upp að erlendri fyrirmynd heimild til að lögbókandi taki við rithandarsýnishornum frá mönnum sem telja ljóst að þeir eigi í vændum að þurfa margsinnis að leita staðfestingar hans í framtíðinni. Það skilyrði er þó sett fyrir beitingu þessarar heimildar að viðkomandi maður fari á fund lögbókanda, sanni á sér deili og undirriti yfirlýsingu í gerðabók lögbókanda um að hann óski eftir að undirskrift hans undir skjöl verði framvegis staðfest samkvæmt bréflegri beiðni þótt lögbókandi sé ekki viðstaddur undirritun þeirra. Undirritun undir yfirlýsingu sem þessa getur talist nægilegt rithandarsýnishorn í skilningi ákvæðisins. Að fullnægðum þessum skilyrðum yrði t.d. nægilegt að atvinnufyrirtæki eða stofnanir, sem hér eru einkum höfð í huga, sendi skjöl til lögbókanda til staðfestingar, ásamt bréflegri beiðni hér um, sem undirrituð yrði af öllum hlutaðeigandi. Er þá að sjálfsögðu áskilið að þeir hafi allir áður gefið umrædda yfirlýsingu fyrir lögbókanda. Lögbókanda væri þá nægilegt að bera undirskriftir saman við fyrirliggjandi rithandarsýnishorn í fórum sínum og staðfesta síðan undirskriftirnar ef hann telur þær samrýmast sýnishornunum. Lögbókandi yrði sérstaklega að geta þess í vottorði sínu á skjali að réttmæti undirskriftar hafi verið sannreynt með þessum hætti, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi ber að benda á að sá sem biður um að fá að neyta þessarar heimildar verður sjálfur að bera áhættu af henni. Þannig verður ekki ætlast til að lögbókandi búi yfir sérþekkingu til samanburðar undirskriftar við fyrirliggjandi rithandarsýnishorn.

Um 5. gr.

Lögfest úrræði hafa almennt ekki verið fyrir hendi um þær aðstæður að maður geti ekki undirritað skjal vegna líkamlegrar vanheilsu sinnar. Við aðstöðu sem þessari hefur þó almennt verið brugðist í framkvæmd á þann hátt að viðkomandi maður handsali öðrum undirskrift sína í viðurvist votta, en sá ritar síðan nafn hins undir skjal. Þessi leið hefur þótt fremur þung í vöfum, en einkum hefur orðið til vandkvæða að engar fastar reglur hafa verið fyrir hendi um beitingu hennar. Auk þessa úrræðis hafa reglur erfðalaga nr. 8/1962 um undirritun og staðfestingu erfðaskráa verið skýrðar með þeim hætti að nægilegt sé að arfleiðandi, sem ekki getur undirritað erfðaskrá, lýsi því yfir í viðurvist lögbókanda eða tveggja arfleiðsluvotta að efni hennar samrýmist vilja hans. Fyrir þessu er þó ekki bein lagaheimild.

Af framangreindum ástæðum er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að lögfest verði sérstök regla sem tekur til þessara aðstæðna. Samkvæmt henni er nægilegt að maður, sem ekki getur ritað sjálfur undir skjal, lýsi því yfir við lögbókanda að það stafi af líkamlegri vanheilsu sinni og að efni skjalsins samrýmist ætlun hans, en lögbókandi ritar síðan vottorð um þetta á skjalið sem telst hafa sömu þýðingu skv. 3. málsl. ákvæðisins og undirskrift viðkomandi manns og vottun lögbókanda í senn.

Í þessu ákvæði er ekki gert ráð fyrir að það þurfi að sanna með ótvíræðum hætti að viðkomandi geti ekki ritað nafn sitt á skjal vegna vanheilsu, en allt að einu er hér ætlast til að þessarar heimildar verði aðeins neytt þegar sérstaka nauðsyn ber til. Lögbókandi yrði við þessar aðstæður að ganga ótvírætt úr skugga um að efni skjals sé í samræmi við ætlun viðkomandi manns. Í vafatilvikum yrði eðlilegt að leita álits læknis eða annars sérfræðings um hvort óhætt sé að fullyrða að þessum skilmála sé fullnægt.

Þessu ákvæði er ekki ætlað að hrófla á neinn hátt við lögmæti áðurgreindra úrræða við þessar aðstæður, t.d. undirritunar í skjóli handsalsyfirlýsingar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna sérstakar reglur sem taka til staðfestingar lögbókanda á fleiri atriðum en undirskrift útgefanda skjals. Er hér gert ráð fyrir að slík staðfesting geti tekið annaðhvort til

hæfis manns til að standa að efni skjals eða heimildar hans til ráðstöfunar á þeim hagsmunum sem efni skjalsins varðar. Staðfesta mætti bæði þessi atriði í senn, auk undirskriftar viðkomandi manns.

Með hæfi í framangreindum skilningi er nánar tiltekið átt við persónulega eiginleika sem maður þarf að vera búinn til að geta staðið með lögmætum hætti að löggerningi. Þeir eiginleikar geta fyrst og fremst varðað fjárræði viðkomandi manns, en einnig fleira, t.d. andlegt heilsufar.

Með heimild hér að framan er einkum átt við þau yfirráð sem viðkomandi þarf að hafa yfir viðkomandi hagsmunum. Staðfesting lögbókanda á heimild manns í þessum skilningi gæti þannig tekið til þess að fyrir liggi að sá hafi umboð frá öðrum til viðkomandi ráðstöfunar eða hann sé eigandi þeirrar eignar sem um ræðir. Eins á það hér undir að lögbókandi staðfesti að tiltekinn maður sé réttur fyrirsvarsmaður félags og hafi heimild til að ráðstafa hagsmunum þess.

Framangreind atriði eru eðli málsins samkvæmt því marki brennd að ekki verður ætlast til að lögbókandi búi án frekari aðgerða yfir vissu um hæfi manns eða heimild til ráðstöfunar. Er því tekið fram í 6. gr. að hlutaðeigandi verði að leggja þau sönnunargögn um þessi atriði fyrir lögbókanda sem hann telur þörf á til að geta orðið við beiðni um slíka staðfestingu. Sem dæmi af þessu má nefna að maður sanni eignarrétt sinn að fasteign með framvísun veðbókarvottorðs eða sanni fjárræði sitt með skilríkjum um aldur sinn og eftir atvikum nauðsynlegum gögnum til að sannreyna megi að hann hafi ekki verið sviptur fjárræði. Það er lagt á vald lögbókanda að meta hverra gagna þurfi að afla hverju sinni til að hann geti talið sannað að hæfi mannsins eða heimild nægi til viðkomandi ráðstöfunar. Telji hann framkomna sönnun ónóga er honum heimilt að neyta þeirra úrræða sem kveðið er á um í 14. gr. Lögbókanda ber að varðveita sönnunargögn sem honum eru færð við þessar aðstæður, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Sérstaklega er tekið fram í seinni málslið ákvæðisins að þess verði ekki krafist af lögbókanda að hann afli sjálfur sönnunargagna um heimild manns til ráðstöfunar eða leggi mat á hæfi manns til að standa að löggerningi, t.d. með því að kveða á um andlegt heilsufar hans.

Fremur sjaldgæft er að lögbókandi þurfi að votta hæfi manna eða heimild með þeim hætti sem að framan er lýst. Reynir einkum á þetta í tengslum við skjöl sem ætluð eru til afnota erlendis þar sem staðfesting sem þessi er öllu algengari. Þó má benda á að í áðurnefndri reglu 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er ráðgert að lögbókandi votti ekki eingöngu undirskrift manns undir skjal sem ætlað er til þinglýsingar, heldur einnig að viðkomandi sé fjárráða. Gagna um síðargreinda atriðið yrði að afla eftir reglum 6. gr. ef á reyndi.

Sérstakar reglur um vottun lögbókanda á hæfi manna koma fram í 43. gr. erfðalaga nr. 8/1962, því meðal þeirra atriða, sem hann þarf að staðreyna við staðfestingu erfðaskrár, er að arfleiðandi fullnægi áskilnaði 34. gr. laganna um nægilegt andlegt heilbrigði til arfleiðslu. Samkvæmt þessum reglum kemur það í hlut lögbókandans sjálfs að meta hæfi arfleiðandans þótt hann geti leitað álits sérfræðinga í vafatilvikum. Vottun sem þessi er sérstaks eðlis og getur ekki komið til álita að gera þessa starfsskyldu lögbókanda almenna þannig að ætlast verði til af honum að hann meti hæfi manna við aðrar gerðir sínar. Regla 6. gr. frumvarpsins raskar hins vegar ekki umræddum reglum erfðalaga því tekið er fram í niðurlagi ákvæðisins að sérfyrirmæli annarra laga um skyldur lögbókanda í þessu sambandi haldist. Umræddar reglur erfðalaga munu þó vera eina dæmið af slíku.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. málsl. þessa ákvæðis er mælt fyrir um að lögbókandi eigi að rita vottorð um staðfestingu sína á skjöl og að þar skuli nákvæmlega tiltekið til hverra atriða staðfesting hans

tekur. Með síðastgreindu atriði er átt við að lögbókandi eigi að tiltaka skýrlega í hverju staðfesting felst, en þar gæti einkum verið um eftirfarandi atriði að ræða:

1. að staðfest sé undirritun manns undir skjal sem átt hefur sér stað að lögbókanda viðstöddum,
2. að útgefandi skjals hafi kannast við undirskrift sína fyrir lögbókanda, en skjalið hafi áður verið undirritað,
3. að undirritun á skjali sé staðfest samkvæmt sérstakri heimild í 2. mgr. 4. gr.,
4. að sá sem skjal stafar frá hafi verið ófær um að undirrita það, en staðfesting hafi átt sér stað samkvæmt heimild í 5. gr.,
5. að staðfesting taki til, auk undirritunar, heimildar og/eða hæfis þess sem stendur að skjali,
6. að útgefandi skjals hafi unnið eið eða heit að sannleiksgildi efnis skjals, sbr. 9. gr.

Sérstaklega er heimilað í 3. málsl. ákvæðisins að lögbókandi taki fram í staðfestingarvottorði sínu með hverjum hætti einstök atriði hafi verið sönnuð fyrir honum. Er hér haft í huga að lögbókandi geti t.d. tekið fram að útgefandi skjals hafi framvísað tilteknu sönnunargagni um heimild sína til að standa að ráðstöfun. Þessi fyrirmæli leggja ekki skyldu á lögbókanda í þessum efnum, heldur veita þau honum heimild sem honum er frjálst að nota ef hann telur það rétt fyrir varfærnis sakir. Lögbókanda ber skv. 6. gr. að meta gildi sönnunargagna, sem lögð eru fyrir hann í tengslum við staðfestingu, en ef annað yrði ekki tekið fram í vottorði hans mætti skilja það svo að hann hafi metið sönnunargildi gagnanna á þann veg að enginn vafi sé um viðkomandi atriði. Þótt aðstæðum yrði oftar en ekki háttað á síðastgreindan veg gæti allt að einu komið til þess að lögbókandi telji sér ekki fært að fullyrða án nokkurs fyrirvara um viðkomandi efni og væri þá varlegra að tiltaka í vottorði hver gögn hafi verið lögð fyrir hann sem hann byggir staðfestingu sína á.

Í 4. málsl. 7. gr. er kveðið á um að lögbókanda beri að geta atriða í vottorði sínu sem hann telur að geti haft þýðingu síðar, ef meta þarf hvort útgefandi skjals hafi verið hæfur til að standa að því eða ef einhver sérstök atvik virðast blasa við sem síðar gætu orðið tilefni ágreinings um gildi ráðstöfunar. Samsvarandi regla kemur fram í 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962 þar sem lýst er atriðum sem koma eiga fram í vottorði lögbókanda um staðfestingu erfðaskrár. Þau atriði, sem komið geta til álita í þessu sambandi, varða aðallega álitaefni um hæfi þess sem stendur að skjali, en hér er þó einnig ráðgert að fleiri álitaefni geti fengið umfjöllun í vottorði lögbókanda, eftir því sem aðstæður krefjast.

Loks er tiltekið í niðurlagi 7. gr. að lögbókanda beri að tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting hans hefur átt sér stað. Með þessu er áréttað að ekki nægi að tiltaka að athöfn þessi hafi átt sér stað í ákveðnu sveitarfélagi á ákveðnum degi, heldur verður að greina nánar hvar þetta gerist og á hvaða tíma dags. Þessi nákvæmni er sjálfsögð, enda getur hún haft afgerandi þýðingu við síðari úrlausn um réttindi manna t.d. ef gagnstæð ráðstöfun hefur verið gerð á sama degi og máli skiptir að staðreyna hvor sé eldri. Það er tiltekið í lokamálslið ákvæðisins að stað- og tímasetningar skuli getið við undirskrift lögbókanda, en honum er auðvitað frjálst að tiltaka þessi atriði í upphafi vottorðs síns ef hann kýs það fremur. Ekki er ástæða til að lögbinda þann sjálfsagða áskilnað að lögbókandi riti nafn sitt undir vottorð.

Um 8. gr.

Eins og nefnt hefur verið hér áður reynir nokkuð á staðfestingu lögbókanda á skjölum sem ætluð eru til afnota erlendis. Af því leiðir að lögbókanda eru færð skjöl í þessu skyni á erlendum tungumálum. Er algengt að ætlast sé til að lögbókandi staðfesti ekki eingöngu undirskrift undir slík skjöl heldur einnig fleiri atriði. Fráleitt verður ætlast til að lögbókandi standi að slíkri athöfn, nema honum sé fyllilega ljóst hvað felst í skjalinu. Af þeim sökum eru sett fyrirmæli í 8. gr. um að lögbókanda sé heimilt við þessar aðstæður að krefjast þýðingar löggilts skjalaþýðanda á skjalinu áður en til staðfestingar kemur. Slíkt væri þó óþarft ef

lögbókandi teldi sig hafa nægilegt vald á viðkomandi tungumáli til að skilja efni skjalsins. Að sama skapi er kveðið á um það í 8. gr. að ef sá sem biður um staðfestingu lögbókanda á skjali ætlast til að vottorð hans verði á erlendu tungumáli, þá getur lögbókandi krafist þess að sá útvegi þýðingu á texta vottorðsins. Er hér miðað við að lögbókandi gefi viðkomandi upp þann texta vottorðs sem hann telur eiga við, en síðan yrði þýðing þess texta fengin áður en til staðfestingar kemur.

Um 9. gr.

Í rétti annarra ríkja er víða gengið út frá því að staðfesting lögbókanda fari fram með þeim hætti að hann eiðfesti þann, sem að ráðstöfun stendur, um sannleiksgildi eða réttmæti þess sem fram kemur í efni skjals. Slíkar eiðfestar yfirlýsingar („sworn statements“) geta þjónað margvíslegum tilgangi. Getur bæði verið um að ræða skjallegar ráðstafanir, sem slíkur íburður er ekki hafður við hér á landi, t.d. veiting umboðs, en einnig geta komið hér til álita yfirlýsingar sem nota á í öðrum tilgangi, t.d. kröfulýsingar í þrotabú þar sem taka þarf eið af kröfuhafa um réttmæti upplýsinga hans. Er víða erlendis, einkum í Bretlandi og Bandaríkjunum, lögð rík áhersla á að yfirlýsingar sem þessar séu eiðfestar þótt það fari fjarri að slík athöfn hafi nokkra þýðingu hér á landi. Í núgildandi lögum er hvergi að finna heimild fyrir að menn verði eiðfestir í þessu skyni, en vöntun þess getur hæglega leitt til réttarspjalla erlendis.

Vegna þess sem að framan greinir er lagt til í 9. gr. að lögbókanda verði heimilt að láta útgefanda skjals vinna eið eða drengskaparheit að efni þess ef nauðsyn krefur vegna erlendra réttarreglna. Hér er ekki ætlast til að eiðfesting geti farið fram til annarra þarfa. Hliðstæða heimild er að finna í norskri löggjöf sem sett var af sömu ástæðum og hér greinir á undan.

Um framkvæmd eiðvinningar koma fram nánari reglur í 9. gr., en samkvæmt þeim á lögbókandi að bóka helstu upplýsingar um efni viðkomandi skjals, t.d. frá hverjum það stafi, hvert meginefni þess sé og að hverjum það beinist. Að því búnu yrði unnin eiður eða drengskaparheit að sannleiksgildi þess sem fram kemur í skjalinu. Um skilyrði, undirbúning og frekari framkvæmd eiðvinningar er í 2. mgr. 9. gr. vísað til réttarfarsreglna um eiðvinning vitnis í almennu einkamáli, en þær reglur, sem einkum hafa þýðingu samkvæmt þessu, eru 127., 133. og 134. gr. laga nr. 85/1936.

Tiltekið yrði sérstaklega í vottorði lögbókanda á skjali ef eiður hefur verið unninn að efni þess samkvæmt framansögðu.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð þessari má í grófum dráttum telja viðfangsefni lögbókanda ýmist snúa að staðfestingu skjala, en um það efni fjalla reglur 4. til 9. gr. frumvarpsins eða að staðfestingu á hvernig atburður eða athöfn hafi farið fram. Um þetta síðargreinda hlutverk lögbókanda fjallar regla 10. gr. Þeir atburðir, sem hér um ræðir, snúa einkum að staðfestingu á framkvæmd útdráttar skuldabréfa eða vinningsmiða í happdrættum, en að auki falla hér undir tékka- og víxilafsagnir og stefnubirtingar. Staðfesting á athöfn að hætti 10. gr. er þó engan veginn bundin því að um framangreind atriði sé að tefla. Umrædd atriði eiga það mörg sammerkt að í lagareglum eða samkvæmt framkvæmdarvenjum um þau er gengið út frá að lögbókandi votti ekki aðeins að atburður hafi farið fram með tilteknum hætti, heldur einnig að hann framkvæmi sjálfur viðkomandi athöfn, t.d. víxilafsögn. Slík framkvæmdarskylda lögbókanda er ekki ráðgerð í 10. gr. heldur eingöngu vottun hans á atburði. Samkvæmt því yrði ekki unnt að krefjast athafnar af hendi lögbókanda, nema samkvæmt sérstökum lagafyrirmælum sem áður hafa verið talin.

Í 1. mgr. 10. gr. er tiltekið að kveðja skuli lögbókanda til að votta athöfn með hæfilegum fyrirvara. Þessi ummæli taka mið af því að vottun sem þessi getur vegna eðlis síns sjaldnast átt sér stað á starfsstöð lögbókanda og yrði því viðkomandi athöfn að fara fram á öðrum stað innan umdæmis hans, sbr. áðurgreindar athugasemdir við 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. Með

þessari reglu er eingöngu verið að undirstrika að ekki megi ætlast til að lögbókandi fari án fyrirvara út fyrir starfsstöð sína til að staðfesta athöfn ef aðrar annir hans leyfa það ekki.

Í 2. mgr. 10. gr. er kveðið á um að lögbókandi eigi að færa þau atriði í gerðabók sína sem máli skipta um viðkomandi athöfn. Yrði þannig t.d. fært til bókar hver skuldabréf hafi verið dregin út, hverjir vinningsmiðar hafi verið í happdrætti, hvaða víxill hafi verið afsagður o.s.frv. Felst í þessu að ef lögbókandagerð tekur til annars en staðfestingar skjals, sem rita má vottorð á, þá verður að færa meginatriði um gerðina til bókar. Um efni bókunar lögbókanda að öðru leyti er vísað í ákvæðinu til 7. gr. Með þessari tilvísun er skírskotað til þess að bóka þurfi þau atriði við þessar aðstæður sem að öðrum kosti hefðu komið fram í árituðu vottorði lögbókanda á skjali, en um þau má vísa til áðurgreindra athugasemda um 7. gr. frumvarpsins. Tiltekið er í niðurlagi 2. mgr. að sá sem biður um lögbókandagerðina skuli undirrita bókun í gerðabók ásamt lögbókanda.

Í 3. mgr. 10. gr. er sett sérstök heimild til að lögbókandi geti fært löggerning í gerðabók sína samkvæmt fyrirsögn þess sem að honum stendur í stað þess að fá í hendur skjalfest eintak löggernings til staðfestingar eftir almennum reglum 4. til 9. gr. frumvarpsins. Staðfesting á gerningi við þessar aðstæður er eftir eðli sínu staðfesting atburðar sem efnislega á heima með öðrum reglum 10. gr. Þessi regla er sett til að mæta sérstökum og brýnum þörfum ef aðstæður leyfa ekki að löggerningur verði skjalfestur og staðfestur með öðrum hætti. Getur þessi heimild til dæmis átt við um skráningu arfleiðslu eftir fyrirsögn manns sem skammt á eftir ólifað. Hér er gengið út frá að ekki verði gripið til aðgerðar sem þessarar, nema aðrar leiðir séu ófærar. Um frekari framkvæmd lögbókandagerðar sem þessarar er í ákvæðinu vísað til reglna 4. til 9. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er sett regla um að afhenda þurfi lögbókanda samrit allra skjala, sem honum er ætlað að staðfesta. Á slíkum samritum eiga samkvæmt ákvæðinu að koma fram undirskriftir þeirra, sem gefa viðkomandi skjöl út, auk þess að vottorð lögbókanda yrði fært á viðkomandi eintak og það undirritað af honum. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. á lögbókandi jafnframt að fá til varðveislu eintök af þeim gögnum, sem honum eru sýnd til sönnunar að hætti 6. gr., auk þýðinga á skjölum sem kann að hafa verið aflað skv. 8. gr.

Með reglum 11. gr. er stefnt að því að lögbókandi varðveiti eintök allra skjala, sem hann staðfestir, ásamt þeim fylgigögnum sem við eiga hverju sinni. Tilgangur þessarar reglu er að tryggja í senn að þeir sem að gerningi hafa staðið geti leitað eintaks af skjali sem glatast úr vörslum þeirra, sbr. 12. gr., og einnig að fyrir liggi tryggilega hver skjöl lögbókandi hefur ljáð atbeina sinn til að staðfesta og eftir atvikum á hverjum grundvelli hann hafi tekið ákvörðun um það. Síðarnefnda atriðið getur haft umtalsvert sönnunargildi, ef síðar reynir á viðkomandi ráðstöfun, en jafnframt er hér um nauðsynlegt öryggisatriði að ræða fyrir lögbókanda ef vafi rís síðar um staðfestingu hans. Ljóst er að varðveisluskylda með þessum hætti getur orðið til óhagræðis við einfaldari lögbókandagerðir, en telja verður framangreind viðhorf réttlæta það. Í niðurlagi 2. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um tilhögun varðveislu, en þar mætti meðal annars setja reglur um tímabundna varðveisluskyldu skjala sem hafa takmarkaða þýðingu.

Í framkvæmd hefur til þessa ekki tíðkast að lögbókandi varðveiti önnur skjöl sem hann hefur vottað eða staðfest en erfðagerninga. Telja verður þá framkvæmd óæskilega, ekki síst ef hvorki hefur verið gætt að því að færa upplýsingar um staðfestingu til bókar né að varðveita eintök staðfestra skjala, enda vantar þá með öllu vitneskju um framkvæmd viðkomandi gerða.

Um 12. gr.

Í fyrri málsgrein 12. gr. er kveðið á um að staðfest endurrit eða ljósrit skjals úr vörslum lögbókanda teljist hafa sömu þýðingu og frumrit þess. Frá þessu er þó gerð sú undantekning

að reglan taki ekki til viðskiptabréfa (verðbréfa), enda gæti hún ekki staðist varðandi slík skjöl þar sem sérreglur gilda um lagalega þýðingu frumrita þeirra. Í síðari málsgrein 12. gr. er sett regla um að endurrit bókunar í gerðabók lögbókanda, sem felur í sér löggerning manns, teljist jafngilt skjalfestu eintaki af viðkomandi ráðstöfun. Þessi sjálfsagða regla tekur einkum mið af lögbókandagerðum sem fara fram með stoð í 3. mgr. 10. gr.

Um 13. gr.

Þótt kveðið sé svo á í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins að lögbókandagerð teljist opinber staðfesting leiðir ekki af þeirri reglu að viðkomandi ráðstöfun teljist opinber í þeirri merkingu að hver sem vill geti fengið vitneskju um hana eða eintak af henni. Lögbókandagerðir varða jafnan persónulegar ráðstafanir eða einkahagi manna sem þeir eiga réttmætt tilkall til að gætt verði leyndar um. Í 13. gr. eru settar reglur til að tryggja hagsmuni þeirra sem leitað hafa atbeina lögbókanda til staðfestingar á ráðstöfun. Engar settar reglur gilda nú um þessi efni aðrar en þær sem leiddar verða af almennri þagnarskyldu starfsmanna ríkisins. Hér er leitast við að bæta úr brýnni þörf ákveðinna reglna í þessu sambandi, en hliðsjón er höfð af venjum sem myndast hafa í framkvæmd.

Í 1. mgr. er lagt bann við að lögbókandi láti af hendi eintak af skjali, sem hann varðveitir, nema með samþykki þess sem beðið hefur um viðkomandi gerð hans. Frá þessu er þó vikið í síðari málslið 1. mgr. þar sem heimilað er að láta eintak skjals af hendi að viðkomandi manni látnum, ef sá, sem um slíkt biður, getur sýnt fram á að efni skjalsins kunni að hafa þýðingu fyrir réttindi hans. Þessi undantekning tekur einkum mið af réttarstöðu manna gagnvart dánarráðstöfunum sem lögbókandi hefur staðfest. Að öðru leyti leiðir af þessari reglu að lögbókanda ber skilyrðislaust að neita að láta af hendi til utanaðkomandi manna eintök skjala, sem hann varðveitir, auk þess að ákvæði 3. mgr. girða fyrir að hann megi upplýsa hvort hann varðveiti eintak skjals, eins og nánar er lýst hér á eftir.

Lögbókandagerð getur við vissar aðstæður farið fram til að tryggja að ekki verði dregið í efa að atburður eða athöfn hafi gerst með ákveðnum hætti. Þetta á til dæmis við ef gerðin snýr að útdrætti skuldabréfa eða happdrættismiða. Þegar svo stendur á væri fullkomin þagnarskylda lögbókanda í andstöðu við tilgang gerðarinnar, enda beinist hún að því að taka af tvímæli um réttindi annarra en þess sem um gerðina hefur beðið. Af þessum ástæðum er sett sérregla um heimild til veitingar upplýsinga í 2. mgr. 13. gr. sem tekur til þessara aðstæðna. Samkvæmt henni má lögbókandi afhenda hverjum sem telur sig hafa hagsmuna að gæta, endurrit úr gerðabók eða eftir atvikum samrit skjals sem varðar viðkomandi athöfn. Lögbókanda er hér falið að meta hvort skilyrðum sé fullnægt til upplýsingagjafar. Ætla verður að þegar komið er út fyrir vettvang þeirra dæma, sem hér að framan voru nefnd, verði tilhneiging til að skýra þessa undantekningarheimild þröngt í framkvæmd.

Í 3. mgr. kemur fram áréttting á þagnarskyldu lögbókanda sem þó verður nú þegar leidd af almennri reglu um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna í 32. gr. laga nr. 38/1954. Er rétt að taka þessa reglu sérstaklega upp hér, enda koma fram undantekningar frá þagnarskyldu lögbókanda sem snúa beinlínis að sérreglum 1. og 2. mgr. 13. gr. um heimildir hans til upplýsingagjafar. Umræddar undantekningar miðast við, eins og orðalag ákvæðisins ber með sér, að lögbókanda sé rétt að veita munnlegar upplýsingar við sömu aðstæður og honum teldist heimilt að láta af hendi samrit skjals eða endurrit gerðar samkvæmt reglum fyrri málsgreina 13. gr.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna reglur um viðbrögð lögbókanda ef hann telur tormerki á að standa að umbeðinni gerð. Þeim atvikum, sem gætu staðið í vegi fyrir lögbókandagerð er lýst með þeim hætti í ákvæðinu að um það geti verið að ræða að lögbókandi telji gerðina ekki munu þjóna

tilgangi eða að skilyrðum laga fyrir henni sé ekki fullnægt. Fyrra atriðið, að gerð þjóni ekki tilgangi, getur tekið til margvíslegra aðstæðna. Má sem dæmi þess nefna að beðist sé lögbókandagerðar til að votta skjöl sem engar lagareglur eða eðli málsins krefjast að séu vottuð, til að votta löggerning sem bersýnilega yrði metinn marklaus eða til að afsegja víxil sem með gildum hætti hefur verið áritaður um að afsögn sé óþörf. Síðara atriðið, að skilyrðum laga fyrir gerð sé ófullnægt, gæti t.d. tekið til þess þegar nægileg sönnunargögn liggja ekki fyrir til staðfestingar skv. 6. gr., synjað er að afla þýðinga skv. 8. gr. eða skilyrði víxillaga til afsagnar víxils eru ekki fyrir hendi.

Þegar svo stendur á, sem að framan greinir, á lögbókandi tveggja kosta völ samkvæmt reglum 14. gr. Hann getur annars vegar farið þá leið sem mælt er fyrir um í fyrri málsgrein ákvæðisins og synjað um gerðina. Ef sú leið er farin á sá sem um gerðina biður rétt til að krefjast skriflegs rökstuðnings lögbókanda fyrir þeirri ákvörðun. Hins vegar getur lögbókandi ákveðið að gerðin fari fram þrátt fyrir fyrirliggjandi annmarka, en í því tilviki verður að gæta þess sérstaklega að fram komi rækileg frásögn af viðkomandi annmörkum í vottorði lögbókanda, eins og fram kemur í niðurlagi seinni málsgreinar 14. gr., sbr. einnig heimild til athugasemda í vottorði skv. 4. málsl. 7. gr.

Um 15. gr.

Í fyrri málsgrein 15. gr. er kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Ástæða er til að benda á að reglur frumvarpsins tækju upp frá því til þeirra atriða sem snúa að þegar framkvæmdum lögbókandagerðum og reynt gæti á. Þetta á einkum við um reglur 13. gr. um leyndar og þagnarskyldu.

Í 2. mgr. 15. gr. er tekið fram að þótt lögin öðlist þegar gildi standi eftir sem áður óhaggaðar reglur laga nr. 74/1972 um það hverjir fari með lögbókandagerðir og er þar gengið út frá að svo verði, þar til þau lög falla úr gildi af öðrum sökum. Það er tekið fram að sýslumenn og sendimenn ríkisins erlendis fari þó með þessar gerðir auk þeirra sem heimild hafa til slíks samkvæmt reglum framangreindra laga. Varðandi sýslumenn hafa þessi fyrirmæli ekki sjálfstæða þýðingu, enda eru þeir meðal núverandi lögbókenda samkvæmt lögum nr. 74/1972. Heimild sendimanna ríkisins erlendis til lögbókandagerða, sem nú er að finna í 15. gr. laga nr. 39/1971, á að falla niður skv. 4. lið 16. gr. frumvarpsins, þannig að regla 2. mgr. 1. gr. yrði frá þeim tíma heimild þeirra manna til lögbókandagerða.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er kveðið á um lagafyrirmæli sem falla niður ef það verður að lögum.

Er þannig í 1. lið mælt fyrir um brottfall opins bréfs 8. janúar 1823, en einu fyrirmælin, sem nú standa eftir af upphaflegu efni þess, snúa að lögbókandagerðum og samþýðast ekki reglum þessa frumvarps.

Í 2. lið 16. gr. er mælt fyrir um brottfall fyrirmæla í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 85/1936, en þetta er nauðsynlegt vegna þeirrar frambúðarskipunar lögbókandagerða sem ráðgerð er í fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. lið 16. gr. er mælt fyrir um brottfall tveggja ákvæða í þeim reglum erfðalaga nr. 8/1962 sem taka til staðfestingar erfðaskráa með lögbókandagerðum. Fyrra ákvæðið, sem falla á brott, er regla 3. mgr. 41. gr. um hæfi lögbókanda til að framkvæma gerð, en það ákvæði er óþarft vegna reglu 3. mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti varðar ákvæðið hæfi „notarialvotta“, sem eftirleiðis verða óþarfir við lögbókandagerðir, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Seinna ákvæði erfðalaga, sem falla á brott, 2. mgr. 43. gr., varðar gildi samrits erfðaskrár sem lögbókandi hefur staðfest og varðveitir, en sú regla er framvegis óþörf vegna ákvæða 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er rétt að geta þess að ástæðulaust þykir að

fella niður reglu 3. mgr. 43. gr. erfðalaga þar sem mælt er fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um umsýslu lögbókanda við staðfestingu erfðaskráa. Slík reglugerð hefur að vísu aldrei verið sett þótt nú séu liðin meira en 25 ár frá gildistöku erfðalaga og reglur þessa frumvarps taka til margra atriða sem hugsanlega ættu að koma fram í slíkum fyrirmælum. Hins vegar eru viss atriði, sem eru sérstaks eðlis við staðfestingu lögbókanda á erfðaskrá, og er því rétt að heimild þessi haldist.

Í 4. tölul. 16. gr. er kveðið á um brottfall 15. gr. laga nr. 39/1971, en vísa má til athugasemda um 2. mgr. 1. gr. og 15. gr. frumvarpsins um þetta efni.

Nd. 458. Framhaldsnefndarálit [8. mál]

um frv. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða breytingartillögur forsætisráðherra sem birtar eru á þskj. 449. Nefndin kallaði á sinn fund til viðræðna um breytingartillögurnar eftirtalda menn: Kristínu Sigurðardóttur frá Kaupþingi hf., Svavar Ármannsson, aðstoðarforstjóra Fiskveiðasjóðs, Leif Kr. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Gísla Benediktsson, forstöðumann rekstrarsviðs Iðnlánasjóðs, og Benedikt Davíðsson, formann stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að breytingartillögurnar á þskj. 449 verði samþykktar óbreyttar.

Auður Eiríksdóttir, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat seinni fund nefndarinnar um málið.

Alþingi, 8. febr. 1989.

Árni Gunnarsson, varaform., frsm. Jón Kristjánsson. Sigríður Hjartar.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 459. Fyrirspurn [248. mál]

til utanríkisráðherra um íslenskt frumkvæði varðandi afvopnun á höfunum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er ríkisstjórnin reiðubúin að eiga frumkvæði að því að boðað verði til alþjóðlegrar ráðstefnu hérlendis til að fjalla um afvopnun á og í höfunum?

Sþ. 460. Fyrirspurn [249. mál]

til samgönguráðherra um athugun á flugfargjöldum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á ástæðum fyrir háum fargjöldum í innanlandsflugi og samanburð á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda?

Sþ. 461. Fyrirspurn [250. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun á lögum og reglum um gjaldþrotameðferð fyrirtækja.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Mun dómsmálaráðherra hlutast til um að endurskoðuð verði lög og settar skýrari reglur en nú gilda um gjaldþrot fyrirtækja í því skyni að betur verði tryggt en nú er að menn komi sér ekki undan ábyrgð og baki öðrum tjón?

Sþ. 462. Fyrirspurn [251. mál]

til forsætisráðherra um störf hagvarnaráðs.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður störfum hagvarnaráðs þess sem starfar á grundvelli laga nr. 85/1985, um almannavarnir?

Sþ. 463. Fyrirspurn [252. mál]

til félagsmálaráðherra um meðlög.

Frá Geir H. Haarde.

Hefur félagsmálaráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingum á lögboðinni fjárhæð meðlaga þannig að þau endurspegli betur raunverulegan kostnað við framfærslu barna?

Sþ. 464. Fyrirspurn [253. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hver er ástæðan fyrir þeirri breytingu sem heilbrigðisráðherra gerði á reglugerð nr. 432/1987, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, 5. janúar sl.?
2. Á hvaða forsendum telur heilbrigðisráðherra unnt að leggja nám matarfræðinga og matvælafræðinga að jöfnu og veita þeim sömu starfsréttindi?
3. Hefur heilbrigðisráðherra í hyggju að nýta sér þessa heimild? Ef svo er, um hve marga aðila gæti verið að ræða og hvaða menntun hafa þeir?

Sþ. 465. Fyrirspurn [254. mál]

til utanríkisráðherra um lokun sendiráða.

Frá Geir H. Haarde.

Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir því að einhverjum sendiráðum Íslands erlendis verði lokað í sparnaðarskyni?

Ef svo er, þá hverjum?

Sþ. 466. Fyrirspurn [255. mál]

til menntamálaráðherra um svæði á náttúruminjaskrá.

Frá Sigrúnu Helgadóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með þeim 69 svæðum sem friðlýst hafa verið samkvæmt náttúruverndarlögum og þeim 273 svæðum sem eru á náttúruminjaskrá? Hefur verið gerð úttekt á náttúru þessara svæða? Hvernig er fylgst með breytingum sem orðið hafa á svæðunum, t.d. við landbúnað, ferðamennsku og mannvirkjagerð?
2. Hversu mörg svæði á náttúruminjaskrá hefur ríkið keypt samkvæmt forkaupsrétti 34. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971?

Sþ. 467. Fyrirspurn [256. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd náttúruverndarlaga.

Frá Sigrúnu Helgadóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig er að Náttúruverndarráði búið, t.d. hvað snertir starfsfólk og fjárveitingar, til þess að það geti haft eftirlit með mannvirkjagerð og jarðraski eins og ráðinu er ætlað skv. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971? Hversu oft og í hvaða tilvikum hafa framkvæmdir verið stöðvaðar á grundvelli þessarar lagagreinar?
2. Hversu tíð eru meint brot á náttúruverndarlögum, um hvers konar brot er að ræða og hversu oft hafa menn verið sakfelldir fyrir slík brot?

Sþ. 468. Fyrirspurn [257. mál]

til landbúnaðarráðherra um landnýtingu á Íslandi.

Frá Sigrúnu Helgadóttur.

1. Hvernig miðar vinnu við söfnun grunnupplýsinga svo að unnt sé að taka mikilvægar ákvarðanir um nýtingu landsins? Að hve miklu leyti hafa eftirtaldir þættir verið metnir og kortlagðir:
   a. jarðvegseyðing,
   b. ástand gróðurs, svo sem úthaga og birkikjarrs,
   c. beitarþol,
   d. möguleikar landsvæða til skógræktar,
   e. möguleikar landsvæða til fiskeldis?
2. Hve stór hluti landsins hefur nú verið gróðurkortlagður og hversu nákvæm eru þau kort?
3. Hvernig miðar gerð jarðabókar og jarðakorts landsins? Koma þar fram eftirtaldar upplýsingar um hverja jörð:
   a. stærð, staðsetning og landamörk,
   b. eignarhald, ábúð og íbúar,
   c. bústofn og fullvirðisréttur,
   d. aðstaða til búrekstrar, t.d. hvað varðar húsakost, ræktað land, beitiland og hlunnindi?

   Hvernig er framsetningu þessara gagna háttað?

Greinargerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir að gerð verði landnýtingaráætlun sem taki til hvers konar notkunar lands. Til þess að hægt sé að gera raunhæfa áætlun um nýtingu landsins og síðar þróun byggðar þurfa að vera tiltækar margvíslegar upplýsingar um náttúru landsins, landkosti með hliðsjón af ýmiss konar landnýtingu, íbúa, ástand byggðar og fjárfestingar. Því miður er engum einum aðila í stjórnkerfinu ætlað að hafa yfirsýn yfir þessa þætti. Þess vegna fellur gagnasöfnun fyrir landnýtingaráætlun undir nokkur ráðuneyti, en hér er aðeins spurt um þann hluta hennar sem fellur undir landbúnaðarráðuneyti.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 469. Fyrirspurn [258. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðisbrot.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við álit þeirrar nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra 12. júlí 1984 samkvæmt sérstakri þingsályktun og nýlega lauk störfum?

Sþ. 470. Svar [130. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hver eru afskipti Siglingamálastofnunar og samgönguráðuneytis af veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi, eftirliti varðandi mengun frá fiskeldisstöðvum og rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?
2. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?
3. Hvaða áform eru uppi á vegum samgönguráðuneytisins vegna ofangreindra þátta eða annarra sem snerta fiskeldi og mengunarhættu því tengda?

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun falla fiskeldisstöðvar undir þá reglugerð og er rekstur þeirra háður starfsleyfum. Eftir þessari reglugerð annast Hollustuvernd ríkisins samningu starfsleyfistillagna, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir endanlega starfsleyfi.

Samkvæmt sömu reglugerð skal Hollustuvernd ríkisins ávallt leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins þegar hætta er á mengun sjávar áður en endanlegar starfsleyfistillögur eru gerðar. Þetta fyrirkomulag var ákveðið til að einfalda umsækjendum umsóknir um starfsleyfi þannig að þeir þyrftu ekki að sækja um til margra stofnana.

Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með fiskeldisstöðvum samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og innheimtir árleg eftirlitsgjöld samkvæmt gjaldskrá. Í þessu felst m.a. eftirlit

með því að lögum, reglugerðum og skilyrðum starfsleyfa sé framfylgt, þar með talið kröfum Siglingamálastofnunar.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur í umsögnum sínum til Hollustuverndar ríkisins varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar gert kröfur um að frá starfsemi slíkra stöðva berist sem minnst mengun í sjó. Í umsögnum sínum hefur Siglingamálastofnun ríkisins enn fremur gætt þess að staðsetning og rekstur fiskeldisstöðva í sjó valdi ekki siglingahættu og gert kröfu um að flotkvíar séu tryggilega festar við botn eða land.

Sem lagalegur grundvöllur undir umsögnum Siglingamálastofnunar eru:

a. lög um varnir gegn mengun sjávar,
b. hafnareglugerðir,
c. siglingalög,
d. alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar.

Fiskeldi er til þess að gera ný starfsgrein hér á landi og er enn í mótun. Þekkt er erlendis frá að slík starfsemi getur valdið mengun í sjó, einkum staðbundinni mengun.

Hérlendis hefur fiskeldi enn ekki svo vitað sé valdið víðáttumikilli mengun í sjó, en gæta þarf varúðar í þessu efni, einkum með tilliti til langtímaáhrifa. Hins vegar er vitað að til nokkurs tjóns hefur komið vegna þörungamyndunar sem rekja má til úrgangs frá fiskeldinu.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur ekki starfslið né aðstöðu til þess að framkvæma líffræðilegar athuganir í sjó, svo sem um áhrif mengunar frá fiskeldi, en styðst við upplýsingar í því efni sem fengist hafa frá Hafrannsóknastofnun og öðrum innlendum og erlendum aðilum, enda eðlilegt að nota þá starfsemi sem fyrir hendi er í landinu til slíkra rannsókna.

Hjá Siglingamálastofnun er fylgst með uppbyggingu og þróun þessarar atvinnugreinar hér á landi og hliðsjón höfð af þróun erlendis í þessum málum.

Samgönguráðherra hefur nýlega skipað starfshóp á grundvelli laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, til að gera tillögur um mælingar á mengunarefnum í sjó í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum. Í samræmi við ákvæði þessara laga er samgönguráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um fiskeldisstöðvar, ef og þegar þess gerist þörf.

Sþ. 471. Svar [221. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar o.fl. um þorskveiði og úthlutun á þorskkvóta.

Upplýsingar þær, sem hér birtast, eru unnar úr gögnum sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskifélags Íslands. Úthlutaður þorskafli er miðaður við þorskaflamark allra skipa 10 brl. og stærri burtséð frá því hvort valið hefur verið botnfiskveiðileyfi með afla- eða sóknarmarki fyrir viðkomandi ár. Þetta er í samræmi við 11. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, og samsvarandi ákvæði í eldri lögum. Allar upplýsingar eru miðaðar við skráða heimahöfn fiskiskips eins og hún var í lok hvers árs. Afli báta minni en 10 brl. fyrir árið 1988 er vanmetinn þar sem upplýsingar um afla þeirra liggja einungis fyrir fram í miðjan nóvember.

Gögn um úthlutað aflamark eru ekki til á tölvutæku formi fyrir árin 1984 og 1985. Það veldur því að ósamræmi getur skapast varðandi upplýsingar um úthlutun til bátaflotans milli einstakra svæða þessi tvö ár. Þetta misræmi ætti þó að vera hverfandi.

(Allar tölur í töflum eru miðaðar við óslægðan fisk.)

1. ÚTHLUTUN ÞORSKKVÓTA SAMTALS Á HVERJU ÁRI 1984-1989 TIL EFTIRTALINNA SKIPAFLOKKA:

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	110974	111152	125146	140434	121433	104286
b. Togarar 39 metrar og styttri	9959	10307	11891	12516	12838	11501
c. Frystitogarar	5360	9253	11415	16252	27919	31416
d. Bátar	121952	125576	143239	149379	148659	132575
Samtals	247803	256288	291691	318581	310849	279778

SUNDURLIÐAÐ Á EFTIRTALIN SVÆÐI FYRIR SÖMU ÁR.

1. Norðurfjörður til og með Þórshöfn.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	29762	27958	34669	40989	33638	28845
b. Togarar 39 metrar og styttri	3199	4398	4804	5125	4988	4490
c. Frystitogarar	5360	9254	10586	13884	19420	19482
d. Bátar	20701	21082	23050	27280	28946	26021
Samtals	59022	62592	73109	87278	86992	78838

2. Bakkafjörður til og með Djúpavogi.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	20002	20703	23424	27279	23672	19299
b. Togarar 39 metrar og styttri	2796	2893	3418	3936	3854	3356
c. Frystitogarar	0	0	0	0	2020	3307
d. Bátar	7405	7605	8288	6674	6063	5238
Samtals	30203	31201	35130	37889	35609	31200

3. Höfn til og með Vestmannaeyjum.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	5233	5416	6519	8020	6401	5809
b. Togarar 39 metrar og styttri	786	814	1163	1393	1309	1206
c. Frystitogarar	0	0	0	0	1138	1024
d. Bátar	18089	18307	21177	21489	23271	20657
Samtals	24108	24537	28859	30902	32119	28696

4. Stokkseyri til og með Grindavík.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	2481	1708	2005	2538	3336	3051
b. Togarar 39 metrar og styttri	0	0	0	0	0	0
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0	0
d. Bátar	21307	22046	27634	27931	25194	22723
Samtals	23788	23754	29639	30469	28530	25774

5. Hafnir til og með Akranesi.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	24795	25663	26683	25766	20533	17408
b. Togarar 39 metrar og styttri	2578	1681	1746	1333	1252	1158
c. Frystitogarar	0	0	829	2368	5341	7603
d. Bátar	24308	25491	29491	30308	29454	25489
Samtals	51681	52835	58749	59775	56580	51658

6. Arnarstapi til og með Patreksfirði.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	4922	5094	4607	4838	4625	4273
b. Togarar 39 metrar og styttri	600	621	760	729	685	616
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0	0
d. Bátar	19824	21172	23121	25220	25058	22827
Samtals	25346	26887	28488	30787	30368	27716

7. Tálknafjörður til og með Súðavík.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
a. Togarar lengri en 39 metrar	23777	24510	27239	31004	29228	25601
b. Togarar 39 metrar og styttri	0	0	0	0	750	675
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0	0
d. Bátar	9878	9972	10478	10477	10673	9620
Samtals	33655	34482	37717	41481	40651	35896

2. ÞORSKVEIÐIN Á FYRRNEFNDUM SVÆÐUM SAMTALS Á HVERJU ÁRI 1984-1988 Á HVERN EFTIRTALINN SKIPAFLOKK:

1. Norðurfjörður til og með Þórshöfn.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	44400	40101	46737	47760	41538
b. Togarar 39 metrar og styttri	3176	4294	4457	3015	4887
c. Frystitogarar	7783	12858	14258	20415	30033
d. Bátar 10 brl. og stærri	18730	22070	26724	31517	25138
e. Bátar minni en 10 brl.	4403	6048	7480	6829	5914
Samtals	78492	85371	99656	109536	107510

2. Bakkafjörður til og með Djúpavogi.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	23505	26820	31168	31468	27686
b. Togarar 39 metrar og styttri	3826	3535	4348	4943	4236
c. Frystitogarar	0	0	0	0	1286
d. Bátar 10 brl. og stærri	6514	5481	7279	7347	5994
e. Bátar minni en 10 brl.	3974	4755	6457	9046	8283
Samtals	37819	40591	49252	52804	47485

3. Höfn til og með Vestmannaeyjum.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	3832	7730	8863	8165	7696
b. Togarar 39 metrar og styttri	542	1122	1489	1741	1570
c. Frystitogarar	0	0	0	0	1050
d. Bátar	14462	19132	17671	20912	24035
e. Bátar minni en 10 brl.	454	641	1036	1984	1842
Samtals	19290	28625	29059	32802	36193

4. Stokkseyri til og með Grindavík.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	1740	2096	2902	2829	4073
b. Togarar 39 metrar og styttri	0	0	0	0	0
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0
d. Bátar 10 brl. og stærri	20992	23355	24445	24445	19177
e. Bátar minni en 10 brl.	96	155	274	360	445
Samtals	22828	25606	27621	27634	23695

5. Hafnir til og með Akranesi.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	22123	29314	30373	27003	22467
b. Togarar 39 metrar og styttri	1302	1719	2250	1323	1739
c. Frystitogarar	0	0	1605	5663	9259
d. Bátar 10 brl. og stærri	25942	27992	33708	34048	28922
e. Bátar minni en 10 brl.	2003	3510	5197	6809	6700
Samtals	51370	62535	73133	74846	69087

6. Arnarstapi til og með Patreksfirði.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	5606	5947	5679	6271	6141
b. Togarar 39 metrar og styttri	570	1093	1109	1059	856
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0
d. Bátar 10 brl. og stærri	21446	24260	27712	30229	25745
e. Bátar minni en 10 brl.	2277	3169	3944	4500	3794
Samtals	29899	34469	38444	42059	36536

7. Tálknafjörður til og með Súðavík.

	1984	1985	1986	1987	1988
a. Togarar lengri en 39 metrar	32024	33449	34785	34250	32843
b. Togarar 39 metrar og styttri	0	0	0	0	172
c. Frystitogarar	0	0	0	0	0
d. Bátar 10 brl. og stærri	7780	8872	10349	11026	11450
e. Bátar minni en 10 brl.	2204	3283	3728	3030	2552
Samtals	42008	45604	48862	48306	47017

Nd. 472. Framhaldsnefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við lausn þess vanda, sem við er að fást í atvinnulífinu, er hvað mikilvægast að gera fyrirtækjum kleift að bæta rekstrarstöðu sína með aukningu eigin fjár. Lán á lán ofan leysa engan vanda til frambúðar. Því lögðu fulltrúar Kvennalista og Sjálfstæðisflokks fram breytingartillögu við þetta frumvarp sem gerði ráð fyrir stofnun hlutafjársjóðs við Byggðastofnun sem kaupa skyldi hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. þskj. 209 og 298. Með því skyldi opnuð leið fyrir þá sem vildu efla eigið fé fyrirtækja með hlutafjárkaupum, án þess þó að taka mikla áhættu. Forsenda þess að sjóðurinn næði tilgangi sínum var að hann yrði rekinn á faglegum grunni, en ekki eftir pólitískum geðþótta.

Nú hefur meiri hl. gert þessa tillögu að sinni, en gjörbreytt formi hennar og tilgangi svo að alls ekki er um sömu tillögu að ræða þótt ráðamenn hafi ítrekað látið liggja að því. Af breytingartillögum forsætisráðherra á þskj. 449 og yfirlýsingum í umræðum á Alþingi er bersýnilegt að sjóðnum er ætlað að taka við þeim fyrirtækjum sem Atvinnutryggingarsjóður hefur úrskurðað óhæf til lánafyrirgreiðslu vegna vonlausra rekstrarskilyrða. Það er fjarri hinni upprunalegu hugmynd. Nauðsynlegt er að taka á vanda verst stöddu fyrirtækjanna með viðeigandi ráðstöfunum, en 1. minni hl. harmar að ríkisstjórnin skuli ætla að misnota hugmyndina um hlutafjársjóðinn í því skyni.

Í öðru lagi vekur athygli að ríkisstjórnin hefur viðurkennt sjónarmið forsvarsmanna lífeyrissjóðanna og látið undan kröfum þeirra um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs, sbr. 2. lið breytingartillagna forsætisráðherra á þskj. 449.

Alþingi, 9. febr. 1989.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Friðrik Sophusson.

Sþ. 473. Skýrsla [77. mál]

forsætisráðherra um starfsemi Þróunarfélags Íslands hf., samkvæmt beiðni.

INNGANGUR

Vegna beiðni ellefu alþingismanna á þskj. 79 sneri ráðuneytið sér til Þróunarfélagsins og óskaði eftir því að félagið tæki saman skýrslu um starfsemina með hliðsjón af þeim spurningum sem fram koma á þingskjalinu. Svör Þróunarfélagsins fylgja hér á eftir:

Vísað er til bréfs ráðuneytisins 9. nóvember sl. þess efnis að gerð sé grein fyrir starfsemi Þróunarfélags Íslands hf. Erindið er í samræmi við beiðni sem fram hefur komið á Alþingi, með vísan til 30. gr. laga um þingsköp.

Þróunarfélagið fagnar áhuga alþingismanna á starfi þess og er ljúft að veita eftirfarandi upplýsingar.

Vegna þriðju spurningar fyrirspyrjenda um lántöku viðskiptavina félagsins er í upphafi rétt að leggja ríka áherslu á að Þróunarfélagið er sjálfstætt hlutafélag í eigu fjölmargra aðila og gætir fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Samkvæmt venju hafa einstök viðskipti, lánveitingar eða hlutabréfakaup ekki verið rædd á aðalfundum félagsins né greint frá þeim utan stjórnar, nema að fengnu samþykki hlutaðeigandi. Stjórn Þróunarfélagsins hefur sett sér mjög stífar starfsreglur til þess að tryggja fyllsta trúnað annars vegar um þau mál

sem reifuð eru við félagið og hins vegar við þá aðila sem til þess leita. Til nánari glöggvunar fylgja starfsreglur stjórnar hér með.

Vegna þessa trúnaðar við viðskiptamenn Þróunarfélagsins verður fjallað sameiginlega um annan og þriðja lið fyrirspurnarinnar og almennt gerð grein fyrir stöðu mála án þess að nefna þau fyrirtæki og einstaklinga er í hlut eiga.

Þess er vænst að hæstvirtir alþingismenn skilji framangreind sjónarmið og þau rök sem að baki liggja, þ.e. að ekki er hægt að opinbera með þeim hætti, sem farið er fram á, einkamál fyrirtækja og einstaklinga.

1. Síðustu ársreikningar Þróunarfélagsins.

Eiginfjárstaða Þróunarfélags Íslands er traust. Í upphafi nam hlutafjáráskrift 345 milljónum króna er greiðast skyldu á fjórum árum. Um síðustu áramót var enn útistandandi síðasti hluti hlutafjárloforða eða um 86 milljónir króna.

Samkvæmt síðasta ársreikningi nam eigið fé Þróunarfélagsins 316 milljónum króna. Að meðtöldu áðurnefndu 86 milljóna króna hlutafé, sem kom til greiðslu 1. október sl., er eigið fé félagsins því 402 milljónir króna.

Eignir félagsins námu 436 milljónum króna samkvæmt síðasta ársreikningi og skuldir 120 milljónum króna. Að meðtöldu síðasta hlutafjárloforðinu eru eignirnar nú 522 milljónir króna. Félagið var rekið með hagnaði á síðasta ári. Eignir félagsins eru lausafé, skuldabréf, hlutabréf og fasteign. Lausafé er varðveitt í þeim bönkum sem eru hluthafar í félaginu. Erlend endurlán eru varðveitt í Seðlabanka Íslands. Hluti af eign félagsins er varðveittur til skemmri tíma í öruggum verðbréfum og í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum.

Félagið starfar í eigin húsnæði og nemur verðmæti þeirrar fasteignar rúmum 3% af framangreindri eign.

2. Um nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Tilgangur með stofnun Þróunarfélags Íslands var að renna styrkari stoðum undir nýjungar í atvinnulífi landsmanna. Í gegnum félagið gæti hið opinbera, fyrirtæki og einstaklingar lagt sitt af mörkum til hátækniiðnaðar, hugbúnaðargerðar, líftækni og rafeindaiðnaðar, svo eitthvað sé nefnt af þeim greinum sem augun beindust að. Samkvæmt samþykktum um félagið var því einnig ætlað að styðja og stuðla að þróun atvinnulífsins með aðstoð við sameiningu fyrirtækja, kaupum á skuldabréfum þeirra og almennt að efla arðsama starfsemi.

Löggjafinn vildi leggja sitt af mörkum og var ætlunin að félagið fengi heimildir á lánsfjárlögum til endurlánastarfsemi er sinnti nýjum „heimilislausum“ atvinnugreinum. Í þessu skyni var m.a. veitt heimild í lögum til þess að ríkissjóður ábyrgðist lántöku að jafnvirði allt að 500 milljónir króna í erlendri mynt er félagið tæki að láni til starfsemi sinnar. Félagið hefur enn ekki nýtt sér þessa ábyrgð og vonast til að svo þurfi ekki að verða. Hins vegar varð félagið fyrir því að stjórnvöld skáru niður lántökuheimildir þegar á fyrsta starfsári. Í upphafi var gert ráð fyrir að félagið hefði heimild til að endurlána 200 milljónir króna á ári en árið 1987 var veitt heimild til endurlána að upphæð 100 milljónum króna og árið 1988 var heimildin lækkuð í 25 milljónir króna. Eins og vænta má hefur þessi niðurskurður takmarkað starf félagsins undanfarið. Því verður þó ekki haldið fram að nýsköpun atvinnulífs hafi liðið fyrir. Vilji einstaklinga og fyrirtækja til þess að leggja fram fé og fyrirhöfn í þróun nýrra hugmynda er mun meiri á samdráttartímum en í góðæri, sbr. að áhugi á nýjungum var mikill og nýsköpun í kringum stofnun Þróunarfélagsins árið 1985 og á fyrri hluta árs 1986. Í góðærinu 1987 fór áhuginn dvínandi, en þegar haustaði í íslensku efnahagslífi 1988 og alvarlegs samdráttar tók að gæta kviknaði áhuginn að nýju. Íslenskt athafnalíf er að þessu leyti frábrugðið því sem gerist hjá nágrönnum okkar þar sem afrakstur góðra ára er nýttur til að stunda rannsóknir og þróunarstarf.

Eins og áður hefur komið fram var sjónum mjög beint að vaxtarbroddum í hátækniiðnaði þegar Þróunarfélagið tók til starfa. Reynsla félagsins af slíkum verkefnum er sú að þau taka lengri tíma en áætlað er í upphafi, þau er fjárfrekari en gert er ráð fyrir og hættan á mistökum við framgang verkefna er margfalt meiri en í öðrum atvinnugreinum. Forsvarsmenn Þróunarfélagsins hafa því lagt áherslu á að vanda vel valið á verkefnum þessarar tegundar. Mörgum erindum er synjað og margir verða því frá að hverfa án þess að hafa hlotið þá afgreiðslu sem þeim þótti hæfa.

Í Noregi er reynslan sú að áhættufjármagnsfyrirtæki reyndust ekki nógu gagnrýnin á þau verkefni sem að þeim var haldið. Afleiðing slíkra vinnubragða er í stuttu máli að tap vegna gjaldþrota norskra áhættufjármagnsfyrirtækja undanfarin tvö ár nemur um hálfum milljarði norskra króna eða hálfum fjórða milljarði íslenskra króna. Um þessar mundir er áhugi á fjármögnun í hátækniiðnaði þar í landi hverfandi. Frá Danmörku er einnig sömu sögu að segja. Að mati Þróunarfélagsins ber því að forðast lítt grundaðar aðferðir sem þessar við uppbyggingu íslensks nýiðnaðar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tegundum verkefna sem Þróunarfélagið hefur fengist við þann tíma sem liðinn er frá stofnun þess og þeim fjármunum sem í þeim eru bundnir.

HUGBÚNAÐUR

Öll verkefni tengd hugbúnaði — utan eitt — hafa hlotið jákvæðar undirtektir hjá Þróunarfélaginu. Flest tengjast verkefnin framleiðslu og sölu hugbúnaðar á erlendri grund. Enn sem komið er hefur markaðssetning gengið almennt nokkuð hægar en gert var ráð fyrir þótt á því séu undantekningar.

Félagið hefur lánað án veða til framleiðslu hugbúnaðar er nefnist „Brain Stat“ og er ætlaður fyrir „neurophysological“ sérfræðinga. Hugbúnaðurinn er afrakstur af samstarfi læknis og kerfisfræðings og gerir hann kleift að setja heilalínurit fram á myndrænan hátt. Með þeim hætti reynist læknum auðveldara að lesa úr heilalínuriti sjúklings. Viðtökur erlendis við þessum hugbúnaði lofa góðu.

Þróunarfélagið er stærsti hluthafi í fyrirtækinu Tölvusamskipti hf., með 39,2% hlutafjár. Á vegum Tölvusamkipta hf. hefur verið þróaður og seldur með góðum árangri sérstakur hugbúnaður til að auðvelda tengingu milli tölva og ýmiss konar tækja, t.d. telex-tækja eða telefax-tækja. Einnig hefur hugbúnaðurinn verið notaður til að tengja saman tölvu og tæki til krabbameinsleitar í brjóstum og til að tengja saman tölvu og skilvindu fyrir blóðsýni. Miklar vonir eru bundnar við sölu þessa hugbúnaðar til heilbrigðisstofnana heima og erlendis. Einnig standa yfir samningaumleitanir við stórt erlent símafyrirtæki og er niðurstöðu að vænta í byrjun árs 1989.

Umsvifamesta verkefni Þróunarfélagsins á sviði hugbúnaðar er undirbúningur að stofnun fyrirtækis er sæi um viðhald og þróun á hugbúnaði fyrir IADS-ratsjárkerfið. Verkefnið er unnið í samvinnu við utanríkisráðherra, utanríkisráðuneytið og Félag íslenskra iðnrekenda. Þess er vænst að fyrirtækið verði öflugur stuðningur við íslenska hugbúnaðargerð í framtíðinni enda við það miðað að þróun og þjónusta við hugbúnaðinn verði keypt frá fjölmörgum smáum og stórum íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum. Unnið var að þessum undirbúningi allt síðastliðið ár og sér nú fyrir endann á því starfi.

Að meðtöldum þeim fjármunum, sem Þróunarfélagið áætlar að leggja í síðasttalda fyrirtækið, eru um 20 milljónir króna í verkefnum til hugbúnaðar.

LÍFTÆKNI

Félagið er með rúmar 30 m.kr. bundnar í líftækniverkefnum. Að stærstum hluta er um að ræða verkefni sem byggist á framleiðslu hormónalyfja úr hryssublóði.

Verkefnið gengur hægar en áætlað var þótt tekist hafi að leysa öll tæknileg vandamál. Hingað til hefur lyfið verið selt til landa utan EB og Bandaríkjanna. Hins vegar hefur reynst bæði erfitt og tímafrekt að fá nýtt lyf skráð og samþykkt í löndum Efnahagsbandalagsins. Af fenginni reynslu tekur slík lyfjaskráning tvö til þrjú ár hjá ríkjum bandalagsins og virðist lyfjaeftirlit í Bandaríkunum álíka þungt í vöfum.

Önnur líftækniverkefni, sem Þróunarfélagið hefur komið að, eru ekki jafnlangt á veg komin og hið fyrsta. Af þeim mætti í fyrsta lagi nefna athugun á samvinnu við fyrirtæki í Ástralíu um framleiðslu lífræns áburðar úr fiskúrgangi hér á landi. Það verkefni hefur ekki skilað árangri þar sem sú vinnsluaðferð, sem beita skyldi, var ekki samkeppnisfær um hráefniskaup við fiskimjölsverksmiðjur. Í annan stað tók félagið þátt í athugun á markaðssetningu ensíma til nota við fiskvinnslu. Þá stendur yfir með aðild Þróunarfélagsins könnun á hugsanlegri nýtingu þeirra efna er falla til hjá mjólkurbúum og er nú hent. Loks hefur Þróunarfélagið í samvinnu við sænskt fyrirtæki kannað möguleika á framleiðslu og sölu á ensímum úr ákveðnum efnum sem finnast hér á landi. Áætlað er að þróunarstarf og rannsóknir varðandi síðasttalda verkefnið taki sjö ár áður en úr því fæst skorið hvort eða hversu vænleg umrædd ensím eru til framleiðslu.

Sé litið á íslensk líftækniverkefni í heild eru mörg þeirra áhugaverð en enn munu líða nokkur ár þar til ljóst verður hversu ábatasöm þau eru. Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Háskóli Íslands vinna að fjölmörgum verkefnum á sviði líftækni og því þykir eðlilegt að þeir aðilar sinni þeim þætti málsins er lýtur að þróunarstarfi. Þegar kemur að markaðssetningu framleiðslunnar og að færa hana í söluhæfan búning kemur til kasta Þróunarfélagsins, enda krefjast þeir þættir síst minni fjármuna en rannsókna- og tilraunavinnan.

Af þessu tilefni er rétt að ítreka að nokkuð skortir á að löggjafinn hafi lagt nógu skýrar línur um hvorra séu réttindin — vísindamanna eða opinberra aðila — að selja uppfinningar og rannsóknir sem unnar hafa verið á vegum þess opinbera. Meðan sú réttarstaða er óljós er erfitt fyrir fjármögnunarfyrirtæki að taka þátt í verkefni þar sem ágreiningur ríkir um hvor eigi afraksturinn af árangursríku rannsóknastarfi, hið opinbera eða vísindamaðurinn. Er það vinsamleg ábending til löggjafans að sett verði skýrari fyrirmæli í lög varðandi þetta efni.

RAFEINDATÆKNI

Þróunarfélagið er með um 32 milljónir króna í verkefnum er teljast til raftækni. Það er stærsti hluthafi í rafeindafyrirtækinu Marel hf. með 38% hlutafjár eða um 20 milljónir króna. Aðrir helstu hluthafar eru Hagvirki hf. og Samvinnusjóður Íslands hf. Fyrirtækið hannar, framleiðir og selur ýmiss konar rafeindatækni fyrir sjávarútveg og útflutningur þess nemur rúmum 100 milljónum króna á árinu 1988. Marel rekur öflugt markaðsstarf í Kanada og Bandaríkjunum auk þess sinnir það sölumálum annarra íslenskra fyrirtækja samkvæmt sérstöku samkomulagi. Þá selur fyrirtækið vörur sínar til fjölmargra annarra landa, svo sem Grænlands, Færeyja, Noregs, Danmerkur, Frakklands, Spánar og Ástralíu.

Þróunarfélagið hefur mikinn áhuga á því að vinna að sameiningu fyrirtækja er framleiða og selja sérhæfðan búnað fyrir sjávarútveg. Í samvinnu við Félag íslenskra iðnrekenda hefur verið unnið nokkuð að samningaumleitunum til að gera slíka sameiningu mögulega.

Í samanburði við íslenska líftækni er raftæknin burðugri, þar eru fleiri hugmyndir og þær komnar lengra á veg. Aðstæður hér á landi eru þó erfiðar, ætli fyrirtæki að framleiða til útflutnings og er skýringarinnar ekki síst að leita í óhagstæðri gengisskráningu.

Fleiri raftækniverkefni eru í athugun hjá Þróunarfélaginu. Ekki reynist þó unnt að greina frá þeim vegna trúnaðar við þá er hugmyndirnar eiga.

UPPFINNINGAMENN

Því hefur stundum verið haldið fram að hér á landi sé mikið af snjöllum uppfinningum og einungis vanti fé til þess að gera uppfinningar þessar að söluhæfri vöru. Því miður er það ekki reynsla félagsins.

Að vísu hafa fjölmargir viðrað hugmyndir og uppfinningar sínar við Þróunarfélagið og óskað eftir fjármagni. Við nánari athugun hefur þó allt of oft komið í ljós að viðkomandi er að leysa sitt eigið áhugamál fremur en að lausnin miðist við að uppfylla þörf annarra, þ.e. að uppfinningin lúti þörfum markaðarins.

Þegar um raunhæfar hugmyndir er að ræða hefur það verklag komist á að styrkir til frumvinnu koma frá Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs, Iðntæknistofnun veitir hugmyndasmiðum aðstöðu til þess að vinna að hugmyndinni og Þróunarfélagið kemur síðan að málinu á síðari stigum, þ.e. við gerð „prototypu" og með áhættufé þegar kemur að markaðssetningu. Með þessum aðilum hefur þegar tekist ágætt samstarf um að kosta gerð lifrarskilju sem uppfinningamaðurinn Jakob Sigurbjörnsson hefur unnið að. Lifraskiljan er vél sem ætlað er að slíta slóg frá lifur svo auðveldara verði að nýta lifur, ekki hvað síst um borð í fiskiskipum. Rannsóknasjóður veitti Jakobi styrk út á frumhugmyndina. Eftir að teikningar lágu fyrir gerðist Þróunarfélagið 40% eignaraðili og samið var við Iðntæknistofnun um að hugmyndasmiðurinn fengi þar aðstöðu til þess að vinna áfram að málinu.

Þá hefur félagið gert tilboð í áhættulán til aðila sem hyggjast framleiða og selja sérstakar öryggislæsingar.

Af öðrum hugmyndum sem komið hafa á borð félagsins má nefna: Daihatsu-bíl sem á að geta flogið, sérstakan þaksaum, gervibeitu, neyðarbauju, sérstakt ljósaskilti við gangbrautir, töflur til að hjálpa reykingamönnum að hætta reykingum, fjórar eða fimm mismunandi útfærslur af beitingarvél o.fl.

Af ofantöldu má ljóst vera að ekki eru allar nýjungar hagnýtar sem berast til Þróunarfélagsins. Stefna félagsins hefur þó verið sú að dyr þess standi öllum opnar sem vilja viðra nýjar hugmyndir. En það er hins vegar ljóst að meginþorri þessara hugmynda eru ekki þess eðlis að það sé hagkvæmt fyrir félagið að verja til þeirra fé.

FISKELDI

Þróunarfélagið kemur að fiskeldi með margvíslegum hætti. Félagið veitir ekki almenn stofnlán til fiskeldis, enda þeim lánaflokki þegar sinnt af Framkvæmdasjóði. Undantekning er þó 42 m.kr. lán til fyrirtækis sem á hagkvæman hátt gat stóraukið eldi sitt með því að bæta við sjókvíum.

Félagið hefur veitt ábyrgðir gagnvart Fiskveiðasjóði vegna lántöku sem fiskeldisfyrirtæki á Norðausturlandi tók hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors með bakábyrgð Fiskveiðasjóðs.

Félagið var stofnaðili að fyrirtækinu Silfurbergi hf., en það félag hefur fjárfest umtalsvert í fiskeldi. Má þar nefna hlut í Silfurlaxi í Ölfusi. Hlutafélagið Silfurgen var stofnað með það í huga að starfa sem kynbótastöð sem selt gæti öðrum seiðaeldisstöðvum hrogn frá laxastofni sem hentaði vel til eldis.

Í framtíðinni er einnig vonast til þess að á vegum Silfurgens megi takast að framleiða laxahrogn sem séu þeim eiginleikum búin að fiskur, sem af þeim vex, verði „steril" eða „kynlaus". Slíkur fiskur hentar mjög vel til eldis því þegar fiskur verður kynþroska minnkar vaxtarhraðinn. Ekki er hætta á blöndun við aðra laxastofna þó slíkur fiskur sleppi úr eldi.

Samkvæmt áætlunum mun fyrirtækið einnig vinna að rannsóknum og tilraunum til genaflutnings milli fiska. Markmiðið er að unnt verði að framleiða eldislax sem þolir eldi í sjó sem fer niður fyrir 0 gráður á Celsíus. Ef þau áform takast mun það hafa í för með sér að hægt verður að ala fisk í eldiskvíum í kring um landið allt.

Að síðustu má nefna tilraunir, sem stefnt er að að hefjist í náinni framtíð, til þess að merkja fisk með líffræðilegum hætti. Hugsunin er að hafbeitarstöðvar geti fengið keypt hrogn sem verði að fiski sem hafi merki eða blett t.d. á sporði eða uggum. Með þessum aðferðum má leysa deilur sem upp kynnu að koma um eign á hafbeitarlaxi frá stöðvum sem eru í nálægð hver við aðra.

FÓÐURKAUPALÁN Í FISKELDI

Í stað þess að veita stofnlán til fiskeldis ákvað félagið að aðstoða fiskeldi sem nýja atvinnugrein með þeim hætti að veita eldisstöðvum lán til kaupa á fóðri fyrir fiskinn. Viðskiptabankar fiskeldisfyrirtækja veita rekstrarlán sem almennt nemur um 37,5% af tryggingarverðmæti fisksins (um 50% rekstrarkostnaðar). Fiskeldisfyrirtækin hafa almennt ekki eigið fé til þess að brúa þann mismun sem þannig skapast og ekki við til þess að fá frekari lánafyrirgreiðslu úr bankakerfinu.

Þessi rekstrarfjárskortur eldisfyrirtækja kom ekki síst illa við þau fyrirtæki er framleiða fóður fyrir fiskeldi.

Þróunarfélagið hefur í góðri samvinnu við fóðurframleiðendur byggt upp lánaflokk til þess að fjármagna fóðurkaup. Lánin nema um 20% af tryggingarverðmæti. Lánað er út á fisk sem orðinn er 500 grömm eða stærri og fiskurinn alinn í 2,5 til 3 kílógrömm, en það tekur um níu mánuði. Lánin eru veitt án veða. Gerður er samningur við viðskiptabanka um að þeir haldi eftir tilteknum hundraðshluta af söluverði við útflutning til að endurgreiða lánið. Þar sem hér er um allmikla áhættu að ræða ákvað stjórn félagsins að verja í upphafi fjárhæð sem færi ekki yfir 30% af eigin fé félagsins.

Til þess að fjármagna þennan lánaflokk tók félagið að láni 120 milljónir króna í erlendri mynt með milligöngu Landsbanka Íslands. Lán þetta er allmiklu dýrara en ef félagið hefði fengið aðgang að afurðalánakvóta bankanna. Þann mismun bera fiskeldisfyrirtæki nú.

Félagið hefur fengið vilyrði fyrir því að aðild að afurðalánakvótanum komi til endurskoðunar síðar, enda liggur nú fyrir úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 17. ágúst sl. þess efnis að lán þessi séu hliðstæð afurðalánum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1988.

Félagið hefur þegar hafið afgreiðslu þessara lána og hafa flestar stærri strandeldisstöðvar auk eins fyrirtækis með sjókvíaeldi þegar gert samning við Þróunarfélagið um slík fóðurkaupalán. Rétt er þó að geta þess að enn er óleystur rekstrarfjárvandi seiðaeldisstöðva og fjármögnun þess rekstrarkostnaðar sem því fylgir að ala seiði upp í 500 gramma þyngd. Þróunarfélagið hefur nú yfir að ráða afurðalánakerfi til að annast viðbótarlán til fiskeldisins en ekki verða að sinni settir meiri fjármunir í þann málaflokk, nema til komi tryggingar fyrir a.m.k. hluta af hverju láni.

VERKEFNAÚTFLUTNINGUR

Stærsta verkefni félagsins til þessa er fjármögnun tveggja tilboða íslenskra aðila í smíði og uppsetningu frystihúsa ásamt búnaði í Grænlandi.

Verkefnaútflutningsfyrirtækið Icecon hf., sem er samstarfsverkefni SH, SÍS og SÍF, hefur náð stórum samningum um sölu á búnaði í frysti- og fiskverkunarhús. Icecon hf. semur í eigin nafni við hina erlendu aðila en gerir síðan verksamninga um smíði og uppsetningu tækja og búnaðar við íslensk iðnfyrirtæki. Til þess að vera samkeppnisfær við erlenda mótbjóðendur þurfa íslensku fyrirtækin að fjármagna verkið að stærstum hluta meðan á smíðinni stendur. Þróunarfélagið og Icecon hf. gerðu samning um að félagið lánaði fé til þess að fjármagna verkið á smíðatímanum þannig að unnt væri að greiða til íslensku iðnfyrirtækjanna eftir því sem verkinu miðaði.

Á árinu 1987 voru lánaðar 40 m.kr. til slíks útflutnings. Var það lán að fullu endurgreitt fyrri hluta þessa árs. Á miðju þessu ári lánaði félagið 220 milljónir króna til þess að fjármagna

stór verkefni sem lokið verður við á árinu 1989. Lán þessi eru án veða en útflutningsábyrgðadeild Iðnlánasjóðs ábyrgist hluta lánsins gagnvart félaginu.

Eftir því sem tækifæri gefast mun félagið halda áfram að lána til útflutnings á tækjum og búnaði fyrir sjávarútveg. Sá útflutningur lofar góðu og hefur hann vaxið úr 6 milljónum dollara í 18 milljónir á tímabilinu 1985 til 1987. Virðist ljóst að Þróunarfélagið hafi þar stóru hlutverki að gegna þar sem hefðbundnar íslenskar banka- og lánastofnanir geta ekki, eðli máls samkvæmt, lánað fé til slíks útflutnings án tilskilinna veða.

MARKAÐSSETNING ÍSLENSKRAR VÖRU ERLENDIS

Félagið beitti sér fyrir stofnun verslunarhúss í Hamborg sem tók til starfa í september sl. Verslunarhúsið, sem rekið er á hreinum viðskiptalegum grundvelli, á að selja íslenskar vörur á meginlandi Evrópu og stunda önnur milliríkjaviðskipti. Verslunarhúsið mun m.a. kaupa vörur af íslenskum framleiðendum fyrir eigin reikning og endurselja.

Eiginleg hugmynd að stofnun verslunarhúss er ekki ný af nálinni. Nær allur útflutningur Japans fer í gegnum verslunarhús í fjarlægum löndum. Með rekstri slíks verslunarhúss erlendis er ætlunin að greina betur þarfir á viðkomandi mörkuðum og flytja þær upplýsingar til framleiðenda hér á landi.

Þróunarfélagið á jafnan hluta, 3,8 milljónir króna, í verslunarhúsinu á móti vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs.

Af öðrum verkefnum tengdum markaðssetningu erlendis má nefna að félagið hefur lánað fé, um 2,5 milljónir króna, til þess að markaðssetja nýjar sjávarafurðir erlendis, svo sem ígulker. Þá hefur fyrirtækið gengist í ábyrgð fyrir íslenska aðila sem eru að kaupa þýska framleiðslu og dreifingarfyrirtæki fyrir fisk. Upphæð ábyrgðarinnar nemur um 8 milljónum króna.

TÆKNIGARÐUR HF.

Félagið er stærsti einstakur hluthafi í Tæknigörðum hf., með 30% eignarhlut. Aðrir hluthafar eru Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands, Tækniþróun, Iðntæknistofnun og Félag íslenskra iðnrekenda. Fyrirtækinu er ætlað að leigja húsnæði og þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja sem vilja þróa nýjar hugmyndir.

Nú er lokið við að fullgera 2600 fermetra húsnæði Tæknigarða á lóð Háskólans. Kostnaður við bygginguna nemur um 125 milljónum króna. Reykjavíkurborg og Iðnlánasjóður hafa lánað fé til byggingarinnar. Vonast er til að sambúðin við Háskólann verði til styrktar bæði atvinnulífi og skóla.

FERÐAMÁL

Árið 1987 gerðist Þróunarfélagið hluthafi í hótel Bæ hf. á Kirkjubæjarklaustri, með 41% hlutafjár eða 5 milljónum króna. Markmiðið var að aðstoða við uppbyggingu aukins gistirýmis á Klaustri en skortur á því hamlaði ferðum stærri hópa milli Austur- og Vesturlands. Enn fremur var tilgangurinn sá að sýna fram á að reisa mætti hótel og koma upp gistiaðstöðu með ódýrari hætti en tíðkast hefði til þessa.

Smíðuð var gistiálma úr timbri með fjórtán góðum tveggja manna herbergjum á 90 dögum. Jafnframt lánaði Þróunarfélagið fé til byggingarinnar þegar ljóst varð að hótelið fengi ekki lán frá tilteknum sjóði sem gert hafði verið ráð fyrir þegar ráðist var í framkvæmdir.

Félagið hefur nú selt helming af hlutafjáreign sinni í Bæ hf.

Í samvinnu við Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráð kannaði Þróunarfélagið hvar væri sérstök þörf fyrir aukið gistirými á háferðamannatímanum og hvort slíkt mætti bæta með sama hætti og gert var á Klaustri. Sjónum var sérstakalega beint að Höfn í Hornafirði, Hallormsstað, Mývatnssvæði til og með Stórutjörnum og loks Breiðafjarðareyjum. Félagið lýsti sig þegar reiðubúið til að taka þátt í viðbyggingu við starfandi hótel en af því hefur enn ekki orðið.

FJÁRFESTINGAR- OG ÞRÓUNARFÉLÖG LANDSHLUTA

Félagið varpaði fram þeirri hugmynd á síðastliðnu ári að stofnað yrði eitt fjárfestingar- og þróunarfélag í sérhverju kjördæmi utan Reykjavíkur. Jafnframt lýsti félagið því yfir að það mundi kaupa allt að 20% hlutafjár í hverju félagi og veita félögum þessum þjónustu og lán er næmi allt að fjórföldu nafnverði enda gæfi Alþingi heimild til slíkrar lántöku erlendis.

Félagið réð Lárus Jónsson, fyrrverandi alþingismann, til þess að kynna hugmynd þessa um land allt. Henni var alls staðar mjög vel tekið og virtist það samdóma álit landsbyggðarmanna að hagur væri að því að færa ákvarðanatöku um lánveitingar í heimabyggð, en jafnframt að frekara frumkvæði yrði að koma frá heimamönnum ef félögin ættu að verða að veruleika.

Iðnráðgjafar tóku málið upp og um tíma leit út fyrir að stofnuð yrðu félög í fimm kjördæmum landsins. Af ástæðum sem Þróunarfélaginu eru ekki ljósar hefur komið bakslag í málið þannig að ekkert félag hefur verið stofnað. Þróunarfélagið sendi í desember viðmælendum sínum í þessu máli bréf þar sem sú ákvörðun er kynnt að Þróunarfélagið hafi lagt mál þetta til hliðar að sinni, enda virðist tilraunin hafa mistekist.

SÉRSTAKUR LÁNAFLOKKUR FYRIR KONUR ER VILJA STOFNA FYRIRTÆKI

Þróunarfélagið hefur kannað möguleika á því að setja upp lánaflokk sérstaklega ætlaðan til að aðstoða konur er vilja hefja sjálfstæðan atvinnurekstur. Ekki yrðu gerðar sömu kröfur um nýsköpun og í öðrum málum sem Þróunarfélagið tæki þátt í. Arðsemiskröfurnar yrðu hins vegar þær sömu. Félagið fékk aðstoð frá Small Business Administration í Washington DC til að skipuleggja þennan lánaflokk því að sú stofnun hefur einmitt slíkan lánaflokk á sinni verkefnaskrá.

Rökin fyrir sérstökum lánum til kvenna er hefja vilja atvinnurekstur eru á þá lund að meðal kvenna séu margir frumkvöðlar sem enn eru ekki komnir fram í dagsljósið. Margar konur veigri sér við að hrinda í framkvæmd hugmyndum um eigin atvinnurekstur ef setja þarf eignir heimilisins að veði. Félag, eins og Þróunarfélag Íslands, sem má og ber að taka vissa áhættu, gæti gegnt ákveðnu áhættuhlutverki í þessu sambandi. Reyndar er reynslan sú í Bandaríkjunum síðustu ár að á móti hverju fyrirtæki sem karlmaður stofnar eru fimm fyrirtæki sett á laggirnar af konum.

Áður en lánaflokknum var hleypt af stokkunum var hugmyndin borin undir hóp kvenna í atvinnulífinu. Það urðu félaginu mikil vonbrigði að hugmyndinni var algjörlega hafnað af þeim á þeirri forsendu að ekki væri æskilegt að greina milli kynja með slíkum hætti. Í þessu ljósi var ákveðið að hrinda þessu lánakerfi ekki í framkvæmd að sinni.

ÖNNUR MÁL

Sem fyrr segir er ekki unnt að telja upp einstakar lánveitingar. Eftirfarandi eru þó sýnishorn af málum er afgreidd eða samþykkt hafa verið og ekki verða flokkuð undir neinn framangreindra þátta:

- Veiðar og vinnsla á kúfiski í Stykkishólmi.
- Markaðssetning erlendis á íslensku vatni. Fyrirtækið er á Akureyri.
- Veiðar og vinnsla á ígulkerum á Suðurnesjum.
- Framleiðsla á blautfóðri fyrir fiskeldi úr íslensku hráefni í Hafnarfirði.
- Pökkun og útflutningur á heilum humri í neytendapakkningar, unnið í Reykjavík.
- Vinnsla úr laxfiski, ábyrgð á lánum nýstofnaðs fyrirtækis í Borgarnesi.
- Söfnun og vinnsla á rekaviði á Langanesi.
- Leirflísagerð í Bárðardal.
- Lán til fyrirtækis á Norðurlandi er framleiðir vöru til útflutnings fyrir sjávarútveg.
- Lán til innlendrar ölgerðar á Akureyri.

Samtals nema þau lán, er hér eru upp talin, um 70 milljónum króna.

LOKAORÐ

Stjórnendur félagsins hafa lagt á það ríka áherslu að fara vel með það fé sem þeim hefur verið trúað fyrir. Tíminn frá stofnun félagsins hefur, auk þess að sinna þeim verkefnum er að framan greinir, verið nýttur til þess að byggja upp innviði félagsins og móta starfsvenjur.

Telja má fullvíst að þörf sé fyrir félag eins og Þróunarfélag Íslands hf. bæði til að vinsa úr á faglegan hátt þau mál sem ekki er grundvöllur til að ráðast í og til að vera afl er sé til staðar þegar góðar hugmyndir skjóta upp kollinum.

Það er von stjórnenda félagsins að þær upplýsingar, er hér eru fram lagðar, veiti þingmönnum nokkra innsýn í það starf er fram fer á vegum Þróunarfélags Íslands hf.

Fylgiskjal.

Starfsreglur stjórnar Þróunarfélags Íslands hf.

1. Stjórnarfundi skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara nema brýna nauðsyn beri til. Stjórnarfund skal boða bréflega og fylgi dagskrá með. Geti stjórnarmaður ekki sótt fund ber honum að boða forföll strax.
2. Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þörf er, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skylt er að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmanna eða fleiri krefjast þess.
3. Varamenn skulu ekki boðaðir á stjórnarfund nema aðalmaður hafi boðað forföll.
4. Stjórnarfundur telst löglegur ef rétt er til hans boðað og a.m.k. þrír stjórnarmenn sækja fundinn. Leggja skal fyrir stjórnarfund erindi sem berast félaginu og meiri háttar mál er varða innri starfsemi þess.
5. Óski stjórnarmaður eftir frestun á afgreiðslu máls skal sú almenna regla gilda að frestað sé afgreiðslu til næsta fundar, enda sé a.m.k. vika milli funda.
6. Fundargerðir skal rita í fundargerðabók á fundum og lesa þær upphátt í fundarlok. Þá skulu stjórnarmenn þeir sem fund sitja, sem og framkvæmdastjóri, undirrita fundargerð.
7. Fundargerðabók skal varðveitt í húsakynnum félagsins og skal hún vera aðgengileg fyrir stjórnarmenn, varamenn í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins. Afrit fundargerða skal sent stjórnarmönnum.
8. Stjórnarmenn bindast þagnarskyldu um allt það er varðar framleiðslu- eða viðskiptahugmyndir og áform eða aðra hagi þeirra sem skipta við félagið, sem og um önnur atriði sem stjórnarmenn fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið og leynt á að fara samkvæmt eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarstarfi.
9. Stjórnarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu né í þágu annarra aðila utan félagsins vitneskju eða hugmyndir sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir Þróunarfélag Íslands hf. Gildir það bæði um upplýsingar sem utanaðkomandi aðilar hafa látið Þróunarfélaginu í té í trúnaði og um það sem unnið hefur verið af hálfu félagsins sjálfs.
10. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í afgreiðslu máls ef hann telst vanhæfur samkvæmt almennum reglum, svo sem ef stjórnarmaður er eignaraðili að eða situr í stjórn fyrirtækis sem í hlut á, eða fyrir hendi eru önnur sambærileg viðskipta- og hagmunatengsl.

Stjórnarmaður getur með samþykki annarra stjórnarmanna tekið þátt í umfjöllun um mál þar sem hann telst annars vanhæfur skv. 1. mgr., en greina skal hann frá vanhæfni sinni til að taka þátt í afgreiðslu málsins þegar við upphaf umræðu.

11. Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál sé að ræða eða mál tengd miklum hagmunum einstaklinga eða félaga, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, geta formaður og framkvæmdastjóri ákveðið að slík mál séu merkt sem „trúnaðarmál“ eða „algjört trúnaðarmál“, áður en þau eru lögð fyrir stjórnarfund. Mál sem merkt eru „trúnaðarmál“ skulu ekki rædd við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Sé mál merkt „algjört trúnaðarmál“ taka stjórnarmenn ekki með sér af stjórnarfundum eða úr húsakynnum félagsins þau gögn, sem lögð eru fram í málinu, né ræða málið við aðra en málsaðila. Einfaldur meiri hluti stjórnar getur ætíð ákveðið að mál, sem merkt eru með þessum hætti, skuli engu að síður sæta almennri málsmeðferð.
12. Starfsreglum þessum verður einungis breytt með samþykki meiri hluta stjórnarmanna.

Sþ. 474. Fyrirspurn [259. mál]

til viðskiptaráðherra um bætta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að ná því markmiði sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum um „að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli“?

Sþ. 475. Fyrirspurn [260. mál]

til menntamálaráðherra um barnaefni í fjölmiðlum árið 1988.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve stórt hlutfall af heildarútsendingum
   a. Ríkisútvarps–sjónvarps,
   b. Ríkisútvarps–hljóðvarps,
   var barnaefni og hve mikið talið í mínútum árið 1988?
2. Hve mikill hluti barnaefnis
   a. Ríkisútvarps–sjónvarps,
   b. Ríkisútvarps–hljóðvarps,
   var íslenskt?
3. Hvað var miklu fé varið til innlendrar dagskrárgerðar
   a. Ríkisútvarps–sjónvarps í heild,
   b. Ríkisútvarps–hljóðvarps í heild,
   c. Ríkisútvarps–sjónvarps fyrir börn,
   d. Ríkisútvarps–hljóðvarps fyrir börn?
4. Hve margir störfuðu að innlendri dagskrárgerð
   a. Ríkisútvarps–sjónvarps,
   b. Ríkisútvarps–hljóðvarps,
   c. Ríkisútvarps–sjónvarps fyrir börn,
   d. Ríkisútvarps–hljóðvarps fyrir börn?
5. Hve miklu fé var varið til kaupa á erlendu sjónvarpsefni
   a. í heild,
   b. fyrir börn?

6. Hversu stór hluti erlends barnaefnis í sjónvarpi var með íslensku tali og hve mikið með íslenskum rittexta?
7. Hverjir voru helstu flokkar barnaefnis (þ.e. tónlist, leikið efni, lestur, teiknimyndir o.s.frv.) í
   a. Ríkisútvarpi–sjónvarpi,
   b. Ríkisútvarpi–hljóðvarpi?

   Hlutfall stærstu flokkanna óskast tilgreint.
   Sams konar upplýsingar óskast um það efni sem sérstaklega er flokkað sem unglingaefni.

Greinargerð.

Fjölmiðlar — ekki síst sjónvarp — eru miklir áhrifavaldar í uppeldi og lífi nútímabarna. Undir þeirri ábyrgð verða þeir að rísa og vanda til verksins eins og kostur er. Barnaefni er alltof lítill gaumur gefinn og ef gera á bragarbót þar á verður að hafa haldgóðar upplýsingar að styðjast við um það fé sem er til umráða, mannahald, lengd og tegund efnis sem er fyrir börn og unglinga. Samanburður á fjölmiðlum og efni þeirra er líka nauðsynlegur. Einnig samanburður á því hvernig staðið er að gerð og kaupum á efni ætluðu fullorðnum annars vegar og börnum og unglingum hins vegar. Upplýsingar af því tagi, sem hér er beðið um, gætu orðið ríkisvaldinu góð stoð í stefnumörkun og fjárveitingum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 476. Fyrirspurn [261. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðisafbrot gagnvart börnum.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hvað líður gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna um kynferðisafbrot gagnvart börnum?

Sþ. 477. Fyrirspurn [262. mál]

til samgönguráðherra um varaflugvöll í Aðaldal.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvers vegna er varaflugvöllur í Aðaldal „ekki á dagskrá í samgönguráðuneytinu“, sbr. ummæli samgönguráðherra í ríkissjónvarpinu 8. febrúar sl.?
2. Er svo um fleiri samgöngumannvirki í Norðurlandskjördæmi eystra að þau séu „ekki á dagskrá í samgönguráðuneytinu“?

Ed. 478. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson,
Guðmundur Ágústsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal,
Júlíus Sólnes, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1988, orðast svo:

Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá óráðstafaður hluti persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1990 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991 af tekjum ársins 1990 og eignum í lok þess árs.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt að persónuafsláttur verði **að fullu millifæranlegur milli hjóna**. Samkvæmt gildandi lögum er millifærsla takmörkuð við 80% af þeim hluta afsláttarins sem annar maki nýtir ekki. Af þessari takmörkun leiðir að verulegur mismunur verður í skattlagningu heimila eftir því hvernig tekna er aflað, hvort einungis annað hjóna aflar allra teknanna eða þeirra er aflað með vinnu beggja. Getur munað verulegum fjárhæðum í álögðum gjöldum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt núgildandi álagningarreglum eru skattleysismörk hjóna eða tveggja einstaklinga sem báðir afla tekna á árinu 1989, 1.134.627 kr. en hjá hjónum, þar sem einungis annað aflar teknanna, 1.021.066 kr., eða 113.461 kr. lægri mörk í síðara dæminu. Í skattgreiðslum er munurinn 42.820 kr. þeim síðarnefndu í óhag.

Staða og réttindi heimavinnandi fólks hafa að undanförnu verið nokkuð í brennidepli. Í því sambandi hefur verið sýnt fram á ýmiss konar mismunun gagnvart þeim fjölskyldum sem háðar eru því að annað hjónanna afli tekna en hitt sé heimavinnandi. Hlýtur það að vera andstætt þeirri fullyrðingu, sem oft heyrist í þjóðmálaumræðunnni, að fjölskyldan sé hornsteinn þjóðfélagsins og standa beri vörð um hagsmuni hennar.

Árið 1986 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um réttarstöðu heimavinnandi fólks. Í 4. tölul. 2. mgr. í greinargerð með þeirri tillögu segir: „Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað varðar skattlagningu og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.“ Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu var Jóhanna Sigurðardóttir en hún hefur nú sem félagsmálaráðherra skipað nefnd sem ætlað er að kanna réttarstöðu heimavinnandi fólks. Þar sem hér er um víðtækt verkefni að ræða má gera ráð fyrir því að slík könnun taki nokkurn tíma. Sýnileg mismunun felst þó í núverandi ákvæðum skattalaga. Verður ekki séð að nein rök réttlæti þá mismunun. Þetta frumvarp er því hér lagt fram bæði til nauðsynlegrar leiðréttingar og eins til að gefa fjármálayfirvöldum færi á nægilegri aðlögun. Það er álit flutningsmanna að þetta réttlætismál eigi ekki að draga á langinn í afgreiðslu og raunar skylda löggjafans að sjá til þess að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu þannig að skattþegnum sé ekki mismunað óeðlilega.

Bersýnileg mismunun felst í núverandi ákvæðum skattalaga að þessu leyti. Verður ekki séð að nein gild rök megi færa fyrir henni. Þau sjónarmið hafa að vísu verið reifuð í þessu sambandi að ekki megi raska þeirri skiptingu skattbyrðar sem ríkt hafi undanfarin ár og að takmörkun á millifærslu persónuafsláttar sé þáttur í þeirri viðleitni að halda ríkjandi skipun. Flutningsmenn hafa ekki séð neinn rökstuðning fyrir þessari skoðun né að leiddar hafi verið fram neinar staðreyndir sem gætu stutt hana, enda „skattbyrði“ mjög afstætt hugtak.

Einnig hefur verið bent á að með takmörkun á millifærslu persónuafsláttar sé ríkissjóður að koma til móts við þá er e.t.v. með réttu halda því fram að heimilishald sé dýrara þegar bæði hjóna vinna úti en þegar einungis annað sinnir tekjuöflun. Þrátt fyrir það verður ekki séð að þjóðfélagsleg rök, miðað við aðstæður okkar nú, leiði til þess að leggja eigi sérstakan skatt, allt að 43.000 kr. á ári, á þau heimili þar sem annað hjóna sinnir eingöngu heimilisstörfum. Sýna mætti fram á að sparnaður þjóðfélagsins af slíkri skipan mála á heimilum, sérstaklega á umönnunar- og uppeldissviði, sé verulegur. Refsiskattar eiga því ekkert erindi á þennan vettvang.

Heimavinnandi fólk, sem nú eru bæði karlar og konur, starfar m.a. við umönnun ungra barna og aldraðra sem annars tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Sá kostur er hins vegar ekki alltaf fyrir hendi og því miður virðast of mörg börn í þjóðfélagi okkar ekki njóta viðeigandi umönnunar. Öll viðleitni til að bæta hag forráðamanna þeirra hlýtur því að teljast jákvæð og þjóðfélagslega hagkvæm.

Þriðja mótbáran gegn því að færa skattlagningu hjóna í réttlátara horf, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, og sá sem sennilega vegur þyngst, felst í því að kostnaður ríkissjóðs af breytingunni verði of mikill. Engar tölur eru handbærar um þann kostnað. Þó hefur Þjóðhagsstofnun lauslega metið þennan kostnað á bilinu 500–700 millj. kr. Gera má ráð fyrir því að þessa fjárhæð sé ekki hægt að reikna út með óyggjandi hætti fyrr en endanleg skattaálagning liggur fyrir. En spyrja má, nú á tímum aukinna skatta á öllum sviðum, hvort ekki sé, með góðum fyrirvara, færi á örlítilli tilslökun á skattlagningarspennunni á þeim stöðum þar sem heill og hamingja fjölskyldunnar gæti verið í veði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á 2. málsl. 2. mgr. í A-lið 68. gr. laganna, eins og hún hljóðar eftir breytingar á henni skv. b-lið 8. gr. laga nr. 97 29. desember 1988, er gerð sú breyting að í stað fyrirmæla um að allt að 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars maka bætist við persónuafslátt hins er lagt til að óráðstafaðan hluta megi millifæra **án takmörkunar** (þ.e. 100%). Verkar þessi breyting bæði á staðgreiðsluna og þau gjöld sem lögð eru á eftir að tekjuári lýkur.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði kemur hið nýja fyrirkomulag ekki til framkvæmda fyrr en á næsta tekjuári. Verður að ætla að slíkur frestur sé það ríflegur að hið opinbera geti aðlagast breyttum aðstæðum að þessu leyti.

Sþ. 479. Fyrirspurn [264. mál]

til samgönguráðherra um stafrænar símstöðvar.

Frá Birnu K. Lárusdóttur.

1. Hvaða áætlanir liggja fyrir um uppsetningu stafrænna símstöðva og hvenær má vænta þess að slíkum stöðvum verði komið upp um land allt?

2. Hver er áætlaður kostnaður við uppsetningu stöðvanna?
3. Hve hátt hlutfall tengdra síma er nú tengt stafrænum stöðvum, sundurliðað eftir svæðisnúmerum?
4. Hvenær geta símnotendur, sem tengjast stafrænum stöðvum, vænst þess að fá símareikninga sundurliðaða?
5. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á síðustu tveim árum:
   a. á skrefatalningu,
   b. á afnotagjaldi?
6. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til jöfnunar á símakostnaði samkvæmt fyrirheiti þar að lútandi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 480. Fyrirspurn [265. mál]

til landbúnaðarráðherra um gjöld af innfluttu kjarnfóðri.

Frá Birnu K. Lárusdóttur.

1. Hve margar krónur eru lagðar á hvert tonn af innfluttu kjarnfóðri?
2. Hver var heildarupphæð þessara gjalda árið 1988?
3. Hver var hlutur ríkissjóðs af fyrrnefndum gjöldum?
4. Hvernig var þessum tekjum ráðstafað?
5. Hve há fjárupphæð kom til endurgreiðslu (sundurliðað eftir búgreinum)?
6. Hve há fjárupphæð var felld niður í tolli (sundurliðað eftir búgreinum)?
7. Hvaða rök voru fyrir því að hækka gjöld á innfluttu kjarnfóðri um síðustu áramót?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 481. Fyrirspurn [266. mál]

til landbúnaðarráðherra um Jarðasjóð.

Frá Birnu K. Lárusdóttur.

1. Hve margar jarðir keypti Jarðasjóður á síðasta ári?
2. Hver var fjárhagsstaða Jarðasjóðs um sl. áramót?
3. Hve margar umsóknir hafa borist Jarðasjóði síðastliðin fimm ár um kaup á jörðum?
4. Hve mörgum umsóknum hefur Jarðasjóður hafnað og á hvaða forsendum?
5. Falla jarðir, sem hafa fullvirðisrétt sem er minni en eitt ársverk ærgildisafurða, undir 2. tölul. 40. gr. jarðalaga um jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði? Ef svo er, hve margar jarðir hefur Jarðasjóður keypt á þessum forsendum, og hver var fullvirðisréttur þeirra?

6. Hvernig er fullvirðisrétti þeirra jarða ráðstafað sem fara í eyði eftir kaup Jarðasjóðs?
7. Hve oft undanfarin fimm ár hefur Jarðasjóður
   a. keypt jarðir skv. 40. gr. jarðalaga, 1. og 7. tölul.,
   b. veitt aðstoð skv. 41. gr. laganna?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 482. Fyrirspurn [267. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir heilaskaðaða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdir hefjist við hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða?
2. Hefur ráðherra áform um sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis?

Sþ. 483. Fyrirspurn [268. mál]

til dómsmálaráðherra um ökuferilsskrá.

Frá Jóhönnu Þorsteinsdóttur.

Hvenær má vænta reglugerðar um ökuferilsskrá skv. 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987?

Sþ. 484. Fyrirspurn [269. mál]

til menntamálaráðherra um umferðarfræðslu í grunnskólum.

Frá Jóhönnu Þorsteinsdóttur.

1. Hvernig er háttað umferðarfræðslu í efri bekkjum grunnskólans?
2. Hversu miklum tíma er varið til hennar?
3. Hve miklu fé er varið til námsefnisgerðar í umferðarfræðslu?
4. Er að dómi ráðherra ástæða til að efla þennan þátt skólastarfsins?

Ed. 485. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Halldór Árnason, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Þórð Friðjónsson, formann stjórnar Framkvæmdasjóðs, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Bjarna Braga

Jónsson, Yngva Örn Kristinsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Ingólf Aðalsteinsson og Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra félagsmálaráðuneytisins, Magnús E. Guðjónsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Snæbjörn Jónasson og Helga Hallgrímsson frá Vegagerð ríkisins, Jónas Bjarnason, Arinbjörn Kolbeinsson og Björn Pétursson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson og Gunnar Guðbjartsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóra, Eyþór Elíasson frá Hafnabótasjóði, Gunnar H. Hálfdanarson og Kjartan Gunnarsson frá Féfangi, Kristján Óskarsson frá Glitni, Þórleif Jónsson frá Landssambandi dráttarbrauta og skipasmiðja, Björn Magnússon frá Félagsheimilasjóði, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Þorvald Alfonsson og Guðmund Tómasson frá Iðnþróunarsjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Birgi Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Hólmfríði Árnadóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Hrafn Magnússon og Þórarin V. Þórarinsson frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Gunnlaug Sigmundsson og Jón A. Kristjánsson frá Þróunarfélagi Íslands, Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra og Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Ingu Jónu Þórðardóttur, formann útvarpsráðs, Má Elísson fiskimálastjóra, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Guðmund Karlsson og Magnús Jónsson frá Herjólfi hf. Vestmannaeyjum, Sigurð Guðmundsson, Hilmar Þórisson og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, og Atla Frey Guðmundsson, deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að gera.

Samkvæmt tillögunum hækka lántökuheimildir frumvarpsins um 7.940 millj. kr. Fjórar meginástæður liggja að baki þessari hækkun.

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 5.735 millj. kr. og verði samtals 10.435 millj. kr. Í 35. gr. frumvarpsins var farið fram á heimild fyrir fjármálaráðherra að taka 3.400 millj. kr. lán á árinu 1988 til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1988 og gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1987. Síðar kom í ljós að yfirdráttur í Seðlabanka Íslands yrði mun meiri, einkum vegna verulega minna tekjuinnstreymis í ríkissjóð en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bráðabirgðauppgjör sýndi að yfirdráttarskuld við Seðlabankann stefndi í að verða um 8.300 millj. kr. í árslok 1988. Með lögum nr. 94 frá 23. desember 1988 var aflað heimildar til 6.500 millj. kr. lántöku í þessu skyni. Með því að fullnýta heimildir ríkissjóðs til ádráttar á veltilánum erlendis reyndist unnt að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabanka um 3.300 millj. kr. Eftir stendur skammtímaskuld við Seðlabankann að fjárhæð 5.000 millj. kr. sem þarf að gera upp fyrir lok marsmánaðar 1989. Þessu til viðbótar er lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs vegna ársins 1989 5.435 millj. kr. sem er 735 millj. kr. hækkun frá frumvarpinu. Stafar sú hækkun af minni tekjuafgangi en frumvarp til fjárlaga gerði ráð fyrir og áhrifum gengisbreytingar krónunnar á árinu 1989. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1989 verður því 10.435 millj. kr. Ráðgert er að afla 5.135 millj. kr. af þeirri fjárhæð á erlendum lánamarkaði og 5.300 millj. kr. innan lands.

Í öðru lagi er lagt til að í lánsfjárlög 1989 komi heimildarákvæði fyrir 1.750 m.kr. lántöku fjárfestingarlánasjóða sem skiptist þannig: Fiskveiðasjóður 1.200 millj. kr., Iðnþróunarsjóður 150 millj. kr., Iðnlánasjóður 350 millj. kr. og Útflutningslánasjóður 50 millj. kr.

Í lánsfjárlögum 1988 var sú stefna mörkuð að afnema ríkisábyrgð af lántökum opinberra fjárfestingarlánasjóða að undanskildum Framkvæmdasjóði, Byggðastofnun og byggingarsjóðum ríkisins. Af þeirri ástæðu voru engar lántökuheimildir þeim til handa í lánsfjárlögum 1988. Ekkert varð þó úr lagasetningu um afnám ríkisábyrgða og sjóðirnir hafa áfram ríkisábyrgðir á lántökum. Þó að núverandi ríkisstjórn hafi ekki fallið frá þeirri stefnu að

afnema ríkisábyrgðir á lántökum verða þær ekki afnumdar að sinni. Því er talið nauðsynlegt að taka inn í lánsfjárlög heimildarákvæði fyrir erlendum lántökum opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar að fjárhæð 105 millj. kr. vegna gengisfellingar krónunnar í janúar og febrúar 1989 og annarra breytinga á verðlagsforsendum. Af þeirri fjárhæð eru 60 millj. kr. til Landsvirkjunar, 15 millj. kr. til ýmissa hitaveitna og 25 millj. kr. til Flóabátsins Baldurs hf.

Í fjórða lagi eru nokkur erindi sem nefndinni hafa borist og lagt er til að tekin verði inn í frumvarpið. Hitaveita Suðureyrar fær lántökuheimild að fjárhæð 60 millj. kr. til fjárhagslegrar endurskipulagningar og er hún í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og hreppsnefndar Suðureyrarhrepps frá 30. desember 1988. Einnig er lagt til að Hríseyjarhreppi verði heimiluð 35 millj. kr. lántaka til að kaupa notaða ferju sem mundi annast fólks- og vöruflutninga milli Hríseyjar, Grímseyjar og lands. Þá er lagt til að Byggðastofnun verði veitt viðbótarheimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 200 millj. kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum. Hér er ekki um að ræða nettóaukningu á erlendum lántökum heldur er verið að veita þessum lánveitingum um annan farveg en áður var ætlað. Loks er lagt til að Framleiðnisjóði verði heimiluð 60 millj. kr. lántaka sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa. Er þetta í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til stuðnings loðdýraræktinni á árinu 1989. Samtals nema þessar heimildir 335 millj. kr.

Þá er fallist á beiðni Byggðastofnunar um að stofnunin fái 150 millj. kr. af 500 millj. kr. lántöku sem Framkvæmdasjóði var ætlað að taka og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi. Er það gert með hliðsjón af því að Byggðastofnun lánaði á árinu 1988 þriðjung af þeim 300 millj. kr. sem þáverandi ríkisstjórn heimilaði til að endurlána fyrirtækjum í fiskeldi.

Að gerðum þessum breytingum eru heildarlántökur innan lands og erlendis á árinu 1989 áætlaðar 36.570 millj. kr. Þar af eru innlendar lántökur 15.750 millj. kr. og erlendar lántökur 20.820 millj. kr.

Breytingar á öðrum kafla eru í samræmi við breytingar á fjárlagafrumvarpi 1989 í meðförum fjárveitinganefndar og Alþingis. Þar má nefna að framlag í ríkissjóð af bensíngjaldi og þungaskatti hækkar úr 600 millj. kr. í 680 millj. kr. og framlag til Félagsheimilasjóðs hækkar úr 15 millj. kr. í 21 millj. kr.

Breytingar á þriðja kafla eru þær að 35. gr. verði felld niður. Sú grein fól í sér heimild til fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til lántöku á árinu 1988, en eins og nefnt var að framan var þeirrar heimildar aflað með lögum nr. 94 frá 23. desember 1988 um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1988 o.fl. Þá er í 36. gr. leiðrétt heimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til lántöku innan lands á árinu 1988 umfram heimild í lánsfjárlögum 1988 til samræmis við raunverulegar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 sem eru samtals um 5.150 millj. kr.

Alþingi, 14. febr. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.
Jóhann Einvarðsson.
Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1989.
(M.kr.)

		Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I	**Opinberir aðilar**	**5.300**	**—**	**200**	**5.500**	**6.860**	**12.360**
	Ríkissjóður, A-hluti	5.300	—	—	5.300	5.135	10.435
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	200	200	1.160	1.360
	Sveitarfélög	—	—	—	—	565	565
II	**Opinberar lánastofnanir**	**—**	**8.925**	**1.075**	**10.000**	**4.860**	**14.860**
	Byggingarsjóður ríkisins	—	6.860	—	6.860	—	6.860
	Byggingarsjóður verkamanna	—	1.965	—	1.965	—	1.965
	Framkvæmdasjóður, fiskeldi	—	—	—	—	350	350
	Byggðastofnun, alm. lánveitingar	—	—	275	275	550	825
	Byggðastofnun, fiskeldi	—	—	—	—	150	150
	Byggðastofnun, innlend skipasmíði	—	—	—	—	200	200
	Atvinnutryggingarsjóður	—	—	—	—	1.000	1.000
	Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	—	—	100	100	800	900
	Fiskveiðasjóður, útlán	—	—	200	200	400	600
	Iðnlánasjóður	—	—	350	350	350	700
	Iðnþróunarsjóður	—	—	150	150	150	300
	Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	—	—	—	—	800	800
	Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	100	—	100	—	100
	Útflutningslánasjóður	—	—	—	—	50	50
	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	—	—	—	—	60	60
III	**Atvinnufyrirtæki**	**—**	**—**	**—**	**—**	**9.100**	**9.100**
	Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	8.600	8.600
	þar af Flóabáturinn Baldur hf.	—	—	—	—	110	110
	þar af Herjólfur hf.	—	—	—	—	100	100
	þar af Hitaveita Suðurnesja	—	—	—	—	200	200
	Fjármögnunarleigur	—	—	250	250	500	750
Heildarlántökur (I+II+III)		**5.300**	**8.925**	**1.525**	**15.750**	**20.820**	**36.570**

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988 og 1989.
(M.kr.)

	Endurskoðuð áætlun 1988	Frumvarp til lánsfjárl. 1989	Tillögur meiri hl. 1989
1. Ríkissjóður A-hluti	**9.232**	**4.700**	**10.435**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.857	1.265	1.340
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	915	915
RARIK, almennar framkvæmdir	185	—	—
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	160	—	—
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	822	350	350
Þjóðleikhúsið	—	—	75
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	12	—	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	7	—	—
Fjarhitun Vestmannaeyja	5	—	—
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	690	—	—
Raðsmíðaskip	690	—	—
Flóabáturinn Baldur hf.	100	—	—
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**695**	**1.300**	**1.360**
Landsvirkjun	575	1.200	1.260
Þróunarfélag Íslands hf.	120	100	100
3. Sveitarfélög	**252**	**435**	**565**
Hitaveita Akureyrar	115	144	155
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	15	16
Hitaveita Siglufjarðar	0	34	56[1])
Hitaveita Eyrar	10	14	15
Hitaveita Rangæinga	10	—	—
Hitaveita Suðureyrar	—	—	60
Hitaveita Suðurnesja	43	180[2])	180[2])
Fjarhitun Vestmannaeyja	40	24	25
Bæjarsjóður Sauðárkróks	26	—	—
Hríseyjarhreppur	—	—	35
Annað	—	24	23
4. Ráðstöfun (1+2+3) = (5+6)	**10.326**	**6.435**	**12.360**
5. Innlend fjáröflun	**5.149**	**4.900**	**5.500**
Útgáfa spariskírteina	4.841	4.700	5.300
Önnur innlend fjáröflun	308	200	200
6. Erlendar lántökur	**5.177**	**1.535**	**6.860**
Ríkissjóður, A-hluti	4.230	—	5.135
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	695	1.100	1.160
Sveitarfélög	252	435	565

1) Lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 að fjárhæð 20 m.kr. verður notuð árið 1989.
2) Lántökuheimild í lánsfjárlögum 1988 verður notuð árið 1989.

Ed. 486. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, JE, MF).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 5.135.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 5.300.000 þús. kr.
2. Við 3. gr. Fyrir „1.000.000“ komi: 1.060.000.
3. Við 5. gr.
   a. Fyrir „144.000“ í 1. tölul. komi: 155.000.
   b. Fyrir „15.000“ í 2. tölul. komi: 16.000.
   c. Fyrir „14.000“ í 3. tölul. komi: 15.000.
   d. Fyrir „34.000“ í 4. tölul. komi: 36.000.
   e. Fyrir „24.000“ í 5. tölul. komi: 25.000.
   f. Á eftir 5. tölul. komi nýr töluliður sem orðist svo:
      Hitaveita Suðureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   g. Fyrir „24.000“ í 6. tölul., er verði 7. tölul., komi: 23.000.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á notaðri ferju til siglinga á Eyjafirði.
5. Við 6. gr. er verði 7. gr. Í stað „550.000“ komi: 900.000.
6. Við 7. gr. er verði 8. gr. Í stað „500.000“ komi: 350.000.
7. Á eftir 7. gr., er verði 8. gr., komi fimm nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (9. gr.)
      Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   b. (10. gr.)
      Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 150.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   c. (11. gr.)
      Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   d. (12. gr.)
      Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   e. (13. gr.)
      Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa.
8. Við 8. gr. er verði 14. gr. Fyrir „85.000“ komi: 110.000.
9. Við 10. gr. er verði 16. gr. Fyrir „3.–9. gr.“ komi: 3.–15. gr.
10. Við 19. gr. er verði 25. gr. Greinin orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu

1989. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

11. Við 22. gr. Greinin falli brott.
12. Við 26. gr. er verði 31. gr. Fyrir „600.000“ komi: 680.000.
13. Á eftir 27. gr., er verði 32. gr., komi ný grein sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 6.000 þús. kr.

14. Við 28. gr. er verði 34. gr. Fyrir „15.000“ komi: 21.000.
15. Við 35. gr. Greinin falli brott.
16. Við 36. gr. er verði 41. gr. Fyrir „600.000“ komi: 900.000.

Sþ. 487. Fyrirspurn [270. mál]

til dómsmálaráðherra um fræðsluherferð um áfengismál meðal skólafólks.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvernig er staðið að þeirri fræðsluherferð meðal skólafólks sem kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 38/1988, um breytingu á áfengislögum?

Sþ. 488. Fyrirspurn [271. mál]

til menntamálaráðherra um fræðsluátak um áfengismál.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hefur menntamálaráðherra beitt sér fyrir sérstöku fræðsluátaki um áfengismál vegna sölu áfengs öls á Íslandi 1. mars næstkomandi?

Sþ. 489. Fyrirspurn [272. mál]

til heilbrigðisráðherra um fræðslu og forvarnir í áfengismálum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hefur heilbrigðisráðherra gert sérstakar ráðstafanir til þess að efla fræðslu um áfengismál vegna sölu áfengs öls á Íslandi 1. mars næstkomandi?

Hefur ráðherrann beitt sér fyrir öðrum forvörnum af þessu tilefni? Ef svo er, hverjar eru þær?

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um tónmenntakennslu í grunnskólum.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmentakennslu í grunnskólum,
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,
- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Í landinu starfa hátt í 70 tónlistarskólar. Nemendafjöldi er u.þ.b. 8 þúsund, þar af eru u.þ.b. 250–300 sem stunda nám á því stigi sem ætlað er að búa nemendur undir atvinnumennsku. Þessar staðreyndir tala sínu máli um það hve tónlistarnám er snar þáttur í menntun íslenskra barna og unglinga. Það er órjúfanlegt samhengi milli þessa og hins blómlega tónlistarlífs í landinu, bæði á sviði atvinnu- og áhugamennsku.

Því er löngu orðið tímabært að taka skipan tónlistarmála til endurskoðunar með það fyrir augum að auka tónmenntakennslu í grunnskólum og gera þeim börnum og unglingum sem vilja stunda tónlistarnám utan lögboðins grunnskólanáms auðveldara fyrir.

Skólagjöld í tónlistarskólum eru nokkuð mismunandi en lætur nærri að þau séu að meðaltali 20 þús. kr. á ári fyrir hvern nemanda. Þetta er nokkuð há upphæð og hlýtur að hindra marga sem annars hefðu hug á þessari menntun, því ber að leita leiða til sparnaðar. Stór liður í þessu gæti verið samnýting húsnæðis og kennara. Einnig ber að nefna að því betur sem tómstundastarf barna og unglinga tengist grunnskólanum, þeim mun aðgengilegra verður það fyrir nemendur, þ.e. eðlilegra framhald af þeirra hefðbundna vinnudegi. Í því sambandi má minna á hve stórlega drægi úr slysahættu ef ferðum barna milli heimilis og skóla fækkaði.

Það líður að því að skóladagur íslenskra barna lengist þess vegna þarf að huga að því til hvers aukinn kennslustundafjöldi verður nýttur. Virðist einhlítt að list- og verkmenntagreinar komi til með að skipa hærri sess en þær gera nú. Í ljósi ofangreindra staðreynda um fjölda nemenda í tónlistarnámi er kjörið að byrja á að endurskipuleggja það innan og utan grunnskóla. Þar að auki stendur fyrir dyrum breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og í kjölfar þess breytingar á högum tónlistarskóla. Nýrrar löggjafar er því þörf.

Síðast en ekki síst ber að nefna að fyrir utan að leggja grunn að öllu tónlistarlífi landsins, sem fjöldi fólks er þátttakandi í, ýmist sem atvinnu- eða áhugafólk, njótendur eða flytjendur, er tónlistarmenntun mikilvæg til varðveislu menningar og tungu. Fáum blandast lengur hugur um að íslensk menning er í hættu vegna síaukins ágangs og neyslu erlendrar menningar. Stór liður þar í er það flóð erlendrar popptónlistar, aðallega engilsaxneskrar, sem glymur í eyrum fólks alla daga. Stærsti hlustendahópurinn er þó vafalaust börn og unglingar. Góð tónlistarmenntun er því mikilvægt mótvægi.

Sþ. 491. Fyrirspurn [274. mál]

til félagsmálaráðherra um störf nefndar um málefni heyrnarskertra.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hefur nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði á síðastliðnu ári um málefni heyrnarlausra skilað áliti?
2. Ef svo er, hverjar voru þá helstu niðurstöður og tillögur nefndarinnar?

Sþ. 492. Fyrirspurn [275. mál]

til samgönguráðherra um textasímaþjónustu við Landssímann.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

a. Er ætlunin að koma á fót neyðarsíma, svokölluðum textasíma, fyrir heyrnarskerta við langlínumiðstöðina 02?
b. Hefur samgönguráðherra hug á að athuga samvinnu við opinberar stofnanir um uppsetningu slíkra síma?

Sþ. 493. Fyrirspurn [276. mál]

til menntamálaráðherra um tómstunda- og félagsstarf í grunnskólum.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hafa skólastjórar grunnskóla gert fræðslustjórum grein fyrir hvernig tómstunda- og félagslífi var varið í skóla þeirra á skólaárinu 1987–88 skv. 4. mgr. 43. gr. grunnskólalaga?
2. Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?
3. Ef svo er ekki, hvenær var slíkum skýrslum skilað síðast og hverjar voru helstu niðurstöður þá?
4. Hversu miklu fé er ætlað til tómstunda- og félagsstarfs á nemenda ár hvert?
5. Hverjir annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins og hvaða menntun hafa þeir?

Sþ. 494. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um aðfaranám til ökuprófs.

Flm.: Jóhanna Þorsteinsdóttir, Birna K. Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á aðfaranámi til ökuprófs í 9. bekk grunnskóla.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur fræðsla um slysavarnir í umferð verið af mjög skornum skammti á unglingastigi grunnskóla. Fyrir liggja samt drög að námsefni í umferðarfræðslu og brýnt er að tryggja að hún komist í framkvæmd sem fyrst. Því er best borgið með sérstöku aðfaranámi ökuprófs í 9. bekk grunnskóla.

Niðurstaða af bráðabirgðaskýrslu um slys á árinu 1988, sem Umferðarráð gerði, sýnir að óhöpp í umferðinni eru tíðust hjá aldurshópnum 17–20 ára. Af rúmlega 5000 próftökum á ári hverju eru um 3500 þeirra 17 ára.

Með hliðsjón af því að í nágrannalöndum okkar er námstími til ökuprófs tvisvar til þrisvar sinnum lengri en hér á landi vaknar óneitanlega sú spurning hvort námið hér sé of stutt og þar sé ef til vill að leita skýringa á tíðum umferðarslysum í aldurshópnum 17–20 ára. Okkur ber að leita orsaka og ekki síður úrræða. Þá verður fyrst fyrir að líta til þeirrar fræðslu sem á að fylgja ökuprófi til þess að tryggja þá umferðarmenningu sem við öll viljum hafa. Mikil slysatíðni hjá ungum ökumönnum bendir til þess að þeir þurfi að læra af dýrkeyptri reynslu, ef til vill vegna ónógrar þjálfunar í akstri við misjafnar aðstæður eins og mjög oft skapast hér á landi.

Eins og nú er háttað ökukennslu er ábyrgð ökukennara mikil. Þeim er beinlínis ætlað að koma öllum þáttum umferðarfræðslunnar að á mjög stuttum tíma. Þar er um að ræða þjálfun í akstri ökutækis ásamt mannlegum og huglægum þætti umferðarkennslunnar.

Umferðarfræðsla einskorðast ekki við ökutæki á vegum í þéttbýli og dreifbýli. Hún tekur ekki síður til umferðar og öryggis samborgaranna og umgengni við vinnuvélar og ýmis þau ökutæki sem notuð eru utan vega.

Varla getur það verið að ungt fólk eigi að vera verri ökumenn en þeir sem eldri eru. Ástæður gætu hins vegar verið þær að ekki er nógu mikið lagt upp úr þeim þætti umferðarfræðslu sem varðar ábyrgðartilfinningu og siðferðisvitund og mál að linni þeim hugsunarhætti sem virðist ríkja í fari margra í umferðinni.

Greiðastur aðgangur að öllum ungmennum er í gegnum grunnskólann og eðlilegast að hann sinni þessum mikilvæga uppeldisþætti. Í níunda bekk grunnskóla er möguleiki á að koma til allra verðandi ökumanna fræðslu sem, eins og þessi þingsályktunartillaga felur í sér, yrði aðfaranámi til ökuprófs. Þar gæti byrjað það nám sem lýtur að breyttum áherslupáttum og að skipulagningu fræðslunnar, sem hlekks í daglega lífinu, markmiðum sem leiddu til fækkunar umferðaróhappa hjá ungum ökumönnum. Fjölmargt mætti þar til nefna til að stuðla að bættri umferðarmenningu, svo sem skylduþátt, þ.e. umferðarkennslu sem lýkur með prófi og lágmarkseinkunn. Um fleiri mögulegar aðgerðir til úrbóta í umferðarmenningu okkar vísast til greinargerðar með tillögu til þingsályktunar á þskj. 134 sem þingkonur Kvennalistans flytja einnig.

Við skulum einnig vera minnug þess sem foreldrar og forráðamenn barnanna að fyrsta innræting umferðarmenningar gæti farið fram í okkar eigin ökutæki með börnin spennt í beltum í aftursætinu.

Fyrsti flutningsmaður hefur flutt fyrirspurn til dómsmálaráðherra um reglugerð um ökuferilsskrá sem felur í sér mat á fullnaðarskírteini ökumanna. Slík ökuferilsskrá er að öllum líkindum það aðhaldskerfi sem ásamt aukinni fræðslu getur leitt til fækkunar umferðaróhappa og tryggt okkur aukið umferðaröryggi.

Sþ. 495. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um orkustefnu sem tekur tillit til umhverfis.

Flm.: Sigrún Helgadóttir, Birna K. Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að mörkuð verði stefna í eldsneytis- og orkunotkun þar sem tekið verði tillit til umhverfis, leitast við að spara takmarkaðar auðlindir og draga úr mengun.

Greinargerð.

Flutningsmenn þeirrar tillögu, sem hér er lögð fram, telja að verndun umhverfis og lífs á jörðu séu mikilvægustu rökin fyrir því að mótuð verði íslensk orkustefna með orkusparnað að markmiði og að dregið verði úr og síðan hætt að nota mengandi eldsneyti. Slíka stefnu þarf að taka strax.

Skyldur Íslendinga.

Oft hefur verið rætt um mikilvægi þess að íslenskir orkugjafar komi í stað innfluttra á Íslandi. Oftast hefur það verið gert á forsendum þess að jafna húshitunarkostnað og að Íslendingar verði sem minnst háðir innflutningi á orku og þeim sveiflum sem eru á verði erlendra orkugjafa. Hér skal ekki dregið úr mikilvægi þeirra forsendna heldur tekið undir þær. Vegna þessa hefur á undanförnum árum aukist mjög að innlend orka sé notuð til húshitunar og er það vel. Á öðrum sviðum hefur verið um afturför að ræða, umferð einkabíla hefur aukist á kostnað almenningssamgangna og farið er að frysta fisk úti á sjó með olíu, en ekki í landi með rafmagni. Nýútkomin eldsneytisspá 1988–2015 tekur mið af aðstæðum eins og þær eru nú og gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi til ársins 2015 og að olíunotkun Íslendinga aukist. Slík spá er eðlileg á meðan stjórnvöld hafa ekki mótað aðra og nýja stefnu.

Íslendingum er tamt að álíta að loftmengun sé nokkuð sem komi þeim ekki við, á Íslandi sjái vindurinn um alla lofthreinsun. Þetta er hættulegur hugsunarháttur. Mengun virðir ekki landamæri og er jafnhættuleg hvaðan sem hún kemur. Allar þjóðir verða að leggjast á eitt og áralag Íslendinga getur skipt miklu máli, en til þess að svo megi verða þá verða þeir sjálfir að taka sig á og vera til fyrirmyndar í umhverfisvernd. Slíkt þarf að gera á mörgum sviðum og hér skulu nefnd nokkur sem tengjast orkumálum.

Auka þarf fræðslu um orkumál með orkusparnað að markmiði. Í fyrstu þarf að leggja megináherslu á að dregið verði úr notkun olíu og annars mengandi eldsneytis, bæði með sparnaði og með því að aðrir orkugjafar séu notaðir í staðinn þar sem það er hægt.

Stórauka þarf almenningssamgöngur og hvetja fólk til að nýta þær og gera þarf raunhæfa úttekt á því hvort leggja ætti rafmagnssporbrautir í þéttbýli og á milli landshluta. Sú úttekt þarf að vera raunhæf að því leyti að hún meti ekki aðeins hagkvæmni í peningum heldur meti sem gjaldalið þau umhverfisspjöll sem fylgja ferðalögum á einkabílum.

Fylgjast þarf vel með rannsóknum og tilraunum erlendis á nýjum samgöngutækjum, nýjum leiðum til að virkja orku, og með nýjum tegundum eldsneytis, sem ekki hafa í för með sér mengun og aðrar hættulegar breytingar á umhverfi.

Auk þess þarf að leggja áherslu á að innlend orka er líka dýr. Orkuöflun krefst mikilla mannvirkja sem eru dýr í byggingu og viðhaldi, raska umhverfi og eyðileggja jafnvel mikilvæg náttúruundur. Leiðrétta þarf þann misskilning að innlend orka, svo sem heita vatnið, sé óþrjótandi.

Hvetja þarf til orkusparnaðar og auðvelda hann, t.d. með því að lækka verð (tolla) á orkusparandi rafmagnstækjum og perum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að íslenska orku skuli nota til hagsbóta fyrir Íslendinga en ekki í erlenda stóriðju. Ef hún yrði lögð niður gæti sú orka sem til hennar hefur verið leidd komið í stað mengandi eldsneytis.

Íslensk eldsneytisspá.

Í nýútkomnu riti orkuspárnefndar, *Eldsneytisspá 1988–2015*, kemur fram hvað Íslendingar nota af orkugjöfum úr auðlindum jarðar sem ekki eru endurnýtanlegar, kolum, olíu og gasi, og spáð er fyrir um orkunotkun til ársins 2015. Af þessum orkugjöfum er olían langmikilvægust en bæði fiskveiðar Íslendinga og samgöngur byggjast á olíunotkun. Fram kemur að

olíunotkun fiskiskipa var árið 1987 206 þús. tonn og gert er ráð fyrir að hún minnki lítillega og verði 203 þús. tonn árið 2015. Bifreiðar eyddu árið 1987 jafngildi 177 þús. tonna af olíu og gert er ráð fyrir að árið 2015 muni þær eyða jafngildi 226 þús. tonna. Olíunotkun til annarrar starfsemi svo sem á flugvélar og flutningaskip, til iðnaðar og húshitunar, er miklu minni. Heildarolíunotkun árið 1987 var 491 þús. tonn og gert er ráð fyrir að hún muni aukast á þessu árabili um 7%. Sú spá byggir á því að olíuverð fari hækkandi, en það er nú mjög lágt, og að hagvöxtur verði 2,5–3% á ári að jafnaði.

Takmörkuð auðlind.

Sem kunnugt er urðu kolalög og olíulindir heimsins til við sérstakar aðstæður sem ríktu á jörðinni fyrir um 300 milljónum ára. Menn munu hafa farið að nota kol til eldsneytis fyrir 3000 árum en olíu ekki fyrr en eftir miðja síðustu öld. Nú er olíunotkun í heiminum gífurleg og með sömu olíunotkun og nú er munu þekktar olíulindir heimsins duga jarðarbúum í rúmlega 30 ár. Bjartsýnustu menn telja að hægt verði að finna olíulindir í vibót sem duga munu í önnur 30 ár. Vinnsla úr þeim olíulindum sem enn eru óunnar og þeim sem enn eru ófundnar verður þó miklu erfiðari og dýrari en úr þeim lindum sem hingað til hafa verið nýttar. Sumar þessara linda eru t.d. á hafsbotni þar sem vinnsla er mjög dýr og einnig mikil hætta á slysum, bæði á fólki og náttúru. Ef eitthvað fer úrskeiðis við olíuvinnslu af hafsbotni, þannig að olían leki í einhverju magni í hafið, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar og verstar þar sem sjór er kaldur og olían brotnar hægt niður. Atburðir síðustu ára gefa ekki tilefni til bjartsýni um að hægt verði að koma í veg fyrir mengunarslys við olíuvinnslu eða flutninga, olíupallar hafa losnað og þeim hvolft, lokar borhola hafa brostið og olíuskip hafa sokkið. Tjón við slík slys verða ekki metin. Það hlýtur að vera vafamál hvort taka eigi þá áhættu að vinna olíu við aðstæður sem bjóða heim slíkum slysum þegar það er vitað hvort sem er að olíumagn heimsins er takmarkað. Jarðarbúar verða að snúa sér að öðrum orkugjöfum og það væri skynsamlegt að gera það 10 árum fyrr en síðar.

Verð á olíu.

Í hinni íslensku eldsneytisspá er gert ráð fyrir að olíuverð fari hækkandi og verði í lok spátímans svipað og það var hæst í byrjun níunda áratugarins. Þar er líka tekið fram að erfitt sé að spá um olíuverð og er hér tekið undir það. Olíuverð er háð framboði og eftirspurn og einnig kostnaði við vinnslu, þ.e. hversu mikla tækni þarf að þróa og nota til að vinna olíuna og hversu áhættusöm sú vinnsla er. Hvað þessa þætti varðar hlýtur olíuverð að hækka á næstunni. Olía er þverrandi auðlind og búið er að vinna þær olíulindir sem auðunnastar eru. Auk þessa er olíuverð háð stjórnmálaástandi í þeim löndum þar sem olía finnst. Meiri hluti þeirrar olíu sem talin er eftir í heiminum er í Mið-Austurlöndum, svokölluðum kommúnistaríkjum og löndum Suður-Ameríku. Ótryggt stjórnmálaástand getur valdið sveiflum í olíuverði, en þegar á heildina er litið hlýtur olíuverð að hækka á næstu árum og áratugum. Þeirri þjóð, sem þorir að horfa til framtíðar með fyrirhyggju og raunsæi og viðurkennir þau takmörk sem náttúran setur jarðarbúum, hlýtur að vegna betur þegar til langs tíma er litið en þeim þjóðum sem með glýju í augum láta skammtímagróða og skammsýni ráða gjörðum sínum.

Notkun olíu og afleiðingar hennar.

Olía er mikilvægt hráefni í ýmiss konar iðnaði en þó er notkun hennar í því skyni hverfandi miðað við allt það gífurlega magn olíu sem er brennt sem eldsneyti. Bruni lífrænna efna (kola, olíu, gass, timburs) hefur eftirfarandi í för með sér:

1. Aukningu koltvísýrins í andrúmslofti.

Út í andrúmsloftið losna kolefnissameindir sem hafa verið bundnar í jörðu í milljónir ára. Þetta leiðir til mikillar aukningar koltvísýrings í lofti sem hefur í för með sér svokölluð gróðurhúsaáhrif og hitastig á jörðinni hækkar. Samkvæmt skýrslunni „Our Common Future" frá nefndinni, The World Commission on Environment and Development, form. Gro Harlem Brundtland, hefur magn koltvísýrings í lofti aukist um rúm 20% frá því fyrir iðnbyltingu og gert er ráð fyrir að um miðja næstu öld gæti magn hans verið orðið um tvöfalt meira í andrúmslofti en það var þá. Það gæti orðið til þess að lofthiti jarðar hækkaði um 1,5–4,5 gráður og jafnvel tvisvar til þrisvar sinnum það við heimsskautin. Slík hitaaukning leiddi til bráðnunar jökla þannig að sjávarmál hækkaði um 25–140 cm og margar borgir og stórar spildur af frjósamasta og mest ræktaða landi heimsins færu undir sjávarmál.

Margir óvissuþættir eru í þessari spá og menn deila um það hversu örugg hún er. Brundtland-skýrslan bendir réttilega á að það sé engin leið til að sanna að allt þetta gerist fyrr en það hefur raunverulega gerst, en þá er skaðinn skeður. Eitt er víst, skipulag og framkvæmdir nú byggja á að loftslag verði áfram svipað og það er og hefur verið, en því getum við ekki lengur treyst með neinni vissu.

2. Staðbundna mengun andrúmslofts.

Við bruna losna ýmis önnur efni en koltvísýringur út í andrúmsloftið svo sem brennisteins- og nitursýrur ásamt ryki. Þessi efni valda staðbundinni mengun í þéttbýli um allan heim. Mengunin myndast fyrst og fremst í orku- og iðjuverum, við húsahitun og af bílaumferð. Sums staðar er þessi mengun orðin svo mikil að hún er hættuleg heilsu fólks. Auk þess að valda líkamlegum óþægindum, vanheilsu og jafnvel ótímabærum dauða veldur mengunin spjöllum á umhverfi, tré og annar gróður, mannvirki, hús, listaverk og aðrir hlutir verða skítug, brúnt mistur leggst yfir þannig að dregið er úr útsýni og sólarljós dofnar.

3. Súrnun umhverfis.

Lengi vel héldu menn að vandamál vegna staðbundinnar mengunar mætti leysa með nógu háum skorsteinum. Raunin varð önnur, ný vandamál urðu til. Brennisteins- og nitursýrur blandast vatni í andrúmsloftinu og valda súrri úrkomu sem fellur jafnvel þúsund kílómetra frá upphafsstað mengunarinnar. Súrt regn veldur skemmdum á gróðri, sitrar um jarðveg til grunnvatns, rennur til vatna og hafs. Súrt regn er ein mesta ógn lífríkis stórra svæða, skógar eru að deyja á þúsundum ferkílómetra lands og stöðuvötn eru orðin svo súr að fiskur lifir þar ekki lengur. Slíkt er ástandið í Evrópu og Norður-Ameríku að margir óttast að það sé jafnvel enn verra í Asíu. Rannsóknir á japönskum rannsóknastofnunum gefa til kynna að loftmengun og súrt regn geti minnkað hveiti- og hrísgrjónaframleiðslu um þriðjung. Áhrif súrrar úrkomu á landi eru sýnileg og ógnvænleg, en meiri hluti súra regnsins hlýtur þó að falla í hafið og margir álíta að mengun í hafi sé fyrst og fremst komin úr andrúmslofti. Hvaða áhrif hún hefur í hafinu er enn ekki vitað og ekki ráðlegt að bíða eftir því að á það reyni.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um snjómokstur í dreifbýli.

Flm.: Birna K. Lárusdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipuleggja snjómokstur í dreifbýli með hliðsjón af akstri skólabarna.

Greinargerð.

Með þessari þingsályktunartillögu vilja flytjendur benda á það tillitsleysi gagnvart skólabörnum, kennurum og öðrum vegfarendum, sem viðgengist hefur um langa hríð, og þá mismunun sem landsmenn búa við í sambandi við snjómokstur. Mismunun þessi er í því fólgin að hluti landsmanna býr við það ófremdarástand að hafa enga fasta áætlun um snjómoksturs-daga. Þetta bitnar oft illilega á þeim börnum sem þurfa að sækja skóla fjarri heimilum sínum, en nú er málum svo háttað að snjómokstur er miðaður við flest annað en ferðir skólabarna og akstur skólabíla.

Með grunnskólalögum var þjóðinni gefið það loforð að öll landsins börn skyldu framvegis búa við jafnrétti til náms. Nú 15 árum eftir gildistöku laganna hefur því markmiði ekki að fullu verið náð. Skólarnir starfa mislengi eftir því hvar þeir eru á landinu. Þeir eru misvel búnir tækjum og menntuðum starfskröftum svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir skólar í dreifbýli eru átta mánaða skólar. Í þeim skólum er hver dagur sérstaklega mikilvægur og alls ekki heppilegt að skerða skólagöngu barnanna frekar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skólavikan hefst á mánudegi, sem og hin hefðbundna vinnuvika, en þegar vetur eru harðir er oftar en ekki ófært til skóla á mánudagsmorgni. Nemendur velkjast því oft í ófærum klukkutímum saman eða komast alls ekki í skólann fyrr en á þriðjudegi þegar vegir hafa verið ruddir.

Þá verður og að segjast að kennarar búa ekki alltaf nálægt skóla og þurfa einnig á mokstursþjónustu á mánudegi að halda. Að lokum má einnig nefna að fjöldi fólks í dreifbýlinu hefur orðið að leita sér atvinnu um lengri eða skemmri veg vegna samdráttar í hefðbundnum búgreinum og þarf því oft að treysta á góðar samgöngur. Mokstursdagar á þriðjudögum geta kostað þetta fólk vinnutap.

Af framansögðu má ljóst vera að það er í raun undarlegt að fólk þurfi að bíða fram á þriðjudag eftir að komast til starfa sinna þrátt fyrir gott veður á mánudegi. Því má heldur ekki gleyma að vegavinnumenn eru á kaupi alla daga vikunnar.

Nú stendur yfir endurskoðun á reglum um snjómokstur sem settar voru árið 1985. Við endurskoðunina er þess vænst að meira tillit verði tekið til aðstæðna við skólahald í dreifbýli.

Sþ. 497. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um snjómokstur á þjóðbrautum og breytta skiptingu kostnaðar við hann.

Flm.: Birna K. Lárusdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að sjá til þess að þjóðbrautir verði mokaðar ekki sjaldnar en vikulega og að ríkið taki aukinn þátt í kostnaði sem af því hlýst.

Greinargerð.

Þjóðbrautir eru skilgreindar svo í 12. gr. vegalaga:

„Vegir sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a.m.k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda.“

Fjölmargir langir vegir teljast til þjóðbrauta. Fólk, sem býr við þessa vegi, má búa við erfiðar samgöngur og jafnvel samgönguleysi ef þannig viðrar yfir vetrarmánuðina. Kröfur um bættar og auknar samgöngur fara stöðugt vaxandi og það er nú liðin tíð að fólk sætti sig við að vegir séu lokaðir svo dögum og vikum skiptir, m.a. vegna þess öryggisleysis sem því er samfara

að vera einangrað frá ýmissi þjónustu eins og heilsugæslu og verslun. Þá er í dreifbýli landsins stunduð þróttmikil félagsstarfsemi. Með fækkun íbúa hefur orðið nauðsynlegra að fólk geti sótt afþreyingu ýmiss konar um lengri vegu. Þannig verður félagslíf dreifbýlisins sífellt háðara góðum samgöngum, jafnt vetur sem sumar.

Samgöngur hafa vissulega batnað á undanförnum árum, m.a. með lagningu bundins slitlags á vegi og auknum og bættum flugsamgöngum. Þessi þróun hefur verið hröð og jákvæð. Meiri áhersla hefur hins vegar verið lögð á það að tengja saman landshluta en á samgöngur innan héraða. Þetta birtist m.a. í því að þeir vegir, sem tengja saman landshluta, eru mokaðir reglulega á kostnað Vegagerðarinnar, en engar ákveðnar reglur gilda um snjómokstur innan héraða. Með fækkun fólks á landsbyggðinni hljóta þó greiðar samgöngur innan héraðs að skipta jafnmiklu máli og samgöngur á milli landshluta.

Samkvæmt núgildandi reglum um snjómokstur á þjóðbrautum greiðir Vegagerðin helming kostnaðar á móti þeim sem um mokstur biðja, sýslufélögum, sveitarfélögum eða öðrum. Með tilliti til byggðaröskunar, þar sem fólki fækkar stöðugt í dreifbýli, verður sú hugsun áleitin að ríkið greiði að fullu kostnað við snjómokstur á þjóðbrautum og fari sá mokstur fram eigi sjaldnar en vikulega þegar með þarf.

Nú stendur yfir endurskoðun á reglum um snjómokstur sem settar voru árið 1985. Það er markmið þessarar tillögu að benda á fyrrgreind atriði í þeirri von að tekið verði tillit til þeirra við þessa endurskoðun.

Sþ. 498. Svar [234. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um ríkisábyrgð á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Á ríkisstjórnarfundi 12. janúar 1989 lagði viðskiptaráðherra fram álitsgerð um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Ráðherra gat þess þá að álitsgerðin hefði að beiðni hans verið unnin af Birni Friðfinnssyni í samráði við Árna Kolbeinsson og Þorstein Geirsson. Ráðherra hafði ekki fengið álitsgerðina formlega afhenta, en taldi að hún væri fullfrágengin þótt undirskriftir vantaði. Síðar kom í ljós, sem ráðherra var þá ekki kunnugt, að álitsgerðinni var ekki endanlega lokið, en Björn hafði gert uppkast að álitsgerð þar eð hann var á förum til útlanda og sent til Þorsteins og Árna sem ekki höfðu farið yfir uppkastið. Eftir að þeir höfðu gert það og haft nánari samráð í síma við Björn var orðalagi álitsgerðarinnar breytt lítillega eins og síðar greinir. Í þeirri mynd var hin endanlega álitsgerð lögð fram á ríkisstjórnarfundi 17. janúar sl., en tekið skal fram að niðurstaða var hin sama og áður, þ.e. að sett yrðu ótvíræð ákvæði í lögin um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Hjálagt fylgir texti uppkastsins frá 11. janúar, sem sýnt var 12. janúar, en breytingarnar, sem gerðar voru á því áður en það var endanlega lagt fram í ríkisstjórn, eru svohljóðandi:

1. Orðalagi 7. mgr. var breytt þannig:

   „Því hefur einnig verið haldið fram að ríkissjóður geti ekki undanskilið sig ábyrgð á skuldabréfaútgáfu sjóðsins nema með alveg ótvíræðu lagaákvæði. Atvinnutryggingarsjóður geti ekki sett meiri tryggingar fyrir skuldabréfaútgáfu sinni en eignir sjóðsins og síðasta setning 6. gr. segi ekki annað. Ef hins vegar reyni á tryggingar fyrir skuldabréfunum og eignir sjóðsins nægja ekki fyrir þeim, þannig að sjóðurinn komist í greiðsluþrot, þá taki við ábyrgð ríkissjóðs á Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina."
2. Í síðustu málsgrein var orðið „einfalda" fellt brott.

Álitsgerð til viðskiptaráðherra
um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.
(11. jan. 1989.)

Vísað er til álits ríkislögmanns, dags. 1. desember sl., um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Eins og fram kemur í álitinu er sjóðurinn ótvírætt eign ríkissjóðs, enda stofnaður af stjórnvöldum í því skyni að leysa þau vandamál sem við er að etja hjá útflutningsgreinum og með stofnframlagi úr ríkissjóði.

Í lögunum undanskilur ríkissjóður sig ekki ábyrgð á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs né heldur er þess getið að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, eins og t.d. ótvírætt er mælt fyrir um í 2. gr. laga nr. 86/1985, en þar segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka.

Almenna reglan er hins vegar sú að aðilar bera a.m.k. einfalda ábyrgð á skuldbindingum einkafyrirtækja sinna eða stofnana og gildir sú regla um stofnanir ríkissjóðs, nema sérstakar undanþágur séu í lögum. Þetta gildir um skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Ríkislögmaður bendir hins vegar á 6. gr. laganna þar sem segir:

„Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum."

Telur ríkislögmaður að síðasta setningin takmarki ábyrgð ríkissjóðs við eignir sjóðsins.

Þá skoðun má hins vegar einnig rökstyðja að ríkissjóður geti ekki undanskilið sig ábyrgð á skuldabréfaútgáfu sjóðsins nema með ótvíræðu lagaákvæði. Atvinnutryggingarsjóður geti að sjálfsögðu ekki sett meiri tryggingar fyrir skuldabréfaútgáfu sinni en eignir sjóðsins og síðasta setning 6. gr. segi ekkert annað. Ef hins vegar reyni á tryggingar fyrir skuldabréfunum og eignir sjóðsins nægja ekki fyrir þeim, þannig að sjóðurinn komist í greiðsluþrot, þá hljóti að taka við einföld ábyrgð ríkissjóðs á Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina (sekundær ábyrgð). Eigendur skuldabréfa Atvinnutryggingarsjóðs, sem yrðu fyrir tjóni, gætu þá beint kröfum sínum að ríkissjóði.

Hvor skoðunin er réttmætari skiptir e.t.v. ekki máli þar eð í frumvarpi til laga, sem flutt er til staðfestingar bráðabirgðalaganna sem um er fjallað, segir nú eftir 2. umr. í neðri deild, 21. desember sl., að Atvinnutryggingarsjóður verði gerður að sjálfstæðri deild, Atvinnutryggingardeild, við Byggðastofnun, og taki stofnunin þá við eignum og skuldum sjóðsins. Óumdeilt er að ríkissjóður ber eigendaábyrgð á skuldbindingum Byggðastofnunar og mundi sú ábyrgð þá væntanlega ná jafnt til skuldbindinga Atvinnutryggingardeildar.

Þar eð deilur hafa komið upp um þetta atriði, sem verulega hafa dregið úr trausti á skuldabréfum sjóðsins á fjármagnsmarkaðnum, væri e.t.v. rétt að taka af öll tvímæli með því að setja ótvírætt ákvæði í lögin um að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum sjóðsins, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Mætti t.d. gera það með því að bæta eftirfarandi setningu við 3. gr. frumvarpsins: „Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum sjóðsins." Síðasta setning 6. gr. yrði hins vegar felld brott.

Nd. 499. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

Flm.: Björn Grétar Sveinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári.

Orlofslaun reiknast við hverja launagreiðslu þannig að af heildarlaunum reiknast orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof skv. 3. gr.

Stéttarfélög og atvinnurekendur skulu semja við banka eða sparisjóði um varðveislu orlofslaunanna. Orlofslaunin skulu geymd á sérstökum reikningum launþega. Í slíkum samningum sé tryggt að sá aðili, sem tekur að sér varðveislu orlofslaunanna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, til launþega við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak slíkra samninga svo og að tilkynna því slit þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti launþega á vinnustað því samþykkur.

Ef um það er samkomulag milli atvinnurekanda, stéttarfélags og launþega er atvinnurekandanum heimilt að varðveita orlofslaunin og skulu þau þá kauptryggð með eftirfarandi hætti:

a. Reiknuð orlofslaun fyrir hvert launatímabil skulu kauptryggð þannig að deilt skal í fjárhæð áunninna orlofslauna með dagvinnukaupi starfsmannsins. Orlofslaun fyrir hvert launatímabil reiknast samkvæmt þessu í dagvinnutímum og skulu þau skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtala áunninna orlofstíma frá upphafi orlofsárs og orlofstímar vegna þess launatímabils.
b. Launþega skulu greidd áunnin orlofslaun samkvæmt a-lið næsta virkan dag fyrir töku orlofs og verða orlofslaunin þá áunnir orlofstímar síðasta orlofsárs margfaldaðir með dagvinnutímakaupi starfsmannsins fyrsta dag orlofsins.

Orlofslaun reiknast ekki af orlofslaunum.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ljúki ráðningartímabili launþega hjá atvinnurekanda á öðrum tíma en við lok orlofsárs skal atvinnurekandi, ef hann annast vörslu orlofslaunanna, greiða launþeganum áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglum í a- og b-lið 5. mgr. 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar núgildandi orlofslög voru sett árið 1987 var gerð sú meginbreyting frá því sem áður hafði gilt að í stað þess að Póstgíróstofan annaðist innheimtu og vörslu orlofsfjár var gert ráð fyrir því sem aðalreglu að atvinnurekendur (launagreiðendur) varðveittu orlofslaunin sjálfir og greiddu þau kauptryggð eftir sérstökum reglum þegar launþegi færi í orlof. Í lögunum er hins vegar aðeins gert ráð fyrir því sem heimild að samið verði við banka og sparisjóði um vörslu þessa fjár. Sú hefur hins vegar orðið raunin að mjög mörg félög hafa gert slíka

samninga. Samningar þessa eðlis voru til áður en núgildandi orlofslög voru sett og gáfu bæði að mati stéttarfélaga og atvinnurekenda góða raun.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að varsla orlofslaunanna í banka eða sparisjóði sé meginregla og skylda, en því aðeins skuli orlofslaunin varðveitt hjá launagreiðanda að um það sé fullt samkomulag milli stéttarfélags, atvinnurekanda og starfsmanna þeirra sem hlut eiga að máli. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru fyrst og fremst þær að þannig eru orlofslaunin varðveitt með tryggum hætti og eru ávallt til reiðu þegar launþegi tekur orlof.

Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að stéttarfélögin verði ávallt beinn aðili að ákvörðunum um varðveislu orlofslauna en á þann rétt skortir verulega í núgildandi lögum.

Þá er enn fremur gerð sú breyting að því aðeins sé launþega greidd áunnin orlofslaun við ráðningarslit að samið hafi verið um að varsla þeirra sé hjá launagreiðanda.

Sþ. 500. Beiðni um skýrslu [282. mál]

frá forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis á síðastliðnum fjórum árum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Árna Gunnarssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Albert Guðmundssyni, Guðmundi H. Garðarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis árin 1984–1988. Óskað er að í skýrslunni birtist sérhver samþykkt ályktun á þessu tímabili, hverjir voru flutningsmenn tillögunnar, hvenær hún var samþykkt og glögg greinargerð um framkvæmd viðkomandi ráðuneytis.

Óskað er að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 16. febr. 1989.

Kristín Halldórsdóttir.	Árni Gunnarsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Albert Guðmundsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðrún Agnarsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 501. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á þrettán fundum en varð ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins og skilar álitum meiri og minni hl.

Umsagnir bárust um frumvarpið frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Fjárfestingarfélaginu, Kaupþingi hf., Árna Vilhjálmssyni prófessor, auk sameiginlegrar álitsgerðar frá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabankans, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri við Seðlabankann, Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, Tryggvi

Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, Björn Líndal, aðstoðarbankastjóri við Landsbanka Íslands, og frá Sambandi verðbréfasjóða komu Gunnar H. Hálfdanarson, Pétur Blöndal, Gunnar Óskarsson, Dagný Leifsdóttir og Sigurður B. Stefánsson.

Meiri hl. nefndarinnar flytur 18 breytingartillögur við frumvarpið sem birtar eru á þskj. 502. Þó að nefndin standi ekki sem heild að þessu nefndaráliti þá ríkir samkomulag um meiri hluta þeirra breytingartillagna sem nefndin flytur. Langflestar breytingartillögurnar byggjast á athugasemdum sem bankaeftirlit Seðlabankans gerði við frumvarpið og miða þær að verulegu leyti að því að gera frumvarpið skýrara og eyða hugsanlegum vafaatriðum. Þá er einnig um að ræða nokkrar breytingar er byggjast á ábendingum og breytingartillögum frá Kaupþingi hf., Fjárfestingarfélaginu, Stefáni Valgeirssyni alþingismanni og sameiginlegum tillögum Landsbanka og Búnaðarbanka Íslands. Þær meginbreytingar, sem felast í tillögum meiri hl. nefndarinnar, eru eftirfarandi:

1. Í fyrstu breytingartillögu, sem er við 2. gr. frumvarpsins, er kveðið skýrar á um skráningarskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða varðandi gögn tengd verðbréfaviðskiptum.
2. Í fimmtu breytingartillögu, sem er við 11. gr. frumvarpsins, eru hert nokkuð skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis. Breytingin er við a-lið 3. mgr. þar sem innborgað hlutafé er hækkað auk þess sem kveðið er á um upphæð eigin fjár fyrirtækisins.
3. Í sjöttu breytingartillögu, sem er við 12. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að hækka úr 1% í 2% upphæð eigin fjár verðbréfafyrirtækis af höfuðstól verðbréfasjóðs eða verðbréfasjóða sem fyrirtækið rekur. Breytingin er gerð í tengslum við tölulegar breytingar við 11. gr.
4. Í tólftu breytingartillögu, sem er við 29. gr., er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að gera auknar kröfur um laust fé verðbréfafyrirtækja. Í frumvarpinu er miðað við 2% af innlausnarverðmæti, en í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að þetta geti farið upp í allt að 5%. Hækkun þessi er gerð til að tryggja að sjóðirnir séu betur í stakk búnir til að mæta skyndilegri aukningu innlausna.
5. Í þrettándu breytingartillögu, sem er við 30. gr., er kveðið á um bindiskyldu verðbréfasjóða og heimild til að setja hámark á vexti verðbréfasjóða.

Alþingi, 16. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Sigríður Hjartar.		Árni Gunnarsson.

Nd. 502. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÁrnG, SHj, RA, KH).

1. Við 2. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

2. Við 3. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Til að annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa og ráðgjöf um slík viðskipti gegn þóknun þarf löggildingu viðskiptaráðherra. Löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar eru aðeins veitt einstaklingum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum.
   b. Aftan við d-lið bætist: í reglugerð sem ráðherra setur.
   c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
      Heimilt er samkvæmt skriflegri beiðni leyfishafa að afturkalla áður útgefið leyfi samkvæmt 1. mgr., ef eigi er uppfyllt skilyrði e-liðar 1. mgr., án þess þó að leyfishafi glati réttindum samkvæmt d-lið þeirrar málsgreinar.
      Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði V. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „fyrir hans reikning“ í niðurlagi greinarinnar komi: í hans þágu.
4. Við 9. gr. Í stað síðari málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Verðbréfamiðlara ber að varðveita verðbréf og aðra fjármuni viðskiptavina sinna í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.
5. Við 11. gr.
   a. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein svohljóðandi:
      Verðbréfafyrirtækjum er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 2. mgr.
   b. Í stað „10“ í a-lið 3. mgr., er verði 4. mgr., komi: 20.
   c. Við a-lið 3. mgr. bætist: og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 20 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu bundnar lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.
   d. E- og f-liðir 3. mgr. falli brott.
   e. Við 3. mgr. bætist nýr stafliður svohljóðandi:
      Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.
6. Við 12. gr. Í stað „1%“ í fyrri mgr. komi: 2%.
7. Við 13. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi samkvæmt 3. gr., er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.
   b. Á eftir orðinu „viðskiptavaki“ í 2. mgr. komi: eða sölutryggjandi.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ákvæði 4.–9. gr. laga þessara eiga einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við getur átt.
8. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er verðbréfafyrirtæki að kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hverja þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara þannig að unnt sé að endurmeta þau viðskipti sem verið hafa milli aðila.
   Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.
9. Við 18. gr. F-liður 2. mgr. falli brott.
10. Við 20. gr. Orðið „ætíð“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.

11. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
    Verðbréf verðbréfasjóða er skylt að varðveita í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.
12. Við 29. gr. Við 2. málsl. fyrri málsgreinar bætist: en ráðherra er þó heimilt, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, að hækka þetta mark ef nauðsyn krefur, þó aldrei meira en í 5%.
13. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
    Seðlabanki Íslands skal láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum.
    Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá innlánsstofnunum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.
14. Við 33.gr.
    a. Í stað orðanna „þeir skulu“ í 2. og 3. málsl. 1.mgr. komi: hann skal.
    b. Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 2. mgr. komi: endurskoðandi.
    c. Í stað orðanna „skulu þeir“ í fyrri málsl. 2. mgr. komi: skal hann.
    d. Á eftir orðinu „rekstri“ í 4. mgr. bætist við: verðbréfafyrirtækis eða.
15. 2.–4. mgr. 34. gr. verði ný grein, 34. gr., er komi aftast í V. kafla.
16. Við 34. gr., er verði 35. gr. Greinin hljóði svo:
    Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.
    Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.
    Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.
17. Við 35. gr., er verði 36. gr. Greinin flytjist aftast í VI. kafla.
18. Á eftir 35. gr., er verði 36. gr., komi ný grein í upphafi VII. kafla er orðist svo:
    Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.
    Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.
    Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

Nd. 503. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Ólafur G. Einarsson,
Friðjón Þórðarson, Geir H. Haarde.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fulltrúar fiskiðnaðarins skulu taka sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. 1. mgr.:

1. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir frystar botnfiskafurðir, frystar síldarafurðir, frystar loðnuafurðir og frystar humarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir skeldýra, annarra en humars: Tveir menn eftir tilnefningu Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.
3. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir: Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
4. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja: Tveir menn eftir tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda.
5. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir skreiðarafurðir: Tveir menn eftir sameiginlegri tilnefningu útflytjenda skreiðarafurða.
6. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltsíldarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.

Verði ekki samkomulag um tilnefningu þar sem tveir eða fleiri standa að sameiginlegri tilnefningu er ráðherra heimilt að skipa hvern sem er úr þeim hópi sem tillögur koma fram um.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hver framleiðandi fiskafurða, sem fluttar eru úr landi, skal hafa sérreikning hjá Verðjöfnunarsjóði fyrir hverja tegund fiskafurða sem hann framleiðir.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs. Framleiðandi getur mælt svo fyrir að innstæða á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði skuli ávöxtuð á sérstökum reikningi í tilteknum banka eða sparisjóði, en að öðrum kosti skulu innstæður á sérreikningum ávaxtaðar í Seðlabanka Íslands í samráði við stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Ávaxta skal innstæður á sérreikningum annaðhvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Heimilt er þeim sem hefur innstæðu á sérreikningi til ávöxtunar í erlendum gjaldeyri að lána jafnvirði slíkrar innstæðu með þeim lánskjörum að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Um vexti af þessum lánum, svo og önnur lánskjör, skal fara samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Innstæða hjá Verðjöfnunarsjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á sérreikningi framleiðanda.

Eiganda innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Nú verður eigandi innstæðu gjaldþrota og rennur þá innstæðan til þrotabús hans.

Nú hættir eigandi innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði framleiðslu fiskafurða til útflutnings og skal innstæðan þá vera honum laus til ráðstöfunar er 12 mánuðir eru liðnir frá því að síðustu fiskafurðir hans voru fluttar út.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur inn á sérreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði og gengis- og verðbóta- og vaxtatekjur af innstæðum á slíkum reikningum skulu undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti. Útgreiðslur af sérreikningum skulu taldar með tekjum framleiðanda á því ári sem útgreiðslur til hans eiga sér stað.

5. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Renna tekjur þessar inn á sérreikning viðkomandi framleiðanda hjá sjóðnum.

6. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laganna orðast svo: Verðbætur skulu þó aldrei nema meira en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram innstæðu hvers framleiðanda á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði vegna viðkomandi afurðar þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Í stað „1. mgr. 5. gr." og „6. gr." 10. gr. laganna komi: 1. mgr. 7. gr. og 8. gr.

8. gr.

Síðari málsliður 12. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipta skal eignum Verðjöfnunarsjóðs, sem fyrir hendi eru við gildistöku laga þessara, milli þeirra framleiðenda fiskafurða sem greitt hafa í sjóðinn frá 1. janúar 1985 í þeim hlutföllum sem framreiknaðar greiðslur hvers og eins hafa numið af heildargreiðslum á þessu tímabili. Skal þannig fundin inneign hvers framleiðanda lögð inn á sérreikning hans hjá Verðjöfnunarsjóði sem stofnaður verður samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur tiltekinn framleiðandi greitt í Verðjöfnunarsjóð vegna fleiri en einnar fiskafurðar og skal þá skipta inneign hans samkvæmt framangreindu á sérreikninga hans fyrir viðkomandi fiskafurðir í sömu hlutföllum og nemur hlutfallslegri innbyrðis skiptingu greiðslna hans til Verðjöfnunarsjóðs á umræddu tímabili vegna viðkomandi afurða.

Nú framleiðir einhver framleiðandi fiskafurða ekki lengur tiltekna fiskafurð og skal þá samkvæmt ósk hans heimilt að láta inneign hans vegna þeirrar fiskafurðar ganga inn á sérreikning hans sem stofnaður er vegna annarrar fiskafurðar.

Sé einhver framleiðandi alfarið hættur rekstri skal hann sækja um endurgreiðslu á innstæðu sinni áður en 12 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

Innstæður, sem myndast hafa vegna frystingar á endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti, skulu greiddar út eftir sömu reglum og uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur.

Sé af einhverjum ástæðum ekki unnt að rekja innstæðu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til tiltekins greiðanda í sjóðinn eða hafi innstæðu ekki verið vitjað af framleiðanda sem hættur er rekstri skulu þeir fjármunir renna til framfaramála í sjávarútvegi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er fyrst og fremst að breyta núverandi fyrirkomulagi verðjöfnunar í fiskiðnaði þannig að hún miðist við einstök fyrirtæki, en sé ekki sameiginleg fyrir heilar greinar eins og nú er. Með frumvarpinu er aðild hagsmunaaðila að stjórn Verðjöfnunarsjóðs breytt og gert ráð fyrir því að hvert fyrirtæki um sig geti ákveðið að innstæða þess sé ávöxtuð á sérstökum reikningi í banka eða sparisjóði að eigin vali. Að öðru leyti er núgildandi lögum lítið breytt með frumvarpinu, m.a. yrði innheimtukerfi sjóðsins með sama hætti og verið hefur.

Verðjöfnun í íslenskum sjávarútvegi í einhverri mynd á sér langa sögu. Árið 1967 varð, sem kunnugt er, mikið verðfall á sjávarafurðum á íslenskum útflutningsmörkuðum samfara miklum aflasamdrætti. Þá var sem oftar áður horfið að því ráði að ríkissjóður ábyrgðist ákveðið lágmarksverð á afurðunum. Ríkissjóður lagði þá fram í þessu skyni 140 millj. kr., en þá var jafnframt ákveðið að stofnaður skyldi Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og var svo gert með lögum nr. 72/1969. Í þessum lögum var hlutverk sjóðsins skilgreint almennum orðum „... að draga úr áhrifum verðsveiflna sem kunna að verða á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins". Aðalatriði þessara laga hafa staðið lítt breytt síðan.

Meginrökin fyrir verðjöfnun í sjávarútvegi hafa einkum verið af tvennum toga. Annars vegar hafa legið að baki þau sjónarmið að stuðla þurfi að efnahagslegum stöðugleika með því að takmarka innstreymi peninga í efnahagslífið þegar vel gengur í sjávarútvegi og auka peningastreymi fremur þegar verr árar. Hins vegar er það sjónarmið að fyrirtæki í sjávarútvegi eigi örðugt með að laga sig að breyttum aðstæðum. Þannig er mun auðveldara að fylgja uppsveiflu með hærra hráefnisverði og launakostnaði en lækka hráefnisverð og laun þegar illa gengur.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur gegnt þessu tvíþætta hlutverki og unnið þannig að hann innheimtir afgjöld af útfluttum sjávarafurðum þegar verðið er hátt, en bætir upp verð afurðanna þegar verð er talið lágt. Í framkvæmd hefur sjóðurinn tekið mið af markaðsverðlagi afurða undangenginna þriggja ára og haft hliðsjón af afkomu viðkomandi framleiðslugreinar. Á þessum forsendum er svonefnt viðmiðunarverð ákveðið. Reynist það hærra eða lægra en markaðsverð á yfirstandandi framleiðslutímabili er greitt í eða úr sjóðnum með fyrir fram ákveðnu afgjaldshlutfalli af frávikinu. Þetta svonefnda afgjaldshlutfall hefur verið breytilegt 50–75% eftir tímabilum og afurðum, en oftast þó 50%. Yfirleitt hefur þó einnig verið ákveðið gjaldfrítt bil í kringum viðmiðunarverðið, oft 3–5%.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nú starfað í 18 ár og verður nú stuttlega greint frá starfsemi hans á þessu tímabili. Í því sambandi er vitnað beint í skýrslu nefndar til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins, en hún var gefin út af sjávarútvegsráðuneytinu í október 1986. Mynd- og talnaefni í þeirri skýrslu nær til ársins 1985. Frá starfsemi sjóðsins síðar og stöðu hans í árslok 1987 er stuðst við upplýsingar úr ársskýrslum Seðlabankans og frá honum sjálfum.

Í skýrslu „sjóðanefndar sjávarútvegsins" segir svo um starfsemina fram til ársloka 1985:

„Starfsemi sjóðsins spannar nú sextán almanaksár og verður hér á eftir greint í grófum dráttum frá starfsemi hans á þessu árabili. Talnayfirlitið í töflunum, sem fylgja, lýsir inn- og útgreiðslum sjóðsins og árlegum breytingum markaðsverðs helstu sjávarafurða sem lengst hafa verið á starfssviði hans, en það eru freðfiskur, óverkaður saltfiskur, loðnuafurðir, rækja og hörpudiskur. Áætlað meðalmarkaðsverð þessara afurða fyrir hvert ár er umreiknað í SDR á föstu verði miðað við meðalbreytingar á smásöluverði matvæla milli ára í SDR-löndum. Með þessum umreikningi er reynt að nálgast verðbreytingar afurðanna á raunvirði og jafnframt taka tillit til áhrifa gengisbreytinga milli bandaríkjadals og evrópskra mynta á afurðaverðið.

1. Freðfiskur.

Á mynd 1 er sýnt hlutfall inn- eða útgreiðslna Verðjöfnunarsjóðs af heildarverðmæti útflutningsframleiðslu freðfisks á ári hverju 1970–1985 (sjá einnig töflu 1). Ef um inngreiðslu er að ræða er hlutfall verðjöfnunar jákvætt og öfugt ef um útgreiðslu er að ræða. Eins og sjá má á mynd 1 eru greiðslur úr og í freðfiskdeild sjóðsins fram til ársins 1981, en þá stöðvast þær. Af myndinni að dæma virðist sæmileg samsvörun milli verðjöfnunar og verðbreytinga freðfisks þegar á heildina er litið. Þó hefur komið fyrir að verðjöfnun og verðbreyting stangist á, þ.e. að greitt hafi verið úr sjóðnum á árum sem verðlag freðfiskafurða fór hækkandi. Þetta gerðist árin 1972, 1976 og 1981, en því er við að bæta að árin 1972 og 1981 dróst freðfiskframleiðsla saman, sérstaklega fyrra árið. Öðru máli gegnir um árið 1976 því að það ár jókst freðfiskframleiðsla um 7% frá fyrra ári. Þessi ár virðist sjóðurinn ekki hafa gegnt hlutverki sínu sem skyldi.

Óhætt virðist að fullyrða að freðfiskdeild sjóðsins hafi jafnað tekjur milli ára á hverja framleidda einingu í frystihúsunum á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Eftir það eru línurnar ekki eins skýrar. Ekki má gleyma tveimur mikilvægum atriðum í þessu sambandi. Annars vegar virðist sem verulega hafi dregið úr verðsveiflum á freðfiski á síðustu árum samanborið við fyrstu starfsár sjóðsins og hins vegar virðist freðfiskverð að meginstefnu hafa farið lækkandi á fyrri hluta níunda áratugarins. Við þessar aðstæður er varla við því að búast að sjóðurinn sé mjög virkur gagnvart freðfiski.

Mynd 1.

Freðfiskur.



2. Óverkaður saltfiskur.

Mynd 2 lýsir starfsemi saltfiskdeildar. Óverkaður saltfiskur er eina afurðin innan starfssviðs sjóðsins þar sem greiðslur úr eða í sjóðinn verða öll starfsár hans. Fram til ársins 1977 var jafnt og þétt greitt í sjóðinn, en frá og með því ári hafa saltfiskframleiðendur fengið verðbætur úr sjóðnum hvert ár, en í mismiklum mæli og ekki alltaf í samræmi við sveiflur afurðaverðs eins og mynd 2 ber með sér.

Tilgangi saltfiskdeilda sjóðsins virðist hafa verið náð í meginatriðum fyrstu fimm starfsárin þótt segja megi að inngreiðslur væru tiltölulega litlar miðað við hækkun markaðsverðs. Á árunum 1975 og 1976 bregður hins vegar svo við að greitt er í sjóðinn um það bil sem markaðsverð byrjar að lækka. Skýringin á þessu er einkum sú að þegar verðið fór síhækkandi mörg ár í röð gat viðmiðunarverð með hliðsjón af markaðsverði þriggja undanfarinna ára orðið lægra en markaðsverð á líðandi ári þótt það verð væri að sínu leyti lægra en markaðsverð á næstliðnu ári. Á árunum 1979 og 1980 kom upp hið gagnstæða, þ.e. greitt var í sjóðinn þegar markaðsverð fór hækkandi. Hér veldur án efa að veruleg innstæða hafði myndast í saltfiskdeildinni sem menn vildu njóta, ekki síst þar sem innlendur kostnaður fór mjög hækkandi á þessu tímabili og samkeppni milli greina um fisk og fólk var hörð.

Þegar á heildina er litið er ef til vill ekki unnt að meta með einhlítum hætti áhrif sjóðsins á afkomu saltfiskverkunar, en svo virðist sem starfsemi saltfiskdeildar hafi í meginatriðum þjónað tilgangi sjóðsins þótt frá því séu undantekningar.

Mynd 2.

Saltfiskur.



3. Rækja og hörpudiskur.

Myndir 3 og 4 sýna verðjöfnun og verðbreytingar fyrir rækju og hörpudisk. Hlutdeild þessara afurða í útflutningsframleiðslu sjávarafurða var rúmlega 1% við stofnun sjóðsins, en árið 1985 var þetta hlutfall nærri 10%. Þannig hefur mikilvægi þessara afurða stöðugt aukist síðustu fimmtán árin. Þess ber að geta að hörpudiskur var ekki tekinn inn í sjóðinn fyrr en 1978. Myndirnar sýna glöggt að sjóðurinn hefur þjónað hlutverki sínu vel gagnvart þessum afurðum sem búa við einkar óstöðugt markaðsverð.

Mynd 3.

Rækja.



Mynd 4.

Hörpudiskur.



4. Loðnuafurðir.

Verð fyrir loðnuafurðir sveiflast mjög á heimsmarkaði. Sjóðnum hefur tekist að milda áhrif mestu sveiflnanna. Við ákvörðun viðmiðunarverðs virðast markaðsaðstæður hverju sinni hafa ráðið mestu. Verðjöfnun í mjöl- og lýsisframleiðslu virðist því í minna mæli hafa ráðist af afkomu og rekstrarfjárþörf en í botnfiskvinnslu. Ein helsta skýringin á þessu er án efa að útflutningsmarkaður fyrir freðfisk og saltfisk líkist meir markaði fyrir fullunnar vörur en hráefni, en verðlag á mjöli og lýsi er aftur á móti mjög háð þeim sveiflum sem verða á hráefnismarkaði í heiminum sem stjórnast af síbreytilegu árferði og uppskeru.

Mynd 5.

Loðnumjöl.



Mynd 6.

Loðnulýsi.



5. Aðrar deildir.

Skreið kom fyrst inn í Verðjöfnunarsjóð árið 1976. Næstu ár á eftir er hvorki um inn- eða útgreiðslur að ræða, en árið 1981 er innheimt á ný í skreiðardeildina. Á næstu tveimur til þremur árum gengur mjög á innstæður deildarinnar, en þar kom til bæði töluvert verðfall og markaðserfiðleikar.

Saltsíld. Í kjölfar gengisfellingarinnar árið 1967 var tekin af saltsíldarframleiðendum í Gengismunasjóð fjárhæð sem síðar rann í þeirra deild í Verðjöfnunarsjóði. Hún stóð óhreyfð til ársins 1979 er greitt var úr sjóðnum. Engin greiðsla varð 1980, en 1981 var greitt á ný úr deildinni.

6. Nokkrar skýringar á talnaefninu.

Eins og sjá má af súluritunum á myndum 1–6 hefur sjóðurinn í meginatriðum starfað eins og tilgangur hans segir til um. Greitt hefur verið í sjóðinn þegar verð hefur farið hækkandi og úr sjóðnum í verðfalli. Ekki hefur verið greitt úr sjóðnum þegar peningar hafa ekki verið fyrir hendi í viðkomandi deild þó að tilefni væri til. Stundum hefur þó verið lánað milli deilda í stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn stundum verið notaður sem farvegur fyrir aðrar greiðslur, svo sem vegna skreiðar, en það kemur starfsemi sjóðsins harla lítið við og skiptir ekki máli um starfsemi hans.

Þegar súluritin eru skoðuð virðist í fljótu bragði að stundum hafi verið greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Svo virðist t.d. hafa verið um freðfiskafurðir 1972, 1976 og 1981. Svo er þó ekki í reynd, nema hugsanlega 1976. En þetta stafar af verðbreytingum innan viðkomandi ára. Hér verða tölur hvers þessara ára skýrðar nokkuð:

Árið 1972.

Mjög ör verðhækkun varð á árunum 1970 og 1971, t.d. hækkaði þorskblokk úr 24,5 sentum í 46 sent og 5 punda þorskur hækkaði úr 35 sentum í 55 sent. Árið 1972 stöðvaðist þessi þróun að mestu leyti, en hráefni og laun héldu áfram að hækka. Það leiddi til þess að greitt var úr sjóðnum síðustu mánuði ársins.

Árið 1976.

Mikið verðfall varð á árunum 1974 og 1975 og var þá greitt úr sjóðnum. Þetta verðfall hélst fram á árið 1976. Þegar kom fram á árið hækkaði verð verulega. Þorskblokk var í ársbyrjun 70 sent, en 90 í árslok; fimm punda þorskur var 94 sent í ársbyrjun en 96 í árslok. Rétt er að taka það fram að blokk vó þyngra í heildarframleiðslunni á þessu ári en síðar varð. Ástæða hefði verið til að greiða úr sjóðnum fyrri helming ársins, en það var ekki gert, aftur á móti var greitt úr sjóðnum síðari hluta ársins þótt verð færi þá hækkandi. Hér var ef til vill um síðbúin viðbrögð að ræða.

Árið 1981.

Verðfall varð árið 1980. Þegar kom fram á árið 1981 fór verð hækkandi að nýju. Greitt var úr sjóðnum framan af ári, en því var hætt þegar verðið fór að rétta sig af. Fimm pundin, sem nú voru orðin veigamesti þáttur framleiðslunnar, hækkuðu úr 138 sentum í 157 sent frá ársbyrjun til ársloka. Blokk hækkaði hins vegar ekki og lækkaði raunar á tímabili.

Saltfiskur.

Það stingur í augu að greitt er í Verðjöfnunarsjóð af saltfiski árin 1975 og 1976 þrátt fyrir verðlækkun. Þetta stafar af því að verðlækkun á freðfiski árin 1974 og 1975 var meiri en verðlækkunin á saltfiski og varð því raunlækkun á hráefnisverði til allrar fiskvinnslu. Staða

saltfiskverkunar var því góð þrátt fyrir greiðslu í sjóðinn. Þetta snerist alveg við á árunum 1979 og 1980, en þá var greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Þetta hefur einmitt verið mikilvægt í starfsemi sjóðsins. Á þennan hátt var komið í veg fyrir það á árunum 1975 og 1976 að allt of mikill flótti yrði frá frystingu yfir í söltun, en það hefði getað leitt til enn meira verðfalls á saltfiski en í raun varð. Á sama hátt var hægt að halda uppi framleiðslu árin 1979 og 1980 enda þótt freðfiskframleiðslan stæði betur að vígi fram á árið 1980. Þetta verður því í samræmi við tilgang sjóðsins þegar tillit er tekið til afkomu greinarinnar.

Aðrar afurðir.

Eins og áður kemur fram getur verið gagnlegt að líta á freðfisk- og saltfiskframleiðsluna í samhengi vegna þess að þessar greinar vinna að miklu leyti sömu fisktegundir. Það verður til þess að hráefni getur ýmist hækkað eða lækkað af tilefni sem verður aðeins í annarri greininni. Það er því meðaltal beggja greinanna sem verður að skoða saman.

Þetta á ekki við um aðrar framleiðslugreinar. Rækja, humar og hörpudiskur fara nær eingöngu í frystingu, loðna fer svo til öll í mjölvinnslu. Þetta verður til þess að hægt er að skoða þessar greinar alveg óháð þróun annarra greina. Í þessum greinum er fylgnin milli verðlags og greiðslu úr eða í Verðjöfnunarsjóð mjög góð. Frávik eru sjaldgæf og skýrast að fullu af tvennu: Annars vegar af verðbreytingum innan árs, og hins vegar af því hvort fjármagn var til í sjóðnum á hverjum tíma." (Tilvitnun í nefndarálit sjóðanefndar lýkur.)

Eftir athugun á framangreindum upplýsingum um Verðjöfnunarsjóð var það álit meiri hluta „sjóðanefndarinnar" að sjóðurinn hefði yfirleitt þjónað því hlutverki sem honum var ætlað að gegna og lagði nefndin til að sjóðurinn starfaði áfram.

Á árunum 1986 og 1987 jókst starfsemi Verðjöfnunarsjóðs mjög verulega. Til marks um það nam heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum 156,6 millj. kr. í árslok 1985, en 370,9 millj. kr. í árslok 1986 og er eignarstaða hans áætluð 1515 millj. kr. í árslok 1987.

Miklar verðhækkanir urðu á árinu 1986 á flestum tegundum sjávarafurða. Mestar hækkanir urðu þó á rækju og hörpudiski og var t.d. inngreiðsla í Verðjöfnunarsjóðinn sett á rækju í apríl, þá 5% af verðmæti. Þessi prósenta var tvívegis hækkuð á árinu, í 15% í ágúst og 17,5% í október. Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1986 segir að þetta muni vera með hæstu verðjöfnunarinnheimtu í 18 ára sögu sjóðsins. Jafnframt þessu var á árinu sett sams konar inngreiðsla á hörpudisk, 15%.

Í ársbyrjun 1987 var verðjöfnun á þessum afurðategundum: humri, rækju, hörpuskel og saltfiskafurðum. Fyrirframgreiðsla var áfram í gildi á hörpudisk og rækju. Á hinn bóginn féll verð á þessum afurðum gífurlega á seinni hluta ársins, einkum hörpudiski. Hefur þessi sveifla verið tekin sem dæmi um að sjóðurinn sé allt of þungur í vöfum. Greitt var inn í sjóðinn á sumarverðstímabilinu öllu fyrir rækju þegar þessi afurð var fallin í verði og enn eru ógreiddar úr sjóðnum líklega rúmlega 50 millj. kr. vegna verðfalls á hörpudiski á árinu 1987.

Samkvæmt upplýsingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 10. febr. sl. er sjóðs- og eignastaða 31. des. sl. sem hér segir (í krónum):

Stofnfjárdeild	1613.362
Freðfiskdeild	8.575.594
Loðnumjöl	575.996
Loðnulýsi	11.898.688
Óverkaður saltfiskur	179.058.260
Fiskimjöl	227.659
Rækja	390.314.700
Skreið	10.354.086
Humar	137.948.790
Saltsíld	564.771
Hörpudiskur	40.022.204
Verkaður saltfiskur	78.106
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2.387.776
Skelrækja	0
Gámafiskur	224.891
Biðreikningur vegna söluskatts	232.000.000
Samtals	1.015.844.883

Raunveruleg eignastaða sjóðsins er nokkuð frábrugðin sjóðsstöðunni. Markast það af því að framleiðsluárið 1987 var ekki að fullu uppgert um áramót. Einnig á sjóðurinn inni hjá framleiðendum verulegar verðhækkunartekjur frá árinu 1986. Í lok desembermánaðar sl. ákvað stjórn Verðjöfnunarsjóðs að verðbæta hörpuskelsframleiðslu ársins 1987. Við þá aðgerð mun hörpuskelsdeildin því sem næst tæmast á næstu vikum. Á biðreikningi endurgreidds söluskatts var innstæða 232 millj. kr. um síðustu áramót. Stuttu eftir áramót kom í ljós að tollstjóraembættið hafði ofgreitt rúmlega 95 millj. kr. inn á þennan reikning. Rétt staða biðreiknings er því 136,8 millj. kr.

Áætluð eignastaða Verðjöfnunarsjóðs um áramótin 1987 til 1988 að teknu tilliti til óinnheimtrar verðjöfnunar frá 1986 og 1987 og ógreiddra verðbóta vegna hörpudisks frá 1987 er því þessi (í þús. kr.):

Stofnfjárdeild	1.500
Freðfiskdeild	150.000
Loðnumjöl	600
Loðnulýsi	12.000
Óverkaður saltfiskur	610.000
Fiskimjöl	200
Skreið	10.400
Rækja	450.000
Humar	140.000
Saltsíld	600
Hörpudiskur	7.000
Verkaður saltfiskur	100
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2.400
Skelrækja	0
Gámafiskur	1.000
Biðreikningur vegna söluskatts	136.800
Samtals	1.515.100

Yfirlit um reikningsstöðu Verðjöfnunarsjóðs 31. des. 1988.

Nafn reikn.	*IKR-reikn.*	*SDR-reikn.*	*Innstæða alls IKR*
Freðfiskur	0	164.676	10.200.690
Hörpuskel	0	195.187	12.090.664
Humar	48.952	2.921.340	181.008.437
Rækja	3.830.139	6.979.713	436.181.481
Óverkaður saltfiskur	238.694	8.310.189	515.005.041
Mjöl og lýsi	851	50.461	3.126.607
Verkaður saltfiskur	3.988	1.575	101.550
Saltsíld	288	8.895	551.280
Skreið	3.896	214.090	13.265.487
Fiskimjöl	10.903	4.560	293.368
Loðnulýsi	4.244	247.194	15.316.429
Loðnumjöl	214	12.167	753.887
Gámagjald	595.057	279.310	17.896.636
Safnreikningur	1.786.143	0	1.786.143
Samtals	6.523.369	19.389.357	1.207.577.699

Rétt er að benda á að SDR hefur hækkað um 8,4% frá síðastliðnum áramótum og þar af leiðandi inneignin í sama mæli.

Verðjöfnunarsjóður er varðveittur á SDR-reikningum við Seðlabanka Íslands og er því að fullu gengistryggður. Innstæður eru ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu ⅛%.

Engan þarf að undra þótt svo stórfelld og misjöfn sjóðsöfnun hjá einni atvinnugrein veki umtal og deilur, enda hafa málefni sjóðsins verið ofarlega á baugi hjá forráðamönnum í sjávarútvegi að undanförnu. Þar hafa komið fram mörg gagnrýnisefni sem áður er lýst auk annarra, svo sem að ákvörðun viðmiðunarverðs taki ekki nægjanlegt mið af framleiðslukostnaði, einkum þegar gengisskráning verður sjávarútveginum sífellt óhagstæðari vegna meiri verðbólgu innan lands. Háværar raddir hafa komið fram og tillögur um afnám sjóðsins.

Með þessu frumvarpi er þó fyrst og fremst ætlunin að lagfæra mikinn galla á núgildandi kerfi sem verður djúpstæðari og augljósari þegar um svo mikla sjóðsöfnun er að ræða samfara miklum breytingum í sjávarútvegi. Breytingar eru að verða örari í stétt framleiðenda en áður a.m.k. í sumum greinum. Nýir framleiðendur fá jafnmikinn rétt til útgreiðslu, ef um verðlækkun er að ræða á afurðum, og þeir sem hafa greitt í sjóðinn árum saman. Staðreyndin er sú að hver og einn framleiðandi um sig lítur á inngreiðslu í sjóðinn sem tapað fé og útgreiðslu sem fundið. Væri verðjöfnunin aðskilin svo sem lagt er til í þessu frumvarpi breytast þessar aðstæður. Þá getur hvert fyrirtæki litið á inngreiðslur á sérreikning sem sinn varasjóð sem ganga má á þegar illa árar og þeir sem greitt hafa mest eiga þá styrkasta bakhjarlinn. Þetta kerfi dregur auk heldur ekki úr hvata til þess að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast hverju sinni eins og hætt er við að núverandi kerfi geri.

Sá misskilningur hefur komið upp að með breytingu á verðjöfnunarkerfi sjávarútvegsins, sem lagt er til að gerð verði samkvæmt þessu frumvarpi, sé verið að flytja fé frá útgerð og sjómönnum til fiskvinnslu. Um slíkt er ekki að ræða. Í núverandi verðmyndunarkerfi er hráefnisverð afleidd stærð af greiðslugetu vinnslunnar og er þá tekið mið af útgreiðslum eða inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð. Nákvæmlega sama gildir þótt verðjöfnunin sé bundin við

einstök fyrirtæki. Eini munurinn er sá að greiðslugeta fyrirtækjanna getur orðið mismunandi á útgreiðslutímabilum vegna þess að sá sem greitt hefur mest inn í sinn verðjöfnunarsjóð á mesta innstæðu til að ganga á. Segja má að líkur séu á því að með breyttu fyrirkomulagi greiðist meira inn í Verðjöfnunarsjóð eftir en áður og að hráefnisverð héldist fremur hærra en hitt þegar til lengdar lætur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er verið að kveða á um hvaða aðilar taki ákvarðanir um verðjöfnun í einstökum greinum fiskvinnslunnar. Núverandi fyrirkomulagi er að mestu haldið óbreyttu utan þess að inn í ákvarðanir um verðjöfnun á skeldýrum annarra en humars koma nú fulltrúar Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir fyrirtækja til að stofna sérreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem innstæður þeirra í Verðjöfnunarsjóði eru ávaxtaðar. Þetta er því sú grein laganna sem breytir núverandi fyrirkomulagi og kveður á um að verðjöfnunin miðist við einstök fyrirtæki. Enn fremur er í greininni heimild til þeirra peningastofnana, sem ávaxta fjármunina, að lána þá út gengistryggt.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvernig fara skuli með innstæður í Verðjöfnunarsjóði þegar fyrirtæki lenda í greiðsluerfiðleikum. Hér er lagt til að innstæður þessar séu algerlega fyrir utan fyrirtækið nema við gjaldþrot, en þá renni þær í þrotabúið. Enn fremur er gert ráð fyrir því að framleiðandi fái fé úr sjóðnum 12 mánuðum eftir að hann hættir framleiðslu.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fái sömu skattameðferð og nú.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er verið að leiðrétta villur í núverandi lagatexta.

Um 8. gr.

Hér er felld niður heimild ráðherra til að stofna nýjar deildir þar sem það á ekki við lengur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um hvað gert skuli við innstæður þær sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði. Hugmyndin er sú að þessum innstæðum, sem myndast hafa vegna

inngreiðslu framleiðenda, sé skipt upp á milli þeirra sem greitt hafa í sjóðinn síðan í ársbyrjun 1985. Þær upphæðir, sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði, eiga samkvæmt þessu að mynda fyrstu innstæður á sérreikningum fyrirtækjanna og nýtast þannig sem stofn fyrir útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði þegar ástæða er til samkvæmt ákvörðunum stjórnar sjóðsins.

Sé framleiðandi alveg hættur rekstri er gert ráð fyrir að hann geti vitjað innstæðu sinnar innan árs.

Innstæður í sjóðnum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti eiga hins vegar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að greiðast út eftir sömu reglum og hingað til.

Ed. 504. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og kvaddi á sinn fund Georg Ólafsson verðlagsstjóra, Ásmund Stefánsson og Láru V. Júlíusdóttur frá ASÍ, Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði, Eggert Ásgeirsson, Jóhann Má Maríusson og Kristján Jónsson frá Sambandi ísl. rafveitna og Maríu J. Gunnarsdóttur frá Sambandi ísl. hitaveitna.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins og leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. febr. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. | Margrét Frímannsdóttir.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 505. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga ber stefnu ríkisstjórnarinnar glöggt vitni. Stefnt er að auknum lántökum erlendis og vaxandi umsvifum opinberra aðila á innlendum lánamarkaði. Á hinn bóginn er ekki að sjá að í deiglunni séu neinar þær aðgerðir sem stöðvi hallarekstur fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Fyrirsjáanlegt er að lánsfjárþörfin er stórlega vanmetin í lánsfjáráætlun. Enginn vafi leikur á að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur sterka tilhneigingu til að ýta vöxtum upp á við.

Frumvarp til lánsfjárlaga er seint á ferðinni að þessu sinni sem er afleiðing af þeirri óvissu er verið hefur í efnahagsmálum og farið vaxandi eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist að völdum. Það er íhugunarefni nú við afgreiðslu þessa frumvarps hversu langt hefur verið farið fram úr lánsfjárlögum á síðastliðnum árum sem gefur vísbendingu um eðli þessarar umræðu.

Á árinu 1986 var gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð 7,5 milljarðar kr., en þær reyndust tæplega 12 milljarðar kr. eða 55–60% umfram áætlun. Árið 1987 voru sambærilegar

tölur rúmlega 8 milljarðar kr., en lántökur reyndust ríflega 12 milljarðar kr. eða 50% umfram áætlun. Bráðabirgðatölur um erlendar lántökur til langs tíma á síðasta ári nema rúmlega 16 milljörðum kr., en gert var ráð fyrir rúmlega 9 milljörðum kr. við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Frávikið er um 80% umfram áætlun og skýrist að stórum hluta af erlendum lántökum til að fjármagna ríkissjóð. Þrátt fyrir þetta var vandi ríkissjóðs engan veginn leystur á síðastliðnu ári og hefði í reynd þurft að taka veruleg lán til viðbótar erlendis, en miðað við árslok nam yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka um 5 milljörðum kr. Sú skuld verður ekki fjármögnuð nema með erlendri lántöku sem beðið er um heimild fyrir í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Í reynd er því niðurstaða ársins 1988 sú að á síðastliðnu ári hefðu erlendar lántökur þurft að nema 21 milljarði kr. sem er ríflega 130% umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu lánsfjárlaga hér á Alþingi fyrir ári.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að lánsfjárlög og lánsfjáráætlun hafa engan veginn gefið rétta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Það er því meira en vafasamt að ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú, um að erlendar lántökur muni nema 21 milljarði kr. á þessu ári, standist. Reynslan sýnir að þrjú síðastliðin ár hafa erlendar lántökur farið fram úr upphaflegum áætlunum sem nemur 50–130%. Engum ætti því að koma á óvart þótt í ljós komi að ári að erlendar lántökur á árinu 1989 nemi 30–40 milljörðum króna. Það er að vísu mikið frávik en engan veginn ólíklegt miðað við það ástand í efnahags- og atvinnumálum sem nú er í landinu. Þar kemur hvort tveggja til almenn tilhneiging ríkisstjórna til að fegra lánsfjáráætlun og þær sérstöku aðstæður nú þegar útflutningsatvinnuvegirnir eru látnir ganga fyrir erlendu lánsfé og gengið er á eigið fé fyrirtækjanna. Loks er vafalaust að ríkissjóður verður rekinn með verulegum halla þrátt fyrir nýju skattálögurnar og viðskiptahallann sem Seðlabankinn telur að verði 11 milljarðar króna. Þetta gerist á sama tíma og fyrirsjáanlegt er að lífskjör muni halda áfram að versna en atvinnuleysi hefur verið meira síðastliðna mánuði en um árabil eða jafnvel áratugi.

Ríkisstjórnin hefur verið stórtæk í lántökum á erlendum markaði og ekki sýnilegt að þar verði neitt lát á. Rétt er að rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 voru verulegar skattahækkanir samþykktar sem höfðu það m.a. að markmiði að raunvextir lækkuðu með því að dregið yrði úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. En allt fór það á annan og verri veg. Fjármál ríkisins fóru úr böndunum í höndum tveggja fjármálaráðherra og niðurstaðan varð sú að ríkissjóður var rekinn með ríflega 7 milljarða króna halla sem fjármagnaður er með erlendum lántökum. Sé reiknað með 7% raunvöxtum verður vaxtakostnaðurinn um hálfur milljarður kr. á ári og er það lýsandi fyrir þá bagga sem nú er verið að binda þjóðinni – lýsandi fyrir afleiðingar þeirrar óstjórnar sem Íslendingar búa nú við og felst annars vegar í því að þjóðartekjurnar dragast saman vegna rangrar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Hins vegar er reynt að fylla upp í ginnungagap ríkissjóðs með síaukinni skattheimtu sem ekki skilar sér í auknum tekjum af því að skattþyngingin magnar niðursveifluna í atvinnulífinu og rýrir þannig tekjustofna ríkissjóðs.

Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að 15,5 milljarðar króna verði teknir að láni innan lands af ríkissjóði og öðrum opinberum aðilum. Þar munar mest um skuldabréfakaup Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna sem samkvæmt lánsfjáráætlun munu nema ríflega 8,8 milljörðum króna. Um síðastliðin áramót voru 10 þús. lánsumsóknir hjá sjóðunum og gert ráð fyrir að afgreiða 3500–4000 umsóknir en sjóðunum berast árlega 3600 umsóknir. Gert er ráð fyrir sölu á spariskírteinum ríkissjóðs fyrir allt að 5,3 milljörðum króna. Þessi lánsfjáröflun er háð mikilli óvissu. Aðeins hafa selst spariskírteini fyrir ríflega 300 millj. kr. frá áramótum á sama tíma og spariskírteini hafa verið innleyst fyrir 1200 millj. kr., sbr. frétt í Morgunblaðinu 16. þessa mánaðar. Þar kemur enn fremur fram að eftirspurn er dræm hjá verðbréfasölum eftir spariskírteinum ríkissjóðs en hins vegar seljist banka- og sjóðabréf vel. Markaðurinn virðist ekki taka við verðtryggðum bréfum með minna en 8% vöxtum, en spariskírteini ríkissjóðs, sem gefin hafa verið út á þessu ári, bera 6,8% og 7% vexti. Nú

stendur upp á ríkisstjórnina að skýra fyrir almenningi hvenær og hvernig hún ætli að efna með raunhæfum hætti fyrirheitið um lækkun raunvaxta um 3% þannig að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs, sem mynda grundvöll annarra vaxta, verði 5%.

Ekki leynir sér að í frumvarpi til lánsfjárlaga og í lánsfjáráætlun er vanáætlað fyrir verulegum fjárhæðum svo skiptir milljörðum króna og taka verður að láni erlendis. Þar ber fyrst að nefna Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en það fé, sem frystideildin hefur til ráðstöfunar, mun ganga til þurrðar í apríl eða maí og ekki er sýnilegt að ríkisstjórnin hafi neina tilburði til að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins með almennum aðgerðum. Þegar kemur fram á árið mun það valda vaxandi erfiðleikum í öðrum útflutningsgreinum og hjá fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Sjávarútvegsráðherra hefur skrifað Byggðastofnun bréf þar sem vakin er athygli á vanda smábátaútgerðar en talið er að það þurfi um 500 millj. kr. til að leysa vanda hennar sem ekki er gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Síðast en ekki síst má nefna að forsætisráðherra hefur beint því til Byggðastofnunar að koma til aðstoðar í þeim byggðarlögum þar sem atvinnuleysi er skollið á eða vofir yfir af því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina telur fyrirtækin ekki á vetur setjandi enda gengur ráðstöfunarfé hans mjög til þurrðar. Ekki þurfa menn að vera giska kunnugir með ströndinni til að vita að hér er ekki verið að tala um neinar smáupphæðir.

Eins og hér hefur komið fram stefnir í mikla spennu á innlenda lánamarkaðnum sem fyrst og fremst er tilkomin af óseðjandi fjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Samtímis hafa útflutningsatvinnuvegirnir verið reknir með verulegum halla sem auðvitað kallar á aukna lánsfjárþörf. Ekki bætir svo úr skák að grundvelli verðtryggingar hefur verið breytt, eignarskattar hafa verið hækkaðir og einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild hafa lýst yfir að vaxtatekjur almennings verði skattlagðar. Allt þetta hefur valdið umróti og óvissu og stuðlar þannig að hækkun vaxta.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á mikilvægi þess að rétta við útflutningsatvinnuvegina og ná jöfnuði í viðskiptunum við útlönd sem hvort tveggja er forsenda þess að stöðugleiki náist á ný í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Til þess að ná fram þessum sjálfsögðu markmiðum í efnahagsmálum er nauðsynlegt að raunvextir lækki, kippa verður til baka þeim breytingum sem gerðar voru á skattalögunum á jólaföstu og skrá gengi krónunnar í samræmi við raunveruleikann. Minni hl. minnir á að nú eru við völd sömu flokkar og lögfestu lánskjaravísitöluna á sínum tíma. Reynslan hefur sýnt að það hefði verið skynsamlegt í upphafi að ákveða að vextir skyldu vera óbreytanlegir á verðtryggðum lánum til langs tíma. Nú er hins vegar búið að raska grunni lánskjaravísitölunnar einu sinni sem virðist ætla að leiða til langvinnra málaferla. Ekki er við öðru að búast en að lánveitendur og kaupendur verðbréfa muni krefjast hærri vaxta í framhaldi af þessari aðgerð til að vega á móti þeirri óvissu sem ríkisstjórnin hefur skapað um grundvöll verðtryggingarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur um að lánsheimildir til Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Útflutningslánasjóðs séu teknar inn í I. kaflann, en við afgreiðslu síðustu lánsfjárlaga markaði ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar þá stefnu að afnema bæri ríkisábyrgðir af skuldbindingum opinberra atvinnuvegasjóða. Markmiðið var að auka ábyrgð þeirra sem reka sjóðina og jafna samkeppnisstöðuna gagnvart öðrum lánastofnunum. Þannig átti m.a. að tryggja að sjóðirnir gættu aðhalds í útlánum og gerðu nægilegar arðsemiskröfur til þeirra framkvæmda sem lánað var til. Með því að meiri hl. leggur nú til að sjóðirnir verði aftur teknir inn í lánsfjárlögin vekur það spurninguna um hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar til þess hvort ríkisábyrgð á fjárfestingarlánasjóðunum skuli haldast eða ekki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skerða framlög til vegagerðar, sbr. ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, um 680 millj. kr. af tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti og skal féð renna í ríkissjóð. Ef meiri hluti Alþingis nær þessu fram er stigið óheillaskref þar

sem samkomulagið um álagningu bensíngjalds og þungaskatts var á sínum tíma bundið því skilyrði að það rynni heilt og óskipt til vegagerðar. Það var m.a. rökstutt með því gagnvart dreifbýlinu að öruggar og greiðar samgöngur milli héraða og landsfjórðunga væru forsenda heilbrigðrar byggðastefnu. Á höfuðborgarsvæðinu eru ýmsar fjárfrekar framkvæmdir orðnar mjög aðkallandi vegna slysahættu og vaxandi umferðar.

Að öðru leyti verður fjallað um einstakar greinar frumvarpsins í framsögu með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 17. febr. 1989.

Halldór Blöndal, frsm.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.

Nd. 506. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 502 [Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir].

Frá Auði Eiríksdóttur.

Við 13. tölul. (30. gr.). Orðin „eftir því sem við getur átt“ í fyrri málsgrein falli brott.

Ed. 507. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Agli Jónssyni.

1. Við 23. gr. Greinin falli brott.
2. Við 24. gr. Greinin falli brott.

Nd. 508. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Páli Péturssyni.

Við 2. málsl. 23. gr. bætist: og falla úr gildi 1. júlí 1989.

Nd. 509. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í athugasemdum meiri hl. nefndarinnar þá hélt nefndin þrettán fundi um frumvarpið og kallaði til sín fjölda aðila og fékk margar umsagnir um málið. Það er hins vegar full ástæða til þess að átelja ríkisstjórn fyrir að leggja frumvarpið fram í núverandi búningi þar sem nefnd sú, er samdi frumvarpið, fékk ekki nægan tíma til að ganga frá því með eðlilegum hætti. Þetta hefur aukið vinnu nefndarinnar og það hefur ekki gert starfið auðveldara að höfundar frumvarpsins voru mjög ósammála um mörg atriði þess. Það er

skoðun okkar að hyggilegast hefði verið að vísa frumvarpinu aftur til þeirrar nefndar er samdi frumvarpið til ítarlegrar endurvinnslu.

Viðskiptaráðherra tók upp í frumvarpið ákvæði þess efnis að hann gæti heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Nefnd sú er samdi frumvarpið var ekki hlynnt slíku ákvæði. Þegar ráðherra fylgdi frumvarpinu úr hlaði lét hann þau orð falla að hann teldi eðlilegt að hafa þessa heimild inni í frumvarpinu og benti á, máli sínu til stuðnings, að í nokkrum aðildarríkjum OECD eru lagaheimildir til að setja bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði. Ráðherra tók fram í framsöguræðu sinni að hann teldi þetta öryggisákvæði, eins konar stíflugarð til að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtækin feti sig inn á starfsvettvang innlánsstofnana án þess að á þeim hvíli sömu kvaðir hvað varðar bundið fé. Í meðferð nefndarinnar var ákvæðinu um bindiskyldu breytt verulega og virðist nú sem stjórnmálaflokkarnir vilji ekki hafa þessa heimild í hendi viðskiptaráðherra heldur eigi Seðlabankinn fortakslaust að hafa heimildina. Við erum andvígir því að þessi bindiskylda sé tekin upp með þessum hætti. Við álítum að það séu fyrst og fremst innlánsstofnanir sem eigi að vera háðar bindiskyldu og ef setja eigi bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir eigi allir að búa við hliðstæð réttindi og skyldur.

Við flytjum breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Afstaða okkar til breytingartillagna meiri hl. mun koma fram við atkvæðagreiðslu, en við teljum að það hafi verið tekið tillit til fjölmargra réttmætra athugasemda við frumvarpið og að meginhluti þessara breytingartillagna sé til bóta. Aðrar breytingartillögur meiri hl. eru hins vegar þess eðlis að við getum ekki stutt þær.

Við viljum að síðustu leggja á það áherslu að mikilvægt er að setja löggjöf um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en við ítrekum jafnframt þá skoðun okkar að of hart hafi verið gengið eftir því við þá nefnd, er samdi frumvarpið, að hún skilaði sem fyrst frá sér áliti með þeim afleiðingum að á frumvarpinu eru fjölmargir hnökrar og einstakir höfundar þess hafa verið að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið meðan það var í meðferð fjárhags- og viðskiptanefndar.

Alþingi, 17. febr. 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Matthías Bjarnason, frsm.

Nd. 510. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Inga Birni Albertssyni og Ragnari Arnalds.

1. Við 11. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Verðbréfafyrirtæki má ásamt verðbréfamiðlara annast verðbréfamiðlun gegn þóknun og því skal einnig heimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi. Að bönkum og sparisjóðum undanskildum er öðrum aðilum en verðbréfafyrirtækjum með fullgildu rekstrarleyfi óheimilt að annast framangreinda starfsemi og einkenna sig sem verðbréfafyrirtæki.
2. Við 15. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja, banka eða sparisjóða.

Nd. 511. Frumvarp til laga [284. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja færeysk og grænlensk fiskiskip ákvæðum 65 ára gamalla laga sem banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Mál þetta varðar þannig samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, í þessu dæmi næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Lagt er til að fiskiskip þessara þjóða njóti jafnréttis á við íslensk fiskiskip að því er varðar löndun afla í íslenskum höfnum.

Samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga hafa stóraukist undanfarin ár en fyrir áratug voru þau næsta lítil. Algengt var fyrir örfáum árum að menn gerðu lítið úr því að við gætum haft nokkurn merkjanlegan hag af samskiptum við þessar smáþjóðir. En annað hefur komið í ljós. Þótt samanlagður íbúafjöldi þessara landa sé tæpur helmingur íbúatölu Íslands hefur komið í ljós að þar er að finna mikilvæga markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur, m.a. vegna þess að vinátta þessara þjóða í okkar garð er einlæg og þær velja viðskipti við okkur frekar en við aðra að öðru jöfnu. Þessi viðskipti vaxa sífellt og má í því sambandi benda á aukinn þátt Flugleiða í að tryggja samgöngur við þessi lönd og vaxandi umsvif íslenskra verktakafyrirtækja í löndunum tveimur.

Áframhaldandi uppbygging þessa samstarfs er eðlileg og væntanlega beggja hagur. Það er hagkvæmt bæði fyrir Grænlendinga og Færeyinga í mörgum tilvikum að landa afla sínum á Íslandi. Má þar nefna rækjuskip, loðnuskip o.s.frv. Afli þessara skipa og þjónusta við þau getur skapað aukna atvinnu í íslenskum sjávarþorpum og einhliða aðgerð af þessu tagi af okkar hálfu er til þess fallin að auka vináttuna, efla samstarfið og auka viðskiptin á öllum sviðum Íslendingum, Færeyingum og Grænlendingum til hagsbóta.

Ed. 512. Frumvarp til lánsfjárlaga [103. mál]

fyrir árið 1989.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. febr.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 5.135.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 5.300.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1989 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.060.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 155.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 16.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 36.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 25.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Suðureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 23.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á notaðri ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 150.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

13. gr.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa.

14. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 110.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

15. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna nýrrar ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilit fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 38.830 þús. kr. á árinu 1989 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1989.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 25.000 þús. kr. á árinu 1989.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1989.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1989.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28.000 þús. kr. á árinu 1989.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1989.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 11.000 þús. kr. á árinu 1989.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1989. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 277.000 þús. kr. á árinu 1989.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 8.000 þús. kr. á árinu 1989.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 680.000 þús. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 6.000 þús. kr.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi vera hærra en 21.000 þús. kr. á árinu 1989.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1989 eigi nema hærri fjárhæð en 1.275.000 þús. kr.

III. KAFLI

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

38. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

39. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

40. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

41. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 900.000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988 umfram það sem kveðið er á um í 1. gr. lánsfjárlaga 1988.

42. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300.000 þús. kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. allt að 129.000 þús. kr.

43. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 280.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána atvinnufyrirtækjum til fjárhagslegrar endurskipulagningar allt að 200.000 þús. kr. og refafóðurstöðvum allt að 80.000 þús. kr.

44. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1989. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1990 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **513. Svar** [201. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Stefáns Valgeirssonar um áfengiskaup handhafa forsetavalds og hlutverk Ríkisendurskoðunar.

1. Hvaða reglur gilda nú, og hafa gilt, um kaup handhafa forsetavalds á áfengi?

Reglur um áfengiskaup handhafa forsetavalds eða annarra aðila á áfengi á kostnaðarverði heyra ekki undir dómsmálaráðherra. Fyrirspurn þessari er því ekki rétt að beina til dómsmálaráðherra.

2. Hvenær vissi Ríkisendurskoðun fyrst um umtalsverð áfengiskaup handhafa forsetavalds?

Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi og því ekki rétt að beina þessari fyrirspurn til dómsmálaráðherra.

3. Hvenær fékk ríkisstjórnin fyrst skýrslu um áfengiskaup handhafa forsetavalds?

Dómsmálaráðherra fékk fyrst vitneskju um áfengiskaup Magnúsar Thoroddsens, forseta Hæstaréttar, sem eins af handhöfum forsetavalds síðdegis fimmtudaginn 24. nóvember 1988 og þá frá fjármálaráðherra.

4. Hver eru mörkin um áfengiskaup handhafa forsetavalds sem ástæða er til að gera athugasemdir við eða láta það ógert?

Fyrir liggur að Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við áfengiskaup eins af handhöfum forsetavalds en ekki annarra. Að öðru leyti vísast til svars við 7. lið.

5. Hvað veldur því að Ríkisendurskoðun er falið vald til að fara með þann þátt dómsmála að ákveða hvort hafa skuli uppi aðgerðir í mögulegum dómsmálum?

Ríkisendurskoðun hefur ekki verið falið vald af því tagi sem hér er um spurt. Ríkisendurskoðun gerir hins vegar athugasemdir við eitt og annað í ríkisrekstrinum sem kunna að leiða til þess í ákveðnum tilvikum að mál eru höfðuð.

6. Eru það fleiri mál eða málaflokkar, sem heyra til dómsmálum, sem dómsmálaráðuneytið hefur eða ætlar að fela Ríkisendurskoðun?

Ríkisendurskoðun starfar skv. lögum nr. 12/1986 og eru verkefni hennar skilgreind þar. Dómsmálaráðuneytið hefur ekki íhlutunarrétt um starfsemi Ríkisendurskoðunar.

7. Nú hefur dómsmálaráðherra veitt einum hæstaréttardómara lausn til bráðabirgða úr starfi vegna áfengiskaupa. Upplýst hefur verið að fleiri hafi notað þennan meinta rétt til áfengiskaupa í verulegum mæli. Hvað verður gert í málum þeirra?

Forseti Íslands hefur samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra veitt Magnúsi Thoroddsen lausn um stundarsakir frá embætti hæstaréttardómara. Jafnframt hefur dómsmálaráðherra falið ríkislögmanni að höfða mál á hendur Magnúsi Thoroddsen til embættismissis skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki eru uppi ráðagerðir um aðrar aðgerðir.

8. Eru áform uppi hjá dómsmálaráðherra að láta rannsaka þessi mál til hlítar og gefa Alþingi skýrslu um þau?

Nei.

Ed. 514. Frumvarp til laga [8. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. febr.)

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma. Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjársjóði Byggðastofnunar og leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann án tilnefningar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981, vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnutryggingarsjóði til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990.

Ríkissjóður ábyrgist að eftir 1. júlí 1990 renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs auk reglulegra framlaga 10. hluti af endurgreiðslum lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt þar til 600 millj. kr. er náð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnutryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til.

7. gr.

Byggðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar með töldum lántökuskatti. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem Atvinnutryggingarsjóður veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi. Öll skjöl vegna útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjala vegna lána sem hlutabréfasjóður Byggðastofnunar kann að veita eða taka skulu undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.

9. gr.

Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjársjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Til sjóðsins skal einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs, ef Alþingi ákveður svo, annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum.

Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsætisráðherra.

10. gr.

Hlutafjársjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ríkissjóður getur einnig selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til. Hlutabréf, sem sjóðurinn kann að eignast, skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini í hlutafjársjóðnum skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjársjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

11. gr.

Stofna skal hinn 1. jan. 1991 Atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun sem hafi það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagingu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir. Deildin skal bera sjálfstæðan fjárhag og tekur hún á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

12. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð, Atvinnutryggingardeild og hlutafjársjóð Byggðastofunar, sbr. 3.–11. gr. laga þessara.

13. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

14. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga, nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði, svo og banka eða öðrum lánastofnunum, að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

15. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

16. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

17. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvarðanir.

18. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

19. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

20. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar

7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 18. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988 og falla úr gildi 1. júlí 1989. Gjald skv. 13. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Nd. 515. Lög [20. mál]

um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Afgreidd frá Nd. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 243.

Nd. 516. Frumvarp til laga [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. febr.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með **verðbréfi** er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

Með **verðbréfamiðlun** er átt við milligöngu, sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.

Með **verðbréfamiðlara** er átt við einstakling sem fengið hefur sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar, sbr. 3. gr., og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

Með **verðbréfafyrirtæki** er átt við fyrirtæki sem sérstaklega er stofnað skv. III. kafla laga þessara til þess að annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila. Verðbréfafyrirtæki annast einnig rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu markaðsverðbréfa.

Með **markaðsverðbréfi** er átt við verðbréf í flokki framseljanlegra verðbréfa, þar með talinna hlutabréfa, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með almennu útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt. Markaðsverðbréf skulu ætíð skráð á nafn.

Með **verðbréfasjóði** er átt við sjóð, er saman stendur af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum auðseljanlegum verðbréfum samkvæmt fyrir fram ákveðinni og kunngerðri fjárfestingarstefnu að því er varðar áhættudreifingu, þar sem almenningi eða þrengri hópi manna er gefinn kostur á að eignast hlutdeild í sjóðnum samkvæmt útgefnum skírteinum er að kröfu eiganda þeirra fást innleyst hjá sjóðnum í reiðufé samkvæmt nánari ákvæðum í reglum sjóðsins.

Með **viðskiptavaka** er átt við verðbréfafyrirtæki eða annan aðila sem skuldbundið hefur sig til þess að kaupa og selja fyrir eigin reikning ákveðin markaðsverðbréf í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum og til þess að auðvelda þeim, sem áhuga hafa á kaupum bréfanna, að fá þau keypt og þeim sem selja vilja slík bréf að fá kaupanda að þeim.

2. gr.

Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

II. KAFLI

Um verðbréfamiðlara.

3. gr.

Til að annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa og ráðgjöf um slík viðskipti gegn þóknun þarf löggildingu viðskiptaráðherra. Löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar eru aðeins veitt einstaklingum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki.
b. Hafa náð 20 ára aldri.
c. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.
d. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun sem ráðuneytið gengst fyrir í samvinnu við stjórn Verðbréfaþings Íslands og hafa lokið þar prófi samkvæmt þeim prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur.
e. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi eða aflað sér bankatryggingar er bæti viðskiptavinum tjón er hann kynni að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála hennar skulu ákveðin með reglugerð.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni svo sem búskiptum eða félagsslitum.

Heimilt er samkvæmt skriflegri beiðni leyfishafa að afturkalla áður útgefið leyfi samkvæmt 1. mgr., ef eigi er uppfyllt skilyrði e-liðar 1. mgr., án þess þó að leyfishafi glati réttindum samkvæmt d-lið þeirrar málsgreinar.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði V. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti, við kaup og sölu verðbréfa, jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

5. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi og haga varðveislu verðbréfa hans með tryggilegum hætti.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að markaðsverðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiðir slík nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð, en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð skv. 3. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun verðbréfamiðlara á verðbréf skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til hans fylgi ekki verðbréfinu.

6. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum er falið til sölu eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands.

7. gr.

Verðbréfamiðlurum og starfsmönnum þeirra er skylt að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og um persónulega hagi viðskiptamanna sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema þeim sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrskurði eða þeim sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni sínum fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína og skylt er að senda viðskiptavini skilagrein eftir ósk hans um þau viðskipti sem gerð hafa verið í hans þágu.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber verðbréfamiðlara að bæta allt það tjón er af því hlýst. Verðbréfamiðlara ber að varðveita verðbréf og aðra fjármuni viðskiptavina sinna í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst, enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á anmarkanum.

10. gr.

Verðbréfamiðlara er starfar samkvæmt þessum kafla er óheimilt að reka verðbréfasjóði eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldarviðurkenningar eða hlutdeildarskírteina. Honum er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum.

III. KAFLI

Verðbréfafyrirtæki.

11. gr.

Verðbréfafyrirtæki, sem sérstaklega er stofnað í samræmi við ákvæði laga þessara, getur fengið rekstrarleyfi viðskiptaráðherra og skal fyrirtækið geta leyfisins í firmanafni sínu eða með sérstöku einkenni sem ráðuneytið samþykkir.

Verðbréfafyrirtæki má ásamt verðbréfamiðlurum annast verðbréfamiðlun gegn þóknun og því skal einnig heimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi. Öðrum aðilum en verðbréfafyrirtækjum með fullgildu rekstrarleyfi er óheimilt að annast þá starfsemi er að framan greinir eða einkenna sig sem verðbréfafyrirtæki. Þetta raskar þó eigi rétti innlánsstofnana til að reka slíka starfsemi, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka og lög nr. 87/1985, um sparisjóði, enda sé um að ræða viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eða þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana. Að öðru leyti fer um verðbréfaviðskipti innlánsstofnana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Verðbréfafyrirtækjum er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 2. mgr.

Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

a. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 20 milljónir króna og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 20 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu bundnar lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.
b. Stjórnarmenn skulu vera a.m.k. fimm talsins og skulu þeir fullnægja skilyrðum a–c liða 3. gr. laga þessara. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.
c. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr.
d. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðendum.
e. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Umsókn um rekstrarleyfi skulu fylgja afrit af samþykktum félagsins og gögn er m.a. staðfesti fjárhæð innborgaðs hlutafjár. Jafnframt skulu fylgja umsókn upplýsingar um hvenær

fyrirhugað er að fyrirtækið hefji starfsemi sína. Áður en leyfi er veitt skal afla umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands um stofnun útibús.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er verðbréfafyrirtæki óheimilt að reka verðbréfasjóð eða verðbréfasjóði nema eigið fé þess nemi a.m.k 2% af höfuðstól verðbréfasjóðsins eða samanlögðum höfuðstól þeirra verðbréfasjóða sem verðbréfafyrirtækið rekur.

Verðbréfafyrirtæki má eigi taka að sér sölutryggingu verðbréfa fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

13. gr.

Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi samkvæmt 3. gr., er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er verðbréfafyrirtæki þó heimilt að kaupa fyrir eigin reikning eða selja úr eigu sinni verðbréf, enda hafi fyrirtækið formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki eða sölutryggjandi varðandi verðbréfin og hafi kunngert það fyrir fram viðskiptavinum sínum og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Ákvæði 4.–9. gr. laga þessara eiga einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við getur átt.

14. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem það býður varðandi ávöxtun fjár og skal þess gætt að í auglýsingum og annars konar kynningarstarfsemi komi fram réttar og nákvæmar upplýsingar. Verðlagsstofnun setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

15. gr.

Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Skal verðbréfafyrirtæki tilkynna markaðsútgáfu verðbréfa til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Verðbréfafyrirtæki er skylt að senda þeim viðskiptavinum, sem það tekur við fjármunum frá til ávöxtunar í verðbréfum á annan hátt en í almennum verðbréfasjóði, skilagreinar með reglubundnum hætti eða eftir beiðni þeirra þar sem fram kemur hver verðbréf eða aðra fjármuni viðskiptavinur hefur átt í vörslum þess við lok hvers tímabils, hvaða verðbréf hafi verið keypt eða seld í þágu hans á tímabilinu og á hvaða verði þau viðskipti hafi átt sér stað. Ársyfirlit fyrir næstliðið ár skal senda viðskiptavinum eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar.

17. gr.

Skylt er verðbréfafyrirtæki að kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hverja þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara þannig að unnt sé að endurmeta þau viðskipti sem verið hafa milli aðila.

Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

IV. KAFLI

Verðbréfasjóðir.

18. gr.

Verðbréfafyrirtæki getur rekið einn eða fleiri verðbréfasjóði, sbr. 6. mgr. 1. gr. Verðbréfasjóð má stofna sem sjálfstætt hlutafélag eða með öðru félagsformi og skal hver verðbréfasjóður hafa samþykktir og sérstaka stjórn. Verðbréfafyrirtæki kemur fram í eigin nafni fyrir hönd verðbréfasjóðs og tekur ákvarðanir varðandi sjóðinn í samræmi við rekstrarsamning skv. 3. mgr. Í löggerningum, sem varða sjóði í vörslu fyrirtækisins, er skylt að geta þess sjóðs sem verðbréfafyrirtækið kemur fram fyrir hverju sinni. Verðbréfasjóður getur eigi verið aðili að dómsmáli nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis sem sér um rekstur hans.

Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

a. Nafn sjóðs og nafn þess verðbréfafyrirtækis, sem rekur sjóðinn.
b. Hvort sjóðurinn starfar óskiptur eða í aðgreindum deildum.
c. Fjárfestingarstefna sjóðsins, þ.e. í hvaða tegundum verðbréfafjármunir sjóðsins verði ávaxtaðir og í hvaða hlutföllum áformað sé að fjárfesta í hverjum flokki miðað við heildarverðbréfaeign sjóðsins á hverjum tíma og hvaða lausafjárkvöð sjóðnum er sett.
d. Útgreiðsla arðs (vaxta), þ.e. hvort arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út eða honum bætt við höfuðstól hans.
e. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum og hvernig háttað skuli innlausn hlutdeildarskírteina.
f. Hvert sé reikningsár sjóðsins.
g. Hvernig háttað sé vali stjórnarmanna og endurskoðanda sjóðsins og hvert sé hlutverk stjórnar.
h. Hvort hægt sé að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skuli að breytingunum staðið.

Tilkynna skal stofnun verðbréfasjóðs til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem heldur sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði. Óheimilt er að hefja starfsemi verðbréfasjóðs nema bankaeftirlitið hafi staðfest samþykktir hans.

Verðbréfasjóður skal hafa samning við verðbréfafyrirtæki um rekstur sjóðsins. Skal rekstrarsamningur jafnan vera aðgengilegur viðskiptavinum sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal kveða á um þóknun verðbréfafyrirtækis fyrir hvers konar umsýslu með sjóðinn, kaup og varðveislu verðbréfa, innlausn hluta, kostnað við endurskoðun, auglýsingar o.s.frv. Einnig um það hvernig reikna skuli út þær greiðslur sem koma í hlut verðbréfafyrirtækisins fyrir sölu og innlausn á sjóðshlutum og hver sé hámarkssöluþóknun og hámarksfrádráttur frá ákvörðuðu sölu- eða innlausnarverði hvers hlutar í sjóðnum.

Stjórn verðbréfasjóðs getur ákveðið breytingu á samþykktum sjóðsins ef ekki er öðruvísi kveðið á í stofnsamþykktum hans. Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs taka eigi gildi nema bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi staðfest þær. Samþykktir verðbréfasjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar ef þær eru í samræmi við lög, enda séu þær í meginatriðum í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli

móti staðfestingunni. Skjóta má synjun bankaeftirlitsins til endanlegrar ákvörðunar ráðherra, en einnig má bera hana undir dómstóla með málshöfðun innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun bankaeftirlitsins var kunngerð stjórn sjóðsins.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði um hverja breytingu á samþykktum verðbréfasjóðs og jafnframt skal auglýsa hana opinberlega. Breyting á samþykktum verðbréfasjóðs tekur gildi þremur mánuðum eftir að breytingin hefur verið staðfest og tilkynnt til verðbréfasjóðaskrár nema bankaeftirlitið gefi önnur fyrirmæli þar að lútandi.

19. gr.

Í verðbréfasjóðaskrá, sem Seðlabanki Íslands heldur, skal skrá þá verðbréfasjóði sem fengið hafa staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á samþykktum sínum. Þar skal einnig skrá hvaða verðbréfafyrirtæki rekur verðbréfasjóð, svo og nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Þess skal gætt við skráningu að nöfn verðbréfasjóða séu eigi svo lík að valdið geti misskilningi viðskiptavina.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um staðfestingu á samþykktum verðbréfasjóðs eða breytingu á þeim og um nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Einnig skal þar taka fram nafn þess verðbréfafyrirtækis er rekur sjóðinn. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynningin hefur verið birt.

20. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfafyrirtæki fjármuni til ávöxtunar í verðbréfasjóði. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfall við eign sína og skírteinin eru staðfesting á tilkalli til skuldabréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart verðbréfasjóði.

Sala hlutdeildarskírteina fer fram hjá viðkomandi verðbréfafyrirtæki, en það getur einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, bönkum og sparisjóðum.

21. gr.

Í hlutdeildarskírteini skal eftirtalinna atriða m.a. getið:

a. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis, nafns verðbréfasjóðs og nafns verðbréfafyrirtækis.
b. Númers hlutdeildarskírteinis.
c. Hvernig sjóðshlutur verði innleystur og/eða hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
d. Hvar finna megi samþykktir verðbréfasjóðs, ársfjórðungsskýrslur og aðrar skýrslur um starfsemina.
e. Nafns og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar hjá því verðbréfafyrirtæki er annast rekstur verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

22. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal færa skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði. Í skránni skal m.a. koma fram:

a. Nafn eiganda og kennitala.
b. Númer skírteinis og söludagur þess.
c. Nafnverð skírteina.
d. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Eigendaskipti að hlutdeildarskírteinum, sem eigandi tilkynnir um til verðbréfafyrirtækis og aðrar þær upplýsingar sem því berast varðandi eignarhald að skírteinum, skulu færð inn á skrána ásamt því að heimild tilkynningar er skráð.

Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera nafnaskrá ásamt upplýsingum um atkvæðafjölda þar sem fram komi nöfn allra eigenda sem lýsa áhuga á að taka þátt í kosningunni. Öllum eigendum, sem áhuga hafa, er heimilt að fá afrit af þessari skrá gegn greiðslu ljósritunarkostnaðar eigi síðar en þremur vikum fyrir kjörfund.

23. gr.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum sjóðsins við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina.

24. gr.

Eignum verðbréfasjóðs skal halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis sem rekur sjóðinn. Eignir hans verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis, sbr. þó kröfur vegna lánveitinga til innlausnar á bréfum og öðrum eignum sjóðsins skv. 27. gr. Eigendur hlutdeildarskírteina verða eigi gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum.

25. gr.

Verðbréf verðbréfasjóða er skylt að varðveita í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

26. gr.

Verðbréfafyrirtæki má eigi hafa viðskipti við verðbréfasjóð í umsjón þess með því móti að starfsmenn fyrirtækisins, eigendur eða stjórnarmenn selji sjóðnum verðbréf eða kaupi af honum önnur verðbréf en hlutdeildarskírteini sjóðsins sjálfs. Sama gildir um nána venslamenn þeirra ef ætla má að viljaafstaða þess, sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðsins mótist af venslunum. Undantekningu má þó gera með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfaþingi Íslands, enda sé þar ekki á neinn hátt um óvenjuleg viðskipti að ræða og þau séu samþykkt af stjórn sjóðsins og bókuð í gerðabók hennar.

27. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að taka önnur lán í nafni verðbréfasjóðs en skammtímalán til að innleysa bréf eða eignir sjóðsins. Slík lán mega þó eigi fara upp fyrir 20% af eignum sjóðsins. Óheimilt er að veita peningalán úr verðbréfasjóði eða láta hann ganga í ábyrgðir fyrir aðra.

28. gr.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs í bréfum útgefnum af einum skuldara (skuldabréf eða aðrar viðskiptakröfur) eða í hlutabréfum eins fyrirtækis. Þetta gildir þó eigi ef um er að ræða verðbréf með ríkisábyrgð, ábyrgð innlánsstofnana eða önnur verðbréf sem teljast sambærilega örugg og verslað er með á Verðbréfaþingi Íslands, svo og meðan heildareign sjóðsins hefur eigi náð 5 milljónum króna. Meðan heildareign verðbréfasjóðs er innan við 5 milljónir króna skulu þó skuldabréf útgefin af einum skuldara, önnur en verðbréf með ríkisábyrgð, ekki nema meira en 33% heildarverðbréfaeignar verðbréfasjóðsins.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eigum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans í verðbréfasjóðum sem reknir eru af öðrum verðbréfafyrirtækjum.

Verðbréfasjóður má ekki eiga meira en 10% hlutabréfa í einu félagi.

Eigi má fjárfesta eigur verðbréfasjóðs í fasteignum. Verðbréfafyritæki fyrir hönd verðbréfasjóðs er þó heimilt að yfirtaka fasteignir til að tryggja fullnustu kröfu er sjóður kann að eiga. Fasteignirnar skulu þó seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati sjóðsstjórnar og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku fasteignarinnar. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að draga sölu fasteigna lengur en í 18 mánuði enda sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu fasteigna skal tilkynna bankaeftrliti Seðlabanka Íslands sem getur þá krafist sölu á fasteignum innan viðeigandi tímafrests.

29. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að verðbréfasjóðir í umsjá þess hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að geta innt af hendi greiðsluskuldbindingar sínar. Þó skal laust fé aldrei nema lægra en 2% af innlausnarverðmæti verðbréfa í sjóðnum á hverjum tíma en ráðherra er þó heimilt, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, að hækka þetta mark ef nauðsyn krefur, þó aldrei meira en í 5%. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í bönkum, ríkisvíxla eða önnur verðbréf sem öruggur kaupandi er að innan 30 daga. Einnig skal telja að ⅔ hlutum væntanlegar afborganir og arð af verðbréfum sem sjóðurinn fær á sama tíma.

Heimilt er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

30. gr.

Seðlabanki Íslands skal láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum.

Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá innlánsstofnunum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.

V. KAFLI

Ársreikningar og endurskoðun.

31. gr.

Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.

32. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

33. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

34. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda, þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skal liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

VI. KAFLI

Eftirlit.

35. gr.

Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og/eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.

Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.

36. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

38. gr.

Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

39. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

40. gr.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara ber þeim sem telur til eignar eða annars réttar yfir markaðsverðbréfi, sem fullnægir ekki ákvæðum 5. mgr. 1. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík verðbréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.
2. Verðbréfamiðlurum, sem hlotið hafa réttindi samkvæmt lögum nr. 27/1986, ber að tilkynna útgáfu markaðsverðbréfa skv. 5. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr. laga þessara, sem átt hefur sér stað með milligöngu þeirra fyrir 1. janúar 1989 á þann hátt sem fyrir er lagt í 14. gr.

3. Þeir sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun skv. lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði skulu uppfylla ákvæði laga þessara eigi síðar en 1. mars 1989. Bankaeftirliti Seðlabankans er þó heimilt að veita lengri frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur verður þó aldrei veittur lengur en til 1. júní 1989.

   Þeir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 27/1986 við gildistöku laga þessara skal eigi skylt að sækja námskeið skv. d-lið, 3. gr.
4. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu þótt þau fullnægi ekki ákvæðum 21. gr. laganna.

Sþ. 517. Fyrirspurn [285. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvaða svæði landsins ná ekki Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu?
2. Hvaða sveitabæir ná alls ekki sjónvarpinu?
3. Er þess að vænta að ráðherra láti þessi mál til sín taka?

Sþ. 518. Fyrirspurn [286. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hversu háum fjárhæðum hefur verðjöfnunargjald á mjólk (sbr. lög nr. 95 11. des. 1981 og lög nr. 46/1985) numið á hverju áranna 1982–1988 á verðlagi ársins 1988?
2. Hversu háar fjárhæðir hafa einstök mjólkurbú og mjólkurvinnslustöðvar fengið af verðjöfnunargjaldi á hverju áranna 1982–1988 á verðlagi ársins 1988:
   a. heildarupphæðir í krónum,
   b. í krónum á hvern mjólkurlítra?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 519. Frumvarp til laga [287. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við síðustu málsgrein 36. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

Lyfjaverslun ríkisins er þó heimilt að selja bóluefni til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, með síðari breytingum, svo og flúortöflur og flúorupplausnir til tannverndar, til lækna (tannlækna), heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um nokkurt skeið hefur Lyfjaverslun ríkisins annast milliliðalaust sölu bóluefnis til ónæmisaðgerða til lækna, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, enda ber stofnuninni að annast útvegun þessa bóluefnis í samræmi við 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Þótt þessi framkvæmd hafi viðgengist á undanförnum árum verður ekki séð að lög um lyfjadreifingu heimili Lyfjaverslun ríkisins þessa milliliðalausu sölu. Hins vegar er það skoðun ráðuneytis, Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis að nauðsynlegt sé að hafa þennan hátt á varðandi bóluefni því Lyfjaverslun ríkisins ber ein þessa skyldu og nauðsynlegt er að afgreiðsla geti gengið fljótt fyrir sig.

Almenna reglan er sú að öll sala lyfja fari fram á vegum lyfsala, þ.e. apóteka og annarra aðila, sem hafa leyfi til lyfjasölu.

Hvað snertir flúor til tannverndar er rétt að það komi fram að ætlast er til að flúortöflum og flúorupplausnum verði dreift ókeypis til barna og ungmenna á skólaskyldualdri. Hér er um að ræða forvarnarstarf sem skipulagt hefur verið af hálfu ráðuneytisins á vegum sérstakrar tannheilsudeildar í samvinnu við heilsugæslustöðvar og hefur skilað nokkrum árangri á undanförnum missirum. Til þess að hlúa enn frekar að þessari starfsemi telur ráðuneytið eðlilegt að Lyfjaverslun ríkisins verði heimilað að selja flúor til tannverndar til lækna, tannlækna og heilsugæslustöðva. Þetta ætti að spara tíma, fé og fyrirhöfn.

Með skírskotun til ofanritaðs telur ráðuneytið nauðsynlegt að lögum um lyfjadreifingu verði breytt þannig að sú framkvæmd sem viðgengist hefur á undanförnum árum verði lögfest, enda er hér um undantekningu að ræða frá þeirri meginreglu, sem áður hefur verið lýst, og ekki er heimilt að víkja frá samkvæmt öðrum ákvæðum laga um lyfjadreifingu.

Sþ. 520. Fyrirspurn [288. mál]

til landbúnaðarráðherra um Tryggingasjóð fiskeldislána.

Frá Halldóri Blöndal og Agli Jónssyni.

1. Hvenær var stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána fullskipuð?
2. Hvað líður vinnu við reglugerð um Tryggingasjóð fiskeldislána?

Sþ. 521. Fyrirspurn [289. mál]

til menntamálaráðherra um þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta í sjónvarpi.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve löngum tíma er á degi hverjum varið til útsendingar táknmálsfrétta?
2. Hefur sá tími breyst frá upphafi þessara útsendinga og ef svo er, í hverju eru þær breytingar fólgnar frá ári til árs?
3. Er í ráði að tengja táknmálsfréttir aftur almennum fréttatíma sjónvarps?

Sþ. 522. Fyrirspurn [290. mál]

til menntamálaráðherra um skólabúðir í Reykjaskóla.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve margir nemendur dvöldust í skólabúðum í Reykjaskóla síðastliðið ár?
2. Úr hve mörgum skólum voru nemendur og hvernig skiptast þeir á skólaumdæmi?
3. Hver var kostnaður á hvern nemanda?
4. Þurftu nemendur að greiða hluta kostnaðar sjálfir og ef svo er, hve mikið?
5. Var hægt að sinna öllum umsóknum?

Sþ. 523. Frumvarp til fjáraukalaga [291. mál]

fyrir árið 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

A-hluti
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Breyting á 1. gr. fjárlaga.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Rekstrarreikningur			
Tekjur	5.927.736	43.029.220	48.956.956
Gjöld	7.051.217	45.872.407	52.923.624
Gjöld umfram tekjur	1.123.481	2.843.187	3.966.668
Lánahreyfingar			
Afborganir			
Afborgun af teknum lánum	1.125.547	3.410.000	4.535.547
– innheimtar afborganir	<929.707>	<1.980.000>	<2.909.707>
Veitt lán	303.786	1.420.000	1.723.786
Hluta- og stofnfjárframlög	713.004	80.000	793.004
Viðskiptareikningar	496.117	300.000	796.117
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	2.832.228	6.073.187	8.905.415
Lántökur:			
Innlendar	1.258.468	4.450.000	5.708.468
Erlendar	455.500	1.700.000	2.155.500
Greiðslujöfnuður (halli)	<1.118.260>	76.813	<1.041.447>

Breyting á 2. gr. fjárlaga.
Gjöld:
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841	366.267	512.108
01 Forsætisráðuneyti	29.342	166.636	195.978
02 Menntamálaráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354
03 Utanríkisráðuneyti	171.076	495.298	666.374
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116	1.167.862	1.215.978
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646	2.337.080	2.716.726
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314	18.905.100	20.859.414
09 Fjármálaráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899
10 Samgönguráðuneyti	159.036	3.486.382	3.645.418
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560	1.120.749	1.858.309
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072	1.165.342	1.650.414
13 Hagstofa Íslands	5.164	50.698	55.862
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367	3.657.236	4.330.603
Samtals ráðuneyti	7.051.217	45.872.418	52.923.635

Breyting á 3. gr. fjárlaga.
Tekjur:
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
BEINIR SKATTAR	**-522.856**	**6.626.000**	**6.103.144**
Eignarskattar	**115.861**	**1.271.000**	**1.386.861**
Eignarskattur, einstaklingar	1.532	580.000	581.532
Eignarskattsauki, einstaklingar	-4.362	61.000	56.638
Eignarskattur, félög	48.687	320.000	368.687
Eignarskattsauki, félög	10.325	85.000	95.325
Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	-1.111	165.000	163.889
Erfðafjárskattur	60.790	60.000	120.790
Tekjuskattar, nettó	**-638.717**	**5.355.000**	**4.716.283**
Tekjuskattur, einstaklingar	-497.935	3.650.000	3.152.065
Tekjuskattur, félög	-143.844	1.200.000	1.056.156
Sjúkratryggingagjald	-8.372	365.000	356.628
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	11.434	140.000	151.434

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
ÓBEINIR SKATTAR	**6.171.481**	**33.748.720**	**39.920.201**
Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn	**451.520**	**2.890.500**	**3.342.020**
Aðflutningsgjöld alls	451.520	2.890.500	3.342.020
Ýmis gjöld af innflutningi	**937.294**	**2.373.500**	**3.310.794**
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	606.125	245.000	851.125
Innflutningsgjald af bensíni	153.205	1.450.000	1.603.205
Gúmmígjald	479	–	479
Jöfnunargjald	88.881	315.000	403.881
Jöfnunarálag á hús og húshluti	3.438	13.500	16.938
Tollafgreiðslugjald	44.764	155.000	199.764
Gjald af gas- og brennsluolíum	-16	–	-16
Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	-53.520	170.000	116.480
Fóðurgjald, sérstakt grunngjald	67.118	–	67.118
Kartöflugjald	38.697	–	38.697
Hagnaður af sölu varnarliðseigna	-11.877	25.000	13.123
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	**229.758**	**303.000**	**532.758**
Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	36.336	205.000	241.336
Leyfisgjald	44.951	98.000	142.951
Lántökugjald af erlendum lánum	148.471	–	148.471
Skattar af framleiðslu og innflutningi	**452.547**	**2.308.000**	**2.760.547**
Vörugjald	451.636	2.263.000	2.714.636
Framleiðslugjald af áli	911	45.000	45.911
Söluskattur	**2.541.624**	**17.430.000**	**19.971.624**
Söluskattur alls	2.541.624	18.250.000	20.791.624
Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	–	-820.000	-820.000
Skattar af orku	**7.188**	**37.000**	**44.188**
Rafmagnseftirlitsgjald	7.188	37.000	44.188
Skattar af einkasöluvörum	**552.633**	**2.651.500**	**3.204.133**
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	550.000	2.650.000	3.200.000
Gjald af einkasöluvörum	2.633	1.500	4.133
Sérstakir skattar af þjónustu	**32.547**	**166.500**	**199.047**
Skemmtanaskattur	3.433	43.000	46.433
Miðagjald	145	6.500	6.645
Flugvallaskattur	28.969	117.000	145.969
Aðrir skattar af veittri þjónustu	**105.050**	**343.420**	**448.470**
Aukatekjur, almennar	18.924	170.000	188.924
Prófgjöld	-793	4.400	3.607
Skoðunargjald ökutækja	23.327	69.000	92.327
Skráningargjald ökutækja	63.022	94.000	157.022
Sérleyfisgjald	-2.935	3.000	65
Samúðarskeyti Landssímans	3.524	3.000	6.524
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	-19	20	1

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Skattar af launagreiðslum	**252.923**	**3.290.000**	**3.542.923**
Launaskattur	283.508	1.700.000	1.983.508
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	-53.403	1.250.000	1.196.597
Slysatryggingagjald	36.472	185.000	221.472
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	-13.654	155.000	141.346
Aðrir óbeinir skattar	**608.397**	**1.955.300**	**2.563.697**
Þinglýsingar	-427	21.000	20.573
Stimpilgjald	287.543	970.000	1.257.543
Þungaskattur af dísilbifreiðum skv. ökumælum	-1.338	540.000	538.662
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	-13.457	160.000	146.543
Bifreiðagjald	201.499	-	201.499
Lestagjald	-30	100	70
Vitagjald	4.317	17.500	21.817
Skipaskoðunargjald	-2.369	9.200	6.831
Skipulagsgjald	10.273	30.000	40.273
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	12	-	12
Áhættugjald ríkisábyrgða	3.158	45.000	48.158
Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	7.862	22.500	30.362
ICAO-tekjur	83.476	140.000	223.476
Innheimtugjald vegna uppboða	3.873	-	3.873
Ábyrgðargjald, lög nr. 68/1987	24.005	-	24.005
FJÁRMUNATEKJUR	**156.707**	**2.594.500**	**2.751.207**
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	**212.804**	**2.225.000**	**2.437.804**
Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	255.755	800.000	1.055.755
Vaxtatekjur af langtímalánum	-42.951	1.425.000	1.382.049
Arðgreiðslur	**-56.097**	**369.500**	**313.403**
Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta			
Afgjöld ríkisjarða	1.172	4.500	5.672
Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	20.000	145.000	165.000
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-33.000	38.000	5.000
Lyfjaverslun ríkisins	-	12.000	12.000
Sameignir ríkisins	21.242	15.000	36.242
Arður af hlutabréfum	-3.488	5.000	1.512
Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	-62.023	150.000	87.977
AÐRAR TEKJUR	**122.404**	**60.000**	**182.404**
Sala eigna	**67.639**	**-**	**67.639**
Ýmsar tekjur	**54.765**	**60.000**	**114.765**
Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	51.473	50.000	101.473
Óvissar tekjur	3.292	10.000	13.292
Ríkissjóðstekjur samtals	**5.927.736**	**43.029.220**	**48.956.956**

Breyting á 4. gr. fjárlaga.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00	**ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS**			
101	Embætti forseta Íslands	32.773	23.383	56.156
201	Alþingi	91.340	251.556	342.896
202	Ríkisendurskoðun	10.313	46.874	57.187
301	Ríkisstjórn	7.662	29.209	36.871
401	Hæstiréttur	3.753	15.245	18.998
	Samtals ráðuneyti	145.841	366.267	512.108

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
01	**FORSÆTISRÁÐUNEYTI**			
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	16.634	51.630	68.264
102	Þjóðhagsstofnun	4.457	20.969	25.426
103	Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar	4.335	–	4.335
171	Byggðastofnun, framlag	890	80.000	80.890
	Samtals málefnaflokkur	26.316	152.599	178.915
901	Húsameistari ríkisins	1.109	787	1.896
902	Þjóðgarður á Þingvöllum og Þingvallanefnd	1.917	13.250	15.167
	Samtals málefnaflokkur	3.025	14.038	17.063
	Samtals ráðuneyti	29.342	166.636	195.978

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
02	**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	26.126	85.452	111.578
	Samtals málefnaflokkur	26.126	85.452	111.578
201	Háskóli Íslands	56.948	655.352	712.300
202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum	8.053	25.020	33.073
203	Raunvísindastofnun Háskólans	9.743	64.900	74.643
205	Stofnun Árna Magnússonar	306	22.070	22.376
206	Orðabók Háskólans	747	7.895	8.642
207	Íslensk málstöð	459	4.602	5.061
208	Örnefnastofnun	294	2.276	2.570
210	Háskóli á Akureyri	5.574	5.291	10.865
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	3.194	15.323	18.517
232	Rannsóknaráð ríkisins	459	13.713	14.172
233	Rannsóknasjóður	–1.800	60.000	58.200
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	7.860	22.500	30.360
	Samtals málefnaflokkur	91.837	898.942	990.779

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301 Menntaskólinn í Reykjavík	8.956	63.201	72.157
302 Menntaskólinn á Akureyri	6.297	62.854	69.151
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	1.356	22.629	23.985
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	20.147	84.944	105.091
305 Menntaskólinn við Sund	6.063	64.563	70.626
306 Menntaskólinn á Ísafirði	4.911	27.386	32.297
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.797	36.482	43.279
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1.469	35.816	37.285
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	-160	-	-160
319 Framhaldsskólar, almennt	4.593	26.806	31.399
321 Kennaraháskóli Íslands	10.342	116.638	126.980
322 Æfinga- og tilraunaskóli K.Í.	5.355	28.033	33.388
323 Rannsóknastofnun uppeldismála	72	2.846	2.918
331 Íþróttakennaraskóli Íslands	3.700	20.618	24.318
336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	153	550	703
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	32.724	155.458	188.182
352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	5.460	38.119	43.579
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5.971	48.173	54.144
354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi	5.780	50.937	56.717
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	3.723	24.952	28.675
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	2.546	37.611	40.157
357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi	7.579	57.481	65.060
358 Verkmenntaskóli Austurlands	-1.641	19.391	17.750
359 Verkmenntaskóli á Akureyri	8.738	82.956	91.694
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	6.325	32.493	38.818
361 Fjölbrautarskóli A-Skaftafellssýslu	-750	2.000	1.250
362 Fjölbrautaskólinn á Húsavík	-350	1.500	1.150
Samtals málefnaflokkur	156.156	1.144.437	1.300.593
422 Námsgagnastofnun	4.711	100.643	105.354
423 Námsstjórn og þróunarverkefni	659	19.103	19.762
431 Iðnfræðsluráð	1.058	10.651	11.709
Samtals málefnaflokkur	6.428	130.397	136.825
501 Tækniskóli Íslands	19.698	71.208	90.906
506 Vélskóli Íslands	3.743	31.835	35.578
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3.165	17.019	20.184
514 Iðnskólinn í Reykjavík	31.283	115.320	146.603
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur	8.268	33.432	41.700
516 Iðnnám, almennt	-5.900	7.900	2.000
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	4.274	12.603	16.877
518 Fiskvinnsluskólinn	6.245	36.861	43.106
521 Hússtjórnarskóli Íslands	1.979	1.618	3.597
522 Nýi hjúkrunarskólinn	707	6.642	7.349
523 Fósturskóli Íslands	2.535	18.121	20.656
553 Hússtjórnarskólar	2.624	14.887	17.511
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	14.030	19.661	33.691
562 Leiklistarskóli Íslands	5.013	13.107	18.120
563 Tónlistarfræðsla	12.558	138.225	150.783
571 Sjómannaskólahúsið	823	13.515	14.338
580 Samvinnuskólinn	1.126	17.472	18.598
581 Verslunarskóli Íslands	5.596	79.082	84.678
Samtals málefnaflokkur	117.767	648.508	766.275

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
931	Náttúruverndarráð	7.212	16.944	24.156
973	Þjóðleikhús	9.843	117.068	126.911
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	4.201	39.369	43.570
975	Vísindasjóður	700	2.000	2.700
976	Menningarsjóður, framlag	1.446	7.900	9.346
977	Þjóðarbókhlaða	29.019	45.000	74.019
980	Listskreytingasjóður	96	4.000	4.096
981	Kvikmyndasjóður	7.260	55.000	62.260
982	Listir, framlög	21.645	87.538	109.183
983	Vísindaleg starfsemi, styrkir	–	1.105	1.105
984	Norræn samvinna	93	9.759	9.852
985	Félagsheimilasjóður	7.674	12.000	19.674
986	Íþróttasjóður	3.146	39.811	42.957
987	Nesstofa	–20	550	530
988	Æskulýðsmál	450	14.298	14.748
989	Ýmis íþróttamál	2.114	37.798	39.912
991	Húsfriðun	342	11.904	12.246
999	Ýmislegt	6.656	23.663	30.319
	Samtals málefnaflokkur	137.466	671.582	809.048
	Samtals ráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
03	**UTANRÍKISRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	86.932	83.445	170.377
102	Varnarmálaskrifstofa	2.897	18.340	21.237
	Samtals málefnaflokkur	89.829	101.785	191.614
201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	61.618	101.799	163.417
	Samtals málefnaflokkur	61.618	101.799	163.417
301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	1.484	12.843	14.327
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3.591	15.772	19.363
303	Sendiráð Íslands í London	2.572	14.681	17.253
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	1.430	14.479	15.909
305	Sendiráð Íslands í Ósló	2.215	11.403	13.618
306	Sendiráð Íslands í París, fastanefnd hjá OECD og UNESCO	2.403	16.631	19.034
308	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.569	11.208	12.777
308	Sendiráð Íslands í Washington	–201	18.709	18.508
309	Fastanefnd Íslands hjá SÞ og aðalræðismaður Íslands í New York	1.282	23.412	24.694
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	954	8.741	9.695
311	Fastanefnd Íslands hjá N-Atlantshafsbandalaginu	1.093	16.381	17.474
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.963	17.596	20.559
313	Sendiráð, almennt	–	–	–
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	–	30.000	30.000
399	Ýmis utanríkismál	2.038	9.451	11.489
	Samtals málefnaflokkur	23.393	221.307	244.700
401	Alþjóðastofnanir	–3.764	70.407	66.643
	Samtals málefnaflokkur	–3.764	70.407	66.643
	Samtals ráðuneyti	171.076	495.298	666.374

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
601	Héraðsskólinn Reykholti	1.328	20.900	22.228
602	Héraðsskólinn Núpi	771	12.322	13.093
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	499	9.257	9.756
604	Héraðsskólinn Reykjum	619	10.654	11.273
605	Alþýðuskólinn Eiðum	2.148	17.889	20.037
606	Héraðsskólinn Skógum	1.330	11.965	13.295
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	2.552	6.720	9.272
609	Héraðsskólinn Laugum	1.263	16.649	17.912
610	Héraðsskólar, almennt	–	–	–
621	Skálholtsskóli	373	5.300	5.673
	Samtals málefnaflokkur	10.883	111.656	122.539
700	Grunnskólar, Reykjavík	109.938	626.145	736.083
701	Grunnskólar, Reykjanesi	82.568	479.499	562.067
703	Grunnskólar, Vesturlandi	31.065	200.040	231.105
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	14.039	130.893	144.932
705	Grunnskólar, Norðulandi vestra	26.812	151.938	178.750
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	45.251	304.424	349.675
707	Grunnskólar, Austurlandi	25.281	163.918	189.199
708	Grunnskólar, Suðurlandi	36.472	251.355	287.827
720	Grunnskólar, almennt	4.549	72.849	77.398
730	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	16.760	209.205	225.965
751	Skólar fyrir þroskaheft börn	573	–356	217
752	Öskjuhlíðarskóli	5.771	53.155	58.926
753	Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási	1.144	7.177	8.321
754	Safamýrarskóli, þjálfunarskóli	3.655	24.824	28.479
755	Þjálfunarskóli ríkisins Geðdeild við Dalbraut	997	7.723	8.720
756	Þjálfunarskóli ríkisins Kópavogshæli	1.767	17.160	18.927
757	Þjálfunarskóli ríkisins Tjaldanesi	452	1.472	1.924
758	Þjálfunarskóli ríkisins Akureyri	1.316	11.234	12.550
759	Þjálfunarskóli ríkisins Sólheimum Grímsnesi	383	1.856	2.239
760	Dagvist þroskaheftra forskólabarna	836	19.981	20.817
761	Sameiginleg þjónusta þroskaheftra	–1.767	20.917	19.150
799	Heyrnleysingjaskólinn	3.709	32.679	36.388
	Samtals málefnaflokkur	411.571	2.788.088	3.199.659
802	Vernd barna og unglinga	4.711	3.012	7.723
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður	–4.450	43.195	38.745
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	196	–	196
806	Barnaverndarráð	1.161	5.957	7.118
871	Unglingaheimili ríkisins	–	7.070	7.070
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	–841	928.000	927.159
881	Náms- og fræðimenn, framlög	284	14.852	15.136
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	–392	1.447	1.055
884	Jöfnun á námskostnaði	–253	25.000	24.747
885	Fullorðinsfræðsla	–325	1.434	1.109
	Samtals málefnaflokkur	91	1.029.967	1.030.058
901	Landsbókasafn Íslands	2.481	21.155	23.636
902	Þjóðminjasafn Íslands	5.360	24.822	30.182
903	Þjóðskjalasafn Íslands	7.230	18.408	25.638
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	282	3.627	3.909
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	199	1.566	1.765
906	Listasafn Einars Jónssonar	–398	2.914	2.516
907	Listasafn Íslands	20.200	60.677	80.877
908	Kvikmyndasafn Íslands	–892	2.713	1.821
909	Blindrabókasafn Íslands	1.127	9.993	11.120

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
04	**LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	11.340	22.078	33.418
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	2.586	10.786	13.372
172	Jarðasjóður	-448	4.000	3.552
	Samtals málefnaflokkur	13.478	36.864	50.342
201	Búnaðarfélag Íslands	3.237	50.437	53.674
205	Veiðistjóri	4.290	6.993	11.283
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	5.606	82.093	87.699
221	Áburðarverksmiðja ríkisins	-	120.000	120.000
231	Skógrækt ríkisins	11.213	49.420	60.633
235	Landgræðsla ríkisins	2.315	68.277	70.592
242	Mat á landbúnaðarafurðum	-169	3.447	3.278
243	Sauðfjárveikivarnir	20.876	32.398	53.274
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	857	4.522	5.379
246	Veiðimálastofnunin	5.269	24.071	29.340
247	Yfirdýralæknir	2.055	33.564	35.619
270	Landgræðslu- og landverndaráætlun	-	16.833	16.833
271	Landgræðslusjóður	-	2.000	2.000
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	3.707	905	4.612
278	Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	22.200	22.200
288	Jarðræktarlög, framlög	36.014	154.043	190.057
289	Jöfnunargjald	15.143	18.200	33.343
290	Uppbætur á útflutningi landbúnaðarafurða	177.944	800.000	977.944
291	Búfjárrækt, framlög samkvæmt lögum nr. 31/1973	40.289	24.956	65.245
299	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	2	6.367	6.369
	Samtals málefnaflokkur	328.648	1.520.726	1.849.374
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	3.565	49.672	53.237
502	Bændaskólinn á Hólum	1.871	33.277	35.148
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	1.337	24.617	25.954
	Samtals málefnaflokkur	6.773	107.566	114.339
	Samtals ráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
05	**SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	3.035	32.179	35.214
	Samtals málefnaflokkur	3.035	32.179	35.214
201	Fiskifélag Íslands	1.997	31.127	33.124
202	Hafrannsóknastofnun	18.880	205.648	224.528
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.868	38.368	40.236
216	Ríkismat sjávarafurða	9.721	52.086	61.807
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	-1	3.631	3.630
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	762	5.437	6.199
280	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	0	700.000	700.000
290	Veiðieftirlit	1.980	24.545	26.525
298	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir	-1	6.128	6.127
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	8.288	31.133	39.421
	Samtals málefnaflokkur	43.494	1.098.103	1.141.597
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	1.586	37.581	39.167
	Samtals málefnaflokkur	1.586	37.581	39.167
	Samtals ráðuneyti	48.115	1.167.863	1.215.978

	Aukafjárveiting 198	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	15.100	33.964	49.064
102 Stjórnartíðindi	-322	7.817	7.495
103 Kosningar	12.063	-	12.063
Samtals málefnaflokkur	26.841	41.781	68.622
201 Hæstiréttur	3.239	12.004	15.243
202 Ríkissaksóknari	1.775	20.818	22.593
203 Borgardómarinn í Reykjavík	3.509	30.016	33.525
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	3.400	41.623	45.023
205 Sakadómur Reykjavíkur	3.770	30.316	34.086
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	56.646	387.103	443.749
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	7.286	85.044	92.330
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-1.478	22.710	21.232
212 Bæjarfógeti Akranesi	7.538	26.359	33.897
213 Sýslumaður Borgarnesi	7.636	22.218	29.854
214 Sýslumaður Stykkishólmi	6.172	29.928	36.100
215 Sýslumaður Búðardal	692	9.240	9.932
216 Sýslumaður Patreksfirði	3.128	18.449	21.577
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	3.037	7.716	10.753
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	6.295	35.119	41.414
219 Sýslumaður Hólmavík	1.588	5.836	7.424
221 Sýslumaður Blönduósi	6.875	21.108	27.983
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	6.563	26.019	32.582
223 Bæjarfógeti Siglufirði	3.307	19.302	22.609
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	2.118	7.611	9.729
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	12.722	82.300	95.022
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	12.457	48.317	60.774
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	5.610	17.835	23.445
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	2.091	9.022	11.113
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	-995	32.243	31.248
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	2.145	12.506	14.651
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	590	9.767	10.357
232 Sýslumaður Hvolsvelli	2.810	15.815	18.625
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	11.713	38.661	50.374
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	19.493	66.623	86.116
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	13.889	92.058	105.947
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	52.815	104.701	157.516
237 Bæjarfógeti Kópavogi	18.035	63.906	81.941
238 Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	426	5.345	5.771
241 Hegningarhúsið í Reykjavík	1.152	21.886	23.038
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	10.601	66.881	77.482
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	968	11.902	12.870
244 Fangelsið, Síðumúla 28	2.608	17.027	19.635
247 Skilorðseftirlit ríkisins	488	3.127	3.615
251 Landhelgisgæsla Íslands	23.229	305.185	328.414
252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	-17.599	103.907	86.308
253 Almannavarnir ríkisins	225	12.128	12.353
255 Umferðarráð	558	9.085	9.643
262 Löggildingarstofan	455	2.207	2.662
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	24.368	27.114	51.482
282 Ýmis löggæslukostnaður	1.720	29.598	31.318
283 Fangamál, ýmis kostnaður	2.637	7.064	9.701
284 Áfengis- og fíkniefnamál	485	1.256	1.741
Samtals málefnaflokkur	338.792	2.076.005	2.414.797

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301	Biskup Íslands	2.141	11.884	14.025
302	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	2.080	6.848	8.928
303	Prestaköll og prófastsdæmi	8.138	165.167	173.305
304	Ýmis kirkjuleg málefni	-1.422	22.406	20.984
371	Kirkjubyggingarsjóður	–	3.246	3.246
373	Kristnisjóður	3.077	9.742	12.819
	Samtals málefnaflokkur	14.014	219.293	233.307
	Samtals ráðuneyti	379.647	2.337.079	2.716.726

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	8.174	30.434	38.608
	Samtals málefnaflokkur	8.174	30.434	38.608
271	Byggingarsjóður ríkisins	17	1.000.000	1.000.017
272	Byggingarsjóður verkamanna	200	300.000	300.200
	Samtals málefnaflokkur	217	1.300.000	1.300.217
301	Skipulagsstjóri ríkisins	8.423	25.526	33.949
302	Ríkissáttasemjari	1.205	9.336	10.541
399	Vatnsveitur	–	18.000	18.000
	Samtals málefnaflokkur	9.628	52.862	62.490
700	Málefni fatlaðra	-2.322	54.515	52.193
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	11.250	103.755	115.005
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.840	39.880	44.720
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.053	14.919	15.972
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	2.078	19.311	21.389
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1.937	11.405	13.342
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	11.864	99.452	111.316
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	4.221	25.808	30.029
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	6.540	20.090	26.630
710	Heimili fyrir einhverf börn Trönuhólum 1	1.068	14.611	15.679
719	Vistheimilið Tjaldanesi	–	22.640	22.640
720	Vistheimilið Skálatúni	5.820	55.626	61.446
722	Sólheimar, Grímsnesi	6.164	36.518	42.682
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.077	20.071	22.148
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-7.565	130.000	122.435
	Samtals málefnaflokkur	49.025	668.601	717.626
951	Brunamálastofnun ríkisins	-233	250	17
953	Jafnréttisráð	336	3.792	4.128
954	Vinnueftirlit ríkisins	282	1.625	1.907
971	Erfðafjársjóður	–	0–	0–
972	Bjargráðasjóður Íslands	–	4.700	4.700
981	Vinnumál	311	23.051	23.362
982	Ríkisábyrð á launum vegna gjaldþrota	17.480	10.000	27.480
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	680	62.928	63.608
	Samtals málefnaflokkur	18.856	106.346	125.202
	Samtals ráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
08	**HEILBRIGÐIS- OG TYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	11.355	34.798	46.153
	Samtals málefnaflokkur	11.355	34.798	46.153
271	Tryggingastofnun ríkisins	960.970	10.935.480	11.896.450
273	Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.316	465.000	463.684
274	Eftirlaunasjóður aldraðra	-2.247	59.977	57.730
276	Tannverndarsjóður	-	-	-
	Samtals málefnaflokkur	957.407	11.460.457	12.417.864
301	Landlæknir	3.395	12.622	16.017
323	Tryggingaeftirlitið	-873	220	-653
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2.250	32.770	35.020
325	Hollustuvernd ríkisins	7.282	28.205	35.487
326	Sjónstöð Íslands	1.099	8.392	9.491
327	Geislavarnir ríkisins	744	4.573	5.317
340	Málefni fatlaðra	-1.136	20.640	19.504
350	Sjúkrahúsið Akranesi	17.772	203.486	221.258
352	Sjúkrahúsið Patreksfirði	5.496	38.750	44.246
353	Fjórðungsjúkrahúsið Ísafirði	13.407	68.430	81.837
355	Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi	5.492	61.952	67.444
356	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	11.239	127.351	138.590
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	5.319	62.159	67.478
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	57.950	527.955	585.905
359	Sjúkrahúsið Húsavík	9.986	109.806	119.792
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	2.708	35.105	37.813
361	Fjórðungsjúkrahúsið Neskaupsstað	6.198	81.054	87.252
363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	3.978	47.457	51.435
365	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	9.531	105.265	114.796
366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	7.741	90.409	98.150
367	Sjúkrahúsið Keflavík	18.659	78.892	97.551
368	Sólvangur, Hafnarfirði	10.117	112.010	122.127
369	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	110.500	-	110.500
371	Ríkisspítalar	347.583	3.029.456	3.377.039
372	Borgarspítalinn	148.091	1.216.283	1.364.374
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	114.779	610.463	725.242
378	Læknishéraðasjóður	109	1.000	1.109
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-2.406	195.276	192.870
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	236	140.000	140.236
391	Heilsugæslustöðvar	70.756	257.756	328.512
393	Lyfjamál	-1.291	1.577	286
394	Lyfjaverðlagsnefnd	191	873	1.064
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	477	858	1.335
396	Lyfjanefnd	1.063	404	1.467
397	Eiturefnanefnd	306	1.267	1.573
398	Daggjaldanefnd	709	1.480	2.189
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-6.367	64.851	58.484
	Samtals málefnaflokkur	983.090	7.379.047	8.362.137
471	Gæsluvistarsjóður	535	5.850	6.385
481	Bindindisstarfsemi	108	4.796	4.904
	Samtals málefnaflokkur	643	10.646	11.289
501	Ljósmæðraskóli Íslands	1.178	-877	301
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	254	8.846	9.100
503	Sjúkraliðaskóli Íslands	210	7.000	7.210
505	Lyfjatækniskóli Íslands	179	5.181	5.360
	Samtals málefnaflokkur	1.821	20.150	21.971
	Samtals ráðuneyti	1.954.316	18.905.098	20.859.414

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	10.405	49.872	60.277
103 Ríkisbókhald	6.742	38.739	45.481
104 Ríkisfjárhirsla	2.722	12.800	15.522
105 Ríkislögmaður	1.837	7.346	9.183
Samtals málefnaflokkur	21.706	108.757	130.463
201 Ríkisskattstjóri	13.987	60.161	74.148
202 Skattstofan í Reykjavík	8.276	68.608	76.884
203 Skattstofa Vesturlands	1.901	10.620	12.521
204 Skattstofa Vestfjarða	592	7.534	8.126
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1.508	8.799	10.307
206 Skattstofa Norðurlands eystra	2.755	18.647	21.402
207 Skattstofa Austurlands	616	11.023	11.639
208 Skattstofa Suðurlands	1.408	10.417	11.825
209 Skattstofa Vestmannaeyja	528	4.570	5.098
211 Skattstofa Reykjaness	2.348	26.813	29.161
212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	30.153	39.748	69.901
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.172	10.232	11.404
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	6.535	34.840	41.375
261 Tollstjórinn í Reykjavík	23.359	60.853	84.212
263 Tollgæsla	19.034	88.249	107.283
282 Tollamál	8.393	12.342	20.735
Samtals málefnaflokkur	122.565	473.456	596.021
381 Uppbætur á lífeyri	207.765	568.619	776.384
Samtals málefnaflokkur	207.765	568.619	776.384
402 Fasteignamat ríkisins	98	24.901	24.999
481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildalögum	79	6.900	6.979
Samtals málefnaflokkur	177	31.801	31.978
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-1.744	551	-1.193
971 Ríkisábyrgðasjóður	-1.842	100.000	98.158
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	416.050	147.600	563.650
989 Launa- og verðlagsmál	–	–	–
998 Kjaradómur og kjaranefnd	5	900	905
999 Ýmislegt	104.877	189.656	294.533
Samtals málefnaflokkur	517.346	438.707	956.053
Samtals ráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	6.802	24.549	31.351
102 Póst- og símamálastofnunin	-20.000	110.000	90.000
Samtals málefnaflokkur	-13.198	134.549	121.351
211 Vegagerð ríkisins	17.751	2.150.463	2.168.214
Samtals málefnaflokkur	17.751	2.150.463	2.168.214
321 Strandferðir, framlög	10.057	146.362	156.419
322 Flóabátar og vöruflutningar	-1.235	74.010	72.775
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	-3.419	24.575	21.156
332 Vitastofnun Íslands	4.957	66.875	71.832
333 Hafnamál	15.688	275.830	291.518
341 Siglingamálastofnun ríkisins	9.848	38.084	47.932
342 Rannsóknanefnd sjóslysa	4.528	1.033	5.561
Samtals málefnaflokkur	40.424	626.769	667.193

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
471	Flugmálastjórn	82.919	385.723	468.642
485	Ýmis framlög	4.869	20.075	24.944
	Samtals málefnaflokkur	87.788	405.798	493.586
651	Ferðamálaráð	3.099	20.196	23.295
652	Veðurstofa Íslands	11.726	125.968	137.694
656	Landmælingar Íslands	11.445	19.640	31.085
672	Sérleyfissjóður	–	3.000	3.000
	Samtals málefnaflokkur	26.270	168.804	195.074
	Samtals ráðuneyti	159.035	3.486.383	3.645.418

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
11	**IÐNAÐARRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	3.602	23.669	27.271
	Samtals málefnaflokkur	3.602	23.669	27.271
201	Iðntæknistofnun Íslands	2.394	55.876	58.270
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.957	30.227	32.184
209	Sjóefnavinnslan hf.	263.757	–	263.757
221	Lánasjóður iðnaðarins	–	25.000	25.000
240	Iðnaðarrannsóknir	3.168	14.000	17.168
289	Jöfnunargjald	39.777	210.000	249.777
298	Kostnaður vegna samninga við Álverið	2.296	–	2.296
299	Iðja og iðnaður, framlög	-1.329	15.081	13.752
	Samtals málefnaflokkur	312.020	350.184	662.204
301	Orkustofnun	8.461	166.142	174.603
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	1.054	42.365	43.419
309	Hitaveitur	320.000	–	320.000
321	Rafmagnsveitur ríkisins	189.459	–	189.459
371	Orkusjóður	-98.690	299.390	200.700
382	Olíunotkun til húshitunar, styrkir	615	–	615
399	Ýmis orkumál	1.038	239.000	240.038
	Samtals málefnaflokkur	421.937	746.897	1.168.834
	Samtals ráðuneyti	737.559	1.120.750	1.858.309

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
12	**VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	2.499	29.566	32.065
	Samtals málefnaflokkur	2.499	29.566	32.065
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	476.645	1.090.000	1.566.645
	Samtals málefnaflokkur	476.645	1.090.000	1.566.645
902	Verðlagsstofnun	3.142	34.445	37.587
903	Skráning hlutafélaga	2.785	1.332	4.117
910	Útflutningsráð Íslands	–	10.000	10.000
	Samtals málefnaflokkur	5.927	45.777	51.704
	Samtals ráðuneyti	485.071	1.165.343	1.650.414

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
13 HAGSTOFA ÍSLANDS			
101 Aðalskrifstofa	3.072	37.713	40.785
102 Þjóðskráin	2.092	12.985	15.077
Samtals ráðuneyti	5.164	50.698	55.862

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
15 FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN			
101 Aðalskrifstofa	2.970	29.600	32.570
181 Ríkisbifreiðar	-450	1.800	1.350
182 Tölvumál	1.853	5.836	7.689
Samtals málefnaflokkur	4.373	37.236	41.609
991 Ýmis lán ríkissjóðs	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals málefnaflokkur	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals ráðuneyti	673.367	3.657.236	4.330.603

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að hafa lokið störfum við athugun á ríkisreikningi fyrir árið 1987 hafa yfirskoðunarmenn afhent fjármálaráðherra tillögur sínar um að frumvarp til fjáraukalaga verði lagt fyrir Alþingi í því skyni að aukafjárveitingar verði veittar fyrir þeim greiðslum sem inntar voru af hendi umfram greiðsluheimildir fjárlaga fyrir það ár. Því til viðbótar er sótt um heimildir vegna fjárskuldbindinga að fjárhæð 1.235.758 þús. kr., er tengjast fasteignakaupum ríkissjóðs umfram greiðslur skv. 6. gr. heimildar fjárlaga, kaupum ríkissjóðs á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, tapi ríkissjóðs vegna sölu Sjóefnavinnslunnar hf., yfirtöku lána vegna Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, svo og vegna yfirtöku lána hjá Rafmagnsveitum ríkisins í tengslum við niðurfellingu verðjöfnunargjalds, sbr. lög nr. 3/1986, og vegna viðskiptaskuldar Kröfluvirkjunar við fyrirtækið.

Á árinu 1987 voru framkvæmdar skuldbreytingar á löngum teknum lánum A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð rúmir fimm milljarðar króna og af veittum lánum um einn milljarður króna. Hreyfingar vegna skuldbreytinga eru ekki taldar með í teknum lánum og afborgunum en koma fram í greiðsluyfirliti ríkisreiknings. Þá eru hreyfingar á efnahagsliðum þeirra stofnana í A-hluta fjárlaga sem hafa sjálfstæðan fjárhag ekki taldar með, en greiðsluafkoma þeirra stofnana var jákvæð á árinu 1987 um 97 milljónir króna.

Á fjárlögum 1987 var veitt 1.100 þús. kr. til launa- og verðlagsmála. Fjárhæð þessi var færð undir fjármálaráðuneytið, fjárlagalið 09-989, og átti að skipta á einstakar stofnanir í samræmi við launa- og verðlagsþróun á árinu. Þannig breytast fjárlagaheimildir einstakra ráðuneyta og stofnana frá fjárlögum ársins 1987 eins og fram kemur í töflu hér á eftir og eru þær sýndar sem fjárlög ársins 1987 í frumvarpi þessu.

Eftirfarandi tafla sýnir þessa skiptingu á ráðuneyti. Enn fremur er sýndur tilflutningur á heimild til námskeiðshalds milli félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Tölur í þús. kr.	Fjárlög 1987	Tilfærslur heimilda	Launabætur af 09-989	Fjárlaga-heimild
00 Æðsta stjórn ríkisins	353.148	–	13.119	366.267
01 Forsætisráðuneyti	162.773	–	3.863	166.636
02 Menntamálaráðuneyti	7.117.164	–	391.865	7.509.029
03 Utanríkisráðuneyti	473.296	–	22.002	495.298
04 Landbúnaðarráðuneyti	1.644.039	–	21.117	1.665.156
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.148.819	–	19.043	1.167.862
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.234.659	–	102.421	2.337.080
07 Félagsmálaráðuneyti	2.133.277	-8.000	32.966	2.158.243
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	18.548.025	–	357.075	18.905.100
09 Fjármálaráðuneyti	1.538.545	–	82.795	1.621.340
10 Samgönguráðuneyti	3.444.492	8.000	33.890	3.486.382
11 Iðnaðarráðuneyti	1.107.217	–	13.532	1.120.749
12 Viðskiptaráðuneyti	1.162.484	–	2.858	1.165.342
13 Hagstofa Íslands	48.100	–	2.598	50.698
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3.656.380	–	856	3.657.236
Launa- og verðlagsbætur	1.100.000	–	-1.000.000	–
Samtals ráðuneyti	45.872.418	–	–	45.872.418

Til frekari skýringa á frumvarpi þessu í heild er vísað til skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar á árinu 1987. Enn fremur til skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á árinu 1987 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1987 sem lagðar hafa verið fram á Alþingi.

Nd. 524. Frumvarp til laga [292. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Ríkisreikningurinn fyrir 1987 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1987

Tekjur	Reikningur	Fjárlög
Beinir skattar	6 380 653	6 626 000
Óbeinir skattar	42 017 217	33 748 720
Aðrar tekjur	209 126	60 000
Tekjur án fjármunatekna	**48 606 996**	**40 434 720**
Fjármunatekjur	**3 716 570**	**2 594 500**
Tekjur alls	**52 323 566**	**43 029 220**

Gjöld	Reikningur	Fjárlög
Launagjöld	15 391 182	14 973 953
Ýmis rekstrargjöld	9 377 529	8 759 661
Eignakaup	1 403 346	588 580
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	27 701 950	19 824 206
−Sértekjur stofnana	−4 664 567	−1 893 993
Gjöld án fjármagnskostnaðar	**49 209 440**	**42 252 407**
Fjármagnskostnaður	**4 372 259**	**3 620 000**
Gjöld alls	**53 581 699**	**45 872 407**
Tekjur umfram gjöld	**−1 258 133**	**−2 843 187**

Sundurliðun útgjalda á ráðuneyti:	Reikningur	Fjárlög
00 Æðsta stjórn ríkisins	526 322	353 148
01 Forsætisráðuneyti	197 126	162 772
02 Menntamálaráðuneyti	8 578 678	7 117 159
03 Utanríkisráðuneyti	692 781	473 296
04 Landbúnaðarráðuneyti	2 034 393	1 644 039
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 225 330	1 148 818
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2 848 568	2 234 656
07 Félagsmálaráðuneyti	2 250 658	2 133 278
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	21 003 108	18 548 025
09 Fjármálaráðuneyti	2 592 993	2 638 543
10 Samgönguráðuneyti	3 672 617	3 444 492
11 Iðnaðarráðuneyti	1 904 839	1 107 217
12 Viðskiptaráðuneyti	1 739 683	1 162 484
13 Hagstofa Íslands	56 886	48 100
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4 257 717	3 656 380
Gjöld alls	**53 581 699**	**45 872 407**

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	Reikningur
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður	
Ríkisféhirðir	1 626
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt	124 808
Samtals	**126 434**
Bankainnstæður	
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	279 324
Innlendar innlánsstofnanir	407 305
Erlendar innlánsstofnanir	33 056
Samtals	**719 685**
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**11 557 101**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	10 404 378
Markaðar ríkistekjur	1 089 167
Innheimtufé fyrir aðra	63 556
Skammtímakröfur, aðrar	**4 064 548**
Fyrirfram greidd gjöld	158 163
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	3 457 753
Veitt stutt lán	448 632
Samtals	**15 621 649**
Veltufjármunir samtals	**16 467 768**
LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**13 145 408**
Stofnanir í A-hluta	23 301
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	6 114 038
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3 663 841
Lánastofnanir	61 866
Sveitarfélög	1 256 636
Aðrir	2 025 726
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**10 587 880**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	4 512 252
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	2 923 160
Sveitarfélög	2 189 967
Lánastofnanir	649 867
Aðrir	312 634
Langtímakröfur samtals	**23 733 288**
Áhættufjármunir	
Hlutabréf og stofnfjárframlög	**1 905 123**
Innlend	1 637 228
Erlend	267 895
Áhættufjármunir samtals	**1 905 123**
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**25 638 411**
EIGNIR ALLS	**42 106 179**

31. DESEMBER 1987

SKULDIR/HÖFUÐSTÓLL	Reikningur
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**1 312 777**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	1 019 238
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	214 069
Innlánsstofnanir	79 470
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o. fl.	**910 171**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	751 420
Innheimtufé fyrir aðra	50 541
Mótframlagsskylda óinnheimtra tekna	108 210
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**70 783**
Markaðar ríkistekjur	29 038
Innheimtufé fyrir aðra	41 745
Skammtímaskuldir, aðrar	**3 922 345**
Ógreidd gjöld	621 344
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	2 121 061
Tekin stutt lán, innlend	1 179 940
Skammtímaskuldir samtals	**6 216 076**
LANGTÍMASKULDIR	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**20 125 865**
Stofnanir í A-hluta	18 998
Seðlabanki Íslands	3 053 735
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	49 333
Innlánsstofnanir	2 273 796
Lánastofnanir, innlendar	2 432 540
Sveitarfélög	84 185
Aðrir	12 213 278
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**765 237**
Seðlabanki Íslands	5 519
Innlánsstofnanir	1 654
Lánastofnanir	758 064
Aðrir	-
Tekin löng lán, erlend	**29 954 581**
Erlendir aðilar	29 954 581
Langtímaskuldir samtals	**50 845 683**
SKULDIR SAMTALS	**57 061 759**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	−12 994 297
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	275 466
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	−978 616
Tekjur umfram gjöld 1987	−1 258 133
Höfuðstóll í árslok samtals	**−14 955 580**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**42 106 179**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1987 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta sameinaðs þings í október 1988. Jafnframt var reikningurinn fenginn yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun til meðferðar og var sameiginleg skýrsla þeirra lögð fyrir Alþingi í desember sl. Var þetta gert með tilliti til ákvæða laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, og verður ríkisreikningur því framvegis ekki prentaður upp með skýrslu eða athugasemdum yfirskoðunarmanna eins og tíðkast hefur.

Sþ. 525. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Jón Helgason, Hreggviður Jónsson, Skúli Alexandersson, Birna K. Lárusdóttir, Karvel Pálmason, Margrét Frímannsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson, Auður Eiríksdóttir, Sigríður Hjartar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi samþykkir að dregið verði úr vínveitingum á vegum ríkisins og allra stofnana þess hérlendis með það að markmiði að þær verði afnumdar að liðnum þremur árum.

Greinargerð.

Áfengisneysla er eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál allra þjóða. Af þeim sökum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkt að þjóðirnar setji sér það markmið að draga úr áfengisneyslu um 25% á næsta áratug, eða til ársins 2000.

Í íslensku þjóðfélagi blasa líka við alvarlegar afleiðingar áfengisneyslunnar hvert sem litið er. Mörg hundruð unglingar, jafnvel niður í 15 ára að aldri, þarfnast nú bráðrar meðferðar á stofnunum vegna neyslu áfengis eða annarra vímuefna þar sem áfengisneyslan er nær undantekningarlaust undanfari. Hættan á að þessum unglingum fjölgi og að aldurinn lækki eykst að sjálfsögðu þegar sala á áfengu öli hefst, enda sögðu sumir meðmælendur hennar að heppilegt væri fyrir börn að byrja sína áfengisneyslu á áfengu öli. Fyrir þá unglinga, sem svo illa er komið fyrir, duga ekki þau 400 sjúkrarúm sem nú eru til fyrir áfengissjúklinga hérlendis þar sem þau eru þegar meira en fullnýtt og unglingarnir þurfa á sérhæfðari meðferð að halda en þar er unnt að veita.

Leið þessara áfengisneytenda liggur ekki aðeins inn í sjúkrahúsin. Allt of margir enda fyrr eða síðar í fangelsum sem einnig eru þegar ofsetin. Ástæðurnar fyrir því að þannig fer eru margvíslegar. Þar má nefna innbrot og þjófnaði til þess að ná í fjármuni fyrir vímuefnum og æ tíðari ölvunarakstur þar sem börn og fullorðnir verða fyrir limlestingum, örkumlun og jafnvel dauða. Beinum ofbeldisárásum fjölgar einnig mjög þó að sjálfsagt fréttist fyrst og fremst af þeim sem hafa svo alvarlegar afleiðingar í för með sér að fjörtjón hlýst af. Hjónabönd leysast upp og þá er togast á um börnin eftir allar þær þjáningar sem þau hafa mátt líða áður en til slíks kemur. Þannig væri lengi hægt að telja lagaleg og siðferðisleg brot, en á því er ekki þörf þar sem staðreyndirnar tala skýrast sínu máli.

Rætt hefur verið um að þessu þurfi að verjast með því að auka löggæslu og eftirlit og fjölga sjúkrarúmum og meðferðarstofnunum. Sama gildir um þetta og vatnsflóð, það stoðar lítt að byggja varnargarða ef stöðugt er bætt í strauminn fyrir ofan. Þannig fer einnig ef áfengisneyslan eykst sífellt. Þá verða björgunarúrræðin haldlítil. Eina ráðið er því að fara að áskorun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og draga úr heildaráfengisneyslunni.

Æskan í landinu ber að sjálfsögðu ekki ábyrgð á því umhverfi sem hún elst upp í, það gera foreldrarnir og þjóðfélagið í heild og að sjálfsögðu ber ríkisvaldið ábyrgð á þessu sviði eins og öðrum með því að stuðla að heilbrigðu og góðu mannlífi. Allir alþingismenn hljóta að viðurkenna að meira en lítið er að í okkar þjóðfélagi fyrst þau örlög, sem hér er getið, bíða þúsunda æskufólks. Þá verða þeir líka að svara þeirri spurningu hvort þeir vilja sýna í verki áhuga sinn á að bæta það. Vegna þeirra áhrifa sem fordæmið hefur, skiptir tvímælalaust mestu máli að hægt sé að halda samkomur á vegum ríkisvaldsins án vínveitinga. Það væri áhrifaríkast til að breyta þeirri skoðun, sem nú virðist ríkja almennt í þjóðfélaginu, að ekki sé hægt að koma saman án þess að áfengi sé á boðstólum og helst að allir neyti þess. Það er þessi gífurlegi þrýstingur frá samfélaginu sem tvímælalaust er æskumanninum hættulegastur.

Eftir miklar umræður síðustu mánuði um áfengisúthlutun ríkisvaldsins og sökum þess mikla hnekkis sem hún hefur haft í för með sér fyrir einstaklinga og stofnanir þá hefur ríkisstjórnin samþykkt að breyta lítils háttar þeim úthlutunarreglum. Ekki er líklegt að sá kattarþvottur hafi nein áhrif á ástandið í áfengismálum þjóðarinnar fyrst þar var ekki stigið stærra skref. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Stefnumörkunin um að draga úr áfengisneyslu fram að árinu 2000 er að sjálfsögðu sett fram vegna þess tjóns sem sú neysla veldur. Samþykkt ríkisvaldsins á þeirri stefnu er marklaus ef það gerir ekki eitthvað sjálft til að vinna að henni í verki. Eina leiðin til að gera það og hamla jafnframt eitthvað gegn ölflóðinu, sem nú er að skella yfir þjóðina, er að samþykkja þá tillögu sem hér er flutt.

Nd. 526. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 15. gr. Í stað tveggja fyrstu málsliða 1. mgr. komi þrír málsliðir svohljóðandi:

Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna.

Nd. 527. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Þeir tveir nefndarmenn, sem undirrita nefndarálitið með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma.

Á fund nefndarinnar komu Eiríkur Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands og Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka.

Auður Eiríksdóttir, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 21. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.	Hreggviður Jónsson, með fyrirvara.
Ragnar Arnalds.	Kristín Halldórsdóttir.	Árni Gunnarsson.
	Sigríður Hjartar.	

Nd. 528. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um norrænan þróunarsjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Auður Eiríksdóttir, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 21. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Matthías Bjarnason.
Árni Gunnarsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Sigríður Hjartar.
	Hreggviður Jónsson.	

Nd. 529. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. málsl. 2. gr. orðist svo: Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ.e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna.

Ed. 530. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Halldóri Blöndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Birnu K. Lárusdóttur.

1. 3. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi og endurgreiðist úr ríkissjóði.

2. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Byggðastofnun, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegin opinberum gjöldum, sköttum o.s.frv.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjársjóður sem lýtur stjórn hennar. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Til sjóðsins skal einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs, ef Alþingi ákveður svo, annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum.
   Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Ed. 531. Frumvarp til laga [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. febr.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ.e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

15. gr. hljóðar svo:

Almennt útboð markaðsbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

Sþ. 532. Fyrirspurn [294. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Er í undirbúningi breyting á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er geri ráð fyrir aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að sjóðnum?
2. Má búast við að frumvarp þessa efnis verði lagt fram og afgreitt á þessu þingi?

Sþ. 533. Fyrirspurn [295. mál]

til forsætisráðherra um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Ber að skilja yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál frá 6. febrúar síðastliðnum svo að ríkisstjórnin hafi fallið frá hinum sérstaka fyrirvara sem gerður er um Ísland í greinargerð með tillögu að efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992 varðandi markmið og tillögur um fjármagnshreyfingar og fjármálaþjónustu?

Ed. 534. Lög [8. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Afgreidd frá Ed. 21. febr.)

Samhljóða þskj. 514.

Nd. 535. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um launavísitölu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt. Eftirtaldir aðilar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið: Ari Skúlason og Lilja Mósesdóttir frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá VSÍ, Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR, Þórir Daníelsson frá Verkamannasambandi Íslands, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og Hallgrímur Snorrason og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um dagvistarmál fatlaðra barna.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Ágústsson, Auður Eiríksdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrræða og úrbóta er þörf í þeim málaflokki. Sérstaklega skal að því hugað hver eigi að bera ábyrgð á og kosta uppbyggingu þjónustunnar og rekstur hennar. Jafnframt skal leita leiða til að tengja sérdeildir dagvistarstofnana svo sem framast er unnt við almennar deildir þeirra sem og stuðla að því að fötluð börn geti flust af sérdeildum yfir á almennar deildir.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta ári en náði ekki fram að ganga.

Eins og kunnugt er er kveðið á um það í lögum um málefni fatlaðra að dagvistarstofnanir og deildir tengdar þeim séu stofnanir fyrir fatlaða.

Það er viðurkennt að eðlilegasti vettvangur þjónustu við fötluð börn eru dagvistarstofnanir. Þar fá ófötluð og fötluð börn að kynnast og blandast í leik og starfi og jafnframt er unnt að veita hinum fötluðu börnum þá sérhæfðu meðferð sem þau þarfnast vegna fötlunar sinnar.

Í seinni tíð hefur þeim börnum fjölgað mjög sem beðið er um dagvist fyrir í þjónustu- og meðferðarskyni. Þetta stafar m.a. af því að með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greinist fötlun fyrr og talið er nauðsynlegt að hefja meðferðarvinnu með fötluðum börnum sem allra fyrst.

Skortur á dagvistarrými kemur af framangreindum orsökum hvað harðast niður á fötluðum börnum. Þessi hópur, sem alla jafna ætti að vera forgangshópur, þarf nú að bíða úrlausnar svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Það ber því brýna nauðsyn til að taka á þessu máli og leysa það á einhvern þann hátt að viðunandi sé. Núgildandi löggjöf er ekki nógu skilvirk og taka þarf af skarið um hver beri ábyrgð á uppbyggingu þessarar þjónustu svo og hver skuli greiða kostnaðinn við hana.

Í samræmi við meginsjónarmið laga um málefni fatlaðra og þá stefnu um samskipun, sem ríkjandi er í þessum málaflokki, verður að mati flutningsmanna að leggja mikla áherslu á að tryggja að unnið sé markvisst að því að gera fötluðum börnum, sem vistast á sérdeildum, kleift að flytjast á almennar deildir þegar og ef aðstæður leyfa.

Vegna þeirrar þróunar og þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í þessum málaflokki, er mjög brýnt að tekið sé nú þegar á þessum málum, könnuð hver þörfin er og tekið af skarið um á hvern hátt þau verði leyst svo að viðunandi sé. Þrátt fyrir góðan anda og fögur fyrirheit í núverandi löggjöf heldur vandinn áfram að hlaðast upp og því er tillaga þessi til þingsályktunar nú endurflutt.

Nd. 537. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um launavísitölu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur glöggt fram að því er einasta ætlað að skapa lagalegan grundvöll fyrir útreikningi á mánaðarlegum breytingum á greiddum launum í

landinu svo að unnt sé að nota þá vísitölu, sem þannig fæst, sem þriðjungsþátt í nýrri lánskjaravísitölu skv. reglugerð nr. 18 frá 23. janúar 1989.

Frá því að umrædd reglugerð leit dagsins ljós hafa verið uppi efasemdir um lögmæti breytingarinnar. Samtök lífeyrissjóða hafa látið tvo hæstaréttarlögmenn kanna lagalegar hliðar málsins og hafa þeir nú skilað sameiginlegu áliti þar sem fram kemur að þeir telja breytinguna ekki hafa stoð í lögum um stjórn efnahagsmála, nr. 13 frá 1979 (sjá fylgiskjal). Reglugerð viðskiptaráðherra frá 23. janúar sl. hafi því ekki lagastoð og breytingin á vísitölunni sé því brot á áðurnefndum lögum.

Þótt margt megi ugglaust finna að fyrirkomulagi verðtryggingar á sparifé landsmanna og nýjar viðmiðanir geti vel komið til álita hlýtur að verða að gera þær kröfur að á því leiki ekki minnsti vafi að breytingar séu í samræmi við lög. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málinu hafa skapað óvissu og ógerlegt er fyrir Alþingi að ljá atbeina sinn að stjórnvaldsákvörðunum sem vafi leikur á að samræmist lögum.

Af þessum ástæðum telur minni hl. nefndarinnar óhjákvæmilegt að Alþingi afli þegar lögfræðilegrar álitsgerðar, t.d. hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, á því hvort margnefndar breytingar á grundvelli lánskjaravísitölu séu í samræmi við gildandi lög. Fyrr en það álit liggur fyrir eru tæpast efni til viðamikillar umfjöllunar um einstök efnisákvæði frumvarpsins. Þó verður ekki hjá því komist að benda á að varhugavert kann að vera að ganga til mánaðarlegra mælinga á launakjörum því að árstíðabundnar sveiflur í atvinnulífinu leiða til misvísandi upplýsinga um launaþróun frá einum mánuði til annars. Nær væri í þessu sambandi að miða við ársfjórðungslegar upplýsingar svo sem gert er í Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar. Það er auk þess skoðun minni hl. nefndarinnar að tímasetning þessarar breytingar, sem felur í sér stórlega aukið vægi launa í lánskjaravísitölunni, sé alröng eins og nú er ástatt. Einnig gæti birting opinberrar, lögformlegrar launavísitölu haft ýmis hliðaráhrif, t.d. svokölluð spíral-áhrif, sem og að vísitalan gæti kynt undir óraunhæfum væntingum og kröfugerð utan kjarasamninga.

Með vísan til alls þessa er lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Matthías Bjarnason, frsm. Kristín Halldórsdóttir. Hreggviður Jónsson.

Fylgiskjal.

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.
Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Lögfræðileg álitsgerð um lánskjaravísitölu
(Reykjavík, 20. febrúar 1989.)

I. Inngangur.

Með bréfi 1. febrúar 1989 hafa Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða óskað eftir áliti okkar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. og Ragnars Aðalsteinssonar hrl., á lögfræðilegum álitaefnum sem upp hafa komið við setningu reglugerðar nr.

18/1989 frá 23. janúar sl., um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár þann sama dag (birt í Stjórnartíðindum B-deild 23. janúar 1989 sem auglýsing nr. 19/1989 og Lögbirtingablaði, 11. tbl. 31. janúar 1989).

Í bréfinu segir m.a. svo:

„Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða hafa efasemdir um lagalegar heimildir stjórnvalda til að hlutast til um breytingar á verðtryggingarákvæðum gildandi lánssamninga. Vegna þessa hafa samtök lífeyrissjóðanna ákveðið að leita til ykkar með beiðni um það að þið í sameiningu látið samtökunum í té lögfræðilegt álit á því hvort eldri skuldbindingar breytist í samræmi við áðurnefnda reglugerð eða hvort samningsgildi verðtryggingarákvæðis haldi gildi sínu að fullu."

Fer álitsgerðin hér á eftir.

II. Almennt um verðtryggingu peningakrafna og vísitölur.

Á undanförnum árum hefur hér á landi sem annars staðar verið mikið rætt um það á hvern hátt megi með lögum vernda kaupmátt peninga gegn skerðingaráhrifum verðbólgu. Hugtakið verðbólga er almennt notað um rýrnun verðmætis peninga. Verðbólga og rýrnun peningaverðmætis eru því tvö heiti á sama fyrirbrigði. Unnt er að mæla verðbólgu og rýrnun peningaverðmætis með einhvers konar verðvísitölu og er talið eðlilegast að miða við vísitölu neysluvöruverðlags.

Lengst af hefur verið reynt að vernda raungildi peningaverðmætis með því að taka tillit til líklegrar verðbólgu á lánstíma fjárskuldbindingar og hækka vextina til jafns við þá verðmætisrýrnun sem af verðbólgunni leiðir. Hluti vaxtanna er þá bætur fyrir þá verðbólgu sem líkleg er talin og jafnframt bætur fyrir óvissuna um það hver verðbólgan verði. Ókostir þessarar aðferðar við að vernda verðmæti peninga eru einkum þeir að ómögulegt hefur reynst að sjá fyrir með nokkurri vissu hver verðbólga verður á lánstímanum.

Vegna ókosta þeirra, sem fylgja þeirri aðferð að reyna að vernda verðmæti peninganna með getspám um verðbólgu framtíðarinnar við ákvörðun vaxta, hefur verið gripið til annarra aðferða og þá einkum þeirra að semja um verðtryggingu fjárskuldbindinga sem ákvarðast eftir á. Miðast þá bætur fyrir verðrýrnun við þekktar staðreyndir en ekki forspá.

Verðtryggingarákvæði hafa einkum verið þrenns konar: gulltryggingarákvæði, gengistryggingarákvæði og vísitölutryggingarákvæði. Hér verður einungis fjallað um vísitölutryggingarákvæði og þau nefnd vísitöluákvæði.

Vísitöluákvæði hafa lengi verið notuð hér á landi og þá annaðhvort samkvæmt heimildum í samningum eða samkvæmt lagaboði. Hafa þau verið notuð í lánssamningum, verksamningum, leigusamningum og jafnvel kaupsamningum þegar kaupverð hefur átt að greiða á löngum tíma. Þá hafa fjárhæðir bóta í vátryggingarsamningum verið látnar teka breytingum samkvæmt vísitölu. Dæmi um lögbundna notkun vísitölu eru ákvæði í lögum um almannatryggingar um að bætur samkvæmt lögunum skuli breytast samkvæmt tilgreindri vísitölu (sjá t.d. ákvæði til bráðabirgða um vísitölu kauplagsnefndar í l. nr. 50/1946, um almannatryggingar). Þær vísitölur, sem helst hafa verið notaðar hér á landi, eru vísitala framfærslukostnaðar, vísitala byggingarkostnaðar og kaupgjaldsvísitala. Hafa oftlega verið sett lög um vísitölur þessar, bæði grunn þeirra og útreikning.

Sérstök ástæða er til að greina á milli tveggja aðalflokka verðtryggingarákvæða. Annar flokkurinn miðast við almennan kaupmátt peninga en hinum er ætlað að hafa áhrif á fjárskuldbindingar eftir verð- og kostnaðarbreytingum sem sérstaklega eru tengdar viðkomandi samningi. Dæmi um síðarnefnda flokkinn eru verðbótaákvæði í verksamningum sem miðast við breytingar á vinnulaunum eða breytingar á verði hráefna sem notuð eru við efndir samnings.

Lögfræðingar hafa velt því fyrir sér hvort reglunni um brostnar forsendur sem ógildingarástæðu verði beitt um vísitöluákvæði í samningum. Nafnverðshækkun á fjárhæð kröfunnar samsvarar lækkun peningaverðmætisins og verður verðmæti hennar hið sama sem við stofnun samningsins. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú að reglunni um brostnar forsendur verði ekki beitt um slík tilvik jafnvel þótt um verulega verðbólgu sé að ræða með mikilli nafnverðshækkun kröfu. Þessi niðurstaða er þó ekki talin eiga við ef ætlunin er að veita kröfu almenna verðtryggingu og það er gert með tilvísun til verðbreytinga á tilteknum vöruflokki sem síðan sætir stórfelldum verðhækkunum, t.d. vegna skorts á vörum. Fyrrgreind niðurstaða á heldur ekki við ef einhver slík vísitala reynist stöðug og óbreytanleg vegna verðlagsákvæða í lögum, þvert ofan í það sem ætlað var er samningur var gerður.

III. Verðtryggingarákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979.

Með ákvæðum í VII. kafla (34.–47. gr.) laga nr. 13/1979 eru veittar rýmri heimildir til að verðtryggja sparifé og lánsfé en áður voru í gildi (sjá lög nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga). Í 34. gr. er gefin yfirlýsing um að stefna skuli að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni skal heimilt, eins og nánar greinir í kaflanum, að stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við *verðvísitölu* eða gengi erlends gjaldeyris.

Í þessu samhengi skal það og nefnt að í bráðabirgðaákvæði í lok VI. kafla laganna var ákveðið að vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skyldu við það miðaðar að fyrir árslok 1980 yrði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla laganna. Sagði að meginreglan skuli verða sú að *höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun* en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir skuli reiknast af verðbættum höfuðstól. *Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar.*

Sagt er í 35. gr. að ákvæði kaflans (þ.e. VII. kafla) skuli gilda um skriflegar skuldbindingar þar sem skuldari lofi að greiða peninga, hvort sem um sé að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti sem hafi verið seld eða afhent.

Þá er í 1. mgr. 36. gr. kveðið á um að Seðlabanki Íslands skuli hafa umsjón með framkvæmd ákvæða kaflans. Hann veiti heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Í 2. mgr. og 36. gr. er síðan að finna þýðingarmikið ákvæði þar sem sagt er að reglur um verðtryggingu skuli einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið sé til þriggja mánaða eða lengur, gegn *verðrýrnun af völdum verðhækkana.* Er þetta eina ákvæði kaflans þar sem að því er vikið berum orðum við hvað verðtrygging eigi að miðast. Að þessu er svo einnig vikið í bráðabirgðaákvæðinu í lok VI. kafla svo sem að ofan greindi.

Í 39. gr. er sagt að grundvöllur verðtryggingar sé m.a. sá að miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær séu reiknaðar á hverjum tíma. Þá er og tekið frma að Seðlabankinn skuli birta vísitölur sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við.

Í 44. gr. er kveðið á um nefnd sem fjalla skuli um ágreining sem rísa kann um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar. Skal nefnd þessi fella fullnaðarúrskurð um slíkan ágreining. Einnig er ákveðið að nefndin skuli fella úrskurð um hvernig umreikna skuli milli tveggja vísitölugrundvalla ef breyting verði gerð á grundvelli einhverrar vísitölu sem leyfð hafi verið í verðtryggðum samningum.

Hér skal loks getið ákvæðis úr 47. gr. þar sem ákveðið er að þegar áunnin réttindi og skyldur samkvæmt fyrri lögum skuli við gildistöku laganna halda gildi sínu.

IV. Tilgangur verðtryggingarákvæða VII. kafla laga nr. 13/1979.

Með þessum ákvæðum VII. kafla laga nr. 13/1979 er það markmiðið að heimila mönnum að vernda peningaskuldbindingar gegn verðrýrnun af völdum verðbólgu. Vísast til almennra

hugleiðinga um þetta efni í II. kafla hér að framan. Tilætlun laganna er að finna nothæfan mælikvarða til að mæla rýrnun á verðgildi krónunnar frá einum tíma til annars og heimila mönnum síðan að láta nafnvirði fjárskuldbindinga taka breytingum í því skyni að þessi rýrnun á verðgildi gjaldmiðilsins valdi ekki rýrnun á verðgildi skuldbindingarinnar. Segir það sig sjálft að þessi hafi verið tilgangur laganna og kemur raunar fram í beinum texta þeirra, m.a. 2. mgr. 36. gr. Meðferð málsins og umræður á Alþingi benda til hins sama.

Þó markmið laganna sé skýrt að þessu leyti er það engan veginn einfalt mál að mæla þessa verðrýrnun af fyllstu nákvæmni. Svo sem fram kemur að ofan ákveða lögin að verðvísitala skuli notuð í þessu skyni. Með hugtakinu vísitala er átt við mælistiku sem mæla skal breytingar frá einum tíma til annars á verði tiltekinnar vöru, vöruhóps, þjónustu eða annars. Er talað um grundvöll vísitölu þegar skilgreint er hvaða verðmæti hún á að mæla breytingar á. Í landinu eru í notkun, svo sem áður sagði, mismunandi vísitölur. Meðal þeirra eru vísitala framfærslukostnaðar, sem ákveðin er með lögum nr. 6/1984, og vísitala byggingarkostnaðar en um hana gilda lög nr. 42/1987. Báðum þessum vísitölum er ætlað það hlutverk að mæla breytingar á verði, vöru og þjónustu á ákveðnum sviðum. Eins og nafnið framfærsluvísitala bendir til er ætlunin að mæla breytingar á kostnaði við framfærslu þar sem skilgreind neysla samkvæmt könnun er lögð til grundvallar í upphafi og síðan mældar breytingar á verði þeirra hluta sem til hennar heyra. Með byggingarvísitölu er ætlunin að mæla breytingar á byggingarkostnaði og eru þá á sama hátt lagðir til grundvallar tilteknir skilgreindir kostnaðarliðir í upphafi og síðan mældar verðbreytingar á þeim. Í báðum þessum tilvikum er það sýnilega tilgangur vísitalnanna að mæla einhvers konar meðaltalskostnað sem fólk verður fyrir á þessum sviðum. Í lögum um þessar vísitölur er raunar gert ráð fyrir að grundvöllur þeirra beggja kunni að breytast vegna þess að neysluvenjur (samsetning heildarneyslu) eða byggingarhættir breytist. Sams konar ráðagerð hafði verið uppi í eldri lögum um vísitölu byggingarkostnaðar (sjá lög nr. 18/1983 og nr. 93/1975).

Við meðferð frumvarps til laga nr. 13/1979 á Alþingi kemur fram að menn höfðu í huga að ofangreindar tvær vísitölur yrðu notaðar til að mynda vísitölu þá sem heimilt yrði að miða verðtryggingu fjárskuldbindinga við (sjá hér ræðu framsögumanns fyrir nefndaráliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar í umræðuhluta Alþingistíðinda, 1978, B, d. 3737). Voru þær ráðagerðir eðlilegar þegar haft er í huga að vísitölurnar tvær mæla verðlagsbreytingar á almennum neysluvörum af margvíslegum toga. Var því líklegt að vísitölur þessar, einkum þó báðar saman, myndu mæla verðlagsbreytingar á svo víðu sviði að sveiflur á verði einstakra vörutegunda, sem kunna að stafa af sérstökum ástæðum sem varða þær vörur einar, voru ekki líklegar til að hafa veruleg áhrif á mælinguna.

V. Auglýsingar um lánskjaravísitölu.

Frá því lánskjaravísitala var tekin upp árið 1979 hefur hún verið samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands samsett af vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ hluta. Hefur þetta fyrirkomulag haldið sér allan tímann. Þann 26. ágúst 1983 gaf Seðlabankinn út auglýsingu (birt í Lögbirtingablaði, 88. tbl. 31. ágúst 1983) um grundvöll lánskjaravísitölu o.fl. Ekki var þá gerð nein breyting á samsetningu lánskjaravísitölunnar. Efni auglýsingarinnar var aðeins að ákveða að lánskjaravísitalan skyldi fylgja mánaðarlegum útreikningi, sem þá hafði verið tekinn upp á vísitölum framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar. Fram til þessa tíma höfðu vísitölurnar tvær aðeins verið reiknaðar á þriggja mánaða fresti en síðan verið byggt á spá Þjóðhagsstofnunar um gildi þeirra þá mánuði sem þær voru ekki reiknaðar út.

VI. Ákvæði reglugerðar nr. 18/1989 og auglýsingar nr. 19/1989.

Með reglugerð nr. 18 frá 23. janúar 1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, var ákveðið að grundvelli lánskjaravísitölunnar skyldi breytt þannig að hann verði samsettur að ⅓ af vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt lögum nr. 5/1984, að ⅓ af vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 42/1987 og að ⅓ af launavísitölu sem Hagstofa Íslands reikni og birti mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, „þar til sett hafa verið lög um launavísitölu en þá taki sú vísitala við". Í reglugerðinni var ákveðið að lánskjaravísitalan samkvæmt reglugerðinni komi að öllu leyti í stað lánskjaravísitölu samkvæmt fyrri grundvelli.

Seðlabanki Íslands gaf sama dag, 23. janúar 1989, út nýja auglýsingu (nr. 19/1989) „um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár". Var í auglýsingunni vísað til reglugerðarinnar og auglýstur sá grundvöllur lánskjaravísitölu sem þar er ákveðinn. Tók hin nýja lánskjaravísitala gildi 1. febrúar 1989.

Með þessum hætti hefur verið tekin upp ný lánskjaravísitala sem ætlað er að gilda sem beint framhald hinnar eldri og hafa gildi um allar fjárskuldbindingar sem eru verðtryggðar miðað við lánskjaravísitölu, þó til þeirra hafi verið stofnað í gildistíð hinnar eldri lánskjaravísitölu. Er hin nýja lánskjaravísitala frábrugðin hinni eldri að því leyti að nú er tekin í grundvöll hennar með þriðjungsvægi bein viðmiðun við launabreytingar svo sem þær mælast með þeirri launavísitölu sem til er vísað. Kemur þessi viðmiðun í stað annars þriðjungs framfærsluvísitölunnar.

Það skal að gefnu tilefni tekið fram að hér er talað um *nýja* lánskjaravísitölu og er með því einfaldlega verið að vísa til þeirrar vísitölu sem tekin hefur verið upp með þeim hætti sem lýst var. Eins mætti tala um *breytta* lánskjaravísitölu. Ljóst er að engar ályktanir varðandi heimildir til þessara breytinga eða réttaráhrif þeirra verða dregnar af því hvort menn tala um nýja vísitölu eða breytta.

VII. Er bein viðmiðun við launabreytingar heimil samkvæmt lögum nr. 13/1979?

Það er viðfangsefni þessarar álitsgerðar að veita svör við því, „hvort eldri skuldbindingar breytist í samræmi við áðurnefnda reglugerð eða hvort samningsgildi verðtryggingarákvæðis haldi gildi sínu að fullu".

Til þess að svara spurningunni er nauðsynlegt að athuga fyrst hvort telja megi gildandi lög heimila að tekin sé upp bein viðmiðun við launabreytingar í þeirri vísitölu sem miða megi verðtryggingu fjárskuldbindinga við.

Bent skal á að launabreytingar hafa oftast áhrif á verðlag í landinu. Þannig er líklegt að við almennar launahækkanir muni vörur og þjónusta hækka almennt í verði. Þessi áhrif launabreytinga birtast í vísitölum framfæslukostnaðar og byggingarkostnaðar og þar með lánskjaravísitölunni. Veldur engum vafa að þessi áhrif launabreytinga eru nauðsynleg til þess að lánskjaravísitala nái að mæla það sem henni er ætlað að mæla, þ.e. almennar verðlagshækkanir. Hér er hins vegar til athugunar hvort heimilt sé að miða beint við launabreytingar við útreikning lánskjaravísitölu, þ.e. án þess að athugað sé að hvaða marki launabreytingar hafi áhrif á almennt verðlag í landinu.

Þess skal getið hér að við samningu álitsgerðar þessarar var aflað upplýsinga frá hagstofustjóra um heildarvægi launa í lánskjaravísitölu fyrir og eftir þær breytingar sem hér er fjallað um. Kom fram að heildarvægi launanna breytist frá því að vera rúmlega þriðjungur í það að verða nær 60%.

Ekki leikur vafi á að ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 setja því takmörk hvaða viðmiðanir sé heimilt að nota, þegar ákveðinn er grundvöllur verðtryggingar. Ákvæðin varða sparifé, þar með taldar fjárskuldbindingar almennt, en ekki t.d. skuldbindingar á ákveðnum viðskiptasviðum, sbr. II. kafla að framan. Þess vegna þurfa viðmiðanir að vera almennar í eðli

sínu, þ.e. að vera til þess fallnar að mæla almennar verðlagsbreytingar í landinu. Ekki myndi t.d. vera heimilt skv. VII. kafla að ákveða að verðtrygging fjárskuldbindinga skuli miðast við verðbreytingar á einni tiltekinni vörutegund, t.d. kaffi.

Ákvæði VII. kafla varða það heldur ekki hvort heimilt sé að verðtryggja lánssamninga á sérsviðum viðskipta miðað við breytingar á tilkostnaði á þeim sérstöku sviðum. Fellur það utan verksviðs þessarar álitsgerðar að kanna að hvaða marki slíkt sé heimilt. Hér skiptir það máli að VII. kafli varðar verðtryggingu fjárskuldbindinga almennt og ákvæði kaflans verða að skoðast í því ljósi.

Svo sem áður segir er ákvæðum VII. kafla laga nr. 13/1979 ætlað að veita heimildir til að vernda fjárskuldbindingar gegn verðrýrnun krónunnar af völdum verðbólgu. Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að sú viðmiðun, sem notuð er, mæli almennar breytingar á verðlagi í landinu. Launabreytingar geta ekki talist gera það nema að því marki sem þær hafa áhrif á verðlagið. Með öðrum orðum er vel hugsanlegt að laun taki breytingum til hækkunar eða lækkunar án þess að launabreytingarnar rýri gjaldmiðilinn í verði (þ.e. leiði til almennra verðlagshækkana). Er það t.d. eitt af yfirlýstum markmiðum í þjóðmálum að „auka kaupmátt launa“ svo notað sé þekkt orðalag. Í því felst hækkun launa umfram almennar verðhækkanir (verðrýrnun krónunnar).

Þegar tekin er upp í lánskjaravísitölu bein viðmiðun við launabreytingar hefur það í för með sér að vísitölubundin lán hækka eða lækka að „raungildi“ eftir því hvort kaupmáttur þeirra launa sem við er miðað hækkar eða lækkar og það alveg án tillits til þess að hve miklu leyti launabreytingarnar hafa áhrif á verðlag í landinu. Í breytingunni felst t.d. óhjákvæmilega að vísitölubundnar skuldbindingar hækka ef kaupmáttur launa eykst. Ekki verður talið að þessi háttur fái samrýmst þeirri tilætlan með lögunum sem áður hefur verið gerð grein fyrir og m.a. kemur fram í beinum texta 2. mgr. 36. gr. laganna, þ.e. að verðtryggingunni sé ætlað að láta verðgildi fjárskuldbindinga halda sér þó gjaldmiðillinn rýrni í verði.

Það er því álit okkar að bein viðmiðun við launabreytingar sé óheimil við ákvörðun þeirrar vísitölu sem miða megi verðtryggingu fjárskuldbindinga við skv. VII. kafla laga nr. 13/1979. Hin nýja vísitala er því ólögmæt hvort heldur um er að ræða skuldbindingar sem til er stofnað fyrir eða eftir gildistöku reglugerðar nr. 18/1989.

VIII. Um áhrif nýrrar lánskjaravísitölu á eldri skuldbindingar.

Ef gengið væri út frá því að þessi niðurstaða væri röng og lögin heimiluðu í sjálfu sér hina beinu launaviðmiðun kemur til athugunar hvort stjórnvöld hafi mátt ákveða að eldri skuldbindingar skuli frá og með gildistöku hinnar nýju vísitölu taka breytingum samkvæmt henni.

Vera má að ákvæði í lánssamningi kveði ótvírætt á um að skuldbinding eigi að taka breytingum ef grundvelli lánskjaravísitölu verði breytt. Sé svo er málið einfalt. Ef hins vegar er ekki unnt að leysa úr þessu með túlkun á samningnum sjálfum og aðila samnings greinir á hvernig með skuli fara er málið vandasamara.

Ljóst er að heimildir stjórnvalda til að grípa inn í samninga manna með þessum hætti ber að túlka þröngt. Er það talin meginregla í íslenskri lögfræði að allar stjórnvaldsaðgerðir sem miða að því að skerða m.a. eignir manna, þarfnist ótvíræðrar lagaheimildar. Er raunar hugsanlegt að ótvíræð lagaheimild dugi ekki nema fullar bætur komi fyrir þá eign sem skert er, sbr. eignarnámsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, er aðstaðan sú að aðilar lánssamnings hafa gert hann á grundvelli auglýstrar vísitölu sem er samsett með þeim hætti að eina markmið hennar er sýnilega að mæla almennar verðlagsbreytingar í landinu (verðrýrnun gjaldmiðilsins). Jafnframt liggur fyrir að við auglýsingar á vísitölunni og grundvelli hennar hafa ekki verið auglýstir

fyrirvarar um að grundvelli hennar kynni að verða breytt. Verður að ætla við svo búið að aðilar lánssamnings þurfi ekki að una því að stjórnvöld geri ofangreindar breytingar á samningi þeirra, einkum þar sem það eitt leiðir af ákvörðun stjórnvalda að horfið er að hluta frá því að mæla eingöngu verðrýrnun gjaldmiðilsins með lánskjaravísitölunni og tekið að mæla annað. Væri raunar miklum vafa bundið hversu langt væri unnt að ganga í þessa átt að því er varðar eldri samninga þó gert væri með settum lögum.

Við athugun á því hvort breyting á grundvelli lánskjaravísitölu sé heimil að því er snertir eldri samninga dugir skammt að vísa til þess að slík breyting sé heimil ef hin nýja vísitala mælir nokkurn veginn hið sama og hin gamla *þegar til langs tíma er litið*. Þetta er vegna þess að vísitalan hefur gildi í einstökum samningum hvort sem gildistími þeirra er langur eða skammur. Ef t.d. hefur átt að gera upp skuld í tilteknum lánsviðskiptum miðað við lánskjaravísitölu í febrúar og lánveitandi fær minna greitt heldur en hann hefði fengið ef grundvöllur vísitölu hefði verið óbreyttur er ekki unnt að réttlæta þetta með því að benda honum á að einhver annar lánveitandi muni síðar fá hærri greiðslu heldur en gamla vísitalan hefði sagt til um. Hugleiðingar í þessa átt breyta því ekki niðurstöðunni að ofan.

Þá verða heimildir til þessara breytinga heldur ekki sóttar til 44. gr. laganna þar sem fjallað er um hlutverk svonefndrar úrskurðarnefndar. Þar er sagt að nefndin felli úrskurð um hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla ef breyting verði gerð á grundvelli einhverrar vísitölu sem leyfð hafi verið í verðtryggðum samningum. Þetta ákvæði verður ekki talið fela í sér sjálfstæða heimild til breytinga á vísitölugrundvelli heldur fjallar það einungis um framkvæmd breytinga sem telja má heimilar samkvæmt réttri skýringu á öðrum ákvæðum kaflans.

Tekið skal fram að þær breytingar á grundvelli lánskjaravísitölu sem hér um ræðir, eru í eðli sínu allt aðrar og ólíkar þeim breytingum sem gerðar voru í ágúst 1983. Þær breytingar miðuðu að því að ná upp meiri nákvæmni við beitingu þeirrar viðmiðunar sem þá gilti. Er víst að aðilar lánssamninga hafa þurft að una slíkum lagfæringum á grundvellinum svo og lagfæringum sem miða að því að leiðrétta þann neyslugrundvöll sem framfærslu- og byggingarvísitölur hafa byggst á, sbr. fyrrnefnd ákvæði laga sem ráðgera slíkar breytingar.

IX. „Launavísitala til greiðslujöfnunar."

Þess skal getið að ekki er með öllu ljóst, hvað sem öðru líður, hvort launavísitala sú, sem vikið er að í 6. gr. laga nr. 63/1985 og reglugerð nr. 18/1989 vísar til, uppfylli ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 um „opinbera skráða vísitölu eða vísitölur". A.m.k. eru um þessa vísitölu höfð eftirfarandi ummæli í athugasemdum með stjórnarfrumvarpi til laga um launavísitölu sem liggur nú fyrir Alþingi:

„Í málefnasamningi stjórnarflokkanna frá september 1988 er gert ráð fyrir að upp verði tekin ný lánskjaravísitala sem reist verði á launavísitölu auk vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu byggingarkostnaðar. Ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár eru í lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13 10. apríl 1979. Samkvæmt 39. gr. þeirra laga er það eitt skilyrða verðtryggingar að miðað sé við opinbera skráða vísitölu. Einu fyrirmælin, sem nú eru í lögum um mat launavísitölu, eru í lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Í 6. gr. þeirra laga er kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar". Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslujöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána en ekki í öðru skyni. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist

vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 63/1985 eru því ófullnægjandi hvað snertir útreikning opinberrar launavísitölu sem fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 39. gr. laga nr. 13/1979, um vísitölu sem heimilt sé að miða verðtryggingu við. Því er hér flutt sérstakt frumvarp um launavísitölu sem fullnægi þessum skilyrðum."

Það heyrir ekki til viðfangsefni þessarar álitsgerðar að leggja dóm á réttmæti þessara ummæla. Það er hins vegar ljóst út frá almennum sjónarmiðum að varhugavert hlýtur að teljast að miða lánskjaravísitöluna við vísitölu sem byggð er á svo veikum grunni sem að ofan var lýst um „launavísitölu til greiðslujöfnunar" skv. 6. gr. laga nr. 63/1985.

X. Er lagaheimild fyrir reglugerð nr. 18/1989?

Rétt er að víkja stuttlega að því hvort viðskiptaráðherra hafi haft lagaheimild til að setja reglugerð með því efni sem reglugerðin nr. 18/1989 hefur að geyma. Í 6. gr. reglugerðarinnar er sagt að hún sé sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 65. gr. laga nr. 13/1979. Þar er sagt að viðskiptaráðherra sé heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd m.a. VII. kafla.

Í VII. kafla er á hinn bóginn á nokkrum stöðum gert ráð fyrir aðild Seðlabanka Íslands að ákvörðunum um verðtryggingu samkvæmt kaflanum. Þannig er sagt í 1. mgr. 36. gr. að Seðlabanki Íslands skuli hafa umsjón með framkvæmd ákvæða kaflans og að hann veiti heimildir til verðtryggingar nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Þá er í 2. mgr. 39. gr. ákveðið að Seðlabankinn skuli birta vísitölur sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við. Einnig vísast hér til ákvæða í 41. gr. um hlutverk bankans.

Til greina kemur að túlka þessi lagaákvæði þannig að það eigi aðeins undir Seðlabanka Íslands að taka ákvarðanir um þau efnisatriði sem ráða eigi verðtryggingu. Styðst sá skilningur við þau rök að á þessu sviði eigi fagleg og tæknileg sjónarmið að ráða ákvörðunum. Sérfræðikunnáttan um þau efni, sem þar koma við sögu, sé í Seðlabanka Íslands. Benda lögskýringargögn til þessa skilnings. Reglugerðarheimild ráðherra skv. 3. mgr. 65. gr. mundi, ef þetta væri rétt, einungis taka til framkvæmdaratriða en ekki til þess að ákveða efnislega þann grundvöll sem vísitalan á að miðast við. Það er og ljóst að ákvarðanir af þessu tagi voru á hendi Seðlabanka Íslands án reglugerðarfyrirmæla ráðherra allt fram að setningu reglugerðar nr. 18/1989.

Það eitt skal sagt um þetta efni hér að ekki er með öllu víst að lögin hafi heimilað ráðherra setningu þessarar reglugerðar. Hitt liggur svo fyrir að Seðlabanki Íslands auglýsti, svo sem áður hefur komið fram, vísitölu samkvæmt hinum nýja hætti. Og þó í auglýsingu bankans komi fram að auglýst sé með tilvísun til reglugerðarinnar verður sjálfsagt að telja ákvæði 2. mgr. 39. gr. laganna fullnægt um að bankinn skuli birta vísitölur sem heimilt sé að miða verðtryggingu við.

XI. Samkomulag um vaxtakjör 21. desember 1988.

Að lokum skal sérstaklega vikið að samkomulagi sem samtök lífeyrissjóða gerðu við viðeigandi stjórnvöld hinn 21. desember 1988 um vaxtakjör vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóða á árinu 1989. Í samkomulagi þessu er m.a. fjallað um vexti og verðtryggingu skuldabréfa sem lífeyrissjóðir kaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins á árinu 1989.

Í 2. tölul. samkomulagsins er sérstaklega fjallað um verðtryggingu með eftirfarandi hætti:

„Á þessu sama tímabili skulu útgefin skuldabréf vera verðtryggð miðað við þá lánskjaravísitölu sem Seðlabanki Íslands reiknar nú út."

Tilvísun í ákvæðinu í sama tímabil á við 1. tölul. samkomulagsins sem fjallar um mánuðina janúar, febrúar og mars 1989.

Orðalag greinds verðtryggingarákvæðis er ótvírætt og skýrt að því leyti að vitnað er til lánskjaravísitölu sem Seðlabanki Íslands reikni út þegar samkomulagið var gert hinn 21. desember 1988. Viðteknar túlkunaraðferðir á sviði samningaréttar leiða til þeirrar niðurstöðu einnar að með ákvæði þessu sé það fastmælum bundið með aðilum samningsins að hvað sem öðru líði þá gildi sú lánskjaravísitala, sem í gildi var í desember 1988, um verðtryggingu þeirra skuldabréfa sem lífeyrissjóðirnir hugðust kaupa á fyrsta ársfjórðungi 1989 af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Óhjákvæmilegt er að velta því fyrir sér hvort rangt sé að beita viðteknum túlkunaraðferðum á sviði samningaréttar við túlkun þessa samkomulags þar sem annars vegar séu stjórnvöld, þ.e. fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Óumdeilt er að stjórnvöld geta átt aðild að samningum sem eru annars vegar einungis einkaréttarlegs eðlis og hins vegar einungis eða því sem næst einungis stjórnarfarsréttarlegs eðlis. Að auki eru mörg stig þarna á milli. Þegar um stjórnarfarslega samninga er að ræða kemur til álita að beita um þá einungis túlkunarreglum þeim sem viðurkennt er að beita beri við túlkun á stjórnvaldsákvörðunum. Enn fremur kemur til álita hvort stjórnvöldum sé heimilt að endurskoða slíka stjórnarfarsréttarlega samninga einhliða þar sem samningur sé ekki lengur í samræmi við breytta löggjöf eða breyttar stjórnvaldsreglur á tilteknu sviði.

Samkvæmt framansögðu þarf fyrst að huga að því hvort framangreint samkomulag er samningur á einkaréttarlegu sviði eða samningur á stjórnarfarsréttarsviði. Efni þeirra samninga, sem eru í baksviði samkomulags um vaxtakjör, eru lánveitingar lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ekki er unnt að sjá rök fyrir því að telja þess háttar lánssamninga til samninga á sviði stjórnarfarsréttar heldur virðast öll rök hníga að því að telja slíka samninga til samninga á einkaréttarsviði. Að minnsta kosti má segja með fullri vissu að slíkir samningar hafi verulega fleiri þætti einkaréttarlegs eðlis en stjórnarfarsréttarlegs eðlis.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir að telja verður réttara að beita túlkunarreglum á sviði samningaréttar um samkomulagið og hafna því sjónarmiði að stjórnvöld geti einhliða endurskoðað efni samkomulagsins.

Jafnvel þótt talið yrði að um samkomulag á sviði stjórnarfarsréttar væri að ræða þá yrði niðurstaðan sú sama. Þetta stafar af því að við túlkun samninga á sviði stjórnarfarsréttar er talið að leggja beri meiri áherslu á hið hlutlæga orðalag samkomulags en huglæga afstöðu samningsaðila. Í þessu tilviki leikur ekki vafi á merkingu orða 2. tölul. í samkomulagi aðila. Því aðeins kemur til álita að hugleiða rétt stjórnvalds til að endurskoða einhliða efni samnings á sviði stjórnarfarsréttar að efni samningsins sé ekki lengur í samræmi við lög og reglur. Skilyrði slíkrar endurskoðunarheimildar eru ekki fyrir hendi í því tilviki sem hér er um fjallað. Rétt er og að leggja áherslu á að réttur stjórnvalds til einhliða endurskoðunar á samningi á sviði stjórnarfarsréttar hefur ekki hlotið ótvíræða viðurkenningu í íslenskum rétti, hvorki í dómafordæmum eða fræðikenningu.

XII. Meginniðurstöður.

Meginniðurstöður þessarar álitsgerðar eru:

1. Ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 leyfa ekki að tekin sé upp bein viðmiðun við launabreytingar í grundvelli lánskjaravísitölu svo sem gert er í reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu nr. 19/1989 (sjá einkum VII. kafla álitsgerðarinnar).

2. Jafnvel þó gengið væri út frá því að ofangreind niðurstaða sé röng og lögin heimili í sjálfu sér hina beinu viðmiðun við launabreytingarnar verður ekki talið að aðili lánssamnings, sem gerður er í gildistíð eldri lánskjaravísitölu, þurfi gegn vilja sínum að sæta breytingum á samningi sínum til samræmis við reglugerð nr. 18/1989, nema slíkt leiði ótvírætt af texta lánssamningsins (sjá einkum VIII. kafla álitsgerðarinnar).

Nd. 538. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið en það er flutt í tengslum við frumvarp um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Hreggviður Jónsson, með fyrirvara.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.

Árni Gunnarsson.

Nd. 539. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við Jóhann Má Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 448 með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Kristín Halldórsdóttir.
Árni Gunnarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 540. Breytingartillaga [243. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, KH, ÁrnG, GGÞ).

Við bætist ný grein, 4. gr., er orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 541. Fyrirspurn [297. mál]

til viðskiptaráðherra um gengisskráningu krónunnar.

Frá Kristni Péturssyni.

Telur ráðherra að hann hafi í embættistíð sinni farið eftir fyrirmælum 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, varðandi gengi íslensku krónunnar og miðað við „að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina“, eins og kveðið er á um í greininni?

Nd. 542. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. gerir ekki athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins en leggur til að 3. gr. frumvarpsins verði felld.

Það er skref aftur á bak að fela verðlagsyfirvöldum að fjalla um gjaldskrár orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Vísað er til fylgiskjala með nefndaráliti þessu en í þeim koma röksemdir gegn greininni.

Auðvelt er að sýna fram á að verð orku hefur á undanförnum árum hækkað minna en sem nemur hækkun framfærsluvísitölunnar. Afskipti verðlagsyfirvalda gætu leitt til sömu vandræða og árið 1983 þegar verðsprenging varð í kjölfar of lítilla hækkana árin á undan.

Fái orkufyrirtækin ekki eðlilega gjaldskrá aukast erlendar skuldir þeirra og þar með skuldir þjóðarbúsins.

Samkvæmt framansögðu er 3. gr. frumvarpsins til óþurftar og leggur minni hl. til að hún verði felld.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Matthías Bjarnason, frsm. Hreggviður Jónsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Sambands íslenskra hitaveitna.
(15. febrúar. 1989.)

Í þessu frumvarpi er m.a. lagt til að verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falli undir lögin tímabundið frá því að verðstöðvun lýkur 28. febrúar til 1. september næstkomandi. Þetta þýðir að beiðnir um hækkanir á gjaldskrám hitaveitna þarf að leggja fyrir Verðlagsráð.

Hitaveitur eru reknar sem þjónustufyrirtæki með lágmarkstilkostnaði. Þær eru almenningsfyrirtæki í eigu viðkomandi sveitarfélaga og þeim er stjórnað af kjörnum fulltrúum. Þessar stjórnir ákvarða nauðsynlegar hækkanir á gjaldskrám og tilkynna iðnaðarráðuneytinu þær, og má fyllilega treysta þeim til að gæta hagsmuna notenda.

Margar hitaveitur eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum og hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ríkinu. Aðstoðin hefur verið veitt með því skilyrði að veiturnar létu gjaldskrár í framtíðinni fylgja verðlagi. Nú hefur verðstöðvun verið í rúmlega fimm mánuði og á sama tíma hefur byggingarvísitala hækkað um 4,18%, dollarinn um 8,77% og SDR um 11,96%.

Þær hitaveitur sem eiga í fjárhagserfiðleikum hafa flestar stóran hluta af sínum skuldum í erlendum lánum og hefur skuldabyrðin því hækkað verulega á þessum tíma á meðan gjaldskrár hafa staðið í stað. Því má búast við að áður en langt um líður þurfi þessar sömu veitur að leita aftur á náðir ríkisins.

Hitaveitur leggja ríka áherslu á að gjaldskrárákvarðanir verði ekki fluttar frá stjórnum fyrirtækjanna til Verðlagsráðs. Ákvarðanataka og fjárhagsleg ábyrgð verða að fara saman. Því leggst stjórn Sambands íslenskra hitaveitna eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Sambands ísl. hitaveitna,
María J. Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Umsögn Sambands íslenskra rafveitna.
(15. febrúar 1989.)

Með stjórnarfrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti að þau taki einnig til orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna á tímabilinu 1. mars til 1. sept. 1989.

Þessu mótmælir Samband íslenskra rafveitna. Telur SÍR tillöguna óráðlega og færir hér með rök fram skoðun sinni til stuðnings.

Menn gera sér almennt ekki grein fyrir þeim skyldum sem lagðar eru á raforkuveitur landsins. Þeim er gert að framleiða og dreifa raforku sem fullnægi ýtrustu kröfum tæknisamfélags um gæði, að nóg sé til af orku hvernig sem á stendur og að hún sé ódýr. Allt hefur þetta tekist. Roftími er hér skammur og gæði raforku á borð við hið besta sem gerist.

Nýlega voru birtar töflur sem sýna að raforkuverð er hér hvað lægst í veröldinni þrátt fyrir erfiða landshætti og fámenni. Athuganir sýna að raforkukostnaður mikilvægra atvinnugreina landsins er innan við 2% af útgjöldum að meðtöldum sköttum. Raforka til almennra nota er 1,3% framfærsluvísitölunnar.

Þá má enn minna á að á tímabilinu 1984–1988 lækkaði rafmagnsverð í samanburði við ýmsa aðra þætti. Orkuverð Rafmagnsveitna ríkisins, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og fleiri raforkuveitna hækkaði þá um 64,5–75,5% á sama tíma og framfærsluvísitala, vísitala byggingarkostnaðar og lánskjaravísitala hækkaði um 157–177%. Raunverð raforku frá fyrirtækjunum lækkaði um 30–39% á þessu skeiði.

Raforkuveitur eru undir stjórn kjörinna fulltrúa eigenda/raforkunotenda. Veitustjórnir eru, eins og málum er nú fyrir komið, aðhaldssamar og tregar til hækkunar nema skýr rök mæli með.

Samkvæmt því sem hér hefur verið greint frá verður að telja að núverandi eftirlit kjörinna fulltrúa með raforkuverði sé fullnægjandi og hafi reynst vel. Því er ekki tilefni til að taka upp frekara verðlagseftirlit eins og stefnt er að með ofannefndu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands íslenskra rafveitna,
Eggert Ásgeirsson
skrifstofustjóri.


Meðalverð Landsvirkjunar á rafmagnssölu til almenningsveitna 1980 til 1988. Verðlag í desember 1988.
Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
Orkustofnun OBD janúar 1989
kr/kWh
3
2,5
2
1,5
1
0,5
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
Áætl. 1988

Mynd 3


Raforkuverð til almennra heimilisnota 1980 til 1988.
Verðlag í desember 1988.
Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
Orkustofnun OBD
janúar 1989
12
kr/kWh
10
8
6
4
2
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
Rafmagnsveitur ríkisins
Rafmagnsveita Reykjavíkur

Mynd 4


Orkukostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis 1980 til1988.
Verðlag í des. 1988.
Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
Orkustofnun OBD
janúar 1989
kr/kWh
5
4
3
2
1
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
Olía án olíustyrks
Rarik án afsláttar LV og niðurgr.
Rarik með afslætti LV og niðurgr.
Hitaveita Reykjavíkur
Hitaveita Akran.&Borgarfj
Hitaveita Seyðisfjarðar

Mynd 7

Nd. 543. Lög [202. mál]

um norrænan þróunarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 273.

Ed. 544. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson.

Jón Helgason. | Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 545. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson.

Jón Helgason. | Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 546. Frumvarp til laga [298. mál]

um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

(Lagt fram á Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Eftirtalin lög eru felld úr gildi:

1. Lög nr. 23 12. september 1917, um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o.fl.
2. Lög nr. 22 13. janúar 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.
3. Lög nr. 21 5. apríl 1971, um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.
4. Lög nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðju ríkisins.
5. Lög nr. 46 14. maí 1974, um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.
6. Lög nr. 107 31. desember 1971, um undirbúning Þörungarvinnslu að Reykhólum.
7. Lög nr. 107 27. desember 1973, um Þörungavinnslu við Breiðafjörð, með breytingu gerðri með lögum nr. 14 23. maí 1975.
8. Lög nr. 59 4. júní 1981, um stálbræðslu.
9. Lög nr 45 30. júní 1942, um leyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.
10. Lög nr. 28 16. apríl 1971, um virkjun Svartár í Skagafirði.
11. Lög nr. 105 31. desember 1974, um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu í því skyni að felld verði úr gildi ýmis lagaákvæði sem eigi eiga lengur við sökum breyttra aðstæðna.

Er þar um að ræða lög sem aldrei hafa komið til framkvæmda eða sem hætt er að framkvæma. Annar flokkur laga eru svokölluð „einnota“ lög, það eru lög sem áttu við einstaka framkvæmd sem lokið er. Má þar nefna heimildarlög vegna lántöku, leigunáms á húsnæði, sölu eigna o.þ.h. Óþarft er að birta slík lög í Lagasafni þótt þau haldi áfram gildi sínu. Sem dæmi um þetta má nefna lög nr. 26 15. maí 1984, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, lög nr. 125 31. desember 1984, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna, lög nr. 24 23. apríl 1946, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar sf., lög nr. 19 10. maí 1977, um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, lög nr. 54 20. apríl 1963, um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð, lög nr. 35 23. maí 1959, um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, lög nr. 51 20. apríl 1963, um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, lög nr. 45 30. júní 1942, um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossa, lög nr. 63 25. maí 1950, um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, og lög nr. 74 25. nóvember 1952, um heimild fyrir

ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs og Laxárvirkjana. Sama er að segja um lög nr. 20 27. júní 1921, um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá, lög nr. 92 5. júní 1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, lög nr. 34 16. maí 1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, lög nr. 12 9. febrúar 1951, um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, og lög nr. 65 8. maí 1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, ásamt lögum nr. 111 30. desember 1970, um virkjun Lagarfoss. Hætta má einnig birtingu í Lagasafni á lögum nr. 47 1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, þar eð félaginu var slitið samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. þeirra og það sameinað nýju félagi, sem stofnað var samkvæmt lögum nr. 62 frá 25. maí 1981, um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, Sjóefnavinnslunni hf. Ríkissjóður hefur nú selt hlut sinn í því félagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. tölul.

Þessi lög voru sett vegna styrjaldarástandsins 1917 og hafa enga þýðingu lengur.

Um 2. tölul.

Lögum þessum hefur ekki verið beitt í áratugi og eru úrelt. Þar kemur m.a. fram að landbúnaðarráðherra er fengið vald til þess að kveða á um ýmis framkvæmdaratriði, en þegar lögin voru sett voru bæði landbúnaðar- og iðnaðarmál vistuð í atvinnu- og samgönguráðuneyti. Landbúnaðarráðuneytið hefur ekkert að athuga við brottfall laganna sem undanfarna áratugi hafa verið flokkuð með lögum um iðnaðarmál.

Um 3. tölul.

Lögin hafa enga þýðingu lengur. Frumathugun leiddi í ljós á sínum tíma að bygging olíuhreinsunarstöðvar hér á landi væri eigi hagkvæm og varð því ekkert af frekari framkvæmdum. Eðlilegt er að málið komi á ný til kasta Alþingis ef upp koma á ný hugmyndir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér á landi.

Um 4. tölul.

Ríkissjóður hefur þegar hætt rekstri þeirra tunnuverksmiðja sem nefndar eru í lögunum og er ekki lengur þörf ríkisaðildar að slíkri framleiðslu.

Um 5. tölul.

Ekki er lengur þörf ríkisaðildar að framleiðslu fiskkassa hér á landi.

Um 6. og 7. tölul.

Þörungavinnslan hf. varð gjaldþrota og er ríkissjóður eigi lengur aðili að þurrkun þörunga að Reykhólum.

Um 8. tölul.

Hætt er við þær framkvæmdir sem lögin fjölluðu um. Eðlilegt er að málið komi aftur til kasta Alþingis ef það verður endurvakið.

Um 9. tölul.
Lögin virðast með öllu úrelt og er því rétt að fella þau formlega úr gildi.

Um 10. tölul.
Lög þessi hafa aldrei komið til framkvæmda og virðast úrelt. Að áliti Orkustofnunar mundi virkjun Svartár, ef til kemur, gerð með allt öðrum hætti en lögin gera ráð fyrir og yrði því að setja ný lög um hana.

Um 11. tölul.
Hér á hið sama við og segir um 10. lið. Lögin eru úrelt vegna breyttra aðstæðna frá því er þau voru sett. Sem stendur er ráðgert að virkja Bessastaðaá með Jökulsá í Fljótsdal, en heimild til virkjunar hennar er að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver.
Þótt horfið yrði að því að virkja Bessastaðaá sérstaklega, t.d. sem fyrsta áfanga samvirkjunar með Jökulsá í Fljótsdal, yrði sú virkjun að áliti Orkustofnunar með allt öðrum hætti en lögin frá 1974 gera ráð fyrir.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 547. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá Auði Eiríksdóttur.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:
   Óheimilt er fram til 1. maí 1991 að áskilja eða taka hærri vexti af peningakröfum en 5% ársvexti af verðtryggðum kröfum. Hámarksvextir af óverðtryggðum kröfum skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands og skulu þeir ákveðnir þannig að raunávöxtun óverðtryggðra peningakrafna verði ekki hærri en raunávöxtun verðtryggðra krafna.
2. Niður falli 7.–10. gr.

Sþ. 548. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og jöfnun raforkuverðs.

Flm.: Jón Helgason, Egill Jónsson, Hjörleifur Guttormsson,
Birna K. Lárusdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson, Auður Eiríksdóttir,
Alexander Stefánsson.

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að vinna að sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í samræmi við það. Enn fremur verði með þeirri lagasetningu kveðið á um jöfnun smásöluverðs á raforku þannig að verðlagning hjá hinu nýja fyrirtæki verði sambærileg við vegið meðaltal hjá öðrum rafveitum.

Greinargerð.

Nú stendur yfir og er fram undan mikið átak í mörgum atvinnugreinum til hagræðingar í rekstri á þann hátt að sameina fyrirtæki og stækka rekstrareiningar. Viðurkennt er að með því móti megi ná fram miklum sparnaði án þess að draga úr rekstri eða þjónustu. Með tilliti til þessara staðreynda er ekki síður þörf á að gera slíkt á sviði orkudreifingar og því fráleitt að ríkið standi að rekstri tveggja fyrirtækja með svo skylda starfsemi sem Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun halda uppi. En um leið og slík skipulagsbreyting er gerð þarf að ná fram því mikilvæga markmiði að jafna smásöluverð á raforku um land allt. Á undanförnum árum hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess en aldrei hefur tekist að ná því að fullu. Með endurskoðuðum lögum um Landsvirkjun árið 1983 fékk fyrirtækið að mestu leyti einkarétt á raforkuöflun í landinu og afhendingu orkunnar til dreifiveitna. Jafnframt var lögfest að Landsvirkjun skyldi afhenda raforku samkvæmt gjaldskrá á sama verði til dreifiveitna í öllum landshlutum. Hlutur Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í raforkuflutningi og dreifingu er hins vegar langtum kostnaðarsamari en hjá rafveitum sem nær eingöngu dreifa raforku í þéttbýli. Þessar ráðstafanir og aðrar hafa því ekki nægt til að jafna smásöluverð. Verðlagningarkerfið í raforkumálum hefur því þróast þannig að mikill meiri hluti þjóðarinnar nýtur þeirra óeðlilegu forréttinda að búa við lægra orkuverð en þau héruð þar sem orkuöflunin fer fram og önnur þau svæði sem sambærilega aðstöðu hafa. Slíkt er að sjálfsögðu ranglátt og algjörlega óviðunandi. Því verður tafarlaust að gera réttláta lagfæringu á þessu kerfi.

Núverandi kerfi hefur einnig á sér ýmsa fleiri annmarka. Þar sem verðlagningarkerfið er ekki nægjanlega sveigjanlegt hefur það t.d. verið ódýrara fyrir suma að nota olíu til framleiðslu á raforku til eigin nota í stað þess að kaupa umframraforku frá innlendum orkuverum. Á síðustu árum hafa fjárfestingar Landsvirkjunar verið örari en brýn þörf hefur verið fyrir á sama tíma og endurnýjun dreifikerfis hjá Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið allt of hæg. Eftir sameiningu í eitt fyrirtæki ætti að vera hægt að beina framkvæmdum að þeim verkefnum sem mest eru aðkallandi.

Í árslok 1987 var eigið fé Rafmagnsveitna ríkisins um 5,5 milljarðar króna og Landsvirkjunar 13,6 milljarðar króna. Það er því augljóst að hlutur ríkisins í hinu sameinaða fyrirtæki verður miklu stærri en hann er nú í Landsvirkjun nema fleiri dreifiveitur vilji gerast þar aðilar að. En sjálfsagt virðist að hafa opnar heimildir fyrir slíku.

Nd. 549. Frumvarp til laga [300. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í tólf mánuði, eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í átján mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- eða örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og/eða örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er löngu viðurkennt að oft er þörf á langvarandi endurhæfingu eftir sjúkdóma og slys. Á Norðurlöndum hefur um árabil verið greiddur endurhæfingarlífeyrir þeim sem orðið hafa fyrir þungbærum sjúkdómum eða örkumlast af slysum. Reistar hafa verið sjúkrastofnanir sem beinlínis hafa það að markmiði að greina afleiðingar langvarandi sjúkdóma og slysa en einnig að endurhæfa þá sem fyrir slíkri ógæfu hafa orðið, á þann besta máta sem læknisfræðin þekkir hverju sinni. Slíkar sjúkrastofnanir eru í Finnlandi og Svíþjóð.

Þrátt fyrir miklar framfarir á ýmsum sviðum endurhæfingar hér á landi á síðustu tveimur áratugum hefur ekki verið hugað að þessu atriði sem skyldi. Öllum er ljóst að einstaklingur, sem orðið hefur fyrir langvarandi sjúkdómi eða örkumlast af völdum slyss, þarf bæði á andlegri og líkamlegri endurhæfingu að halda. Oft má með bestu aðferð ná allgóðri starfsorku á ný þó að sjúkdómar eða slys hafi verið mjög alvarleg. Hér þurfa ráð bestu sérfræðinga, bæði hvað varðar líkamlega endurhæfingu og ekki síður hina andlegu, að koma til. Þjóðfélaginu ber tvímælalaust skylda til að hlynna að slíkum einstaklingum.

Öllum er og ljóst að hver sá einstaklingur, sem öðlast nokkra starfsorku, fær ekki aðeins aukna lífsfyllingu heldur er einnig um verulega fjármuni að tefla fyrir þjóðfélagið. Hér ber því allt að sama brunni, heill hins sjúka eða slasaða einstaklings og velferð þjóðfélagsins.

Málum er einatt þannig háttað að fjölskyldumaður verður fyrir slysi eða þungbærum sjúkdómi og getur þá ekki notið þeirrar meðferðar sem nauðsynlegt er af efnahagslegum ástæðum. Fjölskyldunni þarf að sjá farborða og því ekki um annað að ræða en að hefja vinnu löngu áður en tímabært er og viðunandi árangur hefur náðst með endurhæfingu eða annarri meðferð.

Samfara endurhæfingarlífeyri fara hinar sömu greiðslur, svo sem er um elli- og örorkulífeyri.

Með frumvarpi þessu er reynt að bæta úr brýnni þörf þeirra einstaklinga sem orðið hafa fórnarlömb þungbærra sjúkdóma og slysa. Ætla má að um 100 einstaklingar nytu endurhæfingarlífeyris á ári þó að ekki sé hægt að segja nákvæmlega til um það. Hér er því um ótvíræðan þjóðhagslegan ávinning að ræða auk þeirrar lífsfyllingar sem einstaklingarnir munu öðlast við aukið vinnuþrek.

Nd. 550. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu Eiríkur Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands og Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka.

Meiri hl. nefndarinnar telur að frágangur frumvarpsins hefði mátt vera betri af hálfu viðskiptaráðuneytisins.

Alþingi, 21. febr. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Ragnar Arnalds. Sigríður Hjartar.

Árni Gunnarsson.

Nd. 551. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, SHj, ÁrnG).

1. Við 6. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist svo:

   1. mgr. 17. gr. laganna, er verði 20. gr. þeirra, orðist svo:

   Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

2. Í stað 7.–10. gr. komi ein grein er verði 6. gr. og orðist svo:

   Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, IV. kafli: **Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða**, með þremur nýjum greinum svohljóðandi:

   a. (17. gr.)

   Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

   b. (18. gr.)

   Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

   Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

c. (19. gr.)

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

Nd. 552. Nefndarálit [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Megintilgangur frumvarps þessa er að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu í lánsviðskiptum, sbr. seinasta málslið 6. gr. Fyrsti minni hl. er samþykkur þessum tilgangi frumvarpsins. Þá er 1. minni hl. einnig hlynntur ákvæðum 5. gr. frumvarpsins sem gerir mögulegt að ekki þurfi lengur að sundurliða dráttarvaxtakröfur í langri þulu. Þetta ákvæði frumvarpsins er það mikilvægt að það eitt sér mundi hafa réttlætt framlagningu þessa frumvarps. Við ýmis önnur atriði frumvarpsins gerir 1. minni hl. hins vegar athugasemdir og flytur tvær breytingartillögur þar að lútandi á sérstöku þingskjali.

Fyrri breytingartillagan lýtur að því að fella brott tvo fyrstu málsliði 6. gr. frumvarpsins enda eru þau ákvæði þegar fyrir í gildandi vaxtalögum. Það er seinasti málsliðurinn sem skiptir máli og lagt er til að hann bætist við gildandi vaxtalög.

Síðari breytingartillagan lýtur að því að fella brott 7.–10. gr. frumvarpsins. Fyrsti minni hl. nefndarinnar vill benda á í þessu sambandi að með lögum um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana, sem öðluðust gildi 31. des. sl., voru ákvæði laga nr. 13/1975, um launajöfnunarbætur, verðlag o.fl., felld úr gildi. Þau ákvæði voru að verulegu leyti samhljóða 7.–10. gr. þessa frumvarps og gerðu ráð fyrir að ríkisstjórnin færi með endanlegt ákvörðunarvald um lánskjör, þar á meðal vaxtakjör, hjá fjárfestingarlánasjóðum.

Svo virðist sem niðurfelling þessa ákvæðis í desember síðastliðnum hafi verið hluti af samkomulagi fjármálaráðherra við stærstu fjárfestingarlánasjóðina, en í frumvarpinu um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana í sinni upphaflegu mynd var gert ráð fyrir að sjóðirnir yrðu skattlagðir. Í meðförum þingsins tók frumvarpið hins vegar miklum breytingum því notkun hugtaksins „opinberir fjárfestingarlánasjóðir“ þótti ómarkviss (sjá umræður 20.–22. des.) og var fallið frá því að skattleggja sjóðina. Fjármálaráðherrann gleymdi hins vegar að draga til baka umrætt ákvæði sem veitti sjóðunum fullt vaxtafrelsi.

Af þessari ástæðu má gera nokkrar athugasemdir við 7.–10. gr. vaxtalagafrumvarpsins. Í fyrsta lagi er notað orðalagið „opinberir fjárfestingarlánasjóðir“ sem þingið taldi ónothæft í desember síðastliðnum. Í öðru lagi má spyrja hvers vegna skrefið til baka er ekki stigið til fulls og vaxtaákvarðanir færðar undir endanlegt ákvörðunarvald ríkisstjórnarinnar eins og lögin frá 1975 kváðu á um. Í þriðja lagi má gagnrýna það óagot sem „mistök“ af þessu tagi bera vott um. Í fjórða lagi má spyrja hvers vegna fjárfestingarlánasjóðum (sjá 9. gr.) eru ekki settar sams konar reglur um endurlánajöfnuð og innlánsstofnunum, sbr. 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Alþingi, 22. febr. 1989.

Matthías Bjarnason, frsm. Hreggviður Jónsson.

Nd. 553. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (MB, HJ).

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist:
   Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.
2. 7.–10. gr. falli brott.

Nd. 554. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu í lánsviðskiptum, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu felast auk þess eftirfarandi atriði:

1. Tekin eru af tvímæli um nokkur óljós atriði í vaxtalögum, nr. 25/1987, sbr. 1., 2., 4. og 5. gr. frumvarpsins.
2. Lögð er sama tilkynningarskylda um vaxtakjör á verðbréfa- og eignarleigufyrirtæki og nú hvílir á viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 3. gr. frumvarpsins.
3. Sett er í vaxtalögin ákvæði um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða þar sem öll ábyrgð og stefnumörkun er færð í hendur ráðherra, sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins.

Annar minni hl. er samþykkur meginmarkmiði þessa frumvarps en dregur í efa að ákvæði þess séu fullnægjandi til að tryggja framgang þessa markmiðs. Það er t.d. afar ólíklegt að frumvarpið dragi á nokkurn hátt úr svokölluðum affallaviðskiptum sem stundum eru mjög mikil og virðast algjörlega háð aðstæðum á fjármagnsmarkaðinum.

Annar minni hl. styður þær greinar, sem nefndar eru í 1. og 2. lið hér að ofan, svo og 6. gr. með þeirri breytingu sem lögð er til í breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar. Um 3. liðinn gegnir öðru máli, enda kom í ljós við umfjöllun nefndarinnar að málið var ekki hugsað né undirbúið til hlítar. Með þetta í huga þarf að athuga og vinna betur þessar greinar frumvarpsins. Þá telur 2. minni hl. einnig ámælisvert að ekki hefur verið vandað nægilega til frágangs frumvarpsins eins og sést á því að flestar þær breytingar, sem meiri hl. hefur gert á frumvarpinu, miða að því að lagfæra uppsetningu þess.

Þó að 2. minni hl. styðji meginefni frumvarpsins þá telur hann að vankantar frumvarpsins séu þess eðlis að því beri að **vísa til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar. Verði ekki fallist á þá málsmeðferð mun 2. minni hl. sitja hjá við afgreiðslu um þær greinar frumvarpsins sem hann hefur gert athugasemdir við.

Alþingi, 23. febr. 1989.

Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 555. Frumvarp til laga [301. mál]

um verndun fornleifa.

Flm.: Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Kristín Halldórsdóttir.

I. KAFLI
Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun fornleifa þannig að þeim verði hvorki spillt né grandað af manna völdum eða náttúruöflum.

Jafnframt eiga lögin að auðvelda almenningi að umgangast og virða fornleifar sem hluta náttúrulegs umhverfis því að í fornleifum felst vitneskja um lífsskilyrði og menningu horfinna kynslóða.

Fornleifar.

2. gr.

Jarðfastar fornleifar 100 ára eða eldri eru friðhelgar. Þeim má hvorki spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær né flytja úr stað nema leyfi Fornleifafræðistofnunar eða landsminjavarðar komi til, sbr. 18. og 21. gr.

3. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar jarðfastra minja sem mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar eða önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök og hlutar úr þeim.

4. gr.

Fornleifafræðistofnun ber í samráði við Landsminjaverði að friðlýsa fornleifar og sögustaði sem teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Við slíkum friðlýstum stöðum má ekki hrófla á neinn hátt nema leyfi friðlýsingaraðila komi til. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu áfram njóta friðunar. Kostnað vegna friðlýsinga skal greiða úr ríkissjóði.

5. gr.

Þeim minjum, sem friðlýstar eru skv. 4. gr., skal fylgja ákveðið friðhelgað svæði frá ystu mörkum sýnilegra fornleifa og allt umhverfis þær. Um slíkt skal leita samþykkis landeiganda.

Tilkynna skal friðlýsingu fornleifa í Stjórnartíðindum, en auk þess landeiganda, ábúanda eða öðrum rétthöfum. Auðkenna skal friðlýstar minjar eða minjasvæði með sérstökum merkjum.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim sem á friðlýsingarskrá standa.

6. gr.

Finnist fornleifar, sem áður voru ókunnar, skal finnandi skýra viðkomandi landsminjaverði eða Fornleifafræðistofnun, sbr. 18. og 21. gr., frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður landsminjavarðar og Fornleifafræðistofnunar um það hvort verki megi halda áfram og með hvaða skilmálum.

7. gr.

Telji landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá sem stjórnar framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum skal hann skýra landsminjaverði eða Fornleifafræðistofnun frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmdum muni leiða. Fornleifafræðistofnun og landsminjavörður ákveða hvort eða hvenær framkvæmd megi hefjast og með hvaða skilmálum. Sömu aðilar hafa rétt til að fresta framkvæmdum uns nauðsynleg rannsókn hefur farið fram.

Við allar meiri háttar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum. Setja skal í reglugerð frekari ákvæði um efni þessarar greinar.

8. gr.

Landeiganda eða ábúanda ber að gera landsminjaverði eða Fornleifafræðistofnun viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af manna völdum eða vegna náttúruafla. Fornleifafræðistofnun og landsminjavörður ákveða þá hvaða ráðstafanir skulu gerðar til að vernda fornleifarnar.

9. gr.

Fornleifafræðistofnun skal hafa samráð við landsminjaverði um framkvæmd laga þessara að því er varðar verndun fornleifa.

10. gr.

Fornleifafræðistofnun og landsminjaverðir hafa yfirumsjón með öllum fornleifarannsóknum í landinu og ber þeim að sjá til þess að einungis viðurkennt fagfólk annist rannsóknir á fornleifum.

Fornleifafræðistofnun getur í samráði við landsminjavörð heimilað öðrum aðila rannsóknir á fornleifum enda uppfylli hann ákveðin menntunar- og þekkingarskilyrði sem Fornleifafræðistofnun setur. Ef um erlenda aðila er að ræða er skylt að rannsóknirnar séu undir yfirumsjón Fornleifafræðistofnunar og hlutaðeigandi landsminjavarðar og að rannsóknarleyfið sé veitt með samþykki þeirra. Beina skal til Fornleifafræðistofnunar öllum rannsóknarbeiðnum erlendra aðila er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til Vísindaráðs skv. l. nr. 48/1987.

11. gr.

Fornleifafræðistofnun ber í samráði og samvinnu við landsminjaverði að hafa yfirumsjón með skráningu fornleifa. Á fornleifaskrá skal færa upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar til varðveislu og friðlýsingar þeirra. Heildarskrá fyrir landið skal vera á Fornleifafræðistofnun og hjá landsminjavörðum og skal stefnt að því að gefa skrárnar út eftir þörfum. Sömu aðilar skulu stuðla að því að fornleifar, sem hafa sérstakt menningarsögulegt gildi, verði gerðar aðgengilegar almenningi og annast uppsetningu upplýsingaskilta við minjarnar.

12. gr.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna landsminjaverði eða Fornleifafræðistofnun um fyrirhugað skipulag. Fornleifafræðistofnun eða landsminjavörður lætur þá skrá minjar á svæðinu eða endurskoða fyrri skrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum.

Friðlýstar og skráðar fornleifar skulu færðar inn á skipulagsuppdrætti og kort eftir því sem tök eru á.

Forngripir.

13. gr.

Forngripir eru lausar fornleifar, þ.e. einstakir munir hundrað ára og eldri. Hlutir og hlutabrot sem finnast einir sér eða við fornleifarannsóknir teljast til forngripa og skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða hlutaðeigandi byggða- og minjasöfnum að loknum rannsóknum sem Fornleifafræðistofnun og landsminjaverðir sjá um.

Forngripir eru munir sem menn hafa notað eða mannaverk eru á. Til þeirra teljast einnig leifar af líkömum manna og dýra sem finnast við fornleifarannsóknir.

14. gr.

Þegar forngripir finnast, sem ekki eru í einkaeign svo vitað sé, skal finnandi tilkynna landsminjaverði eða Fornleifafræðistofnun um fundinn svo fljótt sem auðið er. Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé talið að taka hann eða hluta hans til umhirðu vegna hættu á að hann spilltist eða fari forgörðum. Slíkir forngripir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi skal stjórn Fornleifafræðistofnunar skera úr.

15. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld sem hann hefur sannanlega haft vegna forngrips. Nú finnast forngripir úr gulli og silfri, þar á meðal gull- eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju matshundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

16. gr.

Forngripi, sem taldir eru hafa sérstakt menningarsögulegt minjagildi, má ekki flytja úr landi nema til komi samþykki Fornleifafræðistofnunar, hlutaðeigandi vörslusafns og þjóðminjavarðar.

17. gr.

Sjái einhver meinbugi á ákvörðun Fornleifastofnunar eða landsminjavarða getur hann skotið máli sínu til stjórnar Fornleifafræðistofnunar, sbr 19. gr.

II. KAFLI

Fornleifafræðistofnun.

18. gr.

Fornleifafræðistofnun og landsminjaverðir í umboði hennar, sbr. 21. gr., hafa yfirumsjón með allri fornleifavörslu í landinu. Stofnunin skal leggja höfuðáherslu á rannsóknir hvort heldur um er að ræða fræðilegar rannsóknir eða skyndirannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðrar röskunar á fornleifum.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera tvíþætt: annars vegar skráningar-, eftirlits- og upplýsingastörf og hins vegar friðlýsingar- og rannsóknastörf.

Fornleifarannsóknum á vegum stofnunarinnar skulu fornleifafræðingar stjórna, en nánari ákvæði um menntunar- og þekkingarskilyrði skal setja í reglugerð.

Kostnaður af rekstri Fornleifafræðistofnunar skal greiddur úr ríkissjóði.

19. gr.

Stjórn Fornleifafræðistofnunar skal þannig skipuð: Menntamálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndan af landsminjavörðum og lögfræðing tilnefndan af lagadeild Háskóla Íslands. Auk þess eiga sæti í stjórninni þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar.

Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Skipunartími stjórnar skal vera fjögur ár.

20. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifafræðistofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar og skal hann vera fornleifafræðingur að mennt, en skilyrði um menntun og hæfni skal tilgreina í reglugerð.

Ráðherra skipar einnig aðra starfsmenn Fornleifafræðistofnunar samkvæmt tilnefningu stjórnar.

21. gr.

Landinu skal skipt í fimm landsminjasvæði. Sérstakir landsminjaverðir skulu starfa á vegum Fornleifafræðistofnunar, einn á hverju svæði. Ríkissjóður greiðir laun þeirra en bæjar- og sveitarfélögum ber að sjá þeim fyrir vinnuaðstöðu.

Landsminjaverðir skulu vera fornleifafræðingar að mennt, en menntunarkröfur skal nánar tilgreina í reglugerð. Menntamálaráðherra skipar landsminjaverði samkvæmt tilnefningu stjórnar Fornleifafræðistofnunar.

Starfsmenn Fornleifafræðistofnunar og landsminjaverðir skulu halda reglulega fundi til að samræma starf sitt. Nánari ákvæði um fundahald skal setja í reglugerð.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

22. gr.

Einstaklingar sem verða fyrir fjártjóni vegna framkvæmda samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Skaðabótakröfum sínum skulu þeir beina til stjórnar Fornleifafræðistofnunar.

23. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga.

25. gr.

Um framkvæmd laganna í heild eða einstaka þætti þeirra skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Reglugerðir, settar samkvæmt lögum þessum, skal endurskoða eigi síðar en fimm árum eftir að lög þessi koma til framkvæmda.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt fellur þá úr gildi II. kafli þjóðminjalaga, nr. 52 frá 1969.

Greinargerð.

Við samþykkt núgildandi þjóðminjalaga, nr. 52 frá 1969, var horfið frá fyrri hefð, sem einkenndi lögin um verndun fornleifa frá 1907, þar sem tilefni og tilgangur laganna var fyrst og fremst að stuðla að fornleifavernd. Fyrirmyndin að lögunum 1907 var fengin frá Norðurlöndum. Þessa hefð hafa nágrannaþjóðirnar haldið fast við og eru sérstakir lagabálkar um verndun fornleifa enn við lýði hjá þeim. Lögin um fornleifavernd urðu síðar hornsteinninn í allri menningarminjalöggjöf þessara þjóða. Áhuginn á því að kanna og skýra fornleifarnar og flokka þær í ákveðna tímaröð þróaðist smám saman í sérstaka faggrein, fornleifafræði. Norðurlöndin áttu, og eiga enn, stóran þátt í því að þróa fornleifafræðina sem alþjóðavísindagrein, einkum vegna löggjafarinnar og skilnings stjórnvalda á því að styðja við fornleifafræði sem fag- og vísindagrein í þessum löndum. Við þetta má bæta að fornleifalöggjöf nágrannalandanna hefur verið aðlöguð umhverfisverndarlöggjöf landanna og í Noregi heyra allar menningarminjar, þar með taldar fornleifar, undir umhverfismálaráðuneyti.

Við erum óneitanlega langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað fornleifavernd varðar og því mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að þessum þætti menningarminjavörslunnar verði búin góð skilyrði þegar henni eru sett ný lög.

Það hefur mikla kosti í för með sér að skilja fornleifavörsluna frá Þjóðminjasafninu og safnastarfsemi yfirleitt. Með því móti er unnt að stórefla fornleifaverndina. Slíkt fyrirkomulag mundi samtímis létta til muna kvaðir á starfsmönnum Þjóðminjasafnsins sem gætu einbeitt sér að því að styrkja innviði Þjóðminjasafnsins sem safnastofnunar, enda ber að semja sérstaka löggjöf um Þjóðminjasafnið sem og önnur minjasöfn í landinu. Húsavernd getur heyrt undir Þjóðminjasafnið eftirleiðis sem hingað til, hugsanlega með aðstoð byggða- og minjasafnsvarða úti um land. Hér þarf þó að sjá til þess að húsavernd sé hagað þannig að friðlýstum byggingum, og þá ekki síst kirkjum, sé hægt að breyta með tilliti til nútímaþarfa fólksins sem þær nýtir.

Flutningsmenn telja að viðurkenndir fornleifafræðingar, með menntun og reynslu, eigi að hafa umsjón með fornleifavörslunni. Það er ærinn starfi þó svo að ekki sé verið að setja þeim að sjá um gamlar byggingar og annast þjónustu við byggðasöfn að auki eins og lagt hefur verið til. Það hefur hamlað fornleifavörslunni hérlendis allt of lengi, og þar með framgangi og eðlilegri þróun innlendrar fornleifafræði, að ekki er nægilega ýtt undir það að ráða til starfa vel menntaða fornleifafræðinga né heldur að skapa þeim eðlileg starfsskilyrði. Við erum fyrir allnokkru orðin eftirbátur nágrannaþjóða okkar í fornleifafræðilegum efnum og er því mál til komið að skapa fornleifavörslunni skilyrði sem sæmi okkur sem menningarþjóð en það er einmitt tilgangur þessa lagafrumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum frá 1969 er ekki skilgreindur neinn tilgangur með lagasetningunni og er reynt að bæta úr því hér. Hér er einnig bent á rétt almennings til að njóta fornleifanna sem slíkra en þá einnig skyldur hans að virða þær sem arf sem varðveita þurfi einnig handa komandi kynslóðum.

Um 2. gr.

Í lögunum frá 1969 eru einungis fornleifar á fornleifaskrá friðhelgar, en hér er lagt til að allar fornleifar samkvæmt hundrað ára reglunni séu friðhelgar.

Um 3. gr.

Leitast er við að skilgreina hvað geti heyrt til fornleifa til að auðvelda almenningi að standa vörð um þær, enda liggi viðurlög við því að hrófla við þeim (sbr. 24. gr.). Hvað vígða grafreiti varðar ber að taka mið af gildandi kirkjugarðslögum hverju sinni (nú lög nr. 21/1963).

Um 4. gr.

Lagt er til að sérstök stofnun, Fornleifafræðistofnun, sjái um að friðlýsa fornleifar sem taldar eru hafa sérstakt menningarsögulegt gildi í samráði við viðurkennt fagfólk, sbr. 18. og 21. gr. Það gefur auga leið að landsminjaverðir úti í héruðum geta á auðveldari hátt unnið í samvinnu við hagsmunaaðila á friðlýsingarlandinu að friðlýsingum en þeir sem aðsetur hafa í höfuðborginni. Kostnað vegna friðlýsinga, ef einhver verður, skal greiða úr ríkissjóði.

Um 5. gr.

Með orðalagi greinarinnar er veitt færi á því að friðlýsa ákveðið svæði umhverfis fornleifar, t.d. til að auðvelda varðveislu þeirra, en þó einnig með tilliti til þess að umhverfi og fornleifar geti myndað eðlilega heild.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. núgildandi þjóðminjalaga frá 1969 með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Um 7. gr.

Greinin er að hluta til samhljóða 13. gr. núgildandi þjóðminjalaga með nauðsynlegum og tímabærum viðbótum um það hver skuli standa straum af kostnaði af rannsóknum ef samþykki fæst fyrir því að raskað sé við fornleifum vegna framkvæmda. Slíkar rannsóknir, sem og aðrar fornleifarannsóknir, séu undir yfirumsjón eða með samþykki Fornleifafræðistofnunar og umboðsmanna hennar úti í héraði, landsminjavarðanna.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. núgildandi þjóðminjalaga nema hvað Fornleifafræðistofnun og landsminjaverðir í umboði hennar taka ákvarðanir um verndun fornleifanna.

Um 9. gr.

Fornleifafræðistofnun og umboðsmönnum hennar, landsminjavörðum, ber að annast fornleifavörsluna og gera nauðsynlegar ráðstafanir sem henni tengjast. Hér er sérstaklega tilgreint að þeir sem beri ábyrgð á vörslu og rannsókn fornleifa séu fornleifafræðingar að mennt og eru slík skilyrði sett með verndun fornleifanna í huga.

Um 10. gr.

Með þessari grein á að útiloka að hinn tilskipaði umsjónaraðili, Fornleifafræðistofnun, haldi uppi einokun í rannsóknum gagnvart öðrum, til að mynda bæjar- og sveitarfélögum í landinu sem væru tilbúin að reka eða standa fyrir fornleifarannsóknum eins og t.d. Vestmannaeyjabær, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær hafa gert.

Hér er skýrt kveðið á um að strangt eftirlit sé haft með rannsóknarleyfum til handa útlendingum. Nokkur misbrestur hefur orðið á því.

Íslendingar eiga sjálfir að stjórna ferðinni í fornleifarannsóknum í landinu, en hlaupa ekki eftir óskum útlendinga í þeim efnum, hvað þá heldur að hleypa þeim eftirlitslaust í íslenskar fornleifar eins og því miður hefur tíðkast undanfarin ár. Því er hér lagt til að um tvö

leyfisþrep sé að ræða: leyfisveiting Fornleifafræðistofnunar og viðkomandi landsminjavarðar annars vegar og Vísindaráðs hins vegar eins og áskilið er í lögum um Vísindaráð.

Við þetta má bæta að setja þarf ströng ákvæði í reglugerð um skilaskyldu útlendinga sem hér vinna eða taka þátt í fornleifarannsóknum, þ.e. hvað varðar teikningar, myndir, dagbækur, muni og annað er rannsóknunum tengjast.

Um 11. gr.

Með þessari grein er sett sú kvöð á Fornleifafræðistofnun og landsminjaverði í umboði hennar að sjá til þess að fornleifar séu færðar á fornleifaskrá en með því mætti tryggja betur að þær verði ekki fyrir spjöllum. Eins ber sömu aðilum að stuðla að því að gera merkar fornleifar aðgengilegar almenningi í landinu til fróðleiks og ánægju.

Um 12. gr.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Fornleifafræðistofnun eða landsminjavörðum um endurskoðun eða breytingu á landnýtingu á skipulagsskyldum svæðum með tilliti til þess að fyrirhugaðar breytingar gætu raskað fornleifum á svæðinu. Við samningu reglugerða við þessa grein skal taka mið af skipulagsreglugerð, nr. 318/1985, og eins skipulagslögum, nr. 19/1964.

Færa þarf inn skráðar og friðlýstar fornleifar á skipulagsuppdrætti og kort, en það ætti að auðvelda mönnum að njóta þeirra betur en ella, og jafnframt gæti slíkt einfaldað alla almenna fornleifavörslu. Í þessu sambandi má geta þess að landeigendur og ábúendur hafa í aldanna rás séð um ýmiss konar fornleifavörslu endurgjaldslaust og gera margir enn.

Um 13. gr.

Hér er leitast við að skýra hvað teljist til forngripa. Forngripir eru auðvitað oft í eigu einstaklinga eða stofnana en forngripi, sem finnast við fornleifarannsóknir eða einir sér á víðavangi, skal varðveita í Þjóðminjasafni eða byggða- og minjasöfnum að loknum nauðsynlegum rannsóknum.

Um 14. gr.

Fyrstu tveir málsliðirnir eru efnislega samhljóða upphafi 17. gr. núgildandi laga um forngripafundi og varðveislu þeirra. Fornleifafræðistofnun skal skera úr ágreiningi um það hvar forngripir verða endanlega varðveittir.

Forngripir, sem ekki eru í einkaeigu, heyra að öðru leyti undir vörsluskyldu Þjóðminjasafnsins og byggða- og minjasafna og þyrftu því ákvæði um vörslu þeirra að vera í löggjöf eða reglugerð um þessi söfn.

Um 15. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 18. gr. núgildandi þjóðminjalaga.

Um 16. gr.

Í núgildandi lögum, 1. málsl. 19. gr., segir: „Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi.“ Hér er orðalagi breytt með tilliti til þess að ekki er hægt að fylgja eftir banni á útflutningi á öllum „gripum 100 ára og eldri“. Sett er bann við því að forngripir með menningarsögulegt minjagildi séu fluttir úr landi, með þeim fyrirvara að leyfi um slíkt skuli sækja til tilgreindra aðila. Skv. 13. gr. er skylt að varðveita forngripi, sem finnast á víðavangi eða við fornleifarannsóknir, í Þjóðminjasafni og öðrum minjasöfnum og þarf því ekki að tilgreina þá sérstaklega hér þó að þessi lagagrein nái einnig yfir slíka gripi.

Um 17. gr.

Stjórn Fornleifafræðistofnunar er ætlað að hafa það hlutverk að leysa deilur sem upp kunna að koma milli Fornleifafræðistofnunar og landsminjavarða annars vegar og annarra hagsmunaaðila hins vegar, og þá ekki síst til að greiða úr ágreiningi áður en kemur til kasta dómstóla. Skv. 19. gr. ætti þjóðminjavörður sæti í umræddri stjórn. Að öðru leyti er hér um tímabær nýmæli að ræða þar sem aldrei var samin nein reglugerð hvað þetta varðar þegar núgildandi lög tóku gildi 1969.

Um II. kafla.

Um 18. gr.

Áður hefur verið vikið að því að létta beri á skyldum og kvöðum Þjóðminjasafnsins með því að skilja fornleifavörsluna frá safninu. Með slíku fyrirkomulagi geta starfsmenn Þjóðminjasafnsins helgað sig sýningar-, varðveislu-, forvörslu- og annarri safnastarfsemi, sem núverandi starfsmenn munu eiga fullt í fangi með að sinna þar sem fyrir liggur að breyta þarf innviðum safnsins, allri sýningarstarfsemi og ýmsum ef ekki flestum öðrum þáttum safnastarfseminnar nú þegar Listasafn Íslands hefur endanlega flutt úr húsakynnum Þjóðminjasafnsins.

Hér er lagt til að fornleifavörslunni verði komið fyrir í sérstakri Fornleifafræðistofnun sem sé skipuð fólki sem hafi sérmenntað sig í verndun, vörslu og rannsóknum fornleifa. Við það að tryggja afmarkað starfssvið slíkrar stofnunar og starfsmanna hennar yrði hægt að gera tímabært stórátak í fornleifavörslu hérlendis án þess að starfsemi Þjóðminjasafnsins þyrfti að líða fyrir slíkt eða fornleifarnar ella. Aðkallandi er að skapa fornleifavörslunni og innlendri fornleifafræði betri skilyrði en nú er.

Þegar Fornleifafræðistofnun hefur störf þyrfti a.m.k. um fimm stöðugildi við stofnunina, þ.e. forstöðumann auk þriggja annarra fornleifafræðinga, þar af einn til að sjá um að samræma starfsemi landsminjavarða og þjónustu við þá til að byrja með, og að lokum eina stöðu fyrir skrifstofuhald og sameiginlega fjársýslu stofnunarinnar og landsminjavarða.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um stjórn Fornleifafræðistofnunar og skipun hennar. Menntamálaráðherra skipar stjórnina til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Þar sem stjórninni er ætlað að reyna að leysa ágreining og deilur er upp kunna að koma (sjá 14., 17. og 19. gr.) vegna ákvæða í lögum þessum er lögfræðingi, tilnefndum af lagadeild Háskóla Íslands, ætlað það hlutverk að gæta lögvarðra hagsmuna þeirra er deila við stofnunina.

Um 20. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann sem og aðra starfsmenn Fornleifafræðistofnunar samkvæmt tilnefningu stjórnar.

Um 21. gr.

Landsminjaverðir skulu vera fimm, einn á hverju minjasvæði. Fornleifafræðistofnun skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga ákvarða hvernig landinu skuli skipt niður í umsjónarsvæði.

Landsminjaverðir eru umboðsmenn Fornleifafræðistofnunar úti í héraði, en með slíku fyrirkomulagi er hægt að fylgja fornleifavörslunni eftir í nálægð á allt annan og eðlilegri hátt en ef hún væri einungis rekin úr höfuðborginni.

Um innra fyrirkomulag og skyldur Fornleifafræðistofnunar og landsminjavarða skal nánar tilgreina í reglugerð (sbr. 25. gr.)

Um III. kafla.

Um 22. gr.

Fyrri málsliður þessarar greinar er samhljóða 47. gr. núgildandi laga, nr. 52/1969, að því viðbættu að stjórn Fornleifafræðistofnunar fjallar um og kemur skaðabótakröfum áleiðis til fjármálaráðuneytis hverju sinni. Dæmi eru þess að einstaklingar hafi orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna ákvæða í núgildandi lögum um fornleifar, þó að þeir hafi ekki látið reyna á rétt sinn fyrir dómstólum.

Um 23.–24. gr.

Samhljóða 48. og 49. gr. núgildandi laga, nr. 52/1969.

Um 25. gr.

Hér eru ákvæði um að semja skuli reglugerð við þessi lög, reglugerð sem endurskoðuð skuli eigi síðar en fimm árum eftir að lög þessi koma til framkvæmda.

Um 26. gr.

Starfsemi Fornleifafræðistofnunar skal hefjast 1. janúar 1990 þegar lög þessi taka gildi.

Á tímabilinu fram að gildistöku laga þessara gefst svigrúm til að undirbúa fjárveitingar, mannaráðningar og annað það sem í löggjöfinni felst.

Sþ. 556. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um menningarráðgjafa í landshlutum.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Matthías Bjarnason, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd fulltrúa allra þingflokka til að undirbúa og koma á fót starfi menningarráðgjafa í öllum landshlutum. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. september 1989.

Greinargerð.

Menning, þetta lítt höndlaða fyrirbæri sem fæstir voga sér að reyna að skilgreina en allir vita hvað er.

Félagslíf, það sem allir hafa þörf fyrir en hafa oftlega ekki þor til að koma af stað.

Listir, það sem allir þrá að njóta eða vera með í að skapa, hver að sínum smekk, en fæstir leggja til atlögu við hvatningar- og leiðbeiningarlaust.

Samfélag án eigin menningar- og listalífs er dæmt til þess að líða undir lok. Flóttinn af landsbyggðinni á sér að stórum hluta skýringu í því að þessa þætti skortir.

Þjóð þolir illa ofurvald fárra yfir menningu, félagslífi og listum. Líf þegnanna verður fábreytt og iðulega innantómt. Íslensk menning þarfnast mótvægis við ofurþunga þeirra áhrifa sem stafa frá Reykjavíkursvæðinu. Það mótvægi er unnt að skapa í hinum dreifðari byggðum með aðstoð menningarráðgjafa.

Eftir að fjölmiðlar komu til sögunnar og eftir því sem þeir hafa orðið öflugri hefur æ meira borið á þeirri skoðun að það eitt sé menning sem flutt sé af þar til lærðu fólki á hverju sviði. Menntun er að sjálfsögðu aðferðin til að þroska og efla hæfileikana og próf að loknu námi er lykill að starfi listamannsins, en hitt er engu að síður nauðsynlegt þjóðlegu og góðu mannlífi að allur almenningur taki þátt í menningarstarfi. Flest bendir til þess að þegar í grunnskólanum

mótist viðhorf til lífsins. Því er mikilvægt að börnin séu þá þegar þjálfuð í því að skapa eitthvað sjálf og að koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

Samkvæmt grunnskólalögum er ekki kveðið sérstaklega á um þess háttar uppfræðslu. Þó munu margir skólar hafa tekið upp þann sið að halda skemmtun einu sinni á ári þar sem nemendur semja eða velja efni til flutnings. Í minni skólum er jafnvel hægt að koma því svo fyrir að allir nemendur skólans fái eitthvert hlutverk við þetta tækifæri.

Sums staðar hafa verið fengnir listamenn til að vinna með börnum í vikutíma og þeirri vinnu lýkur með sýningu í skólanum, sannkallaðri listahátíð. Enginn vafi er á að tilbreyting sem þessi opnar hug barnanna í menningarlegu tilliti auk þess sem það sannfærir mörg þeirra um að þau geti eitthvað.

Í öllum sveitarfélögum á Íslandi á sér stað menningarstarfsemi á einhverju sviði. Virkust er þátttaka almennings í kórum og leikfélögum. Á allra síðustu árum hefur þó þróunin verið í þá átt að æ fleiri gerast sinnulausir og viðhorf til lista og menningar hefur verið að breytast með auknum áhuga á veraldlegum gæðum. Sveitarstjórnarmenn viðurkenna að þegar gengið er frá fjárhags- og framkvæmdaáætlunum lendi menning og listir aftast á listanum og sama hefur oft gilt um afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

„Eftir höfðinu dansa limirnir", segir í gömlu og drjúgsönnu orðtaki. Forráðamenn byggðarlaga og forustumenn þjóðarinnar verða að gera sér grein fyrir mikilvægi félagslegra þátta í mannlífi byggða sinna. Tómlæti og aðstöðuleysi hefur kæft margan þann gróður sem með aðhlynningu og við réttar aðstæður hefði getað sprottið og náð góðum þroska.

Það starf, sem hér er lagt til að hafið verði, gæti orðið mikilvægur þáttur í að virkja einstaklinga á sviði menningar og lista, miðla efni á milli héraða, skipuleggja menningarstarfsemina í samráði við heimamenn á hverjum stað og vera skólastjórum til aðstoðar við listviðburði í skólum. Þá er einnig hugsanlegt að aðstoða við örnefnasöfnun og það starf safna að leita uppi fróðleik af menningarstarfi fyrri tíma og fleira mætti upp telja.

Það þarf því enginn að velkjast í vafa um að verkefnin eru ærin og starfssviðið breitt. En þá er komið að spurningunni sem alltaf þarf að svara áður en ákvörðun er tekin: Hver á að borga starfsmanninum kaup? Í huga flutningsmanns er það ríkissjóður sem á að borga. Í því sambandi má nefna að með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að félagsheimilasjóður falli niður og þar með hlutdeild hans í skemmtanaskatti. Frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir þinginu, gerir ráð fyrir að menningarsjóður félagsheimila fái 10% tekna af skemmtanaskatti og Sinfóníuhljómsveit Íslands jafnstóran hlut. Eftirstöðvum skal í samráði við fjármálaráðherra m.a. varið til menningarstarfsemi. Vel mætti hugsa sér að eyrnamerkja hluta skemmtanaskattsins til þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um. Fjármálahlið málsins yrði að sjálfsögðu til umfjöllunar hjá þeirri nefnd sem kosin yrði á Alþingi til þess að annast skipulagningu starfs þessa.

Skórinn kreppir víða á landsbyggðinni, sérstaklega hvað snertir atvinnulífið. Fullyrða má að einmitt þegar þannig háttar til er áríðandi að hlúa að félagslegum þáttum og manneskjunni sem einstaklingi. Að öðrum kosti er hætta á reiðuleysi og uppgjöf.

Fylgiskjal.

LÖG MENOR
(Samþykkt á stofnfundi 18. júní 1982.)

1. gr.

Samtökin heita Menningarsamtök Norðlendinga. Félagssvæði þess er hið sama og Fjórðungssambands Norðlendinga.

2. gr.

Samtökin eru frjáls samtök áhugafélaga og áhugamanna um listir á Norðurlandi. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Reikningsárið er almanaksárið.

3. gr.

Markmið samtakanna er að efla menningarlíf og menningarsamskipti á Norðurlandi í samstarfi við Fjórðungssamband Norðlendinga.

4. gr.

Þessu markmiði hyggjast samtökin ná með því að:

a. safna og miðla upplýsingum um listastarfsemi og menningarlíf í Norðlendingafjórðungi svo og annars staðar,
b. liðsinna við ráðningu leiðbeinenda til námskeiða- og fyrirlestrahalds svo og sérstakra verkefna í hinum ýmsu listgreinum,
c. stuðla að bættri umfjöllun um listir í fjölmiðlum,
d. efla samstarf áhugafólks um listir og menningarlíf í fjórðungnum og við hliðstæð félög og samtök annars staðar,
e. beita sér fyrir bættri aðstöðu og skipulagi listkynningar,
f. halda árlega ráðstefnu um lista- og menningarlíf í fjórðungnum í tengslum við aðalfund samtakanna.

5. gr.

Aðalfund samtakanna skal halda aðra helgi í júní ár hvert. Aðalfund skal boða félagsmönnum með dagskrá með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef boðað er til hans á réttan hátt.

6. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur kýs stjórn samtakanna, endurskoðendur og enn fremur starfsnefndir, ef þurfa þykir. Stjórnina skipa fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Aðalfundur úrskurðar ársreikninga að fenginni umsögn endurskoðenda. Aðalfundur setur samtökunum fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár að fengnum tillögum stjórnar.

7. gr.

Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti eiga allir einstaklingar sem aðild eiga að samtökunum og fulltrúar aðilarfélaga, þannig að einn fulltrúi sé fyrir hverja tíu félaga. Þó skal hámarksfjöldi fulltrúa frá hverju aðildarfélagi á aðalfundi vera fimm. Aðalfundur er öllum opinn með málfrelsi og tillögurétti.

8. gr.

Árgjald til samtakanna skal vera með tvennum hætti, sérstakt árgjald fyrir einstaklinga og annað fyrir aðildarfélög.

9. gr.

Stjórn samtakanna fer með málefni þeirra milli aðalfunda. Stjórnin getur boðað til almenns félagsfundar ef henni þykir ástæða til. Skylt er að boða til félagsfundar ef fimmtungur fulltrúa óskar þess.

10. gr.

Breytingar á lögum þessum eru löglegar, séu þær samþykktar af 2/3 hlutum fulltrúa á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn samtakanna fjórum vikum fyrir aðalfund.

11. gr.

Leggist starfsemi samtakanna niður skal aðalfundur ákvarða um slit þeirra og ráðstöfun eigna þeirra.

Ed. 557. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Virðisaukaskattur skal lagður á með tveim mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 12%, skal gilda við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepi sem eigi má vera hærra en 24%. Virðisaukaskattur rennur í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Haustið 1987 var söluskattskerfinu breytt þannig að lagður var 10% söluskattur á helstu innflutt matvæli. Um áramótin 1987/1988 var söluskattslögunum síðan breytt þannig að söluskattsstofninn var breikkaður og ýmsar undanþágur, sem höfðu verið í gildi, m.a. að matvæli væru án söluskatts, felldar niður. Með þessari breytingu var lagður 25% söluskattur á matvæli sem hækkuðu verulega í verði. Með sérstökum niðurgreiðslum á nokkrum hefðbundnum innlendum matvælum, þ.e. mjólk og mjólkurvörum, dilkakjöti og neyslufiski, var söluskattsáhrifunum eytt að fullu. Þá voru teknar upp takmarkaðar niðurgreiðslur á nauta-, kálfa- og hrossakjöti þannig að þessi matvæli hækkuðu um 10% í verði. Kjúklinga- og svínakjöt hækkaði einnig um 10% í verði með sérstökum endurgreiðslum í gegnum fóðurbætisskattkerfið. Öll önnur matvara var hins vegar látin bera söluskattshækkunina að fullu, t.d. brauð- og kornvörur og grænmeti, allar unnar kjötvörur svo og öll innflutt matvæli.

Fáar eða engar ráðstafanir íslenskra stjórnvalda hafa mætt eins mikilli andstöðu almennings og álagning söluskatts á matvæli. Þrátt fyrir niðurgreiðslur á söluskatti vegna ofangreindra hefðbundinna matvæla hefur matarkostnaður heimilanna hækkað gífurlega. Verð matvæla á Íslandi hefur alla tíð verið mjög hátt. Þess vegna er hlutur matarinnkaupa í rekstri heimilanna mun hærri hér á landi en alls staðar annars staðar. Talið er að vísitölufjölskyldan noti um fimmtung tekna sinna til matarinnkaupa. Einkum kemur hátt verð á matvælum illa niður á lágtekjuhópunum sem nota mun hærri hlut tekna sinna til matarinnkaupa eða allt að 35% að því er talið er.

Einhver besta kjarabót sem hægt er að veita launþegum er án efa að lækka verð á matvælum með öllum tiltækum ráðum. Verð á innlendum landbúnaðarvörum á Íslandi hlýtur

alltaf að vera hátt og eiga erfitt með að standast samkeppni við erlendar landbúnaðarafurðir þar sem skilyrði til landbúnaðar eru miklu hagstæðari og stærð markaðanna margfalt meiri. Þótt hægt sé að skattleggja landbúnaðarafurðir með 22% virðisaukaskatti, t.d. í Danmörku, er ekki um sambærilegan hlut að ræða þar sem verð búvöru þar er mun lægra en á Íslandi. Íslenskar landbúnaðarafurðir þola einfaldlega ekki mikla skattlagningu enda eru með óbeinum hætti veittir miklir fjármunir til landbúnaðar á Íslandi sem skattgreiðendur verða að taka á sig. Er vart á það bætandi. Þá má ekki gleyma áhrifum hins geypiháa matvælaverðs á Íslandi á ferðamannaþjónustu og rekstur veitingahúsa. Sú þjónusta stendur nú mjög höllum fæti vegna hins háa matvælaverðs. Útlendingum sem hingað koma blöskrar verðlagið og sá vaxtarbroddur, sem ferðamannaþjónustan hefur verið síðustu árin, fölnar skjótt.

Í flestum löndum Evrópu er matvara og aðrar helstu nauðsynjar heimilanna skattlagðar minna en aðrar vörur og þjónusta. Þannig er t.d. enginn virðisaukaskattur á matvælum í Englandi og á Írlandi. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir virðisaukaskattsþrep í löndum Evrópubandalagsins:

Virðisaukaskattsþrep í prósentum í löndum Evrópubandalagsins, miðað við 1. janúar 1986.[1]

Land	*Lægra þrep*	*Aðalþrep*	*Lúxusþrep*
Belgía	6 og 17	19	25 og 33
Bretland	0	15	
Danmörk	0	22	
V-Þýskaland	7	14	
Spánn	6	12	33
Frakkland	5,5 og 7	18,6	33,3
Írland	0 og 10	23	
Ítalía	2 og 9	18	38
Lúxemborg	3 og 6	12	
Holland	5	19	
Portúgal	8	16	30

1) Grikkir hafa enn ekki tekið upp virðisaukaskatt.

Samkvæmt töflunni hafa öll ríkin nema Danmörk mun lægri skattlagningu á matvælum og helstu nauðsynjum eða mest 8% á matvæli í Portúgal. Mörg ríkjanna eru með þriðja og hæsta þrep virðisaukaskatts fyrir ýmiss konar lúxusvörur, t.d. 38% á Ítalíu.

Með þeirri samræmingu á skattlagningu, sem stefnt er að hjá Evrópubandalaginu í aðildarríkjunum, er gert ráð fyrir því að notuð verði tvö skattþrep í virðisaukaskatti. Lægra skattþrepið verði á bilinu 4–9% og látið gilda um matvæli, orku til upphitunar og ljósa, vatn, lyf, bækur, blöð og tímarit, svo og fargjöld vegna fólksflutninga. Þetta nær yfir mikilvægustu aðföng heimilanna. Hærra skattþrepið verði á bilinu 14–20% og nær yfir allar aðrar virðisaukaskattskyldar vörur og þjónustu.

Að sjálfsögðu er engin þörf fyrir Íslendinga að laga sig nákvæmlega að skattkerfi Evrópubandalagsríkjanna. Má m.a. benda á að Svisslendingar hafa þrisvar hafnað því með þjóðaratkvæðagreiðslu að taka upp virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur hefur hins vegar verið lögleiddur á Íslandi og er því ekki um annað að ræða en að gera hann þannig úr garði að matvælakostnaður heimilanna verði ekki sá baggi sem hann er nú. Eina leiðin til þess er að taka upp annað og mun lægra virðisaukaskattsþrep fyrir matvæli eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 1. gr.

Með þessari breytingu á virðisaukaskattslögunum er gert ráð fyrir tveim skattþrepum í stað eins áður. Í gildandi lögum er virðisaukaskattur ákveðinn 22% á allar skattskyldar vörur og þjónustu. Hér er hins vegar gert ráð fyrir ákveðnu hámarki í báðum skattþrepunum, þ.e. 12% og 24%. Við gerð fjárlaga skal skatthlutfall ákveðið fyrir komandi fjárlagaár og er þá hægt að hafa það lægra ef aðstæður leyfa. Þannig getur sitjandi ríkisstjórn nýtt sér heimild til að hækka eða lækka virðisaukaskatt innan þeirra marka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í hagstjórnarskyni án þess að þurfa að breyta lögum hverju sinni. Með því að setja skatthlutfallið í hærra þrepinu 24% er reynt að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi sem hlýst af hinu lægra skattþrepi fyrir nauðsynjavörur.

Sþ. 558. Fyrirspurn [304. mál]

til landbúnaðarráðherra um geislun í innfluttu grænmeti.

Frá Auði Eiríksdóttur.

1. Er geymsluþol innflutts grænmetis aukið með geislun og sé svo, um hvers konar geisla er hér að ræða?
2. Hefur geislað grænmeti skaðleg áhrif á heilsu manna?

Sþ. 559. Fyrirspurn [305. mál]

til sjávarútvegsráðherra um verndun hrygningarstöðva botnfiska á Hornafjarðargrunni.

Frá Júlíusi Sólnes og Inga Birni Albertssyni.

1. Eru í undirbúningi einhverjar aðgerðir til að vernda hrygningar- og uppeldisstöðvar botnfiska og sumargotssíldar á Hornafjarðargrunni í svokölluðu „sláturhúsi“?
2. Kemur til greina að loka þessu svæði fyrir öllum togveiðum?

Sþ. 560. Fyrirspurn [306. mál]

til samgönguráðherra um gerð brúar yfir Gilsfjörð.

Frá Birnu K. Lárusdóttur.

1. Hefur brúarstæði yfir Gilsfjörð verið ákveðið og ef svo er, hvar verður það?
2. Hafa farið fram:
   a. líffræðiathuganir á lífríki Gilsfjarðar,
   b. jarðvegsrannsóknir við væntanlegt brúarstæði,
   c. dýptar- og bergmálsdýptarmælingar
   með tilliti til brúarstæðis skv. 1. lið frá Kaldrana í Króksfjarðarnes?
3. Hve miklu fé á að verja á árinu 1989 til rannsókna á fyrirhuguðu brúarstæði?
4. Hvenær er sérstök fjárveiting fyrirhuguð til brúargerðar yfir Gilsfjörð?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 561. Fyrirspurn [307. mál]

til fjármálaráðherra um gildistöku laga um virðisaukaskatt.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður undirbúningi þess að virðisaukaskattur verði tekinn upp 1. janúar 1990?
2. Hvernig verður undirbúningnum háttað?

Sþ. 562. Fyrirspurn [308. mál]

til utanríkisráðherra um undirritun og staðfestingu ýmissa sáttmála Evrópuráðsins.

Frá Ragnhildi Helgadóttur, Guðmundi G. Þórarinssyni, Kjartani Jóhannssyni, Ragnari Arnalds, Hreggviði Jónssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða sáttmála Evrópuráðsins hefur Ísland staðfest?
2. a. Hvaða sáttmála Evrópuráðsins hefur Ísland undirritað en ekki staðfest?
   b. Hverjar eru ástæður þess að Ísland hefur ekki staðfest sáttmála sem það hefur undirritað og hvaða ástæða varðar hvern sáttmála um sig?
3. a. Hvaða sáttmála hefur Ísland hvorki undirritað né staðfest?
   b. Hvaða ástæða er til þess að sáttmálar hafa hvorki verið undirritaðir né staðfestir af Íslands hálfu? Ástæða óskast tilgreind um hvern sáttmála fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 563. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr. Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

2. gr.

1. mgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta Verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.

2. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. september 1989.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 564. Frumvarp til laga [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, 6.–8. mgr., svohljóðandi:

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi, svo sem með því að sækja leiksýningar og tónleika, heimsækja listasöfn, þjóðminja- og byggðasöfn, eða að slík menningarstarfsemi sé kynnt í skólunum.

Skólastjórum og kennurum er skylt að gangast fyrir því að listamenn og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð.

Nám skv. 6. og 7. mgr. skal fara fram á skólatíma og vera nemendum að kostnaðarlausu. Til þess skal varið minnst sem samsvarar einum kennsludegi í mánuði. Nánari reglur um nám skv. 6. og 7. gr. skal setja í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ísland skal vera sjálfstætt ríki. Um það er ekki ágreiningur. Við eigum sameiginlega tungu, arfleifð og sögu þ.e. sameiginlega menningu. Meðan svo er eigum við okkur tilverurétt sem sjálfstæð eining í samfélagi þjóða. En komi of djúpir brestir í þessar stoðir sjálfstæðis okkar glötum við þeim rétti því þá mun okkur skorta rök fyrir nauðsyn þess að halda uppi, með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, svo litlu og á margan hátt óhagkvæmu þjóðfélagi hér á hjara veraldar. Því ber okkur að styrkja þessar stoðir sjálfstæðis okkar eftir mætti, jafnframt því sem við opnum gáttir til allra átta, kynnumst og tileinkum okkur það besta úr reynslu og menningu annarra þjóða.

Þessu markmiði má ná eftir tveim leiðum og þær höfum við báðar farið. Það er annars vegar skóla- og menntakerfi, hins vegar stofnanir og starfsemi af ýmsu tagi tengt listum og varðveislu íslenskrar menningar þar sem jafnframt eru ástunduð vísindi, rannsóknir og nýsköpun. Ýmislegt má betur fara í skólum og menningarstarfsemi í landinu, en það er ekki viðfangsefni þessa frumvarps, heldur hvernig tengja megi betur þessar tvær leiðir, þ.e. reyna að tryggja að leiðir liggi saman að einu marki.

Breytingar — viðbrögð.

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á nokkrum áratugum, vonandi til hins betra, en er enn í örri breytingu og svo mun verða áfram. En þessar breytingar hafa jafnframt haft ýmislegt það í för með sér sem veikir stoðir sjálfstæðis okkar. Áður erfðist reynsla, menning og tunga frá einni kynslóð til annarrar með „eðlilegum“ hætti í starfi og leik. Nú hafa þessi tengsl rofnað vegna breyttra samfélagshátta. Staða heimilis og fjölskyldu hefur veikst og aðrir þættir í uppeldi nýrra kynslóða orðið að sama skapi mikilvægari.

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í því að opna gáttir til allra átta, en með fjölmiðlabyltingunni margnefndu má segja að opnast hafi flóðgáttir. Yfir okkur streymir flóð upplýsinga, afþreyingar, fræðslu, menningar og ómenningar. Ýmist á íslensku eða erlendum tungum. Vissulega er margt af hinu góða sem berst með þessu flóði, en annað mjög misjafnt að gæðum. Það verður æ erfiðara að fóta sig og halda áttum. Lítilli þjóð, viðkvæmri menningu og tungu er hætta búin.

Hjá breytingum verður ekki komist, þróun verður ekki stöðvuð — það vill heldur enginn — en það er hægt að bregðast við, byggja varnargarða. Ekki til að stöðva streymið, heldur til að geta stjórnað flaumnum. Það verður hver kynslóð að kenna þeirri næstu að reisa sér þessa varnargarða.

Megintilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að leggja börnum og unglingum til efni í þessa varnargarða, sjálfum þeim og þjóðfélaginu til styrktar.

Framkvæmd.

Framkvæmd þessa frumvarps er ekki að öllu leyti auðveld, en þó vel yfirstíganleg. Margt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar umfram það sem nú er. Í lögum flestra menningarstofnana landsins eru skýr ákvæði um menningar- og uppeldislegar skyldur, fræðslu, tengsl við almenning í dreifbýli og þéttbýli og starfsemi fyrir börn og unglinga. En skipulagða framkvæmd skortir og fleira. Fjárskortur og mannfæð valda einhverju um, en skýra lagasetningu um skipulagða tengingu milli skóla og menningarstofnana vantar.

Setja þarf reglugerð þar sem nánar yrði kveðið á um framkvæmd þessa lagafrumvarps. Hér verða einungis reifaðar nokkrar hugmyndir. Ýmist mundu nemendur sækja stofnanir og starfsemi heim eða öfugt. Allt eftir umfangi og eðli starfsins sem á að kynna.

1. Nemendur fari í leikhús, óperu og á tónleika, ýmist á æfingar eða sérstakar sýningar eða tónleika á skólatíma.
2. Leikhópar, óperur, söngleikir og hljómsveitir fari í ferðir út um land og í skóla.
3. Einstaklingar eða minni hópar með styttri dagskrár heimsæki skóla, (t.d. upplestur, einleik, einsöng; kynningar á einu skáldi, tímabili, viðfangsefni, þema eða stíl).
4. Tónskáld fari og kynni eigin verk og starf.
5. Rithöfundar fari og kynni eigin verk og starf.
6. Kvikmyndagerðarmenn sýni eigin kvikmyndir og einnig verk á undirbúningsstigi.
7. Listasöfn undirbúi heimsóknir nemenda á sýningar og leiðbeini þeim í skoðun listaverka.
8. Farandsýningar verði haldnar úti um land, ýmist einstakra listamanna eða með þema af einhverju tagi.
9. Vinnustofur verði starfræktar úti um land, þar sem myndlistarmenn (og aðrir listamenn) dveljist um tíma og nemendur heimsæki þá á vinnustofur.
10. Fræðimenn taki á móti nemendum á vinnustöðum sínum og stofnunum (t.d. Þjóðminjasafni, byggðasöfnum, Árnastofnun og vonandi bráðlega náttúrufræðisafni o.fl.).
11. Fræðimenn heimsæki skóla með fyrirlestra um einstök efni sem tengjast menningu og sögu.

12. Samþættun verkefna, t.d. fræðimaður flytji fyrirlestur, listamaður lesi upp úr verkum sem tengjast fyrirlestri, t.d. þjóðsögu, kvæði, úr fornriti, tónlist sem tengist viðfangsefni og fleira í þeim anda.
13. Ekki má gleyma því að úti um allt land er nokkuð umfangsmikil menningarstarfsemi. Þar eru leikfélög, tónlistarskólar, hljómsveitir og söfn af ýmsu tagi. Það þarf ekki allt að koma frá höfuðborginni og þeir nemendur, sem búa á höfuðborgarsvæðinu, ættu líka að kynnast menningarstarfsemi úti um allt land. Það gæti reyndar orðið mikilvægur liður í virkri byggðastefnu.
14. Áríðandi er að þessar heimsóknir og kynningar tengist öðru skólastarfi, þ.e. með kynningu á verkefnum fyrir fram og úrvinnslu eftir á. Það gæti gerst í íslenskukennslu, sögu, líf- og samfélagsfræði, tungumálakennslu og einnig í list- og verkmenntagreinum.

Niðurstaða.

Höfuðatriði er að þessi starfsemi fari fram á skólatíma, sem oft samræmist hefðbundnum vinnu- og starfstíma stofnana. Hvað leikhús og tónleika varðar er um að ræða æfingar og sérstakar sýningar. Einnig verður starfsemin að vera nemendum að kostnaðarlausu. Áhugi og frumkvæði einstaklinga eða fjárhagur foreldra má ekki ráða úrslitum um framkvæmd.

Með útsjónarsemi, hagræðingu, hugarflugi og samvinnu við menningarstofnanir og stéttarfélög má halda kostnaði í lágmarki og skírskota til ábyrgðar allra, einstaklinga, félaga og stofnana á uppeldi nýrrar kynslóðar og varðveislu menningar okkar, tungu og arfleifðar, menningarstarfsemi allri til styrktar, sjálfstæði okkar til varnar og þjóðinni til heilla.

Ed. 565. Lög [142. mál]

um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 149.

Ed. 566. Lög [159. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 170.

Ed. 567. Lög [243. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 563.

Sþ. **568. Svar** [129. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi.

1. Hvaða afskipti hefur landbúnaðarráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra af:
a. veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi,

Fiskeldi er fellt undir lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Lögin þarfnast endurskoðunar að því er fiskeldi varðar og saminn hefur verið sérstakur kafli um fiskeldi til að fella inn í endurskoðuð drög að lögum um lax- og silungsveiði. Þar er tekið á ýmsum þeim vandamálum sem snerta útgáfu staðsetningar- og starfsleyfa margra stofnana og ráðuneyta.

Samkvæmt núverandi löggjöf skal tilkynna veiðimálastjóra ef menn hyggjast taka upp fiskeldi. Veiðimálastjóri veitir fiskeldisstöð viðurkenningu er hann hefur fengið skilríki varðandi afnot lands og vatns ásamt uppdrætti af ráðgerðum mannvirkjum og þau teljast fullnægjandi. Ljóst er að þessi viðurkenning var í upphafi fyrst og fremst hugsuð sem undanþága frá ýmsum greinum laxveiðilaganna, enda hefur eðli og umfang fiskeldis gjörbreyst frá því lögin voru síðast endurskoðuð.

Eins og málum er háttað fjalla eftirtaldir aðilar um starfsleyfi handa eldisstöðvum: Veiðimálastofnun, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, dýralæknir fisksjúkdóma og Siglingamálastofnun ásamt hafnarmálayfirvöldum og heilbrigðis- og byggingarnefndum í héraði. Einfalda má og samræma útgáfu leyfa.

Að því er fisksjúkdóma varðar gerir dýralæknir fisksjúkdómaúttekt með tilliti til sjúkdómavarna á fiskeldisstöðvum áður en þær taka til starfa. Viðurkenning Veiðimálastofnunar er háð vottorði dýralæknis fisksjúkdóma um smitvarnir í samræmi við reglugerð nr. 403/1986.

b. eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi,

Í lögum um lax- og silungsveiði er ekki gert ráð fyrir eftirliti með mengun frá fiskeldi, enda voru slík vandamál ekki ofarlega á baugi fyrir 1970. Aðeins er gert ráð fyrir að Veiðimálastofnun sjái til þess að eldisstöðvar hafi búnað sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi út. Hollustuvernd ríkisins er falið að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem valdið geta mengun í ám og vötnum. Dýralæknir fisksjúkdóma tekur þátt í þessu eftirliti þar sem sýkingarhætta frá eldisstöðinni getur verið veruleg í viðkvæmum vatnakerfum. Því voru sett inn ýmis skilyrði um flutning villtra klakfiska milli eldisstöðva og vatnakerfa í reglugerð nr. 401/1988.

Samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 heldur dýralæknir fisksjúkdóma uppi fræðslu og leiðbeiningastarfi meðal fiskeldismanna varðandi fisksjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt því tjóni sem þeir geta valdið. Fræðsla um skaðsemi mengunar, ekki síst frá fiskeldinu sjálfu, er snar þáttur í þessu starfi.

c. rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?

Ekki er unnið að neinum rannsóknum á mengun (þ.e. efnamengun) frá fiskeldisstöðvum á vegum Veiðimálastofnunar. Stofnunin hefur ekki sérfræðinga eða tæki til að stunda slíkar rannsóknir, enda eru aðrar stofnanir betur búnar til þess, svo sem Hollustuvernd ríkisins sem einnig sinnir mengun frá annars konar rekstri. Hins vegar hefur Veiðimálastofnun faglega aðstöðu til að sinna rannsóknum á breytingu lífríkis samfara mengun.

Þörfin á rannsóknum sem tengjast mengun frá fiskeldi er mikil og vaxandi með aukinni fiskeldisstarfsemi. Mengunin er ekki aðeins sá þáttur sem snýr að umhverfisvernd. Þannig getur afleiðing mengunar bitnað verst á fiskeldinu sjálfu, t.d. í sjókvíaeldi. Meðal annars er álitið að vaxandi tíðni fisksjúkdóma í norsku kvíaeldi megi að hluta rekja til vaxandi mengunar frá eldinu sjálfu. Mikilvægt er að gera Veiðimálastofnun kleift að fylgjast með breytingu á lífríki í ferskvatni í kjölfar fiskeldisstarfsemi. Sambærileg verkefni mætti vinna í sjó í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Þetta gæti orðið mikilvægur hlekkur í eftirliti með mengun og áhrifum mengunar frá fiskeldisstöðvum.

Fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma standa enn sem komið er ekki fyrir rannsóknum á mengunarhættu frá fiskeldi. Oftar en ekki er mengun frá fiskeldinu einnig orsök þeirra vandamála sem upp koma. Upplýsingar um þetta munu í auknum mæli verða mikilvægar í baráttunni við fisksjúkdóma.

2. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?

Í reglugerð nr. 401/1988 eru reglur um fjarlægðir milli sjókvía innbyrðis og milli hafbeitarstöðva og sjókvía. Sú fjarlægð, sem er 2 km, stuðlar að því að minnka mengun og sjúkdómahættu á ákveðnum svæðum umhverfis landið. Hins vegar hefur Hollustuvernd ríkisins ásamt heilbrigðisráðuneyti ákvarðað takmarkanir á framleiðslu í einstaka stöðvum og sett skilyrði um frárennslisútbúnað stöðva sem eru á landi.

Þá er í 10. gr. reglugerðar nr. 403/1986 um sjúkdómaeftirlit fjallað sérstaklega um förgun úrgangs sem smithætta getur stafað af. Dýralæknir fisksjúkdóma og héraðsdýralæknar skulu fylgja því eftir að settum reglum sé fylgt.

3. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?

Fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma fjalla aðallega um þennan þátt á vegum landbúnaðarráðuneytis, auk þess sem ráðuneytið hefur aðstöðu til að láta kanna lyfjaleifar í eldisfiski á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Leyfi fisksjúkdómanefndar þarf til íblöndunar á litarefnum og sýklalyfjum í fiskafóður. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur í samvinnu við héraðsdýralækna eftirlit með því að reglur um lyfjanotkun séu virtar, þ.e. reglur fisksjúkdómanefndar, lyfjanefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins. Hér er um að ræða reglur um meðferð fiskanna við og eftir meðhöndlun, útskolunartíma lyfjanna og meðferð sláturafurða af þeim fiski sem fengið hefur lyfjameðferð.

4. Hafa verið settar reglur til að koma í veg fyrir erfðamengun villtra fiskstofna frá eldisstofnum?

Síðastliðið sumar var sett reglugerð nr. 401/1988 um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Þessi reglugerð hafði verið í vinnslu í langan tíma hjá Veiðimálastofnun en fékk síðan ítarlega umfjöllun hagsmunaaðila í fiskrækt og fiskeldi.

Þessi reglugerð sameinar þá reynslu sem fengist hefur hér á landi með rannsóknum á ratvísi og erfðafræði laxins og það sem þekkt er erlendis um áhrif fiskeldis á villta laxastofna. Óhætt er að segja að þessi reglugerð er þarfur áfangi í verndun náttúrulegra laxastofna.

Með reglugerðinni er talið að draga megi verulega úr neikvæðum áhrifum laxeldis á villta laxastofna. Ekki er hægt að tíunda öll atriði hér en bent verður á þau helstu. Lögð er áhersla á

að nota stofna af viðkomandi vatnasvæðum í fiskrækt. Einnig er lögð áhersla á að ekki séu fluttir laxastofnar til hafbeitar frá Suðurlandi til Norðurlands og öfugt. Sett eru grenndarmörk milli eldisstöðva innbyrðis og frá veiðiám. Þannig mega sjókvíar og hafbeitarstöðvar ekki vera nær veiðiám með yfir 500 laxa meðalveiði en 15 km, en 5 km vegalengd ef meðalveiði er yfir 100 laxar. Reglugerðin gerir ráð fyrir að aðilar sem stunda hafbeit skuli láta örmerkja 10% seiða þegar sleppt er 100 þúsund seiðum eða færri, en að lágmarki 10 þúsund seiði þegar sleppt er 100 þúsund seiðum eða fleiri. Aðilum í sjókvíarekstri er gert að merkja a.m.k. 1000 laxa í hverri kví.

Gert er ráð fyrir að heimtur merkja verði lagðar til grundvallar við endurskoðun reglugerðarinnar. Þessi ákvæði um merkingar eru án efa lykillinn að því að hægt sé að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta áhrif laxeldis á villta laxastofna. Samfara setningu reglugerðarinnar er ljóst að þörf fyrir laxamerkingar eykst verulega á árinu 1989 og áætlanir gefa til kynna að nauðsynlegt sé að örmerkja u.þ.b. 450 þúsund gönguseiði til að standa við skilmála reglugerðarinnar.

Um mitt ár 1988 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að setja reglur um dreifingu norskra laxastofna hér á landi. Nefndin skilaði áliti í byrjun október og meginniðurstaða var sú að eldi innfluttra laxastofna væri eingöngu heimilt í strandeldisstöðvum sem hefðu frárennsli beint í sjó. Þannig er stefnt að því að ekki blandist erlent erfðaefni í villta laxastofna hér á landi. Engin ákvörðun hefur þó enn verið tekin varðandi dreifingu norskættaða laxastofnsins.

Ljóst er að litlu verður áorkað í þáttum sem snerta erfðamengun nema með rannsóknum. Veiðimálastofnun hefur því lagt áherslu á að rannsóknaniðurstöður ráði ferðinni í umræðunni um svokallaða erfðamengun. Reynt hefur verið að fylgjast með magni eldisfisks í veiðiám sem renna til sjávar nærri sjókvíum, t.d. í Elliðaánum. Þá er í undirbúningi viðamikið rannsóknaverkefni sem miðar að því að kortleggja íslenska laxastofna með rafdrætti. Einnig er áætlað að frysta svil úr nokkrum laxastofnum úr ám sem renna til sjávar í Faxaflóa haustið 1989.

Í Laxeldisstöð ríkisins er nú unnið að rannsóknaverkefni um áhrif erfðablöndunar á ratvísi og endurheimtur laxa úr hafbeit. Vonast er til að niðurstöður þessa verkefnis megi verða til að auka skilning okkar á því sem gerist við erfðablöndun hjá Atlantshafslaxi.

5. Hvaða áform eru uppi á vegum ráðuneytisins vegna ofangreindra þátta?

1. Það er ljóst að núverandi löggjöf um fiskeldi takmarkar möguleika landbúnaðarráðuneytisins á að setja reglur varðandi þá þætti sem hér er um spurt. Því er nauðsynlegt að setja hið fyrsta nýja löggjöf um fiskeldi og þá þætti sem tengjast því.

2. Ráðuneytið hefur beint því sérstaklega til þeirra stofnana sem undir það heyra að sinna eins og kostur er þeim þáttum sem tengjast fiskeldi, ekki síst mengun. Í því sambandi má benda á eftirtalda þætti:

- Aukið eftirlit með sjókvíum. Veiðimálastofnun mun fylgjast með fjölda kvía, ástandi þeirra, magni merktra laxa í samræmi við reglugerð og gera viðvart ef eitthvað fer úrskeiðis.
- Auknar merkingar í sjókvíum og hafbeitarstöðvum.
- Frystingu svilja úr veiðiám þar sem kvíaeldi er mest.
- Aukið eftirlit með villuráfi eldis- og hafbeitarlaxa i veiðiár.
- Stuðla að aukinni fræðslu og leiðbeiningum fyrir fiskeldismenn og auka eftirlit með stöðvum (skólar, dýralæknar).
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins tekur nú virkan þátt í ýmsum rannsóknum tengdum fiskeldi.

Sþ. 569. Svar [186. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um beitarþol og rannsóknaraðferðir.

Spurt er hversu mörgu sauðfé má beita á einstaka afrétti landsins miðað við hóflega nýtingu og hvaða rannsóknaraðferðum er beitt við mat á beitarþoli.

Í hjálagðri greinargerð frá Ingva Þorsteinssyni, deildarstjóra landnýtingardeildar RALA, er gerð grein fyrir þeim aðferðum og rannsóknum sem stofnunin beitir við útreikninga á beitarþoli lands. Auk þeirra rannsókna sem þar er lýst er unnið að umfangsmiklum rannsóknum á beit á úthaga, bæði á hálendi og láglendi, í samstarfi RALA, Landgræðslunnar og Búnaðarfélags Íslands með tilstyrk landgræðsluáætlunar. Þessum tilraunum er ætlað að treysta grundvöll að ákvörðun á hæfilegu beitarálagi.

Um fyrri lið fyrirspurnarinnar skal eftirfarandi fært fram:

Í lögunum um landgræðslu, nr. 17/1965, með áorðnum breytingum, og í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, með áorðnum breytingum, er fjallað um ítölu sem aðferð til að telja í afrétti eða önnur beitilönd. Ítala hefur verið gerð á eftirtöldum afréttum:

	Sauðfé, ær og lömb	*Dagar*
Landmannaafréttur	1.722	50–60
Afréttur Kolbeinsstaðahrepps	2.613	75
Auðkúluheiði	19.320	60–75
Eyvindarstaðaheiði	14.950	60–75
Afréttarlönd Hálshrepps, S.-Þing.	10.800	90

Enn fremur var gerð ítala á afrétti Ás- og Sveinsstaðahreppa, þ.e. Grímstunguheiði og nærliggjandi afréttarlönd, en henni var hrundið með dómi vegna formgalla. Óskað var eftir ítölu í Bárðdælahrepp, afrétti og heimalönd, árið 1978 en ekki var unnt að verða við þeirri ósk því að þá höfðu heimalönd ekki verið kortlögð og tölur um reiknað beitarþol lágu ekki fyrir. Nú eru þau gögn hins vegar fyrir hendi. Landgræðslan hefur farið fram á endurskoðun ítölu á afrétti Skútustaðahrepps.

Við gerð ítölu hefur verið stuðst við gögn frá RALA, gróðurkort, útreiknað beitarþol og ástandsmælingar, þar sem þær liggja fyrir, auk annarra gagna sem ítölunefndir afla sér. Starfsmenn RALA taka ekki þátt í ítölugerð.

Beitarstjórn hefur ekki verið einskorðuð við ítölugerð og upplýsingar liggja fyrir um flatarmál gróðurlenda og reiknað beitarþol fyrir flesta afrétti landsins sem starfsmenn RALA hafa unnið. Núverandi ástand gróðurs og umfang jarðvegseyðingar hafa einnig verið sérstaklega könnuð á mörgum þeirra. Til viðbótar við þessar beinu rannsóknir fylgjast gróðurverndarnefndir og gróðureftirlitsmaður Landgræðslu ríkisins reglulega með ástandi afrétta, samkvæmt lögum um landgræðslu, nr. 17/1965. Í beinu framhaldi af eftirlitsstarfi sínu hafa þessir aðilar gengist fyrir styttingu beitartímans og fækkun búfjár, þar sem þess var þörf, í samráði við bændur.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að beitarþol lands er háð flóknu samspili margra þátta og hlýtur að vera breytilegt en ekki föst stærð. Ákvörðun á beitarþoli hefur verið byggð á þeim markmiðum í beitarstjórn að ná hámarksframleiðslu búfjárafurða án þess að

landið gangi úr sér. Í þjóðfélaginu fer nú fram mikil umræða um nýtingu lands þar sem önnur viðhorf eru einnig tekin til viðmiðunar. Að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins vinna Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins að endurskoðun á markmiðssetningu um nýtingu lands. Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinnur að stöðugri endurskoðun á þeim aðferðum sem beitt er við útreikninga á beitarþoli. Auk þessa er nú unnið sérstaklega að rannsóknum á hlut jarðvegsgerðar í uppblæstri.

Fylgiskjal.

Ingvi Þorsteinsson,
deildarstjóri landnýtingardeildar RALA:

Aðferðir við rannsóknir á beitarþoli.
(Keldnaholti, 2. janúar 1989.)

1. Beitarþol afrétta og annarra beitilanda er ekki töluleg stærð sem ákveðin er í eitt skipti fyrir öll heldur þarf að endurskoða það með vissu árabili vegna breytinga sem á því verða vegna ytri aðstæðna, svo sem veðurfars, beitarálags og fleiri þátta. Þetta er hliðstætt þeirri ákvörðun sem reglulega er gerð á stærð fiskstofna og ástandi sjávar í því skyni að ákvarða hæfilega sókn í þá.
2. Aðferðir við ákvörðun á beitarþoli eru breytilegar frá einu landi til annars, allt frá hreinu mati til ítarlegra rannsókna. Óháð því hvaða rannsóknaraðferð er beitt er markmið þeirra þó yfirleitt að ákvarða hve mikið gróðurmagn ákveðið landsvæði getur framleitt við ríkjandi gróðurskilyrði. Síðan eru fyrir fram gefnir nýtingarstuðlar notaðir til að ákvarða hve mikið magn af þessu gróðurmagni má fjarlægja með beit án þess að gróður rýrni og framleiðslugetan minnki.

   Fyrir um 30 árum voru hafnar slíkar rannsóknir á vegum Búnaðardeildar atvinnudeildar Háskólans, nú Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og var þá þegar ákveðið að fara þá leið að afla sem ítarlegastrar vitneskju um flatarmál, gróðurfar og uppskerugetu gróins lands, en þekking á þessu var þá mjög af skornum skammti.

   Gróðurkortagerð hefur verið einn stærsti þátturinn í þessum rannsóknum, en hún byggist á því að gróður er flokkaður í gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum plantna og síðan kortlagður í mælikvarða 1:40.000 eða 1:25.000, sem telst mjög stór mælikvarði við kortlagningu heilla landa. Þá er ógróið land einnig flokkað eftir landgerðum. Á grundvelli kortagerðarinnar er síðan reiknað út flatarmál hvers gróðurfélags og ógróins lands á því landsvæði, afrétti eða heimalandi sem verið er að kanna.

   Í kjölfar kortagerðarinnar hafa verið gerðar víðtækar mælingar á uppskerugetu hinna ólíku gróðurfélaga víðs vegar um landið, á næringargildi beitargróðursins, plöntuvali sauðfjárins og hvernig ýmsir umhverfisþættir hafa áhrif á framleiðslugetu landsins, svo sem berggrunnur, jarðvegur og ýmsir landslagsþættir. Síðan 1974 hefur hér á landi verið unnið að víðtækum beitartilraunum til þess að ganga úr skugga um hversu mikla beit hin ólíku gróðurlendi þola án þess að rýrna. Niðurstöður þessara tilrauna eru nú óðum að koma fram, en við útreikninga RALA hefur til þessa verið stuðst við nýtingarstuðla sem notaðir hafa verið erlendis við svipuð skilyrði.

Meðfylgjandi skýringarmynd gefur yfirlit yfir helstu þætti beitarþolsákvörðunar.

Á grundvelli gróðurkortanna, uppskerumælinga og annarra framangreindra þátta er ákvarðað reiknað beitarþol viðkomandi landsvæðis. Það er skilgreint sem það beitarálag — fjöldi búfjár eða fjöldi beitardaga — sem landið er talið þola í meðalárferði við gott ástand gróðurs og jarðvegs og miðað við jafna dreifingu búfjárins um hagana. Reiknað beitarþol er þannig eins konar grunntala sem er þó aðeins einn áfangi á þeirri leið að ákvarða raunverulegt beitarþol landsins á hverjum tíma. Til að geta sagt fyrir um það þarf að taka tillit til ástands landsins, þ.e. hvort gróðurrýrnun hefur átt sér stað af völdum slæms veðurfars, ofbeitar eða öðrum orsökum, og hvort og hve mikil gróður- og jarðvegseyðing á sér stað á viðkomandi svæði. Af þessum sökum þarf að gera úttekt á ástandi beitilanda með vissu árabili og sem oftast. Þetta á ekki síst við hér á landi þar sem gróðurrýrnun hefur átt sér stað, gróður- og jarðvegseyðing er jafn mikil og hraðfara og raun ber vitni og veðurfar einatt sveiflukennt. Enn má benda á hliðstæðu við nýtingu fiskstofna sem er breytileg milli ára eins og kunnugt er.

Því verra sem ástand landsins er því meiri munur er á reiknuðu og raunverulegu beitarþoli þess. Ástandið getur jafnvel verið svo slæmt, t.d. þar sem eyðing lands af völdum uppblásturs er mikil og ör, að tímabundið beitarþol sé stórlega skert og sé jafnvel ekkert, þ.e. að ekki sé ráðlegt að beita á landið meðan unnið er að aðgerðum til að hefta eyðinguna. Þegar og meðan svo er, skiptir ekki meginmáli hver uppskerugeta og reiknað beitarþol er. Sem ákveðið dæmi um mun á reiknuðu og raunverulegu beitarþoli má nefna að ástandskönnun sem gerð var 1983 leiddi í ljós að raunverulegt beitarþol Auðkúluheiðar var um 50% og Eyvindarstaðaheiðar um 45% lægra en reiknað beitarþol vegna gróðurrýrnunar og uppblásturs á heiðunum.

Til þess að fá tölulegt mat á ástandi gróðurs þróaði RALA í samvinnu við Landgræðslu ríkisins fljótvirka og næma aðferð sem þessar stofnanir notuðu til að gera ástandsúttekt á 22 afréttarsvæðum á árunum 1983 til 1987, eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu. Þessir afréttir eru flestir á móbergssvæðinu þar sem jarðvegur er viðkvæmastur og fokgjarnastur. Ekki hefur fjármagni verið veitt til að halda þessu verki áfram og var því ekki unnið að vettvangskönnun eða úrvinnslu gagna 1988.

Við ákvörðun á hæfilegri nýtingu gróðurs, svo sem við gerð ítölu, þarf að taka tillit til ýmissa annarra þátta, t.d. dreifingar búfjár um beitilandið, eins og áður var nefnt, landfræðilegra aðstæðna við nýtingu landsins o.s.frv. Þrátt fyrir allt þetta er ekki tryggt að gróðurinn verði hæfilega nýttur því að veðurfar um beitartímann verður ekki tekið inn í fyrir fram gerða útreikninga á beitarþoli. Af þeim sökum þarf að fylgjast með gróðurnýtingunni yfir sumarið og gera nauðsynlegar leiðréttingar ef þörf krefur þegar líður á beitartímann.

Af framansögðu má vera ljóst að ákvörðun á beitarþoli er margþætt verkefni og hefur landnýtingardeild RALA einbeitt sér að þeim þáttum sem gera kleift að ákvarða reiknað beitarþol. Eftirlit með ástandi beitilanda er lögum samkvæmt í verkahring Landgræðslu ríkisins, en RALA hefur tekið virkan þátt í þróun aðferða og úttekt á ástandi afrétta.

3. Í meðfylgjandi töflu er listi yfir þá afrétti sem kortlagðir hafa verið af RALA og þar sem vitneskja liggur fyrir um reiknað beitarþol. Þar sést hvaða ár kortlagningu lauk eða hún var endurskoðuð, en unnið hefur verið að endurskoðun á þeim svæðum sem fyrst voru kortlögð. Taflan sýnir enn fremur á hvaða afréttum ástand hefur verið kannað, hvenær það var gert og hvar úrvinnslu gagna er lokið.

Þess skal að lokum getið að um 1100 bújarðir víðs vegar um land hafa verið kortlagðar í mælikvarðanum 1:20.000 og 1:25.000.

Afréttir kortlagðir af RALA.

Heiti afréttar	*Kortl. lokið*[1]	*Ástand metið*
Oddsstaðaafréttur	1969	
Þverárafréttur	1965	
Arnarvatnsheiði	1965	
Lambatungur	1965	
Afréttarlönd Kolbeinsstaðahrepps	1980	
Sandár- og Mjóudalir	1973	
Afrétt Hrútfirðinga	1973	
Afrétt Miðfirðinga	1964	
Víðidalstunguheiði	1967	
Grímstunguheiði	1967	1984
Víðidalsfjall — Fremrihlíð	1984	1984
Sauðadalur	1984	1984
Auðkúluheiði	1965 og 1980	1983
Hálsaland	1965 og 1980	1983
Eyvindarstaðaheiði	1966	1983
Stafnsafrétt	1966	
Hofsafrétt	1983	
Nýjabæjarafrétt	1983	
Kolbeinsdalsafrétt	1980	
Staðarfjöll	1986	
Fjöllin	1969	
Suðurafrétt Fnjóskdæla	1978	
Vesturafrétt Bárðdæla	1969	
Austurafrétt Bárðdæla	1965	
Skútustaðaafrétt	1965	1987[2]
Grænavatnsafrétt	1965	1987[2]
Reykjahlíðarafrétt	1975	1986/1987[2]
Afrétt Grýtubakkahrepps	1976	
Flateyjardalsheiði	1974	
Víknalönd	1984	
Þeistareykjaland, Reykjaheiði	1964	1984
Vogaafrétt	1974	1987[2]
Grímsstaðaafrétt	1974	1987[2]
Afrétt Keldhverfinga	1965	
Álftaversafréttur	1973	
Skaftártunguafréttur	1973	
Síðumannaafréttur	1964	
Landmannaafréttur	1963 og 1980	1986
Holtamannaafréttur	1963 og 1980	1986
Laufaleitir, afr. Rangvellinga	1966	1987[2]
Grænafjall, afr. Fljótshlíðinga	1966	1987[2]
Almenningar, afr. V.-Eyfellinga 1966	1986	
Emstrur, afr. Hvolhreppinga	1966	1986
Grímsnesafréttur	1969	1986
Laugardalsafréttur	1969	1986
Biskupstungnaafréttur	1961	1980 og 1984
Hrunamannaafréttur	1962	1987[2]

Heiti afréttar	*Kortl. lokið*[1]	*Ástand metið*
Flóa- og Skeiðamannaafréttur	1964 og 1980	
Gnúpverjaafréttur	1955 og 1980	
Krýsuvík, afr. Hafnfirðinga	1964 og 1987	1986

[1] Reiknað beitarþol er til fyrir alla þessa afrétti.
[2] Í vinnslu.



Sþ. 570. Svar [225. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um framhaldsundirbúning að nýju álveri.

Vinna að undirbúningi nýs álvers við Straumsvík er af eðlilegum ástæðum bundin gagnkvæmum trúnaði milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Atlantal-hópsins. Enn fremur er rétt að taka fram að með tilliti til hagsmunagæslu af Íslands hálfu getur verið nauðsynlegt að trúnaður ríki um vinnugögn, útreikninga og forsendur sem liggja til grundvallar varðandi einstaka þætti samningsgerðar og undirbúnings. Vitað er að erlendir samkeppnisaðilar Íslands vildu gjarnan komast yfir sem nákvæmastar upplýsingar um viðræður Atlantal-hópsins við íslensk stjórnvöld. Svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar hljóta óhjákvæmilega að taka mið af þessu.

1. *Hvernig er af Íslands hálfu lagt mat á forsendur Atlantal-hópsins vegna hagkvæmnikönnunar í einstökum atriðum og í heild?*

Hafa ber í huga að Íslendingar verða ekki eignaraðilar að því álveri sem nú er í athugun og standa ekki að þeirri hagkvæmniathugun sem nú er unnið að. Því er ekki um það að ræða að íslenskir aðilar hafi bein afskipti af þeim forsendum sem Atlantal-hópurinn hefur gefið Bechtel Inc. og undirverktökum þeirra (VST) fyrir verkinu, en þeir hafa lagt til ýmsar upplýsingar og fylgjast með þessari athugun. Niðurstaða hagkvæmniathugunar liggur ekki fyrir og því hafa íslensk stjórnvöld ekki enn lagt mat á forsendur Atlantal-hópsins. Á vegum íslenskra stjórnvalda fer hins vegar fram athugun á þjóðhagslegum áhrifum nýs álvers.

Um frekara svar vísast til minnisblaðs sem fylgdi svari til fyrirspyrjanda á þskj. 120 fyrr á þessu þingi.

2. *Hver er áheyrnarfulltrúi og varamaður af hálfu iðnaðarráðherra í verkefnisstjórn Atlantal-hópsins, sbr. 4. tölul. á þskj. 120? Hvaða undirhópar hafa starfað á vegum verkefnisstjórnarinnar og hverjir eru fulltrúar íslenskra stjórnvalda í þeim? Að hvaða samningum er unnið til undirbúnings nýs álvers á vegum verkefnisstjórnarinnar?*

Áheyrnarfulltrúi í verkefnisstjórninni er Garðar Ingvarsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, og til vara Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur iðnaðarráðuneytisins.

Undirhópar hafa starfað á vegum verkefnisstjórnar Atlantal um tæknimál, lögfræði og skattamál, fjármögnunarmál og orkumál. Ekki hefur verið um beina þátttöku af Íslands hálfu að ræða í starfi þessara undirhópa en tengiliðir eru eftirfarandi:

Tæknimál: Andrés Svanbjörnsson yfirverkfræðingur. Laga- og skattamál: Halldór J. Kristjánsson yfirlögfræðingur. Fjármögnunarmál: Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri. Orkumál: Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri.

Varðandi samninga sem unnið er að vísast til 7. liðar í þessu svari.

3. Hvaða „nauðsynlegar upplýsingar" hefur íslenska ríkið látið Atlantal-hópnum í té á grundvelli samnings aðila frá 4. júlí 1988, sbr. 5. tölul. á þskj. 120?

Þær upplýsingar, sem átt er við í tilvitnuðu svari, varða starfsskilyrði fyrirtækisins hér á landi, fyrst og fremst forsendur orkuverðs og skattlagningar sem er vikið nánar að síðar í þessu svari. Þá hafa verið veittar upplýsingar um launakostnað, þjónustugjöld, kostnað við lóð, vatnsveitu, stækkun hafnar og ýmsa þjónustu sem Hafnarfjarðarbær lætur í té.

4. Hvert er það orkuverð í íslenskum krónum og bandarískum millum á kílóvattsstund sem Atlantal-hópurinn notar til að reikna inn í hagkvæmniathugun vegna nýs álvers, upphafsáfanga og síðari áfanga? Við hvaða forsendur er það verð miðað að því er varðar „tímasetningu og stærð áfanga, kaupskyldu, afhendingarspennu og aðra söluskilmála, verðbreytingarákvæði, tímalengd samninga, endurskoðunarákvæði og fleiri atriði", sbr. 8. tölul. á þskj. 120?

Formlegir samningar um orkuverð eru ekki hafnir. Eftir könnunarviðræður við starfshóp um stækkun álvers/ráðgjafarnefnd um áliðju mun Atlantal-hópurinn hafa notað mismunandi verð á bilinu 16–22 mill á kWst (0,82–1,13 ísl. kr.) sem grunnverð miðað við tiltekið álverð. Niðurstaða hagkvæmniathugunarinnar liggur enn ekki fyrir og er því ekki vitað nánar um verðforsendur Atlantal-hópsins á þessu stigi.

Fyrirhugað er að byggja álver með 185.000 tonna ársframleiðslugetu í tveimur jafnstórum áföngum er hefji framleiðslu á árunum 1992 og 1996. Afhending orku mundi því hefjast á síðari hluta árs 1992 og ná 1300 gígavattstundum í árslok sem héldist óbreytt þar til annar áfangi álversins yrði fullbúinn en þá kæmu til afhendingar 1300 gígavattstundir til viðbótar. Gert er ráð fyrir að afhendingarspenna verði 220 kV. Kaupskylduákvæði verði áþekk og í núverandi stóriðjusamningum og verðbreytingarákvæði tengist væntanlega álverði. Gert er ráð fyrir 25 ára samningstíma. Um þessi atriði og önnur í fyrirspurninni hefur ekki verið samið. Ekki er vitað hve nákvæmar forsendur eru notaðar af hálfu Atlantal-hópsins í athuguninni.

Að því er varðar forsendur um orkuverð að öðru leyti er varhugavert, með tilliti til íslenskra hagsmuna, að gefa opinberlega nánari upplýsingar um orkuverðið á þessu stigi.

5. Hvers konar skattkerfi og hvaða skattgreiðslum og öðrum gjöldum til íslenska ríkisins og annarra íslenskra aðila er gert ráð fyrir í forsendum fyrir yfirstandandi hagkvæmnikönnun? Hverjir vinna að undirbúningi samninga um skattamál á vegum iðnaðar- og fjármálaráðuneytis í tengslum við hagkvæmnikönnunina?

Umræður um fyrirkomulag skattamála hugsanlegs nýs álvers eru á frumstigi. Atlantal-hópurinn hefur óskað eftir að fyrirtækið verði rekið sem bræðslusamlag þar sem eignaraðilar leggja til hráefni og fá afhentan málm í hlutfalli við eignaraðild. Samkvæmt því yrði fyrirtækið rekið fyrir þóknun án þess að verða eigandi hráefna eða framleiðsluvörunnar. Af þessu fyrirkomulagi leiðir að fyrirtækin hafa óskað eftir að nýja álverið greiði framleiðslugjald í stað tiltekinna skatta hér á landi.

Meginsjónarmið íslenskra stjórnvalda er að fyrirtækið greiði skatta og gjöld samkvæmt íslenskum lögum. Vinna beinist nú að því að kanna hvernig best sé að samræma sjónarmið varðandi þetta.

Ráðgjafarnefnd um áliðju hefur umsjón með þessum undirbúningi en nýtur aðstoðar Stefáns Svavarssonar, löggilts endurskoðanda, auk starfsmanna nefndarinnar, embættismanna úr iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti og fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

6. Hverjar eru niðurstöður viðræðna heilbrigðisráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins um mengunarvarnarkröfur fyrir nýtt álver, sbr. 7. tölul. á þskj. 120?

Kröfur um mengunarvarnir í álverksmiðjum eru mótaðar með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Athugun þessa máls mun fara fram á grundvelli gildandi reglna um starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þar segir m.a.:

„Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar viðkomandi heilbrigðisnefnd sem sendir þær til Hollustuverndar ríkisins ásamt umsögn. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn sem máli kunna að skipta."

Þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um nýtt álver liggur heldur ekki fyrir umsókn um starfsleyfi. Niðurstöður um mengunarvarnarkröfur liggja því ekki fyrir að svo stöddu, en gert er ráð fyrir að hagkvæmniathugunin miðist við ströngustu kröfur í Evrópu og N-Ameríku.

Ráðgjafarnefnd um áliðju hafði frumkvæði að því að Atlantal-hópurinn sendi hingað í janúar síðastliðnum sænskan sérfræðing í málefnum er varða mengunarvarnir álvera. Sérfræðingurinn gerði grein fyrir mengunarvörnum í álverum í Svíþjóð og Noregi, sem eru til fyrirmyndar, og fjallaði um væntanlegar mengunarvarnir vegna Atlantal. Rætt var við fulltrúa helstu aðila sem málið varðar, svo sem heilbrigðisráðuneyti, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit ríkisins, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar, flúornefnd og Ísal.

7. Er samhliða hagkvæmniathuguninni unnið að undirbúningi einhverra samninga og annarra gagna sem tengjast mundu lokasamningum um byggingu nýs álvers?
Sé svo er óskað upplýsinga hvaða samningar og samningsígildi það eru.

Samhliða hagkvæmniathuguninni er unnið að undirbúningi formlegra samningaviðræðna sem hafnar yrðu ef niðurstöður reynast jákvæðar. Á þessu stigi er verið að ræða tæknilega form og meginefni slíkra samninga. Ef til kemur er gert ráð fyrir að sett yrðu heimildarlög um nýtt álver og á grundvelli þeirra laga yrði gerður aðalsamningur um málefni álversins með líkum hætti og gert var vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Þá yrði gerður raforkusamningur milli Landsvirkjunar og nýja álversins en slíkur samningur er háður staðfestingu iðnaðarráðherra skv. 13. gr. laga um Landsvirkjun. Loks er unnið að undirbúningi samninga varðandi aðstöðu fyrir nýja álverið, þar með talið um lóðar- og hafnarmál og ýmis atriði sem semja þarf um við Hafnarfjarðarbæ.

8. Hversu mörg viðbótarársverk yrðu til á vegum Landsvirkjunar við rekstur tilbúinna virkjana sem reistar yrðu og framleiddu allt að 2600 gígavattstundum fyrir nýtt álver?

Rekstur nýrra raforkuvera og orkuflutningsvirkja sem framleitt geta 2600 gígavattstundir krefst 40–50 nýrra starfsmanna hjá Landsvirkjun en óbein áhrif slíkra virkjana í atvinnu eru vitaskuld meiri.

9. Hvenær er gert ráð fyrir að hagkvæmniathuguninni ljúki og hvaða málsmeðferð er fyrirhuguð í framhaldi af því á vegum iðnaðarráðherra?
Óskað er eftir að birt verði sem fylgiskjal með svari við fyrirspurninni minnisblað um rafmagnssamning milli Atlantal og Landsvirkjunar frá 24. febrúar 1988.

Hagkvæmnikönnuninni lýkur væntanlega á næstu vikum og verður niðurstaðan til athugunar hjá aðilum næstu vikur. Leiði sú athugun til þess að aðilar haldi viðræðum áfram verður á næstu mánuðum reynt að leiða í ljós hvort grundvöllur er til samninga og málið síðan lagt fyrir ríkisstjórn og Alþingi til umfjöllunar og endanlegrar ákvörðunar.

Ekki þykir fært að verða við ósk fyrirspyrjanda um að fá minnisblað um rafmagnssamning milli Atlantal og Landsvirkjunar frá 24. febrúar 1988 birt sem þingskjal enda um trúnaðarskjal að ræða sem varðar viðskiptahagsmuni Íslendinga. Þegar niðurstöður liggja fyrir í málinu mun Alþingi verða gerð grein fyrir þeim, þar á meðal um raforkuverð.

Nd. 571. Frumvarp til laga [310. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 85. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 83. gr. og 84. gr. skal íbúðarhúsnæði til eigin nota vera undanþegið álagningu eignarskatta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í árslok 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal sérstakur eignarskattur við álagningu á árinu 1989 ekki taka til íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Greinargerð.

Allir viðurkenna þörfina á að eignast þak yfir höfuðið. Hér á Íslandi er þörfin brýnni en víða annars staðar. Húsnæði hér er oft haft rýmra en í löndum þar sem hægt er að vera úti við stóran hluta ársins. Þá hafa aukinn frítími og fleiri tómstundir almennings kallað í æ ríkari mæli á stærra húsnæði til að sinna þessum þörfum. Sú breytta húsagerð, sem við stöndum frammi fyrir og er orðin staðreynd, er afleiðing víðtækra þjóðfélagsbreytinga sem eru einn þeirra þátta sem gera nútímafólki kleift að búa hér á landi. Sú stefna að háskatta íbúðarhúsnæði er stórt skref aftur á bak. Fólk sem byggir sér hús leggur allt sitt undir og er oft í áratugi að basla við þessa erfiðu fjárfestingu. Hér er ekki um eignir að ræða sem gefa ávöxtun, eins og t.d. ríkisskuldbréf sem þó eru skattlaus. Íbúðarskatturinn er því fyrst og fremst árás á venjulegt fólk sem hefur með ráðdeild borgað skuldir sínar með skilum og hefur hug á að búa vel eftir að hafa lagt á sig ómælt erfiði við að eignast eigið húsnæði. Sú stefnubreyting að

háskatta íbúðarhúsnæði með sérstökum íbúðarskatti er óréttlætanleg og því er lagt til í þessu frumvarpi að hann verði aflagður.

Með núverandi íbúðarskatti er höggvið til rótar að sjálfseignarstefnunni á íbúðarhúsnæði á Íslandi. Það hefur verið aðaleinkenni varðandi íbúðarhúsnæði hér að fólk eigi húsnæðið sjálft. Nú er horfið frá þessari stefnu og eignaupptaka hafin með sérstökum íbúðarskatti sem er einstakur fyrir vestrænt ríki. Hvergi í vesturheimi er lagður á sérstakur háskattur á íbúðarhúsnæði eins og hér er gert. Á hitt má og minna að þetta er sama aðferð og kommúnistar notuðu, m.a. í Tékkóslóvakíu og Búlgaríu, til að leggja eignir fólks undir ríkið.

Með samþykkt á lögum um tekjuskatt og eignarskatt frá Alþingi rétt fyrir jólin var grímunni kastað af núverandi ríkisstjórn. Hér er gamalt baráttumál vinstri manna komið í höfn. (Þetta var einnig sérstakur sigur fyrir þingmenn landsbyggðarinnar þar sem vægi atkvæða er miklu meira en hér á suðvesturhorninu.) Nú er valdið sýnt í verki með sérstökum skatti á íbúðarhúsnæði. Áður höfðu fyrirtæki verið verðlaunuð með sama hætti, þ.e. með sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þetta er gert á sama tíma og lönd eins og Svíþjóð eru að snúa blaðinu við með tilliti til samkeppninnar við EB-löndin í náinni framtíð. Sú „skattaparadís" sem nú er að renna upp á þessu landi er ógnvekjandi.

Í öllum umræðum og atkvæðagreiðslum sem við höfum tekið þátt í á Alþingi höfum við verið trúir þeirri stefnu að ekki eigi að auka skatta ríkisins meira en þeir þegar eru. Það eigi heldur að rifa seglin og draga úr þenslu ríkisins. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar ákvað að auka skatta, eða eins og margir segja, tekjuöflun ríkissjóðs átti að vaxa um 22% umfram verðbólgu milli ára. Sú óskhyggja stóðst einfaldlega ekki vegna þess að eyðsla almennings og fyrirtækja dróst saman þrátt fyrir hærri álögur á flestum sviðum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur ákveðið að leggja frekari skatta á almenning. Það er gert til þess að reka ríkissjóð án halla, eins og er svo lifandi skelfing fínt að orða það. Báðar þessar ríkisstjórnir fara villu vegar, það er ekki hægt að velta vanda ríkissjóðs yfir á heimilin í landinu. Fjármálaráðherra ætti að segja: Við eigum að draga útgjöldin saman og veita þó sömu þjónustu. Við eigum að endurskipuleggja og stokka upp heimilisbókhaldið hjá ríkinu.

Við atkvæðagreiðslu um lög um tekjuskatt og eignarskatt gerði 1. flm. einn þingmanna í neðri deild grein fyrir atkvæði sínu, svo hljóðandi:

„Hæstv. forseti. Með samþykkt hækkunar eignarskatta er gengið í berhögg við allt velsæmi og langt út fyrir eðlileg mörk í skattaáþján almennra borgara. Þetta bitnar harðast á einstaklingum sem búa í eigin íbúðarhúsnæði. Þeir hafa lagt metnað sinn í að spara, fara vel með þau laun, sem þeir hafa unnið til og greitt fulla skatta, bæði af launum vinnu sinnar og byggingarefni því sem í þessi hús hefur farið. Hér er verið að hegna þeim sem hafa sýnt ráðdeild, hafa borgað skuldir sínar með skilum og eiga nú skuldlitlar eða skuldlausar eignir. Þessi skattur hefur af sumum verið kallaður ekknaskattur, vegna þess að hann leggst afar þungt á einstaklinga. Af eign sem hjón greiða 108 þús. kr. af greiðir einstaklingur 231 þús. kr. af og var á síðasta ári 72 þús. kr. eða hækkar um 320%. Mismunurinn á því sem einstaklingur greiðir og hjón greiða er 123 þús. kr. í ár. Ofan á þetta verður ein fyrirvinna að greiða miklu hærri skatta af launum. Þetta er ósvífni. Þá er einnig ráðist á íbúa hér í Reykjavík og á Reykjanesi á lúalegan hátt. Sama stærð af eign er nánast skattlaus víða úti á landi launatekjur hér á Reykjanesi og Reykjavík eru þó þær sömu. Þetta er eignaupptaka og árás á borgarastétt í landinu. Ég segi nei."

Með þessari stuttu greinargerð var komið á framfæri fjórum meginsjónarmiðum. Í fyrsta lagi mismunun á sköttum á íbúðarhúsnæði eftir landshlutum, í öðru lagi stöðu einhleypinga og gífurlega skatta á þeim, í þriðja lagi að launatekjur hækka ekkert þótt skattar af íbúðarhúsnæði hækki og í fjórða lagi að hér er verið að refsa fyrir sparsemi og ráðdeild (þó ekki ef keypt eru ríkisskuldabréf, sem er hrein skuldasöfnun ríkissjóðs!).

Í því sem hér er talið að framan er ekki meðtalinn aukaeignarskatturinn sem Sjálfstæðisflokkurinn barði í gegn til að gleðja fólkið í landinu og átti að renna til Þjóðarbókhlöðunnar. Með honum lítur dæmið að framan svona út: Hjón greiða 108.000 kr. auk 13.750 kr. eða 121.750 kr. og einhleypingurinn 231.000 kr. auk 24.380 kr. eða litlar 255.380 kr. Og séu fasteignagjöldin tekin með, en þau eru 70.000 kr. á eigninni, verður útkoman þessi: Hjónin greiða í allt af húsinu 191.750 kr. og einstaklingurinn 325.380 kr.

Eins og sést af dæmi því sem tekið er hér að framan, sem er miðað við þau mörk áður en hærra stigið á eignarskattinum leggst á hjón eða 7+7 milljónir. Það leiðir í ljós hrikalega eignarskatta á einhleypinga og á hjón, en þó verður einstaklingurinn í þessu dæmi að greiða nær 110% hærri skatt. Ofan á þessa skattlagningu bætast síðan lægri tekjur einstaklings fyrir sömu vinnu ef hjón vinna ekki bæði úti og ef hjón vinna bæði úti hafa þau tvöfaldar tekjur, en í mörgum tilfellum sambærilegt heimilishald. Vafalaust er það réttmætt að einhleypingur greiði hærri eignarskatt, en þegar álagning á eigið íbúðarhúsnæði er orðið í allt 3,45% á ári skekkist dæmið og verður hrollvekja. Það sem hér er að gerast er hrein og klár eignaupptaka, maður með venjuleg laun ræður ekki við þessa skatta nema með verulega hærri tekjum. Og það sama gildir fyrir hjón, jafnvel þótt bæði vinni úti.

Úr þessu má bæta með einföldum hætti, sem er að lækka og samræma eignarskattinn af íbúðarhúsnæði um allt land. Mun vikið nánar að þessu hér á eftir. Gera má ráð fyrir að flestu fólki muni þykja sú niðurstaða sanngjörn. Ætla má að þær hugmyndir muni koma í veg fyrir ósættanleg sjónarmið milli fólks í þéttbýli og í strjálbýli um allt land, eins og nú er hætta á eftir þann gífurlega mun í skattlagningu sem blasir við.

Þegar umrætt frumvarp um eignarskatt var til umræðu á Alþingi fluttu 1. flm. og Albert Guðmundsson breytingartillögu við frumvarpið sem gerði ráð fyrir sömu sköttum af sambærilegu íbúðarhúsnæði um allt land og að hærri skattleysismörk yrðu á íbúðarhúsnæði en á öðrum eignum. Tillöguflutningi þessum var í fyrsta lagi ætlað að vekja athygli á mismunum á svokölluðum eignarskatti á íbúðarhúsnæði eftir landshlutum. Í öðru lagi var ætlunin að undirstrika að eigið íbúðarhúsnæði ber ekki að skoða sem skattstofn með þeim hætti sem nú er gert. Ef við höldum okkur við sama dæmi og hér að framan eru eignarskattar og fasteignagjöld af sambærilegri íbúðareign á mismunandi stöðum um landið sem hér segir:

Landinu verður skipt í átta svæði eftir fasteignamati og er hvert svæði reiknað út á meðaltali svæðisins og hæstu og lægstu tölur innan hvers svæðis gefnar upp í sviga. Allar tölur eru miðaðar við svæði 1, er hefur töluna 100% í fasteignamat á húsnæði. Hér verður miðað við mat á einbýlishúsi. Önnur svæði lækka í samræmi við fasteignamat. Svæði 1, 100%, Seltjarnarnes, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður. Svæði 2, 81,30% (85,9%–77,4%) Mosfellsbær, Bessastaðahreppur, Akureyri, Keflavík og Njarðvík. Svæði 3, 67,38% (74,0%–65,8%), Ísafjörður, Grindavík, Borgarnes, Húsavík, Sauðárkrókur, Vestmannaeyjar, Akranes, Ólafsfjörður, Dalvík, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður og Hafnarhreppur. Svæði 4, 58,29% (64,3%–56,4%), á þessu svæði eru kaupstaðir, kauptún og þéttbýlir hreppar. Svæði 5, 51,82% (55,5%–48,6%), á þessu svæði eru kaupstaðir, kauptún og þéttbýlir hreppar. Svæði 6, 45,52% (47,0%–40,0%) hreppar og minni kauptún. Svæði 7, 32,72% (39,0%–30,5%), dreifbýli. Svæði 8, 25,52% (28,2%–21,8%), strjálbýli. Ekki er hér tæmandi talning og má vekja athygli á að í mörgum sveitarfélögum er tvenns konar mat eftir þéttbýli eða dreifbýli, þannig að eignir í sama sveitarfélagi geta hér verið taldar hver til síns svæðis. Sjá meðfylgjandi töflu.

Við undirbúning að nýrri skipan á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hafa sveitarstjórnarmenn utan svæðis 1, eins og það er skýrgreint hér, óskað eftir því að sama fasteignagjald sé af sambærilegri eign út um allt land. Sé þetta eðlilegt þar sem um sé að ræða þjónustugjald til sveitarfélags. Sömu rök gilda auðvitað um eignarskatt af íbúðarhúsnæði að

hér sé um þjónustugjald af eigninni að ræða. Þar með eru þau vandamál úr sögunni að ekki sé hægt að leggja saman eignarskatt á sambærilegt íbúðarhúsnæði um allt land. Þá stendur hitt vandamálið eftir, þetta með einstaklingana, en eins og sést á meðfylgjandi útreikningum er eignarskatturinn fyrst og fremst skattur á þá. Slíka ofsköttun verður að lagfæra.

Eftir að ljóst er að eignarskattarnir og fasteignagjöld eru fyrst og fremst skattar á Reyknesingum, að meðtöldum Reykvíkingum, og á íbúðarhúsnæði í stærri bæjum, hlýtur krafan að verða sömu skattar á sambærilegt íbúðarhúsnæði um allt land.

Á sama tíma og skuldabréf ríkissjóðs eru tekju- og eignarskattsfrjáls er íbúðarhúsnæði haft að féþúfu til að halda áfram óráðsíunni í ríkisrekstri, jafnframt nýtur almennt sparifé sömu kjara. Í dag greiðir maður á Reykjanessvæðinu 325.380 kr. í eignarskatta af íbúðarhúsnæði með fasteignamat að upphæð 14.000.000 kr. Maðurinn sem á 140.000.000 kr. undir koddanum í ríkisskuldabréfum eða tíu sinnum meira greiðir ekkert! Maðurinn sem á fasteignina er launþegi og greiðir háa tekjuskatta, en maðurinn með 140 milljónirnar í ríkisskuldabréfum greiðir ekki heldur tekjuskatt. Sá maður er löngu hættur að vinna og lætur sér nægja tekjurnar af skuldabréfunum, sem verða ekki nema 9.800.000 kr. á næsta ári. Þessar tæpu tíu milljónir ætlar hann síðan að stórum hluta að nota til að auka skuldir ríkissjóðs, enda eina örugga leiðin til ábata hér á landi. Og svo er þar maðurinn, sem á aukalega íbúð sem er 5.000.000 kr. að fasteignamati á höfuðborgarsvæðinu, sem hann leigir út. Hann hefur reiknað að nú þurfi hann að leigja hana á aðeins 61.000 kr. á mánuði til að fá sömu ávöxtun og af ríkisskuldabréfum, enda greiðir hann bæði eignar- og tekjuskatt af þessari eign. Væri nú þessi eign háð sömu ákvæðum og ríkisskuldabréfin þyrfti leigan að vera um 29.000 kr. á mánuði, sem er aðeins 47% af núverandi tekjuöflunarþörf mannsins, eins og þeir orða það hjá ríkisstjórninni. Sömu sögu er að segja af manninum, sem á verðbréf hjá einum af verðbréfasjóðunum. Hann segir að tekjuöflunarþörf sinni verði að mæta með verulega hærri vöxtum til að hann geti greitt skatta af bréfunum og fengið sömu fjárrentu og hjá ríkissjóði.

Og svo geta menn spurt hvaða áhrif hefur þetta á efnahagslífið? Þýðir þetta hærri vexti og vaxandi verðbólgu? Og menn mega ekki gleyma því að þessir auknu skattar þýða að tekjuþörf heimilanna vex sem mun koma fram í hærri launakröfum (tekjuöflunarkröfum) á næstu dögum.

Eignarskattar af húseign, sem er kr. 14.000.000,00

	Eignarskattur kr.	Sérst. eignarsk. kr.	Eignarsk. samtals kr.	%
Svæði 1				
einst.	231.000,00	24.380,00	255.380,00	100,00
hjón	108.000,00	13.750,00	121.750,00	100,00
Svæði 2				
einst.	172.310,00	17.830,00	190.140,00	74,45
hjón	76.580,00	7.210,00	83.790,00	68,82
Svæði 3				
einst.	119.700,00	12.960,00	132.660,00	51,94
hjón	53.200,00	2.330,00	55.530,00	45,60
Svæði 4				
einst.	85.840,00	9.780,00	95.120,00	37,24
hjón	37.930,00	0,00	37.930,00	31,54
Svæði 5				
einst.	61.070,00	7.530,00	68.600,00	26,86
hjón	27.140,00	0,00	27.140,00	22,29
Svæði 6				
einst.	46.470,00	5.310,00	51.780,00	20,27
hjón	16.470,00	0,00	16.470,00	13,52
Svæði 7				
einst.	24.970,00	830,00	25.800,00	10,10
hjón	0,00	0,00	0,00	00,00
Svæði 8				
einst.	12.870,00	0,00	12.870,00	5,03
hjón	0,00	0,00	0,00	0,00

Eignarskattar af húseign, sem er kr. 7.000.000,00

	Eignarskattur kr.	Sérst. eignarsk. kr.	Eignarsk. samtals kr.	%
Svæði 1				
einst.	54.000,00	6.870,00	60.870,00	100,00
hjón	24.000,00	0,00	24.000,00	100,00
Svæði 2				
einst.	38.290,00	3.600,00	39.890,00	65,53
hjón	8.290,00	0,00	8.290,00	34,54
Svæði 3				
einst.	26.600,00	1.160,00	27.760,00	45,60
Svæði 4				
einst.	18.960,00	0,00	18.960,00	31,14
Svæði 5				
einst.	13.570,00	0,00	13.570,00	22,29
Svæði 6				
einst.	8.230,00	0,00	8.230,00	13,52
Svæði 7,8				
einst.	0,00	0,00	0,00	0,00
Svæði 3,4,5,6,7,8				
hjón	0,00	0,00	0,00	0,00

Fasteignagjöld af húseignum, sem eru kr. 7.000.000,00 og 14.000.000,00

	Faste.gj. af 14 m. húsl. kr.	%	Faste.gj. af 7 m. húsl kr.	%
Svæði 1	70.000,00	100.00	35.000,00	100,00
Svæði 2	56.910,00	81,30	28.455,00	81,30
Svæði 3	47.170,00	67,38	23.585,00	67,38
Svæði 4	40.800,00	58,29	20.400,00	58,29
Svæði 5	36.310,00	51,87	18.155,00	51,87
Svæði 6	31.860,00	45,52	15.930,00	45,52
Svæði 7	22.900,00	32,72	11.450,00	32,72
Svæði 8	17.860,00	25,52	8.930,00	25,52

Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um könnun á kostnaði við kaup og rekstur dvergkafbáts.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna kostnað við kaup og rekstur dvergkafbáts.

Greinargerð.

Á síðasta sumri var fenginn hingað til lands dvergkafbátur til rannsókna við Kolbeinsey. Árangur þessa leiðangurs bendir til að vísindalegur og fjárhagslegur ávinningur mundi verða af rekstri dvergkafbáts. Það hefur víða færst í vöxt að slíkir bátar séu notaðir til rannsókna neðansjávar og með góðum árangri. Þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á öflun sjávarfangs hlýtur að leggja vaxandi áherslu á rannsóknir til að auka sem mest afrakstur þess á komandi árum. Sú bylting sem rannsóknir með dvergkafbát mundu þýða er augljós, en nú þegar hafa verið gerðar merkar rannsóknir neðansjávar á hafsvæðum víða um heim sem ekki hefði verið unnt að framkvæma með öðrum hætti. Það má ekki gleyma hversu mikilvægt er að fylgjast með mengun og huga að mengunarhættu neðansjávar en aðeins með varðveislu lífríkis sjávar er hægt að tryggja eðlilegan viðgang náttúrunnar í hafinu umhverfis landið. Einnig er ljóst að ný og óþekkt fyrirbæri í hafinu geta leitt til framfara og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Og enn á ný má minna á leiðangurinn til Kolbeinseyjar þar sem áður óþekktar lífverur fundust sem ef til vill geta orðið grundvöllur nýs iðnaðar hér á landi.

Ed. 573. Frumvarp til laga [312. mál]

um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Leggja skal skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð og má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu. Greiða skal gjaldið við tollafgreiðslu. Sama gjald skal leggja á innfluttar einnota umbúðir undir drykkjarvörur eða umbúðir framleiddar hér á landi og skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun, sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en sem ráðherra er heimilt að hækka í allt að 5% af skilagjaldi.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða, er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu.

Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

3. gr.

Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla er lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða.

Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Í reglugerð sem iðnaðarráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneyti og er það flutt vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á drykkjarvöruumbúðum að undanförnu þar sem einnota dósir hafa verið að ryðja sér til rúms í stað margnota flaskna. Á markaðinn kom sterkt öl 1. mars 1989, sem líklega mun auka verulega notkun einnota drykkjarvöruumbúða, sem því miður enda í allt of mörgum tilvikum sem rusl á víðavangi.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur um nokkurt skeið verið starfandi sérstök nefnd, endurvinnslunefnd, sem fjallað hefur um endurvinnslu úrgangsefna, þar á meðal um þann þátt sem hér er til umræðu. Jafnframt hefur Félag íslenskra iðnrekenda fjallað um málið. Í endurvinnslunefndinni eiga sæti: Páll Líndal deildarstjóri, formaður, Ragnar Birgisson forstjóri, Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri, Katrín Fjeldsted borgarfulltrúi, Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur, Ólafur Pétursson forstöðumaður og Guðjón Jónsson, efnafræðingur hjá Iðntæknistofnun Íslands sem hefur starfað fyrir nefndina.

Endurvinnslunefnd hefur nýlega gengið frá tillögum að frumvarpi um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur þar sem lagt er til að skilagjald verði lagt á umbúðir úr áli, álblöndum og plastefnum. Enn fremur leggur nefndin til að lagt verði umhverfisgjald á allar aðrar einnota umbúðir úr plasti, gleri, málmum, pappa eða sambærilegum efnum. Tillaga endurvinnslunefndar fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal II. Vegna

þeirrar miklu aukningar á einnota umbúðum, aðallega úr áli, sem líklega verður eftir 1. mars, hefur þótt rétt að taka þessar drykkjarvöruumbúðir til meðferðar sérstaklega. Með frumvarpi þessu er því í samræmi við meginsjónarmið í tillögum endurvinnslunefndar lagt til að sett verði almennt ákvæði um álagningu skilagjalds á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Í reglugerð verði síðan kveðið á um til hvaða umbúða gjaldið skuli taka. Í upphafi verður gjaldið lagt á dósir úr áli og plasti. Álagning skilagjalds á aðrar tegundir drykkjarvöruumbúða þarfnast frekari athugunar og má leggja gjaldið á síðar með reglugerðarbreytingu. Ráðuneytið stefnir að því að ákvörðun um álagningu skilagjalds á aðrar einnota drykkjarvöruumbúðir liggi fyrir síðar á þessu ári.

Ráðuneytið fékk Ágúst Þór Jónsson verkfræðing til þess að fara yfir þetta mál og hefur hann gert tillögu um einfalt kerfi sem byggist á því að samhliða lagaheimild til álagningar sérstaks skilagjalds á einnota drykkjarvöruumbúðir verði stofnað hlutafélag er sjái um framkvæmdina. Í frumvarpinu eru ákvæði varðandi stofnun hlutafélags til að annast söfnun og endurvinnslu umbúðanna. Stofnkostnaður félagsins er áætlaður um 93 millj. kr., ef gert er ráð fyrir að félagið byggi yfir starfsemina, en um 60 millj. kr. ef leigt verður húsnæði fyrir starfsemina. Hlutafé gæti því orðið á bilinu 30–45 millj. kr. og er stefnt að því að hluthafar verði bæði þeir sem setja einnota umbúðir á markaðinn og einnig aðrir sem hafa ýmist áhuga eða hag af endurvinnslu þeirra. Ríkissjóður og þar með talin ÁTVR eigi einhvern hlut í félaginu og einnig einstaka sveitarfélög eða samtök þeirra.

Greinargerð Ágústs Þórs Jónssonar verkfræðings um tilhögun slíks fyrirtækis fylgir frumvarpi þessu (fylgiskjal I). Skýrt skal tekið fram að hér er um að ræða hugmynd varðandi tilhögun og stofn- og rekstrarkostnað, sem stjórn hins nýja félags verður að taka endanlega ákvörðun um.

Í stuttu máli er fyrirkomulagið hugsað þannig að lagt verði á skilagjald, t.d. fimm krónur á dós, ásamt umsýsluþóknun, sem nemi einu prósenti af skilagjaldinu, eða t.d. fimm aurum á dós. Til samanburðar má geta þess að skilagjald á áldósir í Svíþjóð er um 50 sænskir aurar eða um fjórar krónur á dós og núverandi skilagjald á gosflöskum er fimm krónur. Skilagjaldið ásamt umsýsluþóknun verði lagt á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum við tollafgreiðslu en samhliða vörugjaldi á innlenda drykkjarvöruframleiðslu.

Innheimt skilagjald verði afhent fyrirtækinu sem síðan á að skipuleggja söfnun umbúðanna um land allt og koma þeim til endurvinnslu. Skilagjald af umbúðum verði endurgreitt við móttöku þeirra. Reglubundin söfnun umbúða verður fyrst og fremst í höndum söluaðila. Í sambandi við skipulag umbúðasöfnunarinnar er einnig vonast eftir samstarfi við félagasamtök sem sum hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Með þátttöku í hreinsunar- og söfnunarstarfi geta þau stuðlað að því að halda landinu hreinu og fögru og jafnframt haft af því nokkurn fjárhagslegan og uppeldislegan ávinning.

Fyrirtækið fengi umsýsluþóknun skilagjaldsins í sinn hlut fyrir fyrirhöfnina, en einnig fengi það skilagjald af dósum sem ekki er skilað. Það er vissulega þversögn í því að með þessu hefði fyrirtækið hag af því að sem minnst safnist af dósunum. Til þess að svo verði ekki má binda í samningum nánari ákvæði um lágmarksárangur en til þess að tryggja fyrirtækinu traustan rekstrargrundvöll er í frumvarpinu heimild til þess að hækka umsýsluþóknunina upp í 5% eftir því sem innheimtuárangurinn eykst. Þá er aðild ríkisins að fyrirtækinu hugsuð til þess að tryggja að það starfi ætíð í samræmi við tilgang þess.

Efnisval og stærðir umbúða þarf að staðla til þess að hægt sé að koma við fullkominni tækni við talningu og flokkun þeirra. Einnig er nauðsynlegt að settar verði reglur um gerð umbúðanna, t.d. varðandi flipa á áldósum, þannig að sem minnst umhverfismengun fylgi umbúðunum. Reiknað er með að í framtíðinni komi fram á öllum leyfðum og skilagjaldsskyldum umbúðum að skilagjald fylgi þeim. Til að byrja með verður þó að taka við þeim umbúðum,

sömu gerðar sem fyrir eru í landinu, og lokið hafa hlutverki sínu. Það á að vera hægt sökum þess að skilahlutfallið verður trúlega lágt í upphafi.

Fyrsta verkefni þessa félags verður að skipuleggja og kosta söfnun á gosdrykkja- og bjórdósum úr áli og plasti. En það eru fleiri verkefni framundan. Söfnun á einnota glerflöskum af ýmsu tagi og endurvinnsla þeirra er mikið verkefni og sama gildir um sumar gerðir pappírsumbúða. Síðar mætti hugsa sér að félagið færi inn á önnur svið söfnunar og endurvinnslu sem ekki snerta umbúðir um drykkjarvörur. Má þar nefna söfnun og endurvinnslu á hjólbörðum, en slík framleiðsla er þegar hafin á Akureyri.

Það fyrirtæki sem hér um ræðir er ekki mannfrekt a.m.k. ekki í upphafi. Gert er ráð fyrir að auk forstöðumanns starfi þar sex aðrir starfsmenn í fullu starfi. Fyrirtækið mun byggja starf sitt á samstarfi við fjölda aðila um land allt sem taki að sér að safna umbúðum gegn skilagjaldi eða taki við þeim fyrir hönd fyrirtækisins og greiði út skilagjaldið.

Endurvinnsluiðnaður á eftir að hafa enn mikilvægara hlutverki að gegna hér á landi sem annars staðar. Eftir því sem gengur á auðlindir jarðar verður endurvinnsla á ýmsu því sem háneyslusamfélög nútímans henda frá sér stöðugt mikilvægari. Hér er því ekki einungis á ferðinni verkefni á sviði umhverfisverndar, heldur er hér um eina grein iðnþróunar að ræða.

Iðnaðarráðuneyti hefur haft frumkvæði í þessu máli. Eins og kunnugt er eru nú uppi ráðagerðir um að sameina flesta þætti umhverfismála í eitt ráðuneyti og mun það ráðuneyti einnig taka við þessu verkefni. Brýnt er að lagafrumvarp þetta fái skjóta meðferð meðal annars vegna þess að sala bjórs hófst 1. mars síðastliðinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lagt verði skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum og innfluttar einnota umbúðir undir drykkjarvörur eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð. Til viðbótar skilagjaldi verði lögð á umsýsluþóknun er nemi 1–5% af skilagjaldi. Gjaldið verði lagt á við tollafgreiðslu eða samhliða vörugjaldi og skilað aftur til neytenda samkvæmt ákvæðum 3. gr. frumvarpsins og nánari ákvæðum sem sett verða í reglugerð.

Skilagjaldsskyldar umbúðir verða skilgreindar í reglugerð og í upphafi er gert ráð fyrir að reglugerðin taki til áldósa og plastflaskna.

Stefnt er að því að reglugerðin verði sett jafnskjótt og heimildarfrumvarpið er orðið að lögum. Innan ríkisstjórnarinnar hefur verið rætt um að skilagjaldið yrði á bilinu fimm til tíu krónur á dós og er við það miðað að gjaldið verði í upphafi fimm krónur á dós. Umsýsluþóknunin yrði samkvæmt því fimm aurar á dós. Bein verðlagsáhrif yrðu óveruleg eða aðeins því sem nemur umsýsluþóknuninni. Skilagjald hefði engin áhrif á verðlag þar sem það er endurgreitt um leið og tómri dós er skilað til söluaðila.

Um 2. gr.

Til að tryggja skilvirka framkvæmd laganna er lagt til að iðnaðarráðherra skuli hafa frumkvæði að stofnun hlutafélags um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða og umsýslu skilagjaldsins skv. frumvarpinu. Þar sem félagið mun ráða yfir tekjum sem innheimtar verða í skjóli lagasetningar og annast starfsemi er varðar almannahag þykir rétt að ríkisvaldið hafi frumkvæði að stofnun félagsins og eigi verulega aðild að því a.m.k. í upphafi. Þá er gert ráð fyrir að félagið öðlist einkarétt til söfnunar og vinnslu einnota umbúða og því er einnig af þeirri ástæðu rétt að ríkissjóður eigi aðild að því. Ekki er þó stefnt að meirihlutaaðild ríkisins að félaginu.

Auk ríkisins er svo sem fyrr greinir gert ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar þar með talin fyrirtæki, félagssamtök og sveitarfélög eigi aðild að fyrirtækinu í hlutföllum sem samið verður um.

Unnið er að undirbúningi félagsstofnunar á vegum sérstaks undirbúningshóps sem iðnaðarráðherra hefur skipað. Er þess vænst að samningar geti tekist um félagsstofnunina sem fyrst, þannig að ganga megi til stofnunar félagsins í beinu framhaldi af samþykkt heimildarfrumvarps þessa. Stefnt er að því að félagið verði stofnað eigi síðar en í marslok en að álagning skilagjalds komi til framkvæmda jafnskjótt og lögin taki gildi.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um endurgreiðslu skilagjaldsins og um fyrirkomulag á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Þá er gert ráð fyrir að félagið semji við einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir.

Einn megintilgangur með stofnun félagsins er að stuðla að umhverfisvernd og því þykir eðlilegt að 5% af tekjuafgangi renni til Náttúruverndarráðs.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að almennt heimildarákvæði verði til þess að leggja skilagjald á einnota umbúðir um drykkjarvörur. Í reglugerð verði hins vegar ákveðið til hvaða umbúða lögin skuli taka og hvert gjaldið skuli vera. Gjaldið getur verið mismunandi eftir stærð og eðli umbúðanna. Þá er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna þar á meðal um gerð og efnisval umbúða. Gerð og efnisval umbúða getur ráðið miklu um endurvinnslu og því er mikilvægt að heimilt verði að setja ákvæði í reglugerð um það efni.

Í greininni er enn fremur lagt til að iðnaðarráðherra geti í reglugerð bannað notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða endurvinna. Þær umbúðir sem hér eru einkum hafðar í huga eru ståldósir. Berist ståldósir hingað í einhverjum mæli þá verður að leggja í aukakostnað við að flokka þær frá áldósum við söfnun og endurvinnslu og því þykir eðlilegt að gera ráð fyrir að hægt verði að banna notkun þeirra.

Um 5.–6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

I. Greinargerð Ágústs Þórs Jónssonar verkfræðings til iðnaðarráðuneytisins um endurvinnslu á einnota umbúðum, dags. 23. janúar 1989.

II. Endurvinnslunefnd Iðnaðarráðuneytisins: Tillaga að frumvarpi til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur ásamt greinargerð. Samþykkt í endurvinnslunefnd 15. febrúar 1989.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Ágústs Þórs Jónssonar verkfræðings, til iðnaðarráðuneytisins, um endurvinnslu á einnota umbúðum, dags. 23. janúar 1989.

Varðar: Endurvinnslu á einnota umbúðum.

Samkvæmt beiðni iðnaðarráðherra, Jóns Sigurðssonar, hefi ég kannað á hvern hátt koma má fyrir endurvinnslu á einnota umbúðum.

Málefni þetta hefur áður verið til umfjöllunar hjá endurvinnslunefnd sem starfar skv. sérstöku skipunarbréfi frá fyrrverandi iðnaðarráðherra, Friðriki Sophussyni. Á vegum þeirrar nefndar hefur verið unnið að gerð frumvarps til laga um skilagjald o.fl. Til ráðgjafar hefur nefndin m.a. fengið Svíann Jörgen Sallenhag. Sallenhag er formaður stjórnar Svensk Returpak en það er fyrirtæki í Svíþjóð sem vinnur að endurvinnslu á áldósum.

Undirrituðum hefur verið falið að annast undirbúning að stofnun fyrirtækisins, fyrir hönd ráðuneytisins. Fyrirtæki þetta skal stofna með það í huga að komið verði á skilagjaldi á einnota umbúðir.

Að undanförnu hefur verið unnið að því að safna upplýsingum um sambærileg kerfi, m.a í Svíþjóð. Einnig hefur verið gerð tilraun til þess að skilja mun á umhverfi endurvinnslufyrirtækisins í Svíþjóð og sambærilegs fyrirtækis sem stofnað yrði hér á landi. Haft hefur verið samband við ýmsa aðila er áhuga hafa sýnt á málinu og leitað eftir sjónarmiðum þeirra.

Ekki er talið nauðsynlegt að rekja hér sjónarmið allra þeirra aðila sem talað hefur verið við eða gera sérstaka grein fyrir upplýsingum þeim sem fengnar hafa verið við lestur ýmissa gagna. Hér verður aðeins gerð grein fyrir tillögum um stofnun fyrirtækis um endurvinnslu á einnota umbúðum og er tillaga þessi byggð á þeim upplýsingum sem fengnar hafa verið.

1. Lýsing kerfisins.

Við gerð tillögu um kerfi það sem hér er lýst er reiknað með að unnt verði að safna saman ýmiss konar einnota umbúðum eftir að notkun þeirra lýkur. Í byrjun er þó reiknað með að aðeins verði safnað saman ál- og plastdósum ásamt plastflöskum, (PET – flöskur), en að söfnun annarra umbúða verði hafin síðar. Reiknað er með að notkun stáldósa verði bönnuð.

Nauðsynlegt er einnig að setja reglur um staðlað form á einnota umbúðum, bæði hvað varðar efnisval og lögun. Þá er einnig nauðsynlegt að merkja allar umbúðir sem skilagjald hefur verið lagt á.

1.1 Skilagjald.

Kerfi það sem hér er lýst er byggt á álagningu skilagjalds, en skilagjald er gjald sem lagt er á einhvern hlut í upphafi notkunar og sem síðan er greitt út við lok notkunar.

Lagt er til að skilagjald verði lagt á allar áldósir við innflutning, þ.e. sem eins konar tollur. Enginn greinarmunur verði gerður á því hvort dósirnar eru fullar eða tómar. Gjald þetta fylgir síðan dósunum þar til þeim er skilað að lokinni notkun og er gjaldið þá endurgreitt.

Til álita kemur einnig að leggja gjald þetta á innlenda framleiðslu, á sama hátt og gert er við álagningu vörugjalds.

1.2 Umsýsluþóknun skilagjalds.

Auk skilagjalds er nauðsynlegt að leggja á óafturkræft gjald sem kalla má umsýsluþóknun skilagjalds. Tilgangur álagningar þessa gjalds er sá að tryggja að unnt verði að reka kerfið

þó svo endurheimtur á notuðum áldósum verði það góðar að afgangur, eftir endurgreiðslu skilagjaldsins til notenda, nægi ekki til reksturs á kerfinu. Nánari skýringar á gjaldi þessu eru síðar í greinargerð þessari.

1.3 Stofnun endurvinnslufyrirtækis.

Komið verði á fót fyrirtæki, hér nefnt Endurvinnsian hf., sem annist söfnun á einnota umbúðum, sem skilagjald hefur verið lagt á, og komi þeim í endurvinnslu. Til að byrja með verði þó aðeins safnað ál- og plastdósum og plastflöskum, en stefnt verði að því að hefja söfnun annarra umbúða hið fyrsta.

Hlutverk fyrirtækisins á að vera að taka við skilagjaldi og umsýsluþóknun skilagjalds frá ríkissjóði og nota fjármagn þetta til þess að greiða neytendum fyrir tómar einnota umbúðir sem skilagjaldsskyldar eru.

Um 1.1.

Lagt er til að skilagjaldið verði lagt á dósirnar og plastflöskur við innflutning þannig að tengsl endurvinnslufyrirtækisins og framleiðenda og innflytjenda verði fjárhagslega sem minnst.

Í ljós hefur komið að framleiðendur og innflytjendur vilja ekki vita nákvæmlega hver markaðshlutdeild hvers og eins er og munu sennilega neita að gefa þessar upplýsingar til tengds aðila. Við skil á skilagjaldi til endurvinnslufyrirtækisins yrðu allir að gera nákvæma grein fyrir framleiðslu og innflutningi og yrði á þann hátt auðvelt að finna ofangreindar upplýsingar.

Með greiðslu gjaldsins í tolli þurfa framleiðendur/innflytjendur ekki að gera endurvinnslufyrirtækinu grein fyrir framleiðslu sinni í smáatriðum.

Fyrirkomulag þetta auðveldar líka framtíðarþróun fyrirtækisins, þegar söfnun á annars konar umbúðum hefst.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að gefa greiðslufrest á álögðu skilagjaldi af umbúðum, þannig að fjárbinding framleiðenda af skilagjaldinu verði í lágmarki.

Um 1.2.

Eins og fram kemur í reikningunum hér á eftir er ljóst að kostnaður við söfnun dósanna og rekstur endurvinnslufyrirtækisins er allnokkur.

Þegar hlutfall endurheimtra dósa er orðið hátt nægja tekjur fyrirtækisins ekki til reksturs á kerfinu. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja á dósirnar óafturkræft gjald sem ætlað er til reksturs kerfisins. Hefur það hér verið nefnt umsýsluþóknun skilagjalds. Gjald þetta verður af eðlilegum ástæðum ekki hátt til að byrja með en gert er ráð fyrir að það fari hækkandi eða úr 1% í 5% eftir því sem heimtur aukast. Rétt er að upphæð gjalds þessa verði háð samþykki stjórnvalda, t.d. Verðlagsstjóra, og að upphæð þess verði bundin skilahlutfalli.

Um 1.3.

Til þess að ná tilgangi sínum verður fyrirtækið að gera samninga við kaupmenn o.fl. um að taka við tómum áldósum og plastflöskum, gegn gjaldi. Fyrirtækið verður einnig að gera samninga við ýmsa aðila um að safna dósunum saman hjá kaupmönnunum og koma þeim til fyrirtækisins, þar sem þær verða flokkaðar, pressaðar og seldar hæstbjóðanda.

2. Endurvinnslufyrirtækið.

2.1 Stofnun hlutafélags.

Lagt er til að stofnað verði fyrirtækið Endurvinnslan hf. og að það verði í eigu ýmissa aðila er tengjast framleiðslu og notkun einnota umbúða. Rétt þykir að ríkissjóður eigi stóran hluta í fyrirtækinu a.m.k. til að byrja með. Á þann hátt er tryggt að engin ein grein umbúðaiðnaðarins ráði fyrirtækinu.

2.2. Hlutafé.

Lagt er til að hlutafé í fyrirtækinu verði kr. 45.000.000,00, og að eignarhald verði sem hér segir:

2.2.1 Gos og bjórframleiðendur	20%
2.2.2 Innflytjendur á gosi og bjór	5%
2.2.3 Kaupmenn og samtök þeirra	15%
2.2.4 Íslenska álfélagið/ Járnblendifélagið	10%
2.2.5 Ríkissjóður, þ.m.t. Á.T.V.R.	40%
2.2.6 Endurvinnsluiðnaður	10%

2.3. Umfang starfseminnar.

Umfang starfssemi fyrirtækisins er háð fjölda einnota umbúða sem í umferð eru hverju sinni. Í byrjun er fyrirtækið háð fjölda ál- og plastdósa og fjölda plastflaskna. Samkvæmt athugun má búast við að heildarfjöldi seldra dósa og flaskna á árinu 1989 verði 65.000.000.

Reiknað er með að fyrirtækið verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þar verði skrifstofur félagsins og móttaka og pressun tómra dósa.Reiknað er með að plastflöskur verði hakkaðar og sendar á haugana.

2.4. Fyrirkomulag rekstrar.

Fyrirkomulag á rekstri fyrirtækisins gæti verið eins og hér segir:

Gert er ráð fyrir að neytendur skili dósunum eftir notkun til kaupmanna gegn endurgreiðslu á skilagjaldi. Kaupmaðurinn tekur við dósunum og setur þær í plastpoka ópressaðar, eða lætur viðskiptavininn setja dósirnar í sjálfvirkan dósamóttakara, sem pressar þær og setur í plastpoka. Kaupmaðurinn innsiglar pokana og merkir þá.

Með reglulegu millibili eru pokarnir sóttir, annað hvort af gosdrykkjaframleiðendum eða öðrum sem náðst hefur samkomulag við um flutning á dósunum til Endurvinnslunnar hf. Ekki er nauðsynlegt að kaupmaðurinn eða flutningsaðilinn telji dósirnar þar sem þær verða taldar sjálfvirkt hjá Endurvinnslunni hf. Pressaðar dósir eru vigtaðar, en ópressaðar dósir eru taldar í dósateljara. Aðeins er nauðsynlegt að merkja pokana vel. Vilji kaupmaður eða flutningsaðili fylgjast með að talning sé rétt getur hann talið í ákveðið mörgum pokum og framkvæmt stikkprufueftirlit. Mismunur milli aðila er síðan meðhöndlaður skv. sérstöku kerfi þar sem unnið er innan vissra stærðarþolviksmarka. Sem dæmi má nefna að ef kaupmaður telur að dósirnar séu 200, en talningavélin sýnir 196 þá er greitt fyrir 196 enda hefur stærðarþolvikið verið ákveðið +5 og -5. Ef munurinn er meiri er hinsvegar greitt skv. kröfu kaupmannsins og frekara stikkprufueftirlit framkvæmt í samráði aðila, þar til samkomulag hefur náðst.

Að lokinni talningu hjá Endurvinnslunni hf. eru greiðslur sendar bæði til kaupmannsins og flutningsaðilans, þ.e. kaupmanninum er endurgreitt skilagjaldið sem hann hefur greitt neytandanum, auk afgreiðslugjalds fyrir að annast móttökuna. Flutningsaðilanum er greitt fyrir flutninginn. Í báðum tilfellum miðast upphæðir við fjölda dósa sem skilað er.

Með fyrirkomulagi þessu fara engin fjárhagsleg samskipti fram milli framleiðenda og Endurvinnslunnar hf., nema ef framleiðendur taka að sér flutning til Endurvinnslunnar hf.

2.5. Samstarfsaðilar.

Til greina getur komið að ýmsir aðilar eins og sendibílastöðvar, vörubílastöðvar, íþróttafélög, skátar eða aðrir taki söfnunar- og flutningsþáttinn að sér. Frjáls félagasamtök myndu þá gera tilraun til þess að fá dósirnar gefins.

Með fyrirkomulagi þessu er söfnunarkerfið einfaldað verulega frá því sem þekkt er t.d. í

Svíþjóð, en skilyrði er að allir aðilar fallist á að vélræn talning hjá Endurvinnslunni verði látin gilda, þó með möguleikum á eftirliti af hálfu annarra ef þeir vilja framkvæma það.

Í töflu þeirri sem fylgir hér á eftir er gerð frekari grein fyrir kerfinu, bæði hvað varðar ferli dósanna og skilagjaldsins, auk afgreiðslugjaldsins og flutningsgjaldsins.



Sk = skilagjald.
Ag = afgreiðslugjald.
Fg = gjald til þeirra sem safna og flytja tómar dósir í pressun.
R = fjöldi dósa.
K = skilahlutfall.

2.6 Stofnkostnaður:

Hér er gerð grein fyrir drögum að stofnkostnaði við gangsetningu fyrirtækisins. Reiknað er með að byggt verði hús undir starfsemina og að aðalstöðvar verði í Reykjavík. Reiknað er með að fyrirtækið verði með eina vinnslustöð sem geti annast um 72.000 dósir á klst. Gert er ráð fyrir að innan fyrirtækisins verði plastpokar með dósum fluttir á brettum með grindum og notaður lyftari við flutningana. Milli tækja verður flutningur á einstökum dósum framkvæmdur með færiböndum.

Undirbúningur:

2.6.1	Ráðgjafar:	kr.	2.600.000,00
2.6.2	Kynning, auglýsingar og prufur:	kr.	7.250.000,00
2.6.3	Kostnaður vegna dósa sem greiða verður skilagjald fyrir en sem settar voru á markað fyrir skilagjald:	kr.	6.000.000,00
Alls:		kr.	15.850.000,00
Tækjabúnaður:			
2.6.4	Vigtar, 2 stk.	kr.	1.950.000,00
2.6.5	Dósateljari, 1 stk.	kr.	2.600.000,00
2.6.6	Dósapressa, 1 stk.	kr.	2.600.000,00
2.6.7	Tölvur og hugbúnaður	kr.	4.550.000,00
2.6.8	Flöskutætari	kr.	1.350.000,00
2.6.9	Færibönd	kr.	1.300.000,00
2.6.10	Lyftari 1 stk.	kr.	630.000,00
2.6.11	Bretti, grindur og gámar	kr.	3.650.000,00
Alls:		kr.	18.630.000,00
Bygging húss (600 m²) og lóð (2000 m²):			
2.6.12	Skrifstofuhúsnæði, 200 m²	kr.	10.600.000,00
2.6.13	Iðnaðarhúsnæði, 400 m²	kr.	14.000.000,00
2.6.14	Lóðarkaup, 2.000 m²	kr.	4.500.000,00
2.6.15	Lóðargerð	kr.	4.000.000,00
Alls:		kr.	33.100.000,00
Ökutæki:			
2.6.16	Bifreið til flutnings á gámum	kr.	6.800.000,00
2.6.17	Lítil bifreið	kr.	1.100.000,00
Alls:		kr.	7.900.000,00
Annar kostnaður:			
2.6.18	Búnaður í hús og á skrifstofu	kr.	3.200.000,00
2.6.19	Ófyrirséð	kr.	15.000.000,00
Alls:		kr.	18.200.000,00
Stofnkostnaður alls:		kr.	93.680.000,00

2.7 Rekstrarkostnaður.

Við útreikning á hugsanlegum rekstrarkostnaði er reiknað með að hjá fyrirtækinu starfi 7 menn. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði með einn flutningabíl í ferðum úti á landi til söfnunar. Hér er ekki tekið tillit til skilagjaldsins, heldur er aðeins gerð áætlun um hreinan rekstrarkostnað. Í kafla um sundurgreiningu hagnaðar og taps er fjallað nánar um tengsl skilagjalds og skilahlutfalls, afgreiðslugjald, flutningsgjald o.fl.

2.7.1	Launakostnaður	kr.	13.500.000,00
2.7.2	Tölvukostnaður	kr.	450.000,00
2.7.3	Rekstur ökutækja	kr.	1.800.000,00
2.7.4	Húsnæðiskostnaður	kr.	1.760.000,00
2.7.5	Fjármagnskostnaður	kr.	9.600.000,00
2.7.6	Tækjakostnaður	kr.	800.000,00
2.7.7	Fyrningar	kr.	9.700.000,00
2.7.8	Skattar	kr.	6.730.000,00
2.7.9	Arður til hluthafa	kr.	4.500.000,00
2.7.10	Flutningskostnaður á skrapáli	kr.	15.000.000,00
2.7.11	Rekstur skrifstofu	kr.	8.300.000,00
2.7.12	Ýmis kostnaður	kr.	5.000.000,00
Rekstrarkostnaður alls:		kr.	77.140.000,00

Athugasemdir við sundurliðun á rekstrarkostnaði:

Um 2.7.1

Reiknað er með að starfsmenn fyrirtækisins verði 7. Forstjóri, fjármálastjóri, ritari, bílstjóri og 3 verkamenn. Við útreikning á launum er reiknað með launum og launatengdum gjöldum. Ekki er stuðst við gildandi taxta einstakra starfsmanna, heldur er reynt að nálga upphæðir launa því sem gerist á markaðnum í dag.

Um 2.7.2

Hér er reiknað með kostnaði við að halda við vél- og hugbúnaði tölvukerfis fyrirtækisins, en reiknað er með að öll framleiðsla verði tölvustýrð.

Um 2.7.3

Hér er reiknað með rekstrar- og viðhaldskostnaði á einum vörubíl og einum litlum bíl.

Um 2.7.4

Hér er reiknað með hita- og rafmagnskostnaði auk minniháttar viðhalds.

Um 2.7.5

Reiknað er með að allt hlutafé verði notað til stofnkostnaðar en að það sem þar á vantar verði fengið að láni. Reiknað er með 10 % raunvöxtum og 10 ára meðalafborgunartíma á lánum.

Um 2.7.6

Hér er reiknað með viðhaldskostnaði á tækjum og minniháttar endurnýjunum.

Um 2.7.7

Reiknað er með 4 % fyrningum á fasteignum, miðað við stofnkostnað og 20 % fyrningum á tækjum miðað við stofnkostnað.

Um 2.7.8

Reiknað er með aðstöðugjöldum (1,3%), eignaskatti (1,1% af stofnkostnaði fasteigna), fasteignasköttum (0,4% af stofnkostnaði fasteigna) og tekjuskatti af arði greiddum hluthöfum. Þá er reiknað með 1,0% í ýmis smærri gjöld.

Um 2.7.9

Arður til hluthafa reiknast 10%.

Um 2.7.10

Hér er reiknað með flutningskostnaði á pressuðum áldósum í gámum til útlanda.

Um 2.7.11

Hér er reiknað með ýmsum kostnaði vegna reksturs skrifstofunnar, þ.m.t. kostnaður vegna auglýsinga og ferðalaga.

Um 2.7.12

Hér er átt við ýmsan ótilgreindan kostnað.

2.8 Tekjur og sundurgreining á hagnaði og tapi.

Vegna sérkennilegrar uppbyggingar og sérkennilegs tilgangs fyrirtækisins er raunin sú, að þeim mun betri árangri sem fyrirtækið nær í að uppfylla tilgang sinn, þeim mun erfiðari verður fjárhagslegur rekstur þess.

Líta má svo á að rekstur fyrirtækisins sé greiddur af skilagjaldi því sem lagt er á dósir sem endurheimtast ekki. Þegar ákveðnu skilahlutfalli er náð er jöfnuði í rekstri fyrirtækisins náð, en ef skilahlutfall hækkar enn, þá tapar fyrirtækið.

Ein af leiðum þeim sem færar eru til þess að tryggja góðan rekstur fyrirtækisins er að auk skilagjalds verði einnig lagt á óendurkræft gjald eins og áður er nefnt. Gjald þetta verður að hækka eftir því sem skilahlutfall hækkar. Einnig er nauðsynlegt að veita fyrirtækinu aðhald þannig að það hafi sem minnstan hagnað af því að skilahlutfall sé lágt. Þetta má e.t.v. gera með því að tengsl yrðu fundin milli nettó hagnaðar og skilahlutfalls og að fyrirtækinu yrði gert skylt að skila til baka mismuni sem myndast þegar álagt skilagjald, umsýsluþáttur skilagjalds og tekjur vegna skrapáls verða meiri en rekstrarkostnaður fyrirtækisins að viðbættum endurgreiðslum á skilagjaldi. Mismunur þessi gæti t.d. runnið til náttúruverndarmála.

Samkvæmt athugun má gera ráð fyrir að heildarmagn innfluttra dósa á árinu 1989 verði um 65.000.000 dósir. Ef litið er til reynslu annarra þjóða um skilahlutfall á fyrsta ári eftir að skilagjald hefur verið lagt á kemur í ljós að reikna má með að skilahlutfall á fyrsta ári verði um 0,6.

Við gerð tillögu um upphæð skilagjalds er rétt að líta í byrjun til skilagjalds þess sem nú er sett á glerflöskur. Það er nú 5 kr. á hverja flösku. Rétt er því að skilagjald á áldósum verði í byrjun 5 kr. á hverja dós.

Umsýsluþátt skilagjaldsins er hins vegar mjög erfitt að ákveða nú í byrjun. Lagt er til að gjald þetta verði aðeins táknrænt í byrjun og að það verði ákveðið 0,01 kr.

Eins og fram kom í lýsingu á endurheimtukerfinu er reiknað með að greitt verði afgreiðslugjald til þeirra sem annast móttöku á tómum áldósum. Lagt er til að gjald þetta verði ákveðið 0,75 kr.

Þá er einnig reiknað með að greitt verði fyrir flutning á tómum áldósum. Gerð er tillaga um að gjald þetta verði ákveðið 0,25 kr.

2.8.1 Tekjur.

Að gefnum ofangreindum upplýsingum er nú unnt að reikna út heildartekjur fyrirtækisins og er þá reiknað með að markaðsverð á skrapáli sé 48 kr./kg.

2.8.1.1	Innborgað skilagjald	kr.	325.000.000,00
2.8.1.2	Umsýsluþáttur skilagjalds	kr.	3.250.000,00
2.8.1.3	Tekjur af sölu á skrapáli	kr.	34.600.000,00
Alls:		kr.	362.850.000,00

2.8.2 Sundurgreining á hagnaði og tapi.

Eins og áður er sagt næst jöfnuður þegar skilahlutfall er þannig að tekjur fyrirtækisins af innborguðu skilagjaldi, umsýsluþóknun skilagjalds og sölu á skrapáli eru sama fjárhæð og útgjöld vegna endurgreiðslu á skilagjaldi, greiðslu á flutnings- og afgreiðslugjaldi og rekstur fyrirtækisins í heild.

Ef ofangreindar forsendur eru notaðar er unnt að reikna út við hvaða skilahlutfall jöfnuður næst.

Jöfnuður næst sem sagt skv. eftirfarandi jöfnu og er þá miðað við fyrsta ár fyrirtækisins:

Inn. skilagj. + umsýsluþ.skilagj + tekjur af skrapáli = út.skilagj + afgreiðslugjald + flutningsgjald + rekstrarkostn.

Sk =	skilagjald	= 5,00 kr/dós
Ag =	afgreiðslugjald	= 0,75 kr/dós
Fg =	flutningsgjald	= 0,25 kr/dós
R =	fjöldi dósa	= 65.000.000
K =	skilahlutfall	
Us =	umsýsluþóknun skilagjalds	= 0,05kr/dós
Þ =	þyngd hverrar dósar	= 0,0185 kg/dós
Rk =	rekstrarkostnaður	= 77.140.000,00 kr.

$$Sk \times R + Us \times R + Þ \times R \times k = Sk \times R \times K + Ag \times R \times K + Fg \times R \times K + Rk$$

$$5 \times 65.000.000 + 0{,}05 \times 65.000.000 + 0{,}0185 \times 65.000.000 \times K \times 48 =$$

$$5 \times 65.000.000 \times K + 0{,}75 \times 65.000.000 \times K + 0{,}25 \times 65.000.000 \times K + 77.140.000{,}00$$

$$325.000.000 + 3.250.000 + 57.720.000 \times K = 325.000.000 \times K + 48.750.000 \times K + 16.250.000 \times K + 77.140.000$$

Við útreikning á þessum jöfnum fæst að K = 0,7545, þ.e. jöfnuður næst þegar 75,45% af öllum dósum næst til endurvinnslu.

3. Lokaorð.

Umræða sú sem fram hefur farið um stofnun þessa endurvinnslufyrirtækis hefur að mestu snúist um þá aðferð sem notuð er í Svíþjóð við endurvinnslu á áldósum. Aðstæður þar eru nokkuð aðrar vegna stærðarmismunar og verður ekki séð nauðsyn þess að setja upp jafn flókið kerfi og þar er.

Til viðmiðunar má nefna að í Svíþjóð eru móttökustaðir fyrir tómar áldósir alls um 8.500 en verða sennilega um 350 á Íslandi. Þegar móttökustaðir eru svo margir og viðskipti með dósirnar milli margra óskyldra aðila er nauðsynlegt að koma upp umfangsmiklu eftirlitskerfi, þannig að ekki verði misbrestur á talningu dósanna. Kerfi það sem lýst er hér að framan tekur tillit til annarra aðstæðna hér á landi og er að nokkru einfaldara.

Mikill áhugi er á því að koma kerfi þessu í gang sem fyrst. Undirritaður telur unnt að hefja vinnu við eiginlega stofnun fyrirtækisins nú þegar, en fyrst þarf að fjalla sérstaklega um framtíðarmarkmið fyrirtækisins og eignaraðild. Hér er átt við að taka þarf ákvörðun um það hvort fyrirtækið á síðar að ná til fleiri tegunda.

Ef stjórnvöld telja rétt að leggja skilagjald á áldósir t.d. frá 1. mars nk. þarf að skapa fyrirtækinu starfsgrundvöll nú þegar. Þetta er hægt með því að ráða nú þegar starfsmann til fyrirtækisins og leigja húsnæði til móttöku á tómum dósum og vinna áfram að öðrum undirbúningi. Ekki er talin ástæða til þess að miða upphaf kerfisins við tilkomu sjálfsala er taka á móti tómum áldósum enda er augljóst að mjög fáir móttökuaðilar munu sjá sér hag í að kaupa slíka sjálfsala. Helsta ástæða þessa er sú að ekki er gerð krafa til þess að dósirnar verði taldar í verslununum, aðeins settar í plastpoka.

Til þess að halda áfram vinnu við undirbúning að stofnun fyrirtækisins þarf nú þegar að taka ákvarðanir um framtíðarmarkmið og eignarhald og ákveða stofndag fyrirtækisins.

Fylgiskjal II.

ENDURVINNSLUNEFND IÐNAÐARRÁÐUNEYTIS

Tillaga að frumvarpi til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, ásamt greinargerð.

Samþykkt í endurvinnslunefnd 15. febrúar 1989.

Frumvarp til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

Lög þessi taka til einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Innflutningur á ståldósum og notkun þeirra undir drykkjarvörur er óheimill.

Ef ágreiningur rís um, hvort tilteknar umbúðir fyrir drykkjarvörur falla undir ákvæði laga þessara, sker iðnaðarráðherra úr að fengnum tillögum Iðntæknistofnunar Íslands.

2. gr.

Á innfluttar drykkjarvörur í dósum úr áli, álblöndum og/eða plastefnum, skal leggja á skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu.

Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru hér á landi og seldar eru í dósum úr áli, álblöndum og/eða plastefnum.

Á allar aðrar einnota umbúðir, gerðar úr plasti, gleri, málmum, pappa eða sambærilegum efnum, skal leggja umhverfisgjald. Gjald þetta skal vera helmingur af gjaldi skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar af umbúðum sem taka hálfan lítra eða minna, en fullt gjald af umbúðum sem taka meira en hálfan lítra.

Upphæð skilagjalds skv. 1. mgr. skal ákveðið í samræmi við kröfur um skilahlutfall sem gerðar verða til aðila sem annast framkvæmd laga þessara skv. 1. mgr. 4. gr.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. renna til þess aðila sem hefur samið við iðnaðarráðherra um framkvæmd skv. 1. mgr. 4. gr.

Skilagjaldi skv. 2.gr. skal varið til reksturs söfnunar- og vinnslukerfis fyrir endurvinnanlegar og/eða endurnotanlegar umbúðir. Sama skal gilda um gjöld skv. 3. mgr. 2. gr. að því marki sem umbúðir, sem þar eru skilgreindar, verða endurvinnanlegar í framtíðinni.

Samningsaðili skv. 4. gr., gerir í samráði við Náttúruverndarráð tillögur um ráðstöfun gjalds skv. 3. mgr. 2. gr. Því skal annars vegar að fengnu samþykki iðnaðarráðherra varið til

rannsóknar- og þróunarverkefna er tengjast endurvinnslu og til styrkja eða lána til aðila sem vinna að einstökum verkefnum í tengslum við endurvinnslu, en hins vegar að fengnu samþykki heilbrigðisráðherra varið til að styrkja aðila sem vinna að umhverfismálum.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að semja við félag (félagasamtök, stofnanir og/eða framleiðendur sem lög þessi varða) um framkvæmd þessara laga í einstökum atriðum, t.d. söfnun endurvinnanlegra umbúða, um eftirlit með framkvæmd, fyrirkomulag á endurgreiðslu gjalds og um ráðstafanir til endurvinnslu, þar á meðal stofnun endurvinnslufyrirtækis.

Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að stofnun félags sem um ræðir í 1. mgr.

Þeim einum er heimil starfsemi skv. lögum þessum sem fengið hafa til þess leyfi iðnaðarráðherra.

5. gr.

Fella skal niður söluskatt og vörugjald af tækjum sem sérstaklega er aflað til framkvæmda á lögum þessum.

6. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum. Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til að undirbúa framkvæmd laga þessara, þar á meðal að semja tillögu að reglugerð um framkvæmd laganna skv. 6. gr., sem öðlast gildi um leið og lögin.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð

Í byrjun ársins 1988 tók til starfa nefnd, sem Friðrik Sophusson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, skipaði 18. nóvember 1987.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. á þessa leið:

„Í samræmi við stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, hefur iðnaðarráðherra ákveðið, í samvinnu við heilbrigðisráðherra, að skipa nefnd, til að huga að endurvinnslu úrgangs á Íslandi og gera skýrslu um það, með hverjum hætti nýtanlegum úrgangi verði safnað og hann endurunninn eða ráðstafað, þannig að komist verði, svo sem kostur er, hjá umhverfisspjöllum. Skal nefndin kanna fjárhagshlið þessa máls og hvort nauðsyn er á sérstakri lagasetningu."

Í nefndinni eiga sæti:

Páll Líndal deildarstjóri, formaður,

Ragnar Birgisson forstjóri,

Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri,

Katrín Fjeldsted borgarfulltrúi,

Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra,

Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur,
Ólafur Pétursson forstöðumaður.

Á fundi 18. janúar 1988 samþykkti nefndin starfsáætlun og sendi ráðherra sem féllst á hana.

Meðal þess, sem nefndin lagði til, var að ráðinn yrði sérstakur starfsmaður hennar.

Ráðinn var Guðjón Jónsson, efnaverkfræðingur hjá Iðntæknistofnun Íslands, og hóf hann störf hjá nefndinni 1. mars 1988.

Í starfsáætluninni var gerð grein fyrir því, hvað teldist nýtanlegur úrgangur, svo sem um ræðir í erindisbréfinu. Þar segir:

„Hér munu einkum koma til úrgangsmálmar og þá ekki síst bílflök, margs konar ónothæfar vélar og einnota umbúðir úr málmi, úrgangspappír margs konar, þar með einnota umbúðir, ýmiss konar úrgangsplast, ekki síst ýmislegar umbúðir og þá gúmmíhjólbarðar, sem hætt er að nota, svo og alls konar gler, textilúrgangur og timburúrgangur, sem stöðugt falla til".

Nefndin tók ákvörðun um að taka fyrst til athugunar meðferð á brotamálmum og skilagjald af ökutækjum sem eru nátengd viðfangsefni.

Þessum fyrsta þætti í starfi nefndarinnar lauk með tillögum að frumvarpi til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum, ásamt greinargerð sem endurvinnslunefndin sendi frá sér 24. október sl.

Nefndarmenn voru sammála um að mest aðkallandi væri að snúa sér næst að gerð tillagna um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða um drykkjarvörur.

Í upphafi kynnti nefndin sér hvernig að þessum málum væri staðið í nágrannalöndum okkar. Í ljós kom að ólíkar lausnir hafa orðið fyrir valinu í þessum löndum. Segja má að aðeins eitt sé þeim flestum sameiginlegt, en það er að leggja gjald á einnota umbúðir sem notaðar eru fyrir aðrar drykkjarvörur nema þá helst mjólkurafurðir. Gjald þetta rennur í ríkissjóð viðkomandi landa og er notað til þess að greiða rekstur ríkisbúsins eins og aðrir óbeinir skattar.

Í Danmörku hafa menn valið þá leið að banna notkun áldósa, fyrst og fremst vegna þess umhverfisvanda sem af áldósum er talinn stafa. Danir hafa lagt gjald á allar aðrar einnota umbúðir og má segja að þeir hafi riðið á vaðið hvað snertir umbúðir fyrir mjólkurafurðir, en frá og með síðustu áramótum er lagt gjald, 10 danskir aurar, á hverja mjólkurumbúð.

Norðmenn fóru þá leið að þeir leggja hátt gjald á allar einnota umbúðir fyrir aðrar drykkjarvörur en mjólkurvörur og hreina ávaxtasafa. Þetta gerðu þeir áður en áldósir fóru að streyma inn á markað þar og samkvæmt upplýsingum frá þeim finnast áldósir vart þar.

Svíar völdu aðra leið en nágrannar þeirra. Þeir litu á það sem orðinn hlut að áldósir væru þar á markaði og settu í gang tilraun til þess að safna þeim saman og koma í endurvinnslu. Þetta kerfi hafa þeir starfrækt nú í nokkur ár og hefur það gengið vel. Á einnota umbúðir sem ekki eru endurvinnanlegar hefur verið lagt gjald.

Íslenski markaðurinn.

Ef menn reyna að gera sér grein fyrir hvaða einnota umbúðir eru á íslenska markaðinum má flokka þær á þessa leið:

1) Glerflöskur.
2) Áldósir.
3) Stáldósir.
4) Plastflöskur, litlar.
5) Plastflöskur, stórar.
6) Plastdósir með álloki.
7) Pappafernur, litlar.
8) Pappafernur, stórar.

Skilakerfi er til fyrir glerflöskur sem notaðar eru fyrir gosdrykki. Glerflöskur sem skilakerfið nær ekki til eru að stærstum hluta notaðar undir áfengi og ýmsa innflutta drykki.

Framleiðendur hafa sjálfir komið á fót því skilakerfi sem nú er hér fyrir þessar umbúðir. Vegna þess hvað glerflaskan hefur verið á hröðu undanhaldi má búast við að hún hverfi að miklu leyti af markaði hér á næstu árum.

Erfitt er að sjá að hagkvæmt geti reynst að koma upp söfnunarkerfi fyrir þær flöskur sem ekki eru í skilakerfi í dag þar sem verð á úrgangsgleri er mjög lágt og enn er ekki að finna neitt notkunarsvið fyrir glerið hér.

Áldósir eru að verða ein af algengustu umbúðunum hér undir gosdrykki. Segja má um áldósina að hún er ein af þeim fáu umbúðum sem hægt er að endurvinna nær 100% ef kerfi er fyrir hendi sem tryggir söfnun dósanna.

Mjög eðlilegt ætti því að vera að setja skilagjald á áldósir og koma upp söfnunarkerfi. Eins og fram kemur hér er til í Svíþjóð kerfi sem hugsanlega er hægt að nota sem fyrirmynd að söfnunar- og endurvinnslukerfi og í raun æskileg fyrirmynd.

Ståldósir koma einkum inn í landið ef sænska fyrirtækið sem íslenskir gosdrykkjaframleiðendur kaupa áldósirnar frá, hefur ekki undan að framleiða upp í pantanir. Þá grípur það einstaka sinnum til þess ráðs að senda hingað ståldósir sem það lætur framleiða fyrir sig. Einnig getur eitthvað af þeim innfluttu öltegundum sem hér eru á markaði verið í ståldósum. Ef komið verður upp söfnunarkerfi fyrir áldósir þá verður að flokka ståldósirnar frá áldósunum. Þetta veldur því aukakostnaði við endurvinnslu áldósanna. Eðlilegt er því að banna innflutning á ståldósum. Alltaf má búast við að eitthvað af ståldósum berist til landsins t.d. með farmskipum, flugvélum, ferðamönnum. Verður því að gera ráð fyrir að slíkt bann geti ekki komið algerlega í veg fyrir að ståldósir berist til landsins. Magnið verður aftur á móti það lítið að ekki skiptir miklu máli fyrir endurvinnslukerfið þó að greitt sé skilagjald fyrir ståldósir, sem hingað kunna að berast, eins og áldósir, þótt þær séu ekki endurunnar.

Plastflöskur má flokka í tvo flokka, þ.e. litlar og stórar plastflöskur.

Ástæða er til að ætla að litlu flöskurnar verði mun meira áberandi í umhverfi okkar en þær stóru. Stórar flöskur eru einkum notaðar á heimilum og er þeim hent beint í ruslið, og þar með inn í söfnunarkerfi sveitarfélaganna á sorpi. Litlu flöskurnar fara aftur á móti mun frekar sömu leið og dósirnar og má því búast við að þær sjáist mun víðar.

Endurvinnsla þessara plastflaskna (PET-flöskur) er enn sem komið er fremur takmörkuð. Þær hafa verið unnar í þræði sem nota má sem stopp í púða, úlpur og þess háttar. Ekki er neinum erfiðleikum háð að losna við flöskurnar þegar búið er að kvarna þær niður, en verðið fyrir efni sem þannig er unnið er mjög lágt. Tilraun er í gangi í Svíþjóð þar sem skilagjald hefur verið lagt á þessar flöskur. Þar er verið að athuga hvort mögulegt sé að fara í samstarf með Finnum og Dönum um söfnun og sölu þessara umbúða til þess að hægt sé að finna hagkvæma lausn á þessum málum.

Hér á landi má því gera ráð fyrir að flöskunum verði um sinn hent ef þeim yrði safnað saman.

Íslensku plastdósirnar sem framleiddar eru hér á landi, eru hér flokkaðar sérstaklega. Þessar dósir eru notaðar undir gosdrykki og eru í samkeppni við áldósir. Eðlilegt verður því að teljast að þær falli undir sama kerfi og lagt er til, að haft verði um söfnun og endurvinnslu áldósa, þó að ekki megi búast við að þessar dósir verði endurvinnanlegar á næstunni. Þegar búið er að safna þeim saman mun þeim sennilega verða hent til að byrja með.

Sömu rök og fyrir flokkun plastflaskna í stórar og litlar plastflöskur má nota um flokkun pappaumbúða í tvo flokka.

Hér á landi eru það einkum mjólk og mjólkurafurðir og alls konar tegundir ávaxtasafa þar sem pappaumbúðir eru notaðar. Mjólkurvörurnar eru langstærsti flokkurinn og er varla ofmælt að sega að þær séu um helmingur allra umbúða undir drykkjarvörur sem til falla hér á landi, eða 60–65 milljón stk. á ári. Litlu fernurnar, einkum ávaxtasafafernurnar, eru oft áberandi í umhverfinu líkt og áldósir.

Ef söfnuarkerfi yrði komið upp fyrir þessar tegundir umbúða er í dag ekkert annað að gera við þær en að losa sig við þær á sorphauga.

Mikið vandamál kæmi fljótlega upp ef safna ætti mjólkurfernum. Væri ófýsilegt að safna þeim saman og geyma langan tíma.

Niðurstaða nefndarinnar er því þessi:

Nefndarmenn eru sammála um að skynsamlegasta lausnin á vandamálinu í tengslum við einnota umbúðir sé að innleiða hér sænska kerfið fyrir söfnun áldósa lagað að íslenskum aðstæðum. Allt of oft eru Íslendingar, ef svo má segja að finna upp hjólið aftur og aftur, og er það talið ástæðulaust í þessu tilviki. Endurvinnsla einnota umbúða er viðurkennt markmið hjá fjölda þjóða. Í því sambandi hafa margir misstigið sig. Af þeim upplýsingum, sem nefndinni hefur tekist að afla sér, virðist henni sem Svíum hafi tekist, eftir ýmis mistök, að koma upp kerfi sem okkur beri að stefna að. Það eru aðeins örfá ár síðan sænska kerfið komst á, og ekki er annað vitað en það hafi gengið nokkurn veginn snurðulaust.

Stundum er bent á Bandaríkin sem sérstaka fyrirmynd, en því er til að svara, að gerólíkar reglur gilda um meðferð þessara mála í einstökum ríkjum. Að sjálfsögðu skapar gífurlegur fjöldi áldósa álitlega útkomu, en þá ber að hafa í huga að innheimta þar mun ekki vera meiri en 50%.

Í því kerfi Svía, sem hér er lagt til að verði fyrirmynd, mun skilahlutfall nú vera nálægt 80%, og er stefnt að því að auka það enn. Hafa aðrar þjóðir ekki komist lengra.

Í umræðunni um áldósirnar hefur oft verið nefnt það augljósa atriði að fyrirtækið tapi á því að fleiri skili inn dósum. Undir þann leka að fyrirtækið hagnist á skussanum hafa Svíar sett með því að ákveða í samningum milli ríkisins og endurvinnslufyrirtækisins hvernig hagnaði skuli varið til auglýsinga og áróðurstarfsemi og til að styrkja umhverfissamtök. Eins hefur verið ákveðið í samningnum að hvaða skilahlutfalli skuli stefnt og er fyrirtækinu gert skylt að leggja áætlanir sínar um hvernig staðið skuli að því að ná settu marki fyrir ríkið til samþykktar.

Sá misskilningur er algengur hér að mikla fjármuni sé að sækja í skilakerfið. Stofnkostnaður í tengslum við endurvinnslufyrirtæki er talinn geta orðið allt að 100 milljónum kr. Þennan stofnkostnað þarf að greiða niður. Eins þarf að standa að dýrum auglýsingum og áróðri til að örva söfnunina. Gera verður sér grein fyrir að allar tekjur sem áhugamannasamtök og umhverfisaðilar vilja fá út úr kerfinu koma fram í hækkaðri álagningu á vörurnar sem seldar eru í viðkomandi umbúðum. Ekkert er því til fyrirstöðu að þessir aðilar nýti sér skussana til tekjuöflunar, þ.e. stundi skipulagðar safnanir á tómum dósum, en hætt er við að skilagjaldið hækki fljótlega ef stöðugt á að klípa af því til styrkja fyrir þessa aðila.

Nefndarmenn eru sammála um að eðlilegast sé að nota sér dreifingarkerfi framleiðendanna til söfnunar dósanna, til þess að spara kostnað í tengslum við uppsetningu slíks kerfis. Þetta kerfi er nú þegar til.

Til þess að tryggja eðlilega samkeppni hér á landi er gengið út frá því að lagt verði gjald á allar einnota umbúðir. Gjald þetta á að nota til þess að örva endurvinnslu hér á landi, með því að styrkja rannsóknir, endurvinnslu og til þess að styrkja umhverfissamtök sem vinna að því að bæta umgengni í landinu. Hér gæti orðið um að ræða umtalsverða fjármuni.

Til þess að halda niðri öllum tilkostnaði við slíkt kerfi og til þess að baka ekki ríkissjóði sérstök útgjöld er lagt til að gjald þetta geti runnið til þeirra aðila sem sjá um söfnun og endurvinnslu endurvinnanlegra umbúða. Iðnaðarráðherra hefur þó skv. frumvarpinu endanlegt ákvörðunarvald um það hvernig þessum peningum verður varið í tengslum við iðnaðarmál og heilbrigðisráðherra til mengunar- og umhverfismála. Rétt þykir að endurvinnslufyrirtækið semji sínar tillögur í samráði við Náttúruverndarráð, þar sem segja má að flest mál er tengjast endurvinnslu tengist umhverfismálum. Eins og áður segir gæti orðið um að ræða all mikið fé.

Þar sem ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvernig að stofnun fyrirtækis um

endurvinnsluna skuli staðið er ekki talið raunhæft að slíkt fyrirtæki taki til starfa fyrr en 1. september næstkomandi.

Tillaga um hvernig staðið skuli að þessu fyrirtæki er að finna í fylgiskjali nr 1.

Nefndin hefði kosið að hafa rýmri tíma til að vinna að frumvarpinu, enda um flókið og viðamikið mál að ræða, en hins vegar var lögð áhersla á það af hálfu iðnaðarráðherra að nefndin skilaði frumvarpinu fyrir miðjan febrúar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög þessi taka til allra einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, bæði þeirra sem fluttar eru til landsins í einnota umbúðum svo og þeirra sem framleiddar eru hér á landi í einnota umbúðum.

Ståldósir munu valda erfiðleikum við endurvinnslu áldósa og þarf að flokka þær sérstaklega úr fyrir endurvinnslu. Þykir því eðlilegt að banna notkun slíkra dósa hér á landi. Lítið mun um ståldósir hér, þannig að bann við notkun þeirra ætti ekki að valda vandræðum.

Ef upp kemur ágreiningur um skilgreiningu á einnota umbúðum, þykir eðlilegt að iðnaðarráðherra skeri úr, að fengnum tillögum Iðntæknistofnunar.

Um 2. gr.

Í lögum þessum er gert ráð fyrir að skilagjald verði lagt á allar dósir úr áli, álblöndum og plastefnum. Áldósir eru nú endurvinnanlegar og þar sem plastdósir eru notaðar undir gosdrykki, eins og áldósir, þykir eðlilegt að þær falli inn í skilakerfi.

Reiknað er með að gjald af tilbúnum drykkjarvörum, sem fluttar eru til landsins í þessum umbúðum, greiðist við tollafgreiðslu, en gjald af vörum sem framleiddar eru hér á landi og pakkað er í slíkar umbúðir, greiðist af framleiðendum. Ákvæði um fyrirkomulag má setja í samning skv. 4. gr. eða í reglugerð.

Til þess að samræma verðlagningu á drykkjarvörur þykir eðlilegt að leggja á umhverfisgjald á allar einnota umbúðir. Lagt er til að það verði lagt á allar umbúðir úr plasti, gleri, málmum, pappa eða sambærilegum efnum. Til þess að gera kerfið ekki of flókið þykir eðlilegt að hafa þetta gjald í tvennu lagi, þannig að hálft gjald sé greitt af umbúðum sem taka hálfan lítra eða minna, en fullt gjald af umbúðum sem taka meira en hálfan lítra.

Upphæð gjaldsins verður að ákveða í samræmi við þær kröfur sem menn gera varðandi skilahlutfall. Gert er ráð fyrir að ráðherra geri samning við aðila skv. 4. gr. Í þeim samningi verði tekið fram, að hve hárri endurheimtuprósentu umbúða skuli stefnt og hvenær henni skuli náð. Því verður að meta til hvaða aðgerða þarf að grípa til að ná settu marki. Ríkur þáttur í þessu sambandi er upphæð skilagjaldsins, en fleiri þættir skipta einnig máli, t.d. skipulagður áróður o.s.frv. Eðlilegast er því að gjaldið verði ákveðið af þeim aðila sem sér um framkvæmd þessara laga.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sá aðili, sem sér um rekstur skilakerfisins, fái í sína vörslu öll þau gjöld sem greidd eru af einnota umbúðum. Sá hluti gjaldanna, sem innheimtur er sem skilagjald, skal nota til reksturs hringrásarkerfis fyrir endurvinnanlegar umbúðir. Reglur um varðveislu yrðu settar í samning skv. 4. gr. eða í reglugerð.

Það gjald sem verður innheimt af umbúðum, sem ekki eru endurvinnanlegar, yrði síðan notað til rannsóknar- og þróunarverkefna þar sem áhersla verður lögð á að finna aðferðir til þess að endurvinna aðrar umbúðir. Einnig ætti að nota það gjald til styrkja og/eða lána til aðila sem vinna við endurvinnslu, svo og náttúruverndarsamtaka og annarra aðila sem vinna að bættri umgengni í landinu. Einnig yrði hluti af þessu gjaldi notaður til öflugrar kynningar- og upplýsingastarfsemi um söfnunarkerfi, bættrar umgengni og endurvinnslu almennt.

Gengið er út frá því að þessu umhverfisgjaldi verði ráðstafað að höfðu samráði við Náttúrverndarráð en ráðstöfun háð samþykki ráðherra.

Þar sem heilbrigðisráðuneytið fer með yfirstjórn mengunarmála svo og mála er tengjast meðferð á sorpi í dag er eðlilegt að það komi inn sem ákvörðunaraðili við ráðstöfun umhverfisgjaldsins með sama hætti og iðnaðarráðherra um endurvinnslu. Ef til kemur stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis yrði breyting í samræmi við það.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra semji við félag um framkvæmd þessara laga. Í ráði er að stofnað verði fyrirtæki „Endurvinnslan hf.", sem yrði sameignarfyrirtæki gosdrykkjaframleiðenda, sænskra endurvinnsluaðila, ríkissjóðs og verslunareigenda. Ef af stofnun þess fyrirtækis verður gæti það séð um rekstur kerfisins og eins haft með fjármál að gera í tengslum við skilagjald og umhverfisgjald, sbr. athugasemdir við 3. gr. Ef ekki verður af stofnun þessa fyrirtækis eða samningar takast ekki er gert ráð fyrir að ráðherra geti leyst þessi mál í samvinnu við aðra aðila.

Til þess að tryggja sem hagkvæmasta lausn á þessu máli og til að koma í veg fyrir árekstra er gert ráð fyrir að sérstakt leyfi þurfi frá iðnaðarráðherra til þess að sjá um framkvæmd þessara laga. Ætla verður að sá markaður sem hér er sé það lítill að varla sé raunhæft að fleiri en einn aðili sjái um þessi mál.

Um 5. gr.

Til þess að auðvelda þeim aðila, sem falin verður framkvæmd laga þessara, að koma á fót endurvinnslunni, þykir eðlilegt að mæla með niðurfellingu á söluskatti og vörugjaldi af tækjum sem nauðsynlegt er að kaupa í tengslum við söfnun og endurvinnslu, t.d. á kaupum á móttökutækjum fyrir umbúðir, gámum til flutninga, vogum, pressum o.s.frv.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem setja þarf nánari reglur um framkvæmd laganna og eins þar sem verkefnið er all viðamikið þykir eðlilegt að sett verði sérstök nefnd til þess að vinna að framkvæmd þeirra.

Eins þykir eðlilegt að lögin gildi aðeins til fimm ára. Hér er um reynslutíma að ræða, enda erfitt að segja fyrirfram um það hvort söfnunarkerfi fyrir endurvinnanlegar einnota umbúðir reynist fullnægjandi svo og annað það sem lýtur að framkvæmd. Einnig er hugsanlegt að forsendur breytist á þessum tíma.

Fylgiskjal nr. 1

Endurvinnsla hf.

Fyrir: Endurvinnslunefnd iðnaðarráðuneytis.

Frá: Jörgen Sallenhag PLM Svíþjóð.

Hér fylgir tillaga að endurvinnslukerfi fyrir áldósir á Íslandi ásamt kostnaðaráætlun fyrir uppsetningu þess. Kostnaðaráætluninni er skipt upp í verkefniskostnað (hönnun og reynslutíma kerfisins) og kostnaðaráætlun fyrir rekstur kerfisins.

Við leggjum til að aðeins dósir fyrir bjór og gosdrykkir falli undir söfnunarkerfið, sem fyrsta skref. Skilagjaldskerfið ætti að vera fyrir áldósir og plastdósir, svo og margnota glerflöskur.

Eðlilegt er að banna ståldósir.

Til þess að tryggja hlutleysi á markaði gagnvart mismunandi umbúðartegundum, er nauðsynlegt að leggja umhverfisgjald á allar einnota umbúðir. Þetta gjald getur t.d. verið helmingur af skilagjaldi af umbúðum sem taka hálfan lítra eða minna, en fullt skilagjald af umbúðum sem taka meira en hálfan lítra.

1. Hlutafé.

Gert er ráð fyrir að hlutafé sé um 2 millj. sænskra króna. Eigendur fyrirtækisins geta verið, gosdrykkjaframleiðendur hér á landi, PLM Svíþjóð, ríkið og verslunareigendur.

Skipting hlutafjár getur t.d. verið eftirfarandi:

– Gosdrykkjaframleiðendur	4 × 13% = 52%
– PLM, Svíþjóð	1 × 16% = 16%
– Ríkið	1 × 16% = 16%
– Verslunareigendur	1 × 16% = 16%
	100%

2. Líkan af skilakerfinu.



Endurvinnsla hf. athugar allar dósir og borgar þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til þess að taka við dósunum eftir afhentum fjölda.

Fjöldi pressaðra dósa er ákveðinn með vigtun.

Heilar dósir eru taldar með dósateljara.

Niðurstöður eru tölvuskráðar.

Lítið magn dósa er staðgreitt.

Mikið magn dósa fer reikning, skilagjald + móttökugjald.

Endurvinnsla hf. getur látið fara fram hlutlausa skoðun á skýrslum framleiðenda um skilagjald.

Mælt er með að söfnunarstöðvarnar eigi sjálfsala fyrir notaðar dósir. Mjög mikilvægt er að þjónusta í tengslum við sjálfsalana sé mjög góð. Endurvinnsla hf. getur séð um kostnaðarhliðina samfara slíkri þjónustu, en það mun hafa áhrif á móttökugjaldið.

Vinnslustaðirnir verða misstórir.

Í Reykjavík mun verða unnið úr um 80% af öllum notuðum dósum, miðað við 75% skil eru það um 50 millj. dósir á ári.

Hin vinnslustöðin mun sjá um 12 millj. dósir á ári. Hugsanlega er ein vinnslustöð nóg. Staðsetning á henni?

3. Verkefniskostnaður.

Skilyrði:	Hönnun, kynning og gangsetning skilakerfis fyrir umbúðir um drykkjarvörur. 1. skref: Alúmíníum og plastdósir. Byrjar í september 1989. Stáldósir eru bannaðar. 2. skref: PET-flöskur. Skilakerfi fyrir þær verður sett upp um leið og það verður álitlegt. Aðeins bjór og gosdrykkir.
Reynslutími:	Reiknað er með þriggja ára reynslutíma ef hægt er að koma því við. Að tveimur árum liðnum verður tekin lokaákvörðun um ýmsa þætti, t.d. að hvaða skilaprósentu skuli stefnt, upphæð skilagjalds, mótökugjald, flutningatækni o.s.frv.

Hægt er að líta á verkefniskostnaðinn sem fastafjármuni (ég vona að þetta sé eins á Íslandi og í Svíþjóð).

1. Verkefnastjórnun.	SEK (þús.)
Ráðgjöf (J. Sallenhag) jan.–ág. innif. ferðakostn. hótel o.s.frv.	250
Verkefnahópur frá maí 1989	
Stjórnarformaður	
Ritari	
Aðstoðarmenn	
4 mán. × 75.000	300
Gosdrykkjaframleiðendur (stjórnarmenn)	100
Verslunarmenn	150
2. Upplýsingar.	
Auglýsingar í blöðum, sjónvarpi dreifibréf, leiðbeiningarbæklingur fyrir verslunarmenn og gosdrykkjaframleiðendur	400

3. Stjórnun.
Skrifstofa
Ferðir
Annar starfsmannakostnaður 250

4. Kostnaður á reynslutíma.
Móttaka notaðra dósa, sem ekki hefur verið greitt skilagjald af.
Nauðsynlegur búnaður fyrir verslunareigendur til að geta hafið móttöku 550
Heildarkostnaður vegna áldósa 2.000

4. Höfuðstóll.

	SEK (m.)	
Fastafjármunir:		
Vinnslutæki	1,1	
Tölvu- og hugbúnaður	0,6	
Byggingar	1,5	
Annað	0,5	3,7
Lausafjármunir:		
Útistandandi reikn. 10 dagar	2,1	
Birgðir 30 dagar	0,4	(ND hrakvirði dósa)
Annað	0,5	3,0
Samtals:		6,7
Tími sem skilagjaldslausar dósir eru í umferð, 4 vikur	5,8	5,8
Samtals eignir:		0,9

Afkastageta tækjabúnaðar.

Sú stóra . . . . . 35.000 dósir á klst.
Sú litla . . . . . 8.000 dósir á klst.

Við mælum með einni einingu fyrir 72.600/klst. og einni einingu fyrir 33.000/klst.

Vigt frá Nobel Elektronik	4 einingar	150.000 SEK
Dósateljari, Fischer-Flack	2 einingar	400.000 SEK
Dósatætari, Scanmatic	1 eining	200.000 SEK
	1 eining	150.000 SEK
Uppsetning		150.000 SEK
Byggingar 2.		1.500.000 SEK

5. Rekstraryfirlit.

Skilaprósenta	70%	75%	80%	85%

Skilagjald = 5 kr. á dós
Rúmmál = 70 millj. dósir/ár

Móttökugjald:
til verslunarmanna: 0,80 IKR/dós
gosdrykkjaframleiðenda: 0,20 IKR/dós
(aðeins fyrir flutninga).

Tekjur Mkr.:					
* Skilagjald 70 x 5		350,0	350,0	350,0	350,0
* Brotamálmur (hér er reiknað með 36/kg) Þungi = 18,5 grömm (33 cl)		33,0	35,0	37,0	40,0
* Stjórnunarkostnaður	Verður ákveðinn eftir árangri.				
* Innflutningsgjald 1 × 15 millj.		15,0	15,0	15,0	15,0
* Umhverfisgjald, einnota umb.	Fer eftir upphæð gjalds.				
Heildartekjur		398,0	400,0	402,0	405,0
Kostnaður:					
* Útborgað skilagjald		245,0	263,0	280,0	298,0
* Móttökugjald		49,0	53,0	56,0	60,0
* Rekstur vinnslustöðva					
Launakostnaður	7,0				
Tölvukostn.	4,0				
Annað	12,0	23,0	23,0	23,0	23,0
* Vinnslustöðvar (2 einingar)					
Launakostn. 7 starfsm.	9,0				
Óbeinn kostnaður	8,0				
Annar kostnaður	15,0	32,0	32,0	32,0	32,0
* Afskriftir					
Verkefniskostn.	3,0				
Vinnslutæki	3,0				
Byggingar	1,0	7,0	7,0	7,0	7,0
* Vaxtakostnaður		4,0	4,0	4,0	4,0
* Ófyrirséð 10%		6,0	6,0	6,0	6,0
* Flutningskostn. frá Ísl.		2,0	2,0	2,0	2,0
Heildarkostnaður		368,0	390,0	410,0	432,0
Rekstrarstaða		+30,0	+10,0	-8,0	-30,0

Fylgiskjal nr. 2

Hollustuvernd ríkisins
Hr. lögfræðingur
Páll Líndal
Iðnaðarráðuneytinu.

Efni: frumvarp til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Það er skoðun undirritaðs að ofangreint frumvarp eins og það var lagt fram á fundi endurvinnslunefndar þann 8. febrúar síðastliðinn beri þess vitni að vera unnið í flýti og hafi ekki enn verið rætt í nefndinni sem skyldi.

Ýmislegt er óljóst í frumvarpinu. Sem dæmi má nefna að í annarri grein er talað um gjald á drykkjarvörur og ekki verður annað séð en gjaldið eigi einnig að ná til umbúða mjólkur og mjólkurvara. Ljóst virðist hins vegar að umhverfismál eru í fyrirliggjandi frumvarpi algjörlega fyrir borð borin.

Undirritaður vill, á þessu stigi, koma eftirfarandi breytingartillögu á framfæri.

Síðasta málsgrein 3. gr. orðist svo:

Þriggja manna nefnd skipuð einum frá þeim aðilum, sem fengið hafa leyfi til endurvinnslu skv. 4. gr., einum frá Náttúruverndarráði og einum frá Hollustuvernd ríkisins gerir tillögu um ráðstöfun gjalds skv. 3. mgr. 2. gr..

Tillögur skulu annars vegar gerðar til iðnaðarráðherra vegna lána og/eða styrkja til aðila, sem vinna að endurvinnslu, hins vegar til heilbrigðisráðherra vegna rannsóknar og þróunarverkefna, sem tengjast endurvinnslu, auglýsinga og fræðslu, sem miða að bættri umgengni og vegna annarra umhverfismála.

Reykjavík, 9. febrúar 1989

Ólafur Pétursson

Fylgiskjal nr. 3

Athugasemd frá Ásgeiri Einarssyni.

Varðandi 4. gr. Frv. til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögum þessum eru lagðar fram tillögur um . . . „að stofnað verði fyrirtæki „Endurvinnslan hf." sem yrði sameignarfyrirtæki gosdrykkjarframleiðenda, sænskra endurvinnsluaðila, ríkissjóðs og verslunareigenda."

Þar sem sýnt er að verkefni þessa fyrirtækis mun verða mun víðtækara er fram líða stundir, en eingöngu endurvinnsla einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, snertir málið fleiri aðila en nefndir eru hér að ofan og ráð er fyrir gert að aðild eigi að málinu.

Mjög óeðlilegt hlýtur að teljast að gera ráð fyrir þátttöku sænskra endurvinnsluaðila en ekki íslenskra endurvinnslufyrirtækja.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um opinbera þjónustu í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að viðskiptabankar og sparisjóðir taki að sér þjónustu við almenning fyrir opinbera sjóði og fjármálastofnanir, svo sem Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Byggðasjóð, fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna o.fl.

Miða skal við að hin breytta tilhögun þessara mála hafi tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur opinber þjónusta vaxið hröðum skrefum í okkar þjóðfélagi. Sífellt fjölgar því fólki sem starfar að þjónustugreinum en fækkar að sama skapi þeim sem starfa að framleiðslugreinum. Samtímis þessu hefur það gerst að þjónustugreinum hefur vaxið mun örar fiskur um hrygg á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landsbyggðinni.

Opinber þjónusta er þess eðlis að borgararnir ættu að hafa sem jafnastan rétt til að nálgast hana eða njóta þess sem hún býður upp á enda er hún greidd af almannafé. Því fer þó víðs fjarri að svo sé. Þetta er þó misjafnt eftir einstökum þjónustugreinum. Nokkrar stórar stofnanir ríkisins, sem sinna bæði þjónustu og fjárfestingu, hafa komið upp viðamiklu þjónustukerfi og útibúum um landsbyggðina sem hafa gegnt því hlutverki að jafna aðstöðu fólksins sem unnið er fyrir. Svo er t.d. um Póst og síma, Vegagerð ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins. Enn fremur hefur Tryggingastofnun ríkisins frá öndverðu haft afgreiðslu sinna mála hjá bæjarfógetum og sýslumönnum. Þetta kerfi hefur gefist vel. Aðrar opinberar fjármálastofnanir og sjóði, að undanskildum viðskiptabönkunum, er á hinn bóginn ekki að finna nema á einum stað, þ.e. í Reykjavík. Svo er því farið um fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, Húsnæðisstofnun og þar með Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð íslenskra námsmanna og að mestu leyti um Byggðastofnun og Byggðasjóð. Byggðastofnun hefur komið upp einu útibúi, á Akureyri.

Sá sem þarf að fá afgreiðslu sinna mála, t.d. varðandi húsnæðislán eða námslán fyrir ungmenni sem er í námi erlendis, nær ekki þessari þjónustu nema á Laugavegi 77 í Reykjavík, hvort sem hann býr á Vopnafirði, í Ketildalahreppi eða hvar sem er annars staðar á landinu. Þetta er fornaldarfyrirkomulag í nútímaþjóðfélagi.

Sú tillaga, sem hér er flutt, stefnir að því að fela viðskiptabönkum og sparisjóðum að annast þessa þjónustu, þ.e. afgreiðslu fyrir fjármálastofnanir og sjóði í eigu hins opinbera. Með því fyrirkomulagi mundi einkum tvennt vinnast: Þjónustan væri færð eins nálægt fólkinu og mögulegt er og þannig náð sæmilegu réttlæti. Ætla má að þessum markmiðum verði ekki náð með ódýrari hætti.

Aðrar leiðir að þessu sama marki virðast annað tveggja óraunhæfar eða gagnslitlar. Aðalstöðvar opinberra sjóða eða fjármálastofnana verða tæplega fluttar út á landsbyggðina enda mundi jafnrétti landsmanna til opinberrar þjónustu ekki vaxa við það að slíkar stofnanir væru færðar til á landinu. Tillögur í þá átt eru óraunhæfar. Stofnun útibúa eða sérstakra afgreiðslna fyrir þessa sjóði eða stofnanir er gagnslítil ráðstöfun. Slík útibú geta aldrei orðið það mörg að jafnræði verði náð í þjónustu, auk þess sem þeirri leið fylgir óhóflegur kostnaður.

Það er því tímabært að þeirri lausn, sem tillaga þessi fjallar um, sé hrundið í framkvæmd hið fyrsta og eigi síðar en fyrir næstu áramót.

Sþ. 575. Fyrirspurn [314. mál]

til viðskiptaráðherra um sölu á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands hf.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Eru hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf. til sölu? Ef svo er, á hvaða kjörum og með hvaða skilmálum?

Sþ. 576. Fyrirspurn [315. mál]

til iðnaðarráðherra um endurnýtingu á ónýtum bifreiðum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hver er stefna iðnaðarráðherra í endurnýtingu á ónýtum bifreiðum?

Sþ. 577. Fyrirspurn [316. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutfall skatta af vergum þjóðartekjum í skýrslu OECD.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvaða skattar liggja til grundvallar niðurstöðum í skýrslu OECD um hlutfall skatta af vergum þjóðartekjum?

Hvernig skiptast einstakir skattar eftir upphæðum og sem hlutfall af heildarsköttunum?

Hvernig er þessi skipting síðustu tíu ár til og með árslokum 1988? Í þessum samanburði verði sköttum sem renna til sveitarfélaga haldið sérgreindum (fasteignagjöld, útsvar o.s.frv.) og einnig launaskattar, svokölluð launatengd gjöld (lífeyrissjóðstillag, tillag í Atvinnuleysistryggingasjóð o.s.frv.).

Hvernig er þessi skipting áætluð fyrir árið 1989?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 578. Fyrirspurn [317. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingar ríkisbanka.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hversu mikið hafa ríkisbankarnir, Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands og Seðlabanki Íslands, fjárfest í fasteignum 1985, 1986, 1987 og 1988?

Hvaða fasteignir eru þetta og fyrir hve mikið hefur verið fjárfest í hverri eign?

Eru gerðar fjárfestingaráætlanir í ríkisbönkunum og þá fyrir hve langan tíma í senn?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 579. Fyrirspurn [318. mál]

til viðskiptaráðherra um meðferð Olís-málsins í Landsbanka Íslands.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Telur viðskiptaráðherra að meðferð bankastjóra Landsbanka Íslands á Olís-málinu svokallaða sé í samræmi við lög um bankastarfsemi eða til þess fallið að auka trú manna á þjóðbankanum?

Hefur bankaeftirlitið gert athugasemdir við útlán Landsbanka Íslands til fleiri fyrirtækja en Olís hf.? Ef svo er, hve mörg eru þau og hve háar fjárhæðir skulda þau hvert fyrir sig?

Hve mörg fyrirtæki skulda Landsbanka Íslands meira en 50 millj. kr. og hve háar fjárhæðir skulda þau tíu fyrirtæki sem skulda bankanum mest, hvert fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 580. Fyrirspurn [319. mál]

til félagsmálaráðherra um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hversu há voru útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í árslok 1988?

Hversu há voru vanskilin við sjóðina í árslok 1988 og hver er tímalengd vanskilanna: 30 dagar, 90 dagar, 360 dagar eða meiri?

Hefur einhver fasteign verið seld á nauðungaruppboði vegna vanskila á árunum 1987 og 1988?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 581. Fyrirspurn [320. mál]

til samgönguráðherra um lendingarskilyrði á hugsanlegum varaflugvöllum fyrir millilandaflug.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hve oft hefur þurft að fella niður áætlunarflug (frá og) til Sauðárkróksflugvallar, Akureyrarflugvallar, Húsavíkurflugvallar og Egilsstaðaflugvallar á tímabilinu 1. desember 1988 til 1. mars 1989?
2. Hve oft hefði verið hægt að lenda þotum sem eru notaðar til millilandaflugs á áðurnefndum flugvöllum á sama tímabili ef nægilega langar brautir hefðu verið fyrir hendi og hve oft hefðu þær getað hafið sig til flugs frá sömu stöðum?

Sþ. 582. Fyrirspurn [321. mál]

til menntamálaráðherra um lán handrita úr eigu Stofnunar Árna Magnússonar á sýningar erlendis.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um lán íslenskra handrita úr eigu Stofnunar Árna Magnússonar á sýningar erlendis?
2. Telur ráðherra rétt að ómetanlegir dýrgripir meðal íslenskra fornrita, svo sem eins og Skarðsbók, séu lánaðir með þeim hætti sem gert hefur verið til sýninga erlendis?
3. Er ráðherra tilbúinn til að setja reglur til þess að tryggja að handrit íslenskra fornrita, sem á Íslandi eru geymd, verði ekki flutt þaðan burtu?

Nd. 583. Frumvarp til laga [322. mál]

um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir.

Flm.: Geir H. Haarde, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra getur því aðeins heimilað greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga að um sé að ræða lögboðið viðfangsefni eða samning, sem fé er veitt til á fjárlögum, og skapast hafi frekari greiðsluþörf sem ekki þolir bið og fellir fyrirvaralausa greiðsluskyldu á ríkissjóð. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að beiðni um slíka greiðslu berist frá þeim ráðherra sem málefnið heyrir undir.

2. gr.

Lúti beiðni um umframgreiðslu frá viðkomandi ráðherra að viðfangsefni sem ekki er heimiluð greiðsla til á fjárlögum eða að hækkun styrkja eða framlaga sem ekki eru lögboðin eða samningsbundin, getur fjármálaráðherra því aðeins heimilað greiðslu úr ríkissjóði að samþykki fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

Hið sama gildir um beiðni skv. 1. gr. ef tillaga um hækkun fjárveitingar til viðfangsefnis hefur komið til atkvæða á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga en eigi náð fram að ganga.

3. gr.

Varði fjárþörf umfram fjárlagaheimildir atriði, sem lög nr. 97/1974 taka til, skal um þau útgjöld farið samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

4. gr.

Fjármálaráðherra skal í upphafi hvers árs leggja fyrir Alþingi skýrslu um greiðslur sem heimilaðar hafa verið á liðnu ári skv. 1.–3. gr. laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um mjög langt árabil hefur það tíðkast að fjármálaráðherra veiti svokallaðar „aukafjárveitingar“ á fjárlagaárinu til einstakra viðfangsefna á fjárlögum þótt beina heimild til slíkra ráðstafana sé hvergi að finna í lögum. Í stjórnarskránni er hins vegar gert ráð fyrir því að

Alþingi samþykki fjáraukalög um greiðslur umfram fjárlög ár hvert og hefur aukafjárveitingavald fjármálaráðherra verið talið helgast af þeim ákvæðum.

Þörf fyrir aukafjárveitingar getur m.a. skapast af breyttum forsendum í verðlags- eða launamálum eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum sem vegna lagaákvæða eða samninga kalla á fyrirvaralaus útgjöld ríkissjóðs. Óumdeilt er að framkvæmdarvaldið verður á hverjum tíma að hafa ákveðið svigrúm til að mæta slíku. Jafnframt er eðlilegt að útgjöld, sem stofnað er til sökum slíkra óviðráðanlegra orsaka, séu borin undir Alþingi svo skjótt sem verða má þótt óraunhæft sé að ætlast til að það sé gert jafnharðan og til þeirra er stofnað. Í öðru frumvarpi, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem lagt er fram samhliða þessu, leggja flutningsmenn til að kveðið verði skýrt á um árlega framlagningu og afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings.

Í framkvæmd hefur vald fjármálaráðherra til að veita aukafjárveitingar verið túlkað svo rúmt að ráðherrann hefur nánast getað veitt fjármuni að vild úr ríkissjóði án nokkurs atbeina Alþingis og jafnvel án aðildar þess fagráðherra sem fjallar um viðkomandi málefni. Eru dæmi um slíkar greiðslur jafnt til verkefna sem fé hefur ekki verið ætlað til á fjárlögum sem hinna er fjárveitingu hafa fengið.

Öllum má ljóst vera að með þessari framkvæmd er einum manni, fjármálaráðherra á hverjum tíma, falið óeðlilega mikið vald sem jafnframt brýtur í bága við það grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipan að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Gildir í þessu sambandi einu þótt leita þurfi samþykkis Alþingis eftir á með frumvarpi til fjáraukalaga.

Um þessi mál hefur ítrekað verið rætt á undanförnum árum og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni vegna meðferðar sinnar á þessu valdi. Í athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1987, sem útbýtt var á Alþingi í desember síðastliðnum, segir m.a.:

„Að því er veitingu aukafjárveitinga varðar er ljóst að mjög skortir skýrar reglur um þau efni sem tryggi jafnt eðlileg áhrif og eftirlit fjárveitingavaldsins og svigrúm framkvæmdarvaldshafa til að mæta breyttum aðstæðum á fjárlagaárinu.

Óviðunandi er fyrir Alþingi sem fjárveitingavald að unnt sé t.d. að taka ákvarðanir um nýja starfsemi á vegum hins opinbera eða um sérstök framlög úr ríkissjóði án aðildar þess eða atbeina. Rétt er þó að hafa í huga að óhjákvæmilegt er fyrir fjármálaráðherra að hafa visst svigrúm til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, t.d. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt og í samræmi við aðrar umbætur síðustu ára í meðferð ríkisfjármála og við endurskoðun ríkisútgjalda að Alþingi setji í lög skýrar reglur um afgreiðslu aukafjárveitinga innan fjárlagaársins."

Flutningsmönnum þessa frumvarps, en fyrri flutningsmaður er jafnframt einn yfirskoðunarmanna, sýnist eðlilegt að Alþingi taki nú af skarið um þessi mál. Tilgangurinn með frumvarpinu er að binda í lög ákveðnar reglur um hvernig standa skuli að því að heimila óhjákvæmilegar greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga þegar greiðslur þola ekki bið eftir nýjum fjárlögum. Jafnframt er tilgangurinn að draga úr valdi þess einstaklings sem á hverjum tíma gegnir starfi fjármálaráðherra og færa ákvarðanir um greiðslur umfram fjárlög í ríkari mæli til Alþingis og fjárveitinganefndar þess þar sem þetta vald á eðli máls samkvæmt betur heima.

Meginstefna frumvarpsins er sú að greina á milli greiðslna umfram fjárlög eftir því hvort um er að ræða verkefni sem eru á fjárlögum eða ekki.

Varðandi verkefni á fjárlögum er fjármálaráðherra ætlað svigrúm til umframgreiðslna sé um að ræða greiðsluþörf sem ekki þoli bið enda hafi hún skapast vegna lögbundins verkefnis eða samnings sem fellir fyrirvaralausa greiðsluskyldu á ríkissjóð. Áskilið er að fagráðherra taki jafnframt ábyrgð á greiðslunni með því að óska eftir henni. Í málefnum sem heyra undir fjármálaráðuneytið er fjármálaráðherra að sjálfsögðu jafnframt fagráðherra og ber hann þá einn ábyrgð á greiðslunni.

Telja verður eðlilegt að framkvæmdarvaldshafar geti með þessum hætti brugðist við breyttum aðstæðum enda verður að ætla að það sé í samræmi við þann ásetning Alþingis sem fram kemur í fjárlögum.

Sé aftur á móti um að ræða verkefni sem ekki hefur hlotið fjárveitingu á fjárlögum er gert ráð fyrir því að fjárveitinganefnd Alþingis verði að veita formlegt samþykki sitt til að greiðslu megi inna af hendi. Þetta ákvæði á við um alla nýja starfsemi á vegum ríkisins, sem ekki hafa verið sett sérstök lög um, og styrki til aðila sem ekki njóta fyrir framlags á fjárlögum. Nýrri starfsemi verður því ekki komið á fót með aukafjárveitingum án atbeina Alþingis.

Sama gildir sé um að ræða beiðni um hækkun á framlagi til viðfangsefnis á fjárlögum sem þó er eigi lögboðið eða samningsbundið. Á þetta við um alls kyns styrki og framlög til margvíslegra viðfangsefna sem ríkissjóður hefur lagt fram fé til án beinnar lagaskyldu.

Eðlilegt þykir að fela fjárveitinganefnd Alþingis þetta vald enda hefur hún víðtækast umboð stofnana þingsins í öllu er lýtur að fjárlögum ríkisins. Þessi breyting mun kalla á breytingar á starfstilhögun fjárveitinganefndar sem koma yrði saman til formlegra funda til að fjalla um beiðnir skv. 2. gr. frumvarpsins. Rétt er þó að árétta að eftir sem áður lægi endanlegt vald um fjáraukalög hjá Alþingi sjálfu og í öðru frumvarpi flutningsmanna er gert ráð fyrir að gera það að lagaskyldu að þingið fái frumvörp til fjáraukalaga mun fyrr til meðferðar en verið hefur.

Frumvarp þetta hróflar ekki við fyrirmælum laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Þau raska heldur ekki ákvæðum í fjárlögum er kveða á um heimild fjármálaráðherra til að breyta tekju- og gjaldaliðum verði samþykkt ný lög frá Alþingi er hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

Loks er með frumvarpinu lögð sú eðlilega skylda á fjármálaráðherra að leggja þegar í upphafi árs fram á Alþingi skýrslu um greiðslur sem heimilaðar hafa verið samkvæmt ákvæðum þess á árinu næst á undan.

Nd. 584. Frumvarp til laga [323. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Pálmi Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár ríkisins er almanaksárið og skal jafnan miða lokun reikninga við áramót. Endurskoðaðan ríkisreikning skal leggja fyrir Alþingi svo skjótt sem verða má á næsta ári eftir reikningsárið.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 76. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðast svo:

Frumvarp til fjáraukalaga skal leggja fram á vorþingi eftir fjárlagaárið. Skulu fjáraukalög afgreidd á Alþingi á almanaksárinu áður en ríkisreikningur er samþykktur.

3. gr.

Fyrirsögn laganna orðast svo: Lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings, fjárlaga og fjáraukalaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings fyrir árið 1988.

Greinargerð.

Mikill misbrestur hefur orðið á því á undanförnum árum að frumvörp til laga um fjáraukalög og ríkisreikning væru lögð fyrir Alþingi innan eðlilegs tímafrests frá lokum fjárlagaárs. Dregur það skiljanlega mjög úr gagnsemi hvors tveggja og minnkar möguleika Alþingis til eftirlits með framkvæmdarvaldinu og þeim útgjöldum sem Alþingi sem fjárveitingavald hefur ákveðið.

Í athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1987, sem útbýtt var á Alþingi í desember síðastliðnum, segir m.a. um þetta atriði:

„Yfirskoðunarmenn telja jafnframt eðlilegt að þeirri reglu verði komið á að fjáraukalög liðins árs verði afgreidd á Alþingi samhliða fjárlögum komandi árs. Slík regla auðveldar allan samanburð milli ára, auk þess sem eldri ríkisreikningar og frumvörp til fjáraukalaga fyrir löngu liðin ár veita hvorki framkvæmdarvaldshöfum tilskilið aðhald né gera fjárveitingavaldinu nægilega vel kleift að fylgjast með afleiðingum ákvarðana sinna."

Síðar í sömu athugasemdum segir að einnig komi til álita „að flýta framlagningu frumvarps til fjáraukalaga á ári hverju þannig að það verði jafnan lagt fram í upphafi hvers árs vegna þeirra umframútgjalda ársins á undan sem Alþingi hefði ekki sjálft heimilað. Endurskoðaður ríkisreikningur kæmi síðan til samþykktar Alþingis á haustþingi og hugsanlega önnur fjáraukalög ef endurskoðun leiddi í ljós að þeirra gerðist þörf."

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lögbundin verði sú skylda að leggja fram á Alþingi frumvarp til fjáraukalaga á vorþingi næst á eftir því fjárlagaári sem fjáraukalögin ná til. Jafnframt verði skylt að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning á sama ári og ljúka fyrst afgreiðslu fjáraukalaga og síðan ríkisreiknings áður en fjárlög komandi árs verða samþykkt.

Með þeirri tölvuvæðingu, sem orðin er í ríkisbókhaldi og hjá Ríkisendurskoðun, á ekkert að vera því tæknilega til fyrirstöðu að ganga frá frumvarpi til fjáraukalaga og ríkisreikningi á þeim tíma sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Á undanförnum árum hefur orðið hægfara þróun í átt til nútímalegri vinnubragða í ríkisfjármálum, bæði á vegum Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Stærsta skrefið í þá átt var eflaust flutningur Ríkisendurskoðunar frá fjármálaráðuneyti til Alþingis. Enn er mikil þörf fyrir umbætur og nútímalegri starfshætti í þessum efnum þótt sumt kalli á breytingar á stjórnarskránni.

Það er í samræmi við þessa þróun að setja í lög ákvæði um tímafresti varðandi framlagningu og afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings og tengja slík ákvæði afgreiðslu fjárlaga.

Flutningsmenn hafa í öðru frumvarpi, frumvarpi til laga um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, gert tillögur um ákveðnar breytingar á meðferð svokallaðra „aukafjárveitinga" á fjárlagaárinu. Efni þess frumvarps er því náskylt því máli sem þetta frumvarp fjallar um. Í báðum tilfellum er um að ræða ópólitískar umbætur í vinnubrögðum og meðferð mála, en ekki pólitísk ágreiningsmál.

Ed. 585. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. mars 1989.

Eiður Guðnason, form.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir, frsm.
Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.	Halldór Blöndal.
	Guðmundur Ágústsson.	

Ed. 586. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Í stað „1988–1989“ í fyrri málsgrein 7. gr. komi: 1989–1990.

Ed. 587. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Til viðræðna við nefndina kom Skúli Guðmundsson, fyrrv. deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Alþingi, 7. mars 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.
	Jóhann Einvarðsson.	

Nd. 588. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Til viðræðna við nefndina um frumvarpið kom Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi.

Alþingi, 8. mars 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir.	Matthías Bjarnason.
Hreggviður Jónsson.	Árni Gunnarsson.	Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Ed. 589. Frumvarp til laga [175. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. mars.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Styrkir sem nemendur njóta samkvæmt lögum þessum eru:

a. ferðastyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar,
b. fæðisstyrkir er samsvari áætluðum hlut launakostnaðar í heildarfæðiskostnaði nemanda í skólamötuneyti,
c. húsnæðisstyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem ekki eiga kost á heimavist og miðast þeir við helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar,
d. sérstakir styrkir sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna nefnd sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna. Þá skal nefndin úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra nemenda.

Tillögur nefndarinnar skulu grundvallaðar á ítarlegum upplýsingum um ferðakostnað, fæðiskostnað og húsnæðiskostnað nemenda sem og á öðrum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar kunna að vera hverju sinni.

Námsstyrkjanefnd er skipuð sem hér segir:

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu samtaka framhaldsskólanemenda, eða eftir reglum sem ráðherra setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd að verja hluta af árlegri fjárveitingu með eftirfarandi hætti:

a. Að veita einstökum nemendum viðbótarstyrki ef efnaleysi torveldar þeim nám.
b. Að veita einstökum nemendum styrki þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. þessara laga ef þröngur efnahagur eða aðrar gildar ástæður torvelda þeim nám.

Einnig er námsstyrkjanefnd heimilt að skerða eða fella niður styrki til einstakra nemenda ef þeir njóta umtalsverðra tekna samhliða námi sínu eða ef aðrar gildar ástæður mæla með fráviki frá meginreglum.

6. gr.

Menntamálaráðuneyti setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1989–1990 að telja.

Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Sþ. 590. Fyrirspurn [324. mál]

til utanríkisráðherra um mannvirkjasjóð NATO.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hver yrði árlegur kostnaður Íslendinga ef þeir gerðust fullgildir aðilar að mannvirkjasjóði NATO?

Sþ. 591. Fyrirspurn [325. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunartillagna um eflingu fiskeldis og um tryggingu loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Á hvern hátt hefur verið unnið að framgangi eftirfarandi þingsályktunartillagna:

1. um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar í mars 1987;
2. um tryggingu loðdýraræktar gegn verðsveiflum, sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 18. mars 1987?

Sþ. 592. Fyrirspurn [326. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 18. mars 1987 um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum?

Sþ. 593. Fyrirspurn [327. mál]

til menntamálaráðherra um meðferð þingsályktunartillögu um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar sem vísað var til ríkisstjórnarinnar þann 18. mars 1987?

Sþ. 594. Fyrirspurn [328. mál]

til fjármálaráðherra um niðurfellingu söluskatts og vörugjalds af flotgöllum fyrir sjómenn.

Frá Alexander Stefánssyni.

Getur fjármálaráðherra notað heimild til að fella niður söluskatt og tolla af öryggisbúnaði fiskiskipa, svo sem björgunarvestum, til þess að fella einnig niður söluskatt og vörugjald af flotgöllum fyrir sjómenn sem er sannað að eru þýðingarmikill öryggisbúnaður og geta bjargað mannslífum?

Sþ. 595. Fyrirspurn [329. mál]

til forsætisráðherra um eiginfjárrýrnun og greiðsluhalla fyrirtækja í sjávarútvegi.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Hver var eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi á árinu 1988?
2. Hver verður eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári miðað við núverandi efnahagsleg skilyrði?
3. Hver verður greiðsluhalli fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári miðað við sömu forsendur?
4. Hver þarf hagnaður fyrirtækja í sjávarútvegi að vera til þess að meðalfyrirtæki geti staðið í skilum í rekstri sínum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 596. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið skriflegar umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, áfengisvarnarráði, Stórstúku Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Einnig mættu fulltrúar áfengisvarnarráðs á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin felur í sér að 9. gr. frumvarpsins falli niður. Sú grein fjallar um áfengisvarnir og nefndin er sammála um að réttara sé að ákvæði hennar bíði heildarendurskoðunar þess kafla áfengislaga sem fjallar um áfengisvarnir.

Sighvatur Björgvinsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. | Guðni Ágústsson.

Friðjón Þórðarson. | Geir Gunnarsson.

Nd. 597. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

9. gr. falli brott.

Ed. 598. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Guðmundur Ágústsson sat fundinn og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 8. mars 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Guðmundur H. Garðarsson.

Stefán Guðmundsson. | Ragnar Óskarsson. | Guðrún Agnarsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 599. Tillaga til þingsályktunar [330. mál]

um að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Geir H. Haarde
Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um ráðstafanir til að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi. Tillögurnar verði tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur náðst talsverður árangur í peningalegum sparnaði landsmanna. Ekki þarf að fara mörgum orðum um gildi hans sem undirstöðu hagvaxtar, bættra lífskjara og efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar.

Þótt verðtrygging sparifjár og samkeppni á fjármagnsmarkaðnum hafi markað tímamót er enn mikið óunnið í þessum efnum. Fleira getur eflt sparnað en verðtrygging og jákvæðir raunvextir. Hér á landi vantar t.d. enn þá einn mikilvægasta hluta eðlilegs fjármagnsmarkaðar, en það er hlutabréfamarkaður sem atvinnufyrirtækin geta leitað til um aukið eigið fé.

Telja má líklegt að vandi atvinnulífsins væri minni nú en raun ber vitni ef til hefði verið virkur hlutabréfamarkaður sem fyrirtækin hefðu getað leitað til um nýtt eigið fé í stað þess að auka skuldsetningu sína með frekari lántökum.

Háir raunvextir samhliða mikilli skuldsetningu hafa í för með sér að atvinnulífið á erfitt með að mæta áföllum. Við þessar aðstæður verður rekstrarvandi fyrirtækja ekki leystur með greiðslufresti eða nýjum lántökum. Þörf er á auknu framtaksfé.

Hæfilegt hlutfall eigin fjár er ávallt nauðsynlegt hverju fyrirtæki þar sem það skapar fyrirtækjum nauðsynlegan sveigjanleika og ver atvinnulífið fyrir ytri sveiflum í árferði. Hátt hlutfall eigin fjár er ekki síst nauðsynlegt á Íslandi þar sem árferðið hefur oft haft afdrifarík áhrif á starfsemi fyrirtækja eins og dæmin sanna.

Mikilvægt er að örva fyrirtækin til að bjóða út hlutabréf til almennings. Slíkt má gera með skattalegum aðgerðum. Einnig þarf að leggja traustan grunn að hlutabréfaviðskiptum í landinu með þátttöku hinna ýmsu fjármálastofnana í hlutabréfaviðskiptum. Er þar m.a. átt við innlánsstofnanir, lífeyrissjóði, fjárfestingarlánasjóði, tryggingafélög og verðbréfasjóði. Samkvæmt reynslu í öðrum löndum verður hlutabréfamarkaðurinn stöðugri og auðveldara er að selja bréfin á skömmum tíma þegar þeim fyrirtækjum fjölgar sem bjóða út hlutabréf og fleiri fjármálastofnanir annast viðskipti með þau.

Til þess að unnt sé að beina nýju áhættufjármagni inn í íslenskt atvinnulíf verður að leiðrétta það skattalega misræmi sem er í gildandi skattalögum milli hlutafjár annars vegar og annarra peningalegra eigna hins vegar. Slík breyting hefði í för með sér að hluti af sparnaði þjóðarinnar leitaði beint inn í atvinnulífið sem áhættufjármagn í stað þess að vera nær eingöngu í formi lánsfjár eins og nú á sér stað. Með tilkomu hlutabréfamarkaðar verður atvinnulífið ekki í sama mæli og áður háð dýru lánsfé. Minni eftirspurn eftir lánsfé mun draga úr þenslu á lánsfjármarkaði og stuðla að lækkandi raunvöxtum er fram í sækir. Á hlutabréfamarkaði munu sparifjáreigendur fá fjölbreytta möguleika til ávöxtunar. Á sama tíma verður styrkari stoðum rennt undir atvinnulífið og lífskjör bætt.

Tilkoma hlutabréfamarkaðar verður jafnframt mikilsvert aðhald að atvinnurekendum og mælikvarði á hæfni og árangur stjórnenda. Aukin hlutabréfaeign almennings leiðir auk þess til aukins skilnings á atvinnurekstri og dregur því úr spennu á vinnumarkaði. Með hlutabréfaeign

munu starfsmenn t.d. einnig eiga þess kost að fá arð af vinnu sinni að hluta í formi hagnaðar fyrirtækjanna auk launa. Því er mjög mikilvægt að stjórnvöld skapi það umhverfi sem þarf til að hlutabréfamarkaður nái að þróast.

Nýlega létu Iðnþróunarsjóður og Seðlabanki Íslands gera úttekt á málefnum hlutabréfamarkaðar. Fengu þeir erlenda fjármálastofnun, Enskilda Securities Ltd. í London, til verksins, en þetta fyrirtæki hefur m.a. yfir að ráða góðri þekkingu á málefnum hlutabréfamarkaða annars staðar á Norðurlöndum. Skýrsla þeirra um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi var lögð fram í maímánuði síðastliðnum og fékk nokkra umræðu. Hins vegar ber lítt á því að stjórnvöld sýni málefnum hlutabréfamarkaðar áhuga.

Árið 1984 voru samþykkt lög sem áttu að greiða götuna fyrir hlutabréfakaupum almennings. Þau fólu í sér þrenns konar möguleika á frádrætti frá skattskyldum tekjum. Í fyrsta lagi með innborgunum á stofnfjárreikninga fyrir þá sem síðar hugðust setja á fót eigin atvinnurekstur, í öðru lagi með því að kaup á hlutabréfum í félögum sem fullnægja ákveðnum skilyrðum urðu frádráttarbær til skatts að ákveðnu marki, í þriðja lagi með því að kaup á hlutabréfum fjárfestingarfélaga sem sérstaklega eru mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja urðu frádráttarbær á sama hátt. Árangurinn af þessari viðleitni hefur þó látið á sér standa og er haldið fram að lögin gangi of skammt. Einnig hefur reynst óhagkvæmara fyrir fyrirtæki að afla fjár með sölu hlutabréfa en taka lán eða selja skuldabréf.

Enn frekari breytingar á skattalögum til að örva þátttöku almennings í atvinnurekstri eru afar brýnar, ekki síst í ljósi þess sem hefur verið að gerast í nálægum löndum. Frakkar, Bretar, Belgar, Ítalir og fleiri þjóðir hafa breytt skattareglum og ýtt duglega undir hlutabréfakaup almennings í atvinnurekstri. Sterkari staða fyrirtækja vegna aukins eigin fjár er ein af forsendum þess að atvinnulífið spjari sig í ört vaxandi samkeppni. Forsenda góðra lífskjara til frambúðar er m.a. að ryðja úr vegi tilbúnum hindrunum sem koma í veg fyrir að ráðist sé í annars arðvænlega fjárfestingu í atvinnulífinu. Í eftirfarandi upptalningu er bent á nokkur mikilvæg atriði varðandi þetta efni:

1. Fjárhæðir þær sem nú eru frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri verði auknar verulega.
2. Söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls í þrepum eftir tiltekinn lágmarkseignarhaldstíma, t.d. þrjú ár.
3. Skattleysismörk vegna eignarskatts verði hækkuð og unnið að því að allar eignir verði meðhöndlaðar eins gagnvart eignarskatti.
4. Fyrirtæki verði hvött með skattalegum aðgerðum til að bjóða út hlutabréf til almennings.
5. Arður, allt að 15% af heildar eigin fé fyrirtækis í árslok, verði skattfrjáls hjá mótttakanda en frádráttarbær án takmörkunar hjá greiðanda.
6. Reglugerðir lífeyrissjóða verði endurskoðaðar þannig að lífeyrissjóðum verði heimilt að kaupa hlutabréf eftir ákveðnum reglum.
8. Til að fyrirtæki skrái hlutabréf sín frekar en nú er gert á Verðbréfaþingi Íslands þarf að breyta 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en þar segir að opinberlega skráð hlutabréf skuli metin til eignarskatts á síðasta skráða gengi í árslok. Til greina kemur að hafa skattafrádráttarreglur laga nr. 9/1984 rýmri fyrir fyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
9. Á þessu ári verði málefni hlutabréfamarkaðar tekin til víðtækrar athugunar í því skyni að örva viðskipti með hlutabréf í landinu.

Fylgiskjal.

Fjármálatíðindi 3, XXXV. árg. 1988:

Skýrsla um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi

Eftirfarandi grein er þýðing á fyrsta kafla skýrslu um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi. Skýrslan var gerð að frumkvæði Iðnþróunarsjóðs og Seðlabanka Íslands. Hún var unnin af verðbréfafyrirtækinu Enskilda Securities í London, sem er dótturfyrirtæki Skandinaviska Enskilda Banken. Af hálfu Iðnþróunarsjóðs og Seðlabanka Íslands var myndaður vinnuhópur til að aðstoða Enskilda Securities, en í honum voru: Baldur Guðlaugsson, hrl., Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri, Guðmundur Kr. Tómasson, Iðnþróunarsjóði, Gunnar Helgi Hálfdánarson, framkvæmdastjóri, Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri, Stefán Svavarsson, lögg. endurskoðandi, og Sveinn E. Sigurðsson, forstöðumaður.

1.1 Tilgangur

Við höfum samið þessa skýrslu um þróun hlutabréfamarkaðar að beiðni Iðnþróunarsjóðs og Seðlabanka Íslands í samræmi við samning okkar þar að lútandi. Við höfum átt nána samvinnu við vinnuhóp, skipaðan af Iðnþróunarsjóði og bankanum, við samningu skýrslunnar og höfum rætt niðurstöður okkar og tillögur við vinnuhópinn.

Meðan á athugunum okkar stóð, hittum við fulltrúa frá peningastofnunum, tilvonandi útgefendum hlutabréfa, fjárfestum, endurskoðendum, lögfræðingum og öðrum sérfræðingum á íslenska peningamarkaðinum.

Við samningu skýrslunnar höfum við gert ráð fyrir, að allar upplýsingar, sem við höfum fengið, hafi verið réttar, og höfum við reitt okkur á þær upplýsingar við myndun á þeim skoðunum og niðurstöðum, sem við setjum fram, án þess að hafa gengið sérstaklega úr skugga um réttmæti upplýsinganna.

Þegar við byrjuðum á athugunum okkar, gerðum við ráð fyrir því, að þær myndu fyrst og fremst beinast að viðskiptakerfi og reglum Verðbréfaþings Íslands. Við komumst fljótlega að því í upphafsumræðum okkar, að hin lága velta á þinginu átti sér dýpri orsakir heldur en reglurnar sjálfar og umhverfi þeirra. Hér á eftir fer útdráttur af aðalþáttunum, sem við teljum að hafi hindrað þróun virks hlutabréfamarkaðar á Íslandi, og hvað við teljum rétt að gera í því efni. Því til viðbótar höfum við tekið saman útdrátt af núverandi viðskiptum á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðinum til þess að draga upp mynd af núverandi fyrirkomulagi.

Aukins frjálsræðis gætir á fjármálasviðinu á Íslandi. Stjórnvöld hafa þá stefnu að samræma skattalega meðferð eigin fjár og annars fjármagns, og nú gætir aukinna umsvifa á hlutabréfamarkaðinum í gegnum þá tvo hlutabréfamiðlara, sem eru þegar starfandi. Þetta gefur frekari þróun hlutabréfamarkaðarins byr undir báða vængi.

1.2 Þörf fyrir hlutabréfamarkað

Beðið var um þessa skýrslu, þegar séð var fram á síaukna þörf fyrir hlutabréfamarkað á Íslandi. Hér á eftir fer útdráttur okkar um helstu kosti þess, sem leiða kann af því, að virkur innlendur hlutabréfamarkaður komist á.

Þróun fjármagnsstöðu fyrirtækja

Mörg fyrirtæki á Íslandi skulda of mikið miðað við eiginfjárstöðu, vegna þess að þau hafa átt

greiðan aðgang að lánsfé undanfarin ár. Við ríkjandi aðstæður, sem mótast af háum vöxtum og vísitölubindingu, er skuldsetning fyrirtækja í mörgum tilvikum orðin mikil, og því mundi hlutabréfamarkaður opna nýja leið til að styrkja eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja.

Bein fjárfesting í atvinnurekstri

Fjárfesting í íslenskum atvinnurekstri hefur í gegnum tíðina verið fjármögnuð af fjárfestingarlánasjóðum og bönkunum. Bein fjárfesting í atvinnulífinu gegnum hlutabréfamarkað mundi verða til að veita atvinnulífinu meira aðhald og gera það hagkvæmara í rekstri auk þess sem raunhæfari markaðsaga yrði beitt við val fjárfestingar.

Lagaleg staða á markaðinum

Lítið sem ekkert eftirlit er enn sem komið er af hálfu stjórnvalda með þróun hlutabréfamarkaðarins. Með því að setja lagaramma utan um núverandi markað verður hægt að sjá til þess, að hann þróist og vaxi á heilbrigðan hátt. Slíkur rammi ætti að fela í sér sanngjarnar reglur um viðskiptahætti til að tryggja hagsmuni fjárfestans og annarra markaðsaðila.

Hugsanlegur ávinningur (og tap) fjárfesta

Virkur hlutabréfamarkaður mundi skapa vettvang, þar sem fjárfestar gætu náð fram hagnaði eða tapi á fjárfestingum sínum. Með því að beina öllum viðskiptum með opinberlega skráð hlutabréf á einn markað mundi vera mögulegt að lióka markaðinn og auðvelda kaup og sölu hlutabréfa.

Innstreymi erlends fjármagns

Virkur innlendur markaður ásamt traustum reglum um hann myndi líklega hvetja til erlendrar fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum, þegar fram líða stundir. Þetta myndi leiða til nýrrar fjármagnsuppsprettu.

1.3 Samantekt á aðalþáttunum, sem áhrif hafa á þróun virks hlutabréfamarkaðar

Eftirspurn og framboð hlutabréfa er enn ekki nægilegt á Íslandi til að halda uppi áframhaldandi þróun hlutabréfamarkaðar.

Við höfum sett fram eftirfarandi útdrátt undir þremur fyrirsögnum: eftirspurn (þ.m.t. skattlagning), framboð og skráning verðbréfa.

Eftirspurn

i. Á Íslandi hafa einstaklingar mun minna skattalegt hagræði af því að festa fé í hlutabréfum en skuldabréfum. Þótt fjárfesting í hlutabréfum í ákveðnum félögum sé frádráttarhæf frá skatti að vissu marki og arður einnig skattfrjáls að vissu marki, er tekjuskattur samt lagður á söluhagnað. Þá er hlutabréfaeign einnig eignarskattsskyld, sé hún umfram tiltekna fjárhæð. Skuldabréf eru á hinn bóginn skattfrjáls að öllu leyti, nema hvað skuldabréf önnur en ríkisskuldabréf eru eignarskattsskyld.

ii. Þótt nú sé auglýst markaðsverð á hlutabréfum í nokkrum stærri fyrirtækjum, er markaðurinn í hlutabréfum ennþá þannig, að erfitt getur reynst að kaupa og selja bréf. Þetta á einnig við um skuldabréf, þar sem flestir fjárfestar eiga skuldabréf sín til gjalddaga fremur en að breyta samsetningu á skuldabréfaeign sinni með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Núverandi skuldabréfamarkaður er fyrst og fremst markaður fyrir ný skuldabréf, og viðskipti á eftirmarkaði eru mjög lítil. Það er því engin hefð komin á eftirmarkað í skuldabréfum á Íslandi, sem hægt væri að nota sem grundvöll til að þróa viðskipti með hlutabréf.

iii. Íslenskir fjárfestar fara að mestu eftir „núverandi ávöxtun" (running yield) við fjárfestingarmat sitt. Því eru skuldabréf, sem gefa af sér milli 8 og 14% (skattfrjálst) í raunvexti skiljanlega miklu meira aðlaðandi en hlutabréf, sem gefa minni arð og eru áhættusamari. Þetta er vegna þess, að hugtakið að safna hagnaði (eða tapi) gegnum breytingar á stofnvirði hefur ekki átt miklum vinsældum að fagna á Íslandi, þótt árangur verðbréfasjóðanna hafi orðið til þess að auka skilning almennings á þessum möguleika.

iv. Fram að þessu hefur enginn sjálfstæður staður verið til fyrir sölu hlutabréfa; jafnvel í dag er aðeins auglýst verð á hlutabréfum níu stórra fyrirtækja. Minnihlutahluthafar hafa þess vegna í raun verið lokaðir inni í fyrirtækjum í fjölskyldueigu.

v. Sem afleiðing af þessu hafa viðskipti í hlutabréfum fram að þessu aðallega stjórnast af yfirráðahagsmunum frekar en fjárfestingararði.

vi. Lífeyrissjóðirnir ráða yfir um 50% af fé því, sem stendur til boða til fjárfestingar á Íslandi. Þeir eru í raun skyldaðir til að fjárfesta 55% af

sjóðsinnstreymi sínu í Byggingarsjóði ríkisins frekar en í verðbréfum að eigin vali.

vii. Flestir lífeyrissjóðir mega ekki samkvæmt reglugerðum sínum fjárfesta í hlutabréfum. Stjórnendur lífeyrissjóða hafa mjög lítið svigrúm til að velja fjárfestingu, og allar nýjar fjárfestingar verður að samþykkja af stjórn lífeyrissjóðanna. Þetta dregur úr nýjum fjárfestingum í hlutabréfum.

viii. Lög nr. 9/1984 voru mikilvægt skref í þá átt að gera almenna hlutabréfaeign vinsæla, en samt hafa stjórnvöld ekki orðið til þess að hvetja nægjanlega til eftirspurnar eftir hlutabréfum eða fá fjárfesta til að dreifa fjárfestingum sínum með því að kaupa hlutabréf í stað skuldabréfa. Þar að auki eru ríkisskuldabréf meirihlutinn af verðbréfamarkaðinum, og eru þau auglýst sem öruggasta leiðin til að fjárfesta peninga: Þetta er túlkað sem neikvætt viðhorf ríkisins í garð fyrirtækjaverðbréfa, sérstaklega hlutabréfa.

Framboð

Mikil þörf er fyrir eigið fé í íslenskum hlutafélögum, þar eð lánsfé er dýrt og hlutfall skulda miðað við eigið fé er oft mjög hátt. Fyrirtæki hafa samt sem áður fram að þessu verið treg til að gefa út hlutabréf, þar eð:

i. Flest fyrirtæki á Íslandi eru einkafyrirtæki í eigu fjölskyldna, sem ekki vilja deila eigninni með öðrum. Stærri fyrirtæki, sem hægt væri að opna fyrir almenningi, eru undir stjórn smárra hópa, sem tregir eru til að skerða yfirráðarétt sinn.

ii. Það hefur ekki reynst nauðsynlegt fram að þessu að auka eigið fé, því þrátt fyrir hátt hlutfall skulda gagnvart eigin fé hefur ekki reynst erfitt að fá lán. Afstaða fyrirtækja hefur samt breyst nú, þegar það er orðið mun dýrara að skulda.

iii. Lítil eftirspurn eftir hlutabréfum hefur dregið úr áhuga fyrirtækja til að gefa út ný hlutabréf. Það, að enginn virkur hlutabréfamarkaður er til, hefur torveldað fyrirtækjum að virða hlutabréf sín, og því er mikil hætta á, að hlutabréfaútgáfa sé ranglega verðlögð. Þar sem hlutabréf seljast gjarnan á lægra verði en sem svarar nettóvirði eigna, myndu eignir hluthafa, sem fyrir eru, rýrna með nýrri hlutabréfaútgáfu.

Skráning verðbréfa

i. Meirihluti núverandi skuldabréfaútgefenda telur skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþinginu ekki mikils virði. Margar útgáfur eru því ekki skráðar á þinginu og jafnvel í þeim tilfellum, sem þær eru skráðar þar, fer stór hluti af þeim viðskiptum, sem nú eiga sér stað á eftirmarkaði, fram utan þings nema þau, sem Seðlabankinn stundar, en hann hefur veitt þinginu stuðning.

ii. Verð er skráð á hlutabréfum níu stórra íslenskra fyrirtækja. Þessi skráning á sér stað algjörlega utan Verðbréfaþingsins og er ekki háð neinum reglum.

1.4 Tillögur

Við höfum gert sérstakar tillögur um úrbætur í þessum efnum, og eru þær teknar saman hér á eftir.

Eftirspurn

1. Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðirnir ráða yfir u.þ.b. 50% af því fé, sem fyrir hendi er til fjárfestingar í verðbréfum á Íslandi. Því er virk þátttaka þeirra á hlutabréfamarkaðinum óhjákvæmilegur hluti þróunar hans.

a. Byggingarsjóður ríkisins

Núverandi fjármögnun lífeyrissjóða á Byggingarsjóði kemur í veg fyrir, að lífeyrissjóðir geti stjórnað verðbréfaeign sinni með góðum árangri. Endurskoðun stjórnvalda á þessu mikilvæga máli þarf að hraða svo sem kostur er.

b. Eftirmarkaður

Núverandi reglur um Byggingarsjóð ríkisins hindra frekari þróun viðskipta á eftirmarkaði. Fara verður fram gagnrýnin endurskoðun á reglum þessum af hálfu stjórnvalda.

c. Möguleiki til fjárfestingar í hlutabréfum

Í dag eru það aðeins fáir lífeyrissjóðir, sem hafa leyfi samkvæmt reglugerðum sínum til að fjárfesta í hlutabréfum. Samkvæmt frumvarpsdrögum yrði lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta allt að 5% af árlegu greiðsluflæði sínu í hlutabréfum. Við teljum þessa tillögu vera til bóta, en erum þó þeirrar skoðunar, að lífeyrissjóðum ætti að vera heimilt að fjárfesta allt að 25% af árlegu greiðsluflæði sínu í hlutabréfum.

d. Stjórnun

Hvetja ætti stjórnir lífeyrissjóða til að framselja vald sitt til almennra verðbréfa-

viðskiptaákvarðana í hendur hæfra starfsmanna, sem annast daglega framkvæmdastjórn þeirra.

2. Verðbréfasjóðir

a. Skráning

Við teljum það vera til hagsbóta að skrá verðbréfasjóði á Verðbréfaþinginu. Hægt er að versla með hlutdeildarbréf sjóðanna á sama hátt og hlutabréf.

b. Innlánsbinding og lausafjárhlutfall

Okkur hefur verið tjáð, að komið hafi til álita að láta reglur um innlánsbindingu og lausafjárhlutfall gilda um verðbréfasjóði. Við teljum það vera mikilvægt, að slíkar reglur verði þannig, að þær dragi ekki úr möguleika þessara tækja, sem sameina fé til fjárfestingar í verðbréfum (pooled investment vehicles), til að gegna lykilhlutverki í þróun hlutabréfamarkaðar.

3. Skattlagning

Skattlagningarramminn hefur mikla þýðingu fyrir þróun virks hlutabréfamarkaðar. Auk þess sem við leggjum fram tillögur um aukin viðskipti í hlutafélögum á þinginu, höfum við einnig yfirfarið aðgerðir til að hvetja til fjárfestingar og viðskipta í einkafyrirtækjum. Við teljum mikilvægt að þróa þessi fyrirtæki, vegna þess að þau munu í framtíðinni leggja fram mikið af nýjum hlutabréfum á þinginu.

Okkur skilst, að stjórnvöld vilji draga úr því misræmi, sem nú viðgengst í skattalögum á kostnað hlutabréfaeignar samanborið við önnur sparnaðarform, en vilji á sama tíma ná jöfnuði í rekstri ríkisins. Þótt mikið af þeim tillögum, sem taldar eru upp hér á eftir, mundu minnka skattstofninn, mundi álagning veltuskatts á verðbréf svo og takmörkun á frádrætti vaxta af lánum vega þetta upp að hluta, þegar til lengdar lætur.

Hægt er að jafna skattmeðferð skuldabréfa- og hlutabréfatekna hjá einstaklingum annaðhvort með því að skattleggja tekjur af skuldabréfum, sem nú eru utan tekjuskattsstofns, eða með því að veita frekari skattívilnanir gagnvart fjárfestingu í hlutabréfum en nú er gert.

Almennt hefur verið talið, að skattlagning tekna af skuldabréfum væri ólíkleg á næstunni, og því höfum við gert ráð fyrir í skýrslu þessari, að skattmeðferð verði jöfnuð með því að veita frekari ívilnanir á tekjur af fjárfestingu í hlutabréfum frekar en að auka skattlagningu á tekjur á skuldabréfum. Væri síðari leiðin farin, ættu tillögur okkar jafnt við, að frátöldum tillögum (f) og (g) hér á eftir, hvað varðar skattlagningu arðs.

Við höfum lagt til ákveðin mörk fyrir skattundanþágur. Þessi mörk eru lögð til eftir að hafa litið yfir þau mörk, er tíðkast annars staðar í Evrópu, og ætlast er til, að þau myndi grundvöll að umræðum um þetta efni.

Alls staðar í skýrslu þessari höfum við lagt til ákveðin undanþágumörk, sem væru til staðar fyrir einstakling, og á sama hátt ræðum við núverandi mörk, sem einstaklingi standa til boða. Í sérhverju tilfelli mundu hjón fá tvöfalda slíka upphæð. Til viðbótar teljum við, að vísitölutryggja eigi þessar upphæðir til að tryggja raunvirði þeirra í verðbólguumhverfi.

Hér á eftir fara þau sérstöku atriði, sem við teljum að stjórnvöld eigi að athuga.

a. Skattlagning söluhagnaðar

Undanþiggja ætti skattlagningu söluhagnaðar frá tekjuskatti hjá einstaklingum upp að árlegu hámarki, er nemur 400.000 kr. (11.000 dollurum). Því til viðbótar ætti að lækka raunverulega tekjuskattlagningu á söluhagnað, eftir því sem eignartímabil á hlutabréfum lengist.

Ef hlutabréf væru þannig í eigu sama aðila lengur en eitt ár, ætti að minnka skattskyldan söluhagnað við sölu um 25% bæði fyrir einstaklinga og lögaðila, og ef hlutabréf eru í eigu sama aðila lengur en 2 ár, ætti að minnka skattskyldan söluhagnað um 50%.

b. Hrein ný fjárfesting í hlutafélögum með skráð hlutabréf

Hámarkið, sem sett er fram í lögum nr. 9/1984 um frádráttarhæfi frá tekjum einstaklings vegna hreinnar nýrrar fjárfestingar í þeim fyrirtækjum, sem þar koma til greina, ætti að auka í 120.000 kr. (3.300 dollara).

c. Fjárfesting í einkafyrirtækjum

Til að hvetja einstaklinga til fjárfestingar í ákveðnum einkafyrirtækjum leggjum við til, að komið verði á „viðskiptahvatningu" („business expansion scheme") með því móti, að fjárfesting án áhrifa („arms-length investment") í fyrirtækinu yrði frádráttarbær frá skatti að hámarki 1 milljón króna (28.000 dollara) á einstakling á ári.

d. Kaupfyrirkomulag á hlutabréfum fyrir starfsmenn

Við leggjum til, að sett verði upp fyrirkomulag, þar sem starfsmönnum eru boðin hlutabréf í fyrirtækjum, þar sem þeir vinna, sem hluti af heildarlaunagreiðslu þeirra. Þetta yrði til að hvetja starfsmenn til að fjárfesta í hlutabréfum þess fyrirtækis, sem þeir vinna hjá.

Slík hlutabréf yrðu þá ekki tekjuskattsskyld í höndum viðtakanda, svo framarlega sem bréfin væru í eigu hans í ákveðinn lágmarkstíma. Ef svona fyrirkomulag nær árangri, gæti það reynst starfsmönnum vel að setja upp fyrirkomulag, þar sem þeir öðluðust rétt til að kaupa hlutabréf á ákveðnu verði, þannig að þeir gætu síðar notað sér þann rétt, ef hlutabréf hækkuðu í verði.

e. Útgáfa jöfnunarhlutabréfa

Við teljum, að útgáfa jöfnunarhlutabréfa sé tímafrek og ónauðsynleg. Nú er nauðsynlegt að gefa þessi bréf út til þess að hámarka arðgreiðslur samkvæmt skattalögum. Það væri hægt að tengja þetta hámark við hreint eigið fé hluthafa. Við leggjum því til, að útgáfa jöfnunarhlutabréfa verði lögð niður.

f. Frádráttarhæfi arðgreiðslna

Til að jafna skattalega meðferð vaxtatekna og arðgreiðslna leggjum við til þá tímabundnu ráðstöfun, að frádráttarhæfi arðgreiðslna verði aukið í 15% af nafnvirði hlutabréfa, þar til að hætt verði útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Tvöföld skattlagning mun eiga sér stað á arðgreiðslur umfram þessi mörk, þar sem þær yrðu þá skattlagðar bæði hjá fyrirtækinu og tekjuþega. Til að komast hjá þessu ættu hluthafar að hljóta skattfrádrátt fyrir þann skatt, sem fyrirtækið greiðir af arðgreiðslum.

Þessu til viðbótar ætti hlutafjáreign, sem notuð er til grundvallar útreiknings á hámarksarðgreiðslu, að vera sú, sem fyrir hendi er við lok þess fjárhagsárs, sem arður er greiddur af.

g. Skattfrjáls arður fyrir einstaklinga

Sá arður, sem leyfður er skattfrjáls hjá einstaklingum, ætti að hækka í 150.000 kr. (4.200 dollara) eða 15% af nafnvirði slíkrar fjárfestingar, hvort sem lægra yrði.

Þegar hætt verður útgáfu jöfnunarhlutabréfa, ætti að miða hámarksskattundanþágu fyrir einstaklinga vegna arðs við það mark, sem arður á hlutabréf er frádráttarhæfur til skatts hjá fyrirtækinu, sem greiðir arðinn, þó háð þeirri takmörkun, sem áður gat, 150.000 kr. (4.200 dollarar).

h. Stimpilgjald

Stimpilgjald er nú 2% á útgáfu nýrra hlutabréfa. Við leggjum til, að stimpilgjaldið verði lækkað í ½%. Við mundum vilja ræða, hvort það sé fjárhagslega hagkvæmt að innheimta slíkt stimpilgjald, ef það verður aðeins ½%.

i. Eignarskattur

Við leggjum til, að undanþágu vegna hlutabréfa frá eignarskatti ætti að auka í 2 millj. kr. (56.000 dollara). Því til viðbótar leggjum við til, að þeir, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, verði algjörlega undanþegnir eignarskatti.

j. Frádráttarhæfi til skatts af vaxtagjöldum/arðgreiðslum af hlutabréfum

i. Við leggjum til, að vaxtakostnaður skuli vera takmarkaður við langtíma vaxtaberandi skuldir upp að 65% af summu slíkra skulda og hlutafjár, að svo miklu leyti sem hann er frádráttarhæfur við uppgjör hagnaðar í fyrirtækjum. Það gæti verið æskilegt að hafa þennan þröskuld mismunandi eftir atvinnugreinum. Þessa takmörkun þyrfti að taka í lög yfir t.d. þriggja ára tímabil til að auðvelda aðlögunarhæfi og valda ekki of miklu álagi á fjármál fyrirtækja.

ii. Við leggjum til, að skattlagningu hagnaðar fyrirtækja verði skipt upp. Þannig ætti sá hluti hagnaðarins að skattleggjast vægar, sem svarar til hlutdeildar nýrra hlutabréfa af heildarhlutabréfastofni fyrirtækisins. Þessi lækkun ætti að taka til þriggja fjárhagsára frá útgáfuári slíkra hlutabréfa. Þetta yrði fyrirtækjum hvatning til að gefa út ný hlutabréf.

k. Veltuskattur

Veltuskattur er lagður á verðbréfaviðskipti í flestum Evrópulöndum. Slíkur skattur dregur úr verðbréfaviðskiptum. Þó er svo, að einu sinni, þegar markaðurinn er kominn vel á skrið, teljum við að leggja mætti á veltuskatt, er nemi 0,5% á innlend verðbréfaviðskipti, og þar með yrði skattstofninn breikkaður.

4. Erlendir fjárfestar

a. Erlend þátttaka

Við teljum það mikilvægt að hvetja til aukins

áhuga hjá erlendum fjárfestum. Samt er þýðingarmikið, að innflæði erlends fjár verði haldið í skefjum til að forðast auknar sveiflur á innlenda hlutabréfamarkaðinum. Okkur væri ánægja að ræða þetta frekar með það fyrir augum að skrifa skýrslu um þróun erlendrar hlutafjárfestingar í gegnum verðbréfasjóð eða annað álíka tæki.

b. Takmörkun gjaldeyrisreglna

Eins og nú er ástatt þarf útlendingur leyfi til þess að færa arð og fjármagn út úr landinu. Okkur skilst, að í frumvarpi til laga sé lagt til, að útlendingar megi bæði færa arð og fjármagn út úr landinu. Við styrðjum þessa tillögu.

c. Hömlur á hlutabréfaeign erlendra aðila

Þeir, sem ekki eru heimilisfastir á Íslandi, geta nú í raun ekki átt meira en 50% af hlutafé í ákveðnum íslenskum fyrirtækjum. Því til viðbótar hafa mörg fyrirtæki frekari takmarkanir í samþykktum sínum, sem útheimta samþykki stjórnar fyrir sölu hlutabréfa til útlendra fjárfesta. Við teljum það rangt hjá almenningshlutafélögum, að taka þurfi stjórnarákvörðun í hvert sinn sem hlutabréf eru seld erlendum aðilum. Erlend eignaraðild í slíkum fyrirtækjum ætti frekar að vera takmörkuð við ákveðið hlutfall atkvæða eða hlutabréfa eins og nú er alls staðar á Norðurlöndum. Til að koma í veg fyrir, að útlendingar hefðu óeðlilega mikil ítök í stjórn fyrirtækja, mætti gefa út ný hlutabréf með takmörkuðum atkvæðisrétti, er sérstaklega væri beint til útlendra fjárfesta. Þessi möguleiki er þegar fyrir hendi í íslenskum lögum (sjá einnig „Framboð" hér á eftir).

Framboð

a. Nýjar útgáfur

Við teljum okkur sjá ákveðin fyrirtæki, sem mundu vilja gefa út hlutabréf fyrir almenning. Árangursrík almenningsútgáfa væri meiriháttar skref í að bæta ímynd hlutabréfamarkaðarins á Íslandi.

b. Hlutabréf með takmörkuðum atkvæðisrétti

Minnkandi yfirráð er lykilatriði í ákvörðunum fyrirtækja um útgáfu nýrra hlutabréfa. Sá möguleiki að gefa út hlutabréf með takmörkuðum atkvæðisrétti er þegar fyrir hendi í íslenskum lögum og við lítum svo á, að hvetja eigi fyrirtæki til að nota sér þessi ákvæði, ekki aðeins hvað varðar hlutabréf, sem beint er að erlendum fjárfestum, heldur líka innlendum.

c. Stjórn á nýjum útgáfum

Þróun markaðar er mjög næm fyrir offramboði. Verðbréfaþingið ætti að stjórna biðröð eftir nýjum útgáfum á hlutabréfum til almennings til að forðast offramboð.

Reglur og markaðurinn

a. Kerfi Verðbréfaþingsins

Verðbréfaþingið á að vera miðstöð viðskipta og stjórnunar á verðbréfum á Íslandi. Sama kerfið á að eiga við bæði fyrir skuldabréfa- og hlutabréfaviðskipti. Þetta mundi þá taka til núverandi starfsemi hinna tveggja hlutabréfamiðlara, sem birta verð fyrir hlutabréf. Núverandi upplýsingakerfi milli miðlara er nægjanlegt til að dreifa nauðsynlegum upplýsingum.

b. Húsnæði Verðbréfaþings og starfslið

Við teljum, að innan skamms þurfi Verðbréfaþingið á starfsliði í fullri vinnu auk eigin húsnæðis að halda. Með tímanum kann það að reynast gerlegt að fjármagna starfsemina af skráningargjöldum. Þingið mun vissulega halda áfram að nýta sér utanaðkomandi sérfræðikrafta, eftir því sem það þarf. Samt lítum við ekki svo á, að nauðsynlegt verði að setja upp húsnæði beinlínis til viðskiptanna.

c. Viðhald á tilboðs- og viðskiptaskrám

Verðupplýsingar og önnur viðkomandi atriði um viðskipti ættu að vera nákvæm og innihalda nýjustu upplýsingar. Því þyrfti að uppfæra þessar upplýsingar daglega, og upplýsingar um verðlag í síðustu viðskiptum ætti að birta almenningi.

d. Skráning hlutabréfa

Hvetja ætti öll fyrirtæki, er fullnægja skilyrðum laga nr. 9/1984, til að sækja um skráningu á bréfum sínum. Auk þess ætti að hvetja þau fyrirtæki, er fullnægja skilyrðum laga nr. 9/1984, en beita takmörkunum á kaup og sölu hlutabréfa sinna, að afnema þessar takmarkanir og sækja um skráningu bréfanna. Alls staðar í skýrslu þessari höfum við talað um þessar tvær tegundir fyrirtækja sem almenningshlutafélög (public companies). Auk þess þyrfti að koma á því skilyrði, að sérhvert hlutafélag, er óskaði að gefa út ný hlutabréf til almennings, þyrfti þá að sækja um skráningu á bréfum sínum. Engar takmarkanir á viðskiptum með skráð bréf ætti að leyfa.

e. Miðlarar
Allir miðlarar, sem ætla sér að eiga viðskipti í verðbréfum við almenning, eiga að vera aðilar að Verðbréfaþinginu.

f. Viðskipti í skráðum verðbréfum
Auka þyrfti við viðskiptaskrána á þann veg, að hún nái til allra viðskipta miðlara í skráðum verðbréfum. Þetta myndi þýða, að gefa þyrfti út tvær skrár, eina, er tæki saman viðskipti milli tveggja miðlara (eins og nú er), og aðra, er tæki saman viðskipti við viðskiptavini. Ekki yrði nauðsynlegt að taka fram mótaðila í síðari skránni.

g. Rannsóknir
Birting greinargerða um skráð fyrirtæki, sem einkum miðuðust við þarfir fyrirtækja og sjóða, sem fjárfesta í verðbréfum, myndi auka áhuga á fyrirtækjum og þar með viðskipti.

h. Skuldbinding miðlara til viðskipta
Sérhver skráð verðbréfaútgáfa ætti að hafa a.m.k. tvo miðlara, er tækjust á hendur viðskipti með viðkomandi verðbréf eftir bestu getu.

i. Eign miðlara að verðbréfi
Verðbréfamiðlurum ætti að vera heimilt að eiga verðbréf í þeirri von, að þau hækki í verði, þó með þeim takmörkunum, sem eiginfjárstaða þeirra setur þeim. Miðlarar ættu hins vegar ekki að mega selja verðbréf, sem þeir eiga ekki, til afhendingar síðar í þeirri von, að bréfin lækki frá söludegi til afhendingardags („short selling").

j. Stjórn verðbréfasjóða
Ef stjórn verðbréfasjóða og miðlaraviðskipti eiga sér stað innan eins og sama fyrirtækis, verður að hafa glögg skil milli þessara tveggja sviða svo sem kostur er.

k. Innherjaviðskipti
Setja verður lög um innherjaviðskipti, hvað varðar viðskipti í hlutabréfum skráðra fyrirtækja.

l. Viðskipti forráðamanna fyrirtækja
Forráðamenn fyrirtækja ættu ekki að geta hagnast á aðstöðu sinni sem forráðamenn fyrirtækis með því að ganga inn í samninga við fyrirtæki sitt, öðru vísi en á fjarlægum (arms-length) grundvelli, án þess að gefa það upp eða fá samþykki fyrirtækisins á almennum hluthafafundum.

m. Reglur um yfirtöku fyrirtækja
Með tímanum þyrfti að koma á reglum um yfirtöku fyrirtækja á hlutabréfamarkaði.

n. Viðskipti fyrirtækis í eigin hlutabréfum
Almenningshlutafélagi ætti að vera bannað að kaupa eigin hlutabréf á eftirmarkaði nema undir sérstökum kringumstæðum og þá með samþykki hluthafa.

o. Hagnaður til útborgunar
Hámark arðgreiðslu ætti ekki að vera meira en nemur uppsöfnuðum nettóhagnaði fyrirtækis.

p. Reglur um miðlara
Reglur um verðbréfamiðlara eru í lögum um verðbréfamiðlun nr. 27/1986. Við höfum farið yfir þessi lög og sett fram hér á eftir nokkur viðbótaratriði, sem við teljum að ættu að falla undir slík lög eða reglur.
Fyrst og fremst verður að krefjast þess af miðlurum í viðskiptum þeirra, að þeir haldi sér við strangar reglur um viðskiptaheiðarleika. Sér í lagi gildir það um allar deilur, sem koma kynnu upp milli miðlara og viðskiptavinar, en þá yrðu hagsmunir viðskiptavinarins að sitja í fyrirrúmi við lausn deilunnar.

Miðlun upplýsinga frá fyrirtækjum
a. Upplýsingar um markaðinn
Auka verður þekkingu fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum. Meiri upplýsingar ættu að vera til handa almenningi um viðskiptalífið og umhverfi þess, sér í lagi:
i. fyrirtæki ættu að halda fundi með helstu fjárfestum til að ræða framtíð fyrirtækisins og fyrirætlanir; og
ii. Verðbréfaþingið ætti sjálft að tala máli hlutabréfamarkaðarins.

b. Ársreikningar og milliuppgjör
Ársreikninga allra íslenskra fyrirtækja ætti að birta almenningi innan átta mánaða frá lokum reikningsárs. Ársreikningar allra almenningshlutafélaga ættu að vera fáanlegir innan fjögurra mánaða frá lokum reikningstímabils. Hlutafélög með skráð verðbréf ættu að sýna hálfs árs milliuppgjör eða oftar, eftir því sem hægt er.

c. Hlutur stærri hluthafa og forráðamanna
Upplýsingar ættu að vera fyrir hendi um hlut stærri hluthafa (þ.e. þeirra, er eiga meira en 10% hlutafjár eða hvaða aðra prósentu, sem kann að vera samþykkt) ásamt einstökum atriðum um hlut forráðamanna (eiginkvenna og

barna). Þessar upplýsingar ættu að vera fyrir hendi í ársskýrslu fyrirtækisins.
Okkur hefur verið tjáð, að fyrir liggi tillaga um, að ársskýrslur skuli innihalda upplýsingar um helstu hluthafa.

d. Endurskoðun

Nú er þess aðeins krafist af ákveðnum fyrirtækjum, sem uppfylla viss skilyrði, að þau hafi óháðan endurskoðanda. Bankar, hluthafar, almennir lánardrottnar og skattyfirvöld þurfa að treysta reikningum fyrirtækja, og óháð endurskoðun eykur trúverðugleika slíkra reikninga. Okkur hefur verið tjáð, að til standi að gera auknar kröfur um, að fyrirtæki leiti óháðrar endurskoðunar. Við teljum, að krefjast eigi þess af fleiri fyrirtækjum, að þeim verði gert að leita óháðrar endurskoðunar.

e. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir þær, sem notaðar eru við verðbólgureikningsskil, geta haft þýðingarmikil áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings. Núna er fleiri en ein slík regla í gangi á Íslandi, og því er ekki mögulegt að gera marktækan samanburð á niðurstöðu mismunandi fyrirtækja. Við teljum því nauðsynlegt, að fyrirtækjum verði gert skylt að sýna áhrif verðbólgu á samstæðan og sambærilegan hátt.
Því til viðbótar þyrfti að setja upp staðlað form fyrir innihald og framsetningu reikningsskila.
Til að auðvelda skilning á íslenskum reikningsskilum hjá erlendum fjárfestum mælum við með, að með tímanum verði gefin út bók eða bæklingur, sem útskýrir almennar reikningsskilavenjur á Íslandi með sérstöku tilliti til verðbólgureikningsskila svo og á þeim sviðum, þar sem þau eru að verulegu leyti frábrugðin alþjóðlegum reikningsstöðlum („IAS").

1.5 Niðurstöður

Við teljum, að brýnasta verkefnið á íslenska hlutabréfamarkaðinum sé að hvetja til aukinnar eftirspurnar. Tvö mikilvægustu atriðin í þessu sambandi eru annars vegar hin skattalega meðferð hlutabréfa og hins vegar afstaða lífeyrissjóða til fjárfestingar í hlutabréfum.

Um leið og myndast hefur aukin eftirspurn eftir hlutabréfum, væri rétt fyrir eitt eða tvö fyrirtæki að fara á markað með hlutabréfaútgáfu af hóflegri stærð fyrir almenning. Það er brýn nauðsyn, að þessar fyrstu útgáfur heppnist vel fyrir alla þátttakendur og fjárfestar nái þar sanngjörnum hagnaði. Þetta mun vekja áhuga fjárfesta á útgáfum í framtíðinni, auk þess sem það mundi tryggja betri eftirmarkað svo og að bréfin verði alltaf seljanleg. Ef þeir hluthafar, sem fyrir eru, telja, að það takmarki völd þeirra, er hægt að gefa út hlutabréf með takmörkuðum atkvæðisrétti. Sér í lagi á þetta við, ef reynt yrði að selja hlutabréf til erlendra fjárfesta, þá væri rétt að gefa út slík hlutabréf.

Síðast en ekki síst ber að nefna stöðu Verðbréfaþingsins og reglur um verðbréfamarkaðinn. Það er mjög þýðingarmikið og ekki síst á brautryðjendaárum Verðbréfaþingsins, að fjárfestar verði ekki fyrir barðinu á óæskilegum viðskiptaháttum. Vandaðar reglur á markaðinum eru því nauðsynlegar fyrir áframhaldandi velgengni Verðbréfaþingsins. Reglur eru mjög þýðingarmiklar á nær öllum fjármagnsmörkuðum heims í dag. Ef taka á Verðbréfaþingið alvarlega innanlands og erlendis, verður það að lúta ströngum reglum, til að markaðurinn geti gengið skipulega og vel fyrir sig. Því er mikilvægt, að ítarlegar reglur verði settar þegar í byrjun til að tryggja, að viðskiptahættir þróist á viðunandi hátt.

Nd. 600. Frumvarp til laga [331. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristinn Pétursson.

1. gr.

Hámarksfjárhæðir í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr." komi: 250.000 kr. og í stað „91.800 kr." komi: 500.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 599 um að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði. Vísað er til greinargerðar með tillögunni.

Tilgangurinn með hækkun þessa frádráttar, sem mun nú vera 72.000 kr. og 144.000 kr., er að auðvelda fyrirtækjum að byggja upp eigið fé, en skortur eigin fjár í fyrirtækjum stendur atvinnurekstri hér á landi fyrir þrifum.

Hér á eftir er birt tafla yfir fjölda framteljenda sem hafa hagnýtt sér frádráttarheimildina og fjárhæðir þær sem um er að ræða. Miðað er við álagningarár þannig að fjárfestingin hefur átt sér stað árið áður. Fjárhæðirnar eru ekki sundurliðaðar eftir því hvort um er að ræða innborganir á stofnreikninga eða hlutabréfakaup. Samdrátturinn á álagningarárinu 1988 stafar af „skattlausa" árinu 1987. Í aftasta dálk hafa fjárhæðir verið færðar til verðlags í júlí 1988 á grundvelli breytinga á lánskjaravísitölu frá júlí þess árs sem fjárfest var.

Ár	*Fjöldi*	*Fjárhæð í krónum*	*Fjárhæð á föstu verðlagi*
1985	936	24.466.534	58.362.000
1986	913	37.881.883	69.268.000
1987	1302	64.506.170	94.974.000
1988	244	15.975.197	19.995.000

Nd. 601. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristinn Pétursson.

1. gr.

Við 10. gr. Við niðurlag greinarinnar bætist:

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja og nýta á tveimur næstu árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkunum með sama hætti og fjárhæðir skv. 2. gr.

2. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 11. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar um er að ræða útboð nýs hlutafjár í starfandi hlutafélagi og engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hin nýju hlutabréf skal frádráttur skv. 10. gr. heimill þótt ekki sé fullnægt skilyrðum um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að hvetja til aukinnar eiginfjármyndunar fyrirtækja með þátttöku almennings. Frumvarp þetta er flutt í tengslum við þingsályktunartillögu á þingskjali 599 um að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði. Vísað er til greinargerðar með þeirri tillögu.

Í lögum nr. 9/1984 er einstaklingum, sem kaupa hlutabréf í hlutafélögum, heimilt að draga kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum að vissu marki. Það er skilyrði að hlutafélögin séu með hlutafé yfir ákveðna fjárhæð (í árslok 1986 10.471.109 kr.), að hluthafar séu a.m.k. 50 og engar hömlur séu á viðskiptum með hlutabréf.

Með frumvarpinu er lagt til að frádráttarheimildina megi flytja á milli ára og skilyrðin fyrir frádráttarheimild eigi ekki við að öllu leyti þegar um *ný* hlutabréf er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í stað þess að miða frádráttarheimildina við framlag hvers einstaks árs er lagt til að ef viðkomandi leggur t.d. þrefalda frádráttarupphæð í fyrirtæki sitt á sama ári megi nota upphæðina til frádráttar á öðru og þriðja ári þótt nýtt framlag sé ekki lagt fram á því tímabili.

Um 2. gr.

Skilyrði 11. gr. laganna eru þess eðlis að þau nýtast ekki smáum fyrirtækjum sem eru að reyna að byggja upp eiginfjárstöðu með aukningu hlutafjár. Er því lagt til að þegar um slíkt er að ræða, eins og nánar er skýrt í greininni, falli skilyrðin um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa niður. Hins vegar er það skilyrði að engar hömlur verði lagðar á viðskipti með nýju hlutabréfin.

Nd. 602. Frumvarp til laga [333. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Flm.: Friðrik Sophusson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Sementsverksmiðjan hf.

Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags.
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað. Félagið annast námarekstur til öflunar hráefna fyrir framleiðslu sína, rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

6. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

7. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1990 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Greinargerð.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Drög að frumvarpi þessu voru samin í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Frumvarpið var ekki lagt fyrir Alþingi. Þetta frumvarp er með þremur breytingum frá upphaflegri gerð frumvarpsins:

a. Orðalag 2. gr. er víkkað. „Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.“
b. 3. gr. frumvarpsins er ný.
c. 6. gr. frumvarpsins er ný.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki lagt fyrir Alþingi frumvarp um þetta efni. Því er það lagt fram nú til að fá úr því skorið hvort stuðningur er við framgang frumvarpsins.

Verksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var í fyrstu að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Hér verður ekki rakin saga verksmiðjunnar. Rekstrarskilyrðin hafa oft verið verksmiðjunni óhagstæð, m.a. vegna opinberrar íhlutunar um verð á sementi. Það er fyrst á allra síðustu árum að verksmiðjan fær eðlilegt svigrúm til verðlagningar sem hefur skilað sér í bættri afkomu og minnkandi skuldabyrði. Verðhækkanir á sementi hafa samt verið minni en almennar verðhækkanir á þessu tímabili, þannig hækkaði verð á sementi um 15% 1986 og um 9% 1987. Bætt afkoma stafar m.a. af endurskipulagningu á vissum rekstrarþáttum, tæknivæðingu, góðum afköstum sementsofnsins og bættri stjórnun. Þannig hefur tekist að auka afkastagetu sementsofnsins úr 250 tonna skráðum afköstum á dag í 320 tonn. Stefnt er að því að auka afkastagetuna enn frekar. Samfara tæknivæðingu og hagræðingu hefur starfsmönnum verksmiðjunnar fækkað hin síðari ár um 30 manns. Nú eru starfsmenn Sementsverksmiðjunnar 140 talsins.

Sala á sementi tekur á hverjum tíma mikið mið af efnahagsástandi og hvort t.d. miklar orkuframkvæmdir eru í landinu. Kemur þetta berlega fram í töflu hér á eftir. Mikil sala á sementi árið 1975 skýrist af miklum orkuframkvæmdum.

Þróun sölu á sementi hefur verið eftirfarandi í tonnum talin:

Ár:	1970	1975	1980	1985	1986	1987	1988
Selt:	88.751	159.426	131.687	114.100	111.470	130.523	132.000

Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu, þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan íblöndun ryks frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem síað er úr útblæstri verksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf., sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. En erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á undanförnum árum.

Rekstur.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar hefur löngum verið slæm. Stafaði það í upphafi af þungri skuldabyrði og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er sambærilegt eða aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin í greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1987 verður rúmar 4 millj. kr., en alls greiðir verksmiðjan 11,5 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan greiddi aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar verða um 7 millj. kr.

Upplýsingar úr ársreikningi:

Uppgjör Sementsverksmiðjunnar fyrir árið 1988 hefur ekki verið birt opinberlega og verður því fjallað um fjárhagsstöðuna eins og hún var í lok ársins 1988.

Árið 1987 var hagstætt Sementsverksmiðju ríkisins. Hagnaður varð um 33 millj. kr. samanborið við um 63 millj. kr. á árið 1986. Eigið fé verksmiðjunnar jókst um 108 millj. kr. á árinu 1987 og var í árslok 492 millj. kr. Þetta er mikil breyting, þar sem fyrir fimm árum var eigið fé verksmiðjunnar 116 millj. kr.

Í ársreikningi eru eignir bókfærðar á 783 millj. kr. en skuldir verksmiðjunnar eru 291 millj. kr.

Rekstrarreikningur 31. desember 1987.	Þús. kr.
Tekjur alls:	691.538
Útgjöld alls:	658.410
Hagnaður ársins:	33.128
Efnahagsreikningur 31. desember 1987.	
Eignir:	
Viðskiptakröfur	107.330
Birgðir	123.764
Fastafjármunir	552.777
Eignir alls:	783.871
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	139.468
Langtímaskuldir	152.017
Eigið fé	492.385
Skuldir alls:	783.871
Eigið fé skiptist þannig:	
Framlag ríkissjóðs (upphaflega)	122
Höfðustóll	492.263

Endurskoðunarskrifstofa Sigurðar Stefánssonar sf. hefur í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað reikingsskil Sementsverksmiðju ríkisins fyrir árið 1987. Með vísan til áritunar þeirra á reikningsskilin hefur Ríkisendurskoðun samþykkt þá.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar á árinu 1988 var svipaður og árið 1987 og mun nokkur hagnaður hafa orðið af rekstrinum.

Hvað breytist?

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til þess að nota sem viðmiðun við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi. Öll hlutabréfin verða í eigu ríkissjóðs og verður leitað samþykkis Alþingis ef til sölu hlutabréfa kemur.

Við þá formbreytingu sem verður á rekstri verksmiðjunnar ef frumvarp þetta verður að lögum breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega þannig að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og verða réttindi þeirra tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög (nr. 62/1973) eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Hvers vegna hlutafélag?

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Fróðlegt er að skoða rekstrarfyrirkomulag ríkisfyrirtækja á Norðurlöndum. Flest ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum eru rekin sem hlutafélög. Í Svíþjóð var stofnað árið 1970 eignarhaldsfyrirtæki (statsföretag) sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Stjórn fyrirtækisins er í höndum 10 manna sem starfa ýmist í atvinnulífinu hjá hinu opinbera eða eru stjórnmálamenn. Ríkisfyrirtæki og hlutabréf ríkisins í fjölmörgum fyrirtækjum færðust yfir til þessa eignarhaldsfyrirtækis. Síðan hafa nokkur af þessum fyrirtækjum verið seld, lögð niður eða tekin út úr þessum rekstri og eru rekin alveg sjálfstætt.

Eignarhaldsfyrirtækið er rekið sem hlutafélag og sama er að segja um öll þau fyrirtæki sem heyra undir eignarhaldsfyrirtækið.

Í Noregi og Finnlandi er sömu sögu að segja, flest öll ríkisfyrirtæki sem eru í framleiðsluiðnaði og nokkur sem eru í þjónustu eru rekin í formi hlutafélags.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Af stjórnunarlegum ástæðum eru einnig sterk rök fyrir því að reka atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins sem hlutafélög. Á þann hátt nýtur framkvæmdastjórn fyrirtækisins aðhalds stjórnar hlutafélagsins og jafnframt nýtur stjórnin betur aðhalds og eftirlits eigenda. Á aðalfundum og hluthafafundum getur stjórn og framkvæmdastjórn gert grein fyrir gerðum sínum, ákvörðunum og fyrirhuguðum nýmælum en jafnframt getur þar komið fram gagnrýni eigenda á stjórnendur og tillögur þeirra um breytingar á rekstrinum. Þetta ætti að stuðla að betri stjórnun fyrirtækisins.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að

reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Að öllu jöfnu getur naumast talist eðlilegt að ríkið reki venjulegt atvinnufyrirtæki með fullri ábyrgð ríkissjóðs þannig að áföll í rekstrinum geti leitt til þess að greiða þurfi fjármuni úr vasa skattborgaranna. Rétt er að undirstrika að Sementsverksmiðjan hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði þau ár sem hún hefur starfað, fyrir utan stofnframlag í upphafi.

Telja verður eðlilegt að fyrirtækjum í eigu ríkisins sé settur sami almenni starfsrammi og flestum öðrum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. rammi hlutafélagalaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Við stofnun verða öll hlutabréfin í eigu ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Mat þetta verður framkvæmt af þeim aðila er iðnaðarráðherra kveður til með samþykki ríkisstjórnar. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er, þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi og eftirspurn eftir hlutabréfum.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika á að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir almennum reglum og þeim samningum sem starfsfólkið gerir um aðild sína að stéttarfélögum.

Um 5. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 6. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækinu seld að hluta eða öll skal leita samþykkis Alþingis, t.d. í formi þingsályktunar er lögð verður fyrir sameinað Alþingi.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaganna. Stofnfund í hinu nýja hlutafélagi skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna. Er þá miðað við að frumvarpið hljóti samþykki nú í vor.

Um 8. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

Ed. 603. Frumvarp til laga [334. mál]

um breytingu á lögum um söluskatt, nr. 10/1960, sbr. lög nr. 1/1988.

Flm.: Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólnes.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aðeins greiða 12% söluskatt af eftirtöldum vöruflokkum: fiski og fiskmeti, kjöti og unnum kjötvörum, mjólk og mjólkurafurðum, eggjum, brauði, grænmeti og ávöxtum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til veruleg lækkun á söluskatti helstu nauðsynjavara heimilanna. Þó er ekki gengið það langt að fella niður allan söluskatt af matvörum eða undanskilja matvöru söluskatti heldur farin sú leið að ákveðnir vöruflokkar, sem tilteknir eru í frumvarpinu, beri annan og lægri söluskatt en almenna reglan í 1. mgr. mælir fyrir um.

Miðað er við að þessir tilgreindu vöruflokkar beri 12% söluskatt. Er þarna um að ræða sömu söluskattsprósentu og greidd er af sérfræðiþjónustu, sbr. III. kafla laganna. Í raun er því ekki verið að búa til nýtt söluskattsþrep heldur einungis verið að færa ákveðna vöruflokka frá hinu almenna söluskattsþrepi yfir í sérstakan söluskatt sem samkvæmt lögunum er 12%.

Með lögum nr. 1/1988, sem breyttu lögum nr. 10/1960, um söluskatt, var ákveðið að allar vörur skyldu bera jafnháan söluskatt og þá um leið horfið frá því meginsjónarmiði sem ríkt hafði áratuginn þar á undan að leggja ekki söluskatt á lífsnauðsynjar. Það er óvefengjanleg

staðreynd að söluskattur á lífsnauðsynjar bitnar harðast á tekjulægri þjóðfélagshópum af þeirri einföldu ástæðu að þeir hópar eyða hlutfallslega meira af tekjum sínum til kaupa á nauðsynjavöru en hinir tekjuhærri. Einkum og sér í lagi á þetta við hér á landi þar sem framleiðslukostnaðarverð er hátt og skatturinn er stór hluti matvælaverðsins. Eru aðstæður hér á landi því ekki sambærilegar við t.d. Danmörku þar sem framleiðslukostnaður matvöru er lágur. Varan þar getur borið skatt án þess að vera mjög íþyngjandi fyrir tekjulægstu þjóðfélagshópana.

Þrátt fyrir miklar niðurgreiðslur af hálfu ríkisins er það óhrekjanleg staðreynd að verð matvæla er óhóflega hátt hér á landi. Brýna nauðsyn ber því til að það lækki verulega. Tvær leiðir eru færar í því efni: annars vegar að draga úr framleiðslukostnaði og hins vegar að ríkisvaldið annaðhvort auki enn frekar niðurgreiðslur eða felli niður gjöld sem það setur á þessar nauðsynjavörur. Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisvaldið lækki söluskatt af ákveðnum tegundum matvæla og lækki þannig matarverð. Auðvitað væri æskilegra að lækka framleiðslukostnaðinn með gagngerri uppstokkun á landbúnaðarkerfinu og með meiri hagkvæmni í búrekstri. En þegar ríkisvaldið tekur framleiðendur fram yfir neytendur og heldur uppi verndarstefnu gagnvart þeim er það sjálfsögð krafa neytenda að ríkisvaldið tryggi að sú vara, sem nýtur þessara forréttinda, verði seld á viðunandi verði.

Á það ber einnig að líta að besta kjarabót launþega, eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, er lækkun útgjalda; sérstaklega fyrir tekjulægri þjóðfélagshópana. Fyrir þá skiptir verð helstu nauðsynjavara meira máli en óveruleg hækkun launa. Almennar og miklar launahækkanir á því samdráttarskeiði, sem íslenskt þjóðfélag gengur nú í gegnum, eykur aðeins á vandann sem við er að etja og breikkar enn meira bilið á milli þeirra tekjuhærri og tekjulægri í þjóðfélaginu. Almenn lækkun brýnustu nauðsynja verkar með öðrum hætti á kjör fólks. Í stað þess að breikka bilið á milli launþega leiðir hún til tekjujöfnunar og réttlátari skiptingar þjóðarteknanna.

Helstu rökin á móti lækkun söluskatts á matvæli eru minni tekjur fyrir ríkissjóð af þessum skattstofni og erfiðara eftirlit með skilum á söluskatti. Það sem vinnst er hins vegar aukinn kaupmáttur og minni þrýstingur á hækkun launa.

Að lækka söluskatt úr 25% í 12% á þeim vörutegundum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þýðir að ríkissjóður tapar í tekjum sem nemur 2539 millj. kr. á einu ári.

Með frumvarpinu er gengið út frá því að niðurgreiðslur haldist óbreyttar og lækkunin komi að fullu neytendum til góða. Búast má hins vegar við því að þeir peningar, sem losna hjá heimilunum við lækkun á matarvöru, fari til kaupa á öðrum söluskattsskyldum vörum og dragi þannig úr tekjutapi ríkissjóðs. Einnig má gera ráð fyrir að lækkun á verði landbúnaðarafurða hafi í för með sér aukna sölu og minnki á þann hátt þörfina á ýmsum styrkjum til landbúnaðarins sem nú eru greiddir, svo sem útflutningsbótum og geymslukostnaði.

Þau rök, sem hafa verið sett fram fyrir einu söluskattsþrepi í matvöruverslun, eru að eftirlitið með skilum verði auðveldara. Á því eina ári, sem lög nr. 1/1988 hafa gilt, hefur hins vegar komið í ljós að aldrei hafa verið eins léleg skil á söluskatti eins og það ár. Að mati flutningsmanna frumvarpsins skiptir það ekki höfuðmáli hve þrepin í söluskatti eru mörg heldur hvernig eftirlitinu er háttað og hvaða viðurlögum þeir sæta sem skila ekki innheimtum söluskatti. Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að það eitt út af fyrir sig að hafa eitt söluskattsþrep leysir ekki vandann ef eftirlitið vantar.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Með henni er verið að taka upp sérstakan söluskatt á vörutegundum sem taldar eru upp í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um einkenni þessara vörutegunda og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Neysla matvöru og söluskattur, unnið úr gögnum Þjóðhagsstofnunar.
(Upphæðir í millj. kr. og á verðlagi hvers árs.)

	Matvæli 1987			Áætluð[2] matvæli 1988	25% sölusk. 1988	12% sölusk. 1988	Mismunur
	Innlend	Erlend	Samtals				
Matvæli[1]	15.900	3.621	19.521	24.077			
1101 Kornvörur og brauð	3.092	1.505	4.597	5.654			150[3]
1102 Kjöt og kjötvörur	6.038	1	6.039	7.427	1.857	891	966
1103 Fiskur og fiskmeti	1.305	61	1.366	1.680	420	201	219
1104 Mjólk, ostur og egg	4.717	2	4.719	5.804	1.451	696	755
1106 Ávextir og grænmeti	363	2.015	2.377	2.924	731	350	381
1107 Kartöflur og rótarávextir	385	37	422	518	130	62	68
							2.539

1) Matvæli sem veitinga- og gistihús og ýmis mötuneyti nota eru reiknuð hér með, en þau reiknast með þjónustu í hefðbundnu einkaneysluuppgjöri.
2) Gert er ráð fyrir svipaðri neyslu matvæla á árinu 1988 og 1987, þ.e. engin magnbreyting eða staðkvæmdaráhrif. Þá er gert ráð fyrir að spáin um hækkun neysluvöruvísitölu milli áranna 1987 og 1988 gefi góða vísbendingu verðbreytinga á matvælum.
3) Reiknað er með að lækka einungis söluskatt af brauði. Ríflega reiknað má gera ráð fyrir að sú lækkun hafi í för með sér 150 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð.

Nd. 604. Frumvarp til laga [335. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Þorsteinn Pálsson, Matthías Bjarnason, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ingi Björn Albertsson, Kristín Halldórsdóttir, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Orðin „Vanskilafé og álagi skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, falla brott.

2. gr.

Orðin „Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988 falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt ákvæði um forgang þeirra skattakrafna, sem lög þessi fjalla um, í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Með lögum nr. 32/1974 voru gerðar breytingar á ákvæðum skiptalaga, nr. 3/1878, um skuldaröð. Meðal þeirra breytinga, sem þá voru gerðar, var sú ekki veigaminnst að fella niður

forgang skattakrafna í þrotabúum. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum þessum sagði m.a. svo um þessar breytingar:

„Eins og fyrr segir felast í tillögunni um hina nýju 84. gr. að felld er niður núgildandi regla um að skattakröfur séu forgangskröfur. Er þetta í samræmi við þær tillögur sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfur konungsins og annarra opinberra aðila sem best og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattakröfur, eru nú oft svo háar að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar. Má ætla að skattakröfurnar séu nú tiltölulega hærri í búum en áður var. Það getur vart skipt ríkissjóð eða aðra opinbera aðila meginmáli hvort skattakröfur eru forgangskröfur. Aðrir kröfuhafar geta hins vegar eins og fyrr segir beðið lítt þolanlegt tjón af að þurfa að standa að baki skattheimtumönnum. Er þetta ástæðan til þeirrar tillögugerðar sem í frumvarpinu felst um þetta atriði."

Þessara viðhorfa til skatta gætir beint í ákvæðum 82. gr. eftir breytinguna þar sem í 2. tölul. er tekið fram berum orðum að skiptagjöld í ríkissjóð skuli ekki vera meðal búskrafna sem njóti forgangs samkvæmt greininni. Er breyting þessi í anda löggjafarstefnu sem gætt hefur víðast hvar á Vesturlöndum og hefur í auknum mæli tekið tillit til sjónarmiða um jafnræði kröfuhafa, einkum með fækkun forgangskrafna.

Þessi rök eru að sjálfsögðu enn í fullu gildi. Verður að ætla að þau hafi gleymst þegar forgangsréttarákvæðin „gengu aftur" í lögum þeim sem hér er lögð til breyting á. Lagasetning þessi er ekki einungis í andstöðu við þau rök sem færð voru fyrir afnámi áður gildandi forgangsréttar fyrir opinber gjöld, sbr. framangreinda tilvitnun í greinargerð, heldur er hér að auki mælt fyrir um enn hærri stöðu gjaldkrafna ríkisins í skuldaröð en gilti eftir upphaflegum reglum VIII. kafla skiptalaganna. Er vandséð hverjar ástæður liggi þar að baki, ekki síst þegar litið er til þess að innheimtumenn opinberra gjalda og virðisaukaskatts hafa margvísleg lögákveðin úrræði til innheimtu *fram yfir* hinn almenna kröfuhafa. Hér er því um mikið réttlætismál að ræða, m.a. hvað varðar grundvöll kröfuréttinda almennt og réttarstöðu aðila í viðskiptum.

Ekki verður heldur komist hjá því að benda á að tilvísun lagatextans til 82. gr. skiptalaga um hvar skipa eigi skattakröfum er mjög ónákvæm og veldur miklum vafa um hvar skipa eigi þessum kröfum í skuldaröð. Stafar þetta af því að kröfur skv. 82. gr. greinast í þrjá flokka sem eru misréttháir skv. 3. mgr. 83. gr. laganna. Með því að vísa í lagatexta til 82. gr. í heild skapast því óhjákvæmilega vafi um réttarstöðuna að þessu leyti. Hér ber því að taka af öll tvímæli og eyða slíkri réttaróvissu.

Þess skal að lokum getið að það er mjög óheppilegt að dreifa ákvæðum um forgangsröð krafna í þrotabúum um löggjöfina vítt og breitt. Er æskilegt að lagaákvæði um skuldaröð séu í skiptalögum og skiptalögum einum. Með þeim hætti er borgurum auðvelduð yfirsýn og skilningur á efni þessara lagareglna sem raunar eru sjálfsagt nægilega flóknar fyrir.

Ed. 605. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið, einkum þó 30. gr. þess, og kallað á fund sinn Gunnar Helga Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélagi Íslands, Pétur Blöndal frá Kaupþingi, Sigurð B. Stefánsson, Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, Eirík Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands og Stefán Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Tryggvi Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu aðstoðaði einnig nefndina.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Þær breytingar, sem felast í tillögum nefndarinnar, eru eftirfarandi:

1. Í fyrri breytingartillögunni er gert ráð fyrir að 30. gr. frumvarpsins falli niður. Í upphaflegri gerð frumvarpsins var í 30. gr. ákvæði um að ráðherra gæti heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum. Í meðförum fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar var 30. gr. breytt og Seðlabanki Íslands skuldbundinn til að láta sömu reglur gilda um verðbréfasjóði, eftir því sem við getur átt, og settar eru innlánsstofnunum. Nefndin hefur athugað þessa grein nánar og er sammála um að hún eigi ekki heima í þessum lögum. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna telja að ákvæði greinarinnar eigi frekar heima í lögum um Seðlabanka Íslands.

2. Í síðari breytingartillögunni er orðalag fært til samræmis við svipað ákvæði í frumvarpi um eignarleigustarfsemi, eins og því hefur verið breytt í meðferð fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar. Fullharkalegt er að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir meðan lögreglurannsókn stendur yfir á meintum brotum leyfishafa á lögum þessum. Nefndin telur réttara að miða heimild ráðherra til að svipta leyfishafa starfsleyfi við dómsrannsókn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. mars 1989.

Eiður Guðnason, form.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.
Júlíus Sólnes, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.

Ragnar Óskarsson.

Ed. 606. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 30. gr. falli brott.
2. Við 39. gr., er verður 38. gr. Í stað orðanna „opinber rannsókn“ í 1. mgr. komi: dómsrannsókn.

Ed. 607. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka og breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en það er flutt í tengslum við frumvarp um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. mars 1989.

Eiður Guðnason, form.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Júlíus Sólnes.	Ragnar Óskarsson.	Halldór Blöndal.
	Jóhann Einvarðsson.	

Sþ. 608. Fyrirspurn [336. mál]

til félagsmálaráðherra um afgreiðslu á húsnæðislánaumsóknum.

Frá Júlíusi Sólnes.

1. Hve margar umsóknir um húsnæðislán bíða afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins?
2. Hversu stór hluti umsókna um húsnæðislán er „virkur“, þ.e. ef umsóknir, sem eru ógildar eða af öðrum orsökum ekki teknar til greina, eru dregnar frá? Hver eru afföllin?
3. Hvernig hefur þróunin verið síðustu mánuðina? Hve margar umsóknir berast og hversu mörg lánsloforð eru afgreidd á hverjum mánuði?
4. Benda niðurstöður síðustu mánaða til þess að jöfnuður milli umsókna og afgreiðslu lánsloforða sé að komast á?
5. Hvernig er háttað afgreiðslu á umsóknum frá svokölluðum víkjandi hópum í samanburði við umsóknir frá forgangshópum?
6. Hvernig hafa skerðingarheimildir til að takmarka afgreiðslu lána til eignamanna verið notaðar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 609. Fyrirspurn [337. mál]

til dómsmálaráðherra um úttekt á byggingum.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hefur farið fram eða er fyrirhuguð úttekt á byggingum á helstu jarðskjálftasvæðum landsins?

Nd. 610. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um eignarleigustarfsemi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim 13 breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Hér er ekki um meiri háttar efnisbreytingar að ræða heldur miða flestar þeirra að því að kveða skýrar á um ýmis ákvæði frumvarpsins. Meiri hluti þessara breytinga byggist á athugasemdum sem bankaeftirlit Seðlabankans gerði við frumvarpið.

Þrír nefndarmanna, Matthías Bjarnason, Kristín Halldórsdóttir og Hreggviður Jónsson, áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Nefndin fékk skriflegar umsagnir um frumvarpið frá Landssambandi smábátaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samstarfsráði verslunarinnar, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Neytendasamtökunum og fjármögnunarfyrirtækjunum Féfangi, Lind, Glitni og Lýsingu.

Alþingi, 8. mars 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Árni Gunnarsson.
Matthías Bjarnason.	Kristín Halldórsdóttir.	Hreggviður Jónsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 611. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um eignarleigustarfsemi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Niðurlag 3. mgr., frá orðinu „leigutaka“, orðist svo: sjálfkrafa rétt til að eignast hið leigða í lok leigutíma.
2. Við 2. gr. Orðið „að“ í 3. mgr. falli brott.
3. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
   Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki.
4. Við 5. gr. Greinin falli brott.
5. Við 7. gr. Í stað „8%“ komi: 10%.
6. Við 8. gr.
   a. Á eftir orðinu „upplýsingar“ komi: um.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
7. Við 9. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:
   b. Á eftir 4. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo:
      Ákvæða um vátryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila.
8. Við 10. gr. Við greinina bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. Við 11. gr.
   a. Á eftir orðinu „sem“ í 3. málsl. bætist: að mati bankaeftirlitsins.
   b. Á eftir 4. málsl. komi nýr málsliður svohljóðandi: Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.
10. Á eftir 11. gr. komi ný grein er orðist svo:
    Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.
11. Við 13. gr.
    a. Á eftir orðinu „stjórn“ í upphafi 2. mgr. bætist: eignarleigufyrirtækis.
    b. Síðari hluti 3. mgr., frá orðinu „starfsleyfi“, orðist svo: um stundarsakir ef hafin er dómsrannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.
12. Við 14. gr. Greinin falli brott.
13. Við 15. gr. Greinin færist og komi í upphaf V. kafla.

Sþ. 612. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um heimilisrekstrarbrautir í framhaldsskólum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipuleggja nám á heimilisrekstrarbraut í framhaldsskólum landsins.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu örar og gagngerar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu varðandi fjölskyldur og heimili á síðustu áratugum. Þessar breytingar koma m.a. fram í því að nú er minna um það en áður var að börn og unglingar læri á heimilunum þau störf sem þar eru unnin, þ.e. heimilisstörf. Því er nauðsyn að skólinn komi til móts við einstaklingana í þeim tilgangi að gera þá færari um að reka eigin heimili. Undirstöðuatriði heimilisfræða eru kennd í grunnskólum og er það gott svo langt sem það nær, en frekari fræðslu er þó þörf. Einnig má benda á að í 9. bekk eru heimilisfræði aðeins valgrein, ekki skylda.

Húsmæðraskólarnir voru einu skólarnir þar sem var samfellt nám í húsmæðrum og heimilisrekstri. Nú eru þeir flestir aflagðir. Orsakir þess verða ekki raktar hér en þörfin fyrir það nám, sem þar fór fram, er og verður ávallt fyrir hendi. Þegar húsmæðraskólarnir voru lagðir niður voru gefin fyrirheit um að námsefni þeirra yrði flutt inn í framhaldsskólana. Sú hefur þó ekki orðið raunin. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt og jafnframt gerð tillaga að innihaldi og skipulagi námsins:

I. þrep.

1. Matreiðsla og framreiðsla.
2. Hreinlætisfræði (örverufræði).
3. Næringar- og neytendafræði.
4. Umönnun barna og aldraðra.
5. Rafmagns- og orkunotkun.

II. þrep.
1. Handmenntir, fatasaumur, viðgerðir og meðferð fatnaðar.
2. Híbýlafræði (híbýli og búnaður heimilis).
3. Hreinlæti á heimilum (þvottur og ræsting).
4. Heimilishagfræði (bókhald, skattskil o.fl.).

III. þrep (undanfarar eru I. og II. þrep).
1. Heimilisrekstur, framhald I. og II. þreps.
2. Heimilishjálp (nokkrir þættir sem tengjast aðstoð við heimilisstörf).
3. Heilsufræði.
4. Félagsfræði.
5. Vörukynning (í verslunum).

Þessi upptalning á hugsanlegu námsefni er sett fram mönnum til glöggvunar á því að hverju er stefnt. Námið gæti verið þrepaskipt og hverju þrepi mætti ljúka á einni önn. Þriðja þrepið yrði framhald hinna fyrri.

Námsefni á hverju þrepi gæti einnig nýst sem einingar í öðru námi, svo sem fóstrunámi eða matartæknínámi. Að öðru leyti er námið miðað við að kenndir verði helstu þættir er lúta að heimilisrekstri, t.d. neytendafræði, manneldisfræði og heimilishagfræði, í þeim tilgangi að gera fólk færara um heimilishald.

Þegar litið er til þess hve mikill hluti þjóðarteknanna fer um hendur þeirra sem heimilin reka er augljóst hversu mikið veltur á að þau séu rekin af hagsýni og ábyrgð. Til þess þarf kunnáttu sem fæstir geta nú um stundir tileinkað sér í heimahúsum. Því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 613. Fyrirspurn [339. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Frá Ragnari Óskarssyni.

1. Telur ráðherra að ákvæði 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, hafi orðið til þess að auðvelda sveitarfélögum og ríkisvaldi áætlun um framgang verka og fjármögnun til lengri tíma?
2. Með hvaða hætti hefur ríkisvaldið nýtt sér þær þriggja ára áætlanir sem sveitarfélögin hafa til þessa lagt fram?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 614. Fyrirspurn [340. mál]

til viðskiptaráðherra um verð á matvælum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Er það rétt að verð á matvælum sé mun hærra hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar?
2. Ef svo er hve mikill er sá munur og hverjar eru helstu ástæður fyrir slíkum verðmismun á lífsnauðsynjum? Hyggst viðskiptaráðherra grípa til ráðstafana til þess að eyða eða draga úr honum?

Ed. 615. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. mars 1989.

Eiður Guðnason, form.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Ragnar Óskarsson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Nd. 616. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. mars.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum áfengi sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín telst áfengi, annað en öl sem í er minna af vínanda.

2. gr.

Í stað „flugvéla“ í 3. mgr. 4. gr., sbr. lög nr. 7/1985, komi: loftfara.

3. gr.

Í stað „skal hreppstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. komi: skal lögreglumaður eða hreppstjóri.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt.

Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því sveitarfélagi sem í hlut á og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í sveitarfélaginu.

Atkvæðagreiðsla, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal fara fram er þriðjungur kjósenda eða meiri hluti hlutaðeigandi sveitarstjórnar krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu eða samþykkt að leggja niður útsölu og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

5. gr.

1. mgr. 1. tölul. 11. gr. orðist svo:

Lyfsalar og læknar sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu það áfengi sem talið er í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Þriggja manna nefnd, sem dómsmálaráðherra skipar, skal dæma um það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og skal þá framlengja fyrra leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati dómsmálaráðherra.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Skulu leyfishafar endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirliti eftir reglum sem ráðherra setur.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

7. gr.

3. málsl. 2. mgr. 19. gr. falli niður.

8. gr.

a. Í stað „vínveitingaleyfi“ í 4. málsl. 2. mgr. 20. gr. komi: leyfi.
b. Í stað „vínveitingar“ í 4. mgr. sömu greinar komi: veitingar áfengis.

9. gr.

Í stað „víntegundir“ í 1. mgr. 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 52/1978, komi: áfengistegundir.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Ed. 617. Frumvarp til laga [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ.e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber, en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

15. gr. hljóðar svo:

Almennt útboð markaðsverðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

30. gr. hljóðar svo:

Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.

31. gr. hljóðar svo:

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

32. gr. hljóðar svo:

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

33. gr. hljóðar svo:

Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skal liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

34. gr. hljóðar svo:

Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og/eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.

Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.

35. gr. hljóðar svo:

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

36. gr. hljóðar svo:

Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

37. gr. hljóðar svo:

Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr. hljóðar svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir dómsrannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

39. gr. hljóðar svo:

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun.

Sþ. 618. Fyrirspurn [341. mál]

til landbúnaðarráðherra um beitarþolsmat og beitarþolsrannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Mun landbúnaðarráðherra beita sér fyrir því að unnið verði beitarþolsmat byggt á traustum vísindalegum grundvelli á öllum afréttum landsins?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir könnun óháðra aðila á starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og annarra stofnana á þessu sviði þar sem m.a. verði leitað umsagna um rannsóknaraðferðir og hagnýtt gildi niðurstaðna?

Nd. 619. Frumvarp til laga [342. mál]

um samningsbundna gerðardóma.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Lög þessi taka til samningsbundinna gerðardóma.

Aðilar geta með samningi ákveðið að leggja réttarágreining sín á milli í gerð, ef þeir hafa forræði á sakarefninu. Slíkan samning má gera hvort heldur er um ágreining sem upp er kominn eða síðar kann að koma upp í tilteknum lögskiptum aðila.

2. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir almennum dómstólum um ágreiningsefni, sem á undir gerðardóm samkvæmt gildum gerðarsamningi, skal ekki vísa því frá dómi nema krafa komi fram um það.

3. gr.

Gerðarsamningur skal vera skriflegur. Þar skal koma skýrt fram að um gerðarsamning sé að ræða, hverjir séu aðilar samningsins, og úr hvaða réttarágreiningi skuli leyst.

Gerðarsamningur skuldbindur ekki aðila, ef í verulegum atriðum er vikið frá ákvæðum 1. mgr., ef úrlausnarefni má ekki leggja í gerð, eða ef ákvæði um skipun gerðarmanna, málsmeðferð eða önnur atriði þykja ekki veita fullnægjandi réttarvernd.

Gerðardómurinn kýs sér formann nema annað sé ákveðið í gerðarsamningi. Sé frestur til að útnefna gerðarmenn ekki tiltekinn í gerðarsamningi skulu aðilar tilnefna þá innan hæfilegs tíma.

4. gr.

Rísi ágreiningur um skipun í gerðardóminn getur aðili leitað til þess héraðsdómara, sem hefði dómsvald um sakarefnið ef gerðarsamningur lægi ekki fyrir, og leysir hann úr ágreiningnum með úrskurði.

Aðili getur með sama hætti snúið sér til héraðsdómara ef gagnaðili fullnægir ekki skyldum sínum samkvæmt gerðarsamningi um skipun gerðarmanns eða ef aðilar ná ekki samkomulagi um skipun gerðarmanns. Getur dómari þá skipað þann eða þá gerðarmenn. Sama gildir ef gerðardómur verður óstarfhæfur sakir þess að gerðarmaður tekur ekki þátt í störfum gerðardóms vegna veikinda eða annarra atvika.

Sé ákvæði um skipun og fjölda gerðarmanna ekki til að dreifa í gerðarsamningi og ekki næst samkomulag um aðra tilhögun, skal dómari, eftir kröfu aðila, tilnefna þrjá menn í gerðardóm, þar af einn sem skal vera formaður.

5. gr.

Beiðni skv. 4. gr. skal vera skrifleg og koma fram strax og tilefni er til. Í henni skal m.a. tilgreina aðila málsins, ágreining þann sem gerðarmál snýst um, tildrög þess að leitað er til héraðsdómara og hverra aðgerða er óskað. Gerðarsamningur eða afrit hans skal fylgja beiðni.

Dómari gerir aðilum viðvart hvenær mál verði tekið fyrir. Sé þess óskað getur gagnaðili fengið stuttan frest til að semja greinargerð, en að því loknu tekur dómari ágreiningsefnið til úrskurðar eftir að aðilar hafa tjáð sig um það munnlega. Dómari er óbundinn af áliti því er liggur til grundvallar úrskurði ef á það reynir í dómsmáli síðar. Úrskurði verður ekki skotið til Hæstaréttar. Þó má kæra til Hæstaréttar úrskurði þar sem synjað er tilnefningu gerðarmanns.

6. gr.

Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til Hæstaréttar.

7. gr.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð fyrir gerðardómi eftir gerðarsamningi. Þar sem slíkar reglur er ekki að finna ákveður gerðardómur sjálfur málsmeðferð og skal hraða gerðarmáli svo sem kostur er.

Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins. Formaður gerðardóms getur þó einn tekið við skjölum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaratriðum. Í gerðarsamningi má einnig fela formanni gerðardóms einum að taka ákvarðanir um atriði sem varða rekstur gerðarmáls.

Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum.

8. gr.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

9. gr.

Verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls, sem aðili telur að rekja megi til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum, getur hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti sem segir í 4. og 5. gr. með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.

Héraðsdómari tekur ákvörðun um þetta með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

10. gr.

Gerðarmenn eiga rétt á endurgjaldi fyrir verk sitt, svo og ferðakostnaði eftir reikningi. Verði ágreiningur getur aðili borið hann undir héraðsdómara með þeim hætti sem 5. gr. áskilur. Héraðsdómari leysir úr ágreiningsefninu með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

11. gr.

Gerðardómur kveður á um greiðslu málskostnaðar milli aðila eftir kröfu þeirra, þar á meðal kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins. Frá þessu má víkja með ákvæði í gerðarsamningi.

12. gr.

Gerðardóm má ógilda að nokkru leyti eða öllu með málsókn í héraði:

1. Ef gerðarsamningur var ógildur,
2. ef gerðarmenn voru vanhæfir,
3. ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum,
4. ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,
5. ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,
6. ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.

Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr., en mótmæli ekki áður komið fram um þau atriði sem málsókn er reist á, verður gerðardómur ekki ógiltur nema mótmælin skipti ekki máli eða afsakanlegt var að slík mótmæli kæmu ekki fram. Sátt fyrir gerðardómi má ógilda með sama hætti og réttarsátt með málsókn í héraði.

13. gr.

Sé annað ekki ákveðið í gerðarsamningi skal gerðardómur eða sátt, sem gerð er fyrir honum, vera aðfararhæf. Um skilyrði aðfarar, aðfararfrest og framkvæmd aðfarar, fer eftir reglum aðfararlaga.

Ef aðili byggir rétt fyrir dómi á gerðardómi eða sátt, sem gerð er fyrir gerðardómi, getur gagnaðili vefengt gildi hans vegna þeirra atriða sem greind eru í 12. gr. og sker dómurinn þá úr.

14. gr.

Gerðardómar, sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að, skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi eftir því sem efni þeirra stendur til.

Aðrir alþjóðlegir gerðardómar skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi ef þeir fullnægja fyrirmælum íslenskra laga um gerðardóma.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

16. gr.

Við gildistöku þessara laga fellur úr gildi 1. gr. l. bókar 6. kap. Norsku laga Kristjáns V., 15. apríl 1687.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af þeim Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta. Við samningu frumvarpsins var haft náið samráð við réttarfarsnefnd sem starfar á vegum ráðuneytisins.

Með gerðarmeðferð er átt við að aðilar ákveði með samningi sín á milli að útkljá fyrir gerðardómi ákveðinn réttarágreining sem risið hefur í tilteknum lögskiptum þeirra eða kann að rísa síðar. Slíkur samningur leiðir til þess að aðilar undanþiggja sig um leið dómsvaldi lögskipaðra dómstóla ríkisins um sakarefnið. Slík gerðarmeðferð hefur tíðkast lengi í

einhverri mynd bæði hér á landi og erlendis enda talin geta haft ýmsa kosti fram yfir hina lögskipuðu dómstólaleið.

Kostir þess að leggja sakarefni í gerð hafa m.a. verið taldir hraðari málsmeðferð, minni líkur á að deilur aðila komist í hámæli og að aðilar geti að miklu leyti ráðið hverjir séu gerðarmenn. Þá færist það mjög í vöxt, vegna alþjóðlegra viðskipta og fjölþjóðaverkefna, að gerðarmeðferð sé viðhöfð um ágreiningsefni þar sem samningsaðilar í alþjóðlegum viðskiptum telja þá leið í mörgum tilvikum greiðfærari og álitlegri en að leita til dómstóla í viðkomandi ríki. Einstök ríki og alþjóðlegar stofnanir hafa á þessari öld unnið að því styrkja stöðu alþjóðlegra gerðardóma til lausnar alþjóðlegum deilum í verslunarviðskiptum. Er nú talið að 80% af öllum samningum í alþjóðlegum viðskiptum geri ráð fyrir gerðarmeðferð.

Á hinn bóginn fylgja gerðarmeðferð nokkrir ókostir. Ber þá helst að nefna að gerðarmeðferð er almennt ekki talin veita mönnum sömu réttarvernd og hin almenna dómstólaleið. Því er hugsanlegt að aðili kynni fremur að glata rétti sínum ef hann semur um gerðarmeðferð heldur en ef hann hefði látið reyna á mál sitt fyrir hefðbundnum dómstólum. Til þess að draga úr þessum neikvæðu áhrifum gerðarmeðferðar hefur samningsfrelsið um gerðardóma, m.a. um skipun gerðardóms og málsmeðferð, verið skert nokkuð, bæði til þess að gæta hagsmuna einstaklinga og hins opinbera. Þannig gætir réttarfarssjónarmiða í vaxandi mæli um meðferð gerðardóma bæði hérlendis og erlendis. Þetta kemur m.a. fram í reglum alþjóðlegra gerðardómsstofnana og í þjóðréttarsamningum um gerðardóma. Dómar Hæstaréttar hafa einnig gengið í svipaða átt.

Nágrannaríki okkar hafa farið þá leið að setja lög um gerðardóma þar sem m.a. eru gerðar ákveðnar lágmarkskröfur um meðferð samningsbundinna gerðarmála og sönnun þess að aðilar hafi viljað afsala sér rétti til að bera mál sín undir dómstóla. Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, hafa valið þessa leið. Hér á landi hefur gerðarmeðferð til lausnar deilumálum engu að síður verið beitt nokkuð. Það sem helst stendur gerðarmeðferð fyrir þrifum hér á landi er að sett lög skortir að mestu um gerðardóma. Veldur það að sjálfsögðu ýmiss konar óvissu við rekstur gerðarmáls. Reynslan hefur m.a. sýnt að gerðarmenn hafa átt í erfiðleikum með að leysa úr deilum um réttarfarsatriði er upp hafa komið undir rekstri máls. Auk þess hefur það þótt valda bæði erfiðleikum og töfum að gerðardómar eru ekki aðfararhæfir. Með frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu. Leitast er við að halda samningsfrelsi einstaklinga um gerðarmeðferð í þeim mæli sem unnt er án þess að réttaröryggi sé skert að marki.

Í frumvarpi þessu er m.a. stuðst við norsk, dönsk og sænsk gerðardómslög svo og hliðsjón höfð af svonefndum UNCITRAL lögum um alþjóðlega gerðardóma á sviði viðskipta sem samþykkt voru af nefnd Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg viðskiptalög (United Nations Commission on International Trade Law). Rétt þykir til glöggvunar að geta helstu alþjóðasamninga um gerðardóma svo og helstu alþjóðlegra gerðardómsstofnana.

1. Genfarsamningur frá 1923.

Samningsaðilar skuldbundu sig til að viðurkenna gerðarsamninga milli aðila sem voru með búsetu í ólíkum samningsríkjum jafnvel þótt gerðardómur starfaði í þriðja ríki. Aðilar geta ráðið gerðarmeðferðinni, en meðferðin fer að auki eftir lögum þess staðar sem gerðardómur starfar í. Ríkin skuldbinda sig til að fullnægja gerðardómum sem kveðnir eru upp í þeirra eigin ríki í samræmi við þær reglur sem í ríkjunum giltu. Þessi samningur var staðfestur af Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu.

2. Genfarsamningur frá 1927.

Þessi samningur mælir í stuttu máli fyrir um að gerðardómar sem kveðnir eru upp í samræmi við ákvæði Genfarsamningsins frá 1923 skuli viðurkenndir og þeim veitt aðfararhæfi að fullnægðum tilteknum skilyrðum sem gerð er nánari grein fyrir í samningnum. Þessi samningur var staðfestur af Norðurlöndunum að Noregi og Íslandi undanskildum.

3. New York samningur frá 1958.

Þessi samningur er gerður fyrir tilstilli Sameinuðu þjóðanna og kemur í stað Genfarsamninganna frá 1923 og 1927. Genfarsamningarnir hafa því aðeins þýðingu fyrir þau ríki sem ekki eru aðilar að New York samningnum frá 1958. Yfir 70 ríki hafa þegar staðfest New York samninginn. Í samningnum felst m.a. að dómstóll eins ríkis verður að vísa máli frá eftir kröfu, ef gerðarsamningur liggur fyrir um sakarefni. Jafnframt eru formreglur um aðfararhæfi gerðardómanna gerðar léttari og einfaldari en var samkvæmt Genfarsamningnum frá 1927 þannig að fullnusta gerðardóma ætti að vera léttari í aðildarríkjunum en áður var.

4. Washington samningur frá 1965.

Þessi samningur gildir einkum um félög og aðra þá sem hyggjast ráðast í fjárfestingar í öðru ríki og gera saminga um það við viðkomandi ríki. Var af því tilefni sett á laggirnar alþjóðleg gerðardómsstofnun (The International Center for Settlement of Investment Disputes (ICSID) í Washington, DC). Stofnunin tekur ekki mál til meðferðar nema báðir málsaðilar óski þess skriflega. Hún reynir að ná sáttum og auk þess kveður hún upp gerðardóma. Þá ber að viðurkenna í aðildarríkjunum og eru þeir að jafnaði aðfararhæfir þar.

5. Genfarsamningur frá 1961.

Þessi samningur er gerður á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE) og tekur sérstaklega til viðskipta milli ríkja Austur- og Vestur-Evrópu. Hér er að finna reglur um skipan gerðardóms, gerðardómsstaðinn og réttarfarsreglur. Þarna eru ekki að finna reglur um viðurkenningu og fullnustu enda er talið að NewYork reglurnar frá 1958 séu fullnægjandi í því efni. Um 20 ríki hafa samþykkt þennan samning þar á meðal Danmörk, en hins vegar ekki önnur Norðurlönd.

6. UNCITRAL gerðardómsreglur.

Þessar reglur voru samdar af nefnd Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg viðskiptalög (United Nation Commission on International Trade Law). Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna mælti með þeim árið 1976. Reglurnar hafa að geyma ákvæði um gerðardómsstað, skipan gerðardóma, hæfi gerðarmanna, réttarfarsreglur, um form gerðardóms og málskostnað. Aðilum er frjálst að semja um að gerðardómsmál skuli fara eftir þessum reglum. Þessar reglur hafa náð talsverðri útbreiðslu og hafa mun meiri þýðingu en Genfarsamningurinn frá 1961. Reglurnar eru notaðar bæði þegar samið er um gerðardóm í eitt tiltekið skipti og einnig í sambandi við meðferð gerðarmála fyrir gerðardómsstofnunum. Alþjóðagerðardómsstofnanir, eins og t.d. ICC, tilnefna gerðarmenn samkvæmt þessum reglum ef því er að skipta.

Samræming laga um gerðardóma.

Sá staður sem gerðardómur starfar í skiptir oft máli í ýmsu réttarlegu tilliti. Óvissa um hvar gerðardómur skuli starfa skapar því óöryggi í alþjóðlegum viðskiptum. Ástæðan er sú að annan aðila skortir oft yfirsýn um þau réttaráhrif sem tengd eru gerðardómsstaðnum, t. d. um það hvaða lögum skuli beitt um form og efni máls. Af þessum sökum m.a. hefur verið unnið að samræmingu laga um gerðardóma í einstökum löndum. Tvennt skiptir mestu máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi ber að nefna Evrópuráðssamþykkt frá 1966 um samræmda löggjöf um gerðardóma. Þessi samþykkt hefur þó aðeins verið undirrituð af fáum ríkjum enn sem komið er. Í öðru lagi má nefna fyrrnefnd UNCITRAL lög frá 1985 sem eiga að vera fyrirmynd við lagasetningu í einstökum löndum varðandi alþjóðlega gerðardóma í verslunarviðskiptum. Þessar reglur hafa vakið talsverða athygli og hafa Kanada og Holland þegar lögtekið reglur um gerðardóma sem eru að verulegu leyti byggðar á þeim lögum.

Alþjóðlegar gerðardómsstofnanir.

1. Gerðardómur alþjóðlega verslunarráðsins (ICC).

Hann var stofnaður árið 1923. Gerðardómsstofnun þessi byggist á félagasamtökum sem ekki eru takmörkuð við ákveðin lönd og hafa það að markmiði að efla alþjóðleg viðskipti á ýmsum nánar tilteknum sviðum. Aðalstöðvarnar eru í París en deildir eru í einstökum löndum.

Gerðardómsstofnunin dæmir ekki sjálf mál en hefur íhlutunarvald við skipun gerðarmanna í einstök gerðarmál og hefur eftirlit með málsmeðferðinni. Þegar gerðarmál er til meðferðar hjá gerðardómsstofnuninni ber að gera skýrslu þar sem sakarefni er lýst, kröfum aðila og þeim deiluatriðum sem gerðardómur á að skera úr um áður en gerðarmál er dæmt. Skal skýrsla undirrituð af aðilum og gerðarmönnum. Síðan ber að senda hana gerðardómsstofnuninni.

2. Stockholms Handelskammares Skiljedomsinstitut.

Stofnað 1917. Núgildandi reglur eru frá 1976. Stofnunin er í tengslum við Verslunarráðið í Stokkhólmi og er undir eftirliti þriggja manna sem það skipar. Sænsk gerðardómslög gilda nema að því leyti sem reglur stofnunarinnar mæla öðru vísi. Stofnun þessi hefur haft hlutverki að gegna varðandi ágreining sem risið hefur í verslunarviðskiptum milli ríkja í austri og vestri.

3. Aðrar alþjóðlegar gerðardómsstofnanir á Norðurlöndum.

Hér ber helst að nefna alþjóðlegu gerðardómsstofnunina í Kaupmannahöfn (The Copenhagen Court of International Arbitration) sem sett var á laggirnar 1981, finnsku alþjóðlegu verslunargerðardómsstofnunina (The Board of Arbitration of the Central Chamber of Commerce of Finland) sem stofnuð var 1979, og loks gerðardómsstofnun verslunarráðs Óslóar (Oslo Handelskammers Voldgiftsinstitutt) sem starfað hefur frá 1. jan. 1983.

4. London Court of International Arbitration (LCIA).

Hún var stofnuð 1892. Í Englandi ríkir löng hefð varðandi alþjóðlega gerðardóma. Gerðardómsreglur í Englandi hafa þótt nokkuð flóknar og hefur það leitt til þess að dregið hefur úr þýðingu enskra gerðardóma á síðari árum. Árið 1979 voru þó sett lög sem settu undir þennan leka að því er varðar erlenda gerðardóma. LCIA hefur aðsetur í London. Reglur stofnunarinnnar eru sniðnar með það í huga að þær megi nota alls staðar í heiminum.

5. The American Arbitration Association (AAA).

Hér er um að ræða sjálfseignarstofnun sem var sett á laggirnar 1926. Nú telst hún stærsta gerðardómsstofnun í heiminum. Hún hefur aðsetur í New York og skiptist í 24 deildir sem hafa aðsetur víðs vegar í Bandaríkjunum. Stofnunin fjallar um meira en 40 þúsund mál á ári. Stofnunin sinnir einnig fræðistörfum margs konar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. kveða á um það að lögin taki ekki til svonefndra lögbundinna gerðardóma.

Með hugtakinu réttarágreiningur í 2. mgr. er átt við ágreining sem varðar réttarreglur sem dómstólar hafa vald til að dæma um. Eðlilegt er að dómsvald gerðardóma sé háð sömu takmörkunum og dómsvald dómstóla að þessu leyti þar sem gerðardómum verður fullnægt með aðför eins og öðrum dómum sbr. 13. gr. frumvarpsins. Eftir skilgreiningunni mundu t. d. vinnudeilur, sem ekki fjalla um réttarágreining, falla utan hugtaksins.

Í 2. mgr. er enn fremur gert ráð fyrir að aðilar skuli hafa forræði á því sakarefni sem þeir leggja í gerð. Það fer eftir löggjöf á hverjum tíma að hvaða marki aðilar eiga forræði á sakarefni. Samkvæmt því væri t.d. ekki unnt að leggja í gerð ágreining um rétt manns til að fá að kjósa til Alþingis.

Samningur um gerðardóm getur tekið til tiltekins réttarágreinings sem upp er kominn í skiptum aðila. Með gerðarsamningi má einnig ákveða að allur ágreiningur sem kann að rísa í tilteknum lögskiptum skuli falla undir gerðarmeðferð.

Gerðarsamning ber að skýra þannig að aðilar geti, þrátt fyrir gerðarsamning, komið fram kyrrsetningu og lögbanni eftir þeim reglum sem um það gilda nema annað sé tekið fram berum orðum í samningnum.

Um 2. gr.

Þegar aðilar hafa samið um gerðarmeðferð er ljóst að dómara brestur vald til að dæma um það sakarefni sem gerðarsamningur nær til. Af þeim ástæðum ber að vísa slíku máli frá dómi ef krafa kemur fram um frávísun. Komi slík krafa hins vegar ekki fram er réttmætt að líta svo á að aðili hafi fallið frá rétti sínum eftir gerðarsamningnum en það er honum að sjálfsögðu heimilt. Dómari skal einnig vísa máli frá dómi ef útivist verður af hálfu varnaraðila nema ljóst sé af málsgögnum að varnaraðili hafi fallið frá gerðarmeðferð.

Hugsanlegt er að verjandi haldi því fram fyrir héraðsdómi að gerðarsamingur sé ógildur. Fallist dómari á þá málsástæðu þá hefur hann að sjálfsögðu vald til að dæma í málinu. Frávísunarkrafa á því ekki við í slíku tilviki.

Um 3. gr.

Með samningi um gerðardómsmeðferð afsala aðilar gerðarsamnings sér meðferð almennra dómstóla um þann réttarágreining er samningurinn tekur til. Það afsal kann að skerða réttaröryggi þeirra sem að gerðarsamningi standa svo sem áður hefur verið vikið að. Þess vegna verður að gera ríkar kröfur til sönnunar um það að aðilar hafi við gerð samnings viljað fara þá leið að leggja málið í gerð.

Krafa um að gerðarsamningur skuli vera skriflegur er ekki gerð í dönsku og sænsku gerðardómslögunum en er hins vegar m.a. meginregla í finnsku, þýsku og norsku lögunum um gerðardóma. Þá ber þess einnig að geta að samkvæmt New York samningnum frá 1958 og UNCITRAL reglunum er gert ráð fyrir skriflegum gerðarsamningum.

Í gerðarsamningi verður að vera skýrt kveðið á um nokkur meginatriði sem talin eru upp í 1. mgr. 3. gr. Þannig verður að vera ljóst úr hvaða deiluefni eigi að skera, milli hvaða aðila og hvort yfirleitt sé ætlunin að leggja mál í gerð. Ákvæði 2. mgr. kveða á um að gerðarsamningur sé óskuldbindandi ef vikið er verulega frá ákvæðum 1. mgr. Þá er hér einnig gert ráð fyrir að gerðarsamningar geti orðið ógildir eftir þeim almennu reglum sem gilda um loforð og loks ef hann fullnægir ekki þeim lágmarkskröfum sem réttarfarslög setja um réttarvernd. Tilgangur þessara reglna er að gæta þess að aðilar verði ekki fyrir réttarspjöllum vegna skuldbindinga sinna samkvæmt gerðarsamningi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ætíð sé formaður í gerðardómi. Hefur þetta fyrirkomulag m.a. fyrirmynd í norskum og sænskum gerðardómslögum. Formanni er m.a. ætlað það hlutverk að ákveða hvar og hvenær gerðarmál er tekið fyrir svo og að stýra gerðardómi.

Í 4. mgr. er ákvæði sem á að koma í veg fyrir að aðili geti dregið á langinn að útnefna gerðarmann af sinni hálfu. Gagnaðili á hér það úrræði að snúa sér til héraðsdómara með þeim hætti sem rætt er um í 2. mgr. 4. gr. til verndar rétti sínum.

Um 4. gr.

Eftir núgildandi reglum ríkir óvissa um málsmeðferð þegar ágreiningur hefur komið upp um skipan gerðarmanna milli aðila gerðarsamnings eða þegar annar aðili hefur látið hjá líða að fullnægja skyldum sínum um skipan gerðarmanns samkvæmt gerðarsamningi eða lögum. Þegar svo stendur á er erfiðleikum bundið að skipa gerðardóm.

Enn fremur er hugsanlegt að gerðarmaður geti ekki tekið þátt í störfum dómsins vegna veikinda eða annarra forfalla eða hann færist undan að sinna gerðardómsstörfum. Í síðarnefndum tilvikum er ljóst að gerðardómur er óstarfhæfur.

Þegar aðili hefur ekki fullnægt skyldum sínum, eða ágreiningur verður um skipun gerðarmanns, hefur verið talið að samningsaðili hans gæti leitað til dómstólanna og fengið gagnaðila sinn dæmdan til að fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum. Ljóst er að slík leið er bæði torsótt og seinfarin og samrýmist því illa tilgangi gerðarmeðferðar. Hér er ætlunin að bæta úr og gera gerðarmeðferð skilvirkari að þessu leyti. Þá er einnig opnaður sami möguleiki til að leita til héraðsdómara ef gerðardómur verður óstarfhæfur vegna atvika er varðar gerðarmenn. Ekki er gert ráð fyrir því að aðilar geti leitað aðstoðar héraðsdómara um önnur atriði en um er fjallað í 4. gr. (sbr. þó 5., 9. og 10. gr.). Öll önnur ágreiningsatriði, sem upp koma við rekstur gerðarmáls, svo sem um gildi gerðarsamningsins, skal bera undir gerðardóminn sjálfan.

Í 1. og 2. mgr. er efnislega tekið fram að dómari taki ákvörðun um skipun gerðardóms. Við þá ákvörðun styðst hann fyrst og fremst við gerðarsamninginn sjálfan og þær forsendur sem hann er byggður á.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að héraðsdómari geti úrskurðað um deiluatriði skv. 4. gr. með einföldum og skjótvirkum hætti. Þá er gert ráð fyrir að úrskurðir þessir sæti almennt ekki kæru. Hvort tveggja er nauðsynlegt til að flýta meðferð gerðarmála.

Aðili gerðarsamnings (varnaraðili) kann að bera það fyrir sig að gerðarsamningur sé ógildur. Til að hraða gerðarmeðferðinni er nauðsynlegt að ekki sé rannsakað á þessu stigi ofan í kjölinn um gildi samningsins. Með þetta í huga er tekið fram í greininni að dómari sé óbundinn af áliti því sem fram kemur í úrskurði ef á það reynir síðar í dómsmáli.

Um 6. gr.

Starf gerðarmanna byggist á samningi þeirra við aðila. Gerðarmenn hafa frjálst val um það hvort þeir taka gerðarstarf að sér eða ekki, nema að lög kunni að mæla á annan veg. Gerðarmönnum ber sjálfum að vinna gerðarstarfið. Fyrir þá vinnu eiga þeir rétt á þóknun. Þeim er almennt ekki rétt að stofna til útgjalda við rekstur gerðarmáls nema með heimild aðila. Það fer einnig eftir almennum reglum samningsréttar hvenær gerðarmönnum er rétt að láta af gerðarstarfi. Þykir ekki ástæða til að kveða á um þetta sérstaklega í frumvarpi þessu.

Gengið er út frá því að aðilar eigi að hafa frjálst val um það hverjum þeir treysta til að útkljá mál þeirra með gerð. Er það reyndar talinn einn af kostum gerðarmeðferðar. Réttur aðila til tilnefningar gerðarmanns takmarkast þó jafnan af rétti gagnaðila og opinberum hagsmunum um hlutlæga málsmeðferð.

Í 1. mgr. er fjallað um almenn hæfisskilyrði gerðarmanna. Í því sambandi er farið eftir meginsjónarmiðum sem fram koma í Hrd. 1966, bls. 561. Tekið skal fram að það er ekki skilyrði til setu í gerðardómi að gerðarmenn séu lögfræðingar eða hafi aðra sérfræðikunnáttu varðandi sakarefnið.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstök hæfisskilyrði til meðferðar einstaks máls. Gerðarmenn fara með vald sem má líkja við dómsvald. Þeir skera úr réttarágreiningi í deilum sem að öðrum kosti heyra undir dómstóla landsins. Úrlausnir þeirra eru aðfararhæfar og þeim verður að

jafnaði ekki hnekkt. Af þessum ástæðum er eðlilegt að gerðar séu sömu kröfur til hæfis gerðarmanna og til hæfis dómara. Reglan gildir um alla gerðarmenn og á því jafnt við um þá gerðarmenn sem aðilar kunna að tilnefna sjálfir í gerðardóm. Sú regla felur í mörgum tilvikum í sér frávik frá því sem nú tíðkast um skipun gerðardóma enda eru þess mörg dæmi að aðilar skipi gerðarmenn sem fullnægja engan veginn þeim hæfisskilyrðum sem dómurum eru sett.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að formaður gerðardóms skeri úr um hvort hæfisskilyrðum sé fullnægt. Heimildin er bundin við formann gerðardómsins. Kosturinn við þessa leið er sá að hún veldur litlum töfum á störfum gerðardómsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fá megi dómsúrlausn um hæfi gerðarmanna með þeim skjótvirka hætti sem um getur í 5. gr. frumvarpsins. Með því er reynt að koma í veg fyrir að gerðardómur verði síðar ógiltur vegna vanhæfis gerðarmanna en slíkt mundi leiða til kostnaðar og óhagræðis fyrir aðila gerðarmáls. Ókosturinn er hins vegar sá að þessi aðferð getur tafið rekstur gerðarmáls. Ekki þykir ástæða til að heimila málskot m.a. af því að ágreiningsefnið er unnt að bera undir héraðsdómara síðar.

Um 7. gr.

Einn kostur við gerðardómsmeðferð hefur verið talinn sá að aðilar gerðarsamnings og gerðarmenn eru ekki bundnir af formreglum réttarfarslaga. Gerðarmeðferð getur því á margan hátt verið frjálslegri en meðferð venjulegra dómsmála og er 7. gr. frumvarpsins í samræmi við þetta sjónarmið. Vakin er athygli á ákvæði 103. gr. A í eml. í þessu sambandi en samkvæmt þeirri grein getur verið heimilt að taka vitnaskýrslu fyrir dómstólum til notkunar í gerðarmáli.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir vissum meginreglum réttarfars, sem ávallt ber að gæta við gerðarmeðferð, en að öðru leyti ber við málsmeðferð að fara eftir gerðarsamningi og ákvörðun gerðardóms að því leyti sem þar eru ekki að finna nein ákvæði um málsmeðferðina. Um hraða gerðarmáls skal farið eftir því sem segir í gerðarsamningi, en séu engin ákvæði um það þar að finna ber gerðarmönnum að hraða gerðarmáli svo sem kostur er. Sé brugðið út af þeim reglum, sem hér hafa verið raktar um málsmeðferð, getur komið til ógildingar skv. 12. gr. frumvarpsins.

3. mgr. er í samræmi við meginregluna um milliliðalausa málsmeðferð. Hún er þó ekki fortakslaus. Gert er ráð fyrir að formaður gerðardóms geti framkvæmt minni háttar athafnir svo sem að taka á móti skjölum sem leggja skal fram í gerðarmáli og enginn ágreiningur er um. Einnig er ráð fyrir því gert að unnt sé að víkja frá þessari meginreglu í gerðarsamningi t.d. með þeim hætti að formanni gerðardóms sé falið að taka tilteknar ákvarðanir við rekstur gerðarmáls eins og að úrskurða ágreining um frest.

Afl atkvæða ræður úrslitum gerðardóms. Séu atkvæði jöfn er hugsanlegt að gerðarsamningur kveði á um hvernig með skuli fara t.d. að atkvæði formanns ráði úrslitum. Séu engin ákvæði um þetta í gerðarsamningi verður að líta svo á að forsendur gerðarmeðferðarinnar hafi brostið og aðilar séu óbundnir af gerðarsamningi.

Um 8. gr.

Gerðardómar skulu vera skýrir og skriflegir. Þetta er eðlileg krafa m.a. af því að þeir eru aðfararhæfir. Þá verður að telja nauðsynlegt að þeir séu rökstuddir í meginatriðum m.a. þar sem annars getur reynst erfitt að staðreyna í ógildingarmáli á hverju þeir voru byggðir. Þá er og eðlileg sú krafa að gerðarmenn undirriti gerðardóminn. Sé gerðardómur ekki undirritaður af öllum gerðarmönnum skal fylgja því skýring.

Þar sem sátt fyrir gerðardómi er aðfararhæf með líkum hætti og réttarsátt er eðlilegt að gerðar séu svipaðar formkröfur um þessar tvær tegundir aðfararheimilda sbr. 3. og 42. gr. eml. Ekki er þó gerð krafa til að gerðarmenn færi sátt í sérstaka gerðarbók.

Um 9. gr.

Í 7. gr. er á því byggt að gerðarmáli skuli hraðað eða a. m. k. að því skuli lokið á þeim tíma sem segir í gerðarsamningi. Rétt þykir að aðili gerðarmáls eigi úrræði ef verulegur dráttur verður á meðferð máls vegna vanrækslu gerðarmanna. Ekki kemur til þess að krafa komi frá báðum aðilum þar sem þeir geta í slíku tilviki svipt gerðarmenn umboði sínu til að fara með gerðarmál. Kröfu ber að gera á hendur gagnaðila og einnig gerðarmönnum sjálfum því að nauðsynlegt þykir að gefa þeim færi á að tjá sig um umrædda kröfu þar sem úrslit um hana kunna að skipta þá máli. Verði gerðarmenn leystir frá störfum koma þeir ekki meira við sögu í því gerðarmáli. Ákvörðun dómara um þetta skiptir alla aðila slíku máli að rétt þykir að heimila málskot ákvörðunarinnar til Hæstaréttar enda þótt málsmeðferðin kunni enn að tefjast af þeim sökum.

Um 10. gr.

Rétt þykir að gefa aðilum fljótvirkt úrræði til þess að fá leystan ágreining sem upp kann að koma um þóknun til gerðarmanna. Þessar reglur eru líkar þeim sem gilda um matsmenn í matsmálum og eru til þess fallnar að eyða óvissu. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 11. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að gerðardómurinn ákveði málskostnað milli aðila þar á meðal kostnað af gerðardómsmeðferðinni. Ákvörðun um málskostnað er að sjálfsögðu undir því komin að aðilar geri um það kröfu.

Um 12. gr.

Aðalreglan er sú að gerðardómur er endanleg niðurstaða um sakarefnið og verður honum ekki hnekkt. Lagarök fyrir þessari reglu eru einkum þau að það dragi mjög úr gildi gerðardóma ef ógilding þeirra væri heimiluð í víðtækum mæli. Þetta á sérstaklega við um sjálfa efnisúrlausnina. Aðilar gerðarsamnings verða því að jafnaði að sætta sig við þá niðurstöðu sem gerðardómur hefur komist að og geta ekki fengið hana endurskoðaða með neinum hætti.

Ákveðnar ástæður geta þó leitt til þess að ógilda má gerðardóma en þeim er þó þröngur stakkur skorinn. Koma þessar ástæður fram í 1.–6. tölul. 1. mgr. Að því er varðar 3. tölul. skal tekið fram að málsmeðferð getur bæði verið áfátt sé hún ekki í samræmi við fyrirmæli í gerðarsamningi og ef hún fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru í 1. og 3. mgr. 7. gr. Að því er 6. tölul. varðar skal tekið fram sérstaklega að gerðardómur verður ekki ógiltur nema í undantekningartilviki þótt niðurstaða hans sé ekki í samræmi við hefðbundna túlkun eða beitingu réttarreglna. Slík regla er í samræmi við UNCITRAL lögin og er m.a. lögð til grundvallar í norsku, dönsku og sænsku gerðardómslögunum.

Hugtakið allsherjarregla á einkum við um alþjóðlega gerðardóma. Í því felst fyrirvari um það að erlendum gerðardómi verði ekki beitt hér á landi ef beiting þeirra reglna sem hann er reistur á fer í bága við grundvallarreglur íslensks réttar. 2. mgr. er ætlað að veita aðilum aðhald um að koma með þau mótmæli, sem þeir kunna að hafa gegn gerðarmönnum, málsmeðferð eða öðrum atriðum, sem reisa má ógildingu á, strax og tilefni er til. Stundum eru málsatvik þannig að mótmæli hefðu hvort eð er ekki skipt máli og stundum kann að vera afsakanlegt að þau komu ekki fram. Er það dómara að meta hvort svo hafi verið í tilteknu falli.

Um ógildingu sátta fyrir gerðardómi með málssókn í héraði gilda svipaðar reglur og um réttarsáttir. Gert er ráð fyrir að málssókn samkvæmt þessari grein frumvarpsins sé án tímatakmarka. Rökin eru í fyrsta lagi þau að þær ástæður er ógilding kann að vera byggð á koma oft ekki í ljós fyrr en löngu seinna. Í öðru lagi er þetta í samræmi við reglurnar um réttarsáttir en þar gilda engir ákveðnir frestir til að höfða ógildingarmál. Hins vegar gilda hér almennar reglur um tómlæti.

Um 13. gr.

Því hefur oftlega verið haldið fram að skortur á aðfararhæfi hafi staðið gerðardómsmeðferð fyrir þrifum. Hér er lagt til að gerðardómum og sáttum fyrir gerðardómi verði veitt aðfararhæfi.

Miðað við núgildandi lög verður að ætla að fógeti hafi heimild til að fresta aðför samkvæmt gerðardómi eða sátt fyrir gerðardómi þegar málsókn er hafin skv. 7. gr. frumvarpsins, sbr. 7. gr. aðfararlaga. Varðandi 2. mgr. er þess að geta að málsmeðferð hjá þeim dómstólum sem þarna eru nefndir er frábrugðin og yfirleitt meiri takmörkunum háð en meðferð fyrir almennum héraðsdómstólum. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 14. gr.

Um erlenda gerðardóma gildir nú sú regla að þeir eru almennt viðurkenndir hér á landi. Þetta þýðir að þeir eru að jafnaði ekki endurskoðaðir að efni til ef á þá reynir fyrir dómstólum hér á landi heldur aðeins um tiltekin atriði líkt og íslenskir gerðardómar. Samkvæmt þessu myndu íslenskir dómstólar t. d. kanna hvort um gerðardóm væri að ræða, hvort gerðarsamningur lægi til grundvallar honum, hvort gerðarmenn hefðu farið út fyrir valdsvið sitt, hæfi gerðarmanna, hvort réttum reglum um málsmeðferð hafi verið fylgt o.s.frv. Erlendir gerðardómar eru hins vegar ekki aðfararhæfir hér á landi fremur en íslenskir gerðardómar. Þess vegna hefur hingað til þurft að leggja gerðarmál fyrir hina almennu héraðsdómstóla ef veita á þeim aðfararhæfi.

Hér er lagt til að þeim gerðardómum sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðaréttarsamninga sem Ísland kann að gerast aðili að verði veitt aðfararhæfi. Íslenskir dómstólar verða þá að vísu að kanna hvort tiltekinn gerðardómur sé kveðinn upp í samræmi við skilyrði þau sem sett eru fram í viðkomandi þjóðréttarsamingi. Þetta er ekki ósvipuð leið og Norðmenn hafa farið. Rétt væri að lögtaka þjóðréttarsamninga um gerðardóma sem Ísland kynni að gerast aðili að.

Danir hafa farið þá leið að gefa dómsmálaráðherra sínum heimild til þess að setja reglur um skilyrði fyrir aðfararhæfi allra erlendra gerðardóma. Slíkt framsal á lagasetningarvaldi er mjög vítt og er tæpast í samræmi við þá þróun milli EB- og EFTA-ríkja sem þegar hefur leitt til samnings um varnarþing og um gagnkvæma viðurkenningu og aðfararhæfi dóma í einkamálum, (svonefndur Luganosamningur). Gildir þetta jafnt þótt haft sé í huga að ólíkar réttarfarsreglur séu tæpast eins mikið vandamál í þjóðréttarsamningum um gerðardóma. Í Svíþjóð hefur verið farin enn önnur leið. Þar í landi eru sérstök lög um alþjóðlega gerðarsamninga og gerðardóma. Í lögunum er m.a. að finna skilgreiningu á því hvað sé erlendur gerðarsamningur og erlendur gerðardómur. Þá er þar að finna skilyrði sem erlendir gerðardómar verða að fullnægja til þess að þeir geti orðið bindandi. Loks eru ákvæði um það að sá sem hefur erlendan gerðardóm í höndum verði að snúa sér með hann til dómstóla þar í landi með beiðni um að hann verði gerður aðfararhæfur. Slík krafa er tekin til greina sé skilyrðum lagannna fullnægt.

Að því er varðar 2. mgr. skal tekið fram að því aðeins er rétt að veita slíkum gerðardómum aðfararhæfi að þeir fullnægi fyrirmælum íslenskra laga um gerðardóma. Hins vegar ber að hafa í huga að reynt hefur verið að haga samningu frumvarpsins þannig að ákvæði þess fari a.m.k. ekki í bága við UNCITRAL lögin sem fyrr hafa verið nefnd.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 620. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

10. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 621. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 38. gr. Í stað orðsins „dómsrannsókn“ komi: opinber rannsókn.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður sem verði 5. tölul. og orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga er viðskiptaráðherra heimilt, að fenginni umsögn prófnefndar, að veita þeim, er uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 27/1986, tímabundið leyfi til verðbréfamiðlunar í átján mánuði, enda fullnægi viðkomandi öllum skilyrðum 3. gr. laga þessara. Heimilt er að framlengja þann frest um allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á.

Ed. 622. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 77 1. október 1981, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsgreinar, er verða þriðja, fjórða og fimmta málsgrein, svohljóðandi:

a. 3. mgr.
   Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknir skuli hafa búsetu.
b. 4. mgr.
   Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.
c. 5. mgr.
   Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

5. gr. laga nr. 77/1981 orðast svo:

Forseti skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til sex ára í senn.

Ráðherra skipar þrjá dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar

tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Dýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna, og er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 69 18. maí 1982 var gerð breyting á ákvæðum 2. gr. laga nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sem fjallar um dýralæknisumdæmi landsins. Við þá breytingu féllu niður þrjú mikilvæg ákvæði 2. gr. laganna frá 1981, sem verulega þýðingu hafa, þ.e. ákvörðun landbúnaðarráðherra um búsetu héraðsdýralækna, heimild til að ráða dýralækni án fastrar búsetu og tvær stöður dýralækna með sérþekkingu við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Til að bæta úr því er frumvarp þetta flutt, auk þess sem jafnframt er lögð til nokkur breyting á núgildandi ákvæði 5. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að þrjár nýjar málsgreinar bætist við núgildandi 2. gr. laganna af ástæðum sem áður eru nefndar. Í fyrsta lagi er lagt til að aftur verði tekið upp í lögin ákvæði sem gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra ákveði búsetustað héraðsdýralækna, en samkvæmt gildandi lögum er í raun enginn aðili sem getur tekið slíka ákvörðun. Rétt þykir að slíkt vald sé hjá ráðherra.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að ráða dýralækni án fastrar búsetu til að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum. Brýn þörf er á að hafa slíkan dýralækni tiltækan þar sem oft ber það við, bæði vegna veikinda og annarra forfalla, að héraðsdýralæknir getur ekki gegnt störfum sínum um lengri eða skemmri tíma. Því var sambærilegt ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu lögfest á sínum tíma. Í núgildandi lögum eru engin ákvæði sem tryggja starfsemi dýralæknis án fastrar búsetu, en slíkt er mjög bagalegt jafnmargir og héraðsdýralæknar eru nú orðnir og því ávallt hætta á forföllum.

Í þriðja lagi er í greininni gert ráð fyrir að við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum starfi að jafnaði tveir dýralæknar með sérþekkingu. Ákvæði þetta var á sínum tíma sett til að tryggja að við stofnunina, sem fæst við að verulegu leyti við rannsóknir á dýrasjúkdómum, störfuðu ætíð sérmenntaðir dýralæknar. Ákvæðið var fellt í lög með samþykki og fyrir atbeina forstöðumanns stofnunarinnar og gætu mál skipast svo að nauðsynlegt væri að hafa þetta ákvæði í lögunum á ný.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir smávægilegum breytingum á núgildandi 5. gr. laganna, svo og því nýmæli í 2. mgr. að ráðherra skipi þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um héraðsdýralæknisembætti og gera tillögu til ráðherra um röð umsækjenda. Við röðun umsækjenda er gert ráð fyrir því að nefndin skuli auk hæfni manna, byggja á reynslu, ívilnun vegna starfa í afskekktum héruðum og fleiru slíku samkvæmt nánari útfærslu í starfsreglum sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji nefndinni. Ákvæði þetta er hliðstætt 1. mgr.

31. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, varðandi aðra lækna. Jafnframt er það nýmæli í 1. mgr. að skipun yfirdýralæknis sé tímabundin og gildi lengst í sex ár.

3. og 4. mgr. 5. gr. eru efnislega samhljóða núgildandi 3.–5. mgr. 5. gr. Tekur 3. mgr. til allra dýralækna hvort sem þeir hafa skipun í embætti héraðsdýralæknis eða ekki.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 623. Lög [240. mál]

um breytingu á lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 445.

Nd. 624. Frumvarp til laga [2. mál]

um eignarleigustarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

„Eignarleiga“ merkir í lögum þessum leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því:

„Fjármögnunarleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala. Eignarréttur helst þó hjá leigusala.

„Kaupleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa rétt til að eignast hið leigða í lok leigutíma.

„Rekstrarleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að fyrir hendi sé eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga né kaupleiga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

„Eignarleigustarfsemi“ samkvæmt lögum þessum telst vera sú starfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram lánveitingar og ábyrgð á skuldum vegna fjármögnunar annarra aðila.

Ákvæði laga þessara taka þó ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun til venjulegra viðskiptavina.

Rísi ágreiningur um það hvort starfsemi teljist til eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum sker ráðherra úr.

3. gr.

„Eignarleigufyrirtæki“ merkir í lögum þessum fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi eignarleigu samkvæmt lögum þessum.

„Víkjandi lán“ merkir í lögum þessum lán sem eignarleigufyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldarviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot félagsins eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur félaginu en endurgreiðslu hlutafjár.

II. KAFLI

Eignarleigufyrirtæki.

4. gr.

Eignarleigustarfsemi er einungis heimil eignarleigufyrirtæki sem hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir veitingu slíks starfsleyfis eru:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a.m.k. 10 milljónum króna.
2. Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi.
3. Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.
4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki.

5. gr.

Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu. Eignarleigufyrirtækið má þó eigi jafnframt stunda verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Tilgangur fyrirtækisins skal skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins.

6. gr.

Eigið fé eignarleigufyrirtækis, að viðbættum víkjandi lánum, skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 10% af heildarskuldbindingum þess.

7. gr.

Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar um verð og önnur viðskiptakjör. Skal, að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanna, kappkostað að veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti og kjör sem þeim standa til boða.

8. gr.

Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:

1. Tegundar þeirrar eignarleigu sem samningurinn kveður á um, sbr. 1. gr. laga þessara.
2. Lágmarksleigutíma.
3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskiptunum, þar á meðal lántökugjalds ef um það er að ræða.
4. Ákvæða um rétt leigusala og leigutaka til riftunar eignarleigusamningsins og um skilmála riftunar.
5. Ákvæða um vátryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila.
6. Hvort, með hvaða hætti og hvaða kjörum leigutaki fái áframhaldandi afnot hins leigða að leigutíma loknum.

9. gr.

Starfsmönnum eignarleigufyrirtækis ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem það annast og um persónulega hagi viðskiptamanna þess sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema starfsmönnum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykkta sem um starfsemina gilda. Bankaeftirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem að mati bankaeftirlitsins varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu látin í té í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til endurskoðenda eignarleigufyrirtækja.

11. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

12. gr.

Hafi stjórn eignarleigufyrirtækis eða endurskoðandi þess ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 6. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé eignarleigufyrirtækis sé undir lágmarki 6. gr. skal það krefja endurskoðanda eignarleigufyrirtækis þegar í stað um reikningsuppgjör sem hann skal afhenda innan tveggja vikna frá því honum berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé eignarleigufyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 6. gr. skal stjórn hlutafélagsins án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana félagið hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi eignarleigufyrirtæki frest í allt að fjóra mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 6. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði til viðbótar. Heimilt er að stytta eða fella niður áður ákveðinn frest ef ástæða þykir til.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 12. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

Brjóti stjórn eignarleigufyrirtækis ítrekað fyrirmæli laga og reglna settra samkvæmt þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis, enda hafi bankeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

Ráðherra er heimilt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir ef hafin er dómsrannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.

IV. KAFLI

Viðurlög.

14. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum að starfrækja eignarleigufyrirtæki, sbr. 4. gr. laga þessara, án starfsleyfis viðskiptaráðherra. Sömu refsingu varða brot á II. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. þessarar greinar skal farið að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Gildistaka o.fl.

15. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi, sem lög þessi taka til, skulu uppfylla ákvæði laganna eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku þeirra. Mæli sérstakar ástæður með því er viðskiptaráðherra heimilt að veita lengri frest, þó aldrei lengri en eitt ár frá því sem ákveðið hefur verið í fyrri málslið þessa bráðabirgðaákvæðis.

Nd. 625. Frumvarp til laga [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Eftir 3. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ.e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber, en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að

hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

15. gr. hljóðar svo:

Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

30. gr. hljóðar svo:

Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.

31. gr. hljóðar svo:

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

32. gr. hljóðar svo:

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

33. gr. hljóðar svo:

Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skal liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

34. gr. hljóðar svo:

Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og/eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.

Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.

35. gr. hljóðar svo:

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

36. gr. hljóðar svo:

Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

37. gr. hljóðar svo:

Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr. hljóðar svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

39. gr. hljóðar svo:

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Við gildistöku laga þessara ber þeim, sem telur til eignar eða annars réttar yfir markaðsverðbréfi sem fullnægir ekki ákvæðum 5. mgr. 1. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík verðbréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.
2. Verðbréfamiðlurum, sem hlotið hafa réttindi samkvæmt lögum nr. 27/1986, ber að tilkynna útgáfu markaðsverðbréfa skv. 5. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr. laga þessara, sem átt hefur sér stað með milligöngu þeirra fyrir 1. janúar 1989, á þann hátt sem fyrir er lagt í 14. gr.
3. Þeir sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun samkvæmt lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði skulu uppfylla ákvæði laga þessara eigi síðar en 1. mars 1989. Bankaeftirliti Seðlabankans er þó heimilt að veita lengri frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur verður þó aldrei veittur lengur en til 1. júní 1989.

   Þeir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 27/1986 við gildistöku laga þessara skal eigi skylt að sækja námskeið samkvæmt d-lið 3. gr.
4. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu þótt þau fullnægi ekki ákvæðum 21. gr. laganna.
5. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga er viðskiptaráðherra heimilt, að fenginni umsögn prófnefndar, að veita þeim, er uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 27/1986, tímabundið leyfi til verðbréfamiðlunar í átján mánuði, enda fullnægi viðkomandi öllum skilyrðum 3. gr. laga þessara. Heimilt er að framlengja þann frest um allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á.

Nd. 626. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

12. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi:

Lífeyrissjóðunum er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum sbr. IV. kafla laganna um húsbréfakaup.

Í reglugerð skal í samráði við lífeyrissjóðina setja nánari ákvæði um skiptingu skuldabréfakaupanna til tveggja ára í senn.

b. 6. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 my2 brúttó, að frádregnum bílskúr. Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

2. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingar eiga í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjenda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr. af því hvort umsækjendur eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

b. a- og b-liðir 1. mgr. orðast svo:

a. Eigi umsækjendur, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12 gr. nemur lán til hverrar íbúðar 2.100.000 kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra en 1.407.000 kr. fyrir einhleyping. Eigi þeir lágmarkslánsrétt nemur lán til hverrar íbúðar 700.000 kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra en 469.000 kr. fyrir einhleyping. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjenda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs þeirra skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100) og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.

b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hverrar íbúðar 49% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.

3. gr.

2. og 3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Þegar einstaklingar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og það hvort umsækjendur eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða eiga íbúð fyrir.

Umsækjendur, sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn, eiga rétt á láni sem nemur 70% af lánum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjendur, sem átt hafa íbúð áður, eiga rétt á láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

4. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, IV. kafli, með 19. nýjum greinum, 50.–68. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Húsbréfaviðskipti.** Núverandi IV.–IX. kafli verði V.–X. kafli með samsvarandi breytingum greinanúmera. Hinn nýi IV. kafli orðast svo:

a. (50. gr.)

Við Byggingarsjóð ríkisins er heimilt að stofnsetja og starfrækja sérstaka húsbréfadeild. Um hlutverk hennar og yfirstjórn fer eins og greinir í lögum þessum.

b. (51. gr.)

Yfirstjórn húsbréfadeildar er í höndum húsnæðismálastjórnar en sérstakur forstöðumaður fer með daglega stjórn deildarinnar og hefur umsjón með fjárhag hennar.

c. (52. gr.)

Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Við gerð fjárhagsáætlunar Byggingarsjóðs ríkisins hvert ár skal sett til hliðar fjárhæð til að mæta rekstrarkostnaði húsbréfadeildarinnar og öðrum útgjöldum.

d. (53. gr.)

Hlutverk húsbréfadeildar er :

a. Að gefa út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, hér eftir nefnd húsbréf, og með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.
b. Að skipta á húsbréfum og veðskuldabréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti eða nýbyggingar, sbr. c-lið 2. mgr. 54. gr.
c. Að stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði.

e. (54. gr.)

Húsbréfadeild setur ákveðnar viðmiðunarreglur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt getur húsbréfadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

Við skipti á húsbréfum gegn fasteignaveðbréfum skv. b-lið 53. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

a. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
b. Greiðslugetu skuldara.
c. Verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjustu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við viðskiptabanka og fjármálastofnanir um að annast mat skv. b- og c-liðum þessarar greinar og hafa með höndum samskipti skuldara fasteignabréfa við deildina. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast mat skv. a-lið.

f. (55. gr.)

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum frá húsnæðismálastjórn.

g. (56. gr.)

Húsbréfadeild skal gæta þess í starfsemi sinni að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbréfa standist á þannig að jafnvægi sé í inn- og útgreiðslum á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjársteymi fram í tímann.

h. (57. gr.)

Byggingarsjóður ríkisins innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða á um fyrirkomulag þetta í reglugerð.

i. (58. gr.)

Heimilt er skuldurum fasteignaveðbréfa að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er húsbréfadeildinni heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. ákvæði 57. gr.

j. (59. gr.)

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur verðtryggðra lána bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbréfa fer eftir almennum lögum.

k. (60. gr.)

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 25 ár. Húsbréfadeild getur áskilið sér að einungis verðtryggð skuldabréf séu gjaldgeng í skiptum fyrir húsbréf. Heimilt er ráðherra að kveða nánar um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

l. (61. gr.)

Skipta má fasteignaveðbréfum gegn húsbréfum allt að fjárhæð sem nemur 65% af eðlilegu matsverði fasteignar samkvæmt reglum sem húsbréfadeild setur og byggjast á viðmiðun á markaðsverði, brunabótamati og byggingarkostnaði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda, þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar eignar.

m. (62. gr.)

Húsbréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Húsbréfadeild gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma og vexti á hverjum flokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

n. (63. gr.)

Húsbréfadeild skal stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði. Í því skyni skal deildin leita eftir samstarfi við banka, lífeyrissjóði og aðra líklega aðila á fjármagnsmarkaði. Jafnframt er Byggingarsjóði ríkisins heimilt að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að greiða fyrir jafnvægi á markaðinum.

o. (64. gr.)

Húsbréfadeild skal beita sér fyrir því að húsbréfaflokkar verði skráðir á opinberu verðbréfaþingi, þannig að daglega sé til staðar skrá yfir viðskipti þar sem fram komi kaup- og sölugengi húsbréfa. Húsbréfadeild skal sjá um að slíkar upplýsingar séu birtar reglulega.

p. (65. gr.)

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum og aðgengilega nýjustu skráningu á gengi húsbréfa fyrir viðskiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söluverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma á framfæri opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði. Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þeir annast jafnharðan til þess verðbréfaþings sem annast skráningu húsbréfa skv. 64. gr.

q. (66. gr.)

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986. Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

r. (67. gr.)

Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá um gengi húsbréfa og upplýsa íbúðarkaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem varða þau.

s. (68. gr.)

Húsbréf, sem gefin eru út samkvæmt þessum kafla, svo og vextir af þeim og verðbætur, eru undanþegin skattlagningu á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1989, að undanskildum breytingum á 12., 13. og 14. gr. gildandi laga sem öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fá þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989 og eiga lánsrétt samkvæmt ákvæðum 12. og 14. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.
2. Ákvæði b-liðar 53. gr. um heimild til að skipta á húsbréfum og veðskuldabréfum vegna nýbygginga er fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna.
3. Tveimur árum eftir gildistöku laganna skal gerð úttekt á framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er árangur af starfi nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi dags. 11. maí 1988 til þess að „ganga frá tillögum að skipan hins almenna húsnæðismálakerfis í framhaldi af álitsgerð vinnuhóps um þetta efni dags. 23. mars sl. Nefndin hafði það hlutverk að semja lagafrumvarp um framkvæmd ráðstafana og leiða í breyttri skipan hins almenna húsnæðislánakerfis með hliðsjón af þeirri leið sem vinnuhópurinn mælir með í álitsgerð sinni og koma með þær tillögur aðrar um þetta efni, sem nefndin telur réttar og nauðsynlegar."

Í nefndinni áttu sæti: Kjartan Jóhannsson formaður, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Gunnar J. Friðriksson framkvæmdastjóri, Júlíus Sólnes alþingismaður, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur, María Ingvadóttir viðskiptafræðingur, Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður og Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri. Þráinn Valdimarsson sat einungis fyrsta fund nefndarinnar en í stað hans kom Guðmundur G. Guðmundsson hagfræðingur.

Eftirfarandi sátu einstaka fundi nefndarinnar í forföllum nefndarmanna: Ólafur Davíðsson frá VSÍ, Ásmundur Hilmarsson frá ASÍ og Kristín Einarsdóttir frá Kvennalista.

Til að starfa með nefndinni voru tilnefndir: Bolli Þór Bollason hagfræðingur, Ingi Valur Jóhannsson félagsfræðingur og Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur. Að auki hefur Maríanna Jónasdóttir viðskiptafræðingur verið nefndinni til aðstoðar.

Vinnuhópur sá um almenna húsnæðislánakerfið, sem vitnað er til í skipunarbréfi ráðherra, skilaði álitsgerð hinn 23. mars sl. Þann vinnuhóp skipuðu: Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Gunnlaugur Sigmundsson framkvæmdastjóri, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri og Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur.

Með vinnuhópnum starfaði Ingi Valur Jóhannsson, félagsfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Sú leið sem vinnuhópurinn mælti með var að taka upp kerfi skuldabréfaskipta – húsbréfamiðlunar – í stað beinna lána til íbúðarkaupa. Í því felst að íbúðarkaupandi gefur út skuldabréf fyrir láni því sem hann fær hjá seljanda, en þessu bréfi megi skipta fyrir ríkistryggð og markaðshæf húsbréf. Þessu kerfi er ætlað að stuðla að víðtækari fjármögnun og meiri innri fjármögnun en verið hefur, svo og að lækkun útborgunarhlutfalls.

Í skýrslu vinnuhópsins voru helstu kostir þessa kerfis dregnir saman á eftirfarandi hátt:

„Að mati vinnuhópsins er sú leið skuldabréfaskipta, sem hér er lýst, mun áhugaverðari en hinar sem felast í uppálöppun núverandi kerfis. Rétt er að leggja áherslu á, að þótt kerfi sem þetta væri nýlunda hér á landi, er það þrautreynt víða annars staðar.

Meginkostir þessa fyrirkomulags eru eftirfarandi:

a. Það fjármagn sem nú skiptir í sífellu um hendur við fasteignaviðskipti, nýtist að mestu, og ekki er þörf á verulegu viðbótarfjármagni til að fasteignaviðskipti geti gengið eðlilega fyrir sig. Með þessu er boðið nýtt fjármögnunarform, sem stuðlar að víðtækari fjármögnun og meiri innri fjármögnun en verið hefur.
b. Lánsfjármögnun tengist fasteignaviðskiptum með beinum hætti og því er ekki hætta á að lánastarfsemin valdi markaðstruflunum.
c. Þessu fyrirkomulagi er raunhæft að ætla að fylgi veruleg lækkun á útborgunarhlutfalli.
d. Kerfið er einfalt og í því felst að íbúðakaupendur hafa við fasteignaviðskipti sín fulla vitneskju um lánsfjármögnun. Seljendur búa á móti við fyllsta öryggi um verðmæti, tryggingu og söluhæfi þeirra bréfa sem þeir fá í hendur við íbúðasöluna.
e. Þetta fyrirkomulag er ekki háð eignarhaldsformi og ætti að auðvelda fjármögnun íbúðabygginga á vegum framkvæmdaraðila og stuðla þannig að betra skipulagi framkvæmda.
f. Kerfið tengist núverandi fyrirkomulagi með auðveldum hætti auk þess sem það gæti átt þátt í að eyða biðröðinni fyrr en ella."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru annars vegar settar fram tillögur um breytingar á gildandi reglum um lánaúthlutun í núverandi húsnæðislánakerfi og hins vegar um fyrirkomulag húsbréfamiðlunar.

Þær breytingar, sem gerðar eru tillögur um varðandi úthlutunarreglur í núverandi kerfi, hafa að markmiði að fjölga mögulegum lánaafgreiðslum og leitast þannig við að hamla gegn lengingu á bið eftir lánum með því að draga úr lánsupphæðum hjá tilteknum aðilum.

Þannig er í fyrsta lagi gerð tillaga um að lán til einhleypra verði 67% af lánsupphæð til hjóna eða sambýlisfólks, en í gildandi ákvæðum fá einhleypir sömu lánsupphæð og hjón. Í öðru lagi er gerð tillaga um að lán til umsækjenda sem eiga íbúð fyrir, nemi 49% af láni til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, án tillits til þess hvort umsækjendur eru að byggja eða kaupa notaða íbúð. Samkvæmt gildandi reglum fá þeir sem eiga íbúð og eru að kaupa eða byggja nýja íbúð 70% af þessu láni, en fá samkvæmt tillögum þessum 49%. Það svarar til 30% skerðingar á lánsupphæð hjá þessum aðilum.

Í þriðja lagi er lagt til að auk þess sem heimilt sé að skerða lán eða breyta lánskjörum ef menn eiga fullnægjandi íbúð eins og nú segir í 6. mgr. 12. gr., sbr. lög nr. 84/1987, verði tekin upp sams konar heimild ef umsækjendur eiga álíka mikla eign þótt hún felist ekki í

íbúðarhúsnæði. Nefndin leggur jafnframt til að þessum ákvæðum verði beitt með opinskáum hætti til þess að draga úr lánsfjáreftirspurn frá þeim, sem ekki þurfa beinlínis á opinberri lánafyrirgreiðslu að halda til íbúðakaupa.

Húsbréfakerfið er sett fram sem nýr kafli í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lagt er til að á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, IV. kafli, um húsbréfaviðskipti.

Að frátöldum örfáum breytingum er lagafrumvarpið í meginatriðum samhljóða frumvarpi nefndar sem skipuð var 11. maí 1988 til að ganga frá tillögum að skipan hins almenna húsnæðislánakerfis og skilaði félagsmálaráðherra niðurstöðum 12. desember 1988. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpi nefndarinnar eru eftirfarandi:

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að kaupskylda lífeyrissjóðanna verði lækkuð úr 55% í 47% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er lagt til að lífeyrissjóðir geti uppfyllt samning um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með kaupum á húsbréfum. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglugerð til tveggja ára í senn um skiptingu skuldabréfakaupanna milli húsbréfa og annarra skuldabréfa Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta er gert til þess að skapa eðlilegt svigrúm fyrir húsbréfakerfið, enda gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir verði virkir kaupendur á húsbréfamarkaði.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að 5. mgr. 12. gr. laga nr. 86/1988 falli niður og þau rök færð fyrir því að nauðsynlegt sé að fella út ákvæðin um meðaltalslánsrétt svo að tillaga nefndarinnar um skerðingu á lánum til einhleypra nái fram að ganga. Þessi tillaga nefndarinnar er á misskilningi byggð og verður ekki séð að nauðsynlegt sé að fella niður þessa málsgrein vegna skerðingar lána til einhleypra. Þess vegna er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir ekki lagt til að fella þessa málsgrein niður.

Þá er í frumvarpsdrögum nefndarinnar gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn ákveði vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði, en í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra taki ákvörðun um vaxtaálag þetta að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Einnig var í niðurstöðum nefndarinnar gert ráð fyrir að húsbréfadeild geti í samráði við húsnæðismálastjórn tekið ákvörðun um verðtryggingarskilmála og lánskjör í hverjum flokki húsbréfa. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að húsbréfadeildin geri tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma og vexti í hverjum flokki húsbréfa. Ríkisstjórn Íslands tekur síðan ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Þetta er til samræmis við svipuð ákvæði í gildandi lögum. Einnig er gert ráð fyrir að húsbréfin verði undanþegin skattlagningu á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs.

Í ákvæði til bráðabirgða er m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi: Fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fá þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989. Skipti á fasteignaveðbréfum og húsbréfum vegna nýbygginga er fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna.

Áður en frekari grein verður gerð fyrir þeim hluta frumvarpsins sem fjallar um húsbréf er rétt að víkja fyrst nokkrum orðum að þróun lánsviðskipta í fasteignaviðskiptum á undanförnum árum og síðan að lýsingu vinnuhópsins á húsbréfakerfinu.

1. ÞRÓUN LÁNSVIÐSKIPTA Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

Viðskiptakjör með eldri íbúðir hafa tekið verulegum stakkaskiptum á síðustu tveimur áratugum. Útborgunarhlutfall, þ.e. sá hlutur andvirðis sem kaupandi greiðir seljanda í reiðufé, hefur farið hækkandi. Undanfarin ár hefur þetta hlutfall almennt verið á bilinu 70–80% af verðmæti fasteigna. Þetta hlutfall var um 50% í byrjun áttunda áratugarins.

Ástæður þessa eru vafalítið tvíþættar. Í fyrsta lagi bann við verðtryggingu frá 1966–1979 í viðskiptum einkaaðila og neikvæðir raunvextir óverðtryggðra skuldabréfalána og í öðru lagi bein lán Byggingarsjóðs ríkisins til kaupa á eldra húsnæði.

Algengast hefur verið að eftirstöðvar greiðslu við fasteignaviðskipti séu greiddar með skuldabréfum með veði í viðkomandi eign. Augljóst má telja að neikvæðir raunvextir þessara lána drógu mjög úr vilja og getu seljenda eldri íbúða til að lána verulegan hluta íbúðarverðs.

Við þessari þróun var brugðist snemma í upphafi áttunda áratugarins með beinum lánum frá Byggingarsjóði ríkisins til kaupa á eldri íbúðum, svonefndum G-lánum, en fyrir 1970 hafði Byggingarsjóður ríkisins ekki lánað til kaupa á eldri íbúðum og lánastarfsemin verið bundin við nýbyggingar. Lánshlutfall var í upphafi lágt en hefur smátt og smátt farið hækkandi og með breytingu húsnæðislánakerfisins 1986 komst það í 70% af nýbyggingarláni. Þótt það hafi að sjálfsögðu ekki verið ætlunin með lánveitingum til kaupa á eldri íbúðum hafa þessar lánveitingar og hækkun þeirra að líkindum haft í för með sér enn frekari hækkun á útborgunarhlutfalli.

Vonir stóðu til að þessi þróun, þ.e. hækkun útborgunarhlutfalls, mundi stöðvast eða jafnvel snúast við eftir að verðtrygging var heimiluð í viðskiptum einkaaðila með lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979. Tilraunir voru gerðar til að verðtryggja eftirstöðvar íbúðarverðs í fasteignaviðskiptum og lækka útborgunarhlutfall. Þessar tilraunir voru árangurslitlar og verðtrygging ruddi sér ekki til rúms í fasteignaviðskiptum. Skýring þessa virðist vera sú að seljendur fasteigna voru almennt ekki reiðubúnir til að lána stærri hluta íbúðarverðs. Orsakir þess má rekja til nokkurra þátta, svo sem lágra lána til nýbygginga, áhættu sem fólgin er í því að lána einstaklingi milliliðalaust stóra fjárhæð með veði sem erfitt og kostnaðarsamt er að ganga að og ef til vill þess að ekki var til þróaður eftirmarkaður fyrir verðbréf sem gerði eigendum þessara verðbréfa kleift að selja þau fyrir reiðufé.

Hækkun útborgunarhlutfalls hefur skapað þrýsting um aukna fyrirgreiðslu af hendi hins opinbera lánakerfis. Kerfisbreytingin 1986 endurspeglar þetta þar sem eitt meginmarkmið hennar var að auka ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna með auknu lánsfé frá lífeyrissjóðunum og virkari tækjum til að treysta að þessar lánveitingar næðu fram að ganga. Á sama tíma voru skömmtunarreglur húsnæðislánakerfisins rýmkaðar auk þess sem lánsfjárhæðir, sérstaklega til kaupa á eldri íbúðum, voru hækkaðar verulega. Í ljós hefur komið að öfugt við það sem að var stefnt hefur kerfisbreytingin leitt til meiri aukningar eftirspurnar en framboðs á lánsfé og því hefur myndast biðröð eftir afgreiðslu lána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Biðtími eftir lánsafgreiðslu er nú rösk þrjú ár og ef ekkert verður að gert mun hann lengjast fremur en hitt á næstu árum.

Það var skoðun vinnuhópsins að þessum vanda yrði að mæta fyrst og fremst með tvennum hætti. Í fyrsta lagi yrði að hækka útlánsvexti frá Byggingarsjóði ríkisins og koma stuðningi hins opinbera við íbúðarkaupendur fyrir með öðrum og skilvirkari hætti en nú er. Í því skyni lagði vinnuhópurinn til að teknar yrðu upp vaxtabætur sem tengdar yrðu tekjum eða eignum og tækju mið af vaxtabyrði íbúðarkaupenda. Í öðru lagi lagði vinnuhópurinn til að komið yrði á fót kerfi húsbréfaskipta og markaði fyrir húsbréf.

2. HUGMYND VINNUHÓPSINS

Í áliti vinnuhópsins kemur fram lýsing á húsbréfakerfinu, en það er einn þeirra kosta sem hópurinn tók til athugunar og umfjöllunar. Um það segir í áliti vinnuhópsins:

„Þriðji kosturinn er sá að í stað beinna lána til íbúðakaupa verði tekið upp kerfi skuldabréfaskipta — húsbréfamiðlunar. Hugmyndin er sú að við íbúðasölu taki seljandi við skuldabréfi fyrir láni sínu til kaupanda og geti síðan skipt á þessu bréfi og ríkistryggðum og markaðshæfum bréfum, húsbréfum, hjá Húsnæðisstofnun eða hjá sérstakri húsbréfamiðlun sem komið yrði á fót í þessu skyni. Annar möguleiki væri að kaupandi annaðist skuldabréfaskiptin og afhenti seljanda húsbréfin. Húsbréfin yrðu markaðshæf, en í því felst að þau yrðu með kjörum sem væru gjaldgeng á peningamarkaði og bæru ríkisábyrgð eða að opinber aðili stæði að baki og væri greiðandi slíkra bréfa. Húsnæðisstofnun eða húsbréfamiðlunin yrði hins

vegar eigandi hins upprunalega skuldabréfs og innheimti greiðslur af því hjá íbúðarkaupanda og bæri því áhættuna af þessum viðskiptum.

Meginhugmynd þessara tillagna er sú að ekki sé þörf fyrir verulegt viðbótarfjármagn vegna venjulegra fasteignaviðskipta þar sem hver lánar öðrum. Eðlilegt sé að kaupendur og seljendur leysi fjármögnunina sín á milli. Hlutverk hins opinbera húsnæðiskerfis á þessu sviði sé fyrst og fremst að skapa traustan samningsgrundvöll milli þessara aðila. Þetta gerist með skuldabréfaskiptunum. Með þeim fær seljandi verðtryggð skuldabréf með ríkisábyrgð og öruggum greiðslum. Húsnæðisstofnun axlar áhættuna og innheimtir óbeint greiðslur fyrir íbúðarseljanda. Seljandi getur þá gert eitt af þrennu, átt bréfin sem hvern annan öruggan sparnað, látið þau ganga upp í næstu íbúðakaup sín eða innleyst bréfin á markaði.

Húsbréfin mundu að líkindum ganga áfram milli kaupenda og seljenda. Seljandi sem hefur keypt á slíkum kjörum, gæti látið bréfin ganga áfram við fasteignakaup sín. Með þessu móti væri að því stefnt að draga úr og hætta síðan alveg beinum lánveitingum húsnæðislánakerfisins, en auka þátttöku annarra lánastofnana með kaupum þeirra á húsbréfum. Þá væri jafnframt loks kominn raunhæfur grundvöllur að lækkun útborgunarhlutfalls og aukinni innri fjármögnun við endursölu á notuðum íbúðum, þ.e. að seljandi láni kaupanda. Þótt þessi kostur kunni að þykja nýstárlegur er hann þó vel þekktur erlendis.

Öll lánastarfssemi samkvæmt þessari leið yrði á markaðsvöxtum. Af því leiðir að sú aðstoð sem húseigendum er nú veitt með lægri vöxtum en á almennum markaði, yrði að vera í öðru formi. Þess vegna er það forsenda fyrir þeirri tilhögun sem hér er lýst, að opinber stuðningur í skattakerfinu verði endurskoðaður ...

Rétt er að benda á sérstaklega að verði vextir hækkaðir, eins og reifað hefur verið ítarlega hér að framan, er líklegt að ýmsir þeirra, sem nú bíða eftir lánsloforðum frá Húsnæðisstofnun, muni leita annarra fjármögnunarleiða. Jafnframt má gera ráð fyrir að eftir hækkun vaxta muni áhugi annarra lánastofnana á lánveitingum til húsnæðismála aukast. Reyndar er mjög sennilegt að við hlið núverandi kerfis komi fljótlega upp vísir að skuldabréfamarkaði tengdum fasteignaviðskiptum. Slíkur markaður yrði hins vegar óskipulegur og ótraustur og líklegt er að íbúðakaupendur yrðu að sæta verulegum afföllum við sölu eigin skuldabréfa. Því hlýtur það að vera vænlegur kostur að skipuleggja beinlínis húsbréfamarkað eins og hér er lýst. Með því væri skapaður traustur grundvöllur fyrir eðlileg og örugg viðskipti með ríkistryggð húsbréf, fyrir snurðulausan framgang íbúðaviðskipta og aukið fjármagn til húsnæðislána.

Helstu atriði þessarar leiðar.

a. Í stað beinna lána frá Byggingarsjóði ríkisins til kaupa á eldri íbúðum bjóðist sjóðurinn til að kaupa fasteignaveðbréf sem gefin verði út í tengslum við fasteignaviðskipti, og innleysi þau með nýjum bréfum, húsbréfum, frá Byggingarsjóði ríkisins. Þessi bréf verði markaðshæf og geti verið allt að 70% að söluandvirði eignar og að hámarki 70% af brunabótamati að teknu tilliti til áhvílandi lána.
b. Lánsréttur eða réttur til að skipta á skuldabréfum fyrir húsbréf verði almennur og ekki bundinn aðild að lífeyrissjóði eða eignarhaldsformi því að hin raunverulega fjármögnun gerist með frjálsum viðskiptum með húsbréf.
c. Dregið verði úr þvinguðum lánveitingum lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins, eða þær afnumdar að fullu, a.m.k. þegar fram í sækir enda ætti fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins að minnka verulega.
d. Nýbyggingarlán verði óbreytt fyrst um sinn, en stefnt að því að lækka þau eftir því sem húsbréfamarkaðinum vex fiskur um hrygg.

Húsbyggjendum væri gefinn kostur á að fá húsbréf til viðbótar við lánveitingu sjóðsins upp að 70% af brunabótamati. Þó væri veðsetning aldrei meiri en 5,5 m.kr. miðað við núverandi verðlag. Þetta væri gert þannig að húsbyggjandi gæfi út skuldabréf með veði í húseigninni sem innleyst væri hjá Byggingarsjóði ríkisins með húsbréfi.

Markaður fyrir húsbréf.

Vandasamasti hluti þessarar leiðar er að tryggja markað fyrir húsbréfin. Í því skyni er nauðsynlegt, að einhver opinber aðili verði „viðskiptavaki" eins og það er nefnt, á markaði fyrir þessi bréf. Hlutverk viðskiptavaka er fólgið í því að ábyrgjast að alltaf sé markaður fyrir húsbréfin, þ.e. að þau séu jafnan seljanleg á því verði sem viðskiptavakinn auglýsir, og að greiða fyrir viðskiptum á markaðnum yfirleitt, m.a. með því að auglýsa ávallt á hvaða verði hann sé reiðubúinn til að kaupa bréfin og selja þau. Verðið á bréfunum mun ráðast af markaðsaðstæðum. Ef framboð á húsbréfum er mikið lækkar viðskiptavakinn kaupgengi bréfanna en hækkar það við aukna eftirspurn.

Gengislækkun þýðir jafnframt að vextir bréfanna fara hækkandi, en gengishækkun hefur gagnstæð áhrif. Yrðu slíkar breytingar viðvarandi um eitthvert skeið mundi það endurspeglast í vöxtum nýrra húsbréfa. Ekki er ljóst, hvaða aðili ætti að taka að sér hlutverk viðskiptavaka. Einn kostur er að Húsnæðisstofnun hefði þetta með höndum. Húsnæðisstofnun á mikið eigið fé og vaxtahækkun svo og framlög frá ríkinu næstu árin gætu bætt stöðu hennar. Hún ætti því að hafa fjárhagslegt bolmagn til að axla þá ábyrgð sem í þessu felst.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að þetta hlutverk er gerólíkt því sem stofnunin gegnir nú og mundi því krefjast algerrar endurskipulagningar hennar. Annar kostur væri að Seðlabankinn gegndi hlutverki viðskiptavaka, eins og í Danmörku og raunar eins og hann gerir nú hvað varðar spariskírteini ríkissjóðs. En hvernig sem þessu yrði fyrir komið yrðu húsbréfin skráð á Verðbréfaþingi og viðskiptavakinn væri aðili að þinginu.

Hér á undan kom fram að lagt er til að kaupskylda lífeyrissjóða verði minnkuð í áföngum og helst afnumin samfara minnkandi útlánsþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Eftir sem áður er hér gert ráð fyrir að lífeyrissjóðafé yrði beint til húsnæðismála og að lífeyrissjóðirnir yrðu langstærsti aðilinn á markaði fyrir húsbréfin. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna fer að líkindum ört vaxandi næstu árin en góðir og öruggir ávöxtunarmöguleikar eru takmarkaðir. Húsbréfin ættu að vera ákjósanleg fyrir lífeyrissjóðina, þar sem þau eru tryggð með ríkisábyrgð, bera markaðsvexti auk þess sem þau væru markaðshæf og ætíð seljanleg. Jafnframt yrði sjálfstæði sjóðanna til ákvarðana um ráðstöfun eigin fjármagns aukið að mun, en takmörkun þess og lögbinding skuldabréfakaupa um langa hríð hefur verið þeim þyrnir í augum. Verði þessi leið fyrir valinu væri nauðsynlegt og eðlilegt að viðræður væru teknar upp við forustumenn lífeyrissjóðanna í því skyni að tryggja samráð og samvinnu við þá.

Húsbréfaviðskipti.

Skuldabréfaskiptin mundu gerast með þeim hætti, að kaupandi gæfi út við afsal verðtryggt skuldabréf. Best væri að Húsnæðisstofnun eða húsbréfamiðlunin léti sérprenta skuldabréfaeyðublað vegna þessa. Seljandinn eða kaupandinn innleysti síðan bréfið í Húsnæðisstofnun og fengi húsbréf í staðinn. Ef mismunur væri á kjörum skuldabréfs kaupanda og húsbréfa mundi Húsnæðisstofnun kaupa skuldabréf seljanda miðað við útreiknað gengi. Ástæða er þó til að ætla að fljótlega mundu fasteignaveðbréfin hafa sömu kjör og húsbréfin.

Að líkindum væri kostur í þessu kerfi að húsbréf væru gefin út í ákveðnum einingum, t.d. 1 m.kr., 500 þús. kr. og 100 þús. kr. til þess að greiða annars vegar fyrir viðskiptum með þau og hins vegar að gera eiganda kleift að selja hluta af húsbréfaeigninni og halda hluta hennar.

Til greina kemur að sömu tilhögun verði komið á fyrir nýbyggingarlán, þegar reynsla hefur fengist af húsbréfamarkaðinum. Gera má ráð fyrir að fjárfestingar í íbúðarhúsnæði nemi 8–9 milljörðum kr. á ári. Húsbréf sem gefin væru út vegna nýbygginga og næmu um 60–70% af byggingarkostnaði munu því vera um 5–6 milljarðar kr. á ári. Hér er um háar fjárhæðir að ræða og því ekki unnt að reikna með að markaður myndaðist á skömmum tíma fyrir svo mikið

fé. Rétt væri hins vegar að stefna að því að sams konar fyrirkomulag verði á næstu árum tekið upp fyrir nýbyggingarlán.

Rétt er að benda á, að fyrirkomulag það sem hér er lýst, yrði ekki háð eignarhaldsformi. Með öðrum orðum skiptir ekki máli, hvort útgefendur skuldabréfanna, þ.e. íbúðakaupendur eða byggjendur, eru einstaklingar, félagasamtök eða framkvæmdaraðilar í byggingariðnaði.

Tenging við núverandi kerfi.

Einn af kostunum við þá leið, sem hér er reifuð, er hve auðvelt virðist að tengja hana við það kerfi og þá biðröð sem fyrir er. Þetta felst í því að gefinn væri kostur á því fyrirkomulagi skuldabréfaviðskipta sem hér er lýst, samhliða núverandi kerfi. Þeir sem væru í íbúðaviðskiptum gætu þá valið að bíða síns tíma í biðröðinni og gera viðskipti sín á grundvelli núverandi fyrirkomulags, ellegar að nýta sér skuldabréfaskipti, eins og þeim hefur verið lýst hér. Er þá vitaskuld gert ráð fyrir að búið verði að jafna vaxtakjör eins og lagt er til hér að framan. Í þessu virðast felast tveir mikilvægir kostir; annars vegar gæti þetta stuðlað að því að biðröðin eftir lánum eyddist fyrr en ella, og greitt fyrir eðlilegum fasteignaviðskiptum og leyst þá hnúta, sem fram hafa komið vegna forgangsreglna núverandi kerfis; hins vegar virðist einmitt heppilegt að nýja kerfinu verði komið á fót smám saman við hlið hins eldra, en það gæfi færi á lengri aðlögunartíma en ella.

Þótt þessu kerfi virðist ekki fylgja beinir ókostir miðað við markmið þess fylgja því ýmis vandamál að hrinda því af stað og verður því að undirbúa það af kostgæfni. Að þrennu virðist þurfa að huga fyrst og fremst, þ.e. það sem fyrr er nefnt, að skipuleggja markað fyrir húsbréfin, að hafa náið samráð við lífeyrissjóði og raunar aðra aðila, sem starfa á verðbréfamarkaði, og loks eitt sem ekki skiptir minnstu máli, að fá fasteignasala og samtök þeirra til náins samráðs og samvinnu um hina nýju tilhögun."

3. FRÁVIK FRÁ TILLÖGU VINNUHÓPSINS

Frumvarpið fylgir hugmyndum vinnuhópsins þó þannig að í frv. er lánsfjárhæð takmörkuð við 65% af brunabótamati eða markaðsverði, en ekki 70% eins og vinnuhópurinn gerði ráð fyrir. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra geti sett krónutölutakmörkun á veðsetningu, en í hugmyndum starfshópsins er tilgreind upphæðin 5,5 m.kr. miðuð við þágildandi verðlag. Frumvarpið tekur ennfremur af öll tvímæli um að húsbréfamiðlunin verði innan Húsnæðisstofnunar ríkisins hjá sérstakri húsbréfadeild, sem gegni jafnframt hlutverki viðskiptavaka, en Seðlabanka Íslands er ætlað að fylgjast með húsbréfamarkaðnum og hindra að verulegt misvægi myndist á honum. Í því felst frekara öryggi.

Eins og fram kemur í áliti vinnuhópsins lagði hann til að fyrst í stað næði hið nýja fyrirkomulag einungis til kaupa íbúða í endursölu (þ.e. eldra húsnæðis), en stefnt yrði að því að þetta fyrirkomulag tæki einnig til fjármögnunar nýbygginga þegar fram í sækir og markaðurinn hefur þroskast. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er reist á þessari hugmynd. Það er almenns eðlis en því má hrinda í framkvæmd í áföngum með því að Byggingarsjóður ríkisins láti ógert að nýta sér tilteknar heimildir til lánveitinga skv. 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Upphafsáfangi yrði þá að hætta að veita lán til kaupa á notuðum íbúðum skv. 2. tölul. 11. gr. jafnframt því sem húsbréfakerfið tæki við þeim þætti.

4. NÁNAR UM HÚSBRÉFAKERFIÐ

Talið er eðlilegt að Byggingarsjóður ríkisins sé útgefandi húsbréfa því nauðsynlegt þykir að stór opinber aðili standi að baki bréfunum, a.m.k. fyrst um sinn meðan verið er að ryðja brautina fyrir nýju kerfi.

Ekki er útilokað að aðrar lánastofnanir gætu hafið útgáfu sambærilegra verðbréfa í eigin nafni í sama tilgangi. Það að þessi verðbréf ganga kaupum og sölum á markaðsvöxtum og

stuðningur hins opinbera við íbúðakaupendur er í gegnum skattakerfi opnar einmitt möguleika hvað þetta varðar.

Það kann að teljast ókostur að skuldbinda Byggingarsjóð ríkisins með þessum hætti því slíkri skuldbindingu fylgir ríkisábyrgð á húsbréfunum. Hins vegar má ætla að áhætta ríkissjóðs vegna húsbréfa sé minni en þegar um er að ræða lán til atvinnufyrirtækja eða fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna vegna mikillar áhættudreifingar í fasteignaviðskiptunum.

Veðlán vegna íbúðakaupa eru tiltölulega lítil hvert um sig, lánþegar margir og veð eiga að vera trygg svo fremi að lánstími sé innan skynsamlegra marka.

Verkefni útgefanda húsbréfa og samvinna við lánastofnanir.

Verkefni húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins í sérhverju lánstilviki fyrir sig verða fyrst og fremst þessi:

a. Að meta veðhæfni þeirrar fasteignar sem standa á að veði fyrir fasteignaveðbréfum,
b. að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfsins,
c. að meta kaupverð veðbréfsins miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu,
d. að kaupa veðbréfið og greiða með húsbréfum sem einnig þarf að meta með tiltekinni ávöxtunarkröfu,
e. að innheimta endurgreiðslur af veðbréfinu,
f. að inna af hendi endurgreiðslur af húsbréfunum,
g. að gæta þess að halda eftir hæfilegum vaxtamun til að mæta rekstrarkostnaði og útlánatöpum,
h. að gera reglubundnar áætlanir um inn- og útborganir vegna kerfisins og
i. að vaka yfir eftirmarkaði.

Ljóst er að verkefni skv. a–d liðum verða að gerast samhliða fasteignaviðskiptunum þar sem seljandi íbúðar þarf að hafa vissu um að Byggingarsjóður ríkisins muni vilja kaupa fasteignaveðbréfið. Þetta þýðir að samhliða fasteignaviðskiptunum verður kaupandi að afla yfirlýsingar frá útgefanda húsbréfanna um hve há fjárhæð má vera á fasteignaveðbréfinu að teknu tilliti til veðsins og greiðslugetu skuldarans. Þetta kallar á verulega samvinnu milli útgefanda húsbréfanna, kaupandans og fasteignasalans.

Gert er ráð fyrir að húsbréfadeildin feli viðurkenndum lánastofnunun, svo sem viðskiptabönkum og sparisjóðum, að annast þau verkefni sem talin eru upp í b–c liðum, þ.e. annast viðskipti við seljanda fasteignaveðbréfsins. Ljóst má vera að þessar stofnanir eru að mörgu leyti betur til þess fallnar að leggja mat á greiðslugetu skuldara en húsbréfadeildin. Kaupandi húsnæðis getur því snúið sér beint til viðskiptastofnunar sinnar og gengið frá fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Með þessu aukast líkur á því að einn aðili fái yfirlit um lánsviðskipti hvers einstaklings og geti veitt traustari ráðgjöf um val á fjárfestingu í samræmi við greiðslugetu.

Húsbréfadeildin er kaupandi fasteignaveðbréfanna og verður því að ganga tryggilega frá öllum þeim þáttum sem lúta að tryggingum vegna þeirra. Hér er hins vegar reiknað með að húsbréfadeildin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að annast á mat veðhæfni eigna. Með þessu móti er því komið til leiðar að mikilsverður þáttur við kaup á fasteignaveðbréfum geti farið fram á hverjum stað.

Þetta tvennt stuðlar að því að dregið verði úr þeirri miðstýringu sem verið hefur á lánveitingum til húsnæðismála á undanförnum áratugum. Afgreiðsla láns og mat á umsóknum getur nú flust í byggðarlög viðkomandi og viðskiptastofnanir til hagræðis fyrir íbúðarkaupendur og sparnaðar fyrir Húsnæðisstofnun.

Einkenni fasteignaveðbréfa og húsbréfa.

Nauðsynlegt er að ganga þannig frá húsbréfunum að þau verði góð markaðsvara, enda er að því stefnt að þau séu endurseld á markaði. Í þessu skyni er æskilegt að gefa út flokka

staðlaðra bréfa sem markaðurinn lærir að þekkja. Reynslan sker úr um hvaða flokkastærð og útgáfutíðni hentar best, en líklega er rétt að miða við að ekki séu gefnir út fleiri en einn flokkur á ári fyrst um sinn. Einnig kemur til greina að sami flokkur sé í sölu í nokkur ár. Með því eru viðskipti með húsbréfin einfölduð verulega. Kjör og önnur einkenni bréfa í hverjum flokki verða hin sömu, en hér koma ýmis atriði til álita.

Til þess að draga úr áhættu í rekstri húsbréfadeildar virðist nauðsynlegt að hafa samræmi á kjörum og endurgreiðslum veðskuldabréfa og húsbréfa. Sé verðtryggingu beitt þarf hún að gilda um báðar hliðar. Sama gildir um vaxtaformið. Þar eð fastir vextir henta best markaðshæfum húsbréfum er heppilegast að veðskuldabréfin beri einnig fasta vexti. Byggingarsjóður þarf með öðrum orðum að setja það skilyrði fyrir skuldabréfaskiptum að fasteignaveðbréfin hafi svipuð einkenni hvað varðar vexti og verðtryggingu og húsbréfin. Jafnframt þarf heildarlánstími fasteignaveðbréfanna að vera sá sami og húsbréfanna.

Hér er gert ráð fyrir að húsbréfin verði með ákveðnum lánstíma en endurgreiðsla þeirra fari fram með útdrætti þar sem endurgreiðslum af fasteignaveðbréfum er ráðstafað til innlausnar húsbréfa. Þetta verður að vera svo þar sem húsbréfin eru markaðsbréf, og húsbréfadeildin getur því vart innt af hendi reglulegar greiðslur af hverju bréfi. Húsbréf sem dregið er út er innleyst að fullu með endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta.

Til að hafa áhrif á kjör fasteignaveðbréfanna er einfaldast að húsbréfadeildin leggi fasteignakaupendum til sérstakt skuldabréfaeyðublað með stöðluðum skilmálum.

Ákveða verður lánstíma bréfanna. Af ýmsum ástæðum svo sem markaðshæfni er ekki álitlegt að hann verði lengri en 25 ár. Varðandi endurgreiðsluform verður að gera ráð fyrir að annaðhvort verði það annuitet eða jafnar árgreiðslur. Slíkt form hentar best íbúðakaupendum. Gera verður ráð fyrir að verðtrygging sé gildandi á öllum bréfum í þessum viðskiptum. Rétt er að miða við fasta vexti sem taki mið af markaðsvöxtum. Bréfin yrðu væntanlega gefin út í jafnháum einingum í hverjum flokki t.d. 50 þús. kr., eins og verðlagi er nú háttað.

Eftirspurn eftir húsbréfum.

Lykillinn að velgengni húsbréfakerfisins er að þau verði vinsæl, eða m.ö.o. eftirspurn eftir þeim verði næg. Því er rétt að reyna að meta hverjir séu líklegir kaupendur bréfanna og hvernig bréfunum verði miðlað.

Fyrst má nefna það að seljendur fasteigna, sem hingað til hafa eignast veðskuldabréf, ættu ekki síður að vilja eiga húsbréf, þar sem endurgreiðslur þeirra eru tryggari en veðskuldabréfa. Á móti kemur að húsbréfin eru til lengri tíma en tíðkast hefur um veðskuldabréf í fasteignaviðskiptum og þurfa eigendur áreiðanlega að selja þau í mörgum tilvikum. Þar sem seljandi fasteignar eignast nokkur meðalstór húsbréf getur hann kosið að selja nokkur þeirra en eiga önnur.

Lífeyrissjóðir yrðu líklegir kaupendur húsbréfa einkum ef slakað yrði á kvöðinni um að kaupa bréf byggingarsjóðanna fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Verðbréfasjóðir taka líklega fegins hendi við tryggum verðbréfum eins og húsbréfum, en ógjörningur er að segja hversu mikið þeir muni kaupa. Sama má segja um banka og sparisjóði.

Eftirspurn allra þessara aðila ræðst ekki síst af því hvort mikið er einnig af spariskírteinum ríkissjóðs í boði. Húsbréf sem Byggingarsjóður ríkisins gefur út hljóta að þurfa að keppa við spariskírteini, þar sem þau eru í sama áhættuflokki. Hugsanlegt er þó að húsbréfin skeri sig frá spariskírteinum með því að binditími þeirra verði lengri. Litlu meiri áhætta fylgir bankabréfum og veðdeildarbréfum, sem einnig hljóta að hafa áhrif á eftirspurn eftir húsbréfum.

Miðlun húsbréfa.

Telja verður sennilegt að fljótlega muni nokkrir aðilar verða ráðandi í miðlun húsbréfa og að bankar og aðrir verðbréfamiðlarar muni sameinast í einhverjum mæli um rekstur

húsbréfamiðlana. Til að tryggja heilbrigða samkeppni og nýta þá tækni sem nú er til staðar sýnist heppilegt að stefna að því að húsbréf fáist skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Þar geta þingaðilar sett fram tilboð í miðlæga tilboðsskrá og fengið upplýsingar um ný tilboð og viðskipti annarra með skráð verðbréf. Verðbréfaþing sendir reglulega frá sér upplýsingar um tilboðsverð og þau viðskipti með skráð bréf sem eiga sér stað á þinginu, en slík upplýsingamiðlun um húsbréfin er mikilvæg. Að auki er æskilegt að fram komi upplýsingar um viðskipti með húsbréf, enda þótt þau eigi sér stað utan verðbréfaþingsins. Verði af einhverjum ástæðum ekki talið æskilegt að skipta með bréfin á þinginu, mundi líklega þurfa að koma upp hliðstæðu kerfi fyrir tilboð og upplýsingamiðlun utan þings.

Tilboðs- og upplýsingakerfið þarf að tryggja seljendum húsbréfa hæsta verð, þ.e. lægstu fórnarvexti, fyrir bréf sín. Viðskiptakerfið þarf að vera með þeim hætti að seljandi geti losað bréf sín á tiltölulega skömmum tíma. Þegar þessu fyrirkomulagi vex fiskur um hrygg kann vel að vera að þeir treysti sér til að kaupa tafarlaust tiltekið magn húsbréfa sem þeir selja síðar. Ekkert ætti að vera þessu til fyrirstöðu ef viðskiptaverðið er í samræmi við gildandi markaðsverð.

Viðskiptavaki húsbréfa.

Til að tryggja góðan eftirmarkað þarf einhver tiltekinn aðili að vaka yfir viðskiptum með húsbréf, og vera reiðubúinn að kaupa þau ef aðrir kaupendur finnast ekki. Hlutverk viðskiptavaka er að stuðla að vinsældum bréfanna. Það getur m.a. falið í sér að reyna að koma í veg fyrir verðsveiflur. Ekki er þó hægt að ætlast til þess að viðskiptavaki haldi verðinu óraunhæfu um langan tíma. Sé talið að verð bréfanna sé „óeðlilega" lágt (vextir háir) gæti viðskiptavaki keypt bréf og selt þau síðar þegar verð er talið vera hátt.

Byggingarsjóður ríkisins getur eðlilega gegnt þessu hlutverki sjálfur, en þarf þá sérstakan fjárhag í því skyni til að geta keypt nokkurt magn bréfa, þegar ástæða þykir til, sem hann selur aftur síðar. Á hinn bóginn er eðlilegt að Seðlabankinn fylgist jafnframt með þessum viðskiptum og sé reiðubúinn til þess að grípa til eigin kaupa eða sölu húsbréfa ef verulegt misvægi myndast á markaðinum.

Lagasetning og framkvæmd.

Eins og sést af frumvarpinu er ekki þörf fyrir mikla lagasetningu til að koma húsbréfakerfinu á og reyndar óeðlilegt að binda of marga þætti þess í lög, því að það verður að vera nokkuð sveigjanlegt. Hins vegar veltur á miklu um framkvæmdina.

Nauðsynlegt verður að kynna rækilega þá breytingu sem húsbréfakerfið felur í sér. Kynningin þarf að sjálfsögðu að ná til almennings en ekki síður til fasteignasala.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingartillögur í 1. gr. varða 12. gr. laganna og eru tvenns konar.

Í lagafrumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðir geti uppfyllt samninga um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með kaupum á húsbréfum. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglugerð til tveggja ára í senn um skiptingu skuldabréfakaupanna milli húsbréfa og annarra skuldabréfa Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ástæða þessarar tillögu er sú að nauðsynlegt er að veita lífeyrissjóðunum nokkurt fjárhagslegt svigrúm til þess að taka þátt í húsbréfakaupum.

Í öðru lagi er lagt til að auk þess sem heimilt sé að skerða lán eða breyta lánskjörum ef menn eiga fullnægjandi íbúð, eins og nú segir í 6. mgr. 12. gr., sbr. lög nr. 84/1987, verði tekin upp sams konar heimild ef umsækjendur eiga álíka mikla eign þótt hún felist ekki í íbúðarhúsnæði. Miða skal við hreina eign samkvæmt skattframtali. Með fullnægjandi húseign

eða samsvarandi eign er miðað við hreina eign sem er ekki lægri en nemur tvöföldu nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Nefndin leggur jafnframt til að þessum ákvæðum verði beitt með opinskáum hætti til þess að draga úr lánsfjáreftirspurn þeirra sem ekki þurfa beinlínis á opinberri lánafyrirgreiðslu að halda til íbúðakaupa.

Um 2. gr.

Hér er annars vegar lagt til að horfið verði frá núgildandi tillögum um það að einhleypir fái jafnhá lán og hjón, sambýlisfólk eða einstæðir foreldrar. Nefndin leggur til að þessu verði breytt þannig að lánsfjárhæðir samkvæmt lögunum verði miðaðar við hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra en lánsfjárhæðir einhleypra verði 67% af lánum til hjóna.

Hins vegar er lagt til að allir umsækjendur sem eiga íbúð, sitji við sama borð og fái jafnhátt lán hvort sem þeir eru að kaupa nýja eða notaða íbúð. Samkvæmt gildandi lögum fá þeir sem eru að kaupa nýja íbúð lán sem nemur 70% af hámarksláni, en hinir sem kaupa notaða íbúð fá 49% af hámarksláni. Í þessari tillögu felst að lán til þeirra sem eiga íbúð fyrir og ætla að kaupa nýja íbúð skerðist um 30%.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða sömu tillögu um lánsrétt hjóna og einhleypinga og er fjallað um í skýringu við 2. gr.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að á eftir III. kafla laganna komi nýr IV. kafli, með 18 nýjum greinum, greinar 50–68, en núverandi IV.–IX. kafli verði V.–X. kafli með tilsvarandi breytingum greinanna. Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum í þessum kafla.

Um a. (50. gr.)

Þarfnast ekki skýringar.

Um b. (51. gr.)

Þarfnast ekki skýringar.

Um c. (52. gr.)

Þarfnast ekki skýringar.

Um d. (53. gr.)

Hlutverk húsbréfadeildar er að gefa út sérstök markaðshæf skuldabréf, húsbréf til skipta á fasteignaveðbréfum til að greiða fyrir fasteignaviðskiptum með nýjar og notaðar íbúðir. Tilgangur þessa er að skapa traustan samningsgrundvöll milli kaupenda og seljenda íbúðarhúsnæðis um lánsviðskipti við kaup á íbúðarhúsnæði. Í raun þýðir þetta fyrirkomulag að Byggingarsjóður ríkisins gengur í ábyrgð fyrir kaupanda þar sem seljandi fær í hendur skuldabréf, húsbréfið, sem er með ábyrgð Byggingarsjóðs ríkisins. Með þessum hætti er vonast til að útborgunarhlutfall í fasteignaviðskiptum muni lækka og að innri fjármögnun þessara viðskipta, þ.e. sá hluti kaupverðs sem seljandi lánar kaupanda, aukist.

Seljandi íbúðar, sem tekur húsbréf sem greiðslu á hluta íbúðarverðs, hefur þrjá kosti. Hann getur átt bréfið og hirt af því arð til gjalddaga, látið það ganga áfram við önnur eignaskipti, eða selt það fyrir reiðufé. Vegna síðast nefnda möguleikans er nauðsynlegt að tryggja markað fyrir húsbréf. Líklegt er að seljendur íbúða munu í talsverðum mæli vilja selja húsbréf sín fyrir reiðufé.

Í a-lið greinarinnar er kveðið á um útgáfu verðbréfa, húsbréfa, í verðbréfaflokkum með ábyrgð Byggingarsjóðs ríkisins. Með verðbréfaflokkum er átt við safn verðbréfa með sameiginleg einkenni, svo sem nafnverð, vexti og lánstíma. Tilgangur þess að gefa húsbréfin út í verðbréfaflokkum er að auðvelda viðskipti með þau. Til þess að tryggja að markaður myndist fyrir einstaka húsbréfaflokka er nauðsynlegt að tryggja sölu á ákveðnum lágmarksfjölda húsbréfa úr hverjum flokki. Þetta þýðir að hver flokkur þarf að vera í sölu a.m.k. eitt ár eða svo.

Í b-lið er kveðið á um skipti húsbréfa og fasteignaveðbréfa, þ.e. að húsbréfadeildin kaupi fasteignaveðbréf og greiði þau út með húsbréfum. Nánar er kveðið á um þessi viðskipti í 54. gr.

Í c-lið er tekið fram að húsbréfadeildin skuli stuðla að því að eðlilegur markaður myndist fyrir húsbréf, þ.e. þannig að tryggt sé að þau verði ævinlega seljanleg.

Um e. (54. gr.)

Í þessari grein er fjallað um atriði sem húsbréfadeildin þarf að framkvæma vegna viðskipta hennar með húsbréf. Í fyrsta lagi ber henni skylda til að meta veðhæfni þeirrar eignar sem stendur að veði fyrir fasteignaveðbréfinu, sbr. 61.gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi þarf hún að ganga svo frá að mat sé lagt á greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfsins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst sá að tryggja að húsbréfadeildin kaupi ekki fasteignaveðbréf þar sem ljóst má vera frá upphafi að skuldari, að teknu tilliti til tekna og annarra þátta, svo sem eigna og skulda, muni ekki geta staðið við væntanlega greiðslubyrði. Ef veð er ekki fyrir hendi eða líklegt er talið að skuldari rísi ekki undir þeirri greiðslubyrði sem fyrirsjáanleg er, getur húsbréfadeildin synjað um skuldabréfaskipti. Mikilvægt er að stofnunin kynni vel þær viðmiðunarreglur sem hún beitir í þessu skyni. Þetta hlutverk er sambærilegt því ákvæði sem er í 12. gr. III. kafla um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í þriðja lagi þarf að meta markaðsverð fasteignaveðbréfa og húsbréfa með tilliti til markaðsvaxta. Þetta verkefni væri mjög einfaldað ef húsbréfadeildin hefði forgöngu um útgáfu staðlaðra veðbréfa til notkunar í fasteignaviðskiptum þar sem vextir, lánstími og verðtryggingarákvæði væru þau sömu og á húsbréfum.

Gert er ráð fyrir að húsbréfadeildin feli viðurkenndum lánastofnunum, svo sem viðskiptabönkum og sparisjóðum, að annast þau verkefni sem talin eru upp í b–c liðum, þ.e. annast viðskipti við seljanda fasteignaveðbréfsins. Ljóst má vera að þessar stofnanir eru að mörgu leyti betur til þess fallnar að leggja mat á greiðslugetu skuldara en húsbréfadeildin. Kaupandi húsnæðis getur því snúið sér beint til viðskiptastofnunar sinnar og gengið frá fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Með þessu aukast líkur á því að einn aðili fái yfirlit um lánsviðskipti hvers einstaklings og geti veitt traustari ráðgjöf um val á fjárfestingu í samræmi við greiðslugetu.

Húsbréfadeildin er kaupandi fasteignaveðbréfanna og verður því að ganga tryggilega frá öllum þeim þáttum sem lúta að tryggingum vegna þeirra. Hér er hins vegar reiknað með að húsbréfadeildin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að annast mat á veðhæfni eigna. Með þessu móti er því komið til leiðar að mikilsverður þáttur við kaup á fasteignaveðbréfum geti farið fram á hverjum stað.

Þetta tvennt stuðlar að því að dregið verði úr þeirri miðstýringu sem verið hefur á lánveitingum til húsnæðismála á undanförnum áratugum. Afgreiðsla láns og mat á umsóknum getur nú flust í byggðarlög viðkomandi og viðskiptastofnanir til hagræðis fyrir íbúðarkaupendur og sparnaðar fyrir Húsnæðisstofnun.

Um f. (55. gr.)

Þarfnast ekki skýringar.

Um g. (56. gr.)

Hér er áskilið að húsbréfadeildin skuli gæta þess að fjárstreymi hennar sé í jafnvægi á hverjum ársfjórðungi. Þannig er komið í veg fyrir að húsbréfadeildin taki áhættu í sínum rekstri hvað vexti og lánstíma varðar, þ.e. vextir og lánstími húsbréfa og fasteignaveðbréfa skal í öllum aðalatriðum standast á. Þetta er gert til að tryggja fjárhagslega stöðu deildarinnar.

Um h. (57. gr.)

Hér er kveðið á um ráðstöfun endurgreiðslna fasteignaveðbréfa og fyrirkomulag endurgreiðslna húsbréfa. Ekki er tekið fram hvaða endurgreiðsluform skuli vera á fasteignaveðbréfum þeim er húsbréfadeildin kaupir en eðlilegast er að þau séu jafngreiðslulán (annúitet) frá sjónarmiði kaupenda. Húsbréfadeildin getur haft áhrif á form fasteignaveðbréfanna með útgáfu staðlaðra skuldabréfa, sbr. skýringar við 54. gr. Í raun skiptir ekki verulegu máli hvort fasteignaveðbréfin eru með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum.

Endurgreiðslum fasteignaveðbréfanna til húsbréfadeildar er ráðstafað til greiðslu vaxta og höfuðstóls húsbréfa. Endurgreiðsla húsbréfa skal vera í formi útdráttar. Með útdrætti er átt við að á hverjum gjalddaga séu dregin út númer úr flokkum húsbréfa með sömu einkennum, að fjárhæð sem samsvarar endurgreiðslum af fasteignaveðbréfum.

Þar sem húsbréfin eru markaðsbréf er erfitt við núverandi aðstæður að hafa þau með reglulegum endurgreiðslum. Tæknilega kemur tvennt til greina, bréf með útdrætti eða bréf með einni greiðslu vaxta og höfuðstóls í lok lánstímans. Síðari kosturinn mundi skapa verulega áhættu fyrir húsbréfadeildina þar sem ekki er hægt að tryggja að hún geti ávaxtað endurgreiðslur af fasteignaveðbréfum með sömu vöxtum til innlausnar samsvarandi húsbréfa.

Í heild þýðir þetta að hver húsbréfaflokkur hefur sömu skipan á endurgreiðslum og mótsvarandi fasteignaveðbréf. Séu fasteignaveðbréfin jafngreiðslulán er endurgreiðsla húsbréfaflokksins með sama hætti o.s.frv.

Um i. (58. gr.)

Samkvæmt 58. gr. er skuldurum fasteignaveðbréfa heimilt að greiða aukaafborganir eða endurgreiða þau að fullu hvenær sem er á lánstímanum. Þetta þykir eðlilegt þar sem reiknað er með að vextir verði fastir á fasteignaveðbréfunum. Jafnframt er húsbréfadeildinni áskilinn sá réttur að draga út húsbréf með hlutkesti aukalega hverju sinni til að mæta slíkum óreglulegum endurgreiðslum.

Um j. (59. gr.)

Þarfnast ekki skýringar.

Um k. (60. gr.)

Hér er hámarkslánstími fasteignaveðbréfa ákveðinn 25 ár en ráðherra heimilað að ákveða nánar um lánstíma einstakra lánaflokka.

Um l. (61. gr.)

Með þessari grein er sett ákveðið hámark á fjárhæð þeirra fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeildin kaupir. Hámarkið tekur bæði mið af matsverði eignar og fasteignaveðbréfið má ekki vera hærra en 65% af matsverði, að teknu tilliti til áhvílandi skulda á eigninni. Húsbréfadeildin setur reglur um matsverð og skal það taka mið af markaðsverði, brunabótamati og byggingarkostnaði. Með þessu er í raun skilgreint hámarkslán húsbréfadeildarinnar. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem stofnunin kaupir á hverjum tíma vegna einstakra fasteignaviðskipta.

Um m. (62. gr.)

Húsbréf í hverjum húsbréfaflokki verða að vera að sömu fjárhæð, þar sem útdrætti er beitt við endurgreiðslur þeirra. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um n. (63. gr.)

Mikilvægt er að öruggt sé að greið viðskipti geti átt sér stað með húsbréf þar sem það tryggir að húsbréfin séu almennt gjaldgeng í fasteignaviðskiptum. Lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og almenningur eru líklegustu kaupendur húsbréfa. Mikilvægt er að húsbréfadeildin leiti eftir samstarfi við þessa aðila með það fyrir augum að kynna húsbréfin og tryggja viðskipti með þau. Jafnframt er húsbréfadeildinni heimilað að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf til að greiða fyrir jafnvægi á markaðnum. Hér er átt við að húsbréfadeildin gegni, ef þörf er á, hlutverki viðskiptavaka. En með því er átt við að húsbréfadeildin auglýsi ávallt kaup- og söluverð á húsbréfum. Viðskiptaverð skal við það miðað að kaup og sala séu að mestu leyti í jafnvægi.

Um o. (64. gr.)

Til að auðvelda viðskipti með húsbréf er nauðsynlegt að kaup- og söluverð þeirra séu skráð opinberlega. Húsbréfadeildin skal beita sér fyrir því að slík skráning sé jafnan til staðar. Augljós vettvangur til slíkrar skráningar er nú Verðbréfaþing Íslands sem er samstarfsvettvangur verðbréfamiðlara.

Sú skylda er lögð á þá verðbréfamiðlara sem versla með húsbréf að skila daglega upplýsingum um viðskipti með húsbréf til þess aðila sem húsbréfadeildin hefur falið að skrá viðskipti með húsbréf. Mikilvægt er að kaup- og söluverð einstakra húsbréfaflokka liggi ávallt fyrir og er það verkefni húsbréfadeildarinnar að sjá til þess að svo sé.

Um p. (65. gr.)

Í þessari grein er kveðið nánar um skyldur verðbréfamiðlara sem versla með húsbréf. Kveðið er á um þá upplýsingaskyldu gagnvart kaupendum og seljendum húsbréfa að hafa jafnan nýjustu upplýsingar um viðskiptaverð húsbréfa. Sett er sú skylda að gera opinber ný tilboð í húsbréf sem eru utan þeirra marka sem þekkt eru á markaðnum.

Um q. (66. gr.)

Seðlabanka Íslands er falið að hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf, sbr. ákvæði í lögum um verðbréfamiðlun nr. 27/1986. Jafnframt er Seðlabanka Íslands heimilað, ef þörf krefur, að gegna hlutverki viðskiptavaka á markaðnum fyrir húsbréf.

Um r. (67. gr.)

Upplýsingar um gengi húsbréfa eru mikilvægar í fasteignaviðskiptum, þar sem meta þarf verðmæti áhvílandi húsbréfa, eða húsbréfa sem ætlað er að nota sem greiðslu. Því er mikilvægt að nýjar upplýsingar um það liggi jafnan frammi hjá fasteignasölum.

Um s. (68)

Til að tryggja að ávöxtun húsbréfa verði sambærileg við vexti spariskírteina ríkissjóðs að teknu tilliti til lánstíma er lagt til að húsbréfin verði eignarskattfrjáls.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að breytingar á 12., 13. og 14. gr. gildandi laga öðlist gildi þegar í stað, en ákvæði um húsbréfaviðskipti taki gildi 1. september 1989 vegna nauðsynlegs undirbúnings fyrir starfsemi húsbréfadeildarinnar.

Ed. 627. Lög [3. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. 628. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. mars.).

Samhljóða þskj. 616 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 629. Fyrirspurn [345. mál]

til utanríkisráðherra um bann við kjarnavopnum á Íslandi.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvernig hefur af Íslands hálfu verið komið á framfæri á alþjóðavettvangi, m.a. við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn, afstöðu Alþingis og íslenskra stjórnvalda varðandi þá stefnu að á Íslandi skuli ekki geymd kjarnavopn?

Spurt er sérstaklega í þessu samhengi um eftirfarandi:

1. Yfirlýsingu utanríkisráðherra, Geirs Hallgrímssonar, á Alþingi 16. apríl 1985 við umræður um 360. mál.
2. Ályktun Alþingis 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum (496. mál).
3. Yfirlýsingar utanríkisráðherra, Steingríms Hermannssonar, á Alþingi 20. október við umræður um 11. mál, 10. nóvember við umræður um 65. mál og 3. desember 1987 við umræður um 79. mál.

Sþ. 630. Tillaga til þingsályktunar [346. mál]

um íslenskan gjaldmiðil.

Flm.: Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á viðskiptaráðherra að skipa nefnd til þess að kanna með hvaða hætti helst kæmi til greina að treysta íslenskan gjaldmiðil þannig að hann njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Ráðherra skal skipa fimm menn í nefndina, einn tilnefndan af ASÍ, einn af VSÍ, einn frá Seðlabanka Íslands, einn frá Þjóðhagsstofnun og einn tilnefndan af viðskiptadeild Háskóla Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti sínu til Alþingis fyrir árslok 1989.

Nefndin skal einkum kanna þrjár leiðir í þessu sambandi:

1. Gera Seðlabanka Íslands að sjálfstæðri stofnun, óháða framkvæmdarvaldinu.
2. Láta framboð og eftirspurn ráða verði gjaldmiðilsins.
3. Tengja gjaldmiðilinn við stærra myntkerfi.

Nefndin skal leita álits hjá erlendum seðlabanka um málefni þetta.

Greinargerð.

Mikill óstöðugleiki hefur einkennt íslenska efnahagsstjórn. Markmiðið með tillöguflutningi þessum er að sérstök nefnd reyni að finna leiðir til þess að auka stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu svo unnt verði að bæta starfsaðstöðu íslensks atvinnulífs, auka þar með verðmætasköpun og bæta lífskjör hér á landi. Ljóst má vera að Íslendingar hafa glatað miklum auðæfum og að kaupmáttur hér á landi er verulega lakari en þyrfti að vera vegna mikils óstöðugleika, verðbólgu og erlendrar skuldasöfnunar. Það er því afar brýnt að leitað verði nýrra leiða til að auka stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu.

Spákaupmennska af ýmsum toga er óhjákvæmilegur fylgifiskur núverandi fyrirkomulags í peningamálum þar sem hún endurspeglar vantrú á núverandi gjaldmiðli. Skulu hér nefnd nokkur dæmi:

1. Tiltrú Íslendinga á gjaldmiðlinum er ekki mikil.
2. Tiltrú erlendra aðila á gjaldmiðli okkar er enn minni.
3. Verðlag hækkar sífellt.
4. Framkvæmdaraðilar hraða verkum sínum áður en allt hækkar aftur.
5. Verkalýðsforustan krefst ríflegra kauphækkana.
6. Liðir 1–5 valda vaxtahækkunum.

Spákaupmennsku og vantrú á gjaldmiðli þjóðarinnar verður ekki eytt nema íslenski gjaldmiðillinn njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Enda er ekkert sem bendir til annars en þetta eigi að vera framkvæmanlegt þar sem íslenska þjóðin á gjöfular auðlindir og mun gjöfulli en margar aðrar þjóðir af svipaðri stærð sem hafa þó hagstjórn og peningamál sín í viðunandi ástandi.

Aldrei áður hefur verið jafnþýðingarmikið og nú að ná til langframa stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum hér á landi því að samkeppni fer sífellt harðnandi á innlendum og erlendum mörkuðum. Flutningar, upplýsingar og samskipti milli einstakra markaðssvæða og landa verða sífellt auðveldari vegna örra framfara á öllum sviðum. Gera má ráð fyrir enn harðari samkeppni við ríki Evrópubandalagsins við opnun innri markaðar þess 1992.

Þjóðin öll hefur glatað miklum verðmætum vegna óðagots í fjárfestingum, verðbólgu og spákaupmennsku. Ljóst er að útflutningsframleiðsla, samkeppnisiðnaður og önnur verðmætaframleiðsla hefur orðið verst úti hin síðari ár. Eiginfjárstaða atvinnuvega þjóðarinnar hefur farið ört rýrnandi og er þar um að ræða mjög alvarlegt mál. Höfuðstól aðalatvinnuvega þjóðarinnar má líkja við stofnstærð fiskstofna: að skerða höfuðstólinn er að lifa á kostnað framtíðarinnar og ávísun á rýrnandi kaupmátt.

Forsenda aukins kaupmáttar og verndun þess velferðarkerfis, sem Íslendingar búa nú við, er að vænleg leið finnist til að auka stöðugleika í íslensku efnahagslífi og ná verðbólgu niður á svipað stig og í helstu samkeppnislöndum. Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að íslenska myntkerfið njóti alþjóðlegrar viðurkenningar.

Nd. 631. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Núverandi ríkisstjórn hóf feril sinn með miklum yfirlýsingum sem sumar hverjar fólu í sér göfug markmið. Í málefnasamningi hennar segir m.a.: „Fjárlög fyrir næsta ár verða samþykkt með tekjuafgangi“ og einnig: „*Lánsfjárlög munu mótast af ströngu aðhaldi að erlendum lántökum.*“ Þetta fyrsta frumvarp þessarar yfirlýsingaglöðu ríkisstjórnar til lánsfjárlaga er því miður í algjörri mótsögn við þetta fróma fyrirheit. Meginatriði í stefnu frumvarpsins og breytingartillagna stjórnarliða við það eru þessi:

1. Áformaðar eru hóflausar erlendar lántökur. Meðal annars er ætlunin að taka erlend lán til þess að jafna greiðsluhalla ríkissjóðs sem alls nema 8300 millj. kr., þ.e. 5000 millj. kr. samkvæmt þessu frumvarpi auk 3300 millj. kr. sem teknar voru samkvæmt lögum sem samþykkt voru 22. desember síðastliðinn.
2. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir svipuðum viðskiptahalla við útlönd og verið hefur þrátt fyrir samdrátt og minnkandi kaupmátt, en þann viðskiptahalla þarf auðvitað að fjármagna með erlendum lánum.
3. Stefnt er að innlendum lántökum til ríkissjóðs og opinberra sjóða sem eru áætlaðar langt umfram það sem líklegt er að aflist miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart sparifjáreigendum. Bregðist sú fjáröflun aukast erlendar lántökur að sama skapi.
4. Mikið skortir á að gert sé ráð fyrir fjáröflun til allra þátta ríkisbúskaparins samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og útgjaldaáformum í fjárlögum. Þetta er staðreynd þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir og niðurskurð á arðbærum framkvæmdum, svo sem vegaframkvæmdum. Má þar nefna fjáröflun til svonefnds hlutabréfasjóðs, til niðurgreiðslna á raforku og búvöru, endurgreiðslu á söluskatti til útflutningsframleiðslu, til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins o.s.frv. Samtals nemur þessi fjárskortur milljörðum króna að óbreyttri stefnu sem brúa þarf með erlendum lántökum eins og halla ríkissjóðs á síðastliðnu ári, ef svo fer fram sem horfir.

I. Innlend lánsfjáröflun í algjörri óvissu.

Framan af árinu 1988 gekk innlend lánsfjáröflun samkvæmt lánsfjárlögum nokkuð vel. Sala spariskírteina varð meira að segja umfram áform samkvæmt lánsfjárlögum. Í athugasemdum frumvarpsins til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 segir um þetta: „Skýring á sölu spariskírteina umfram áform er samningur sem gerður var við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði í ágústmánuði síðastliðnum um að þessir aðilar ábyrgðust sölu spariskírteina fyrir 2970 millj. kr. *Samningurinn markar tímamót varðandi fyrirkomulag þeirra mála.*“

Þetta var í ágúst í fyrra. Nú eru önnur tímamót í þessu efni. Bankar og peningastofnanir hafa neitað að endurnýja slíka samninga við fjármálaráðuneytið vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að lækka raunvexti skírteinanna í 5%. Samt er gert ráð fyrir verulega aukinni sölu spariskírteina í ár eða 5300 millj. kr. miðað við 4860 millj. kr. á síðastliðnu ári, en þar af seldu peningastofnanir 2970 millj. kr. eins og áður segir. Þetta er raunsætt eða hitt þó heldur.

Kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum byggingarsjóðanna gengu einnig tiltölulega vel, einkum framan af ári 1988. Þeir keyptu fyrir 6100 millj. kr. Í janúar og febrúar á þessu ári var áætlað að þeir keyptu fyrir 1470 millj. kr., þar af var gert ráð fyrir að þeir keyptu fyrir 735 millj. kr. í febrúar. Reyndin hefur orðið sú að þeir keyptu fyrir 500 millj. kr. í janúar og 170 millj. kr. í febrúar. Ástæðan er auðvitað sú að forráðamenn lífeyrissjóðanna eru í stórstyrjöld við ríkisstjórnina vegna nýju lánskjaravísitölunnar og hafa boðað málaferli til þess að fá

dómsúrskurð um lögmæti hennar. Samt sem áður er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að þeir kaupi af þessum sjóðum bréf fyrir 8825 millj. kr., sem er tæplega 45% hækkun frá því í fyrra. Þetta er raunsætt eða hitt þó heldur.

Því miður bendir allt til þess að innlend fjáröflun til ríkisins og opinberra aðila sé algjörlega vonlaus. Hún er áformuð 15.600 millj. kr. á þessu ári. Í fyrra tókst vel til með áðurgreindum aðferðum en þá öfluðust um 9000 millj. kr. Ríkisstjórninni hefur sjálfri tekist að valda stórskaða með áðurgreindum vígorðum sem hitt hafa í mark hjá sparifjáreigendum. Fjármálaráðherra hefur að vísu reynt aðeins að draga í land með yfirlýsingum um að vextir af spariskírteinum verði að sjálfsögðu áfram skattfrjálsir og lagt út í fokdýra nýmóðins fjölmiðlaherferð til þess að reyna að selja spariskírteini. Þetta er því miður of seint. Svo magnaður draugur, sem ríkisstjórnin sjálf hefur vakið upp á íslenskum fjármagnsmarkaði, verður ekki kveðinn niður með svo aumlegum yfirsöng.

Hætt er því við að í lánsfjárlögunum myndist gat vegna þess að innlend lánsfjáröflun bresti og það gat þurfi að brúa með erlendum lánum á næsta ári eins og gert er nú með fjárlagahalla ríkissjóðs.

II. Áhrif viðskiptahalla og fjárvöntunar í ríkisbúskapinn.

Forsendur þessa frumvarps eru m.a. að spáð er örlítið minni viðskiptahalla á yfirstandandi ári en á árinu 1988. Ástæðurnar eru taldar gífurlega aukin skattheimta á sama tíma og kaupmáttur atvinnutekna rýrnar verulega. Engu að síður verður viðskiptahallinn í ár 9600 millj. kr. samkvæmt þessari nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka (sjá fskj. I) sem er í raun mjög hliðstætt því sem búist er við að hann hafi orðið 1988, þ.e. 10.200 millj. kr. *Þetta skýrist þó einnig með stórauknum vaxtagreiðslum til útlendinga. Þannig eru vaxtagreiðslur áætlaðar 3000 millj. kr. meiri til sparifjáreigenda í Japan, Bandaríkjunum, Evrópu og víðar núna í ár en þær voru í fyrra* (sjá sama fylgiskjal).

Viðskiptahallinn í ár er auðvitað ávísun á nýjar erlendar lántökur og þar með hækkaða vexti á árinu 1990. Þar með er þjóðarbúskapurinn áfram í þeim vítahring sem hann hefur verið að þessu leyti þrátt fyrir skattana. Þegar þetta dæmi er skoðað vakna margar spurningar. Hér skulu tvær nefndar: Væri ekki æskilegra að greiða íslenskum sparifjáreigendum eitthvað af þessum vöxtum sem greiddir eru útlendingum? Raunvextir af spariskírteinum, 7–8%, hafa áreiðanlega ekki verið hærri um skeið en háir vextir í erlendum myntum, ef tekið er tillit til gengisbreytinga. Hin spurningin, sem hér skal varpað fram, er þessi: Er ríkisbúskapurinn í jafnvægi nema greiðsluafgangur sé til þess að greiða þá vexti sem stafa af viðskiptahalla sem verða kann á viðkomandi ári?

Hvað sem þessu líður er ljóst að í þessu frumvarpi er ekki tekið á fjölmörgum þáttum ríkisbúskaparins samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og útgjaldaáformum í fjárlögum. Hér skulu tekin nokkur dæmi:

1. Áformað er að stofna svonefndan hlutabréfasjóð. Upplýst er að Atvinnutryggingarsjóður treystir sér ekki til að lána 15 fyrirtækjum (þar af fjórum á Vestfjörðum og fjórum á Austfjörðum) sem eru jafnframt einu undirstöðufyrirtæki viðkomandi byggðarlaga. Hugmyndin er sú að fyrirhugaður hlutabréfasjóður kaupi hlutafé af þessum fyrirtækjum, bæti þannig eiginfjárstöðu þeirra, og Atvinnutryggingarsjóður láni þeim síðan í kjölfarið og skuldbreyti fyrir þau samkvæmt sínum reglum. Engar upplýsingar er um það að finna í þessu frumvarpi hversu mikið fé þarf til þessa eða hvar á að afla þess. Hér yrði þó væntanlega ekki um minna en 500–600 millj. kr. að ræða.
2. Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var með ákvörðun ríkisstjórnarinnar ætlað að taka 800 millj. kr. lán til freðfiskdeildar og hörpudisksdeildar sem áttu nánast engar innstæður í sjóðnum (sjá fskj. II). Þetta fé hefur verið greitt í bætur úr sjóðnum til frystingarinnar eftir því sem best er vitað. Hún er eftir sem áður rekin með tapi við núverandi aðstæður.

Upplýst er að þetta fé verður upp urið í maílok. Að mati formanns sjóðsstjórnar mundi þurfa 400 millj. kr. til þess að greiða áfram 5% verðbætur á frystan botnfisk út árið. Ekkert er í þessu frumvarpi um það hvernig þessi vandi verði leystur.

Þess má geta að rækjumenn eiga miklar innstæður í Verðjöfnunarsjóði eða um 435 millj. kr. um áramótin. Þeir hafa ekki síður en frystingin verið í miklum erfiðleikum og tapað stórfé árin 1987 og 1988. Þeir hafa þurft að sæta mikilli tregðu með útgreiðslur af þessum innstæðum og allt öðrum framkvæmdareglum um greiðslurnar en þeir sem fengu fé að láni en litið er á sem beinan styrk. Staða saltfiskverkenda hefur versnað mjög síðustu mánuði.

3. Fé skortir til margvíslegra niðurgreiðslna af ýmsu tagi. Nægir að nefna eftirfarandi:

   Ríkisstjórnin hefur lofað að greiða niður 25% af raforkukostnaði fiskvinnslufyrirtækja. Fjárhæðin er áætluð 100 millj. kr. á árinu. Hana er hvergi að finna í þessu frumvarpi og engin ákvörðun virðist liggja fyrir um hvernig þess fjár verður aflað.

   Sama er að segja um sérstaka upphæð, 100 millj. kr., sem ákveðið var að auka endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts um á árinu.

   Mikið fé vantar til niðurgreiðslna á búvöruverði ef halda á núverandi niðurgreiðslustigi. Sú fjárhæð, 3353 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, nægir einungis til loka verðstöðvunar til þess að halda óbreyttu búvöruverði. Ef halda ætti óbreyttum niðurgreiðslum á einingu kindakjöts, mjólkurafurða og nautakjöts þyrfti 670 millj. kr. í viðbótarniðurgreiðslur út árið. *Að öðrum kosti hækka búvörur næstu daga um 9–10% að meðaltali.*

4. Til Byggðastofnunar vantar mikið fé miðað við óskir ríkisstjórnarinnar sem þangað hafa borist. Ríkisframlag til stofnunarinnar er 125 millj. kr. Erindi hefur borist um að stofnunin sinni sérstaklega smábátaútgerð í vanda, en talið er að þar skorti 500 millj. kr. Auk þess er daglega verið að fara þess á leit við stofnunina að hún leysi vanda fyrirtækja úti um land sem eru illa stödd og stöðvun mundi leiða til algjörs atvinnubrests í viðkomandi byggðarlögum. *Þessi dæmi sýna að þegar við afgreiðslu þessa frumvarps til lánsfjárlaga er mikill fjárskortur sem að óbreyttri stefnu þarf fyrr eða síðar að brúa með auknum erlendum lánum.*

III. Skattar á umferðina hafa verið stórauknir, en þetta frumvarp felur í sér mikla skerðingu framlaga til vegamála.

Eins og kunnugt er hafa skattar verið stórhækkaðir á umferðina að undanförnu. Þessi skattahækkun er sumpart falin í tekjuáætlun fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir að bílainnflutningur dragist saman frá því að vera 15.000 bílar á árinu 1988 í 11.000 bíla á yfirstandandi ári. Samt nema skattar á bifreiðar alls 12.550 millj. kr. samkvæmt fjárlögum.

Samkvæmt þessu frumvarpi er síðan ætlunin að skera niður um 680 millj. kr. af tekjum sem renna áttu til vegagerðar. Ef sá niðurskurður bitnar á framkvæmdum dregst framkvæmdafé saman úr því að vera 3213 millj. kr. samkvæmt fjárlögum í 2533 millj. kr. Til vegamála yrði þá ráðstafað einungis um 20% af sköttum á bifreiðaeigendur. Þetta er langlægsta hlutfall sem sést hefur af þessu tagi eins og lesa má út úr eftirfarandi tölum:

	1984	*1985*	*1986*	*1987*	*1988*	*1989*[1])
Skattar af bifreiðum	4.412	5.407	6.736	9.836	10.689	12.550
Útgjöld til vegamála	1.291	1.704	1.971	2.207	2.900	2.533
Útgjöld til vega í %	31,6	31,5	29,2	22,4	27,1	20,2

1) Samkvæmt frumvarpi.

Rétt er að hafa í huga þegar litið er yfir þessar tölur að betri vegir eru einhver arðbærasta ráðstöfun á skattpeningum sem völ er á.

IV. Skerðing framlaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Hér skal ekki fjölyrt frekar en fyrr er gert í þessu nefndaráliti um ákvæði þessa frumvarps sem fela í sér skerðingu lögboðinna framlaga til sjóða og annarra verkefna. Þó verður að benda sérstaklega á skerðingu framlaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í raun eru með ákvæði frumvarpsins kyrrsett í ríkisstjórninni iðgjöld atvinnurekenda sem ríkissjóður innheimtir. Þar er um að ræða 277 millj. kr. sem atvinnurekendur greiða móti framlögum sveitarfélaganna sem er sama upphæð. Vaxtatekjur sjóðsins á síðasta ári voru 100 millj. kr. Hann hefur því til ráðstöfunar 377 millj. kr. á tímum vaxandi atvinnuleysis. Í janúar voru atvinnuleysisbætur 100 millj. kr. og í febrúar einnig um 100 millj. kr. Eitthvað er búist við að þær lækki í mars. Sjóðurinn stendur auk þess undir eftirlaunagreiðslum sem eru um 30 millj. kr. á mánuði, eða 360 millj. kr. á ári.

Vandséð er hver tilgangurinn er með þessari ráðstöfun á tímum vaxandi hættu á atvinnuleysi.

V. „Lánsfjárlög munu mótast af ströngu aðhaldi að erlendum lántökum."

Eins og hér hefur verið rakið fer því víðs fjarri að þessi lánsfjárlög muni mótast af ströngu aðhaldi að erlendum lántökum. Innlend lánsfjáröflun er þegar að bregðast, fyrst og fremst vegna yfirlýsinga talsmanna ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Fé skortir í stórum stíl til verkefna sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Hvort tveggja þrýstir á enn auknar lántökur fram yfir það sem ráðgert er í frumvarpinu og eru þær þó ærnar.

Erlendar lántökur eru sem hér segir samkvæmt nýjum upplýsingum frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun (dags. 22. febr.):

	1988	*1989*
Löng erlend lán, nettó	9.734	11.900 (skv. frv.)

Því má ekki gleyma að hvorki meira né minna en 8300 millj. kr. af þessum nettó erlendu lántökum *eru vegna hallareksturs á ríkissjóði á einu ári — árinu sem leið.*

Um þetta segir svo í nefndaráliti stjórnarliða um þetta frumvarp í efri deild: „Bráðabirgðauppgjör (ríkissjóðs) sýndi að yfirdráttarskuld við Seðlabankann stefni í að verða um 8300 millj. kr. í árslok 1988. Með lögum nr. 94 frá 23. des. 1988 var aflað heimildar til 6500 millj. kr. lántöku í þessu skyni. Með því að fullnýta heimildir ríkissjóðs til ádráttar á veltilánum erlendis reyndist unnt að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann um 3300 millj. kr. *Eftir stendur skammtímaskuld við Seðlabankann að fjárhæð 5000 millj. kr. sem þarf að gera upp fyrir lok marsmánaðar 1989.*" (Ath.: Þetta verður að gera samkvæmt ákvæðum laga.)

Það er dálagleg einkunn sem sú ríkisstjórn fær sem ætlaði að afgreiða lánsfjárlög „með ströngu aðhaldi að erlendum lántökum" frá eigin liðsmönnum.

VI. Staða ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Athyglisvert er hvernig staða ríkissjóðs verður eftir sem áður við Seðlabankann þótt inn greiðist 5000 millj. kr. um næstu mánaðamót.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans var staðan þannig á viðskiptareikningum bankans (í milljörðum kr.):

	Meðalstaða í mánuði	*Staða 9. dag*	*Staða í lok mánaðar*
Desember 1988	10,1	10,3	5,2
Janúar 1989	7,5	7,0	8,9
Febrúar 1989	9,3	9,4	10,1
Mars 1989		9,6	

VII. Vinnubrögðin vitnisburður sem mun lengi í minnum hafður.

Að síðustu skal svo bent á að þetta frumvarp til lánsfjárlaga mun lengi í minnum haft vegna þess hvað það og breytingartillögur stjórnarliðsins afhjúpa gjörsamlega stefnuleysi og þekkingarskort ríkisstjórnarinnar á viðfangsefni sínu. Frumvarpið var svo algjörlega út í hött þegar það var lagt fram fyrir jól að stjórnarliðið hefur flutt breytingartillögur sem nánast tvöfölduðu áformaðar lántökur frá frumvarpinu. Þó eru þar ekki meðtaldar áformaðar lántökur til fjárfestingarlánasjóða „sem ástæða þótti að taka inn í lögin" eftir að frumvarpið var lagt fram. Þessi vinnubrögð minna á yfirlýsingar fjármálaráðherra þegar hann taldi hallann á ríkissjóði aukast um einn milljarð í hverri ræðu sem hann flutti, en hann flutti þá að venju margar ræður bæði innan þings og utan. Ætli hann hafi vitað gjörla um hvað hann var að tala hverju sinni?

Alþingi, 14. mars 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.

Matthías Bjarnason, frsm.

Fylgiskjal I.

Seðlabanki Íslands, greiðslujafnaðardeild.
(22. febr. 1989.)

Greiðslujöfnuður við útlönd.
(Upphæðir í millj. kr.)

	Áætlun 1988[1]	Áætlun 1989[1]	Ný spá 1988[2]	Ný áætl. 1989[2]
VIÐSKIPTAJÖFNUÐUR	-11.600	-12.400	-10.200	-9.600
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	-4,6	-4,5	-4,1	-3,3
Útflutningur vöru og þjónustu án vaxta	86.100	94.000	83.600	100.000
Innflutningur vöru og þjónustu án vaxta	-89.700	96.400	-85.700	-98.400
Vaxtajöfnuður	-8.000	-10.000	-8.200	-11.200
FJÁRMAGNSJÖFNUÐUR	13.600	9.605	9.662	11.600
Langar lántökur, nettó	11.140	6.305	9.734	11.900
Innkomin löng lán	18.020	14.215	16.294	20.400
Afborganir	-6.880	-7.910	-6.560	-8.500
Aðrar fjármagnshreyfingar	2.460	3.300	-72	-300
HEILDARGREIÐSLUJÖFNUÐUR	2.000	-2.795	-538	2.000
Meðalgengi SDR = krónur	57,70	62,13	57,78	67,10

1) Frumvarp til fjárlaga í október 1988.
2) Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal II.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Yfirlit um reikningsstöðu 31. des. 1988.

Nafn reiknings	Ísl. kr.-reikn.	SDR-reikn.	Innstæða alls ísl. kr.
Freðfiskur	0	164.676	10.200.690
Hörpuskel	0	195.187	12.090.664
Humar	48.952	2.921.340	181.008.437
Rækja	3.830.139	6.979.713	436.181.481
Óverkaður saltfiskur	238.694	8.310.189	515.005.041
Mjöl og lýsi	851	50.461	3.126.607
Verkaður saltfiskur	3.988	1.575	101.550
Saltsíld	288	8.895	551.280
Skreið	3.896	214.090	13.265.487
Fiskimjöl	10.903	4.560	293.368
Loðnulýsi	4.244	247.194	15.316.429
Loðnumjöl	214	12.167	753.887
Gámagjald	595.057	279.310	17.896.636
Safnreikningur	1.786.143	0	1.786.143
	6.523.369	19.389.357	1.207.577.699

Rétt er að benda á að SDR hefur hækkað um 8,4% frá sl. áramótum og þar af leiðandi inneignin í sama mæli enda miðast gengistrygging sjóðsins við þá myntsamsetningu.

Fylgiskjal III.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.
(11. mars 1989.)

Yfirlit yfir lántökuheimildir í I. kafla frumvarps til lánsfjárlaga 1989.
(Upphæðir í millj. kr.)

	Frumvarp 1989	Breytingar-tillögur	Samtals
Ríkissjóður	4.700	5.735	10.435
Landsvirkjun	1.000	60	1.060
Þróunarfélag Íslands	100	–	100
Hitaveita Akureyrar	144	11	155
Hitaveita Egilsstaða og Fella	15	1	16
Hitaveita Eyrar	14	1	15
Hitaveita Siglufjarðar	34	2	36
Fjarhitun Vestmannaeyja	24	1	25
Hitaveita Suðureyrar	–	60	60
Aðrar skuldbreytingar	24	–1	23
Hríseyjarhreppur	–	35	35
Framkvæmdasjóður, fiskeldi	500	–150	350
Byggðastofnun, almennar lánveitingar	550	–	550
Byggðastofnun, fiskeldi	–	150	150
Byggðastofnun, innlend skipasmíði	–	200	200
Fiskveiðasjóður	–	1.200	1.200
Iðnlánasjóður	–	350	350
Iðnþróunarsjóður	–	150	150
Útflutningslánasjóður	–	50	50
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	–	60	60
Flóabáturinn Baldur hf.	85	25	110
Herjólfur hf.	100	–	100
	7.290	7.940	15.230

Fylgiskjal IV.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.
(11. mars 1989.)

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1989.
(Upphæðir í millj. kr.).

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar lántökur
I Opinberir aðilar	**5.300**	**–**	**200**	**5.500**	**7.060**	**12.560**
Ríkissjóður, A-hluti	5.300	–	–	5.300	5.135	10.435
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	–	–	200	200	1.160	1.360
Sveitarfélög	–	–	–	–	765	765
II Opinberar lánastofnanir	**–**	**8.925**	**1.140**	**10.065**	**4.860**	**14.925**
Byggingarsjóður ríkisins	–	6.860	65	6.925	–	6.925
Byggingarsjóður verkamanna	–	1.965	–	1.965	–	1.965
Framkvæmdasjóður, fiskeldi	–	–	–	–	350	350
Byggðastofnun, almennar lánveitingar	–	–	275	275	550	825
Byggðastofnun, fiskeldi	–	–	–	–	150	150
Byggðastofnun, innlend skipasmíði	–	–	–	–	200	200
Atvinnutryggingarsjóður	–	–	–	–	1.000	1.000
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	–	–	100	100	800	900
Fiskveiðasjóður, útlán	–	–	200	200	400	600
Iðnlánasjóður	–	–	350	350	350	700
Iðnþróunarsjóður	–	–	150	150	150	300
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	–	–	–	–	800	800
Stofnlánadeild landbúnaðarins	–	100	–	100	–	100
Útflutningslánasjóður	–	–	–	–	50	50
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	–	–	–	–	60	60
III Atvinnufyrirtæki	**–**	**–**	**250**	**250**	**8.950**	**9.200**
Atvinnufyrirtæki	–	–	–	–	8.450	8.600
Þar af flóabáturinn Baldur hf.	–	–	–	–	110	110
Þar af Herjólfur hf.	–	–	–	–	100	100
Fjármögnunarleigur	–	–	250	250	500	750
Heildarlántökur (I+II+III)	**5.300**	**8.925**	**1.590**	**15.815**	**20.870**	**36.685**

Sþ. 632. Tillaga til þingsályktunar [347. mál]

um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta.

Greinargerð.

Hér á landi búa nokkur hundruð manns annaðhvort við heyrnarleysi eða alvarlega skerta heyrn, sumir frá fæðingu, aðrir vegna sjúkdóma eða slysa. Allt þetta fólk á það sammerkt að því nýtist ekki mikilvægasta tjáningartæki allra manna — tungumálið. Þetta torveldar öll samskipti við annað fólk, hvað þá að þessi hópur fatlaðra geti nýtt sér þá fjölbreytilegu þjónustu sem þjóðfélagið hefur upp á að bjóða. Afleiðing alls þessa er mikil félags- og menningarleg einangrun.

Nú er það svo að til eru ýmsar leiðir til úrbóta og komin eru fjölmörg hjálpartæki sem geta auðveldað heyrnarskertum að rjúfa þessa einangrun. En því miður vantar enn mikið upp á að hið opinbera hafi með skipulögðum aðgerðum og hjálp stuðlað að því að svo yrði.

Eitt brýnasta verkefnið er að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta. Þangað gætu þeir sótt ýmsa þá aðstoð sem gerði þeim kleift að nýta betur þá þjónustu og möguleika sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Gera þeim þar með lífið auðveldara, jafnframt því sem þeir yrðu smám saman hæfari til að rjúfa einangrun sína, bæta menntun og lífskjör, sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild til heilla.

Við slíka þjónustumiðstöð þyrftu að starfa túlkar sem heyrnarskertir gætu leitað til sér að kostnaðarlausu. Mörg dæmi mætti taka þar sem heyrnarskertir þurfa á túlkum að halda til að geta sinnt erindum, félagslífi, námi o.s.frv. Hafa verður hugfast að heyrnarskertir utan Stór-Reykjavíkursvæðis verða líka að eiga kost á aðstoð túlka sem þurfa þá að geta ferðast til heimabyggðar viðkomandi ef þörf krefur.

Félagsráðgjafi yrði að starfa við þjónustumiðstöðina heyrnarskertum til aðstoðar og leiðbeiningar. Hvort um yrði að ræða einn eða fleiri verður reynslan að leiða í ljós.

Textasímar eða tölvur eru mikilvæg hjálpartæki fyrir heyrnarskerta. Ef slík tæki væru fyrir hendi í þjónustumiðstöðinni gætu heyrnarskertir nýtt sér þá þjónustu og rekið fjölmörg þau erindi sem öðrum þegnum þjóðfélagsins þykir sjálfsagt að gera símleiðis og spara þeim þannig spor og fyrirhöfn. Auðvitað er bæði sjálfsagt og æskilegt að öllum stórum stofnunum og fyrirtækjum væri gert að hafa textasíma — eða tölvu við skiptiborð — líkt og framfylgja á reglum um aðgengi fyrir fatlaða, en þó slíkt næði fram að ganga mundi það aldrei leysa að fullu vanda heyrnarskertra varðandi samband þeirra við umheiminn.

Að öðru leyti vísast til skýrslu nefndar félagsmálaráðherra um málefni heyrnarlausra og niðurstöðu könnunar á félagslegri stöðu heyrnarskertra.

Nd. 633. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. telur að þetta frumvarp byggi á vanáætlunum og röngum forsendum og getur því ekki staðið að afgreiðslu þess með þeim hætti sem meiri hl. leggur til. Rökin eru eftirfarandi:

Kjarasamningar eru nú fram undan hjá þorra launafólks sem hefur mátt búa við langvarandi samningsbann, launafrystingu og hrapandi kaupmátt. Ríkisstjórnin á stærstan þátt í því hvernig kaupmáttur hefur þróast með skattahækkunum og verðhækkunum, þrátt fyrir lögboðna verðstöðvun. Um leið og þeirri verðstöðvun var aflétt dundu svo yfir frekari gjaldskrárhækkanir og verðhækkanir sem ríkisvaldið stóð að. Það sýnir því hvorki sanngirni né raunsæi að gera ráð fyrir því að launafólk sætti sig við samninga sem fela í sér svipaðan

kaupmátt og á fyrsta ársfjórðungi þessa árs eins og ríkisvaldið stefnir að. En m.a. á því er sú verðbólguspá byggð sem er forsenda þessa frumvarps, þ.e. að verðbólgan verði aðeins 13,5% frá upphafi til loka ársins. Með tilliti til þess að á síðasta ári stefndi ríkisvaldið að 10% verðbólgu innan ársins, en uppskar 19,4%, þrátt fyrir launastöðvun og verðstöðvun í orði, virðist raunsæi víðs fjarri öllum áætlunum.

Þá virðist ríkisvaldið gjörsamlega ætla að loka augunum fyrir vaxandi atvinnuleysi sem auk annarra alvarlegra afleiðinga gæti leitt til þurrðar í Atvinnuleysistryggingasjóði. Í byrjun mars var greiðslustaða sjóðsins þannig að um 395 millj. kr. voru enn til ráðstöfunar til að mæta föstum útgjöldum og greiðslum atvinnuleysisbóta. Föst útgjöld eru um 35–36 millj. kr. á mánuði, þ.e. rekstrarkostnaður, eftirlaunagreiðslur og greiðslur vegna rekstrar kjararannsóknarnefndar. Atvinnuleysisbætur námu um 100 millj. kr. í janúar og svipaðri upphæð í febrúar, en búist er við heldur lægri upphæð í mars. Mikla bjartsýni þarf til að gera ráð fyrir snöggum umskiptum í þessum efnum. Það er því augljóst að verulega kreppir að sjóðnum eins og vænta mátti þegar ríkisstjórnin, með stuðningi nokkurra þingmanna utan stjórnar, ákvað að ráðstafa lögboðnu framlagi ríkissjóðs til annarra nota.

Með tilliti til gífurlegs viðskiptahalla og erfiðrar stöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna er óhugsandi annað en að grípa verði enn einu sinni til efnahagsráðstafana til að rétta þá stöðu og það fyrr en síðar. Þess sér þó ekki stað í þessu frumvarpi. Þvert á móti er gert ráð fyrir óbreyttu gengi og miklu minni lántökum en reyndin varð á síðasta ári þegar erlendar lántökur urðu um 80% umfram áætlun. Ekkert bendir til þess að aðhald verði virkara á þessu ári, enda æpandi þörf fyrir stóraukið fjármagn til atvinnuveganna. Þá er heldur ólíklegt að gæslumönnum ríkissjóðs takist eitthvað betur en á síðasta ári þegar stór hluti aukinnar lántöku var einmitt vegna hallareksturs ríkissjóðs.

Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir réttmæti áætlana um innlenda lánsfjáröflun. Sem stendur eru hagstæð skilyrði á innlendum fjármagnsmarkaði og minni spenna en verið hefur um langt skeið. Forsenda þess að svo verði áfram er sú að ekki verði gripið inn í þróunina með stórfelldum breytingum á helstu þáttum efnahagsmála og kynt undir eftirspurn eftir fjármagni, en eins og áður er sagt er þó næsta víst að það verður gert.

Stærsti óvissuþátturinn er til kominn vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar í janúar síðastliðnum í algjörri andstöðu við t.d. aðstandendur lífeyrissjóðanna sem voru nýbúnir að gera samninga við ríkisstjórnina um kaup skuldabréfa þegar breytingin var tilkynnt. Þeir hafa nú ákveðið að höfða mál á hendur ríkisvaldinu vegna þessa og halda að sér höndum, og er það meginskýringin á slakanum á fjármagnsmarkaðnum. Þrátt fyrir allt þetta er gert ráð fyrir miklum kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum ríkissjóðs.

Sala spariskírteina er einnig mikilli óvissu háð. Reynsla fyrstu vikna þessa árs gefur ekki tilefni til bjartsýni þar sem innlausn spariskírteina hefur numið u.þ.b. þrefaldri sölu þeirra og kennir þar vafalaust áhrifa frá hvoru tveggja minnkandi kaupmætti og þróun vaxtakjara. Þannig rekur sig hvað á annars horn.

Annar minni hl. flytur breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að fella brott II. kafla þess, en þar eru í 19 greinum ómerktar fyrri ákvarðanir löggjafarvaldsins um framlög til einstakra málaflokka svo að munar a.m.k. 2 milljörðum kr. Þessi háttur hefur verið látinn viðgangast árum saman, og nokkur dæmi eru þess að aldrei hafi verið staðið við lögboðið framlag eins og t.d. til ferðamála. Þessi þróun er afleit og grefur undan trausti almennings til Alþingis og veikir ábyrgð þess á lagasetningu. Annar minni hl. er þeirrar skoðunar að endurskoða beri þau lög sem Alþingi treystir sér ekki til að standa við í stað þess að líða vinnubrögð af þessu tagi árum saman.

Alþingi, 14. mars 1989.
Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 634. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

II. kafli, 17.–35. gr., falli brott.

Sþ. 635. Tillaga til þingsályktunar [348. mál]

um byggingu fyrir Tækniskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram hugmyndasamkeppni um arkitektateikningar fyrir framtíðarbyggingu Tækniskóla Íslands á þeirri lóð sem hann hefur fengið fyrirheit um á Keldnaholti.

Greinargerð.

Tækniskóli Íslands tók til starfa hausið 1964. Á 20 ára afmæli skólans haustið 1984 barst honum fyrirheit frá ríkisstjórn um lóð undir framtíðarstarfsemi skólans að Keldnaholti. Síðan hefur ekkert miðað fram á við í húsnæðismálum skólans. Það væri vel við hæfi á 25 ára afmæli skólans að efna til hugmyndasamkeppni um teikningar að framtíðarbyggingu skólans á lóð hans á Keldnaholti.

Tækniskóli Íslands var stofnaður til að annast framhaldsmenntun iðnaðarmanna. Því er staðsetning hans í framtíðinni í nágrenni við rannsóknastofnanir iðnaðarins á Keldnaholti ákjósanleg. Má hugsa sér að tækja- og húsakostur Iðntæknistofnunar nýtist að hluta til kennslu og kennarar skólans vinni jöfnum höndum við kennslu og rannsóknastörf. Jafnframt gætu verkefni nemenda í mörgum tilvikum orðið hluti hagnýtra rannsókna sem unnið er að við stofnanir á Keldnaholti.

Unnið er að stefnumörkun að breyttum kennsluháttum í Tækniskóla Íslands og er miðað við svipaðar aðferðir og notaðar eru í Álaborg með góðum árangri. Kennslan byggir þá minna á tímasókn en meira á vinnu fárra nemenda með kennara. Þetta kallar á breytta húsaskipan, þ.e. smærri vinnuherbergi.

Á 25 ára starfsferli skólans hafa að sjálfsögðu orðið miklar breytingar á námi og kennsluháttum. Núverandi húsnæði skólans er iðnaðarhúsnæði, breidd hússins er mikil, módular stórir og henta illa framtíðarkennsluháttum. Í framtíðarhúsnæði, sem hannað væri með þarfir skólans fyrir augum, mætti ná fram hagkvæmari rekstri, hagkvæmari kennslu.

Nemendur skólans eru nú rúmlega 400 en sveiflur í nemendafjölda einstakra námsbrauta eru verulegar. Kennarar eru um 20 fastráðnir en alls um 100 kennarar hafa á hendi reglubundna kennslu. Auk þess stunda um 100 aðilar óreglulega kennslu og gestafyrirlestra.

Fylgirit með þessari þingsályktunartillögu eru:

1. Um hlutverk Tækniskóla Íslands eftir Bjarna Kristjánsson rektor.
2. Námsleiðir (skipurit).

Fylgiskjal I.

Bjarni Kristjánsson rektor:

Um hlutverk Tækniskóla Íslands.
(23. febr. 1989.)

Frumhlutverk Tækniskóla Íslands er að veita iðnaðarmönnum framhaldsmenntun. Skólinn er einn um þetta hlutverk og starfið hefur sérstöðu innan menntakerfisins, bæði hvað varðar kennslu í almennum greinum og sérgreinum. Skólinn starfar í deildum, frumgreinadeild og sérgreinadeildum. Sérgreinadeildir eru byggingardeild, heilbrigðisdeild, rafmagnsdeild, rekstrardeild og véladeild. Deildum er skipt í námsbrautir sem hefur fjölgað úr 4 í 14 frá 1964–1988.

Í sem allra stystu máli er það meginhlutverk Tækniskóla Íslands að veita menntun sem leiðir til aukinnar framleiðslu og framleiðni í landinu til langframa og án þess að missa sjónar á náttúruvernd og náttúrubót, jafnframt því að auka lífsfyllingu þeirra sem skólann sækja. Starfið í heilbrigðisdeild lýtur að batnandi heilbrigðisþjónustu í þjóðfélaginu. Eftir því sem næst verður komist er árangur af 24 ára starfi í samræmi við þennan tilgang.

Hitt er þó staðreynd að þróun skólans hefur gengið of hægt. Þörfin fyrir tæknimenntun hefur aukist örar en starfsemi menntakerfisins á því sviði, svo ör og margslungin er iðnþróun í heiminum. Brýn og vaxandi þörf er fyrir vel menntaða tæknimenn sem jafnframt því að kunna skil á margs konar framleiðslutækni og framleiðsluferli hafa einnig fengið víðtæka skólun í forathugunum og markaðssetningu á almennum iðnvarningi og matvælum.

Ný námsbraut til námsgráðunnar iðnaðartæknifræðingur er framlag eða svörun Tækniskóla Íslands við þessari brýnu þörf.

Fylgiskjal II.

Febrúar 1989



Nd. 636. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu eftirtaldir: Halldór Árnason frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhann Már Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Gunnlaugur Sigmundsson og Jón Atli Kristjánsson frá Þróunarfélagi Íslands, Guðmundur B. Ólafsson frá Framkvæmdasjóði, Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði og Bjarni Bragi Jónsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands.

Alþingi, 16. mars 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Ragnar Arnalds. Árni Gunnarsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 637. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, ÁrnG, GGÞ).

1. Við 5. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Heimilt er, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:
   b. 7. tölul. orðist svo:
      Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Við 28. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.
3. Við 29. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988.
4. Á eftir 43. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins.

Nd. 638. Frumvarp til laga [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

C-liður 69. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

C

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 5% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skulu skerðast í hlutfalli við eignarskattsstofn framteljanda þannig að fyrir hverjar 100.000 kr. sem eignarskattsstofn einstaklings fer fram úr 1.700.000 kr. skulu vaxtabætur skertar um 6% uns þær falla niður. Fyrir hverjar 100.000 kr. sem samanlagður eignarskattsstofn hjóna eða sambýlisfólks fer fram úr 3.400.000 kr. skulu vaxtabætur skertar um 3% uns þær falla niður. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 95.000 kr. fyrir hvern mann, 125.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 155.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út 1.

september ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.
2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum skattárum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö skattárum talið frá og með því ári þegar bygging hefst eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Réttur til vaxtabóta stofnast á því ári þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst.

Vaxtabætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa á íbúðarhúsnæði. Selji rétthafi það húsnæði sem veitti rétt til vaxtabóta, án þess að hefja byggingu eða festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, falla bótagreiðslur til hans niður frá og með næsta ári á eftir söluári.

Vaxtabótum hjóna skal skipt til helminga á milli þeirra. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr., að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Ákvæði 99. og 100. gr. gilda um kærurétt vegna vaxtabóta eftir því sem við á.

Nánari reglur um vaxtabætur þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum skulu settar í reglugerð.

2. gr.

1. mgr. 121. gr. laganna, sbr. 18. gr. laga nr. 97/1988, orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr., fjárhæð þeirra vaxtabóta sem skattstjóri reiknar út skv. 1.–5. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr., skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I um vaxtaafslátt í lögum nr. 49/1987, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi maður fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur samkvæmt C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sbr. B-lið 11. gr. laga nr. 49/1987, sbr. C-lið 9. gr. laga nr. 92/1987, skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til þó í engu tilviki lengur en til ársins 1993. Þeir sem fá húsnæðisbætur geta aldrei notið vaxtabóta samtímis. Með framtali fyrir tekjuárið 1989 getur maður sem áður hefur fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur óskað eftir því við skattstjóra að fá úrskurð um vaxtabætur. Réttur til húsnæðisbóta fellur að fullu niður hjá þeim sem þannig fær ákvarðaðar vaxtabætur.

II

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga þessara varir réttur þeirra manna til húsnæðisbóta sem fá úrskurðaðar slíkar bætur á grundvelli umsóknar með framtali 1989 vegna tekjuársins 1988 í eitt ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. **Inngangur.**

Þær breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt sem felast í frumvarpi þessu byggja á tillögum nefndar sem skipuð var af félagsmálaráðherra með bréfi dagsettu 11. maí 1988 til þess að fjalla um hið almenna húsnæðislánakerfi. Nefndina skipuðu Kjartan Jóhannsson formaður, Ásmundur Stefánsson, Gunnar J. Friðriksson, Júlíus Sólnes, Kristín Ástgeirsdóttir, María Ingvadóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þráinn Valdimarsson. Til að starfa með nefndinni voru tilnefndir Bolli Þór Bollason, Ingi Valur Jóhannsson og Yngvi Örn Kristinsson. Að auki hefur Maríanna Jónasdóttir viðskiptafræðingur verið nefndinni til aðstoðar.

Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk nefndarinnar þannig skilgreint: „... að ganga frá tillögum að skipan hins almenna húsnæðismálakerfis í framhaldi af álitsgerð vinnuhóps um þetta efni ... (og) ... semja lagafrumvarp um framkvæmd ráðstafana og leiða í breyttri skipan hins almenna húsnæðislánakerfis með hliðsjón af þeirri leið sem vinnuhópurinn mælir með í álitsgerð sinni og koma með þær tillögur aðrar um þetta efni sem nefndin telur réttar og nauðsynlegar".

Sá vinnuhópur sem vitnað er til í skipunarbréfi nefndarinnar skilaði álitsgerð 23. mars 1988. Starfshópinn skipuðu: Kjartan Jóhannsson formaður, Hallgrímur Snorrason, Ólafur Davíðsson, Gunnlaugur Sigmundsson og Yngvi Örn Kristinsson.

Vinnuhópurinn gerði meðal annars tillögu um að í stað húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar í núverandi skattkerfi yrðu teknar upp vaxtabætur sem væru breytilegar eftir vaxtabyrði. Vaxtabæturnar áttu að koma í stað niðurgreiðslu vaxta í almenna húsnæðislánakerfinu, enda yrðu þá vextir á almennum húsnæðislánum látnir fylgja markaðsvöxtum langtímalána. Í áliti vinnuhópsins kemur fram að hann telur þessa breytingu forsendu fyrir því að unnt sé að hrinda í framkvæmd annarri tillögu hans um þá nýskipan í húsnæðislánamálum að taka upp skuldabréfaskipti eða svonefnt húsbréfakerfi.

2. Staðan í dag. – Núverandi kerfi.

2.1 Niðurgreiðsla vaxta.

Í áliti vinnuhópsins er fjallað ítarlega um niðurgreiðslu vaxta í húsnæðislánakerfinu og áhrif hennar á húsnæðismarkaðinn. Þar segir meðal annars:

„... Hin mikla niðurgreiðsla vaxta, sem beitt er í íbúðalánakerfinu nú, eykur mjög á eftirspurn eftir íbúðarlánum. Þetta stafar annars vegar af því að hún hvetur alla sem hyggja á íbúðakaup til að sækja um opinber íbúðalán og letur menn til að leita annarra úrræða við fjármögnun íbúðakaupa. Hins vegar hvetja hinir lágu vextir á lánum Húsnæðisstofnunar til fasteignakaupa, þ.e. að menn nýti lán til mjög langs tíma til eignaaukningar í fasteignum þótt þeir hafi enga þörf fyrir viðbótarhúsnæði. Nánar má segja að þegar vextir á húsnæðislánum eru lægri en svarar til almennra ávöxtunarmöguleika á fjármagnsmarkaði sé í því fólgin hvatning til lántöku. Lántakandi hagnast beinlínis á því að taka lánið. Aðili, sem enga þörf hefur fyrir lán, skuldsetur sig og ávaxtar fengið fé á fjármagnsmarkaði. Í þessu er reyndar fólgin hætta á gervisölu íbúðar í því skyni að komast yfir ódýrt lánsfé og hagnast á því.

... Í umræðum um hið nýja lánakerfi hefur komið fram að aðilar, sem eiga miklar eignir, hafi sótt um lán vegna íbúðakaupa. Hið sama gildir um ýmsa sem voru að skipta úr dýrari íbúð í ódýrari og þannig að losa fé. Þessir aðilar mundu ekki sækjast eftir lánum ef markaðsvextir væru á húsnæðislánum. Þeir sækja um lánin af því að þeir hagnast á því að skuldsetja sig þannig.

Lagasetningin í desember 1987 fól í sér viðbrögð við þessari eftirspurn eftir lánsfé frá þeim sem ekki þurfa á lánum að halda. Með skömmtunaraðgerðum var reynt að hindra að þeir fengju lán. Slíkar skömmtunaraðgerðir hafa ekki aðeins áhrif á eftirspurnina sjálfa eða ásóknina í lánin, en eru auk þess mjög erfiðar í framkvæmd og munu bresta í mörgum greinum. Eðlilegra og farsælla er að takast á við eftirspurnina sjálfa, þ.e. að girða fyrir óþarfa umframeftirspurn með því að hafa eðlileg vaxtakjör. Hin niðurgreiddu lánskjör, sem nú gilda, munu leiða til vaxandi vandræða. Með eðlilegum vaxtakjörum ætti umframeftirspurnin hins vegar að hverfa og skömmtunaraðgerðir vegna hennar að verða óþarfar ...“

Í hnotskurn er því niðurstaða vinnuhópsins sú að hverfa beri frá því niðurgreiðslu- og skömmtunarkerfi sem nú er við lýði í húsnæðiskerfinu. Að öðrum kosti náist ekki að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á húsnæðismarkaðnum.

2.2 Húsnæðisbætur - vaxtaafsláttur.

Þegar komið var á staðgreiðslu skatta voru teknar upp sérstakar, tímabundnar húsnæðisbætur til þeirra sem eru að kaupa íbúð „... í fyrsta sinn ...“ Bætur þessar eru greiddar eftir á, í fyrsta skipti á árinu 1988 vegna íbúðarkaupa á árunum 1984–1987, en verða næst greiddar um mitt ár 1989 vegna kaupa á fyrstu íbúð á árinu 1988. Húsnæðisbæturnar eru ákveðnar sem föst krónutala á ári og fái allir jafnháa fjárhæð án tillits til aðstæðna. Árið 1988 voru húsnæðisbætur 46.201 kr. á hvern íbúðareiganda og tvöfaldar fyrir hjón. Fjárhæð húsnæðisbótanna er vístiölubundin og greiðist í sex ár en fellur þá niður.

Þá er rétt að nefna að samhliða húsnæðisbótakerfinu er annað kerfi við lýði. Það gerir ráð fyrir sérstökum vaxtaafslætti til þeirra sem höfðu áður nýtt sér vaxtafrádrátt. Vaxtaafsláttur-inn skal nema 40% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð sem svarar til 7% af tekjuskattsstofni einstaklings, eða samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna.

Á árinu 1988 voru greiddar út rúmlega 400 m.kr. í húsnæðisbætur til 9500 aðila. Af þeim töldu 30% ekki fram nein vaxtagjöld. Er það athyglisvert hvort heldur það er vegna ónákvæmra skattframtala eða þess að þeir greiddu enga vexti. Til viðbótar nam vaxtaafsláttur tæpum 700 m.kr., en hans nutu hins vegar mun fleiri en húsnæðisbótanna, um og yfir 25.000 aðilar. Að jafnaði nam vaxtaafslátturinn því 28 þús. kr. á hvern einstakling. Þannig námu

heildarútgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar 1.100 m.kr. á árinu 1988.

Framkvæmd húsnæðisbótakerfisins er ýmsum annmörkum háð auk þess sem draga má í efa að hún sé eins sanngjörn og æskilegt væri. Í því sambandi má meðal annars benda á að í mörgum tilvikum verður að skoða skattframtöl aðila nokkur ár aftur í tímann til þess að ákvarða bæturnar þar sem réttur til húsnæðisbóta stofnast aðeins einu sinni fyrir hvern framteljanda. Þegar hjón skilja, taka upp sambýli að nýju eftir skilnað eða gifta sig að nýju þarf að halda því til haga hvaða rétt þau eiga á húsnæðisbótum og að hve miklu leyti hann er nýttur með tilliti til þess hvernig íbúðareign er háttað á hverjum tíma. Allt er þetta flókið og tafsamt í framkvæmd.

Út frá sanngirnissjónarmiði og því markmiði að létta undir með þeim sem helst þurfa þess með koma jafnframt upp ýmis álitamál. Íbúðarkaup í fyrsta sinn kunna að vera tiltölulega auðveld og léttbær fjárhagslega, en kaup á seinni íbúð vegna stækkandi fjölskyldu langtum erfiðari og þungbærari. Fjölskylda, sem flyst úr verðlítilli íbúð í einu sveitarfélagi, þar sem erfitt er að selja húsnæði, í jafnstóra íbúð á öðrum stað, þar sem íbúðarverð er hátt, stendur t.d. miklu verr að vígi en fjölskyldan sem er að kaupa sína fyrstu íbúð.

Einnig má benda á að í húsnæðisbótakerfinu er enginn greinarmunur gerður á fjárhagsstöðu einstaklinga. Það fá allir jafnháar bætur, tekjuháir sem tekjulágir. Einstaklingur í góðum efnum, sem þarf í rauninni engan opinberan stuðning, fær nákvæmlega sömu húsnæðisbætur og láglaunamaðurinn. Skuldlaus einstaklingur er jafnsettur og stórskuldugur í núverandi húsnæðisbótakerfi.

Allt orkar þetta tvímælis og það verður varla sagt að húsnæðisbótakerfið miði að því að nýta hinn opinbera stuðning sem best í þágu hinna tekjulægri.

2.3 Opinber aðstoð í einum farvegi.

Af framangreindu má ráða að sambland af niðurgreiddum vöxtum og aðstoð í gegnum skattkerfið sem nú ríkir er frekar ómarkvisst. Jafnframt hefur niðurgreiðsla vaxta í húsnæðislánakerfinu óæskileg áhrif á húsnæðismarkaðinn. Af þessum ástæðum er ljós þörf þess að endurskoða hina opinberu aðstoð og koma henni í einn skýran farveg í gegnum skattkerfið. Lagt er til að sú aðstoð sem hið opinbera veitir og nú felst í mikilli niðurgreiðslu vaxta á íbúðalánum færist að mestu leyti yfir í skattkerfið. Með þessu móti væri unnt að slá á óþarfa eftirspurn eftir húsnæðislánum af hálfu þeirra sem í raun þurfa ekki á lánum að halda. Lánamarkaðurinn yrði jafnframt heilbrigðari og samstæðari. Þessi breyting gefur líka færi á mun markvissari stuðningi við þá einstaklinga sem raunverulega þurfa á því að halda. Loks má segja að þessi breyting sé forsenda þess að komið verði á eðlilegum viðskiptum með fasteignaverðbréf hérlendis. Þessi breyting er einnig forsenda þess að unnt verði að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti.

Hins vegar eru ákvæði í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þess efnis að ríkisstjórnin taki ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabanka Íslands. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi um ákvörðun vaxta.

Á undanförnum árum hefur verið mikill munur á vöxtum á skuldabréfum lífeyrissjóðanna og útlánsvöxtum Byggingarsjóðs ríkisins. Augljóst er að á því þarf að verða breyting ef hægt á að vera að treysta fjárhagsgrundvöll sjóðsins.

Útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verða að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Stefna ríkisstjórnarinnar er að ná niður raunvöxtum en það leiðir til þess að vaxtamismunur á skuldabréfum lífeyrissjóða og á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins minnkar.

3. Vaxtabætur.

3.1 Forsendur og markmið.

Tillaga nefndarinnar er að tekin verði upp greiðsla vaxtabóta í gegnum skattkerfið sem leysi af hólmi húsnæðisbætur og vaxtaafslátt samkvæmt núgildandi tekjuskattslögum. Sú heildarfjárhæð sem til þessa yrði varið tæki mið af áætluðum kostnaði við húsnæðisbóta- og vaxtaafsláttarkerfið og áætlaða vaxtaniðurgreiðslu í núgildandi kerfi húsnæðislána.

Þörfin fyrir opinberan stuðning stenst ekki þá raun að íbúðareigendur beri til lengdar mjög háa raunvexti, t.d. þá sem hafa verið hér á landi að undanförnu. Niðurgreiðsla vaxta af húsnæðislánum á fyrst og fremst að ráðast af hæð vaxta á hverjum tíma. Til lengdar litið ætti reglan að vera sú að vextir af húsnæðislánum væru ekki niðurgreiddir nema þeir fari umfram ákveðið mark, þ.e. að vaxtaniðurgreiðslan fari eftir vaxtastiginu og hverfi alveg við tiltekna lágmarksvaxtabyrði. Almenn niðurgreiðsla vaxta til lengdar, óháð vaxtastigi, hefur óæskileg áhrif á lánsfjáreftirspurn eins og áður var lýst auk þess sem hún kallar á ört vaxandi útgjöld ríkisins og þar með hækkun vaxta.

Af þessum sökum er eðlilegt að teknar verði upp sérstakar vaxtabætur sem ráðist af hæð vaxta en hætt verði að greiða húsnæðisbætur og vaxtaafslátt á núverandi formi. Þar sem vaxtabæturnar taka mið af greiðslubyrði vaxta er óþarfi að greiða sérstakar bætur til þeirra sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn né heldur er ástæða til að þær séu tímabundnar. Það er nefnilega vaxtabyrðin sem skiptir meginmáli í þessu sambandi.

Í annan stað er ástæðulaust og óeðlilegt að greiða vaxtabætur til þeirra sem ekki þurfa á lánum að halda, þ.e. þeirra sem eiga verulegar eignir. Í þriðja lagi verður að hafa að leiðarljósi að vaxtabæturnar nýtist betur hinum tekjulægri en hinum tekjuhærri.

3.2 Tillaga um ákvörðun vaxtabóta.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar skulu vaxtagjöld á skattframtali mynda stofn til ákvörðunar vaxtabóta.

Ákvörðunin byggir á eftirfarandi viðmiðunarreglum:

- Vaxtabætur skulu að hámarki vera *95 þús.* kr. fyrir einstakling, *125 þús.* kr. fyrir einstætt foreldri og *155 þús.* kr. fyrir hjón.
- Öllum er gert að bera tiltekinn hluta vaxtagjalda, eða sem svarar til 5% af tekjuskattsstofni einstaklings eða samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna. Skal sú fjárhæð, þannig reiknuð, dregin frá frádráttarbærum vöxtum.
- Að auki skulu vaxtabætur skerðast, fari eignarskattsstofn yfir *1.700 þús.* kr. – tvöföld sú fjárhæð fyrir hjón, uns þær falla niður við *3.400 þús.* kr. – tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum.

Samandregið er því tillagan sú að vaxtabæturnar verði ákvarðaðar sem frádráttarbær vaxtagjöld að frádregnum 5% af tekjuskattsstofni, þó þannig að þær skerðast um 3% fyrir hverjar *100 þús.* kr. sem samanlagður eignarskattsstofn hjóna fer yfir *3.400 þús.* kr., uns þær falla niður. Fyrir einstakling/einstætt foreldri gildir með sama hætti að vaxtabæturnar skerðast um 6% fyrir hverjar *100 þús.* kr., sem eignarskattsstofn fer yfir *1.700 þús.* kr., uns þær falla niður. Jafnframt er gert ráð fyrir að hámark útgreiddra bóta verði *95 þús.* kr. fyrir einstakling, *125 þús.* kr. fyrir einstætt foreldri og *155 þús.* kr. fyrir hjón. Ofangreindar fjárhæðir eru metnar á desemberverðlagi ársins 1988 og skulu hinn 1. júlí ár hvert taka hlutfallslegri breytingu samkvæmt lánskjaravísitölu á næstliðnum sex mánuðum, sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3.3 Tölulegt mat.

Til glöggvunar eru í fylgiskjali með frumvarpi þessu tekin nokkur dæmi um ákvörðun vaxtabóta samkvæmt framangreindum reglum miðað við mismunandi hæð tekna og eigna hjá framteljanda. Þannig ætti að fást nokkuð skýr mynd af því kerfi sem hér er lagt til að leysi húsnæðisbóta- og vaxtaafsláttarkerfi af hólmi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Réttur til vaxtabóta er háður beinum kostnaði manna vegna lántöku í tengslum við öflun á eigin húsnæði. Eru vaxtabætur miðaðar við framtal manna vegna næstliðins almanaksárs og því hluti af lokaálagningu gjalda.

Hvernig vaxtabætur eru ákveðnar og hámark þeirra er skilgreint í 2. mgr. og ræðst fjárhæð þeirra m.a. af fjölskyldustöðu viðkomandi rétthafa. Bæturnar skerðast í hlutfalli við tekjur og nettóeign.

Í 3. mgr. eru vaxtagjöld þau sem vaxtabæturnar miðast við skilgreind. Eru vaxtagjöldin ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum. Greiddar og gjaldfallnar verðbætur eru m.a. taldar til vaxta. Vísast um þetta til ákvæða 1. tölul. E-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eins og hann hljóðaði fyrir gildistöku ákvæða um húsnæðisbætur.

Í 4. mgr. koma fram reglur um skerðingu vaxtabóta í hlutfalli við eignarskattsstofn.

Í 5. og 6. mgr. er skilgreint upphaf og lok þess tímabils er vaxtabæturnar tilheyra.

Vaxtabæturnar skiptast milli hjóna að jöfnu. Sama regla á við um sambýlisfólk sem fullnægir skilyrðum til samsköttunar, þ.e. á sama lögheimili og hefur átt barn saman, á von á barni eða hefur átt sama lögheimili í a.m.k. tvö ár.

Um ráðstöfun vaxtabóta gilda sömu reglur og um ráðstöfun barnabóta. Vaxtabætur koma til útborgunar skv. 7. mgr. þegar þeim hefur verið skuldajafnað á móti opinberum gjöldum í nánar tiltekinni röð.

Í 8. mgr. eru ákvæði um að endurgreiða beri of hátt ákvarðaðar vaxtabætur með álagi. Er hér um að ræða sömu reglu og gilda um barnabætur.

Í 9. mgr. er tekið fram að kæra megi vaxtabótaákvörðun skattstjóra eftir þeim kæruleiðum sem gilda um skattákvarðanir. Sambærileg úrræði er ekki að finna varðandi húsnæðisbætur og skapaði það viss vandamál. Er talið eðlilegt að ákvarðanir um vaxtabætur verði kæranlegar til ríkisskattanefndar er kveði upp endanlegan úrskurð.

Gert er ráð fyrir sérstakri reglugerð um skuldajöfnun og útborgun vaxtabóta. En eðli sínu samkvæmt koma þær ekki til útborgunar fyrr en á seinni hluta ársins. Að þessu leyti er munur á útborgunarreglum milli vaxtabóta og barnabóta sem greiddar eru með fjórum greiðslum á viðkomandi ári.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að hámarksfjárhæðir vaxtabóta breytist í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Aðrar fjárhæðir greinarinnar munu hins vegar taka breytingum í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. laganna enda er þar um að ræða skerðingarstofna en ekki greiðslustærðir.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að reglur um vaxtaafslátt falli niður. Vaxtabótaréttur stofnast hjá mönnum sem hafa greiðslubyrði vegna vaxta af lánum sem tekin eru til öflunar á íbúðarhúsnæði. Skiptir ekki máli hvenær húsnæðis var aflað ef öðrum skilyrðum er fullnægt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Gera verður ráð fyrir því sem aðalreglu að þeir sem fengið hafa húsnæðisbætur haldi rétti til þeirra þar til þær hafa runnið sitt skeið á enda þó aldrei lengur en til ársins 1993. En slíkir menn eru þó á sama tíma útilokaðir frá vaxtabótum. Þegar húsnæðisbótum sleppir geta menn eftir atvikum átt rétt til vaxtabóta að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Gert er ráð fyrir að þeir menn, sem hafa fengið úrskurðaðar húsnæðisbætur, geti óskað eftir að breyta úr húsnæðisbótum yfir í vaxtabótakerfið. Slíkt val á sér þó einungis stað einu sinni, þ.e. með framtali 1990.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði er kveðið á um að þeir, sem sækja um húsnæðisbætur í fyrsta sinn með framtali 1989 og hafa því ekki fengið ákvarðaðar bætur er frumvarp þetta öðlast gildi nái það fram að ganga, fái aðeins greiddar húsnæðisbætur á þessu ári.

Fylgiskjal.

Ákvörðun vaxtabóta

Tafla 1.1

Einstaklingur - undir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 160 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 1.500 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1])	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2]) þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2]) þús. kr.	Vaxta-afsláttur þús. kr.
67	800	95	59,4	47	42
83	1.000	95	59,4	47	36
100	1.200	95	59,4	47	30
125	1.500	85	53,1	56	22
167	2.000	60	37,5	56	8
208	2.500	35	21,9	56	0
250	3.000	10	6,3	56	0

Tafla 1.2

Einstaklingur - yfir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 160 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 2.700 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1])	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2]) þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2]) þús. kr.	Vaxta-afsláttur þús. kr.
67	800	48	30,0	47	42
83	1 000	44	27,5	47	36
100	1.200	40	25,0	47	30
125	1.500	34	21,2	47	22
167	2.000	24	15,0	47	8
208	2.500	14	8,8	47	0
250	3.000	4	2,5	47	0

[1]) Ekki tekið tillit til niðurgreiðslu vaxta á lánum Húsnæðisstofnunar.
[2]) Þessar fjárhæðir eru á verðlagi í desember 1988.

Tafla 2.1

Einstætt foreldri – undir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 160 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 1.500 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1])	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2]) þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2]) þús. kr.	Vaxta-afsláttur þús. kr.
67	800	120	75,0	47	42
83	1.000	110	68,8	47	36
100	1.200	100	62,5	47	30
125	1.500	85	53,1	47	22
167	2.000	60	37,5	47	8
208	2.500	35	21,9	47	0
250	3.000	10	6,3	47	0

Tafla 2.2

Einstætt foreldri – yfir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 160 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 2.300 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1])	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2]) þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2]) þús. kr.	Vaxta-afsláttur þús. kr.
67	800	77	48,1	47	42
83	1.000	70	43,8	47	36
100	1.200	64	40,0	47	30
125	1.500	54	33,8	47	22
167	2.000	38	23,8	47	8
208	2.500	22	13,8	47	0
250	3.000	6	3,8	47	0

[1]) Ekki tekið tillit til niðurgreiðslu vaxta á lánum Húsnæðisstofnunar.
[2]) Þessar fjárhæðir eru á verðlagi í desember 1988.

Tafla 3.1

Hjón – undir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 200 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 3.000 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1])	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2]) þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2]) þús. kr.	Vaxta-afsláttur þús. kr.
100	1.200	140	70,0	94	46
125	1.500	125	62,5	94	38
167	2.000	100	50,0	94	24
208	2.500	75	37,5	94	10
250	3.000	50	25,0	94	8
292	3.500	25	12,5	94	0
333	4.000	0	-	94	0

Tafla 3.2

Hjón – yfir skerðingarmörkum eignar

- Vaxtagjöld 200 þús. kr. á ári
- Eignarskattsstofn 4.500 þús. kr. í árslok 1988

Tekjur				Til samanburðar[1]	
Á mán. þús. kr	Á ári þús. kr	Vaxtabætur [2] þús. kr.	Vaxtabætur sem % af vaxtagjöldum	Húsnæðis-bætur[2] þús. kr.	Vaxtabætur afsláttur þús. kr.
100	1.200	94	47,0	94	46
125	1.500	84	42,0	94	38
167	2.000	67	33,5	94	24
208	2.500	50	25,0	94	10
250	3.000	34	17,0	94	0
292	3.500	17	8,5	94	0
333	4.000	0	-	94	0

[1]) Ekki tekið tillit til niðurgreiðslu vaxta á lánum Húsnæðisstofnunar.
[2]) Þessar fjárhæðir eru á verðlagi í desember 1988.

Ed. 639. Breytingartillögur [224. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Á eftir 3. málsl. 3. efnismgr. 1. gr. komi: Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði, sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936.
2. Í stað lokamálsliðar 4. efnismgr. 1. gr. komi: Engum manni má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan. Skylt er ráðherra að veita umsækjanda embættið eða starfið ef hann hlýtur 2/3 atkvæða þeirra sem viðstaddir eru deildarfund.

Ed. 640. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um eignarleigustarfsemi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í meðförum neðri deildar og þeirri breytingartillögu sem birt er á sérstöku þingskjali. Sú breytingartillaga miðar að því að færa orðalag frumvarpsins til samræmis við orðalag í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Þrír nefndarmanna, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes, áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Ragnar Óskarsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 17. mars 1989.

Eiður Guðnason, form. | Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm. | Júlíus Sólnes.

Halldór Blöndal. | Jóhann Einvarðsson.

Ed. 641. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um eignarleigustarfsemi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 13. gr. Í stað orðsins „dómsrannsókn“ í 3. mgr. komi: opinber rannsókn.

Ed. 642. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallað á sinn fund Baldvin Tryggvason frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabankans. Þá hefur nefndinni borist skrifleg álitsgerð um frumvarpið frá Sambandi íslenskra sparisjóða. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim fjórum breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Þær breytingartillögur eru fluttar vegna athugasemda frá Sambandi íslenskra sparisjóða og kveða nánar á um kosningu sparisjóðsstjórna og ákvörðun vaxta og gjaldskráa sparisjóða.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. mars 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm. | Jóhann Einvarðsson. | Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 643. Fyrirspurn [350. mál]

til utanríkisráðherra um staðfestingu á sáttmála Evrópuráðsins um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvað stendur í vegi fyrir því að Evrópusáttmálinn um sjálfsstjórn sveitarfélaga, nr. 122, sem undirritaður var 20. nóvember 1985, verði staðfestur?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 644. Fyrirspurn [351. mál]

til dómsmálaráðherra um ályktun Evrópuráðsins um griðland fyrir flóttamenn.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvað hefur dómsmálaráðherra hugsað sér að gera varðandi framgang ályktunar Evrópuráðsins nr. 1088 frá 1988 um griðland fyrir flóttamenn?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 645. Fyrirspurn [352. mál]

til heilbrigðisráðherra um ályktun Evrópuráðsins um baráttuna gegn eiturlyfjum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Mun heilbrigðisráðherra beita sér fyrir því að gerður verði sérstakur Evrópuráðssáttmáli um baráttuna gegn eiturlyfjum ef þingi Sameinuðu þjóðanna mistekst að koma sér saman um sáttmála, sbr. ályktun Evrópuráðsins nr. 1085/1988?

Í hvaða lögum og reglugerðum er kveðið á um eftirlit með útflutningi á efnasamböndum til framleiðslu á eiturlyfjum, þar með talin ávana- og fíknilyf?

Er í undirbúningi að lögleiða ákvæði um meðferð og sölu á sprautum til þess að koma í veg fyrir eyðnismit?

Er á döfinni hjá ríkisstjórninni að setja lög og reglugerðir sem auðvelda upptöku eigna og lausafjár eiturlyfjasala?

Er í undirbúningi að gefa fólki, sem hefur orðið eiturlyfjum að bráð, kost á félagslegri meðferð og sjúkrahúsvist í stað fangelsisafplánunar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 646. Fyrirspurn [353. mál]

til utanríkisráðherra um sáttmála á forgangslista Evrópuráðsins.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða sáttmálar Evrópuráðsins eru á forgangslista þess í tilefni 40 ára afmælis ráðsins?
2. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að þessir sáttmálar verði undirritaðir og staðfestir?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 647. Breytingartillögur [241. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VS, JE, KSG).

1. 1. gr. orðist svo:
   8. gr. laganna breytist svo:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eða jafngildar, gilda um verðbréfasjóði með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádregnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvíxla eða aðrar sambærilegar eignir.
   c. Við bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:
      Seðlabankanum er heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir þeirra (gjaldeyrisjöfnuð), svo og endurlánajöfnuð sem miði að því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir skuli sjá til þess að slíkar eignir séu í jafnvægi þannig að gengisáhætta sé sem minnst. Seðlabankinn getur beitt innlánsstofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum 41. gr. sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.
2. Við 2. gr. bætist:
   Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   33. gr. laganna orðist svo:
   Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabanka Íslands framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

Ed. 648. Breytingartillögur [244. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VS, JE, KSG).

1. Við 2. gr. Lokamálsliður 1. efnismgr. orðist svo: Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.
2. Fyrri efnismálsgrein 4. gr. falli brott.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Orðin: „sbr. þó 70. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

4. Á eftir 4. gr. komi enn ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, ákvarðar vexti sparisjóðs og gjaldskrá fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem sparisjóður gefur út og þá vexti sem sparisjóður áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sparisjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum.
5. Á eftir 5. gr. komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:
   Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

Ed. 649. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um það þá Sigmund Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Sveinbjörn Rafnsson, forseta heimspekideildar Háskóla Íslands.

Það frumvarp, sem hér er um að ræða, fjallar um stöðuveitingar við Háskóla Íslands. Meginatriði frumvarpsins er að áhrif háskóladeildar eru aukin hvað stöðuveitingar varðar og vald ráðherra þrengist og er fyrst og fremst synjunarvald.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillaga meiri hl. miðar að því að kveða skýrar á um viss atriði í frumvarpinu. Efnislega er um þrjú atriði að ræða í breytingartillögu meiri hl.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ráðherra sé ekki heimilt að veita manni prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði. Breytingartillaga meiri hl. varðar ákvæðið um deildarfund því að í frumvarpinu var talað um meðmæli meiri hluta deildarfundar en í breytingartillögunni er kveðið skýrt á um að fyrir hendi þurfi að vera meðmæli meiri hluta viðstaddra á deildarfundi.

Í öðru lagi er kveðið á um að ef háskóladeild þarf að kjósa milli fleiri en tveggja hæfra umsækjenda og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðsluna þá skuli kosið á ný milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.

Í þriðja lagi er kveðið skýrar á um synjunarvald ráðherra. Gert er ráð fyrir að ef menntamálaráðherra fellst ekki á tillögu deildarfundar skuli auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Alþingi, 20. mars 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Skúli Alexandersson.	Guðmundur Ágústsson.	Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 650. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (EG, JHelg, DS, SkA, VS, GuðmÁ).

Í stað lokamálsliðar 4. efnismgr. 1. gr. komi: Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Sþ. 651. Fyrirspurn [354. mál]

til dómsmálaráðherra um lög um happdrætti.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hvað líður endurskoðun laga um happdrætti?

Sþ. 652. Fyrirspurn [355. mál]

til samgönguráðherra um gerð vegar milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvað hefur samgönguráðherra aðhafst vegna þingsályktunar sem samþykkt var á síðasta þingi um að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þorlákshafnar og Grindavíkur?

Ed. 653. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallað á sinn fund Geir Hallgrímsson, Eirík Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands, Baldvin Tryggvason frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabankans. Nefndinni hafa borist skriflegar greinargerðir um frumvarpið frá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Verslunarbanka Íslands, Samvinnubanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hf. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum hans sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. mars 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm.	Jóhann Einvarðsson.	Karl Steinar Guðnason.

Ed. 654. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallað á sinn fund Baldvin Tryggvason frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum hans sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. mars 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr., frsm. Jóhann Einvarðsson. Karl Steinar Guðnason.

Ed. 655. Breytingartillaga [242. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VS, JE, KSG).

Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

1. og 2. málsl. 19. gr. laganna orðist svo:

Auk bankastjóra ræður bankaráð forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi. Leita skal tillagna bankastjórnar áður en ráðið er í stöðu aðstoðarbankastjóra.

Sþ. 656. Svar [148. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um tryggingafræðilega athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

1. Hvenær var síðast gerð tryggingafræðileg úttekt á fjárhag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og lög kveða á um að gerð skuli á fimm ára fresti?

Guðjóni Hansen tryggingafræðingi var falið að gera athugun á stöðu sjóðsins miðað við árslok 1978. Með skýrslu dagsettri 10. febrúar 1982 gerir hann grein fyrir athugun sinni. Meginniðurstaða hans var sú að með 2% raunávöxtun framvegis mundi höfuðstóll sjóðsins ásamt væntanlegum iðgjöldum standa undir um 28% reiknaðra skuldbindinga. Með 4% ávöxtun mundi sjóðurinn sjálfur geta staðið undir um 42% af skuldbindingum sínum. Það sem á vantar greiðist af ríkissjóði og öðrum launagreiðendum sem aðilar eru að sjóðnum.

Stjórn lífeyrissjóðsins óskaði eftir því við Guðjón Hansen á árinu 1982 að hann gerði nýja athugun. Guðjón var ekki reiðubúinn til þess verks og taldi ekki rétt að ráðast þegar aftur í nýtt tryggingafræðilegt uppgjör. Enn fremur taldi hann að frumskilyrði þess að nýtt uppgjör reyndist gagnlegt væri skynsamlegri verkaskipting milli lífeyrissjóðsins og ríkissjóðs en sú sem kveðið er á um í 25. gr. laga um sjóðinn.

Á árinu 1983 samþykkti stjórn sjóðsins að fela Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi uppgjör á fjárhag sjóðsins miðað við árslok 1983.

Á árunum 1983 til 1986 skilaði Jón Erlingur skýrslum um ýmsa þætti í starfsemi sjóðsins sem hann hafði athugað án þess að draga saman á einum stað heildarniðurstöðu.

2. Hver var niðurstaða síðustu úttektar?

Niðurstaða Guðjóns Hansens var eins og að framan greinir að 60–70% af skuldbindingum lífeyrissjóðsins mundi lenda á ríkissjóði og öðrum atvinnurekendum sem í sjóðinn greiða. Niðurstaða Jóns Erlings Þorlákssonar um þetta atriði var hliðstæð. Að hans mati þyrftu iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að vera um 25% launa í stað 10% eins og þau eru nú. Samkvæmt því getur sjóðurinn staðið við um 40% af skuldbindingum en um 60% verða að koma frá öðrum.

3. Hafi slík úttekt ekki farið fram, hyggst fjármálaráðherra þá beita sér fyrir því að hún verði framkvæmd?

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur ákveðið að láta fara fram úttekt á stöðu sjóðsins miðað við árslok 1988.

4. Hvert er mat ráðherra á skuldbindingum ríkissjóðs vegna greiðslu verðbóta á lífeyri opinberra starfsmanna?

Skuldbindingar ríkissjóðs vegna greiðslu verðbóta á lífeyri opinberra starfsmanna er aðeins lítill hluti þess vandamáls sem við er að eiga. Þær tölur sem að framan eru nefndar byggjast á mati á því hversu stóran hluta skuldbindinga sjóðsins sé hægt að standa við með iðgjöldum eins og þau eru nú og er þá miðað við tiltekna raunávöxtun á eigum sjóðsins. Sá munur, sem þar kemur fram, stafar því ekki af verðlagsþróun heldur því að lífeyrisréttindin sem sjóðurinn veitir eru hærri en sem nemur því sem iðgjöldin geta staðið undir. Þessi mismunur stafar af því annars vegar að ekki er samræmi á milli þeirra réttinda sem sjóðurinn veitir og þess iðgjaldahlutfalls sem krafist er í hann. Hins vegar eru óveruleg og lítil tengsl á milli þess iðgjalds sem greitt er vegna hvers og eins sjóðsfélaga og þeirra réttinda sem hann ávinnur sér.

5. Hversu stórt hlutfall lífeyrisgreiðslna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur verið greitt af ríkissjóði eða stofnunum og fyrirtækjum ríkisins á tímabilinu 1981–1987 að báðum árum meðtöldum?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir iðgjöld til lífeyrissjóðsins, greidda verðtryggingu atvinnurekenda og greiddan lífeyri á árunum 1981–1988. (Upphæðir í millj. kr.)

	Greiddur lífeyrir	Greidd verðtrygging	Hluti lífeyris greiddur með verðtryggingu	Iðgjöld[1]	Iðgjöld sem hlutfall af lífeyrisgreiðslum
1981	105	83	79%	109	104%
1982	171	134	78%	170	100%
1983	282	212	75%	264	94%
1984	359	254	71%	317	88%
1985	539	387	72%	459	85%
1986	835	604	72%	622	74%
1987	1.148	797	69%	860	75%
1988	1.421	1.102	78%	980	69%

[1] Iðgjöld ársins 1988 eru áætluð.

Nd. 657. Frumvarp til laga [356. mál]

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna. Er það álitið kostur fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að geta átt aðild að stofnun sérstakra fyrirtækja um slík verkefni en með því getur stofnunin betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo þær nýtist betur í þágu atvinnuveganna. Með þátttöku stofnunarinnar í slíkum fyrirtækjum þykir tryggt að tengsl við fyrirtæki sjávarútvegsins aukist.

Stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins óskaði eftir því að ráðuneytið beitti sér fyrir breytingu á lögum stofnunarinnar í þessu skyni, en slík breyting hefur þegar verið gerð á lögum um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985, og Iðntæknistofnun Íslands, sbr. lög nr. 77/1986.

Í frumvarpinu er lagt til að aðild Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verði háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra hverju sinni.

Jafnframt er heimildin bundin við aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verður takmörkuð við hlutafjárframlög.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa.

Ed. 658. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þau frumvörp um breytingu á lögum um viðskiptabanka, sparisjóði og Seðlabanka Íslands, sem ríkisstjórnin lagði fram í kjölfar yfirlýsingar um efnahagsmál á Alþingi 6. febrúar sl., hafa þann tilgang, að því er virðist, að lækka vexti og reyna að koma böndum á bankakerfið. Enn fremur mun það vera ætlan ríkisstjórnarinnar að verði þessi frumvörp að lögum takist að koma lagi á efnahagsmál þjóðarinnar og rétta við hlut atvinnuveganna. Þegar litið er til þess hversu smávægilegar þær breytingar eru, sem frumvörpin gera ráð fyrir, en þær eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar, eru væntingarnar miklar. Á engan hátt er tekið á aðalmálunum sem felast í rangri peninga- og efnahagsstefnu til margra ára. Í stað þess virðist ríkisstjórnin vonast til þess, svo dæmi sé tekið, að við að bæta orðunum **hóflega og** inn í eina setningu í 9. gr. seðlabankalaganna muni útlánsvextir lækka af sjálfu sér.

Í þessu nefndaráliti er fjallað um öll þrjú bankamálafrumvörpin samtímis og því ekki skilað séráliti um hin frumvörpin tvö.

Nýlega hafa birst tölur um hagstæðan rekstur bankanna, þ.e. töluverðan rekstrarafgang eða gróða á sama tíma og nærri allur atvinnurekstur landsmanna er rekinn með tapi. Því vakna eftirfarandi spurningar: Er rekstur bankanna í svona góðu lagi? Eru atvinnufyrirtækin hins vegar svona illa rekin? Hvað varðar fyrri spurninguna er rétt að staldra við hinn geipimikla vaxtamun milli innláns- og útlánsvaxta í bankakerfinu, en hann mun nema um 8% en vaxtamunur hjá erlendum bönkum er yfirleitt um 1%. Hér er væntanlega skýringin á hinni góðu afkomu bankanna. Orsakir fyrir hinum mikla vaxtamun eru hins vegar margar. Benda má á fimm höfuðatriði:

1. Hálfbrjáluð hávaxtasamkeppni bankanna um veltiinnlán. Greiddir eru háir vextir af t.d. tékka- og hlaupareikningum sem víða erlendis eru án nokkurra vaxta eða jafnvel með neikvæðum vöxtum. Kostnaði við tékkareikningana er síðan velt yfir á lántakendur gegnum útlánsvextina.
2. Vegna hinna geipiháu útlánsvaxta eru vanskil meiri en eðlilegt getur talist. Okurvaxtakerfi kallar á mikil vanskil. Kostnaði af töpuðum skuldum er velt yfir á lántakendur.
3. Þá vekja miklar auglýsingaherferðir bankanna athygli, en þær hljóta að kosta mikla fjármuni. Hvergi erlendis verður vart við aðrar eins bankaauglýsingar og á Íslandi þar sem bitist er um hinar fáu hræður sem bankarnir geta náð til. Kostnaði af þessu er að sjálfsögðu velt yfir á lántakendur.
4. Gírógreiðsluþjónusta bankanna er orðin mjög umfangsmikil og er kostnaður við hana mikill og mun meiri en tekjur t.d. vegna seldra gíróseðla. Víðast hvar erlendis er þessi þjónusta algerlega á vegum pósthúsa. Þegar gírógreiðslukerfið var innleitt á Íslandi lenti það hins vegar hjá bönkunum. Rekstrarkostnaði gíróþjónustunnar er einnig velt yfir á lántakendur.
5. Í síðasta lagi má benda á slælegan rekstur, en margir talsmenn bankanna hafa opinberlega lýst því yfir að rekstur bankanna sé allt of dýr. Ef íslenska bankakerfið væri fært til nútímalegs horfs ætti að vera hægt að lækka rekstrarkostnað verulega. Of háum rekstrarkostnaði er að sjálfsögðu velt yfir á lántakendur.

Með hliðsjón af framansögðu hlýtur það að vekja umhugsun að á meðan vel rekin atvinnufyrirtæki berjast í bökkum skuli bankakerfið þrátt fyrir óhagstæðan rekstur skila verulegum hagnaði. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja það gagnvart almenningi og atvinnulífinu að allar banka- og peningastofnanir skuli lifa góðu lífi en allur annar atvinnu-

rekstur og heimilin í landinu rekin með tapi. Vaxtastig í einu þjóðfélagi hlýtur að verða að miðast við það sem atvinnulíf þess stendur undir. Þá ætti það að vera orðið flestum ljóst sem vilja hugsa um þessi mál af alvöru að verðtrygging krónunnar með lánskjaravísitölu er smám saman að leggja útflutningsatvinnuvegina í rúst.

Ef litið er á einstök atriði þeirra breytinga, sem frumvörpin gera ráð fyrir, má fyrst nefna breytingu á 8. gr. seðlabankalaganna um lausafjárskyldu banka og peningastofnana og bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Sú breyting, að mismunur á heildareign og heildarskuldum sem eru bundnar erlendum gjaldmiðlum skuli teljast til lauss fjár í stað þess að mega nota innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum sem laust fé án skilyrða, sýnist skynsamleg. Hún rýrir þó lausafjárstöðu bankanna þegar til skamms tíma er litið og mun ekki uppfylla það markmið að styrkja stöðu þeirra banka sem sinna útflutningsatvinnuvegunum sérstaklega, sem þó var ætlunin. Varðandi bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða sýnist eðlilegt að í stað bindiskyldu, eins og innlánsstofnanir þurfa að sæta, verði fremur beitt kaupskyldu, þ.e. verðbréfafyrirtækjum og sjóðum verði gert skylt að kaupa ríkisskuldabréf eða bréf með ríkisábyrgð að bindiskylduhlutfalli. Hins vegar er löngu orðið tímabært að endurskoða ákvæði um bindiskyldu innlánsstofnana sem er óeðlilega há á Íslandi, þ.e. um 13%. Leikur vafi á hvort hún hefur ekki þveröfug áhrif, þ.e. í stað þess að draga úr þenslu í efnahagslífinu virkar hún verðbólguhvetjandi. Erlendis er bindiskylda innlánsstofnanna mun minni, oft um 3%, eða jafnvel engin.

Áður hefur verið vikið að því að sú breyting, sem lögð er til í 9. gr. seðalbankalaganna, þ.e. að skjóta inn orðunum **hóflega og**, er ekki talin líkleg til þess að skila miklum árangri. Varðandi breytingar á 41. gr. seðlabankalaganna um viðurlög skal á það bent að fulltrúar Seðlabankans, sem komu til viðræðna við fjárhags- og viðskiptanefnd, töldu að hér væri um mjög mikilvægt hagstjórnartæki að ræða. Þeir álitu að skapa mætti frið um þetta hagstjórnartæki með þeim breytingum sem lagðar eru til, þ.e. að viðurlög skuli að ¾ hlutum renna í ríkissjóð, sé það ásættanlegt. Þó verður að vara við því að viðurlög af þessu tagi verði að tekjustofnum fyrir ríkissjóð.

Hvað varðar þær breytingar, bæði á lögum um sparisjóði og viðskiptabanka, þ.e. 242. og 244. mál, sem hafa í för með sér að stjórnir sparisjóða og bankaráð viðskiptabanka eigi að hafa meiri áhrif á ákvörðun um vexti og þjónustugjöld, sýnist sitt hverjum. Flestir efast um að þessar breytingar muni hafa nokkur áhrif. Varðandi sparisjóðina hefur stjórn Landssambands sparisjóða yfirleitt haft hönd í bagga um slíkar ákvarðanir fyrir sparisjóðina, einkum hina minni. Því eru þær breytingar, sem lagðar eru til á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, taldar óþarfar eða í besta falli meinlausar. Varðandi þá breytingu á valdsviði bankaráða, sem kemur fram með þeirri breytingu sem er lögð til á 21. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, telja flestir bankamenn að hún sé til óþurftar. Hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu að vélrituð skrá yfir vexti og þjónustugjöld banka, sem bankastjórnin hefur ákveðið, verði formlega samþykkt og límd inn í fundargerðabók bankaráðs. Undirritaður telur að ekki geti talist óeðlilegt að bankaráðsmenn hlutist til um stefnu bankans í gjaldtöku vegna þjónustu sem veitt er viðskiptavinum hans. Í ljósi þess, sem sagt var að framan um óhóflegan vaxtamun í bankakerfinu, er eðlilegt að leitað verði allra ráða til að lækka hann. Ekki er þó líklegt að þessi ráðstöfun hafi mikið að segja.

Alþingi, 21. mars 1989.

Júlíus Sólnes.

Ed. 659. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta ber sama yfirbragð og önnur þau frumvörp sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um banka- og peningamál á þessu þingi. Það horfir til fortíðarinnar og miðar að því að færa skipan bankamála langt aftur í tímann. Köld hönd miðstýringarinnar á að koma í staðinn fyrir það frjálsræði sem hér hefur verið að þróast á peningamarkaðnum og verið að leita sér að eðlilegum farvegi. Fyrsta málsgrein 1. gr. frumvarpsins felur í sér breytta skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana þannig að aftur verði horfið til þeirra reglna sem giltu fram til síðustu áramóta. Fyrir því má færa viss peningapólitísk rök, en á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á knýjandi nauðsyn breytingarinnar. Þyngra vegur að ríkisstjórnin þóttist bæta stöðu þeirra banka, sem þjóna útflutningsstarfsemi, með frumvarpsgreininni, og sagðist hafa það að markmiði með breytingunni. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur í höndum, m.a. frá Landsbanka Íslands, liggur fyrir að breytingin yrði ekki til hagsbóta fyrir þá banka sem þjóna útflutningsgreinunum, „sé það haft að leiðarljósi verður að gera frekari breytingar" segir í umsögn Landsbanka Íslands um frumvarpsgreinina.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að 75% þeirra viðurlaga, sem Seðlabankanum er heimilt að beita gagnvart innlánsstofnunum, renni í ríkissjóð. Í umsögn Landsbanka Íslands er spurt hvort líta beri á viðurlögin sem skatt og vakin athygli á að slík skattheimta byggði á ótraustum grunni og æskilegt væri að leitað yrði álits sérfróðra manna þar um. Auðvitað er Seðlabankinn hluti af ríkisvaldinu og ríkið með þessu í rauninni að skattleggja sjálft sig, sem myndrænt liti út eins og það væri að éta skottið á sjálfu sér og hygðist nærast af því.

Breytingartillögur 1. minni hl. nefndarinnar bera glögg höfundareinkenni ríkisstjórnarinnar. Þar er lagt til að Seðlabankanum sé skylt að láta sömu reglur gilda um verðbréfasjóði og bundna reikninga innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands með kaupskyldu á öruggum verðbréfum. Í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að hann telur ekki einsýnt að bindiskyldu eða samsvarandi kvöðum beri ávallt að beita gagnvart verðbréfasjóðum eins og innlánsstofnunum, heldur verði það að vera matsatriði eftir aðstæðum á hverjum tíma. Þá sé ekki vitað til að bindiskyldu sé beitt gagnvart verðbréfasjóðum erlendis, enda þótt í nokkrum löndum virðist vera fyrir hendi sá lagalegi möguleiki að grípa til hennar ef það væri talið æskilegt á einhverjum tíma. Bent er á að kaupskylda sé nú þegar í bráðabirgðalögum frá síðastliðnu vori og lagt til að ákvæðið verði í heimildarformi.

Þá er í breytingartillögum 1. minni hl. nefndarinnar gert ráð fyrir því að Seðlabankinn geti, eftir að hann hefur hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignaleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðist við hliðstæða áhættuflokka. Um þetta sögðu fulltrúar Seðlabanka Íslands m.a. að ekki væri ljóst með hvaða hætti unnt sé að setja reglur sem um er fjallað í 3. mgr. né hvernig mætti fylgja þeim eftir svo hald sé í. Sé sett hámark á ávöxtun í verðbréfaviðskiptum jafngildir það því að sett sé lágmark á verð þessara fjármuna. Ekki er þá fjarri lagi að álykta að til samræmis þurfi að setja lágmark á verð annarra fjármuna sem ganga kaupum og sölum svo sem notaðra bifreiða o.fl. Bent var á að svona ákvæði um viðskipti með verðbréf geti leitt til niðurstöðu sem væri beinlínis í andstöðu við markmið frumvarpsins að lækka fjármagnskostnað. Áhrifin af þessu gætu orðið annars vegar þau að draga úr sparnaði í formi verðbréfakaupa sem leitt getur til hækkunar vaxta. Í stað fjárfestingar í verðbréfum mundi fólk m.a. velja fasteignir eða lausafjármuni.

Í öðru lagi geta áhrifin orðið þau að færa verðbréfaviðskipti út á skúmaskotamarkaðinn, en síðustu ár hafa þau einmitt komist upp á yfirborðið hér á landi sem víðast annars staðar. Síðustu ár hefur verið reynt að skapa hér á landi skilyrði fyrir heilbrigðum verðbréfaviðskiptum fyrir opnum tjöldum. Umrætt ákvæði mundi eyða slíkum möguleikum og spilla t.d. fyrir starfsemi Verðbréfaþings Íslands og öðrum markaðsviðskiptum með verðbréf, þar á meðal húsbréfum og verðbréfum Atvinnutryggingarsjóðs."

Um þriðju breytingartillögu 1. minni hl. nefndarinnar og þau ákvæði frumvarpsins, sem hér hafa ekki verið gerð sérstaklega að umræðuefni, er það eitt að segja að þau skipta engu máli, hvorki til né frá, og gefa ekki tilefni til sérstakrar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Það er því einsýnt að fella frumvarpið í heild sinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins þar sem hann er erlendis.

Alþingi, 21. mars 1989.

Halldór Blöndal.

Ed. 660. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er tvíþætt. Annars vegar lýtur það að nauðsynlegum breytingum á lögum um sparisjóði í kjölfar þess að sýslunefndir hafa verið lagðar niður og er að sjálfsögðu ekki ágreiningur um þau ákvæði frumvarpsins.

Hins vegar ber frumvarpið merki þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur í banka- og peningamálum og er jafnsjálfsagt að fella þau ákvæði frumvarpsins sem eru af þeim toga.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins þar sem hann er erlendis.

Alþingi, 21. mars 1989.

Halldór Blöndal.

Ed. 661. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar leggur til að frumvarp þetta sé fellt. Fyrir því liggja augljósar ástæður. Annars vegar fela greinarnar í sér óverulegar breytingar frá núgildandi lögum en hins vegar eru sum ákvæði frumvarpsins beinlínis skaðleg og miða að því að færa verksvið og starfshætti bankaráða aftur í tímann og hverfa þannig frá þeim nútímalegu viðhorfum sem smátt og smátt hafa verið að ryðja sér rúms í bankastarfsemi hér á landi.

Höfuðefnisbreyting frumvarpsins felst í breytingartillögu við 4. mgr. 21. gr. laganna þar sem lagt er til að vextir banka og þjónustugjöld skuli ákveðin af bankaráðum, og hefur bankaeftirlitið túlkað frumvarpstextann svo að ef að lögum yrði yrðu bankaráð að bókfæra allar breytingar á vöxtum og þjónustugjöldum, hversu smávægilegar sem þær væru. Þessi breyting hefði það í för með sér að bankaráð yrði að koma saman eigi sjaldnar en þrisvar í mánuði til þess að taka ákvarðanir sem í raun eru á verksviði bankastjórnar og geta undir engum kringumstæðum talist svo stefnumarkandi að þær eigi að vera í höndum bankaráða.

Slík skipan brýtur gegn víðtekinni verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjórnar í stórum fyrirtækjum og er í beinni andstöðu við nútíma stjórnunaraðferðir og það eftirlitshlutverk sem bankaráðum ríkisbankanna er sérstaklega ætlað lögum samkvæmt.

Í umsögn sem nefndinni barst frá Sambandi ísl. viðskiptabanka segir enn fremur um þessa grein:

„Auk þeirra breytinga á framkvæmdastjórn banka, sem ákvæðið gerir ráð fyrir, hefur það að geyma tillögu um að lögbinda þá viðmiðun sem bönkum verður heimilt að nota þegar þeir ákveða ávöxtunarkröfu sína gagnvart viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Tillaga þessi er ekki rökstudd einu orði í athugasemdum enda hefur hún augljósa galla.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða þau verðbréf sem einmitt geta gengið kaupum og sölum á verðbréfamarkaði utan innlánsstofnana. Íhlutun um vexti banka af þessum bréfum með þeim hætti, sem tillagan gerir ráð fyrir, mun því vafalaust leiða til að kaup banka á bréfunum minnka. Það mun leiða til vaxandi framboðs þeirra á verðbréfamarkaði sem hefur í för með sér hækkandi ávöxtunarkröfu á markaðnum. Tillagan mun því ekki vernda seljendur viðskiptabréfa eins og stefnt virðist að.

Í öðru lagi gerir tillagan ekki ráð fyrir að mismunandi kostnaður fylgi hinum ýmsu flokkum útlána. Nafnverð einstakra viðskiptabréfa er yfirleitt lágt en þau krefjast tiltölulega mikillar vinnu bæði við kaupin sjálf og innheimtu. Þessar staðreyndir hljóta að endurspeglast í ávöxtunarkröfu bankanna en tillagan gerir einungis ráð fyrir að ávöxtunarkrafan sé sambærileg við almenn útlán bankanna í hliðstæðum áhættuflokkum."

Að öðru leyti gefur frumvarpið ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar. Þó er rétt að benda á að í 4. gr. frumvarpsins er ákvæði um að endurskoðun hjá ríkisviðskiptabönkum skuli framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skuli hann vera löggiltur endurskoðandi. Ákvæði þetta virðist vanhugsað og verður ekki annað séð en aðild Ríkisendurskoðunar að endurskoðuninni með þeim hætti, sem hér er lagt til, kalli á frekari breytingar á texta gildandi laga um viðskiptabanka eins og fram kemur í áliti Sambands íslenskra viðskiptabanka.

Að svo miklu leyti sem frumvarp þetta hefur þýðingu færir það gildandi lög um viðskiptabanka til verri vegar og er því einsýnt að greiða atkvæði gegn því. Annar minni hl. ítrekar þó að sum ákvæði frumvarpsins eru skaðlaus og mætti jafnvel segja að þau horfðu til bóta en eru svo veigalítil að ekki tekur því að breyta lögum eingöngu þeirra vegna.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins þar sem hann er erlendis.

Alþingi, 21. mars 1989.

Halldór Blöndal.

Ed. 662. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér breytingu á þeim reglum sem gilt hafa um ráðningar við Háskóla Íslands. Nauðsynlegt er að þær reglur séu skýrar, séu líklegar til að hindra ágreining og að tryggt sé að umsækjendur um störf við Háskóla Íslands fái réttláta meðferð. Draga verður í efa að frumvarp þetta tryggi þessi markmið. Nokkur fljótaskrift virðist vera á þessu frumvarpi, enda hefur meiri hl. nefndarinnar séð ástæðu til að flytja við það breytingartillögur og menntamálaráðherra hefur haft frumkvæði að því að meiri hl. nefndarinnar leggur til að kveðið verði á um það með skýrum hætti að ráðherra hafi algjört neitunarvald ef honum falla ekki í geð tillögur Háskóla Íslands um einstakar ráðningar.

Minni hl. getur ekki fallist á frumvarp eins og það liggur fyrir og flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Fyrri breytingartillagan er um að dómnefndarmenn skuli eftir því sem við á uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði 36. gr. laga 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Í þeirri grein er fjallað um hvenær dómari eigi að víkja úr dómarasæti. Þar er m.a. fjallað um sérstök tengsl við málsaðila, fyrri afskipti af máli, óvináttu við málsaðila og sérstaka hagsmuni. Dómnefndarmenn um hæfi umsækjenda hafa mikil völd. Störf þeirra skipta umsækjendur mjög miklu máli og það er því grundvallaratriði að umsækjendur geti treyst óhlutdrægni þeirra. Til að tryggja hag umsækjenda að þessu leyti er þessi tillaga borin fram.

Síðari breytingartillagan felur í sér þá breytingu að ráðherra sé skylt að fylgja tillögu Háskóla Íslands ef ⅔ viðstaddra á deildarfundi mæla með ákveðnum umsækjanda, enda hafi dómnefnd dæmt hann hæfan. Á hinn bóginn er þá fellt niður neitunarvald ráðherra. Mörg dæmi eru þess að eitt eða tvö atkvæði skilji að umsækjendur í atkvæðagreiðslum á deildarfundum. Virðist þá oft tilviljun ráða hver verður ofan á. Ófært er að hendur ráðherra séu bundnar í slíkum tilvikum. Eðlilegt er að þá sé matið lagt í hans hendur. Þess vegna er lagt til að aukinn meiri hluti þurfi að vera fyrir hendi, þ.e. að niðurstaða deildarfundar sé ótvíræð til að hendur ráðherra séu bundnar.

Ef breytingartillögur þessar ná ekki fram að ganga treystir minni hl. sér ekki til að samþykkja þetta frumvarp.

Alþingi, 21. mars 1989.

Halldór Blöndal.

Sþ. 663. Svar [231. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um aukafjárveitingar 1. okt. til 31. des. 1988.

Nokkru áður en fyrirspurn þessi barst hafði fjármálaráðherra ákveðið að leggja fram á Alþingi ítarlega skýrslu um aukafjárveitingar á því tímabili sem um ræðir í fyrirspurninni. Hafði fjármálaráðherra gert fjárveitinganefnd grein fyrir meginatriðum þeirrar skýrslu.

Með hliðsjón af framangreindu og til þess að forðast tvíverknað þótti rétt að ljúka skýrslunni enda koma fram í henni svör við spurningum þingmannsins. Skýrslan verður lögð fram sem sérstakt þingskjal. Hins vegar þykir einnig rétt að svara spurningu þingmannsins formlega.

Á því tímabili, sem um ræðir, voru veittar formlegar greiðsluheimildir umfram fjárlög fyrir alls 1.450.226 þús. kr. eins og fram kemur í skýrslunni þar sem greint er frá einstökum fjárveitingum og upplýsir hún þau atriði sem þingmaðurinn spyr um.

Stærsti hluti aukafjárveitinganna, eða um 470 millj. kr., tengist þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin greip til á síðasta ári. Er þar um að ræða niðurgreiðslu á verði landbúnaðarafurða á verðstöðvunartímanum, endurgreiðslu á söluskatti í fiskeldi og loðdýrarækt, framlag vegna greiðsluerfiðleikalána húsbyggjenda og auknar niðurgreiðslur í ullariðnaði. Annar stór hluti, eða um 370 millj. kr., er vegna búvörusamninga, niðurskurðar á búfé og endurgreiðslu á jöfnunargjaldi.

Af því sem þá er eftir eru um 230 millj. kr. vegna hallareksturs heilbrigðisstofnana á árinu 1987 og 1988 og um 170 millj. kr. vegna vanáætlana um lögbundnar uppbætur á lífeyri opinberra starfsmanna, biðlaun og skýrsluvélakostnað. Aðrar greiðsluheimildir eru vegna ýmissa verkefna. Er nánar gerð grein fyrir þeim í skýrslu þeirri sem að framan getur og er þar birt yfirlit yfir einstakar aukafjárveitingar.

Sþ. 664. Fyrirspurn [357. mál]

til samgönguráðherra um útboð vegaframkvæmda á Hafnarfjarðarvegi.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvenær má búast við útboði á vegaframkvæmd á Hafnarfjarðarvegi við Arnarneshæð?

Sþ. 665. Fyrirspurn [358. mál]

til samgönguráðherra um sundurliðun símareikninga.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvenær má búast við að símnotendur geti fengið sundurliðaða símareikninga samkvæmt óskum sínum?

Sþ. 666. Fyrirspurn [359. mál]

til utanríkisráðherra um útflutning á ísfiski í gámum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hvað hefur verið veitt leyfi fyrir mörgum gámum til útflutnings á ísfiski til Englands og Þýskalands frá áramótum?
2. Hverjir hafa sótt um slík leyfi og hversu mörgum gámum hefur þeim verið úthlutað vikulega frá áramótum?
3. Við hvaða reglur styðst ráðuneytið við úthlutun leyfa til ísfisksútflutnings og val á umsækjendum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 667. Frumvarp til laga [360. mál]

um breytingu á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987.

Flm.: Auður Eiríksdóttir.

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Umboðsmanni ber að fylgjast með framkvæmd dómstóla á lögum og rétti í landinu. Skal hann veita viðtöku kvörtunum um meinta galla á rekstri og framkvæmd dómsmála, afla endurrita af þegar gerðum skjölum þar um, athuga þau og semja greinargerðir að því leyti sem hann telur ástæðu til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veigamesti þáttur í störfum Alþingis er löggjafarstarfið sjálft sem er ákaflega margþætt og umfangsmikið. En hver er reynslan af löggjafarstarfinu? Því er vandsvarað þar sem ekki hafa verið gerðar sérstakar kannanir á því, nema ef til vill í einstökum tilvikum. Það er eftirtektarvert nú á dögum víðtækra og tíðra kannana á flestum sviðum. Mætti af þessu ráða að áhrif lagasetningar væru lítil, en svo er ekki. Löggjafarstarfið er vafalaust einn af veigamestu þáttum í þróun þjóðlífsins. Það er því ákaflega brýnt að fylgjast vel með framkvæmd laga og réttar í landinu og að Alþingi eigi greiðan aðgang að áreiðanlegum og vel unnum gögnum þar um.

Með lögunum um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987, sem samþykkt voru 9. mars 1987, er kveðið á um að umboðsmaðurinn skuli hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og leitast við að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Stutt reynsla af starfi umboðsmanns Alþingis sýnir að hér var um þarfa stofnun að ræða og er ástæða til að vænta mikils af störfum hennar á þessum vettvangi. En hinu má ekki gleyma að höfuðvörn borgaranna, gagnvart óréttmætum kröfum og aðgerðum stjórnvalda sem annarra, eru dómstólar landsins. Hljóta störf þeirra að skipta mestu um öryggi og velferð borgaranna auk þess sem þeir hafa í höndum mótun og beitingu hins eiginlega löggjafarvalds ef álitaefni koma upp eða menn vilja láta reyna á gildi laga.

Frumvarp þetta miðar að því að umboðsmaður Alþingis fylgist með almennri framkvæmd laga og réttar í landinu, m.a. með því að taka við kvörtunum um meinta galla á rekstri mála fyrir dómstólum landsins. Skal hann safna endurritum af þegar gerðum skjölum, sem varða meintar gallaðar aðgerðir, kanna það sem stofnunin telur ástæðu til og semja greinargerðir þar um. Áhersla skal lögð á sjálfstæði dómstólanna við afgreiðslu mála og að starfsmenn þeirra sæti ekki nokkrum afskiptum eða athugasemdum umboðsmanns Alþingis öðrum en þeim sem fylgja því að fá endurrit skjala afhent og greinargerð um mál sem beint er til Alþingis sjálfs. Hitt er einnig ljóst að Alþingi, sem er svo ráðandi um lög og rétt í landinu, ber að setja lög um störf dómstóla í landinu, fylgjast með því hvernig til tekst um framkvæmd þeirra laga og breyta lögum ef ástæða þykir til. Eins og áður segir miðar frumvarpið að því að Alþingi afli traustra og vandaðra gagna þar um með lágmarkstilkostnaði. En vafalaust er ástæða til að gera fleiri ráðstafanir til að kanna árangur af löggjafarstarfinu.

Nd. 668. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [361. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Flm.: Auður Eiríksdóttir.

1. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar orðast þannig:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosningum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Stjórnarskrárákvæði þetta tekur þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur það verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun eða endurgerð stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir víðtæka samstöðu á Alþingi og utan þess um nauðsyn endurskoðunarinnar, og á stundum mjög ákveðnar aðgerðir í þá átt, hefur það ekki tekist. Ákvæði um kosningar til Alþingis eru þó undanskilin. Þeim hefur verið breytt.

Til upplýsinga um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni má vísa til fyrri tillagna um breytingar á stjórnarskránni og jafnframt til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis, dags. 29. des. 1988. Í því eru rakin fjölmörg atriði sem brýnt er að kveða betur á um í stjórnarskránni en nú er gert.

Nú, á tímum víðtækrar kreppu sem tekur til margra þátta þjóðlífsins, er sérstök ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um þær stofnanir, sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin þar um, dómstólana, þarf að vera góð. Sérstaklega á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Er brýnt að ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og þau tryggi borgurunum aðgang að dómstólnum, óski þeir þess, og vandaða málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilsverðu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt ákvæðum 79. gr. þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann ókost í för með sér að þingmenn á Alþingi sem leggja til stjórnarskrárbreytingar verða að eiga það undir öðru Alþingi, væntanlega með öðrum þingmönnum, að ljúka því verki.
2. Ekki verður lengur skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt Alþingis á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög veigamikið þegar fyrir liggur endurgerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Verður miklu auðveldara að ná fram stjórnarskrárbreytingum í áföngum samkvæmt ákvæðum tillögunnar en samkvæmt gildandi stjórnarskrá.
3. Tillagan gerir ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipaninni í landinu. Verði hún samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði „þjóðarlög“ í þeim skilningi að þjóðin sjálf hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. desember 1988.

Forsetar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík.

Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilis, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku, sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt, heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. desember 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966. Aðstaðan er hér sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum, er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig að mjög kæmi til greina að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál, er að sumu leyti tengjast annarri viðtækari spurningu um það, hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors sem hann hefur samið á vegum embættis míns.

Á árinu 1989 verður víða minnst merks áfanga í sögu mannréttinda. Að mínum dómi ætti vel við að ríkisstjórn og Alþingi mörkuðu á því ári þáttaskil að því er varðar vernd mannréttinda hér á landi.

Virðingarfyllst,

Gaukur Jörundsson.

Ed. 669. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Ágústsson, Skúli Alexandersson, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem situr í framsæti eða aftursæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 72. gr. laganna komi ný málsgrein er orðast svo:

Barn, tíu ára eða yngra, sem hjólar eða er reitt á reiðhjóli skal nota hlífðarhjálm.

3. gr.

5. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra skal skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Nefndin starfar undir eftirliti Umferðarráðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1989.

Greinargerð.

Á árinu 1988 tóku gildi ný umferðarlög. Í þeim voru ýmis nýmæli sem ætlað var að bæta umferðaröryggi og draga úr slysum.

Eftir ársreynslu er ljóst að ýmsar veigamiklar breytingar, sem gerðar voru á umferðarlögunum, hafa orðið til að draga úr alvarlegum slysum.

Þær breytingar, sem þetta frumvarp fjallar um, eru fluttar til að stuðla að enn frekari úrbótum í þeim efnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögbinda einnig notkun bílbelta í aftursætum bifreiða. Aukin notkun bílbelta í framsætum bifreiða er þegar farin að skila árangri í fækkun ákveðinna tegunda áverka í bílslysum. Vaxandi skilningur almennings kemur m.a. fram í könnun Hagvangs fyrir tímaritið Heilbrigðismál. Þar kemur fram að flestir þeirra, sem spurðir voru, vilja lögleiða bílbelti í aftursætum. (Sjá fylgiskjal I).

Um 2. gr.

Lagt er til að börn séu skylduð til að nota hlífðarhjálma þegar þau hjóla eða eru reidd á reiðhjóli. Notkun slíkra hjálma hefur verið lögleidd, t.d. í Svíþjóð í mörg ár, og þykir sannað að notkun þeirra dregur úr alvarlegum höfuðáverkum vegna reiðhjólaslysa á börnum.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað þess að ráðherra sé heimilt samkvæmt núgildandi lögum að skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa sé alveg fortakslaust ákvæði um að slík nefnd *skuli skipuð*.

Um 4. gr.

Rétt þykir að nokkur aðlögunartími sé áður en lögin taka gildi.

Fylgiskjal I.

Flestir vilja lögleiða bílbelti í aftursætum.
(Samkvæmt könnun Hagvangs fyrir tímaritið *Heilbrigðismál.*)

Í september síðastliðnum birti tímaritið *Heilbrigðismál* niðurstöður könnunar Hagvangs á afstöðu fólks til lögbindingar á bílbeltanotkun í aftursætum bifreiða. Af 1159 sem spurðir voru tóku 1087 afstöðu. Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) skyldunotkun bílbelta í aftursætum?

Svörin skiptust þannig:

	Hlynnt	*Andvíg*
Allir, 15–79 ára	88%	12%
Karlar	82%	18%
Konur	94%	6%
15–19 ára	85%	15%
20–29 ára	81%	19%
30–39 ára	94%	6%
40–49 ára	88%	12%
50–59 ára	90%	10%
60–69 ára	88%	12%
70–79 ára	95%	5%
Höfuðborgarsvæði	88%	12%
Þéttbýli úti á landi	88%	12%
Dreifbýli	89%	11%

Fylgiskjal II.

Úr Fréttabréfi landlæknisembættisins 1989:

Árangur bílbeltanotkunar.

Aukin notkun bílbelta er þegar farin að skila árangri í minnkandi fjölda ákveðinna tegunda áverka í bílslysum. Áverkar á heila og mænu reyndust mun færri á 14 mánaða tímabili á árunum 1987 og 1988 meðal þeirra er notuðu bílbelti í framsætum en þeirra er ekki nýttu sér þann möguleika. Dregið hefur úr brotum á andlitsbeinum og hrygg og sárum á höfði.

Þetta kemur fram í meðfylgjandi töflu yfir umferðarslys á Reykjavíkursvæðinu.

Umferðarslys á Reykjavíkursvæðinu
1. mars til 1. okt. 1987 og 1988.

		1987 og 1988 Án bílbeltis	*1987 og 1988 Í bílbelti*
Brot:	Höfuð, andlitsbein	16	5
	Hryggur	18	12
		34	**17**
Áverkar:	Heili/mæna	53	22
	Brjóst/kviður	15	13
		68	**45**
Sár:	Augu, andlit, munnur, nef	130	55
	Mörgum stöðum	14	3
		144	**58**
Öll brot:		160	97
Öll sár:		276	133
Tognun:	Háls	128	305
	Allar	198	368

Taflan sem hér er birt var lögð fram með skýrslu um bílbeltanotkun og slys á fjórða landsþingi um slysavarnir, sem haldið var 28. október 1988. Skýrslan var lögð fram af prófessor Gunnari Þ. Jónssyni.

Í upplýsingum skýrslunnar kemur fram að alvarlegum slysum, þ.e. heila- og mænuáverkum, hefur fækkað um sextíu prósent meðal þeirra er notuðu bílbelti í samanburði við þá er nýttu sér ekki þann möguleika. Sárum og brotum í heild hefur fækkað um tæplega helming.

Innlögnum á sjúkrahús vegna bifreiðaslysa hefur einnig fækkað.

Af töflunni hér að ofan má hins vegar sjá að slysatognunum hefur fjölgað verulega. Tognanir á hálsi hafa meir en tvöfaldast og tognanir í heild nær tvöfaldast. Tognunarslys eiga sér helst stað við aftanákeyrslu við of mikinn hraða.

Á landsþinginu um slysavarnir flutti Sigrún Knútsdóttir erindi. Þar kom m.a. fram að á árunum 1973 til 1987 komu 78 einstaklingar til slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík með mænuskaða. Um sextíu prósent þeirra eru í dag 75% öryrkjar.

Á tímabilinu 1978 til 1982 hafa fimmtíu manns komið á endurhæfingardeild Borgarspítalans vegna heilaskaða eftir slys. Helmingur þeirra er nú 75% öryrkjar. Helmingur þessa hóps (25 manns) voru undir þrítugu og af þeim höfðu tuttugu og einn lent í umferðarslysi.

Þeir sem verða fyrir mænuskaða eða heilaskaða liggja að meðaltali 7–9 mánuði á sjúkrahúsi. Meðalkostnaður vegna sjúkrahússlegu þeirra er því á milli þrjár og fjórar milljónir króna.

Við útskrift af sjúkrahúsi voru einungis fjórir einstaklingar alveg einkennalausir. Skerðing á andlegri hæfni er oft það sem háir viðkomandi einstaklingi einna mest og hindrar að hann komist aftur til fyrra lífernis og starfa.

Umferðarslys á ungu fólki eru algengasta orsök mænu- og heilaskaða og oftast er um bílslys úti á þjóðvegum að ræða.

Sýnt hefur verið fram á að fækka má alvarlegum heila- og mænuslysum í umferðinni um liðlega helming. Auk þess að koma í veg fyrir mikla þjáningu má því spara tugi milljóna króna.

Af gögnum erlendis frá er ljóst að ná má enn betri árangri ef lögleidd yrði notkun bílbelta fyrir farþega í aftursætum.

Fylgiskjal III.

Eiríka Á. Friðriksdóttir og Ólafur Ólafsson:

Reiðhjólaslys í Reykjavík í maí 1981.

Yfir 30% af reiðhjólaslysum í umferð verða meðal 6 ára barna og yngri. Samkvæmt umferðarlögum mega börn 6 ára og yngri ekki aka á reiðhjólum á akbrautum. Algengasta afleiðing reiðhjólaslysa eru höfuðmeiðsl. Slysaalda fylgdi í kjölfar aukins innflutnings á 10 gíra hjólum, enda kom í ljós að mörg barnanna réðu ekki við hjólin ef þeim var ekið á miklum hraða.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða hefur tekist að draga úr hjólreiðaslysum með ýmsum aðferðum. T.d. hefur tíðni hjólreiðaslysa (meiðsla) í Danmörku lækkað verulega eftir að hjálmar voru lögboðnir við reiðhjólaakstur og tekin var upp kerfisbundin kennsla í reiðhjólaakstri í barnaskólum.

Árið 1975 ákvað norræna embættismannanefndin um neytendamál (NÄK) að athuga slysavalda og tildrög slysa á Norðurlöndum, annara en vinnuslysa. Árið 1977 voru athuguð slys í heimahúsum og frístundum af völdum leikfanga. Þá kom í ljós að fjölmörg slys urðu af völdum reiðhjóla. Þessum slysum hefur fjögað með fjölgun reiðhjóla á síðustu árum. Áætlaður fjöldi reiðhjóla hér á landi á miðju ári 1981 var um 47.000. Ákveðið var að athuga reiðhjólaslys í einn mánuð, 1.-30. maí 1981, á Íslandi og í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, en í Noregi á tímabilinu sept.-nóv. s.á. Vitað er að fá reiðhjól komu til skráningar hjá lögreglu og eru því ekki skráð í skýrslur umferðarráðs. Þar af leiðandi var ákveðið að vinna úr skýrslum slysadeildar Borgarspítalans. Fólksfjöldi á þjónustusvæði slysadeildarinnar var um 120.000 manns í maí 1981. Af 3346 sjúklingum, sem komu í fyrsta skipti á slysadeild Borgarspítalans í maí 1981 komu 142 vegna reiðhjólaslysa eða 4,25%. Tilraun var gerð til að ná sambandi við alla slasaða og náðist í 116 sjúklinga eða fjölskyldu, þegar um börn var að ræða. Eftirfarandi töflur sýna nokkrar niðurstöður rannsóknarinnar.

TAFLA I.

TEGUND REIÐHJÓLASLYSA Á SLYSADEILD Í MAÍ 1981.

Tegund slyss	Í umferð	v/falls eða hras	v/höggs af hlut	Annað
Fjöldi sjúklinga 142	34	76	21	11

TAFLA II.

ORSAKIR REIÐHJÓLASLYSA Í MAÍ 1981.

Skilgreining	Reiðhjólaslys alls	Umferðar-slys	Önnur reiðhjóla-slys	Óvíst
Fjöldi sjúklinga	142	65	51	26

Tæp 50% slysanna verða í umferð en umferðarslys skv. skilgreiningu í rannsókninni eru öll þau slys, sem eiga sér stað á þeim stöðum sem keyrsla farartækja er leyfð þ.e. á akbrautum og bílastæðum. Samkvæmt umferðarlögum mega börn undir 7 ára aldri ekki aka reiðhjólum á akbrautum, en yfir 30% umferðarslysanna verða meðal 6 ára og yngri (Tafla III).

TAFLA III.

UMFERÐARSLYS ELTIR ALDRI Í MAÍ 1981.

Aldur í árum.	Samtals	0-3	4-6	7-14	15-19	20 og yfir
Fjöldi sjúklinga	65	3	19	31	8	4

TAFLA IV.

ÖNNUR REIÐHJÓLASLYS *) ELTIR ALDRI Í MAÍ 1981.

Aldur í árum	Samtals	0-3	4-6	7-14	15-19	20 og yfir
Fjöldi sjúklinga	51	9	10	25	8	2

*) Ekki umferðarslys skv. skilgreiningu.

TAFLA V.

REIÐHJÓLASLYS EFTIR ALDRI (óvitað hvar ?) MAÍ 1981.

Aldur í árum	Samtals	0-3	4-6	7-14	15-19	20 og yfir
Fjöldi sjúklinga	26	2	4	12	3	3

TAFLA VI.

ÖLL REIÐHJÓLASLYS EFTIR ALDRI, MAÍ 1981.

Aldur í árum	Samtals	0-3	4-6	7-14	15-19	20 og yfir
Fjöldi sjúklinga	142	14	33	68	16	11

Athyglisvert er að yfir 30% allra slysa verða meðal 6 ára og yngri en 42% 7-14 ára.

Í júlí 1979 var innheimtu á tolli á reiðhjólum hætt og söluverð lækkaði um 20%. Reiðhjól sem áður voru mjög dýr lækkuðu í verði og mörgum var gert kleyft að kaupa dýrari reiðhjól, t.d. með 10 gírum, fleiri skiptingum og flóknara hemlakerfi. Mörg 10 gíra reiðhjól eru með kappaksturs-stýri, en hjólreiðamaður situr þá mjög boginn og sér hvorki til hliðar né fram. Mörg börn gátu ekki stjórnað slíkum hjólum og urðu fyrir slysi skömmu eftir kaupin.

TAFLA VII.

ÞRJÚ DÆMI UM SLYS, MAÍ 1981.

Aldur ökumanns ár	Gíra-fjöldi	Greining slysadeildar hélt
14	10	Dauði (á staðnum)
5	10	Lærleggsbrot
11	10	Sár á mörgum stöðum Höfuðkúpubrot

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA.

I. Kenna þarf börnum reiðhjólaakstur í skólum. Í Danmörku fækkaði umferðarslysum um helming milli 1971 og 1981 og er talið að góð kennsla sé ein aðalorsökin.

II. Setja þarf lög um reiðhjólastaðal eins og á öðrum Norðurlöndum.

III. Of ungum börnum er sleppt út á gangstéttir á þríhjólum. Foreldrar þurfa að fylgjast betur með þeim.

IV. Lögbjóða ber notkun hjálma við reiðhjólaakstur.

V. Reyna verður að fá innflytjendur til þess að auglýsa og flytja inn reiðhjól með venjulegu stýri, þótt um 10 gíra hjól sé að ræða.

Nd. 670. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Inga Birni Albertssyni, Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni.

Við 22. gr. Greinin falli brott.

Nd. 671. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Hreggviði Jónssyni, Albert Guðmundssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. 31. gr. falli brott.
2. 34. gr. falli brott.

Ed. 672. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 69. gr. C (Húsnæðisbætur), sbr. 9. gr. l. nr. 92/1987, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rétt til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. getur maður öðlast sem byggir nýtt íbúðarhús í stað húss sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust og til niðurrifs, enda sé það staðfest með tilskildum vottorðum opinberra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skv. 69. gr. C laga um tekjuskatt og eignarskatt, kaflanum um húsnæðisbætur, er það skilyrði fyrir húsnæðisbótum að um sé að ræða kaup eða byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota í fyrsta sinn á árunum 1984–1987.

Ekki er gert ráð fyrir frávikum sem réttlæti undantekningartilvik.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Flutningsmaður frumvarpsins telur ljóst að slík undantekningartilvik sem 1. gr. þessa frumvarps gerir ráð fyrir séu fullkomlega réttlætanleg og því er frumvarp þetta flutt.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 673. Fyrirspurn [364. mál]

til samgönguráðherra um jöfnun símagjalda.

Frá Auði Eiríksdóttur.

Hvernig verður staðið að jöfnun símakostnaðar í landinu?

Sþ. 674. Fyrirspurn [365. mál]

til samgönguráðherra um flutningsgjald á vörum innan lands.

Frá Auði Eiríksdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir að afnema flutningsgjald af vöruflutningum innan lands? Ef svo er, hvar er það mál statt í kerfinu?

Sþ. 675. Fyrirspurn [366. mál]

til forsætisráðherra um jöfnun á raforkukostnaði.

Frá Auði Eiríksdóttur.

Hefur eitthvað verið unnið að undirbúningi þess að jafna verð á raforku í landinu eins og fram kemur í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar?

Sþ. 676. Fyrirspurn [367. mál]

til viðskiptaráðherra um skatta á íbúðarhúsnæði í löndum OECD.

Frá Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

Hvaða skattar eru lagðir á íbúðarhúsnæði í löndum OECD, í hverju landi fyrir sig? Hve hátt hlutfall eru skattar þessir af verðmæti húseigna í þessum löndum? Í hvaða hlutföllum skiptast skattar þessir milli ríkissjóða og annarra stjórnvalda í hverju landi?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 677. Frumvarp til lánsfjárlaga [103. mál]

fyrir árið 1989.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. mars.)

Samhljóða þskj. 512 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Heimilt er, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 155.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 16.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 36.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 25.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Suðureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

44. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins.

45. gr. hljóðar svo:

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1989. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1990 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

46. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 678. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. mars.)

1.gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi málsliður: Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og röð annarra málsgreina breytist til samræmis við það. Málsgreinin orðast svo:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný mgr. er verður 2. mgr. og orðast svo:

Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli: **Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða**, með þremur nýjum greinum svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

b. (18. gr.)

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

c. (19. gr.)

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna, er verður 20. gr. þeirra, orðast svo:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 679. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 22. gr.
   a. Í stað „28.000 þús. kr.“ komi: 50.000 þús. kr.
   b. Nýr málsliður bætist við greinina er orðist svo: Upphæð þessari skal varið til umhverfismála.
2. 26. gr. falli brott.
3. 27. gr. falli brott.

Ed. 680. Frumvarp til laga [2. mál]

um eignarleigustarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

Samhljóða þskj. 624 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 12. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

Brjóti stjórn eignarleigufyrirtækis ítrekað fyrirmæli laga og reglna settra samkvæmt þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis, enda hafi bankeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

Ráðherra er heimilt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir ef hafin er opinber rannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.

Ed. 681. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

8. gr. laganna breytist svo:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eða jafngildar, gilda um verðbréfasjóði með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt.

b. 4. mgr. orðist svo:

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádregnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvíxla eða aðrar sambærilegar eignir.

c. Við bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir þeirra (gjaldeyrisjöfnuð), svo og endurlánajöfnuð sem miði að því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir skuli sjá til þess að slíkar eignir séu í jafnvægi þannig að gengisáhætta sé sem minnst. Seðlabankinn getur beitt innlánsstofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum 41. gr. sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabanka Íslands framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

4. gr.

Við 41. gr. laganna bætist nýr málsliður: Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að ¾ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður, liður VI, svohljóðandi:

Innheimt viðurlög skv. 41. gr., sem lögð voru á á árinu 1988, skulu að ¾ hlutum greiðast í ríkissjóð og skulu greiðast ríkissjóði 1. júní 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 682. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það, þegar sérstaklega stendur á, veitt viðkomandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

2. gr.

1. og 2. málsl. 19. gr. laganna orðist svo: Auk bankastjóra ræður bankaráð forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi. Leita skal tillagna bankastjórnar áður en ráðið er í stöðu aðstoðarbankastjóra.

3. gr.

4. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð ákvarðar vexti bankans og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem bankinn gefur út og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum.

5. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 5. mgr. færist aftur og verði 6. mgr.

4. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 2. mgr. 33. gr. færist aftur og verði 3. mgr.

5. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

6. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð, nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 683. Frumvarp til laga [244. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

Orðið „sýslufélög“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falli brott.

2. gr.

2., 3. og 4. málsliður 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo: Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna einn mann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sparisjóðsins. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tvo stjórnarmenn. Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.

B-liður 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

b. að ⅗ hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist: Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut, sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum, hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það veitt viðkomandi aðila frest í allt að 3 mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á.

4. gr.

4. mgr. 24. gr. hljóði svo:

Sparisjóðsstjórn setur og að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu, sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 4. mgr. færist aftur og verði 5. mgr.

5. gr.

Orðin: „sbr. þó 70. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, ákvarðar vexti sparisjóðs og gjaldskrá fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem sparisjóður gefur út og þá vexti sem sparisjóður áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sparisjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum.

7. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 3. mgr. 38. gr. færist aftur og verði 4. mgr.

8. gr.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 71. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé sparisjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 684. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentsstörf og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Eiga fulltrúar stúdenta á skorar- og deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundar greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda um sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 685. Skýrsla [368. mál]

fjármálaráðherra um aukafjárveitingar á tímabilinu október til desember 1988.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga hefur á síðustu árum verið gerð grein fyrir aukafjárveitingum frá ársbyrjun og fram að þeim tíma er frumvarpið var lagt fram. Svo var og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989. Í greinargerð með því var yfirlit yfir aukafjárveitingar á árinu 1988 til loka september.

Með tilliti til þeirra umræðna sem orðið hafa um aukafjárveitingar, m.a. við afgreiðslu fjárlaga, ákvað fjármálaráðherra að Alþingi skyldi gerð grein fyrir aukafjárveitingum frá og með október 1988 til ársloka með sérstakri skýrslu sem nú liggur fyrir.

Í skýrslu þessari er fylgt þeirri venju að fjalla um aukafjárveitingar í þeim skilningi að um sé að ræða heimildir til greiðslu á fé úr ríkissjóði umfram fjárlög samkvæmt sérstökum ákvörðunum ríkisstjórnar, fjármálaráðherra og formlegri afgreiðslu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ekki er því hér fjallað um greiðslur umfram fjárlög vegna almennrar leiðréttingar á fjárveitingum til greiðslu á launa- og rekstrarkostnaði og tryggingabótum, sem stafa af því að verðlagsþróun hefur orðið önnur en áætlað var, eða skuldfærslu ríkissjóðs vegna vaxta og afborgana umfram forsendur fjárlaga. Þessir tveir liðir eru meginþættir í mismun fjárlaga 1988 og greiðslu úr ríkissjóði á því ári.

Frá október til desember 1988 veitti fjármálaráðherra 77 formlegar aukafjárveitingar samtals að fjárhæð 1.450.226 þús. kr. Samkvæmt þeirri flokkun aukafjárveitinga sem notuð hefur verið til þessa, m.a. í greinargerð með fjárlagafrumvarpi, skiptast aukafjárveitingarnar þannig eftir ástæðum:

Skipting aukafjárveitinga 1. október til 31. desember 1988 eftir ástæðum:

	Ástæður	Fjöldi	Þús. kr.
1.	Kjarasamningar	1	7.681
2.	Lagafyrirmæli og ákvarðanir Alþingis	1	6.000
3.	Ákvæði samninga	2	357.800
4.	Skuldagreiðslur	1	2.900
5.	Heimildir í fjárlögum	2	27.000
6.	Tjónagreiðslur	2	1.243
7.	Uppgjör vegna sl. árs	4	112.000
8.	Ríkisstjórnarákvarðanir	11	566.970
9.	Ónotaðar fjárveitingar frá sl. ári	1	292
10.	Ófyrirséð útgjöld ársins	45	326.960
11.	Aðrar greiðsluheimildir	7	41.380
	Samtals	77	1.450.226

Stærsti hluti þessara aukafjárveitinga stafar af ákvörðunum um ráðstafanir í efnahagsmálum sem teknar voru við myndun ríkisstjórnarinnar á síðastliðnu hausti. Annar stór þáttur er tengdur búvörusamningum og landbúnaðarmálum, sá þriðji er hallarekstur sjúkrastofnana og að lokum vanáætlanir nokkurra stórra útgjaldaliða. Ef litið er til frekari skýringa á því hvernig aukafjárveitingar þessar eru tilkomnar, kemur í ljós að stærsti hluti aukafjárveitinganna tengjast myndun nýrrar ríkisstjórnar.

I Efnahagsaðgerðir stjórnvalda.

Við myndun nýrrar ríkisstjórnar í september 1988 voru teknar ákvarðanir um ýmsar ráðstafanir í þeim tilgangi að efla stöðu atvinnulífs og að halda aftur af verðlagsþróun. Þessar ákvarðanir kölluðu á aukafjárveitingar sem hér segir:

a)	Auknar niðurgreiðslur	350 m.kr.
b)	Endurgreiðsla á söluskatti í fiskeldi og loðdýrarækt	30 m.kr.
c)	Framlag til Byggingasjóðs ríkisins v/greiðsluerfiðleikalána	75 m.kr.
d)	Aukin niðurgreiðsla í ullariðnaði	14 m.kr.
	Samtals	469 m.kr.

Ákvarðanir tengdar ríkisstjórnarmynduninni, atvinnu- og verðlagsmálum, eru þannig nærri þriðjungur umframfjárveitinganna.

II Landbúnaðarmál og búvörusamningur.

Önnur stærsta skýring fjárveitinga er tengd búvörusamningum og landbúnaðarmálum. Er þar um að ræða eftirtaldar fjárhæðir:

Auknar útflutningsbætur á mjólkurafurðir	146 m.kr.
Aukinn kjötútflutningur	121 m.kr.
Viðbótarúthlutun fullvirðisréttar 1987	60 m.kr.
Förgunarbætur vegna riðuveiki	31 m.kr.
Aukin endurgreiðsla jöfnunargjalds	15 m.kr.
Samtals	373 m.kr.

III Skuldir heilbrigðisstofnana.

Þriðji stærsti flokkurinn skýrist af greiðslum til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana sem reknar eru af öðrum en ríkinu, en fá framlög á fjárlögum. Er hér fyrst og fremst um að ræða stofnanir, sem nýlega voru teknar á föst fjárlög. Annars vegar virðist skýringin vera að rétta þurfi af rekstur fyrri ára og hins vegar að nokkurn tíma taki fyrir þessa aðila að gera sér fulla grein fyrir þeim útgjaldatakmörkunum sem fjárlög setja þeim. Af þessum fjárhæðum er um helmingur greiðsla á skuldum frá árinu 1987 eða fyrr.

Í þessum flokki eru m.a.

a) Greiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva utan Reykjavíkur	86 m.kr.
b) St. Jósefsspítali Landakoti	75 m.kr.
c) Stofnkostnaður ríkisspítala, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o.þ.h.	52 m.kr.
d) Til gæsluvistarsjóðs m.a. vegna SÁÁ	16 m.kr.
Samtals	229 m.kr.

IV Einstakar leiðréttingar.

Þá má rekja verulegar fjárhæðir í aukafjárveitingum til þess að einstaka stórir liðir hafa verið verulega vanáætlaðir í fjárlögum 1988. Má þar nefna

Uppbætur á lífeyri opinberra starfsmanna	80 m.kr.
Skýrsluvélakostnaður m.a. vegna breytinga á skattkerfi og tekjubókhaldi	77 m.kr.
Vanreiknuð biðlaun vegna uppsagna starfsmanna	10 m.kr.

en hér eru aðeins taldar stærstu fjárhæðir af þessuum toga.

Þær skýringar sem hér hafa verið nefndar, þ.e.

I. Vegna efnahagsaðgerða stjórnvalda	469 m.kr.
II. Vegna landbúnaðarmála	373 m.kr.
III. Skuldagreiðslur vegna heilbrigðisstofnana	229 m.kr.
IV. Einstakar stórar leiðréttingar	167 m.kr.

nema samtals 1238 m.kr. eða um 85% aukafjárveitinganna í heild. Eftir standa um 15% eða um 212 m.kr. sem dreifast á fjölmarga einstaka liði af margvíslegum toga. Hér á eftir fara skýringar á einstökum aukafjárveitingum eftir ástæðum:

Skýringar á einstökum aukafjárveitingum eftir flokkun þeirra.

1. **Kjarasamningar:** Aukafjárveitingin er til Háskóla Íslands vegna launakostnaðar sem hlaust af kjarasamningum sem tóku gildi eftir gerð fjárlaga 1988 og ekki var áætlað fyrir.
2. **Lagafyrirmæli og ákvarðanir Alþingis:** Framlag vegna átaks í áfengismálum í tengslum við heimild til sölu á áfengu öli frá 1. mars 1989.
3. **Ákvæði samninga:** Fjárveitingarnar eru tvær. Önnur fjárveitingin nam 327.000 þús. kr. og var hún veitt vegna greiðslu á uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir. Fjárhæðin skiptist þannig að 121.000 þús. kr. eru vegna kjötsölu í Finnlandi umfram áætlanir, 60.000 þús. kr. vegna umframúthlutunar á fullvirðisrétti á fyrri hluta árs 1987 og 146.000 þús. kr. vegna útfluttra mjólkurafurða. Gera má ráð fyrir að lækka megi uppbætur vegna útfluttra mjólkurafurða á árinu 1989 vegna þess að byrgðir eru nú minni en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Hin fjárveitingin, 30.800 þús. kr. er vegna Sauðfjárveikivarna og var hún veitt til greiðslu förgunarbóta vegna niðurskurðar búfjár á árinu 1987 sökum riðuveiki og hringskyrfis umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1987.
4. **Skuldagreiðslur:** Fjárveiting var veitt til að unnt yrði að jafna skuldir Jarðeigna ríkisins frá árinu 1987.

5. **Heimildir í fjárlögum:** Hér er um að ræða tvær fjárveitingar. Í fyrsta lagi 5.000 þús. kr. vegna kaupa á húsnæði fyrir lögreglustöð og fangelsi á Akranesi. Í öðru lagi greiðsla á hlut ríkissjóðs í byggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík að upphæð 22.000 þús. kr. Heimild er fyrir báðum þessum fjárveitingum í 6. gr. fjárlaga 1988.
6. **Tjónagreiðslur:** Um er að ræða tvær fjárveitingar. Í fyrsta lagi greiðsla á miskabótum til Sturlu Kristjánssonar að fjárhæð kr. 793.480.- Í öðru lagi tjónabætur að fjárhæð 450 þús. kr. til Skipaútgerðar ríkisins vegna skemmdar á bifreið á hafnarbakka, en ríkissjóður tekur slík tjón í eigin áhættu.
7. **Uppgjör vegna sl. árs:** Hér er um að ræða fjórar fjárveitingar að fjárhæð samtals 112 000 þús. kr. Veittar voru 1.000 þús. kr. vegna uppgjörs á halla á rekstri Landlæknisembættisins frá árinu 1987, 6.000 þús. kr. vegna greiðslu á uppsöfnuðum halla á rekstri Sjálfsbjargar á Akureyri frá árunum 1985, 1986 og 1987, 75.000 þús. kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Landakotsspítala og 30.000 þús. kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Sjúkrahússins í Keflavík.
8. **Ríkisstjórnarákvarðanir:** Um er að ræða 11 fjárveitingar og skiptast þær sem hér segir:

   Forsætisráðuneyti: 1.970 þús. kr. vegna kostnaðar stjórnskipaðra nefnda og 2.000 þús. kr. vegna framlags til Rauða kross Íslands vegna náttúruhamfaranna í Armeníu í Sovétríkjunum.

   Menntamálaráðuneyti: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 1.500 þús. í tilefni enduropnunar safnsins eftir gagngerar endurbætur og 10.000 þús. kr. til Íþróttasambnds fatlaðra vegna frammistöðu fatlaðra á Ólympíuleikunum í S-Kóreu sl. sumar.

   Utanríkisráðuneyti: Tvær fjárveitingar að fjárhæð samtals 2.500 þús. kr. vegna náttúruhamfara í Armeníu og Mið-Ameríku. Af þessari fjárhæð runnu 1.500 þús. kr. til Hjálparstofnunar kirkjunnar vegna Armeníu og 1.000 þús. kr. voru veittar vegna Mið-Ameríku.

   Landbúnaðarráðuneyti: Fjárveiting að fjárhæð 30.000 þús. kr. vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í fiskeldi og loðdýrarækt.

   Félagsmálaráðuneyti: 75.000 þús. kr. fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins vegna greiðsluerfiðleikalána til handa einstaklingum.

   Fjármálaráðuneyti: 80.000 þús. kr. vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna.

   Iðnaðarráðuneyti: 14.000 þús. kr. vegna niðurgreiðslna í ullariðnaði.

   Viðskiptaráðuneyti: 350.000 þús. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna og til að mæta auknum vaxta- og geymslukostnaði.
9. **Ónotaðar fjárveitingar frá sl. ári:** Ónotuð fjárveiting til MS-félags Íslands frá árinu 1987 að fjárhæð 292 þús. kr.
10. **Ófyrirséð útgjöld ársins:** Um er að ræða 45 fjárveitingar. Skipting og ástæður þeirra eru einkum eftirfarandi:

    Forsætisráðuneyti: Fjárveitingar samtals 14.000 þús. kr. Þetta eru tvær fjárveitingar, annars vegar 7.000 þús. kr. vegna viðhaldskostnaðar við Bessastaðastofu á árunum 1987 og 1988 og hins vegar 7.000 þús. kr. vegna Ríkisendurskoðunar.

    Menntamálaráðuneyti: Aukafjárveitingar vegna rekstrarhalla á árinu 1988 nema samtals 41.000 þús. kr. Helstu fjárveitingar eru eftirfarandi: 15.000 þús. kr. vegna hallareksturs aðalskrifstofu, 7.000 þús. kr. vegna Tækniskóla Íslands, 6.000 þús. kr. vegna rekstrarhalla Þjóðskjalasafns, 4.500 þús. kr. vegna Náttúruverndarráðs og 3.000 þús. kr. vegna viðhaldskostnaðar Menntaskólans í Reykjavík. Aðrar fjárveitingar vegna rekstrarhalla, fjórar talsins, nema samtals 5.500 þús. kr.

    Landbúnaðarráðuneyti: Aukafjárveitingar vegna rekstrarhalla á árinu 1988 nema samtals 13.010 þús. kr. Veittar voru 6.500 þús. kr. vegna Landgræðslu ríkisins, 3.000 þús. kr. vegna fasteigna Bændaskólans á Hólum, 2.560 þús. kr. vegna aðalskrifstofu

ráðuneytisins, aðallega vegna leigukostnaðar, og 950 þús. kr. vegna kostnaðar við viðhald á landnámshænsnastofni á Hvanneyri á árunum 1986, 1987 og 1988.

Sjávarútvegsráðuneyti: Aukafjárveiting að fjárhæð 3.500 þús. til Hafrannsóknastofnunar vegna erfiðleika í innheimtu sértekna fyrir leigu á r/s Hafþóri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Aukafjárveitingar 1. okt. til 31. des. 1988 vegna rekstrarhalla, sex talsins, nema 19.700 þús. kr. Helstu fjárveitingar eru 7.000 þús. vegna endurbyggingar Hóladómkirkju, 5.000 þús. kr. vegna Lögregluskólans og 2.900 þús. kr. vegna fangelsisins við Síðumúla. Auk þess fengu Félagasamtökin Vernd 1.500 þús. kr., Biskupsembættið 1.500 þús. kr. og veittar voru 1.800 þús. kr. vegna kostnaðar við geðlækninga- og sérfræðiþjónustu við fanga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: Veittar voru 12 aukafjárveitingar í þessum flokki að fjárhæð samtals 97.000 þús. kr. vegna stofnana sem heyra undir þetta ráðuneyti. Af þessum 12 fjárveitingum eru 8 vegna hallareksturs sjúkrastofnanna og nema þær samtals 56.000 þús. kr. Helstu fjárveitingar eru 20.000 þús. kr. vegna rekstrarhalla heilsugæslustöðva, 10.000 þús. kr. vegna rekstrarhalla Sjúkrahúss Suðurlands og 26.000 þús. kr. vegna rekstrarhalla annarra sjúkrastofnana. Auk rekstrarfjárveitinga til sjúkrastofnana var veitt 30.000 þús. kr. aukafjárveiting vegna K-byggingar á landspítalalóð. Aðrar aukafjárveitingar vegna rekstrarhalla stofnana sem undir ráðuneytið heyra voru 5.000 þús. kr. vegna Hollustuverndar ríkisins, 4.000 þús. kr. vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins og 2.000 þús. kr. vegna manneldis- og neyslukönnunar.

Fjármálaráðuneyti: Vegna hallareksturs stofnana fjármálaráðuneytis voru veittar sex aukafjárveitingar að fjárhæð samtals 90.000 þús. kr. Helstu ástæður þessarra aukafjárveitinga voru stórlega aukinn kostnaður vegna aðkeyptrar skýrsluvélavinnslu frá SKÝRR. Af þeim sökum voru veittar 34.000 þús. kr. vegna tekjubókhalds ríkisins, 15.000 þús. kr. vegna Ríkisbókhalds, 23.000 þús. kr. vegna sameiginlegra útgjalda skattstofa og 5.000 þús. kr vegna kostnaðar við launabókhald. Auk þessarra fjárveitinga voru veittar 12.000 þús. kr. vegna síma- og póstburðargjalda Stjórnarráðsins og 1.000 þús. kr. vegna kaupa á símstöð fyrir Skattstofuna í Reykjavík.

Samgönguráðuneyti: Veitt var ein aukafjárveiting vegna ófyrirséðra útgjalda þessa ráðuneytis, en það var 35.000 þús. kr. aukafjárveiting vegna jarðgangnagerðar í Ólafsfjarðarmúla.

Iðnaðarráðuneyti: Veitt var ein aukafjárveiting að fjárhæð 10.000 þús. kr. vegna biðlauna og orlofsgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna Orkustofnunar sem sagt var upp um áramótin 1987/1988.

Viðskiptaráðuneyti: Veittar voru tvær aukafjárveitingar vegna ófyrirséðra útgjalda stofnana viðskiptaráðuneytis. Verðlagsstofnun voru veittar 2.000 þús. kr. vegna herts verðlagseftirlits og Hlutafélagaskrá voru veittar 250 þús. kr. vegna veikindaforfalla starfsmanns.

11. **Aðrar greiðsluheimildir:** Veittar voru sjö aukafjárveitingar að fjárhæð 41.380 þús. af öðrum ástæðum. Þessar fjárveitingar skiptast þannig að vegna menningarmála voru veittar 15.500 þús. kr., þar af 11.000 þús. kr. vegna Íslensku óperunnar, 3.500 vegna Leikfélags Reykjavíkur og 500 þús. til Skáksambands Íslands vegna Ólympíuskákmótsins. Vegna landbúnaðarmála voru veittar 15.000 þús. kr. og var það lokaframlag til kartöfluverksmiðja af jöfnunargjaldi á innflutta kartöflur. Í hlut Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar komu 10.000 þús. kr. og 5.000 þús. kr. í hlut Kjörlands á Svalbarðseyri. Til heilbrigðismála voru veittar 10.000 þús. kr. og er um að ræða framlag til Samtaka áhugafólks um áfengisvarnir (SÁÁ) vegna rekstrar og fjármögnunarerfiðleika endurhæfingarstöðvarinnar í Vogi. Að lokum voru svo veittar 680 þús. kr. til Ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda, og er fjárhæðin ætluð til greiðslu á hlut Íslands í kostnaði við kaupstefnur á vegum nefndarinnar.

Heimilaðar aukafjárveitingar 1. okt. til 31. des. 1988.

				Þús. kr.
00			**Æðsta stjórn ríkisins**	
	101	501	Embætti forseta Íslands Vegna kostnaðar við viðhald Bessastaðastofu á árunum 1987 og 1988	7.000
	202	101	Ríkisendurskoðun, yfirstjórn Vegna rekstrarhalla miðað við fjárveitingar á árinu 1988.	7.000
01			**Forsætisráðuneyti**	
	101	101	Forsætisráðuneyti, yfirstjór Vegna kostnaðar af nefndum sem voru samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar	1.970
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna ríkisstjórnarákvörðunar um mótframlag til RKÍ vegna náttúruhamfaranna í Armeníu í Sovétríkjunum.	2.000
	902	601	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum Til greiðslu á umframkostnaði við gerð aðalskipulags	1.500
02			**Menntamálaráðuneyti**	
	101	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa Greiðsla á skaðabótum til Sturlu Kristjánssonar	793
	101	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	15.000
	201	102	Háskóli Íslands, sameiginleg útgjöld Vegna ófyrirséðra útgjalda vegna kjarasamninga og fæðispeninga	7.681
	301	501	Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur Vegna viðhaldskostnaðar á byggingum skólans	3.000
	422	110	Námsgagnastofnun, skólavörubúð Vegna kaupa á kvikmyndinni "Land og synir„ til sýninga í skólum landsins.	200
	501	101	Tækniskóli Íslands Vegna aukins launa- og húsaleigukostnaðar	7.000
	517	102	Hótel- og veitingaskóli Íslands Vegna aukins leigukostnaðar og annarra rekstrargjalda	2.500
	903	101	Þjóðskjalasafn Íslands Vegna rekstrarhalla árinu 1988	6.000
	906	101	Listasafn Einars Jónssonar Vegna rekstrarhalla safnsins á árunum 1987 og 1988	1.000

			Þús. kr
907	101	Listasafn Íslands Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	1.500
909	101	Blindrabókasafn Íslands Vegna ófyrirséðra útgjalda stofnunarinnar á árinu 1988	500
931	101	Náttúruverndarráð Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	4.500
982	120	Listir, framlög, Leikfélag Reykjavíkur Vegna hallareksturs á árinu 1988	3.500
982	130	Listir, framlög, Íslenska óperan Uppgjör á eldri skuldum við ríkissjóð	11.500
982	145	Listir, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Styrkur í tilefni opnunar safnsins	1.500
989	121	Ýmis íþróttamál, Skáksamband Íslands Vegna þáttöku íslenskra skákmanna í Ólympíuskákmótinu 1988	500
989	613	Ýmis íþróttamál, Íþróttasamband fatlaðra Framlag í viðurkenningarskyni fyrir glæsilega frammistöðu fatlaðra íþróttamanna á Ólympíuleikum fatlaðra í S-Kóreu	10.000
03		**Utanríkisráðuneyti**	
399		Ýmis utanríkismál Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um framlag Hjálparstofnunar kirkjunnar vegna náttúruhamfaranna í Armeníu	1.500
399		Ýmis utanríkismál Framlag til hjálparstarfsemi vegna náttúruhamfara í Mið-Ameríku	1.000
04		**Landbúnaðarráðuneyti**	
101	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa Vegna aukins leigu- og rekstrarkostnaðar aðalskrifstofu	2.560
171	601	Jarðeignir ríkisins, framlag Framlag til að jafna skuldir frá árinu 1987.	2.900
231	110	Landgræðsla ríkisins, almenn landgræðsla Vegna ófyrirséðs kostnaðar við fræhúðun og vegna kostnaðar við aðgerðir vegna gróðurskemmda í Mývatnssveit, á Hólsfjöllum og í Bárðardal.	6.500
243	101	Sauðfjárveikivarnir Greiðslur á ófyrirséðum kostnaði vegna hringskirfis og riðuveiki	30.800

			Þús. kr
289		Jöfnunargjald Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslur á söluskatti í loðdýrarækt og fiskeldi.	30.000
289	110	Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði Lokauppgjör á framlagi til kartöfluverksmiðja af jöfnunargjaldi a innfluttar kartöflur. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar 10.000 þús. kr. og Kjörland, Svalbarðseyri 5.000 þús. kr.	15.000
290	101	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir Vegna útflutnings mjólkurafurða umfram áætlun fjárlaga, 146.000 þús. kr. Vegna útflutnings á kindakjöti umfram áætlun fjárlaga vegna minni neyslu innan- lands og úthlutunar búmarka umfram samninga, 181.000 þús. kr.	327.000
501	140	Bændaskólinn á Hvanneyri Vegna kostnaðar við varðveislu landnámshænsnastofns á árunum 1986, 1987 og 1988.	950
502	601	Bændaskólinn á Hólum, fasteignir og Uppgjör vegna andyrisbyggingar við skólann á árinu 1988. Loka-framlag.	3.000
05		**Sjávarútvegsráðuneyti**	
202	101	Hafrannsóknastofnun, yfirstjórn Vegna vanskila á leigutekjum af r/s Hafþóri	3.500
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	
206	125	Lögreglustjórinn í Reykjavík Vegna launagjalda umfram áætlanir 1988.	5.000
212	610	Bæjarfógeti Akranesi, skrifstofuhúsnæði Greiðsla skv. kaupsamningi á húsnæði að Þjóðbraut 13, Akranesi. Heimild til þessarra kaupa er að finna í 6. gr. fjárlaga 1988	5.000
244	101	Fangelsið, Síðumúla 28 Vegna launa í veikindum og launakostnaðar vegna námsskeiða	2.900
283	110	Fangamál, ýmis kostnaður, fangahjálp Vegna rekstrarvanda félagasamtakanna Verndar	1.500
283	113	Fangamál, ýmis kostnaður, geðlækninga Greiðsla vegna ófyrirséðs kostnaðar við vistun refsifanga	1.800
301	101	Biskup Íslands, yfirstjórn Vegna útgáfukostnaðar o.fl.	1.500
304	652	Ýmis kirkjuleg málefni, Hóladómkirkja Vegna framkvæmdakostnaðar umfram áætlanir við Hóladómkirkju	7.000

			Þús. kr
07	**Félagsmálaráðuneyti**		
271	101	Byggingarsjóður ríkisins	75.000
		Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um veitngu greiðsluerfiðleikalána til fjölskyldna í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		
101	101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	4.000
		Vegna hallareksturs á árinu 1988	
301	101	Landlæknir, yfirstjórn	1.000
		Vegna hallareksturs á árinu 1987	
325	101	Hollustuvernd ríkisins	5.000
		Vegna launakostnaðar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum	
340	120	Málefni fatlaðra, Sjálfsbjörg Akureyri	6.000
		Vegna uppsafnaðs rekstrarhalla frá árunum 1985, 1986 og 1987	
340	170	Málefni fatlaðra, MS-félag Íslands	292
		Greiðsla á ónotaðri fjárveitingu frá fjárlögum 1987	
353	101	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	5.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
356	101	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	4.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
359	101	Sjúkrahúsið Húsavík	7.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
361	101	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	3.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
363	101	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	2.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
365	101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	10.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	
367	101	Sjúkrahúsið í Keflavík	30.000
		Vegna rekstrarhalla á árunum 1987 og 1988.	
368	101	Sólvangur, Hafnarfirði	5.000
		Vegna rekstrarhalla á árinu 1988.	
371	670	Ríkisspítalar, yfirstjórn mannvirkjag	30.000
		Vegna ófyrirséðs kostnaðar við K-byggingu á landspítalalóð á árunum 1987 og 1988	

			Þús. kr
373	101	St. Jósefsspítali, Landakoti Framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarskuldum spítalans	75.000
381	690	Sjúkrah. og læknisb. Greiðsla á hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar í Reykjavík (heimild í 6. gr.)	22.000
391	101	Heilsugæslustöðvar Vegna rekstrarhalla 1988.	20.000
399	124	Heilbrigðismál, ýmis st. Vegna neyslukönnunar og manneldismála	2.000
471	610	Gæsluvistarsjóður, framlag, Vegna áfengisvarna í tengslum við breytingar á áfengislögum	6.000
471	630	Gæsluvistarsjóður SÁÁ Vegna halla á rekstri Vogs árin 1987 og 1988	10.000
09		**Fjármálaráðuneyti**	
103	101	Ríkisbókhald Vegna umframkostnaðar við skýrsluvélavinnu og fleira	15.000
202	101	Skattstofan í Reykjavík Vegna kaupa á nýju símstöðvarkerfi fyrir stofnunina	1.000
212	101	Skattstofur, sameiginleg útgjöld Vegna skýrsluvélakostnaðar við staðgreiðslukerfi skatta	23.000
381	101	Uppbætur á lífeyri Endurmat fjárveitingar í ljósi þróunar lífeyrisútgjalda	80.000
999	110	Símak. og burðarg. fyrir Stjórnarráðið Vegna kostnaðar við síma- og burðargjöld umfram áætlanir	12.000
999	111	Skýrsluvélakostnaður v. launagreiðslna Vegna ófyrirséðs kostnaðar við skýrsluvélavinnslu vegna launagreiðslna.	5.000
999	112	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds Vegna ófyrirséðs kostnaðar við vinnslu tekjubókhalds.	34.000
10		**Samgönguráðuneyti**	
211	610	Vegagerð ríkisins, nýframkvæmdir Vegna framkvæmdakostnaðar umfram ráðstöfunarfé 1988 vegna Ólafsfjarðarmúla.	35.000
321	110	Skipaútgerð ríkisins Tjónabætur vegna bifreiðar sem skemmdist á hafnarbakka	450

			Þús. kr
485	126	Ýmis framlög, ýmislegt	680
		Greiðsla á hlut Íslands í sameiginlegum kostnaði við kaupstefnur á vegum Ferðamálanefndar "Vest-Norden„.	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
299	140	Iðja og iðnaður, framlag til	14.000
		Vegna ákvæða í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar um framlög til ullariðnaðar	
301	101	Orkustofnun	10.000
		Vegna biðlauna og orlofsgreiðslna í kjölfar uppsagna starfsmanna haustið 1987.	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
201	101	Niðurgreiðslur á vöruverði	350.000
		Vegna aukins vaxta- og geymslukostnaðar ásamt með auknum niðurgreiðslum.	
902	101	Verðlagsstofnun	2.000
		Aukakostnaður af hertu verðlagseftirliti í kjölfar verðstöðvunar	
903	101	Skráning hlutafélaga	250
		Kostnaður vegna tímabundinna starfa lögfræðings í veikindaforföllum	

Nd. 686. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Frá landbúnaðarráðherra.

1. Við 28. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna vegna ógreiddra framlaga ríkissjóðs til jarðræktarframkvæmda árið 1988 í tengslum við afgreiðslu nýrra laga um greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna slíkra framkvæmda.
2. Við 29. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna vegna ógreiddra framlaga ríkissjóðs til búfjárræktarframkvæmda árið 1988 í tengslum við afgreiðslu nýrra laga um greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna búfjárræktar.

Nd. 687. Lög [1. mál]

um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars.)

Samhljóða þskj. 625 (sbr. 516).

Nd. 688. Lög [2. mál]

um eignarleigustarfsemi.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars.)

Samhljóða þskj. 680 (sbr. 624).

Nd. 689. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Guðmundur G. Þórarinsson og Geir H. Haarde voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 1989.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Jón Kristjánsson.

Ed. 690. Frumvarp til lánsfjárlaga [103. mál]

fyrir árið 1989.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 5.135.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 5.300.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1989 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.060.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 155.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 16.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 36.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 25.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Suðureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á notaðri ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 150.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

13. gr.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa.

14. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 110.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

15. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna nýrrar ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 38.830 þús. kr. á árinu 1989 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1989.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 25.000 þús. kr. á árinu 1989.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1989.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1989.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28.000 þús. kr. á árinu 1989.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1989.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 11.000 þús. kr. á árinu 1989.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1989. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 277.000 þús. kr. á árinu 1989.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 8.000 þús. kr. á árinu 1989.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 680.000 þús. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 6.000 þús. kr.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi vera hærra en 21.000 þús. kr. á árinu 1989.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1989 eigi nema hærri fjárhæð en 1.275.000 þús. kr.

III. KAFLI

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

38. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

39. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

40. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

41. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 900.000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988 umfram það sem kveðið er á um í 1. gr. lánsfjárlaga 1988.

42. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300.000 þús. kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. allt að 129.000 þús. kr.

43. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 280.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána atvinnufyrirtækjum til fjárhagslegrar endurskipulagningar allt að 200.000 þús. kr. og refafóðurstöðvum allt að 80.000 þús. kr.

44. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins.

45. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1989. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1990 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 691. Skýrsla [82. mál]

frá menntamálaráðherra um undirbúning og efni aðalnámsskrár fyrir grunnskóla, samkvæmt beiðni.

Hér fer á eftir greinargerð skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins vegna beiðni á þingskjali nr. 84 frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Ragnhildi Helgadóttur, Friðriki Sophussyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Pálma Jónssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Halldóri Blöndal, Ólafi G. Einarssyni og Salóme Þorkelsdóttur:

Aðalnámsskrá er nánari útfærsla á þeim ákvæðum grunnskólalaga og annarra laga sem kveða á um innra starf grunnskóla.

Samkvæmt grunnskólalögum ber menntamálaráðuneytinu að gefa aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Námsskráin sem nú er í gildi er frá árunum 1976 og 1977. Hún var gefin út í smáheftum sem hvert um sig fjallaði um eina námsgrein eða skyldar greinar (t.d. erlend mál). Auk þess var svonefndur almennur hluti gefinn út í sérhefti. Námsskrár í stærðfræði og líffræði voru ekki gefnar út um leið og aðalnámsskráin 1976.

Aðalnámsskrá, eins og aðrar námsskrár, þarf að vera og er í raun stöðugt í endurskoðun. Jafnt og þétt er safnað upplýsingum um skólastarf sem leitt geta til breytinga á opinberum ákvörðunum um nám og kennslu. Aðalnámsskrá getur því gert hvort tveggja í senn; birt stefnu fræðsluyfirvalda og staðfest þróun sem á sér upptök og rætur í skólunum.

Lengi hefur sá skilningur verið ríkjandi að námsskrá væri listi yfir námsefni. Að baki liggur sú staðreynd að til skamms tíma var ekki um mikið úrval námsefnis að ræða, oft aðeins ein námsbók sem stóð til boða í hverri námsgrein. Varð þá að ganga að því sem gefnu að námsbókin fjallaði um það efni sem læra átti og tæki á því í þeirri röð sem æskilegast væri að kenna.

Námsskráin sem gefin var út árið 1960 var af þessum toga. Hún var opinber skrá um nám nemenda á fræðsluskyldualdri og megináherslan lá á námsefni.

Með aðalnámsskrá grunnskóla 1976 breytist skilningur manna á orðinu námsskrá. Í grunnskólalögunum frá 1974 er talað um aðalnámsskrá sem gefur í skyn að um fleiri námsskrár geti verið að ræða. Í öðru lagi breytast áherslur. Mun meiri áhersla er lögð á markmiðin og marklýsingar en áður en dregið úr nákvæmum fyrirmælum um námsefni. Í þriðja lagi er sérstaklega fjallað um almenn markmið sem sameiginleg eru öllum námsgreinum eða sinna þarf utan venjulegrar kennslu. Í fjórða lagi eru þar fyrirmæli um hvernig skuli kennt og hvernig skólastarfið skuli skipulagt.

Á allra síðustu árum hefur þróunin orðið á þann veg að talað er um mismunandi námsskrár. Sá skilningur er að mótast að kalla hin opinberlega staðfestu markmið, sem gilda eiga um alla nemendur hvar sem er á landinu, aðalnámsskrá. Í samræmi við þá stefnu að auka sjálfræði og frelsi einstakra skóla um útfærslu aðalnámsskrár er talað um skólanámsskrá. Það má síðan hugsa sér að uppistaðan í skólanámsskrá geti verið bekkja- eða árganganámsskrár sem aftur grundvallast á eða leiða af sér einstaklingsnámsskrá.

Í samantekt í lok hins almenna hluta aðalnámsskrár 1976 koma ákveðin stefnumál fram. Þar segir m.a. að:

- ekki eigi að skipta nemendum í bekkjardeildir eftir námsgetu eða námsárangri,
- reyna ætti að blanda aldursárgöngum saman í hópa,
- kennarar með sem fjölbreytilegasta hæfileika eigi að vinna saman að skipulagningu og kennslu,
- skólastarf og námsumhverfi eigi að vera fjölbreytilegt og sveigjanlegt, viðfangsefnin eigi að ráða t.d. lengd kennslustunda, stærð og samsetningu hópa,
- ekki skuli skipa nemendum í hjálparbekki heldur veita einstaklingshjálp í blönduðum bekkjum,
- samþætta skuli hefðbundnar námsgreinar í ákveðnum viðfangsefnum og forðast að gera mun á mikilvægi einstakra greina.

Aðalnámsskráin frá 1976 og 1977 átti að koma út endurskoðuð 1981 – 1982 samkvæmt lögunum. Ekki varð af því heldur var ákveðið að hún skyldi halda gildi sínu óbreytt áfram.

Árið 1983 voru gefin út drög að almennum hluta aðalnámsskrár. Á þeim tíma var gert ráð fyrir almennum hluta aðalnámsskrár í einu hefti og að námsskrá hverrar greinar yrði gefin út sem sérhefti. Í þessum drögum að almennum hluta aðalnámsskrár var mjög ítarlega fjallað um kennslu og kennsluaðferðir. Drögin voru send fjölmörgum aðilum til kynningar og umsagnar, m.a. í hvern grunnskóla og til allra alþingismanna. Tiltölulega fáar umsagnir bárust.

Þegar að því kom að lagfæra námsskrárdrögin á grundvelli umsagna sem borist höfðu, kom upp sú staða að þáverandi menntamálaráðherra féllst ekki á veigamikil stefnuatriði og áherslur í drögunum. Einkum þóttu drögin of viðamikil og ítarleg varðandi t.d. kennsluhætti, framsetning opin og fremur efni í kennsluleiðbeiningar en aðalnámsskrá. Ekki þótti koma nógu skýrt fram hver væri stefnan. Deildarstjóra skólaþróunardeildar var þá falið að stytta drögin, skerpa stefnuatriði og framsetningu og fella út almennar leiðbeiningar um kennsluhætti. Hugmyndin var sú að almenni hlutinn yrði líkari „reglugerð" að forminu til en sú „handbók um kennslufræði" sem fyrirliggjandi drög voru.

Um svipað leyti hófst vinna við breytingar á grunnskólalögunum og óvissa ríkti um skeið um það hvort hugsanlegar lagabreytingar mundu breyta forsendum aðalnámsskrár. Vinna við aðalnámsskrá frestaðist um skeið af þeim sökum.

Á árinu 1986 komst aftur skriður á málið þegar ráðherra fól starfsfólki skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins að semja ný drög að aðalnámsskrá fyrir grunnskóla. Sá háttur var hafður á að fá starfshóp til að semja kafla um hverja námsgrein undir stjórn viðkomandi námsstjóra. Í starfshópunum voru starfandi kennarar og sérfræðingar í viðkomandi grein. Almenni hlutinn var í raun saminn að nýju af starfsfólki deildarinnar. Nýju uppkasti að aðalnámsskránni í heild var svo skilað til ráðherra 24. ágúst 1987. Þá var m.a. lagt til að aðalnámsskráin yrði gefin út í einni bók í stað smáhefta fyrir hverja námsgrein og send til umsagnar á nýjan leik.

Næsti áfangi verksins var að lagfæra nokkur atriði sem ráðherra gerði athugasemdir við og taldi að leggja þyrfti áherslu á og koma bókinni í umsagnarútgáfu. Til að hafa yfirumsjón með því verki setti ráðherra sérstaka ritnefnd sem hafði m.a. það hlutverk að samræma framsetningu og skera úr um ágreiningsefni. Í ritnefndinni voru aðstoðarmaður ráðherra, skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu og deildarstjóri skólaþróunardeildar.

Ritnefndin gerði í raun nýtt uppkast að almenna hlutanum, skerpti stefnuatriði ráðherra og setti almenn markmið grunnskóla fram á nýjan hátt. Námsstjórar brugðust við uppkastinu með mjög ítarlegum tillögum og ábendingum í apríl 1988. Tók ritnefndin tillit til flestra tillagna þeirra við frágang umsagnarútgáfu aðalnámsskrárinnar.

Ný drög að aðalnámsskrá voru síðan gefin út í umsagnarútgáfu í júlí 1988. Þar var lögð áhersla á nokkur veigamikil atriði. Sum þeirra urðu ágreiningsefni og tilefni umræðu og athugasemda.

- Ákveðnar var tekið af skarið um hver eru opinber markmið og inntak skólastarfs í skyldunámi en gert var í námsskránni frá 1976. Námsskrárdrögin voru með öðrum orðum nær því að vera reglugerð en leiðbeiningar.
- Fjallað var sérstaklega um fræðsluhlutverk skóla, sett fram skilgreining á fræðslu og lögð áhersla á mikilvægi fræðslu samkvæmt þeirri skilgreiningu.
- Lögð var áhersla á faglegt sjálfstæði skóla og litið á kennara og annað starfsfólk skóla sem sérfræðinga á sínum sviðum.
- Í samræmi við það voru ekki fyrirmæli um ákveðna kennsluhætti í drögunum. Mjög var dregið úr ítarlegum leiðbeiningum um kennslu en gert ráð fyrir umfjöllun um slík mál í leiðbeiningarbæklingum.
- Drög að aðalnámsskrá frá því í júlí 1988 ætla skólastjórum og kennurum að taka ákvarðanir um skipulag skólastarfs, þar á meðal skipan nemenda í bekki og námshópa.

Hinn 2. ágúst 1988 voru drögin send þessum aðilum til umsagnar: Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Félagi skólameistara, Íþróttakennaraskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Samtökum foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík (SAMFOK), Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Námsgagnastofnun, Fósturskóla Íslands og Sambandi iðnfræðsluskóla.

Umsagnarfrestur var til ágústloka. Þegar umsagnarfresturinn rann út höfðu mjög fáar umsagnir borist. Skriflegar umsagnir og athugasemdir voru að berast fram í miðjan október.

Ráðuneytið heimilaði að kennsla yrði felld niður í einn dag haustið 1988 og skyldi honum varið til þess að kynna námsskrárdrögin, ræða þá stefnumörkun sem þar kom fram og fá fram álit sem flestra skólamanna á henni. Skólaþróunardeild ráðuneytisins skipulagði þá umfjöllun í samráði við fræðslustjóra og stjórn kennarasambands hvers fræðsluumdæmis. Í flestum tilvikum var kynning á drögunum og umræða um þau felld að eða inn í svokölluð haustþing kennara. Lætur nærri að um 1800 kennarar og annað starfsfólk skóla hafi tekið þátt í þessum umræðum sem fram fóru í öllum fræðsluumdæmum á tímabilinu 1. september og fram í miðjan október.

Þar eð drögin í heild voru aðeins gefin út í mjög takmörkuðu upplagi lét ráðuneytið prenta kynningarbækling sem dreift var til allra þátttakenda á þingunum og notaður í umræðum. Bæklingurinn inniheldur allan almenna hluta draganna og útdrátt úr námsgreinaköflunum.

Á kynningarfundum með kennurum fór víðast hvar fram málefnaleg og gagnleg umræða. Fram komu ábendingar um ýmislegt sem betur mátti fara, viss áhersluatriði voru gagnrýnd en öðrum fagnað. Um miðjan október, þegar hefðbundnum haustþingum kennara lauk, lágu fyrir miklar og gagnlegar upplýsingar bæði í skriflegum umsögnum og í samantekt af umræðum á haustþingum og fundum með ýmsum aðilum.

Starfsfólk skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins vann úr þessum gögnum og skilaði úrvinnslunni 1. nóvember 1988 til Svavars Gestssonar menntamálaráðherra sem þá var nýtekinn við af Birgi Ísleifi Gunnarssyni. Greinargerð skólaþróunardeildar fylgdu ítarlegar tillögur um lausn á ágreiningsefnum og tillögur um lagfæringar á drögunum í ljósi undangenginnar umræðu. Var þar miðað við að ná sem bestri sátt um aðalnámsskrána í heild og tekið tillit til þeirra ábendinga sem fram komu í skriflegum umsögnum og umræðum einkum meðal kennara.

Við úrvinnsluna kom í ljós að skiptar skoðanir voru um ýmis grundvallaratriði og áherslur. Snerist umræðan einkum um níu álitamál sem óhjákvæmilegt reyndist að taka til frekari meðferðar áður en ný aðalnámsskrá yrði staðfest og gefin út.

1. Er aðalnámsskrá reglugerð eða leiðbeiningarrit?
2. Er rétt að taka af skarið um ákveðna kennsluhætti í aðalnámsskrá og lýsa þar dæmum um kennsluaðferðir?
3. Skilgreining á hugtakinu „fræðsla“ og áhersla á fræðsluhlutverk grunnskóla. Er munur á fræðsluhlutverki skóla og uppeldishlutverki hans?
4. Foreldrar, vald þeirra og skyldur. Hver er hlutur skóla í uppeldi og mótun? Hve mikil áhrif geta foreldrar haft eða eiga að hafa á skólastarf?
5. Blöndun — röðun í bekki og námshópa. Á aðalnámsskrá að taka af skarið eða skólastjórar og kennarar?
6. Námsmat, — ein eða tvær viðmiðanir? Er rétt að aðalnámsskrá mæli gegn samanburði við aðra?
7. Er tímabært að skylda skóla til að gera starfsáætlanir/skólanámsskrár? Er gerð skólanámsskrár innifalin í vinnutíma kennara?
8. Er rétt að fella viðmiðunarstundaskrá inn í aðalnámsskrá?
9. Á aðalnámsskrá að heimila undanþágur frá skyldunámi í einstökum greinum?

Í nóvember skipaði menntamálaráðherra samráðshóp sem starfa skyldi með skólaþróunardeild við að lagfæra drögin frá júlí 88. Í skipunarbréfi var tekið fram að hópnum væri ætlað að vinna með starfsfólki skólaþróunardeildar að lagfæringum á drögum að aðalnámsskrá og fylgjast með framgangi verksins. Einnig er hópnum ætlað að fjalla um álitamál sem komið hafa upp í umræðum og umsögnum um drögin og gera tillögur um lausn á þeim.

Ráðgjafa menntamálaráðherra var ætlað að vera sérlegur fulltrúi hans við framkvæmd verksins. Gert var ráð fyrir því að verkinu yrði lokið um miðjan febrúar 1989.

Í samráðshópnum voru fulltrúar frá: Bandalagi kennarafélaga (tveir fulltrúar), Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjórum, tveimur foreldrafélögum.

Haldnir voru alls sjö daglangir vinnufundir með samráðsaðilum (2., 6. og 15. desember, 20. janúar, 13. og 17. febrúar og 1. mars). Sérstakur ráðgjafi ráðherra sat flesta fundina. Á fundunum voru ýmis álitamál ítarlega rædd og fram komu ábendingar og tillögur um breytingar. Samstarfshópurinn kom athugasemdum sínum einnig á framfæri milli funda. Starfsfólk skólaþróunardeildar lagfærði síðan texta, umsamdi og bætti við nýjum texta jafnóðum. Reynt var til hins ítrasta að koma til móts við sem flest sjónarmið og ná samstöðu um lokagerð aðalnámsskrárinnar.

Í öllum meginatriðum féllust fulltrúar samráðsaðila á tillögur skólaþróunardeildar um það hvernig unnt væri að leysa áðurnefnd álitamál. Við lagfæringar á drögunum hefur verið reynt að færa umfjöllun um þau til þess horfs sem flestir geta sætt sig við. Samkomulag varð um að:

1. líta á meginmarkmið, megininntak og grundvallaratriði varðandi kennslu, námsmat og aðstöðu sem „bindandi starfsramma", en aðra þætti sem skýringar og ábendingar,
2. líta á þær kennsluaðferðir sem öðrum fremur stuðla að því að ná meginmarkmiðum, sbr. 2. gr. grunnskólalaga, sem bindandi viðmiðun,
3. skilja ekki að fræðslu og uppeldi heldur fella hvort tveggja undir umfjöllun um menntun,
4. skýra betur og leggja áherslu á uppeldisskyldur og uppeldisrétt foreldra. Ekki þótti unnt að draga mjög skarpar línur á mörkum heimila og skóla,
5. setja fram skýr tilmæli um að skipa nemendum með mismikla námsgetu saman í bekki,
6. draga verulega úr áherslu á samanburð við aðra nemendur þegar árangur er metinn og leggja þunga á þann tilgang námsmats að vera leiðsögn og örvun í námi,
7. mæla eindregið með því að hver skóli geri ítarlegar starfsáætlanir og skólanámsskrár,
8. fjalla almennt um skiptingu tíma milli námsgreina en ætla ákvörðunum um hlutföll milli námsgreina og námssviða stað í sérstakri auglýsingu,
9. gera ráð fyrir undanþágum frá skyldunámi, t.d. á trúarlegum eða siðfræðilegum forsendum í samræmi við uppeldisrétt foreldra. Hvatt til þess að skýrar reglur verði settar um undanþágur og að réttur nemenda til menntunar sé virtur með því að sjá þeim fyrir sambærilegum tækifærum til menntunar og þroska.

Erfitt er að bera saman drögin frá því í júlí 1988 og þau sem lögð eru fram í mars 1989. Nokkur atriði sem einkenna þau síðari skulu hér nefnd. Sum þeirra fela í sér áherslubreytingu frá fyrri drögum:

- Túlkun og útfærsla á 2. gr. grunnskólalaga er mun fyllri og ítarlegri en áður. Meginatriði greinarinnar eru sett fram sem markmið.
- Litið er á fræðslu- og uppeldishlutverk grunnskóla sem eina heild undir yfirskriftinni menntun.
- Skýrð eru meginatriði varðandi kennsluaðferðir og ætlast til að þau séu bindandi starfsrammi fyrir kennara.
- Drögin frá mars 1989 draga úr sjálfræði skóla um skipan í bekki og námshópa með mjög ákveðnum rökum um blöndun ólíkra nemenda í hópa.
- Þeim námssviðum, sem ekki flokkast með hefðbundnum námsgreinum eða eru þar aðeins að hluta, eru gerð skil í sérstökum kafla.
- Bætt er við atriðum sem lítt eða ekki komu fram í fyrri drögum, svo sem umfjöllun um sérkennslu, skólasöfn, tölvur, almenn mannréttindi, hlutverk umsjónarkennara og skólaþróun.

- Efnisröð er önnur. Nýir kaflar eru komnir til (5. kafli um gildi námsgreina og takmörk, 19. kafli um nýtingu tíma í skólastarfi) og aðrir eru fyllri (sbr. almenn umfjöllun um 3.–6. bekk og 7. – 9. bekk í 4. kafla).
- Kaflar um einstakar námsgreinar eru styttri og meira samræmi í þeim innbyrðis og við almenna hlutann.

Drög að endurskoðaðri aðalnámsskrá fyrir grunnskóla frá mars 1989 fylgja þessari skýrslu sem sérstakt skjal.

Nd. 692. Frumvarp til laga [369. mál]

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

1. málsl. 3. gr. orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gilti heimildin í 10 ár. Sú heimild var framlengd með lögum nr. 18 22. apríl 1959 til ársloka 1969 og síðar til ársloka 1979 með lögum nr. 32 5. maí 1969. Enn var sú heimild framlengd með lögum nr. 78 10. maí 1978 til ársloka 1989.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði á ný framlengd um 10 ár, þ.e. til ársloka 1999.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögunum varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Ed. 693. Frumvarp til laga [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.
2. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
3. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
4. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
5. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
6. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.

7. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
8. Rubner, Miriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
9. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
10. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
11. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
12. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjvík.
13. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
14. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 111. löggjafarþingi. Fyrra frumvarpið hlaut afgreiðslu fyrir miðsvetrarhlé.

Á síðasta þingi var þessi háttur viðhafður að tillögu þáverandi dómsmálaráðherra að afgreiða slíkt frumvarp bæði miðsvetrar og vors. Reynsla ráðuneytisins af þessu fyrirkomulagi er mjög góð og til þæginda fyrir umsækjendur.

Ed. 694. Frumvarp til laga [371. mál]

um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Lög nr. 23 26. apríl 1963, um Kennaraskóla Íslands, falli úr gildi.

2. gr.

Lög nr. 14 23. júní 1932, um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins, falli úr gildi.

3. gr.

Lög nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, falli úr gildi.

4. gr.

Lög nr. 23. 2. nóvember 1914, um friðun héra, falli úr gildi.

5. gr.

Lög nr. 39 27. júní 1925, um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að skylda unglinga til sundnáms, falli úr gildi.

6. gr.

Lög nr. 28 1. febrúar 1936, um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum, falli úr gildi.

7. gr.

Lög nr. 76 4. júlí 1942, um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands, falli úr gildi.

8. gr.

Lög nr. 19 14. apríl 1967, um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, falli úr gildi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið í menntamálaráðuneytinu í því skyni að afnema ýmis lög sem hafa ekki lengur neinu hlutverki að gegna. Með þessu er stuðlað að nauðsynlegri lagahreinsun í Lagasafni Íslands en útgáfa þess er nú í undirbúningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög þessi eiga ekki lengur við þar sem sett hafa verið ný lög um Kennaraháskóla Íslands, nú nr. 29 18. maí 1988.

Um 2. gr.

Lögin skylduðu á sínum tíma embættismenn og sýslunarmenn til flutnings eins eða tveggja erinda árlega í útvarp um starf sitt eða stofnun. Lögin hafa ekki verið framkvæmd og mega falla niður eðli málsins samkvæmt.

Um 3. gr.

Lögin voru sett til að heimila landsstjórninni að leggja fram fé á móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur til byggingar sundhallar í Reykjavík. Lögin hafa því runnið sitt skeið.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lög þessi heimiluðu bæjar- og sveitarstjórnum að skylda unglinga til sundnáms. Heimildin var notuð í Vestmannaeyjum, Svalbarðsstrandarhreppi, Austur-Eyjafjallahreppi og Reykjavík. Almenn ákvæði um sundskyldu eru nú í lögum nr. 49 7. apríl 1956.

Um 6. gr.

Lög þessi um þegnskylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum voru sett á kreppuárunum í ljósi þess ástands er þá ríkti og eiga ekki lengur við.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur um langt skeið veitt styrki handa erlendum námsmönnum til náms í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands samkvæmt árlegri fjárveitingu í fjárlögum. Þar á meðal hefur mörg undanfarin ár verið veittur styrkur handa námsmanni af íslenskum ættum í Vesturheimi. Sérstök heimildarlög um slíkan styrk eru því orðin óþörf fyrir löngu.

Um 8. gr.

Lögin hafa þegar gegnt hlutverki sínu og hafa ekki þýðingu lengur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 695. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild, sbr. þskj. 681.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu bankastjórarnir Jóhannes Nordal og Geir Hallgrímsson og Ólafur B. Thors, formaður bankaráðs.

Alþingi, 22. mars 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. | Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara. | Árni Gunnarsson.

Ragnar Arnalds. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Ed. 696. Lánsfjárlög [103. mál]

fyrir árið 1989.

(Afgreidd frá Ed. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 690.

Nd. 697. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Að ósk okkar, sem skipum minni hl. nefndarinnar, voru Jóhannes Nordal og Geir Hallgrímsson, bankastjórar Seðlabanka Íslands, og Ólafur B. Thors, formaður bankaráðs, Seðlabankans, boðaðir á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið.

Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin enn að gera tilraun til að auka miðstýringu í banka- og peningamálum í staðinn fyrir það frjálsræði sem verið hefur að þróast á peningamarkaðinum á undanförnum árum. Ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa verið sérlega yfirlýsingaglaðir um handaflsaðgerðir í vaxta- og peningamálum og með samþykkt sinni 6. febrúar 1989 um peninga- og vaxtamál, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, segir meðal annars:

„Með samræmdu átaki verði unnið að því að lækka raunvexti þannig að vextir af verðtryggðum ríkisskuldabréfum verði ekki hærri en 5% og raunvextir af öðrum fjárskuldbindingum lagi sig að því.

Vaxtamunur hjá bönkum og sparisjóðum og öðrum lánastofnunum minnki frá því sem nú er.

Starfsskilyrði fjármálastofnana verði samræmd með breytingum á reglum um bindi- og lausafjárskyldu og hvað varðar heimildir til tímabundinnar íhlutunar um ávöxtunarkjör.

Skipulag bankakerfisins verði bætt og samkeppni aukin á lánamarkaði."

Það er fróðlegt að heyra viðbrögð bankakerfisins við þessari samþykkt. Í nýútkomnu fréttabréfi Samvinnubankans um verðbréfaviðskipti segir orðrétt:

„Maður fær það á tilfinninguna að verið sé að villa um fyrir lesandanum á ýmsan hátt. Látið er í veðri vaka að Seðlabankinn geti lækkað raunvexti með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs gegn 5% raunvöxtum óháð verðbólgu og væntingum fólks. Ríkissjóður getur auðvitað náð þessu markmiði fyrir sitt leyti með því að gefa úr skírteini sem seljast ekki. Raunvextir lækka hins vegar ekki fremur en verðbólga með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum.

Til þess að raunvextir lækki þarf að snúa dæminu við. Það verður að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð. Þetta gerist með því að breyta peningaframboði af hálfu Seðlabankans með reglum um bindiskyldu og lausafjárhlutfall og með sölu spariskírteina með þeim vöxtum sem með þarf til þess að ná tilteknu sölumarkmiði. Á venjulegum markaði getur fyrirtæki annaðhvort ákveðið verð vöru sinnar eða það magn sem það vill selja á tilteknu verði. Þegar bæði verð og magn eru ákveðin er nánast um tilboð að ræða fremur en markaðsstarfsemi. En það er einmitt vegna þess sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn. Það er erfitt fyrir þá að ráða honum eða ákveða með lögum að hann skuli láta að vilja þeirra."

Við sem skipum minni hl. nefndarinnar teljum að þær breytingar, sem efri deild gerði á „tæknilegum" atriðum í Seðlabankalögunum, ættu að vera til bóta, en hins vegar erum við andvígir þeim ákvæðum sem sett voru inn í frumvarpið um bindiskyldu og takmörkun á vaxtahámark. Að undanskildum þessum síðast nefndu breytingum teljum við að frumvarpið feli í reynd ekki í sér mikilvægar breytingar á Seðlabankalögunum og höfum þá í huga þær athugasemdir sem bankastjórn Seðlabankans hefur haft fram að færa og komu m.a. fram á minnisblaði frá fundi fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar 15. mars sl. sem prentað er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 22. mars 1989.

Matthías Bjarnason, frsm. Hreggviður Jónsson.

Fylgiskjal.

Seðlabanki Íslands:

Minnisblað frá fundi í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar 15. mars 1989.

Á fund nefndarinnar í morgun mættu fulltrúar Seðlabankans þeir Geir Hallgrímsson og Eiríkur Guðnason til að ræða frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabankann. Eftirfarandi atriði, sem fram komu í máli þeirra, eru sett á blað að beiðni nefndarinnar. Hér er ekki um að ræða ítarlega skýrslu, enda var mjög skammur tími ætlaður til verksins. Hér er aðeins fjallað

um tvö þeirra mála sem rædd voru, þ.e. tillögu um bindiskyldu verðbréfasjóða annars vegar og tillögu um að Seðlabankinn geti hlutast til um ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða, verðbréfafyrirtækja og eignarleigufyrirtækja.

Um bindiskyldu verðbréfasjóða.

Tillagan er á þá leið að við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986 bætist nýr málsliður þannig að 1. mgr. í heild verði á þessa leið (tillagan um viðbót er skáletruð):

„Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra. *Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum.*"

Spurt var um álit fulltrúa Seðlabankans á þessari tillögu og um það hvort og hvernig slíku ákvæði yrði beitt og enn fremur hvort verðbréfasjóðir fengju hliðstæða fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum og innlánsstofnanir ef þeir yrðu háðir bindiskyldu.

Í svarinu kom m.a. fram að hugmynd um bindiskyldu á verðbréfasjóði hafi komið fram í 30. gr. frumvarpsins um verðbréfaviðskipti. Er það var lagt fram var um að ræða heimildarákvæði. Í meðförum þingsins tók orðalag greinarinnar breytingum þannig að um var að ræða skyldu til að láta sömu reglur gilda um bindiskyldu verðbréfasjóða og innlánsstofnana. Seðlabankinn telur ekki einsýnt að bindiskyldu eða samsvarandi kvöðum beri ávallt að beita gagnvart verðbréfasjóðum eins og innlánsstofnunum. Verði það að vera matsatriði eftir aðstæðum á hverjum tíma. Þá er ekki vitað til að bindiskyldu sé beitt gagnvart verðbréfasjóðum erlendis, enda þótt í nokkrum löndum virðist vera til staðar sá lagalegi möguleiki að grípa til hennar ef það er talið æskilegt á einhverjum tíma.

Nú virðist mega skilja tillöguna þannig að unnt yrði að beita bindiskyldu gagnvart verðbréfasjóðum með „kaupskyldu á öruggum verðbréfum". Vafalítið mundi þá Seðlabankinn beita kaupskyldu fremur en innlánsbindingu ef um annað tveggja væri að ræða. En slík kaupskylda er nú þegar til staðar á grundvelli bráðabirgðalaga frá síðastliðnu vori þar sem Seðlabankanum er veitt heimild til að skylda verðbréfasjóði til að kaupa ríkisskuldabréf fyrir sem svarar 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988, en þessi bráðabirgðalög munu falla úr gildi 10. apríl 1989.

Verði bindiskyldu hins vegar beitt gagnvart verðbréfasjóðum á sama hátt og gagnvart innlánsstofnunum er eðlilegt að spyrja hvort því ætti að fylgja að sjóðirnir fengju sama aðgang að fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum og innlánsstofnanir hafa. Slíkur aðgangur veitir innlánsstofnunum, og þar með innstæðueigendum, visst öryggi enda þótt reynt sé að halda fyrirgreiðslunni innan hóflegra marka. Ekki er talin ástæða til að skapa verðbréfasjóðum hliðstætt öryggi heldur halda þeim greinarmun, sem nú er á verðbréfasjóðum og innlánsstofnunum, að meiri áhætta fylgi kaupum verðbréfa en innlánum. Á þann hátt er verðbréfasjóðum veitt verulegt aðhald.

Er lagt til að ákvæðið verði í heimildarformi.

Íhlutun um vaxtaákvarðanir.

Frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabankann felur í sér breytingu á 9. gr. Til umræðu er tillaga um viðbótarmálsgrein í 9. gr., sem verði 3. mgr., og fjallar m.a. um ávöxtunarkröfur verðbréfafyrirtækja. Í heild yrði þá 9. gr. seðlabankalaganna svona (breytingar frá núgildandi lögum eru skáletraðar):

„Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána verði *hóflegir og* eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána *að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.*

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.

Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.“

Álit fulltrúa Seðlabankans var á þá leið að ekki væri ljóst með hvaða hætti unnt sé að setja þær reglur, sem um er fjallað í 3. mgr., né hvernig mætti fylgja þeim eftir svo hald sé í. Sé sett hámark á ávöxtun í verðbréfaviðskiptum jafngildir það því að sett sé lágmark á verð þessara fjármuna. Ekki er þá fjarri lagi að álykta að til samræmis þurfi að setja lágmark á verð annarra fjármuna sem ganga kaupum og sölum, svo sem notaðra bifreiða og fleira. Bent var á að svona ákvæði um viðskipti með verðbréf geti leitt til niðurstöðu sem væri beinlínis í andstöðu við markmiðið, sé markmiðið það að lækka fjárfestingarkostnað. Áhrifin af þessu gætu nefnilega orðið annars vegar þau að draga úr sparnaði í formi verðbréfakaupa sem leitt getur til hækkunar vaxta. Í stað fjárfestingar í verðbréfum mundi fólk m.a. velja fasteignir eða lausafjármuni. Í öðru lagi geta áhrifin orðið þau að færa verðbréfaviðskipti út á „skúmaskotamarkaðinn“ en síðustu ár hafa þau einmitt komist upp á yfirborðið hér á landi sem víðast annars staðar. Síðustu ár hefur verið reynt að skapa hér á landi skilyrði fyrir heilbrigðum verðbréfaviðskiptum fyrir opnum tjöldum. Umrætt ákvæði mundi eyða slíkum möguleikum og spilla t.d. fyrir starfsemi Verðbréfaþings Íslands og öðrum markaðsviðskiptum með verðbréf, þar á meðal húsbréfum og verðbréfum Atvinnutryggingarsjóðs.

Einnig hefur verið bent á nauðsyn þess að auka eigið fé fyrirtækja og koma í því skyni á fót öflugum markaði fyrir hlutabréf, m.a. á Verðbréfaþingi. Ekki verður annað séð en tillagan um 3. mgr. komi einnig í veg fyrir það.

Nd. 698. Frumvarp til laga [372. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá lækna sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

3. gr.

1. og 2. mgr. 38. gr. hljóði svo:

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða héraðsnefnd kýs til viðbótar fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjúkrasamlaganna.

Nú standa fleiri en ein sýsla, eða kaupstaður og sýsla eða sýslur, að einu sjúkrasamlagi, og skal þá hver sýsla (hlutaðeigandi sveitarfélög) og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlags.

4. gr.

Ný grein er verði 81. gr. hljóði svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

5. gr.

81. gr. laganna verði 82. gr.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-stafliðs 43. gr. er Tryggingastofnun ríkisins heimilt á árinu 1989, að fengnu samþykki ráðherra, að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjórar breytingar á gildandi lögum um almannatryggingar. Í fyrsta lagi breytingar á 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laganna, þar sem fjallað er um valdsvið tryggingaráðs með það fyrir augum að taka af öll tvímæli um það. Í öðru lagi breytingar á 1. og 2. mgr. 38. gr. laganna, þar sem fjallað er um skipun formanns og varaformanns stjórnar sjúkrasamlaga og kosningar sveitarfélaga í sjúkrasamlög vegna nýsamþykktra laga um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda en sýslufélög hafa verið lögð niður. Í þriðja lagi er lagt til að sett verði inn í almannatryggingalög ákvæði, er heimili ráðherra að kveða nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð, án þess að nánar sé tiltekið um hvaða framkvæmdaratriði sé að ræða. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á b-lið 43. gr. laganna, þar sem að veitt er tímabundin heimild árið 1989 til þess að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

Samkvæmt núgildandi 6. gr. almannatryggingalaga gegnir tryggingaráð nánast tvíþættu hlutverki. Annars vegar kemur það fram sem stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, m.a. með því að það hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og veitir samþykki sitt á þeim atriðum, sem talin eru í 3. mgr. 6. gr. Hins vegar gegnir tryggingaráð því hlutverki að leysa úr ágreiningi, sem skotið er til þess, um rétt til bóta frá Tryggingastofnun, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Með 2. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um hið síðarnefnda hlutverk tryggingaráðs, m.a. til þess að ekki orki tvímælis að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til þess að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, heldur einnig til þess að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar. Hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til áðurnefnda breytingu samkvæmt eindreginni beiðni tryggingaráðs, en uppi hefur verið ágreiningur um valdmörk milli tryggingaráðs annars vegar og tryggingayfirlæknis hins vegar. Telur tryggingaráð því nauðsynlegt að öll tvímæli verði tekin af í því efni og fer þess á leit að almannatryggingalögum verði breytt í samræmi við það sem hér er gert.

Í frumvarpinu er sú leið farin að skilja að reglur um stjórnunarhlutverk tryggingaráðs annars vegar, sem ráðgert er að verði eins og hingað til í 6. gr. laganna, og hins vegar reglur um úrskurðaratriði tryggingaráðs vegna ágreinings um rétt til bóta almannatrygginga, sem lagt er til að verði framvegis í 7. gr. laganna. Upphafleg ákvæði 7. gr. voru felld niður með lögum nr. 59/1978 og raskast því ekki efnisröðun almannatryggingalaganna við þessa breytingu.

Með breytingu á 1. og 2. mgr. 38. gr. er lagt til að í stað orðsins sýslufélags komi orðið héraðsnefnd í samræmi við breytingar á lögum sem samþykktar voru fyrir skömmu um flutning verkefna og önnur skil frá sýslunefndum til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Með *nýjum* sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er kveðið á um lögbundið samstarf sveitarfélaga, m.a. á þann hátt að þau verkefni, sem sýslunefndum voru falin samkvæmt áðurgildandi lögum, skuli falin sveitarfélögum og að héraðsnefndir skuli myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Samkvæmt þessu eru sýslufélögin lögð niður og verður að taka tillit til þess í almannatryggingalögum. Er því lagt til að í stað orðsins „sýslunefnd" komi: héraðsnefnd, í 1. mgr. 38. gr. og að í stað orðanna „eitt sýslufélag" í 2. mgr. 38. gr. komi: ein sýsla. Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði fengin heimild til þess að kveða á um nánari framkvæmd almannatryggingalaga í reglugerð, án þess að sérstaklega sé tiltekið um hvaða atriði sé að ræða. Við heildarendurskoðun almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 67/1971, voru felld niður ákvæði hér að lútandi, en þess í stað látið nægja að hafa ákvæði í einstökum greinum varðandi framkvæmd hinna einstöku þátta almannatrygginga. Slíkar heimildir setja ráðherra allt of þröngar skorður varðandi ýmis önnur framkvæmdaatriði, sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til.

Með breytingu á b-lið 43. gr. er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt á árinu 1989, að fengnu samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Með samningi um sérfræðihjálp milli Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, fyrir hönd sjúkrasamlaga, sem undirritaður var 30. des. sl., en samningurinn gildir frá 1. janúar 1989 til næstu tveggja ára, er gert ráð fyrir því að ekki þurfi á tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis að halda á þessu ári. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir því að sjúkratryggðir geti farið beint til sérfræðinga án tilvísana frá heilsugæslulæknum eða heimilislæknum.

Hér er ekki um nýlundu að ræða því að á árinu 1984 var samið um það við Læknafélag Reykjavíkur að ekki þyrfti tilvísun heilsugæslulækna eða heimilislækna og hefur það verið svo síðan. Hins vegar hefur láðst að breyta b-lið 43. gr. laganna sem kveður á um tilvísunarskyldu. Fyrir því er nauðsynlegt að breyta nefndri lagagrein þannig að hún standi ekki beinlínis á vegi fyrir áðurnefndum samningi um sérfræðihjálp, þó þannig að eingöngu sé gert ráð fyrir tímabundinni heimild, er gildi á yfirstandandi ári, en gildistaka samningsins er að hálfu Læknafélags Reykjavíkur háð því skilyrði að engin breyting verði gerð á framkvæmd tilvísana af hálfu hins opinbera á yfirstandandi ári. Samkvæmt samningnum er enn fremur gert ráð fyrir því að í árslok verði lagt mat á þann sparnað, sem stefnt er að með samningnum, og verður þá tekin afstaða til tilvísunarkerfisins. Þyki sýnt að samningurinn nái ekki tilætluðum árangri án tilvísunarkerfisins, en að líkur séu taldar á að sparnaði verði frekar náð með upptöku þess á næsta ári, verður það að sjálfsögðu tekið upp að nýju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem með 2. gr. þessa frumvarps er mælt fyrir um nýja 7. gr. laganna, sem m.a. er ætlað að koma í stað fyrirmæla 2. mgr. 6. gr., er nauðsynlegt að fella niður 2. mgr. 6. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga kemur fram að vísa megi ágreiningi um bætur til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf. Tryggingadómur hefur aldrei verið settur á fót, enda hafa ekki verið sett lög um það efni. Óljóst er af orðalagi 2. mgr. 6. gr. hvort ráðgert hafi verið að þessi stofnun yrði einungis æðra stjórnvald gagnvart tryggingaráði eða hvort ætlunin hafi verið að þetta yrði sérdómstóll á héraðsdómsstigi. Á hvorn veginn sem þetta

hefur verið hugsað verður tæpast séð hverjum tilgangi tryggingadómur svonefndur ætti að þjóna, enda mundi tilvist hans hvorki samþýðast almennri skipan dómstóla né ríkjandi skipulagi í stjórnsýslu hér á landi.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein hefur tryggingaráð heimild til að endurmeta öll atriði varðandi rétt til greiðslu úr almannatryggingum, sem starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins leggja mat á eða taka ákvörðun um í störfum sínum, án tillits til þess hvort mat starfsmanns eða ákvörðun varða einungis skýringu á fyrirmælum almannatryggingalaga eða hvort mat eða ákvörðun snýr að öðrum atriðum, svo sem læknisfræðilegu mati á skilyrðum bóta og lífeyrisréttar.

Samkvæmt framansögðu getur komið til úrlausnar tryggingaráðs ágreiningur sem að meira eða minna leyti varðar mat á læknisfræðilegum atriðum. Í 5. gr. laganna er ekki sett það skilyrði að þeir sem kjörnir eru í tryggingaráð hafi sérþekkingu um þau atriði. Tryggingayfirlæknir tekur að jafnaði afstöðu til læknisfræðilegra atriða í reglulegri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, og er í þessu tilliti lægra sett stjórnvald gagnvart tryggingaráði. Af þeirri ástæðu þykir tryggingaráði ófært að tryggingayfirlæknir verði ráðunautur ráðsins, ef til þess kemur að þeir fái til úrlausnar ágreining sem varðar ákvörðun hans. Er því sú leið farin í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að heimila tryggingaráði við þessar aðstæður að fá til ráðuneytis einn til þrjá sérfróða lækna (tannlækna, þar sem það á við) við úrlausn ágreiningsefnis.

Þannig gæti tryggingaráð t.d. leitað til ráðuneytisins, landlæknis eða Læknadeildar Háskóla Íslands um aðstoð við val á ráðunautum. Þessum ráðunautum er ætlað það hlutverk að veita tryggingaráði ráðgjöf og eftir atvikum að sitja fundi ráðsins, þar sem fjallað er um málefnið. Þeim er hins vegar ekki ætlað að greiða atkvæði um niðurstöður um ágreining og yrði álit þeirra ekki bindandi fyrir tryggingaráð. Á sama hátt gæti tryggingaráði reynst nauðsyn á að leita sér lögfræðilegrar ráðgjafar eða aðstoðar við úrskurði sína utan Tryggingastofnunar ríkisins, svo og ráðgjafar og aðstoðar félagsfræðinga eða félagsráðgjafa, svo dæmi séu tekin.

Úrskurðir tryggingaráðs samkvæmt þessari heimild yrðu bindandi þótt þeir takmarki á engan hátt heimild þeirra sem hlut eiga að máli til að leggja ágreininginn fyrir dómstóla, að fengnum úrskurði tryggingaráðs.

Um 3. gr.

Í 9. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem fjallað er um lögbundið samstarf sveitarfélaga, og ætlað er að koma í stað þeirrar samvinnu sveitarfélaga á héraðsgrundvelli, sem sýslunefndir höfðu haft forystu fyrir, segir í 4. mgr. 6. gr.:

„Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna, sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim verði falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði 9. kafla eftir því sem við getur átt."

Í bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 9/1986, segir, að sýslunefndir, sem kosnar voru á árinu 1986, fari með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geti tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til 31. desember 1988. Í 38. gr. almannatryggingalaga er að finna ákvæði um skipun sjúkrasamlaga, en þar kemur m.a. fram að bæjarstjórn eða sýslunefnd skuli kjósa fjóra menn í stjórn sjúkrasamlaga og jafnmarga til vara. Enn fremur kemur fram að standi fleiri en eitt sýslufélag eða kaupstaður og sýsla eða sýslur að einu

sjúkrasamlagi skuli hver sýsla og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlagsins. Þar sem sýslufélög og sýslunefndir hafa verið lögð niður með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er nauðsynlegt að breyta nefndri grein til samræmis við ákvæði 4. mgr. 7. gr. laganna. Í stað sýslunefnda er því gert ráð fyrir héraðsnefnd og í stað sýslufélaga er gert ráð fyrir sýslu, þ.e. þeim sveitarfélögum sem mynda sýsluna. Á þennan hátt taka héraðsnefndir við hlutverki sýslunefnda varðandi kosningu manna í stjórnir sjúkrasamlaga og sýslur við hlutverki sýslufélaga í þeim tilvikum sem sýsla eða kaupstaður og sýsla eða sýslur eru í einu sjúkrasamlagi. Hér er því eingöngu um formsbreytingar að ræða til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga sem í reynd áttu að öðlast gildi um síðustu áramót.

Um 4. gr.

Við endurskoðun almannatryggingalaga, sbr. nú lög nr. 67/1971, var ekki gert ráð fyrir heimild ráðherra til þess að setja í reglugerð ákvæði um frekari framkvæmd laganna án þess að atriðin væru nánar tiltekin. Þess í stað geyma almannatryggingalög í ýmsum greinum ákvæði um setningu reglugerða um tiltekin atriði. Áður fyrr var að finna almennt ákvæði um setningu reglugerða varðandi framkvæmd laganna án þess að til væru tekin atriði og hefur því þeirri samanburðarskýringu verið beitt að frá og með gildistöku laganna nr. 67/1971 sé engri slíkri heimild til að dreifa, þrátt fyrir þá almennu lögskýringu, að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir um framkvæmd laga, þótt ekki sé það beinlínis tekið fram í lögum.

Nú kunna að koma upp sjónarmið er fyllilega réttlæta reglugerðasetningu um ýmsa framkvæmdaþætti laga um almannatryggingar, án þess að bein fyrirmæli þar að lútandi finnist í sjálfum lögunum. Þykir ráðuneytinu rétt að inn í almannatryggingalög verði skotið almennri heimild fyrir ráðherra til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna til þess að taka af öll tvímæli um heimild ráðherra í slíkum málum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Með þessari breytingu er Tryggingastofnun ríkisins veitt heimild á árinu 1989, að fengnu samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, til að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Á þennan hátt er verið að liðka fyrir samkomulagi um störf sérfræðinga, sbr. það sem segir hér að framan í almennum athugasemdum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 699. Lög [241. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 681.

Sþ. **700. Svar** [317. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um fjárfestingar ríkisbanka.

Fjárfestingar Seðlabanka Íslands í fasteignum 1985–1988.

Árin 1985 til 1988 var framkvæmdakostnaður við nýbyggingu Seðlabankans á verðlagi hvers árs eftirfarandi (í millj. kr.):

Árið 1985	103,6
Árið 1986	281,3
Árið 1987	319,7
Árið 1988	124,8

Byggingarframkvæmdum við Seðlabankahús, sem hófust í ársbyrjun 1982, er nú lokið og nemur byggingarkostnaður á verðlagi hvers árs árin 1982–1988 samtals 1047 millj. kr. Framreiknaður til síðustu áramóta er heildarkostnaður 1587,6 millj. kr. að frátöldum sérbúnaði, svo sem öryggisbúnaði, varaaflsstöð, seðlabrennsluofni o.fl., að fjárhæð 139,9 millj. kr.

Landsbanki Íslands hefur fjárfest
í fasteignum á árunum 1985–1988 sem hér segir:

1985

Nýsmíði og kaup á húsnæði	Millj. kr.
1. Grindavík, bankahús	3,07
2. Stokkseyri, bankahús	3,18
3. Akureyri, íbúð	4,50
4. Breiðdalsvík, bankaafgreiðsla	0,96
5. Selvík, Grímsnesi, fræðslu- og félagsmiðstöð	13,89
Nýsmíði og kaup alls	25,60

1986

Nýsmíði og kaup á húsnæði	
1. Suðurlandsbraut 24, Reyjavík	71,59
2. Grindavík, bankahús	11,92
3. Stokkseyri, bankahús	8,84
4. Þorlákshöfn, íbúð	3,75
5. Selvík, Grímsnesi, fræðslu- og félagsmiðstöð	10,99
6. Austurstræti 11, keyptur hluti Seðlabanka í des.	60,00
Nýsmíði og húsakaup alls	167,09

1987	Millj. kr.
Nýsmíði og kaup á húsnæði.	
1. Traðarkotssund 3	3,50
2. Suðurlandsbraut 24	40,87
3. Grindavík, bankahús	20,80
4. Grindavík, íbúð	4,51
5. Þorlákshöfn, íbúð	2,07
6. Selvík, Grímsnesi, félags- og fræðslumiðstöð	20,65
	92,40
7. Grindavík, gamla bankahúsið selt	-12,50
Nýsmíði og húsakaup alls	79,90

1988	
Nýsmíði og kaup á húsnæði.	
1. Suðurlandsbraut 24	71,09
2. Grindavík, Leynisbrún 8, íbúð	5,74
3. Keflavík, íbúð f. útibússtj. í Sandgerði	9,91
4. Selvík, Grímsnesi, fræðslu- og félagsmiðstöð	36,42
	123,16
5. Suðurlandsbraut 24, hluti hússins seldur	-78,12
Nýsmíði og húsakaup alls	45,04

Fjárfestingaráætlanir eru gerðar í lok hvers árs fyrir það ár sem fram undan er ásamt ábendingum um það sem skipulag leggur til að verði á dagskrá næstu tvö ár þar á eftir. Áætlunin fer fyrst fyrir bankastjórn til umfjöllunar en síðan í endanlegri gerð sinni fyrir bankaráð, venjulega í febrúarmánuði þess árs sem áætlunin fjallar einkum um. Samþykkt bankaráðs gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn. Áætluninni fylgir jafnan samanburður á áætlun þeirri er gilti fyrir liðið ár og raunkostnaði.

Fjárfestingar Búnaðarbanka Íslands í fasteignum.
(Upphæðir í kr.)

1985	
1. Garðatorg 5, Garðabæ	16.207.603
2. Hamraborg 9, Kópavogi	1.390.721
3. Þönglabakki 1, Reykjavík	18.410.166
	36.008.490

1986	
1. Garðatorg 5, Garðabæ	1.535.166
2. Hamraborg 9, Kópavogi	9.880.120
3. Kringlan 8–12, Reykjavík	8.074.815
	19.490.101

Bankinn seldi eftirtalda fasteign á árinu 1986.

1. Sveinatunga, Garðabæ	3.850.000

1987

1. Akurgerði 4, Flúðum	6.555.835
2. Borgarmýri 3, Sauðárkróki	3.500.000
3. Fagurhóll 3, Grundarfirði	4.672.608
4. Hamraborg 9, Kópavogi	17.798.192
5. Kringlan 8–12, Reykjavík	23.789.458
6. Smiðjuvegur 4, Kópavogi	25.814.708
	82.130.801

Eftirtaldar fasteignir voru seldar 1987:

1. Síðumúli 31, Reykjavík	12.000.000
2. Víðigrund 1, Sauðárkróki	3.150.000
	15.150.000

1988

1. Akurgerði 4, Flúðum	6.036.717
2. Kringlan 8–12, Reykjavík	9.373.868
3. Skagfirðingabraut 12, Sauðárkróki	2.300.000
4. Smiðjuvegur 4, Kópavogi	3.632.796
	21.343.381

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers tíma.
Fjárfestingaráætlanir eru ekki gerðar sérstaklega í Búnaðarbankanum.

Sþ. 701. Svar [319. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Hreggviði Jónssyni um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.

Heildarútlán Húsnæðisstofnunar ríkisins voru 7727 m.kr. á árinu 1988. Útlán úr Byggingarsjóði ríkisins námu 5858 m.kr. og úr Byggingarsjóði verkamanna 1869 m.kr. Samkvæmt uppfærðum efnahagsreikningi 31. desember 1988 námu heildarútlán byggingarsjóðanna samtals um 48,7 milljörðum króna, Byggingarsjóður ríkisins með 38,1 milljarð króna og Byggingarsjóður verkamanna með 10,6 milljarða króna.

Hinn 31. desember 1988 námu ógreidd, gjaldfallin árgjöld til byggingarsjóðanna (afborganir, vextir og verðbætur) um 465 m.kr. og ógreiddir dráttarvextir um 167 m.kr. eða samtals 632 m.kr. Þessi fjárhæð skiptist þannig að 532 m.kr. eru í vanskilum hjá Byggingarsjóði ríkisins og 100 m.kr. hjá Byggingarsjóði verkamanna. Gjalddagar eru fjórir á ári: 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins er ekki hægt að greina hve gömul samanlögð vanskil eru með því forriti sem notað er í þessu sambandi.

Á árinu 1987 var 71 íbúð innleyst á nauðungaruppboðum til Byggingarsjóðs ríkisins og 109 íbúðir á árinu 1988. Verkamannabústaðir, sem fara á nauðungaruppboð, eru innleystir beint af viðkomandi stjórnum verkamannabústaða. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins má ætla að samtals hafi verið innleystar á nauðungaruppboðum um 50–70 íbúðir í verkamannabústöðum árin 1987 og 1988.

Sþ. **702. Svar** [316. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Hreggviði Jónssyni um hlutfall skatta af vergum þjóðartekjum í skýrslu OECD.

Spurt er hvaða skattar liggi til grundvallar niðurstöðum í skýrslu OECD um hlutfall skatta af vergri landsframleiðslu?

Svar: Allir *álagðir* skattar ríkissjóðs og sveitarfélaga, að undanskildum erfðafjárskatti, flokkast sem fjarmagnstilfærsla til ríkissjóðs í þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA). Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir álagða skatta hins opinbera á árunum 1980 til 1987 samkvæmt SNA-uppgjöri. Slíkt uppgjör er frábrugðið framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga á eftirtalinn hátt: Almannatryggingaiðgjöld flokkast samkvæmt SNA með beinum sköttum en ekki með óbeinum eins og í ríkisreikningi. Skattar af skrifstofu- og verslunarhúsnæði flokkast samkvæmt SNA með óbeinum sköttum en í ríkisreikning með beinum sköttum. Þá er erfðafjárskattur fjármagnstilfærsla en ekki beinn skattur eins og í ríkisreikningi.

Í skýrslunni stendur GDP fyrir „Gross Domestic Production" sem þýðir á íslensku verg landsframleiðsla en ekki vergar þjóðartekjur eins og það er orðað í fyrirspurninni. Verg landsframleiðsla er skammstöfuð VLF.

Svör við öðrum spurningum má finna í eftirfarandi töflum:

Töflur 2–5 gefa yfirlit yfir *álagða* skatta ríkissjóðs á árunum 1980 til 1987 samkvæmt framsetningu ríkisreiknings.

Tafla 6 gefur yfirlit yfir *álagða* skatta sveitarfélaga á árunum 1980 til 1988.

Töflur 7–9 gefa yfirlit yfir *innheimta* skatta ríkissjóðs á árunum 1980 til 1988 samkvæmt framsetningu ríkisreiknings og sömuleiðis yfirlit yfir áætlaða innheimtu á árinu 1989 eins og hún er sett fram í fjárlögum 1989. Fjárlög eru á greiðslugrunni sem þýðir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs miðast við innheimta skatta á fjárlagaárinu en ekki álagða skatta.

Þjóðhagsstofnun

Tafla 1
Mars 1989

Álagðir beinir og óbeinir skattar hins opinbera 1980-1987. 1)

Verðlag hver árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Heildarskattar	4.817	7.763	12.579	19.625	27.011	34.736	46.806	61.580
Óbeinir skattar	3.520	5.778	9.202	14.486	20.062	26.341	33.964	46.314
- ób. sk. ríkissjóðs	3.079	5.057	8.009	12.500	17.115	22.850	29.334	40.462
- ób. sk. sveitarfélaga	441	722	1.193	1.986	2.947	3.491	4.630	5.852
Beinir skattar	1.297	1.984	3.378	5.139	6.948	8.395	12.842	15.266
- b. sk. ríkissjóðs	766	1.152	2.054	3.054	3.976	4.616	7.630	8.273
- b. sk. sveitarfélaga	532	833	1.324	2.086	2.972	3.780	5.212	6.993
Aðrar tekjur	338	485	1.001	2.402	2.749	3.942	4.167	5.205
Þar af vaxtatekjur	303	426	862	2.171	2.405	3.490	3.455	4.361
Heildartekjur hins opinbera	5.155	8.248	13.580	22.027	29.760	38.678	50.973	66.786
Verg landsframleiðsla	15.480	24.412	38.231	66.046	87.719	119.175	158.167	207.464
Heildartekjur sem hlutf. af VLF	33,3	33,8	35,5	33,4	33,9	32,5	32,2	32,2
Heildarskattar sem hlutf. af VLF	31,1	31,8	32,9	29,7	30,8	29,1	29,6	29,7
Óbeinir skattar sem hlutf. af VLF	22,7	23,7	24,1	21,9	22,9	22,1	21,5	22,3
Beinir skattar sem hlutf. af VLF	8,4	8,1	8,8	7,8	7,9	7,0	8,1	7,4

1) Samkvæmt uppgjörsvenjum Sameinuðu þjóðana (SNA).

Þjóðhagsstofnun

Tafla 2
Mars 1989

Álagðir beinir og óbeinir skattar hins opinbera 1980-1987 samkvæmt framsetningu ríkisreiknings.

Verðlag hvers árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Heildarskattar	4.800	7.740	12.547	19.554	26.895	34.614	46.555	61.243
Óbeinir skattar	3.620	5.925	9.423	14.854	20.693	27.137	35.090	47.869
- ób. sk. ríkissjóðs	3.179	5.203	8.230	12.868	17.746	23.646	30.460	42.017
- ób. sk. sveitarfélaga	441	722	1.193	1.986	2.947	3.491	4.630	5.852
Beinir skattar	1.181	1.816	3.124	4.700	6.202	7.478	11.465	13.374
- b. sk. ríkissjóðs	649	983	1.800	2.614	3.230	3.698	6.253	6.381
- b. sk. sveitarfélaga	532	833	1.324	2.086	2.972	3.780	5.212	6.993

Beinir og óbeinir skattar sem hlutfall af heildarsköttum

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Heildarskattar	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Óbeinir skattar	75,4	76,5	75,1	76,0	76,9	78,4	75,4	78,2
- ób. sk. ríkissjóðs	66,2	67,2	65,6	65,8	66,0	68,3	65,4	68,6
- ób. sk. sveitarfélaga	9,2	9,3	9,5	10,2	11,0	10,1	9,9	9,6
Beinir skattar	24,6	23,5	24,9	24,0	23,1	21,6	24,6	21,8
- b. sk. ríkissjóðs	13,5	12,7	14,3	13,4	12,0	10,7	13,4	10,4
- b. sk. sveitarfélaga	11,1	10,8	10,6	10,7	11,1	10,9	11,2	11,4

Þjóðhagsstofnun

Tafla 3
Mars 1989

Yfirlit yfir álagða skatta ríkissjóðs 1980-1987. 1)

Verðlag hver árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
HEILDARSKATTAR	3.828	6.186	10.030	15.482	20.976	27.344	36.713	48.398
BEINIR SKATTAR	649	983	1.800	2.614	3.230	3.698	6.253	6.381
1. Eignarskattar	98	165	274	501	583	829	1.125	1.489
2. Tekjuskattar	551	818	1.526	2.113	2.647	2.869	5.128	4.892
ÓBEINIR SKATTAR	3.179	5.203	8.230	12.868	17.746	23.646	30.460	42.017
3. Gjöld af innflutningi	692	1.178	1.755	2.557	3.581	4.268	5.035	6.653
4. Vörugjöld	280	457	784	1.232	1.389	1.698	2.136	2.821
5. Launaskattar	204	325	532	759	1.022	1.395	1.691	2.212
6. Almannatryggingargjöld	116	170	260	431	711	899	1.272	1.736
7. Skattar af seldri vöru og þjónustu	1.715	2.781	4.407	7.126	9.979	13.846	18.206	25.296
8. Aðrir óbeinir skattar	171	292	492	763	1.065	1.539	2.120	3.297

Einstakir skattar sem hlutfall af heildarsköttum.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
HEILDARSKATTAR	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
BEINIR SKATTAR	16,95	15,89	17,94	16,89	15,40	13,52	17,03	13,18
1. Eignarskattar	2,56	2,66	2,73	3,24	2,78	3,03	3,06	3,08
2. Tekjuskattar	14,39	13,23	15,21	13,65	12,62	10,49	13,97	10,11
ÓBEINIR SKATTAR	83,04	84,11	82,06	83,11	84,60	86,47	82,97	86,82
3. Gjöld af innflutningi	18,09	19,04	17,50	16,51	17,07	15,61	13,71	13,75
4. Vörugjöld	7,32	7,38	7,82	7,96	6,62	6,21	5,82	5,83
5. Launaskattar	5,34	5,26	5,30	4,90	4,87	5,10	4,61	4,57
6. Almannatryggingargjöld	3,02	2,75	2,60	2,79	3,39	3,29	3,47	3,59
7. Skattar af seldri vöru og þjónustu	44,81	44,96	43,93	46,02	47,57	50,64	49,59	52,27
8. Aðrir óbeinir skattar	4,46	4,73	4,91	4,93	5,08	5,63	5,78	6,81

Verg landsframleiðsla	15.480	24.412	38.231	66.046	87.719	119.175	158.167	207.464
Heildarskattar hlutfall af VLF	24,7	25,3	26,2	23,4	23,9	22,9	23,2	23,3

1) Samkvæmt framsetningu ríkisreiknings.

Þjóðhagsstofnun

Tafla 4
Mars 1989

Yfirlit yfir álagða skatta ríkissjóðs 1980-1987.

Verðlag hver árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Heildarskattar	3.827,8	6.186,2	10.029,8	15.482,0	20.975,9	27.343,7	36.713,3	48.397,9
Beinir skattar	648,9	983,1	1.799,6	2.614,3	3.230,0	3.698,0	6.253,2	6.380,7
1. Eignarskattar	97,9	164,8	274,1	501,4	583,0	829,3	1.125,2	1.489,0
- Eignarskattar	75,8	126,7	206,8	401,2	456,9	659,0	899,0	1.186,9
- Skattur á skrifst. og versl.hús.	15,9	23,4	39,0	63,1	80,2	103,8	146,5	181,3
- Erfðarfjárskattur	6,3	14,7	28,3	37,0	46,0	66,5	79,7	120,8
2. Tekjuskattur	551,0	818,4	1.525,5	2.112,9	2.647,0	2.868,7	5.128,0	4.891,7
- Tekjusk. að frád. barnabótum	473,5	776,0	1.454,2	1.998,4	2.462,9	2.623,5	4.734,6	4.357,3
- Sjúkratryggingagjald	77,5	32,3	53,1	84,1	136,8	184,1	285,0	372,2
- Gjald til framkv.sj. aldraðra		10,1	18,2	30,4	47,3	61,1	108,4	162,1
Óbeinir skattar	3.178,9	5.203,1	8.230,2	12.867,7	17.745,9	23.645,7	30.460,1	42.017,2
3. Gjöld af innflutningi	692,3	1.177,7	1.754,9	2.556,7	3.580,6	4.268,4	5.034,6	6.653,5
- Aðflutningsgjöld, almenn	460,6	811,5	1.233,5	1.802,6	2.509,5	2.846,4	2.751,5	3.342,7
- Innflutningsgjald af bensíni	103,5	170,0	272,1	473,7	675,7	855,6	1.310,7	1.603,2
- Innfl.gj. af bifreiðum og bifh.	71,3	132,8	106,3	81,4	111,1	131,6	337,2	851,1
- Jöfnunargjald	22,4	37,8	66,6	110,4	142,6	217,9	282,7	403,9
- Tollafgreiðslugjald			38,5	61,7	78,8	104,5	141,1	199,8
- Fóðurgjald					29,5	91,1	164,0	183,6
- Önnur innfl.gjöld	34,5	25,6	37,9	27,0	33,5	21,5	47,3	69,2
4. Vörugjöld	280,3	456,6	784,5	1.231,9	1.388,9	1.697,9	2.136,3	2.821,2
5. Launaskattar	204,3	325,5	531,7	758,9	1.021,8	1.395,3	1.691,2	2.212,5
6. Almannatryggingariðgjöld	115,7	169,9	260,4	431,3	710,8	898,7	1.272,2	1.736,4
7. Skattar af seldum vörum og þjónustu	1.715,4	2.780,9	4.406,6	7.125,5	9.978,8	13.845,9	18.205,6	25.296,4
- Sölugjald	1.292,7	2.092,9	3.357,0	5.545,9	7.637,3	10.258,5	13.465,6	19.210,9
- Orkujöfnunargjald	75,0	153,9	246,8	407,8	554,5	729,4	941,1	1.305,9
- Húsnæðisgjald						283,2	643,7	870,6
- Skattar af raforku	46,4	70,4	130,7	310,2	414,7	414,5	172,2	44,2
- Skattar af einkasöluvörum	261,9	406,8	579,3	723,5	1.203,1	1.924,5	2.430,6	3.204,1
- Skemmtanaskattur	5,3	6,7	13,8	24,6	28,6	38,6	42,6	57,7
- Flugvallaskattur	9,6	16,0	25,0	29,7	32,2	36,2	152,7	145,9
- Aðrir skattar af þjónustu	24,6	34,2	54,0	83,8	108,3	161,1	357,1	457,0
8. Aðrir óbeinir skattar	170,8	292,4	492,2	763,4	1.065,0	1.539,4	2.120,2	3.297,3
- Stimpilgjöld	66,1	115,0	181,8	288,6	458,0	664,5	840,7	1.256,8
- Ýmsir skattar af bifreiðum	41,8	70,6	124,6	220,0	346,3	427,6	667,9	1.039,0
- Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	49,2	86,6	142,1	194,9	171,8	211,4	287,5	544,0
- Aðrir óbeinir skattar	13,7	20,2	43,8	60,0	88,9	235,9	324,1	457,6

Þjóðhagsstofnun

Tafla 5
Mars 1989

Yfirlit yfir álagða skatta ríkissjóðs 1980-1987.

Einstakir skattar sem hlutf. af heildarsköttum

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
HEILDARSKATTAR	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
BEINIR SKATTAR	16,95	15,89	17,94	16,89	15,40	13,52	17,03	13,18
1. Eignarskattar	2,56	2,66	2,73	3,24	2,78	3,03	3,06	3,08
- Eignarskattar	1,98	2,05	2,06	2,59	2,18	2,41	2,45	2,45
- Skattur á skrifst. og versl.hús.	0,41	0,38	0,39	0,41	0,38	0,38	0,40	0,37
- Erfðarfjárskattur	0,16	0,24	0,28	0,24	0,22	0,24	0,22	0,25
2. Tekjuskattur	14,39	13,23	15,21	13,65	12,62	10,49	13,97	10,11
- Tekjusk. að frád. barnabótum	12,37	12,54	14,50	12,91	11,74	9,59	12,90	9,00
- Sjúkratryggingagjald	2,03	0,52	0,53	0,54	0,65	0,67	0,78	0,77
- Gjald til framkv.sj. aldraðra		0,16	0,18	0,20	0,23	0,22	0,30	0,33
ÓBEINIR SKATTAR	83,05	84,11	82,06	83,11	84,60	86,48	82,97	86,82
3. Gjöld af innflutningi	18,09	19,04	17,50	16,51	17,07	15,61	13,71	13,75
- Aðflutningsgjöld, almenn	12,03	13,12	12,30	11,64	11,96	10,41	7,49	6,91
- Innflutningsgjald af bensíni	2,70	2,75	2,71	3,06	3,22	3,13	3,57	3,31
- Innfl.gj. af bifreiðum og bifh.	1,86	2,15	1,06	0,53	0,53	0,48	0,92	1,76
- Jöfnunargjald	0,59	0,61	0,66	0,71	0,68	0,80	0,77	0,83
- Tollafgreiðslugjald			0,38	0,40	0,38	0,38	0,38	0,41
- Fóðurgjald					0,14	0,33	0,45	0,38
- Önnur innfl.gjöld	0,90	0,41	0,38	0,17	0,16	0,08	0,13	0,14
4. Vörugjöld	7,32	7,38	7,82	7,96	6,62	6,21	5,82	5,83
5. Launaskattar	5,34	5,26	5,30	4,90	4,87	5,10	4,61	4,57
6. Almannatryggingariðgjöld	3,02	2,75	2,60	2,79	3,39	3,29	3,47	3,59
7. Skattar af seldum vörum og þjónustu	44,81	44,95	43,94	46,02	47,57	50,64	49,59	52,27
- Sölugjald	33,77	33,83	33,47	35,82	36,41	37,52	36,68	39,69
- Orkujöfnunargjald	1,96	2,49	2,46	2,63	2,64	2,67	2,56	2,70
- Húsnæðisgjald						1,04	1,75	1,80
- Skattar af raforku	1,21	1,14	1,30	2,00	1,98	1,52	0,47	0,09
- Skattar af einkasöluvörum	6,84	6,58	5,78	4,67	5,74	7,04	6,62	6,62
- Skemmtanaskattur	0,14	0,11	0,14	0,16	0,14	0,14	0,12	0,12
- Flugvallaskattur	0,25	0,26	0,25	0,19	0,15	0,13	0,42	0,30
- Aðrir skattar af þjónustu	0,64	0,55	0,54	0,54	0,52	0,59	0,97	0,94
8. Aðrir óbeinir skattar	4,46	4,73	4,91	4,93	5,08	5,63	5,78	6,81
- Stimpilgjöld	1,73	1,86	1,81	1,86	2,18	2,43	2,29	2,60
- Ýmsir skattar af bifreiðum	1,09	1,14	1,24	1,42	1,65	1,56	1,82	2,15
- Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	1,29	1,40	1,42	1,26	0,82	0,77	0,78	1,12
- Aðrir óbeinir skattar	0,36	0,33	0,44	0,39	0,42	0,86	0,88	0,95

Þjóðhagsstofnun

Tafla 6
Mars 1989

Yfirlit yfir álagða skatta sveitarfélaga 1980-1988.

Verðlagi hvers árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Áætlun 1988
Heildarskattar	972,1	1.554,2	2.516,7	4.071,9	5.919,4	7.270,3	9.842,0	12.845,0	16.986,8
Óbeinir skattar	440,6	721,7	1.192,9	1.986,2	2.947,0	3.490,7	4.629,7	5.852,2	7.636,8
Jöfnunarsjóður	148,2	242,7	383,5	616,8	743,1	985,1	1.135,5	1.239,5	1.403,8
- Sölugjald	101,3	164,1	263,4	435,0	495,0	635,1	770,0	820,0	1.142,0
- Aðflutningsgjald	23,4	41,4	63,5	93,0	100,0	147,5	140,4	167,8	
- Landsútsvar	23,5	37,2	56,6	88,8	148,1	202,5	225,1	251,7	261,8
Fasteignaskattar	125,1	199,0	307,3	505,0	774,7	998,7	1.349,7	1.717,3	2.260,0
Aðstöðugjald	115,5	181,7	315,4	492,7	826,4	1.156,1	1.648,7	2.077,8	2.993,0
Aðrir óbeinir skattar	51,8	98,3	186,7	371,7	602,8	350,8	495,8	817,6	980,0
Beinir skattar	531,5	832,5	1.323,8	2.085,7	2.972,4	3.779,6	5.212,3	6.992,8	9.350,0
Útsvar	530,6	831,5	1.322,1	2.081,8	2.965,3	3.770,0	5.199,5	6.979,7	9.350,0
Sérstakur tekjuskattur	0,9	1,0	1,7	3,9	7,1	9,6	12,8	13,1	

Einstakir skattar sem hlutfall af heildarsköttum	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Áætlun 1988
Heildarskattar	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Óbeinir skattar	45,32	46,44	47,40	48,78	49,79	48,01	47,04	45,56	44,96
Jöfnunarsjóður	15,25	15,62	15,24	15,15	12,55	13,55	11,54	9,65	8,26
- Sölugjald	10,42	10,56	10,47	10,68	8,36	8,74	7,82	6,38	6,72
- Aðflutningsgjald	2,41	2,66	2,52	2,28	1,69	2,03	1,43	1,31	
- Landsútsvar	2,42	2,39	2,25	2,18	2,50	2,79	2,29	1,96	1,54
Fasteignaskattar	12,87	12,80	12,21	12,40	13,09	13,74	13,71	13,37	13,30
Aðstöðugjald	11,88	11,69	12,53	12,10	13,96	15,90	16,75	16,18	17,62
Aðrir óbeinir skattar	5,33	6,32	7,42	9,13	10,18	4,83	5,04	6,37	5,77
Beinir skattar	54,68	53,56	52,60	51,22	50,21	51,99	52,96	54,44	55,04
Útsvar	54,58	53,50	52,53	51,13	50,09	51,85	52,83	54,34	55,04
Sérstakur tekjuskattur	0,09	0,06	0,07	0,10	0,12	0,13	0,13	0,10	

Þjóðhagsstofnun

Tafla 7
Mars 1989

Yfirlit yfir innheimta skatta ríkissjóðs 1980-1989.

Verðlag hver árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Brb. uppgjör 1988	Fjár-lög 1989
HEILDARSKATTAR	3.626	5.901	9.389	14.630	19.837	26.074	34.976	46.023	60.693	73.035
BEINIR SKATTAR	602	899	1.485	2.386	2.875	3.280	5.508	6.103	9.438	13.425
1. Eignarskattar	89	152	231	447	533	744	1.016	1.387	1.333	2.975
2. Tekjuskattar	513	747	1.253	1.939	2.342	2.536	4.492	4.716	8.105	10.450
ÓBEINIR SKATTAR	3.024	5.002	7.904	12.244	16.962	22.794	29.468	39.920	51.255	59.610
3. Gjöld af innflutningi	692	1.178	1.755	2.556	3.580	4.268	5.034	6.653	6.271	7.482
4. Vörugjöld	269	448	789	1.180	1.374	1.677	2.063	2.761	1.072	2.801
5. Launaskattar	180	296	488	666	886	1.233	1.515	1.984	2.817	2.825
6. Almannatryggingargjöld	102	155	215	364	622	785	1.138	1.559	2.091	2.528
7. Skattar af vöru og þjónustu	1.613	2.638	4.178	6.740	9.476	13.300	17.636	23.868	34.437	39.045
8. Aðrir óbeinir skattar	170	288	480	739	1.023	1.530	2.080	3.097	4.568	4.930

Einstakir skattar sem hlutfall af heildarsköttum.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1987	1987
HEILDARSKATTAR	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
BEINIR SKATTAR	16,60	15,23	15,81	16,31	14,49	12,58	15,75	13,26	15,6	18,4
1. Eignarskattar	2,46	2,57	2,46	3,05	2,69	2,85	2,90	3,01	2,2	4,1
2. Tekjuskattar	14,14	12,66	13,35	13,26	11,81	9,73	12,84	10,25	13,4	14,3
ÓBEINIR SKATTAR	83,40	84,77	84,19	83,69	85,51	87,42	84,25	86,74	84,4	81,6
3. Gjöld af innflutningi	19,09	19,96	18,69	17,47	18,05	16,37	14,39	14,46	10,3	10,2
4. Vörugjöld	7,41	7,59	8,40	8,06	6,93	6,43	5,90	6,00	1,8	3,8
5. Launaskattar	4,95	5,01	5,20	4,55	4,47	4,73	4,33	4,31	4,6	3,9
6. Almannatryggingargjöld	2,80	2,62	2,29	2,49	3,14	3,01	3,25	3,39	3,4	3,5
7. Skattar af vöru og þjónustu	44,47	44,70	44,50	46,07	47,77	51,01	50,42	51,86	56,7	53,5
8. Aðrir óbeinir skattar	4,68	4,89	5,11	5,05	5,16	5,87	5,95	6,73	7,5	6,8

Þjóðhagsstofnun

Tafla 8
Mars 1989

Yfirlit yfir innheimta skatta ríkissjóðs 1980-1989.

Verðlag hver árs - m.kr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Brb. uppgjör 1988	Fjárlög 1989
HEILDARSKATTAR	3.626,2	5.901,1	9.388,6	14.630,1	19.837,2	26.073,6	34.975,6	46.023,3	60.693,2	73.035,4
BEINIR SKATTAR	601,9	899,0	1.484,7	2.385,8	2.875,3	3.280,0	5.508,0	6.103,1	9.437,9	13.425,0
1. Eignarskattar	89,2	151,8	231,3	446,6	533,0	744,2	1.015,6	1.386,9	1.333,4	2.975,0
- Eignarskattar	68,9	115,7	171,2	358,0	416,4	588,5	806,2	1.102,2	983,3	2.325,0
- Skattur á skrifst. og versl.	14,1	21,5	31,8	51,6	70,7	89,2	129,8	163,9	206,8	450,0
- Erfðarfjárskattur	6,3	14,6	28,3	37,0	46,0	66,5	79,7	120,8	143,3	200,0
2. Tekjuskattur	512,7	747,2	1.253,4	1.939,3	2.342,2	2.535,7	4.492,4	4.716,3	8.104,5	10.450,0
- Tekjusk. að frád. barnab.	438,3	700,7	1.190,3	1.830,2	2.174,4	2.311,4	4.135,6	4.208,2	8.051,7	10.450,0
- Sjúkratryggingagjald	74,4	38,0	47,4	80,6	124,7	168,1	259,4	356,6	36,6	
- Gjald til fkv.sj. aldraðra		8,5	15,6	28,5	43,2	56,2	97,4	151,4	16,3	
ÓBEINIR SKATTAR	3.024,3	5.002,1	7.903,9	12.244,3	16.961,9	22.793,6	29.467,6	39.920,2	51.255,2	59.610,4
3. Gjöld af innflutningi	692,2	1.177,6	1.754,5	2.556,2	3.580,3	4.268,2	5.034,4	6.652,8	6.270,9	7.481,5
- Aðflutningsgjöld, almenn	460,5	811,3	1.233,1	1.802,0	2.509,2	2.846,1	2.751,2	3.342,7	2.210,8	2.350,0
- Innflutn.gjald af bensíni	103,5	170,0	272,1	473,7	675,7	855,6	1.310,7	1.603,2	2.080,7	2.830,0
- Innfl.gj. af bifr. og bifh.	71,3	132,8	106,3	81,4	111,1	131,6	337,2	851,1	1.117,0	1.315,0
- Jöfnunargjald	22,4	37,8	66,6	110,4	142,6	217,9	282,7	403,9	515,3	551,0
- Tollafgreiðslugjald			38,5	61,7	78,8	104,5	141,1	199,8		
- Fóðurgjald					29,5	91,1	164,0	183,6	248,2	283,0
- Önnur innfl.gjöld	34,5	25,6	37,9	27,0	33,4	21,5	47,3	68,5	98,9	152,5
4. Vörugjöld	268,6	448,0	788,6	1.179,8	1.374,2	1.676,9	2.062,9	2.760,5	1.071,6	2.801,0
5. Launaskattur	179,5	295,5	488,4	666,2	886,1	1.233,3	1.515,4	1.983,5	2.817,2	2.825,0
6. Almannatryggingariðgjöld	101,7	154,8	215,1	363,6	622,4	785,4	1.138,1	1.559,4	2.090,6	2.528,0
7. Skattar af vöru og þjónustu	1.612,5	2.637,8	4.177,7	6.739,7	9.476,2	13.299,6	17.636,4	23.867,5	34.436,7	39.044,5
- Sölugjald	1.206,7	1.963,5	3.155,4	5.216,1	7.166,9	9.813,9	12.926,4	17.923,2	29.181,8	32.505,0
- Orkujöfnunargjald	60,2	144,4	232,0	383,5	522,4	696,6	910,4	1.229,1	203,8	
- Húsnæðisgjald						214,1	607,0	819,4	135,9	
- Skattar af raforku	45,0	66,6	121,1	283,4	416,5	419,1	211,0	44,2	53,0	59,0
- Skattar af einkasöluvörum	261,9	406,8	579,3	723,5	1.203,1	1.924,5	2.430,6	3.204,1	4.279,9	6.054,5
- Skemmtanaskattur	4,5	6,4	11,3	19,7	26,7	34,7	43,5	53,1	63,8	75,0
- Flugvallaskattur	9,6	16,0	24,9	29,6	32,3	36,1	152,8	146,0	7,7	
- Aðrir skattar af þjónustu	24,7	34,1	53,8	83,8	108,3	160,6	354,8	448,5	510,7	351,0
8. Aðrir óbeinir skattar	169,8	288,4	479,6	738,9	1.022,7	1.530,3	2.080,4	3.096,5	4.568,3	4.930,4
- Stimpilgjöld	66,0	115,0	181,8	288,6	457,3	664,8	840,1	1.257,5	1.524,1	1.710,0
- Ýmsir skattar af bifreiðum	40,8	67,2	117,3	204,2	315,5	423,8	648,7	886,7	1.420,6	1.745,0
- Tekjur af erl. gjaldeyri	50,3	84,6	139,2	189,3	169,2	206,1	279,5	532,8	1.050,7	681,0
- Aðrir óbeinir skattar	12,7	21,6	41,3	56,9	80,7	235,5	312,2	419,5	572,8	794,4

Þjóðhagsstofnun

Tafla 9
Mars 1989

Yfirlit yfir innheimta skatta ríkissjóðs 1980-1989.

Einstakir skattar sem hlutf. af heildarsköttum

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Brb. uppgjör 1988	Fjár-lög 1989
HEILDARSKATTAR	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
BEINIR SKATTAR	16,60	15,23	15,81	16,31	14,49	12,58	15,75	13,26	15,55	18,38
1. Eignarskattar	2,46	2,57	2,46	3,05	2,69	2,85	2,90	3,01	2,20	4,07
- Eignarskattar	1,90	1,96	1,82	2,45	2,10	2,26	2,30	2,39	1,62	3,18
- Skattur á skrifst. og versl.	0,39	0,36	0,34	0,35	0,36	0,34	0,37	0,36	0,34	0,62
- Erfðarfjárskattur	0,17	0,25	0,30	0,25	0,23	0,26	0,23	0,26	0,24	0,27
2. Tekjuskattur	14,14	12,66	13,35	13,26	11,81	9,73	12,84	10,25	13,35	14,31
- Tekjusk. að frád. barnab.	12,09	11,87	12,68	12,51	10,96	8,87	11,82	9,14	13,27	14,31
- Sjúkratryggingagjald	2,05	0,64	0,50	0,55	0,63	0,64	0,74	0,77	0,06	
- Gjald til fkv.sj. aldraðra		0,14	0,17	0,19	0,22	0,22	0,28	0,33	0,03	
ÓBEINIR SKATTAR	83,40	84,77	84,19	83,69	85,51	87,42	84,25	86,74	84,45	81,62
3. Gjöld af innflutningi	19,09	19,96	18,69	17,47	18,05	16,37	14,39	14,46	10,33	10,24
- Aðflutningsgjöld, almenn	12,70	13,75	13,13	12,32	12,65	10,92	7,87	7,26	3,64	3,22
- Innflutn.gjald af bensíni	2,85	2,88	2,90	3,24	3,41	3,28	3,75	3,48	3,43	3,87
- Innfl.gj. af bifr. og bifh.	1,97	2,25	1,13	0,56	0,56	0,50	0,96	1,85	1,84	1,80
- Jöfnunargjald	0,62	0,64	0,71	0,75	0,72	0,84	0,81	0,88	0,85	0,75
- Tollafgreiðslugjald			0,41	0,42	0,40	0,40	0,40	0,43		
- Fóðurgjald					0,15	0,35	0,47	0,40	0,41	0,39
- Önnur innfl.gjöld	0,95	0,43	0,40	0,18	0,17	0,08	0,14	0,15	0,16	0,21
4. Vörugjöld	7,41	7,59	8,40	8,06	6,93	6,43	5,90	6,00	1,77	3,84
5. Launaskattur	4,95	5,01	5,20	4,55	4,47	4,73	4,33	4,31	4,64	3,87
6. Almannatryggingariðgjöld	2,80	2,62	2,29	2,49	3,14	3,01	3,25	3,39	3,44	3,46
7. Skattar af vöru og þjónustu	44,47	44,70	44,50	46,07	47,77	51,01	50,42	51,86	56,74	53,46
- Sölugjald	33,28	33,27	33,61	35,65	36,13	37,64	36,96	38,94	48,08	44,51
- Orkujöfnunargjald	1,66	2,45	2,47	2,62	2,63	2,67	2,60	2,67	0,34	
- Húsnæðisgjald						0,82	1,74	1,78	0,22	
- Skattar af raforku	1,24	1,13	1,29	1,94	2,10	1,61	0,60	0,10	0,09	0,08
- Skattar af einkasöluvörum	7,22	6,89	6,17	4,95	6,06	7,38	6,95	6,96	7,05	8,29
- Skemmtanaskattur	0,12	0,11	0,12	0,13	0,13	0,13	0,12	0,12	0,11	0,10
- Flugvallaskattur	0,27	0,27	0,26	0,20	0,16	0,14	0,44	0,32	0,01	
- Aðrir skattar af þjónustu	0,68	0,58	0,57	0,57	0,55	0,62	1,01	0,97	0,84	0,48
8. Aðrir óbeinir skattar	4,68	4,89	5,11	5,05	5,16	5,87	5,95	6,73	7,53	6,75
- Stimpilgjöld	1,82	1,95	1,94	1,97	2,31	2,55	2,40	2,73	2,51	2,34
- Ýmsir skattar af bifreiðum	1,13	1,14	1,25	1,40	1,59	1,63	1,85	1,93	2,34	2,39
- Tekjur af erl. gjaldeyri	1,39	1,43	1,48	1,29	0,85	0,79	0,80	1,16	1,73	0,93
- Aðrir óbeinir skattar	0,35	0,37	0,44	0,39	0,41	0,90	0,89	0,91	0,94	1,09

Nd. 703. Frumvarp til laga [373. mál]

um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við XI. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973 bætist ný grein, er verði 64. gr. a, svohljóðandi:

Sveitarstjórnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að forða ágangi búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið, eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 35. gr. laga nr. 108 29. desember 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi löggjöf er ekki að finna almenna heimild til að banna lausagöngu búfjár. Í búfjárræktarlögum, nr. 31/1973, eins og þeim var breytt með lögum nr. 108/1988, er hins vegar heimild fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu hrossa, sbr. 38. gr. laganna. Því þykir nauðsynlegt að auka við ákvæði núgildandi búfjárræktarlaga eins og hér er lagt til.

Í gildi eru lög nr. 44/1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög heimila sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni að banna með reglugerð tiltekið búfjárhald eða takmarka það. Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér þessa heimild án þess þó að framkvæmd slíkra reglna sé alls staðar sem skyldi.

Mikil þörf er á að lög heimili bann við búfé sem ekki er í vörslu eða takmörkun á frjálsri för þess utan þeirra svæða sem ákvörðunarréttur einstakra kaupstaða eða kauptúna nær til. Breyting sú, sem hér er lögð til, er í samræmi við ályktun búnaðarþings 1989 um rýmri heimildir fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu búfjár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að bætt verði í XI. kafla búfjárræktarlaga nýju almennu heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir til að taka ákvörðun um vörsluskyldu sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, í því skyni að auka umferðaröryggi á þjóðvegum og forða ágangi búfjár. Greinin kæmi í stað núgildandi 38. gr. laganna sem gildir eingöngu fyrir hross. Öll rök hníga að því að þessi heimild verði víðtækari en nú er, þannig að unnt sé m.a. að sporna við ágangi búfjár á fjölfarna þjóðvegi, í garðlönd, skógræktarsvæði eða önnur viðkvæm gróðurlendi. Þykir því nauðsyn bera til að auka við ákvæði núgildandi búfjárræktarlaga eins og hér er lagt til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 704. Svar [339. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ragnari Óskarssyni um framkvæmd 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

1. *Telur ráðherra að ákvæði 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, hafi orðið til þess að auðvelda sveitarfélögum og ríkisvaldi áætlun um framgang verka og fjármögnun til lengri tíma?*

Ákvæði þetta er nýmæli í íslenskri sveitarstjórnarlöggjöf sem á sér fyrirmynd í löggjöf annarra Norðurlanda. Tilgangur ákvæðisins er að bæta áætlanagerð sveitarfélaganna með því að horfa til lengri tíma en eins árs. Margar framkvæmdir sveitarfélaga standa yfir í fleiri en eitt ár og er því nauðsynlegt að gera áætlanir til lengri tíma um leið og tekið er tillit til annarra framkvæmda og reksturs.

Fjármálakafli sveitarstjórnarlaganna tók ekki gildi fyrr en 1. janúar 1987 þannig að lítil reynsla er enn fengin af notkun þessa ákvæðis laganna.

Félagsmálaráðherra telur þó að þegar liggi fyrir að þetta ákvæði hafi orðið til að auðvelda sveitarfélögum og ríkisvaldi áætlun um framgang verka og fjármögnun til lengri tíma.

2. *Með hvaða hætti hefur ríkisvaldið nýtt sér þær þriggja ára áætlanir sem sveitarfélögin hafa til þessa lagt fram?*

Ríkisvaldið nýtir sér þessar áætlanir einkum til að fá betri yfirsýn til lengri tíma yfir framkvæmdaáform einstakra sveitarfélaga og sveitarfélaganna í heild.

Eins og bent er á í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hefur ákvæðið verið í gildi svo skamman tíma að lítil reynsla er enn þá fengin af notkun þess.

Félagsmálaráðherra telur þó auðsætt að þegar nauðsynleg festa hefur skapast í þessari áætlanagerð verði hún til að bæta mjög fjármálastjórn sveitarfélaga og auðvelda ríkisvaldinu skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem snerta sveitarfélögin.

Nd. 705. Frumvarp til laga [374. mál]

um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Þá skal verja sjóðnum í upphafi til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Sérstakur eignarskattur, sbr. 3.–6. gr.
2. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum.
4. Gjafir.

Tekjur sjóðsins skulu jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.

Sjóðnum er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvæðum í fjárlögum og lánsfjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Sérstakur eignarskattur er rennur til sjóðsins, sbr. 2. gr., skal frá og með gjaldárinu 1990 lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og skal hann vera þannig:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram kr. 4.250.000. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1990 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1990. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.
b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan samkvæmt ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

4. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

5. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

6. gr.

Með sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum skal fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts persónuafsláttar skv. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin er þannig skipuð: Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytis, formaður fjárveitinganefndar Alþingis, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðuneytinu og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

8. gr.

Sjóðsstjórn ákveður framlög úr sjóðnum í byrjun hvers árs þegar fjárlög hafa verið samþykkt. Ákvörðun um framlög skal lögð fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Stjórnin lætur vinna áætlun um verkefni sjóðsins til fimm ára og endurskoðar hana árlega. Skal slík áætlun kynnt Alþingi ár hvert við undirbúning fjárlaga.

9. gr.

Um framkvæmdir sem kostaðar eru af sjóðnum skal fara samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Kostnaður við rekstur sjóðsins, þar á meðal þóknun stjórnarmanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra, greiðist af fé sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin falla úr gildi 31. desember 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til byggingu Þjóðarbókhlöðu er lokið skal sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum þessum renna til þeirrar framkvæmdar eftir því sem þörf krefur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram hefur tvíþættan tilgang: Annars vegar að tryggja að fylgt verði eftir ítrekuðum áformum um að ljúka smíði Þjóðarbókhlöðu án frekari tafa, hins vegar að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir aðkallandi framkvæmdir við endurbætur og viðhald á húsakosti ýmissa helstu menningarstofnana þjóðarinnar og á gömlum byggingum sem brýnt er að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra.

Byggingarsaga Þjóðarbókhlöðunnar, sem hýsa á tvö undirstöðubókasöfn þjóðarinnar sameinuð, Landsbókasafn og Háskólabókasafn, er orðin raunalega löng. Munu þó fáar byggingarframkvæmdir hafa notið jafneindreginna heitstrenginga og viljayfirlýsinga af hálfu Alþingis og ríkisstjórna allt frá því að samþykkt var vorið 1970 þingsályktun um að hús þetta skyldi reist í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974. Alþingi samþykkti 22. apríl 1986 lög um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, nr. 49/1986. Kváðu þau á um álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár, 1987–1989, sem gera átti kleift að ljúka byggingunni, miðað við þá kostnaðaráætlun sem fyrir lá á þeim tíma. Hvort tveggja er að árlegar fjárveitingar í fjárlögum hafa skorið framkvæmdunum miklu þrengri stakk en hinn lögákveðni tekjustofn hefur gefið tilefni til og kostnaður við að fullgera bókhlöðuna með nauðsynlegum búnaði, þar á meðal vegna tölvuvæðingar, mun reynast talsvert meiri en áætlanir við setningu þjóðarátakslaganna gerðu ráð fyrir. Er því sýnt að átakið þarf að standa lengur en sú lagasetning miðaðist við.

Samkvæmt framkvæmda- og fjármagnsáætlun frá hönnuðum Þjóðarbókhlöðu í desember 1988 (miðaðri við byggingarvísitölu 400) var kostnaður við óloknar framkvæmdir, að meðtöldum búnaði, þá áætlaður 824 millj. kr. Innheimtur eignarskattsauki, en ógreiddur í byggingarsjóð bókhlöðunnar, vegna áranna 1987–1988, nam um síðastliðin áramót um 157 millj. kr. og skatttekjur árið 1989 voru áætlaðar 240 millj. kr. Framlenging skattstofnsins árið 1990 er talin mundu gefa um 239 millj. kr. og árið 1991 um 245 millj. kr. Samkvæmt þessum áætlunum ætti því eignarskattsaukinn þessi tvö viðbótarár miðað við lögin frá 1986 að gera nokkru betur en duga til að fjármagna smíðina til loka.

Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem birt var við myndun núverandi ríkisstjórnar í september 1988, segir: „Þjóðarbókhlaðan verður fullgerð innan fjögurra ára.“ Sú fjármögnunaráætlun sem rakin var hér að framan á að gera þetta kleift, þ.e. að húsið verði fullgert á árinu 1992.

Sjóði þeim, sem stofnað er til samkvæmt þessu frumvarpi, er ekki ætlað að standa undir kostnaði við nýbyggingar þegar Þjóðarbókhlöðu sleppir. Hins vegar kalla nú að mörg mjög viðamikil og brýn verkefni við endurbætur og viðhald á byggingum sem hýsa sumar mikilvægustu menningarstofnanir þjóðarinnar og á sviði verndunar gamalla húsa. Dæmi um verkefni af þessu tagi eru endurreisn Þjóðleikhússins, viðgerðir og umbætur á húsi Þjóðminjasafns Íslands og umbætur og innrétting á húsnæði því sem keypt var til að hýsa Þjóðskjalasafn Íslands. Allt eru þetta kostnaðarsöm stórverkefni sem þola litla bið, en mundu fyrirsjáanlega

sækjast seint með venjubundnum stofnkostnaðar- og viðhaldsfjárveitingum í fjárlögum. Minna má einnig á nauðsynlegar viðgerðir á Bessastaðastofu. Það er alkunna að mikið hefur skort á að Þjóðminjasafn Íslands hafi haft nægilegt ráðstöfunarfé til að sinna þeim verkefnum sem því eru ætluð við varðveislu húsa. Víðs vegar um landið eru gamlar byggingar, bæði kirkjur og húsakynnni af öðru tagi, sem almenn samstaða er um að varðveita beri en eru margar hverjar í hættu vegna þess að fjármuni vantar til nauðsynlegra verndunaraðgerða. Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er bráðabirgðaskrá sem Hjörleifur Stefánsson arkitekt hefur tekið saman „um helstu viðfangsefni Þjóðminjasafns Íslands á sviði varðveislu húsa“ (dags. 30. des. 1988). Sýnir hún glöggt hversu fjölbreytileg verkefni hér er um að ræða.

Með sjóðsstofnun þeirri sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er stefnt að því, að næsta áratug verði unnt að vinna samfellt og með markvissum hætti að þeim viðamiklu og brýnu framkvæmdarverkefnum sem vikið hefur verið að hér að framan. Leggja ber áherslu á að sjóðnum er ekki ætlað að standa undir venjulegu, árlegu viðhaldi húsa í eigu ríkisins, heldur að stuðla að viðráðanlegri lausn tímabundinna verkefna sem krefjast sérstaks átaks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er markað verksvið sjóðsins sem frumvarpið kveður á um. Starfsemi hans að því er varðar verndun gamalla húsa er ekki einskorðuð við byggingar í eigu ríkisins, en gert er ráð fyrir að í því efni komi til mat og tillögur Þjóðminjasafnsins. Um framlög úr sjóðnum til Þjóðarbókhlöðunnar skal einnig vísað í ákvæði til bráðabirgða.

Um 2. gr.

Megintekjustofnar sjóðsins eru annars vegar sérstakur eignarskattur, hliðstæður þeim sem ákveðinn var með lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, en hins vegar árlegt framlag úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir að ákveðið verði á fjárlögum hverju sinni. Eins og tekið er fram í almennum athugasemdum hér að framan er hér um að ræða framlag umfram það sem felst í venjulegu viðhaldsfé til ríkisstofnana samkvæmt fjárlögum. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti tekið við gjafaframlögum og tekið lán eftir því sem heimilað kann að vera í fjárlögum og lánsfjárlögum hverju sinni.

Um 3. gr.

Í þessari grein felst framlenging á álagninu sérstaks eignarskatts sem kveðið var á um í lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, en þau lög taka aðeins til áranna 1987–1989. Hundraðshluti skattsins er óbreyttur, en skattskyldumörk eru færð til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á skattalögum. Greinin svarar til 2. gr. laga nr. 49/1986.

Um 4. gr.

Svarar til 3. gr. laga nr. 49/1986.

Um 5. gr.

Svarar til 4. gr. laga nr. 49/1986.

Um 6. gr.

Svarar, að breyttu breytanda, til 5. gr. laga nr. 49/1986.

Um 7. gr.

Hér eru ákvæði um stjórn sjóðsins sem menntamálaráðherra skipar. Gert er ráð fyrir að formaður fjárveitinganefndar Alþingis eigi þar sæti samkvæmt stöðu sinni. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum fulltrúa kirkjumálaráðuneytisins, enda lagfæringar kirkjubygginga fyrirferðamikið viðfangsefni í sambandi við gömul hús á verksviði sjóðsins.

Um 8. gr.

Sjóðsstjórn er falið á hendur að ákveða framlög úr sjóðnum, en leggja skal þó úthlutun fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Í 2. mgr. felst atriði sem er ein af forsendum þess að lagasetningin nái tilgangi sínum, þ.e. að úthlutun fjár úr sjóðnum sé reist á skipulegri áætlun um forgangsröð verkefna. Gert er ráð fyrir að slík áætlun liggi jafnan fyrir til fimm ára, endurskoðuð ár hvert með hliðsjón af framvindu verka. Til að tryggja sjálfsagða yfirsýn Alþingis um ráðstöfun framkvæmdafjár er gert ráð fyrir að áætlunin sé kynnt þinginu við árlega fjárlagagerð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að sett verði reglugerð er kveði nánar á um einstök atriði laganna, m.a. undirbúning og framkvæmd úthlutunar úr sjóðnum.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi í áratug eða til 31. desember 1999. Samkvæmt 2. gr. kemur álagning sérstaks eignarskatts eftir lögunum til framkvæmda frá og með árinu 1990, þ.e. þegar lokið er því tímabili, sem lög nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, miðast við.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Markmið þessa ákvæðis er að tryggja að ekki leiði til óvissu að nýju um fjármögnun Þjóðarbókhlöðunnar þegar lýkur gildistíma laganna frá 1986 um álagninu sérstaks eignarskatts vegna þeirrar framkvæmdar.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðaskrá um helstu viðfangsefni Þjóðminjasafns Íslands á sviði varðveislu húsa, 30. desember 1988.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Krýsuvíkurkirkja, timburkirkja frá 19. öld.
Bessastaðir, stofa og kirkja frá 18. öld.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:
Sveinatunga, fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið á Íslandi, reist 1895.
Reykholtskirkja, stór timburkirkja frá 1887.
Gömul hús í Borgarnesi, fyrsta íbúðarhús og verslunarhús staðarins frá 1877.
Byggðasafnið í Görðum á Akranesi. Gamla prestshúsið í Görðum frá 1886 og skemma frá aldamótum.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:
Frúarhús, Narfeyrarhús og Sjávarpakkhús í Stykkishólmi.
Flatey, skóli og gamalt íbúðarhús frá því um aldamótin.

Dalasýsla:
Hjarðarholtskirkja, timburkirkja Rögnvaldar Ólafssonar frá 1904.
Kjallaksstaðir, torfbær frá fyrri hluta þessarar aldar.
Ólafsdalur, skólahús það sem Torfi Bjarnason byggði.

Barðastrandarsýsla:
Brjánslækur, steinsteypt íbúðarhús frá fyrsta tug aldarinnar.
Staður á Reykjanesi, timburkirkja frá 1858.
Sauðlauksdalskirkja, timburkirkja frá 1863.

Ísafjarðarsýslur:
Ísafjörður:
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað, elsta hús landsins frá 1736.
Hæstakaupstaðarhúsið, timburhús frá 1788.
Ísafjarðarkirkja, frá 1863.
Bíldudalur:
Gömul rafstöð, barnaskóli frá því rétt eftir 1900 og smiðja frá fyrri hluta þessarar aldar.
Ögur, íbúðarhús og hjallur frá síðustu öld og rafstöð frá þriðja tug þessarar aldar.
Unaðsdalur, timburkirkja frá 1897.

Strandasýsla:
Borðeyri, kaupmannshús frá 1854.
Kaldrananes, timburkirkja frá 1851.

Húnavatnssýslur:
Sandar í Miðfirði, bæjarhús úr timbri frá því snemma á þessari öld.
Stóri-Ós í Miðfirði, timburhús frá 1907.
Kirkjuhvammskirkja, timburkirkja frá 1882.
Klömbrur, hlaðið steinhús frá seinni hluta síðustu aldar, aðeins veggir eru heilir.
Kornsá, timburhús sem Lárus Blöndal sýslumaður reisti árið 1878.
Geithamrar í Svínadal, torfbær frá 1925.
Hofskirkja á Skaga, timburkirkja frá 1876.
Hafnir á Skaga, bær úr timbri frá 1868.

Skagafjarðarsýsla:
Glaumbær, stór torfbær frá síðasta hluta 19. aldar sem stöðugt þarfnast viðhalds.
Gilsstofa, timburhús upphaflega reist um miðja síðustu öld, en hefur oft verið flutt og endurbyggð. Nú er unnið að endurgerð hússins í Glaumbæ og verður þar húsnæði fyrir Byggðasafn Skagfirðinga.
Ás í Hegranesi, stórt timburhús frá 1889 sem ákveðið hefur verið að flytja að byggðasafninu í Glaumbæ og gera við það þar fyrir safnið.
Hofsós, stokkbyggt pakkhús frá 1772.
Hólar í Hjaltadal, torfbær frá því um 1854.
Stóru-Akrar, bæjarhús og stofa sem Skúli fógeti reisti um 1850.

Eyjafjarðarsýsla:
Bakkakirkja í Öxnadal, timburkirkja frá 1843 eftir Þorstein á Skipalóni.
Skipalón, íbúðarhús frá 1824 og pakkhús frá 1848.
Hólar í Eyjafirði, torfbær frá miðri 19. öld ásamt leifum miðaldakirkju.
Gamli barnaskólinn á Akureyri, skóli frá því 1901.

Þingeyjarsýslur:
Laufás, torfbær frá síðustu öld.
Grenjaðarstaður, torfbær frá síðustu öld.
Þverá í Laxárdal, torfbær frá síðari hluta 19. aldar.
Grænavatn í Mývatnssveit, blendingur timburhúss og torfbæjar frá aldamótum.
Sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum, steinhlaðið hús frá því um 1880.
Sauðanes á Langanesi, steinhlaðið prestssetur frá því um 1880.

Múlasýslur:
Kaupangur á Vopnafirði, stórt verslunarhús frá því 1882.
Framtíðin á Vopnafirði, pakkhús frá því um aldamótin.
Burstafell í Vopnafirði, stór torfbær frá því um 1880.
Rangá í Hróarstungu, steinsteypt íbúðarhús frá því 1907.
Galtastaðir í Hróarstungu, lítill torfbær frá lokum seinustu aldar.
Eiríksstaðakirkja á Jökuldal, steinsteypt kirkja frá 1913.
Seyðisfjörður, pakkhúsið Angró og Bryggjuhúsið, vörugeymsluhús byggt á staurum og Wathnehúsið, gamla símstöðin frá síðasta hluta 19. aldar.
Sómastaðir við Reyðarfjörð, steinhlaðið íbúðarhús frá 1875.
Wathnehús á Reyðarfirði, stórt íbúðarhús frá því um 1890.
Randulffs-sjóhús á Eskifirði, timburhús frá 1890, byggt að hluta til á staurum í sjó fram.
Jensenshús á Eskifirði, íbúðarhús úr timbri frá því 1837.
Hjallur á Helgustöðum við Reyðarfjörð.
Teigarhorn við Berufjörð, vandað íbúðarhús úr timbri frá 1884.
Langabúð á Djúpavogi, stórt pakkhús og sláturhús, að stofni til frá 18. öld.
Papey, bæjarhús og örsmá heimiliskirkja, timburhús frá því skömmu eftir aldamótin.

Skaftafellssýslur:
Samkomuhús í Lóni, steinsteypt samkomuhús og skólastofa frá því 1912.
Skaftafell, fjárhús, smíðahús og rafstöð, hluti af varðveislu húsakosts frá byrjun aldarinnar í þjóðgarðinum.
Núpsstaður, þyrping húsa. Elstu húsin frá 18. öld.
Hnausar í Meðallandi, torfbær frá fyrri hluta 19. aldar.

Rangárvallasýsla:
Keldur á Rangárvöllum, skáli frá síðari hluta miðalda, torfbær, útihús, íbúðarhús frá 1937.
Drangshlíð, hlaðið fjárhús og fjós undir Dranginum.
Byggðasafnið í Skógum, ýmis gömul hús á safnsvæðinu, bærinn frá Skál á Síðu, torfbær með fjósbaðstofu.

Árnessýsla:
Stóri-Núpur, íbúðarhús úr timbri frá 1896.
Tungufellskirkja, timburkirkja frá 1857.
Húsið á Eyrarbakka, timburhús frá 1765.
Assistentahúsið á Eyrarbakka, timburhús frá því á seinni hluta 19. aldar.
Meðalholt í Flóa, torfbær frá því snemma á þessari öld. Eini bær sinnar gerðar á Suðurlandi.

Ed. 706. Frumvarp til laga [375. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:
Frárein skal nota strax og hún byrjar.

2. gr.

D-liður 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

A-liður 1. mgr. 50. gr. laganna orðast svo:
Vörubifreið sem er 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

4. gr.

3. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:
Fullnaðarskírteini gildir í tíu ár frá útgáfudegi. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

5. gr.

a. 1. mgr. 71. gr. orðast svo:
Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota það.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðast svo:
Ökumaður skal sjá um að börn yngri en 16 ára noti viðurkenndan og mátulegan öryggisbúnað í bifreiðinni. Börn yngri en 6 ára skulu nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað. Bannað er að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

6. gr.

1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo:
Hver sá, sem situr á bifhjóli, hliðarvagni bifhjóls eða á torfærutæki, skal nota hlífðarhjálm.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo: Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss, sem ökumaður kann að verða fyrir, allt að 10.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 102. gr. laganna orðast svo: Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum eða rétti til að öðlast þau.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út skv. 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og gilda áttu þar til ökumaður yrði fullra 70 ára, skulu endurnýjuð í samræmi við 4. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Ný umferðarlög tóku gildi 1. mars 1988. Í þeim fólust margháttaðar breytingar, eins og til dæmis lögbundin ljósanotkun allan sólarhringinn og skyldunotkun bílbelta í framsætum þeirra bifreiða er búnar eru beltum. Margar þær breytingar, sem þessi lög höfðu í för með sér, hafa ótvírætt sannað gildi sitt svo að ekki verður um villst. Þannig er t.d. með notkun bílbelta og þykir flutningsmanni sem ástæða sé nú til að stíga skrefið til fulls og lögleiða einnig notkun bílbelta fyrir þá sem sitja í aftursæti, enda hefur sú ráðstöfun, þar sem hún hefur verið lögleidd, einnig ótvírætt sannað gildi sitt, ekki síst þar sem börn eiga í hlut.

Þá hefur einnig komið í ljós að ekki er síður nauðsynlegt að ökumenn vélknúinna snjósleða, fjórhjóla og þríhjóla, sem einkum eru ætluð til aksturs utan vega, noti hlífðarhjálma eins og ökumenn bifhjóla. Þessi farartæki ná umtalsverðum hraða og þeim er oft ekið við erfið skilyrði, bæði að því er varðar veðurfar og birtu. Ekki eru alltaf farnar troðnar slóðir og eykur það enn á slysahættuna.

Við framkvæmd umferðarlaganna hafa nokkrir annmarkar komið í ljós sem brýnt er að bæta úr. Í gildandi umferðarlögum, ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1991. Þrátt fyrir þetta ákvæði þykir nauðsynlegt að breyta nú þegar nokkrum ákvæðum laganna. Er nánari grein gerð fyrir þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögunum er orðið *afrein* notað um sérstaka akrein sem nota skal þegar ekið er út frá akbraut og inn á aðra. Akreinin, sem auðvelda á aðkomandi umferð að komast inn á akrein annarrar akbrautar, er hins vegar nefnd *aðrein*. Fljótlega kom í ljós að orðin *afrein* og *aðrein* eru svo lík í munni og hljóma svo líkt að veldur ruglingi. Því er hér lagt til að orðinu *afrein* verði breytt í *frárein*.

Um 2. gr.

Fljótlega eftir að lögin tóku gildi á árinu 1988 kom í ljós að d-liður 1. mgr. 22. gr. orkaði tvímælis. Hann gekk þvert á þá grundvallarreglu að ekki megi aka fram úr á gatnamótum nema í undantekningartilvikum skv. a–c liðum í þessari grein. Nokkrum sinnum hefur það komið til að tryggingafélög hafa lagt ábyrgð á þá sem beygt hafa til vinstri á gatnamótum en lent í árekstri við ökutæki sem í sömu andrá hefur verið ekið fram úr í gagnstæða stefnu.

Nauðsynlegt er talið að færa þessi ákvæði til fyrra horfs til að taka af tvímæli.

Um 3. gr.

Í frumvarpi til umferðarlaga, er lagt var fyrir Alþingi á 107. löggjafarþinginu 1984–1985, var lagt til að dómsmálaráðherra gæti sett reglur um frekari skilyrði fyrir auknum ökuréttindum til þess að stjórna vörubifreið sem er 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Í meðförum þingsins var þessu breytt í „vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm".

Hér er lagt til að greininni verði breytt til þess horfs er gerð var tillaga um á 107. löggjafarþingi, enda er það í samræmi við alþjóðasamning um umferð.

Um 4. gr.

Núgildandi umferðarlög geyma ákvæði um að fullnaðarökuskírteini skuli gilda þar til ökumaður nær 70 ára aldri. Í eldri lögum var gildistími almennra ökuskírteina tíu ár. Hér er lagt til að sú regla verði tekin upp að nýju.

Telja verður að síst sé nú ástæða til að draga úr aðhaldi á ökumönnum. Ökuskírteini eru í vaxandi mæli notuð sem almenn persónuskilríki. Skírteini með áratuga gamalli mynd er gagnslítið sönnunargagn. Aukinheldur getur hæfni ökumanns breyst vegna sjúkdóma eða slysa og er því lagt til að ökuskírteini skuli endurnýjað á tíu ára fresti.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni nær skylda til að nota öryggisbelti ekki aðeins til ökumanns og farþega í framsæti, eins og er í gildandi lögum, heldur og einnig til farþega í aftursæti.

Slík skylda er nú í lögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Ætla má að almenningur á Íslandi sé hlynntur þessari breytingu. Í því sambandi má minna á könnun Hagvangs fyrir tímaritið Heilbrigðismál í september 1988. Í 1087 manna úrtaki voru 88% hlynntir skyldunotkun bílbelta í aftursæti en 12% voru andvígir.

Þá er einnig í greininni lagt til að við fetum í fótspor Finna, Norðmanna, Svía og fleiri þjóða og gerum skylt að hafa börn í viðeigandi öryggisbúnaði í bifreiðum. Hér er lagt til að ökumenn skuli sjá um að börn noti viðeigandi og mátulegan öryggisbúnað.

Loks er lagt til að í lög komi ákvæði um að banna að börn séu laus í framsæti eða framan við framsæti í akstri. Þrátt fyrir skyldunotkun bílbelta í framsæti þykir ástæða til að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði, enda ber nokkuð á því í umferðinni að börn standi fyrir framan framsæti eða að fullorðnir sitji undir kornabörnum í framsæti.

Um 6. gr.

Langt er síðan lögleidd var hjálmanotkun við akstur bifhjóla og er sú öryggisráðstöfun óumdeild. Á undanförnum árum hafa ný ökutæki komið við sögu, sem í 2. gr. umferðarlaga eru nefnd „torfærutæki", en hér er einkum átt við vélknúna snjósleða og vélknúin þríhjól og fjórhjól. Reynslan hefur því miður sýnt að ekki ber minni nauðsyn til að lögbinda hjálmanotkun við akstur slíkra farartækja en við bifhjólaakstur.

Um 7. gr.

Í lagagreininni er eiganda skráningarskylds vélknúins ökutækis ætlað að tryggja ökumann þess. Skal vátryggingin tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir *við starfa sinn.* Þessi orð „við starfa sinn" hafa valdið tryggingamönnum erfiðleikum við túlkun ákvæðisins. Lagt er til að þau falli niður, enda vandséð hvaða tilgangi þau áttu upphaflega að þjóna.

Um 8. gr.

Upphaf 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, hljóðaði svo: „Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerst brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr., 25. gr. og skal hann þá sviptur ökuleyfi *eða rétti til að öðlast það.*" Hér er um að ræða réttindamissi vegna ölvunaraksturs.

Fyrsti málsl. 1. mgr. 102. gr. núgildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, sem samsvarar 81. gr. eldri laga, hljóðar svo: „Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum."

Hér er lagt til að við þessa grein bætist orðin: eða rétti til að öðlast þau.

Í þessu sambandi er vísað til hæstaréttardóms er kveðinn var upp 27. júní 1988 (150. mál 1988) en þar var kröfu ákæruvaldsins um sviptingu réttar hins ákærða til að öðlast ökuleyfi synjað. Með hliðsjón af brottfalli fyrrgreindra orða, „eða rétti til að öðlast þau", taldi Hæstiréttur ekki vera fyrir hendi fullnægjandi heimild til að svipta ákærða réttinum til að öðlast ökuleyfi. Nauðsynlegt þykir að skýr ákvæði séu í lögum um þessa heimild.

Um 9. gr.

Eðlilegt þykir að breytingar þær, sem hér um ræðir, öðlist gildi næsta haust.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir um 4. gr.

Ed. 707. Frumvarp til laga [376. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Jón Helgason, Salome Þorkelsdóttir,
Skúli Alexandersson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal, að höfðu samráði við Umferðarráð, merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörunum þar sem fram kemur að neysla áfengis og akstur ökutækja fara ekki saman.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum Umferðarráðs eru árlega teknir um 2500 ökumenn hér á landi fyrir meinta ölvun við akstur, eða um 1% landsmanna. Ölvunarakstur er þó miklum mun algengari en þessar tölur sýna, því að þrátt fyrir öfluga viðleitni löggæslumanna sleppa margir. Ekki er ágreiningur um að gera skuli allt sem í mannlegu valdi stendur til að lækka þessa tölu. Ölvunarakstur er orsök margra umferðarslysa og þeir eru ekki fáir sem eiga um sárt að binda vegna þess feigðarflans sem ölvunarakstur er.

Eftir að heimiluð var sala á áfengu öli þykir enn ríkari ástæða en áður til að vara ökumenn við því að neysla áfengis og akstur ökutækja eiga ekki samleið. Sú hætta er fyrir hendi, þrátt fyrir áróður og kynningarstarf, að menn telji áfengt öl ekki eins hættulegt og annað áfengi og freistist til að setjast undir stýri eftir öldrykkju. Gegn því ber að vinna með öllum tiltækum ráðum.

Í nóvembermánuði 1988 sendi Umferðarráð áskorun til dómsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra þess efnis að sett yrði viðvörun til ökumanna á áfengisumbúðir varðandi áðurnefnd atriði. Ráðuneytin töldu að ótvíræðar lagaheimildir skorti til að kveða á um slíkar merkingar. Tilgangur þessa lagafrumvarps er að afla slíkra heimilda svo að óyggjandi sé.

Í lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, eru hliðstæð ákvæði í 6. gr. þar sem eru ákvæði um að tóbak megi því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að viðvörun um skaðsemi þess sé skráð á umbúðir vörunnar. Því var á sínum tíma haldið fram að ógerlegt væri að koma við slíkum merkingum. Það hefur hins vegar reynst vandkvæðalaust og engin ástæða er til að ætla að annað gildi um áfengisumbúðir.

Ed. 708. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað rækilega um frumvarpið. Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, starfaði með nefndinni að athugun málsins. Þá bárust nefndinni umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, sakadómi

Reykjavíkur, Sýslumannafélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Jóhannesi Árnasyni, sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Í athugasemdum við frumvarpið er rakin ítarlega umræða hér á landi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds allt frá árinu 1914, þegar Alþingi samþykkti þingsályktun um það efni, og sú þróun sem orðið hefur á því sviði síðan. Mest hefur breytingin orðið í Reykjavík þar sem veruleg aðgreining hefur átt sér stað. Frekari breytingar munu hingað til hafa strandað á auknum kostnaði sem þær hefðu í för með sér og tregðu á umbyltingu á svo þýðingarmiklum þætti þjóðfélagsins sem dómstólarnir eru. Í flestum umsagnanna, sem nefndinni bárust, kemur hins vegar fram sú afstaða að ekki verði nú lengur frestað að taka ákvörðun um þetta mál. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Einstökum nefndarmönnum er þó ljóst að við svo umfangsmiklar breytingar á dómstólaskipaninni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hljóti að koma fram ýmis álitamál.

Veigamesta breytingartillagan sem nefndin flytur er við 16. gr., um að gildistöku laganna verði frestað um tvö ár, til 1. júlí 1992. Með því gefst betri tími til að undirbúa breytingarnar þannig að þær megi verða sem hagkvæmastar, bæði með tilliti til kostnaðar fyrir ríkissjóð og fyrir þá einstaklinga sem starfsemi dómstólanna tekur til. Komi í ljós meðan á undirbúningi stendur að einhverjar breytingar séu æskilegar á lögunum frá því sem frumvarpið kveður á um verður tími til að gera þær fyrir gildistökuna.

Í öðru lagi er fellt niður úr 14. gr. frumvarpsins ákvæði sem segir að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heyri undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Niðurfelling þessa ákvæðis breytir þó ekki sjálfkrafa þeirri skipan sem nú er á þeim málum þar sem áfram verða í gildi lög nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

Í þriðja lagi eru felld niður úr 13. gr. ákvæði sem fyrir eru í lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra.

Í fjórða lagi er kveðið skýrar á um ákvæði í 4. og 18. gr. án þess að um efnisbreytingar sé að ræða.

Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Jóhann Einvarðsson skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 3. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Jóhann Einvarðsson, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 709. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Síðasti málsliður 4. mgr. orðist svo: Nú verður sæti dómstjóra laust um stundarsakir eða hann forfallast og fer þá sá dómari með dómstjórn sem elstur er að embættisaldri við dóminn.
2. Við 13. gr. 2. og 3. mgr. falli brott.
3. Við 14. gr. Lokamálsliður fyrri málsgreinar falli brott.
4. Við 16. gr. Í stað „1990“ komi: 1992.
5. Við 18. gr. Aftan við lokamálslið 2. mgr. bætist: en meðan þessi skipan helst skal sá dómari, sem eldri er að embættisaldri, fara með dómstjórn.

Ed. 710. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem flutt er vegna breytinga sem gerðar hafa verið á sveitarstjórnarlögum. Nefndin fékk umsagnir um málið frá eftirtöldum aðilum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sýslumannafélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þá starfaði Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, með nefndinni.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Fyrri breytingin er við 2. gr. frumvarpsins og felur í sér að felld eru brott orðin „úr hópi umsækjenda“. Þessi breyting tekur mið af þeim möguleika að stundum verði ekki neinir umsækjendur um starf hreppstjóra. Í öðru lagi er gildistökuákvæðinu í 4. gr. breytt, en í frumvarpinu segir að lögin taki gildi 1. janúar 1989.

Alþingi, 3. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.	Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 711. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í síðari málslið fyrri efnismálsgreinar falli brott orðin „úr hópi umsækjenda“.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 712. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu út á land.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna.

Greinargerð.

Hinar öru breytingar, sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum á síðustu árum, hafa valdið straumhvörfum í búsetu fólks í landinu. Aukin tæknivæðing í landbúnaði samfara framleiðslustýringu og samdrætti, svo og ný tækni, nýjar vinnsluaðferðir og aflatakmarkanir í sjávarútvegi, gjörbreyta forsendum byggðar í landinu. Um leið og þörf fyrir vinnuafl hefur minnkað í frumvinnslugreinunum hefur hún stöðugt farið vaxandi í úrvinnslu- og þjónustugreinum, einkum þó í hinum síðarnefndu. Vaxtarskilyrði þessara greina hafa hingað til verið best í þéttbýli og vegna fólksfjöldans á höfuðborgarsvæðinu hefur þjónusta af öllu tagi stöðugt aukist þar. Á fylgiskjali I, fyrri mynd, má sjá hlutfallslega skiptingu nýrra starfa, eftir landsvæðum 1981–1984. Á þeirri síðari sést fjöldi starfa eftir atvinnuvegum á sama tíma annars vegar á landsbyggðinni hins vegar á höfuðborgarsvæðinu.

Talið er að þessi þróun haldi áfram og ný störf verði fyrst og fremst til í þjónustugreinum enn um sinn. Frekari þensla á þessum sviðum á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar að mati flutningsmanna ekki æskileg.

Aukin verkaskipting og hin mikla hlutdeild höfuðborgarinnar í þjónustugreinunum veldur því að fábreytni í atvinnulífi á mörgum öðrum stöðum á landinu verður tilfinnanleg. Sú fábreytni hefur verið ein af ástæðunum fyrir hinum miklu fólksflutningum á Faxaflóasvæðið á undanförnum árum (sjá fylgiskjal II).

Skortur á fjölbreytilegum störfum bitnar fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og breytt staða þeirra í fjölskyldunni skiptir miklu í þróun byggðamála og er tímabært að taka mið af þeirri staðreynd. Atvinnuleysi hefur færst í vöxt hér á undanförnum mánuðum, fyrst og fremst utan höfuðborgarsvæðisins. Í öllum landshlutum eru konur í meiri hluta atvinnulausra (sjá fylgiskjal III).

Í flestum nágrannalöndum okkar hefur þróunin verið í svipaða átt og hér á landi, en um margt eru vandamál byggðarlaga hér meiri en hjá nágrönnum okkar. Víða erlendis hafa stjórnvöld reynt að sporna við neikvæðri byggðaþróun með því að jafna aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis og gripið hefur verið til tímabundinna aðgerða til að ýta undir og auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Í Skandinavíu hefur víða verið gert átak í uppbyggingu atvinnulífs og á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á að skapa nýja atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Oft hefur verið rætt um þann möguleika að flytja ýmsar stofnanir ríkisins af höfuðborgarsvæðinu í því skyni að fjölga störfum utan þess og draga úr miðstýringu. Lítið hefur þó gerst í þeim málum enn sem komið er.

Þær breytingar, sem tölvutækni og ný fjarskiptatækni hafa í för með sér, hafa þegar haft mikil áhrif á atvinnuhætti okkar og alla þætti mannlífsins. Nútímatækni á sviði tölvuvinnslu og

fjarskipta hefur opnað nýjar víddir sem menn höfðu ekki hugboð um áður. Hún gefur allt að því óendanlega möguleika til að safna, geyma og flytja upplýsingar án tillits til dvalarstaðar þess sem verkið vinnur. Í mörgum nágrannalanda okkar hafa verið settar á laggirnar fjarvinnustofur þar sem ýmis upplýsinga- og þjónustuverkefni eru unnin á tölvur auk þess sem þar fer fram nám og kennsla á tölvur. Um síðustu áramót var fyrsta fjarvinnustofan stofnuð hér á landi í Vík í Mýrdal. Fyrirhugað er að starfsfólk hennar annist bókhald, ritvinnslu, gagnavinnslu o.fl.

Starfsemi fjarvinnustofa hefur gefið góða raun á Norðurlöndum. Þar eru unnin ýmis verkefni sem áður voru inni í fyrirtækjum eða stofnunum, svo sem bókhald, upplýsingaöflun af ýmsu tagi og skýrslur. Í Dombås í Noregi stóð byggð mjög höllum fæti um 1980. Þar er nú unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum í fjarvinnustofum, t.d. skráningu upplýsinga úr kirkjubókum, og fyrirhugað er að koma skjalasöfnum á tölvutækt form. Íbúar Dombås eru aðeins 3200, 15 þeirra hafa þegar vinnu í fjarvinnustofunni og takmarkið er að finna 15 ný störf á ári í sveitarfélaginu, og er sérstök áhersla lögð á atvinnu fyrir konur.

Með því að færa hluta af þjónustu ríkisstofnana út á land má nýta tölvutæknina til að byggja upp nýja vinnustaði. Það er ein leið til að fjölga störfum, auka fjölbreytni atvinnulífsins í byggðarlögum og treysta um leið búsetu fólks. Með frumkvæði stjórnvalda við uppbyggingu fjarvinnustofa fyrir hluta starfsemi sinnar má ætla að ýmis önnur fyrirtæki og einstaklingar fylgi í kjölfarið. Mikilvægt er að vel takist til við að notfæra sér nýja tækni á jákvæðan hátt. Verkefni sem þetta krefst góðrar skipulagningar og samstarfs. Því er nauðsynlegt að gera áætlanir og skipuleggja starfsemi fjarvinnustofa í samráði við sveitarfélög og heimafólk á hverjum stað.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er fyrst og fremst sá að fjölga störfum og auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni, draga úr miðstýringu og auka möguleika fólks um land allt til að nýta sér þá tækni sem fyrirsjáanlegt er að verður stór hluti daglegs lífs okkar í framtíðinni.

Fylgiskjal I.

Þróun byggðar og atvinnulífs.
Skýrsla byggðanefndar þingflokkanna.
(Júlí 1986.)





Breytingar á fjölda starfa eftir atvinnuvegum 1981–1984. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nýjum störfum hefur fækkað í frumvinnslugreinum en fjölgað í þjónustugreinum.

Heimild: Vinnumarkaðurinn 1984.

Fylgiskjal II.

MINNISBLAÐ

Til: forsætisráðherra
Frá: Byggðastofnun
Efni: Þróun byggðar í landinu 1988
Dags: 19. janúar 1989

Að venju liggja nú fyrir tölur frá Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. desember síðastliðinn. Byggðastofnun telur að þróun byggðar í landinu undanfarin ár sé þjóðfélaginu mjög óhagkvæm og gefi tilefni til mjög ákveðinna aðgerða. Eins og þér er kunnugt hefur stofnunin unnið að úttekt á byggðaþróuninni að undanförnu. Hugsanlegar áherslubreytingar í aðgerðum af opinberri hálfu til að hafa áhrif á hana eru þar einnig til athugunar. Sú umræða sem nú stendur fyrir dyrum við stjórnmálaflokkana um byggðamálin verður að leiða til stefnumótunar og stóraukinna aðgerða í byggðamálum. Það er ósk Byggðastofnunar að um þessi mál geti skapast víðtæk pólitísk samstaða og því hefur verið farin sú leið að halda fundi með öllu samtökum sem fulltrúa eiga á Alþingi. Áður en þessar viðræður hefjast þykir okkur rétt að koma á framfæri við þig þeim hugmyndum sem þarna verða til umræðu er varða fjármögnun byggðaaðgerða.

Almennt um íbúaþróun

Landsmönnum fjölgaði meira á nýliðnu ári en nokkru sinni fyrr. Kemur þar tvennt til. Annars vegar hefur barnsfæðingum fjölgað enn og hins vegar fluttust hingað til lands 1.500 - 1.600 fleiri en fluttust brott. Báðar þessar tölur stafa væntanlega að hluta af hinum mikla uppgangi sem verið hefur. Forsendur fyrir landsspá um íbúafjölda eru því orðnar nokkuð breyttar frá því sem var í Framtíðarkönnun. Ekki er hægt að reikna með áframhaldandi aðflutningi íslensks fólks frá útlöndum til lengri tíma litið en ekki er víst að fæðingartíðni lækki.

Byggðaþróun innanlands

Hinni miklu fjölgun þjóðarinnar er mjög misskipt eftir landsvæðum. Höfuðborgarsvæðið vex af hraða sem á sér helst hliðstæður í þróunarlöndunum en í öðrum landshlutum fækkar fólki. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um nær 4.000 manns og hefur þá fjölgað um rúmlega 22.000 á undanförnum 10 árum. Sé litið til landsbyggðarinnar allrar fjölgaði íbúum um 411 eða eða 0,4% á síðasta ári. Sú fjölgun varð hins vegar nær öll á Suðurnesjum. Á síðustu 10 árum hefur íbúum landsbyggðarinnar fjölgað um tæplega 5.000 manns. Þar af er fjölgun íbúa á Suðurnesjum rúmlega 2.000. Íbúaþróun þar hefur fremur líkst höfuðborgarsvæðinu en öðrum hlutum landsbyggðarinnar.

Það eru búferlaflutningar sem mestu ráða um það hvernig íbúaþróunin hefur verið innanlands. Á myndinni hér fyrir neðan er sýndur fjöldi þeirra sem flutt hafa búferlum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins annars vegar og frá höfuðborgarsvæðinu út á land hins vegar á undanförnum árum. Þar má sjá að fjöldi þeirra sem flytur til höfuðborgarsvæðisins hefur farið vaxandi en fjöldi þeirra sem flyst út á land fer minnkandi.

Búferlaflutningar innanlands gagnvart höfuðborgarsvæðinu



Nettótölur um búferlaflutninga eru mismunur á fjölda þeirra sem flytja fram og til baka. Venjulegast er mismunurinn lítið hlutfall af heildarfjölda þeirra sem flytja. Myndin á næstu síðu sýnir hversu margir hafa flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins undanfarin ár umfram þá sem flutt hafa út á land. Myndin sýnir að straumurinn hefur þyngst með hverju árinu. Á myndinni eru sýndar tvær tölur fyrir árið 1988 en þær eru áætlaðar út frá bráðabirgðatölum um mannfjölda.

Mismunur brottfluttra og aðfluttra innanlands



Afleiðingum þessarar þróunar sér víða stað. Nú er liðinn sá tími að þéttbýli vaxi vegna fækkunar fólks í sveitahéruðum. Einungis einn af hverjum 12 íbúum landsins býr utan þéttbýliskjarna en níu af hverjum 10 í þéttbýlisstöðum með fleiri en 200 íbúa. Vöxtur höfuðborgarsvæðisins vegna aðflutnings á undanförnum árum er því á kostnað annarra þéttbýlisstaða. Ef litið er til síðustu 5 ára hafa eftirtaldir staðir einir náð meðaltali íbúafjölgunar í landinu utan höfuðborgarsvæðisins (hér eru einungis taldir staðir með yfir 1.000 íbúa): Hveragerði, sem hefur vaxið mest allra þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðis; Njarðvík; Egilsstaðir, Ölfushreppur, Sauðárkrókur, Sandgerði og Keflavík. Eins og sjá má eru 3 þessara staða á Suðurnesjum og 2 vestast á Suðurlandi. Í allmörgum þéttbýlisstöðum hefur íbúum fækkað. Í eftirtöldum þéttbýlisstöðum með yfir 1.000 íbúa búa nú færri en fyrir 5 árum: Garður, Borgarnes, Ólafsvík, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Bolungarvík, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður, Eskifjörður og Vestmannaeyjar.

Rétt er að vekja enn sérstaka athygli á íbúaþróun Akureyrar. Undanfarin 5 ár hefur bærinn vaxið tæpan þriðjung af meðaltalsfjölgun landsmanna. Þessi hægi vöxtur verður að teljast óeðlilegur miðað við þá miklu hreyfingu sem er á búsetu í landinu. Bærinn gegnir ekki lengur því hlutverki sem hann hafði á fyrri árum að taka við þeim sem fluttust burt úr sveitum Eyjafjarðar og minni þéttbýlisstöðum norðanlands. Aðrir stórir þjónustustaðir á landsbyggðinni hafa búið við sams konar þróun. Akranes hefur vaxið um 0,2% að meðaltali á ári, Ísafjörður um 0,3% en Selfoss um 0,9%.

Fækkun íbúa ár frá ári hlýtur að draga mjög þrótt úr viðkomandi byggð. Hún lækkar fasteignaverð, dregur úr framkvæmdum og hefur þannig keðjuverkandi áhrif til lömunar á framtaki og þar með möguleikanum á að vinna sig út úr vandanum. Margir þeirra staða sem orðið hafa fyrir íbúafækkun eru þjónustubæir fyrir aðra staði og sveitahéruð ásamt því að þar er stunduð umfangsmikil útgerð. Ef framtíð þessara staða er óviss hlýtur hið sama að gilda um undirstöður íslensks efnahags.

Niðurstöður

Þegar Byggðastofnun setti fram fyrstu framreikninga á íbúaþróun eftir landshlutum var gagnrýnt að þar var gert ráð fyrir því að öll fjölgun íbúa yrði á höfuðborgarsvæðinu en fækkun annars staðar. Þessi framreikningur hefur hins vegar reynst réttur að þessu leyti. Stofnunin hefur frá upphafi lagt á það áherslu að þetta væri ekki æskileg þróun. Hún væri hins vegar ekki óumflýjanleg ef gripið er til réttra aðgerða.

Byggðastofnun vill enn minna á er að hún telur að sú þróun sem blasir við er þjóðarbúinu hættuleg. Hún kallar á ákveðin og skipuleg viðbrögð. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra fól stofnuninni að vinna að verkefni þar sem meðal annars yrði tekið til umræðu hvort breyta ætti áherslum í aðgerðum hins opinbera til að hafa áhrif á þróun byggðar. Við höfum lengi talið auðsýnt að slíkt sé nauðsynlegt enda hafa núverandi aðferðir sýnt sig að vera haldlitlar.

Okkur þykir þó skorta á að stjórnmálamenn hafi réttan skilning á málinu. Umræður um byggðamál hafa um of einkennst af almennum efnahagslegum atriðum og klisjum um einfaldar lausnir. Ekki fer mikið fyrir upplýstum skilningi á byggðaþróun og of mikil áhersla hefur verið lögð á umræður um smáatriði. Til dæmis hafa málefni allra fámennustu og dreifbýlustu svæðanna hlotið of mikla athygli miðað við mikilvægi þeirra fyrir byggðaþróunina eða þjóðarhag. Sem dæmi má taka þá gífurlegu athygli sem ástand mála á Kópaskeri hefur fengið. Þarna búa um eða innan við 200 manns og við gjaldþrot Sæbliks hf voru ekki atvinnuhagsmunir nema hluta íbúanna í veði. Á sama tíma hafa frystihúsin á Ólafsfirði verið lokuð og atvinnuleysi þar numið allt að íbúafjölda á Kópaskeri. Málefni Ólafsfirðinga hafa litla athygli fengið. Hafa þó verið greiddar þar út atvinnuleysisbætur sem eru vel á annan tug milljóna. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr þeim vanda sem fámennir staðir eiga við að etja heldur til að vekja athygli á litlu vægi þessara staða í heildarmynd byggðaþróunarinnar. Um þetta væri hægt að taka fleiri dæmi.

Við viljum enn minna á það að sjávarútvegurinn verður ekki stundaður nema frá nokkrum útgerðarstöðum í öllum landshlutum. Þeir staðir verða að vera þannig að fólk sé tilbúið að búa á þeim. Ef til vill má segja að á uppgangstímum útgerðar á undanförnum áratugum hafi útgerðarstaðirnir orðið of margir. Við því er ekki ýkja margt hægt að gera í dag. Þó kann að koma til álita að leggja niður útgerð frá einstaka stað eða sameina reksturinn á nálægum stöðum. Með bættum landsamgöngum má fækka höfnum og minnka þannig sameiginlegan kostnað í fjárfestingu og rekstri. Við skipulag opinberrar fjárfestingar og reksturs þjónustu er nauðsynlegt að taka tillit til bættra samgangna og þess að íbúum hefur fækkað víða. Í skýrslu OECD um íslenskan efnahag[1] er lagt til að fækka útgerðarstöðum og skipum til að bæta rekstur í greininni. Við getum ekki tekið undir það sjónarmið sem þar kemur fram að hliðarráðstafanir sem gera þyrfti vegna þessa séu minni háttar. Kjarninn í byggðastefnu hlýtur að vera aukin fjölbreytni atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni og það er tæplega hægt nema í stærstu þéttbýlisstöðunum.

Hér eru ekki aðstæður til að rekja þá framtíðarmynd sem Byggðastofnun telur að við landsbyggðinni blasi ef svo heldur sem horfir. Til þess mun meðal annars gefast tilefni í þeim umræðum sem fyrir dyrum standa. Megindrættir þeirrar myndar eru ljósir. Tími er til þess kominn að þjóðin geri upp við sig hvort hún láti þá svörtu mynd rætast og taki afleiðingunum.

[1] OECD Economic Surveys, Iceland 1988/89, OECD, nóvember 1988

Fylgiskjal III.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins:

Yfirlit um atvinnuástandið.
(Reykjavík, 10. mars 1989.)

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í febrúar 1989 eftir búsetu og kyni, ásamt breytingum frá næsta mánuði á undan og á síðustu 12 mánuðum.

TAFLA 1.

Svæði:	Fjöldi skráðra atv.l.d.	Meðaltal atvinnu-lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	BREYTINGAR Frá síðasta mánuði Atv.l.dagar	Meðalt.atv.l.	Karlar	Konur	Á síðustu 12 mánuðum Atv.l.d.	Meðalt.atvl.	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæðið	18.561	857	509	348	+ 2.152	+ 100	+ 66	+ 34	+ 15.902	+ 734	+ 418	+ 316
Vesturland	5.069	234	64	170	- 824	- 38	- 3	- 35	+ 1.768	+ 82	+ 18	+ 64
Vestfirðir	1.569	72	31	41	- 483	- 23	- 4	- 19	+ 1.385	+ 63	+ 30	+ 33
Norðurl. vestra	6.003	277	118	159	- 787	- 36	- 21	- 15	+ 4.088	+ 189	75	+ 114
Norðurl. eystra	9.085	419	173	246	- 1.948	- 90	- 56	- 34	+ 6.044	+ 279	+ 178	+ 101
Austurland	5.093	235	99	136	- 2.228	- 103	- 26	- 77	+ 3.103	+ 143	63	+ 80
Suðurland	7.111	328	135	193	- 1.030	- 48	- 20	- 28	+ 4.259	+ 197	+ 81	+ 116
Suðurnes	4.464	206	52	154	- 2.201	- 102	- 29	- 73	+ 3.223	+ 149	+ 36	+ 113
LANDIÐ ALLT:	56.955	2.628	1.181	1.447	- 7.349	- 339	- 83	- 256	+ 39.772	+ 1.835	+ 819	+1.016

Ed. 713. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Þá starfaði Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, með nefndinni.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „1990“ í 25. gr. komi: 1. júlí 1992.

Alþingi, 3. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.	Eiður Guðnason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 714. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um lögbókandagerðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 3. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.	Eiður Guðnason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla.

Flm.: Guðni Ágústsson, Benedikt Bogason, Karl Steinar Guðnason, Auður Eiríksdóttir, Kristín Einarsdóttir, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort ekki sé hægt að nýta aðstöðu í héraðs- eða heimavistarskólum landsins svo að fötluðu fólki gefist kostur á að stunda fjölbreytt nám í einhverjum þessara skóla að loknu grunnskólanámi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í málefnum fatlaðs fólks á síðustu árum er ljóst að betur má svo hægt sé að segja að þjóðfélag okkar gefi öllum kost á námi og vinnu við sitt hæfi. Öskjuhlíðarskólinn í Reykjavík og Löngumýrarskólinn á Akureyri hafa með starfi sínu skilað fötluðum mikilli þekkingu og verkkunnáttu. Og víða er nú í sérdeildum skóla unnið mikið og gott starf.

Hér er lagt til að kannað verði hvort unnt sé að skapa einhverjum héraðs- eða heimavistarskólanum (einum eða fleirum) þau skilyrði og nýta þær aðstæður, sem þar eru fyrir hendi, til að koma með einhverjum hætti inn í félags- og skólastarf fatlaðra — uppeldisstarf í víðasta skilningi.

Húsnæði þessara gömlu menntastofnana er nú að einhverju leyti vannýtt og því sjálfsagt að huga að vænlegri og happasælli nýtingu þess.

Oft hefur verið á það minnst í umræðum um nýtt hlutverk þessara gömlu mennta- og menningarstofnana að hver þessara skóla fengi sérverkefni með venjulegu grunnskóla- eða framhaldsnámi. Hér er varpað fram hugmynd um slíkt hlutverk.

Helstu markmið með kennslu í heimavistarskóla fyrir fatlaða væru eftirfarandi:

1. Veita kennslu og þjálfun í starfsnámi og almennri umgengni varðandi athafnir daglegs lífs.
   a. Efla sjálfstæði, sjálfsöryggi og sjálfsmynd nemanda til að skapa betri líðan hans úti í þjóðfélaginu jafnt sem heima fyrir og auka þannig færni til starfa á almennum vinnumarkaði.
   b. Auka færni til þátttöku í þjóðfélaginu með þjálfun í athöfnum daglegs lífs og þátttöku í félagslífi og starfi við hæfi með reglubundnum samskiptum við vinnustaði, athafnalíf og félagslíf. Veita þjálfun í ýmiss konar hagnýtum störfum, svo sem ýmsum iðngreinum, bústörfum, fiskvinnslu og skrifstofutækni. Gera nemendur hæfa til búsetu á eigin vegum eða til sjálfstæðs heimilishalds og ákvarðana um eigið líf og starf.
2. Auka færni í undirstöðuatriðum í lestri, stærðfræði og skrift.
   a. Kennsla og þjálfun fari fram við fjölbreyttar og eðlilegar aðstæður og tengist sem mest daglegu lífi í því umhverfi þar sem skólinn er.
   b. Með þátttöku í fjölbreyttu daglegu lífi og starfi í heimavistarskóla verði stefnt að því að nemendur nái færni við að lesa og tjá sig sér til gagns og komist um á eigin vegum og kunni helstu skil á peningalegu verðmæti, t.d. varðandi laun, launagreiðslur og framfærslu einstaklinga.

Kennsla fari fram í samfelldu starfi, þ.e. skólahald og daglegt líf utan skólatíma haldist í hendur þannig að það sem verið er að gera á öðrum staðnum verði einnig hagnýtt á hinum. Stundaskrá verði ekki bundin við hefðbundnar 40 mínútna kennslustundir heldur verði við skipulagningu námsins tekið mið af verkefnum og þörfum nemenda.

Kennslan fari fram við þegar starfandi heimavistarskóla og sé hluti af starfsemi hans þannig að fatlaðir nemendur hafi tækifæri til að blandast öðrum nemendum bæði í félagslífi, kennslu og starfi. Kennsla, þjálfun og félagslíf utan skólatíma verði fléttað sem best og nánast saman. Þess vegna þarf að vera unnt að hafa viðveru tengda skóla frá kl. 8 (9) til 15 (16). Tími utan þess verði einnig undirbúinn og skipulagður til að reyna að tryggja það að nemendur verði ekki utanveltu í félagslegum samskiptum. Því þarf að vera unnt að nýta heimavistarskóla með fleiri nemendum og gjarnan þar sem eru fleiri skólar eða öflugt atvinnulíf.

Tillaga þessi er sett fram sem hugsanlegt framlag í réttindabaráttu fatlaðra, vænlegur kostur til frekari könnunar á viðbótarverkefni þeirra skóla sem eiga svo mjög merka sögu að baki.

Sþ. **716. Svar** [336. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Júlíusi Sólnes um afgreiðslu á húsnæðislánaumsóknum.

1. *Hve margar umsóknir um húsnæðislán bíða afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins?*

Frá 1. september 1986, þegar lög nr. 54/1986 tóku gildi, til febrúarloka 1989 bárust um 18.000 umsóknir til stofnunarinnar. Þar af eru um 17.000 umsóknir um lán til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum.

Um sl. áramót biðu um 10.300 umsækjendur eftir afgreiðslu á lánum, þar af hafa 7.300 umsækjendur ekki fengið tilkynningu um afgreiðslu lánanna, þ.e. hafa ekki fengið tilkynningu um hversu há lánin verða og hvenær þau koma til útborgunar. Þessir umsækjendur fá ekki lán á árinu 1989.

Gera má ráð fyrir að um 3000 umsækjendur fái fyrrihlutalán útborguð á árinu 1989. Í janúar og febrúar 1989 bárust um 700 umsóknir um lán til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum. Ef um 330 umsóknir berast í hverjum mánuði að meðaltali verða umsóknir á tímabilinu mars–desember 1989 um 3300. Þá væru óafgreiddar um næstu áramót samtals um 10.600 umsóknir.

2. *Hversu stór hluti umsókna um húsnæðislán er „virkur", þ.e. ef umsóknir, sem eru ógildar eða af öðrum orsökum ekki teknar til greina, eru dregnar frá? Hver eru afföllin?*

Á milli 3–5% umsókna falla úr gildi vegna þess að umsækjendur senda ekki kaupsamninga eða fokheldisvottorð til stofnunarinnar, en þeim vottorðum þarf ekki að skila fyrr en þremur mánuðum fyrir útborgunardag láns, og alltaf eru einhverjir umsækjendur sem uppfylla ekki skilyrði um iðgjaldagreiðslur.

Í áætlunum sínum reiknar stofnunin með að þegar lánin koma til greiðslu séu þau samtals 15–25% lægri en lánsloforðin gerðu ráð fyrir. Ástæða þess er að 3–5% falla úr gildi vegna fyrrgreindra ástæðna, einhver hluti umsækjenda á aðeins rétt á skertu láni þar sem maki á ekki lánsrétt, en stærsti þátturinn er að áhvílandi lán frá stofnuninni á íbúð sem keypt er eru dregin frá lánsrétti umsækjanda. Ef ekki væri reiknað með þessum afföllum afgreiddi stofnunin því þeim mun færri umsóknir.

3. *Hvernig hefur þróunin verið síðustu mánuðina? Hve margarumsóknir berast og hversu mörg lánsloforð eru afgreidd á hverjum mánuði?*

Eins og fram hefur komið bárust í janúar og febrúar um 700 umsóknir, eða að meðaltali um 350 umsóknir í hvorum mánuði. Að meðaltali bárust um 380 umsóknir á mánuði á árinu 1988. Ef gert er ráð fyrir að 330 umsóknir berist mánaðarlega næstu 10 mánuði verða þær á öllu árinu 1989 samtals 4000.

Fram hefur komið að stofnunin gefur út um 3000 lánsloforð til greiðslu á árinu 1989, þ.e. 250 á mánuði að meðaltali. Umsóknir, sem berast umfram það sem afgreitt er, bætast við biðröðina.

Stofnunin ætti að vera byrjuð að gefa út lánsloforð til þeirra sem eiga að fá sín lán á fyrstu mánuðum ársins 1990 þar sem lögin gera ráð fyrir að þau séu send umsækjendum 12 mánuðum áður en þau koma til greiðslu. Verið er að vinna að áætlun fyrir árið 1990, en hún verður að liggja fyrir áður en útgáfa lánsloforða til greiðslu á því ári hefst.

4. *Benda niðurstöður síðustu mánaða til þess að jöfnuður milli umsókna og afgreiðslu lánsloforða sé að komast á?*

Umsækjendur, sem fengið hafa lánsloforð, þurfa ekki að senda fokheldisvottorð eða kaupsamning fyrr en þremur mánuðum fyrir útborgunardag láns, eftir það er gefinn þriggja

mánaða frestur til viðbótar. Þetta þýðir að umsókn getur legið hjá stofnuninni mánuðum eða jafnvel árum saman án þess að vitað sé hvort af framkvæmdum verði hjá umsækjanda. Hins vegar hafa enn sem komið er aðeins 3–5% umsókna fallið úr gildi.

Gert er ráð fyrir að gefa út 3000 lánsloforð til greiðslu á árinu 1989 eða að meðaltali um 250 á mánuði. Hins vegar er reiknað með að um 4000 umsóknir berist á árinu 1989 eða að meðaltali um 330 á mánuði. Það þýðir að um 10.600 umsóknir verði óafgreiddar um næstkomandi áramót en voru um 10.300 um síðastliðin áramót.

Á árinu 1989 fá eftirgreindir umsækjendur fyrri hluta láns:

a. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð (forgangshópur): Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 16. október 1987.
b. Þeir sem eiga íbúð fyrir (víkjandi hópur): Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 6. júlí 1987.

Umsækjendur sem fá fyrri hluta fyrir 1. júlí 1989 fá einnig seinni hluta á því ári, en sex mánuðir eru á milli lánshlutanna. Með forgangshópi eru taldir þeir sem búa við þröngbýli samkvæmt reglugerð þar um. Milli þessara tveggja hópa eru sex mánuðir, þ.e. sá sem á íbúð fyrir fær sinn fyrri hluta sex mánuðum á eftir hinum sem enga íbúð á. Þetta þýðir að forgangshópur, sem fær fyrri hluta í desember 1989, bíður rúmlega 25 mánuði eftir láni til útborgunar. Víkjandi hópur, sem fær fyrri hluta í desember 1989, bíður um 29 mánuði eftir láninu.

Eins og áður hefur komið fram hafa engin lánsloforð enn verið gefin út til greiðslu á árinu 1990. Áætlanir, sem kynntar hafa verið fyrir húsnæðismálastjórn þar sem gert er ráð fyrir sex mánuðum milli hópanna, sýna að á fyrri hluta árs 1990 verða aðeins afgreidd fyrrihlutalán til víkjandi hópsins sem lagði inn umsóknir á tímabilinu 7. júlí 1987 til 16. október 1987. Á þessum tíma hefur stofnunin ekki fjármagn fyrir forgangshópinn þar sem sex mánuðir eiga að vera milli hópanna. Það má því segja að nokkurs konar skil verði um 16. október 1987. Forgangshópur, sem sækir um 17. október 1987, fær sinn fyrri hluta samkvæmt þessari áætlun í júní 1990, bíður því um 31 mánuð eftir láni. Víkjandi hópur, sem lagði inn umsókn sama dag, fær sinn fyrri hluta í desember 1990, bíður því um 37 mánuði eftir láni.

5. *Hvernig er háttað afgreiðslu á umsóknum frá svokölluðum víkjandi hópum í samanburði við umsóknir frá forgangshópum?*

Nálægt 50% þeirra sem senda inn umsóknir eiga íbúðir fyrir. Um 10% umsækjenda eiga rétt á að komast í forgangshóp vegna þröngbýlis, þ.e. í hóp þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð hvað snertir afgreiðslutíma á umsókninni, en lánsréttur er eins og hjá víkjandi hópi, þ.e. þeim sem eiga íbúð fyrir. Við útgáfu þeirra lánsloforða, sem þegar hafa verið send umsækjendum, er gert ráð fyrir að umsækjandi, sem er í víkjandi hópi, fái sitt lán útborgað sex mánuðum á eftir forgangshópi.

6. *Hvernig hafa skerðingarheimildir til að takmarka afgreiðslu lána til eignamanna verið notaðar?*

Samþykkt voru á Alþingi hinn 19. desember 1987 lög sem m.a. lúta að skerðingu eða synjun á láni til eignamanna. Þeir einir falla undir þessi ákvæði laganna sem eiga tvær eða fleiri íbúðir eða eiga íbúð sem er stærri en 180 fermetrar (brúttó), skuldlausa eða skuldlitla. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að þessi ákvæði væru þrengri, en í meðförum þingsins voru þau rýmkuð. Þessi ákvæði voru því ekki afturvirk og náðu því ekki til umsækjenda í biðröðinni heldur einungis til þeirra sem sóttu um lán 1. janúar 1988 og síðar. Ákvæði þessi voru kynnt vel á sínum tíma og heyrir það því til undantekninga að stofnunin fái nú slíkar umsóknir.

Nd. 717. Frumvarp til laga [379. mál]

um breytingu á lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982.

Flm.: Guðni Ágústsson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, samvinnufélögum, bæjar- og sveitarfélögum, sem standa að rekstri heilsugæslustöðvar, og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að réttur samvinnufélaga til að reka lyfjabúðir verði efldur. Enn fremur er lagt til að bæjar- og sveitarfélög öðlist rétt til að reka lyfjabúðir. Með þessari breytingu flyst lyfjasala úr höndum lækna og hlýtur það að vera æskilegt eigi fullkominn trúnaður að ríkja.

Lyfjasala er yfirleitt hagkvæm rekstrareining. Smásöluálagning á lyfjum er há og rekstur lyfjabúða einfaldari í sniðum en áður var þar sem lyfjagerð fer þar ekki fram nema í mjög litlum mæli, aðeins 2% af heildarsölu lyfjabúða eru nú framleidd í lyfjabúðinni. Stærstur hluti lyfja er nú keyptur í lyfjabúðirnar frá heildsölu í stöðluðum formum og umbúðum sem ekki má rjúfa.

Ólafur Ólafsson landlæknir segir í grein í tímaritinu Sveitarstjórnarmálum sem út kom í okt. sl., 5. tbl. 1988:

„Lyfin eru orðin það dýr að fæstir hafa efni á að greiða að fullu fyrir lyfjameðferð við smávægilegum kvillum, enda greiðir ríkið langt yfir 90% af lyfjakostnaði einstaklinga.

Með hliðsjón af þessari þróun, þ.e. að ríkið greiðir þetta hátt hlutfall og hærra á einstökum lyfjum, liggur beinast við að opinberir aðlar eigi og reki lyfjabúðirnar. Þar eð hagnaður af lyfsölu er góður ýtir það á að lyfsalan verði hluti af heilsugæslunni. Í héraði með 1000 manna byggð, þar sem lyfsalan er rekin af sveitarstjórn eða heilsugæslu, dugar hagnaður af sölunni til þess að greiða hlut sveitarfélagsins í rekstri heilsugæslunnar, þ.e. laun ritara, afgreiðslustúlku í lyfjabúð, hreingerningu og allar rekstrarvörur."

Það er sannfæring flutningsmanns að það sé mikilvægt, bæði fyrir lyfjabúðirnar og byggðarlögin, að hagnaðurinn, sem af rekstri lyfjabúðanna kemur, komi byggðarlaginu til góða.

Það er eigi að síður mikilvægt, og ber að tryggja, að lyfsalan verði undir faglegri stjórn lyfjafræðinga, að t.d. við minni lyfjabúðir sé ráðinn lyfjafræðingur sem ráðgefandi eftirlitsaðili. En lyfjagerð verði aðeins leyfð í þeim lyfjabúðum og útibúum sem lyfjafræðingar stjórna. Sala vandmeðfarinna lyfja verði einungis heimil í lyfjabúðum þar sem fastráðnir lyfjafræðingar starfa.

Sþ. 718. Fyrirspurn [380. mál]

til samgönguráðherra um könnun á hagkvæmni Hvalfjarðarganga eða brúar yfir Hvalfjörð.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd ríkisstjórnarinnar á samþykkt Alþingis frá 11. maí 1988 um könnun á hagkvæmni þess að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni?

Sþ. 719. Fyrirspurn [381. mál]

til heilbrigðisráðherra um sorpbrennsluna á Skarfaskeri við Hnífsdal.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Er heilbrigðisráðherra kunnugt um að starfrækt er sorpbrennsla án starfsleyfis á Skarfaskeri við Hnífsdal?

Til hvaða aðgerða mun ráðherra grípa vegna þessa máls og hvenær?

Sþ. 720. Fyrirspurn [382. mál]

til landbúnaðarráðherra um lögreglurannsókn hjá búfjáreigendum.

Frá Auði Eiríksdóttur.

1. Hvaða ástæður lágu til þess að landbúnaðarráðuneytið fékk dómsmálaráðuneytið til að láta gera lögreglurannsókn á fjölda búfjár í landinu?
2. Ef búfjáreigandi neitar löggæslumanni um aðgang að húsum sínum, verður þá óskað eftir úrskurði um húsleit?
3. Verður þessi lögreglurannsókn framkvæmd í þéttbýli eins og í strjálbýli?
4. Ef rökstudd ástæða er fyrir hendi um að láta fara fram búfjártalningu um allt land, hefði þá ekki verið viðkunnanlegra að landbúnaðarráðuneytið skrifaði öllum sveitarstjórnum bréf þess efnis að þær tilnefndu mann sem framkvæmdi slíka talningu með forðagæslumanni eða forðagæslumönnum heldur en að framkvæma slíka talningu með löggæslumönnum?
5. Er ekki hætt við að forðagæslumenn og bændur telji að þessi lögreglurannsókn feli í sér vantraust á þá?

Sþ. 721. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol.

Flm.: Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol. Skal sérstaklega huga að aukakostnaði þeirra við matargerð og fæðiskostnað. Þá verði kannað með hvaða hætti einstaklingar með glúten-óþol njóti aðstoðar hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum, svo sem með greiðslum frá almannatryggingum og hvaða skattalega meðferð þeir fá. Einnig verði kannað hvort gera megi glúten-óþol að skráningarskyldum sjúkdómi hér á landi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur aukist tíðni sjúklinga sem greindir hafa verið með glúten-óþol. Miðað við nágrannalöndin má telja líklegt að þrisvar sinnum fleiri sjúklingar séu með glúten-óþol hérlendis en þegar hafa verið greindir, en þeir munu vera um fimmtíu. Ljóst er að sjúkdómur þessi hefur veruleg áhrif á líf þess er hann ber, líkamlega, andlega og fjárhagslega. Möguleikar einstaklinga til að standa straum af þeim aukakostnaði, er til fellur vegna sjúkdómsins, eru mjög mismunandi. Annars staðar á Norðurlöndum er talið að fjórum til fimm sinnum dýrara sé að útbúa mat fyrir fólk með glúten-óþol og vitað er að yfirvöld í Skandinavíu hafa tekið tillit til þessa mikla kostnaðar sem sjúklingar með glúten-óþol verða að bera. Nauðsynlegt er að fá gleggri mynd af stöðu þessa hóps í nágrannalöndunum og hér á landi og því ástæða til að kanna hvort ekki sé rétt að gera sjúkdóminn skráningarskyldan hérlendis.

Sþ. 722. Fyrirspurn [384. mál]

til fjármálaráðherra um söluátak spariskírteina ríkissjóðs.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hversu margir einstaklingar hafa nýtt sér tilboð um áskrift að spariskírteinum ríkissjóðs?
2. Fyrir hversu hárri fjárhæð hafa þessir einstaklingar skuldbundið sig?
3. Hversu mikill var heildarkostnaðurinn við söluátakið orðinn 31. mars sl. og hvernig skiptist hann milli einstakra kostnaðarliða?
4. a. Hver var heildarsala spariskírteina ríkissjóðs fyrstu þrjá mánuði þessa árs?
   b. Hver var heildarinnlausn spariskírteina ríkissjóðs á sama tíma?
   c. Hverjar voru áætlanir fjármálaráðuneytisins um sölu og innlausn spariskírteina ríkissjóðs á sama tíma?

Sþ. 723. Fyrirspurn [385. mál]

til heilbrigðisráðherra um loftmengun á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða niðurstöður liggja fyrir úr mælingum á loftmengun á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár?

Hvað skortir á að fullnægjandi mælingar séu gerðar á loftmengun á þessu svæði?

Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að draga úr loftmengun við Faxaflóa, m.a. vegna útblásturs bifreiða?

Sþ. 724. Fyrirspurn [386. mál]

til samgönguráðherra um Hornafjarðarós.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða athuganir hafa farið fram að undanförnu á breyttum aðstæðum við Hornafjarðarós og hvaða aðgerðir telja hafnamálayfirvöld að helst komi til greina til að tryggja innsiglinguna til Hafnar í Hornafirði?

Sþ. 725. Fyrirspurn [387. mál]

til fjármálaráðherra um fjárreiður fræðslustjóraembætta landsins.

Frá Júlíusi Sólnes.

Hverjar voru fjárveitingar samkvæmt fjárlögum 1983–1988 til starfsemi á vegum allra embætta fræðslustjóra á landinu? Hverjar urðu fjárveitingar til fræðslustjóranna samkvæmt niðurstöðum ríkisreikninga sama tímabil? Óskað er eftir að fram komi hlutfallslegar breytingar milli fjárlaga og reiknings, þ.e. hversu miklu var eytt umfram fjárlög. Enn fremur hverjar heildarniðurstöður fjárlaga og ríkisreikninga voru þetta sama tímabil hvað varðar rekstur ríkisins og hver hlutfallsleg eyðsla varð umfram fjárlög.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 726. Fyrirspurn [388. mál]

til fjármálaráðherra um stöðu ríkissjóðs.

Frá Júlíusi Sólnes.

Hvernig hefur tekju- og útgjaldaáætlun samkvæmt fjárlögum staðist fyrstu þrjá mánuði ársins? Eru einhverjir tekju- eða útgjaldaliðir sem sýna mikil frávik? Stefnir í halla á ríkissjóði? Ef svo er, hversu mikinn?

Sþ. 727. Fyrirspurn [389. mál]

til menntamálaráðherra um niðurstöður úttektar á starfsemi fræðsluskrifstofa landsins.

Frá Júlíusi Sólnes.

Hafa niðurstöður úttektar á fræðsluskrifstofum landsins, sem menntamálaráðuneytið lét gera í ársbyrjun 1987, verið kynntar formönnum fræðsluráða? Hefur skýrslu um þessa úttekt verið skilað? Ef svo er, mun ráðherra beita sér fyrir því að henni verði dreift til alþingismanna?

Sþ. 728. Fyrirspurn [390. mál]

til fjármálaráðherra um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Hvenær hyggst fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem lífeyrissjóðanefnd hefur samið?

Sþ. 729. Svar [266. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Birnu K. Lárusdóttur um Jarðasjóð.

1. *Hve margar jarðir keypti Jarðasjóður á síðasta ári?*

   Engar.

2. *Hver var fjárhagsstaða Jarðasjóðs um sl. áramót?*

   Jarðasjóður hefur ekki nú hin síðustu ár safnað fé í sjóði, enda er slíkt ekki hlutverk hans lögum samkvæmt. Handbært fé sjóðsins var ekkert um síðastliðin áramót. Ef afgangur yrði af fjárveitingum til Jarðasjóðs mundi hann renna beint til ríkissjóðs aftur um hver áramót. Eignir Jarðasjóðs eru eingöngu þær jarðir sem sjóðurinn hefur keypt, en skuldir eru tilkomnar vegna fyrri kaupa. Með svari þessu fylgir afrit af rekstrar- og efnahagsreikningi Jarðasjóðs í ríkisreikningi fyrir árið 1987. Slíkt yfirlit er ekki til fyrir árið 1988.

3. *Hve margar umsóknir hafa borist Jarðasjóði sl. fimm ár um kaup á jörðum?*

   Á síðustu fimm árum hafa Jarðasjóði borist níu skriflegar umsóknir, auk fjölmargra munnlegra fyrirspurna.

4. *Hve mörgum umsóknum hefur Jarðasjóður hafnað og á hvaða forsendum?*

   Fimm umsóknum var hafnað á síðustu fimm árum þar sem nægar fjárveitingar hafa ekki ávallt verið fyrir hendi.

5. *Falla jarðir, sem hafa fullvirðisrétt sem er minni en eitt ársverk ærgildisafurða, undir 2. tölul. 40. gr. jarðalaga um jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði? Ef svo er, hve margar jarðir hefur Jarðasjóður keypt á þessum forsendum, og hver var fullvirðisréttur þeirra?*

   Nei, engar jarðir voru keyptar sérstaklega vegna lítils framleiðsluréttar.

6. *Hvernig er fullvirðisrétti þeirra jarða ráðstafað sem fara í eyði eftir kaup Jarðasjóðs?*

   Ekki hefur komið til þess að jörð, sem Jarðasjóður hefur keypt, hafi farið í eyði, enda hafa kaup Jarðasjóðs treyst búsetu á viðkomandi jörð.

7. *Hve oft undanfarin fimm ár hefur Jarðasjóður?*
   a. keypt jarðir skv. 40. gr. jarðalaga, 1. og 7. tölul.,
   b. veitt aðstoð skv. 41. gr. laganna?

   a. Tvisvar skv. 1. tölul. 40. gr. jarðalaga, en aldrei skv. 7. tölul.
   b. Einstökum bændum hefur ekki verið veitt aðstoð skv. 41. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en nokkur dæmi eru þess að sveitarfélög hafi fengið lán hjá Jarðasjóði til jarðakaupa þegar þau hafa neytt forkaupsréttar að jörðum í sveitarfélaginu.

Fylgiskjal.

RÍKISREIKNINGUR 1987
B-HLUTI
Í þús. kr.

24 172 JARÐASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1987

	Reikn. 1987	Fjárlög 1987
Rekstrartekjur:		
Seldar vörur og þjónusta	—	—
Aðrar rekstrartekjur	—	—
Samtals	—	—
Rekstrargjöld:		
Hráefni og vörur til endursölu	—	—
Laun og launatengd gjöld	—	—
Önnur rekstrargjöld	—	—
Afskriftir	—	—
Samtals	—	—
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	—	—
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	137	—
Vaxtagjöld	-215	—
Endurmat, tekjufært	400	—
Endurmat, gjaldfært	-714	—
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	—	—
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	—	—
Samtals	-393	—
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**-393**	—
Óreglulegar tekjur og gjöld	—	—
Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld):		
Framlög: Ríkissjóður	3 981	4 000
A-hluti	—	—
Aðrir aðilar í B-hluta	—	—
Sveitarfélög	—	—
Aðrir	—	—
Tilfærslur: A-hluti	—	—
Aðrir aðilar í B-hluta	—	—
Sveitarfélög	—	—
Aðrir	—	—
Samtals	3 981	4 000
Hagnaður til ráðstöfunar	**3 588**	**4 000**

	Reikn. 1987	Fjárlög 1987
Ráðstöfun hagnaðar:		
Flutt í ríkissjóð	—	—
Flutt á viðskiptareikninga	—	—
Arðgreiðslur	—	—
Fært á eiginfjárreikninga	—	—
Fært á höfuðstól	3 588	4 000
Ráðstöfun alls	**3 588**	**4 000**

	Gjöld	Tekjur	Tekjur -gjöld	Fjárlög
Viðfangsefni:				
Rekstur	930	4 518	3 588	4 000
Viðhald	—	—	—	—
Samtals	**930**	**4 518**	**3 588**	**4 000**
Fjárfestingar á árinu, samtals			—	—

Skýringar:
1. Lánayfirlit eru á bls. 258 til 271.
2. Staða og breytingar „Varanlegra rekstrarfjármuna" vegna ársins 1987 eru á bls. 248.
3. Yfirlit vegna „Breytinga eigna og skulda fært um endurmat og rekstur" eru á bls. 246 og 247.

Athugasemd:
Við uppgjör á reikningsskilum Jarðasjóðs lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um stöðu eigna og skulda miðað við áramót 1987. Lán voru færð upp miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, en fastafjármunir eru birtir óbreyttir frá 1986. Allar greiðslur sem tarið hafa í gegnum ríkissjóð á árinu 1987 koma fram í þessum reikningsskilum. Unnið er að nákvæmri upptekt á stöðu eigna og skulda Jarðasjóðs sem verður birt í reikningsskilum fyrir árið 1988.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1987 og 1986

EIGNIR	1987	1986
Veltufjármunir		
Sjóður og bankainnstæður:		
Sjóður	—	—
Bankainnstæður	—	—
Samtals	**—**	**—**
Skammtímakröfur:		
Fyrirframgreiddur kostnaður	—	—
Viðskiptareikningar	5 771	1 127
Veitt stutt lán	13	13
Næsta árs afborganir af langt.kröfum	—	—
Samtals	**5 784**	**1 140**
Vöru- og efnisbirgðir	—	—
Veltufjármunir samtals	**5 784**	**1 140**
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Langtímakröfur/veitt löng lán	1 970	2 552
– Næsta árs afborganir af langt.kröfum	—	—
Hlutafé og stofnfjárframlög	—	—
Samtals	**1 970**	**2 552**
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, húsgögn, skrifst.vélar o.þ.h.	—	—
Rannsóknartæki	—	—
Farartæki og vélar	—	—
Fasteignir	58 049	58 049
Aðrar eignir	—	—
Samtals	**58 049**	**58 049**
Fastafjármunir samtals	**60 019**	**60 601**
Eignir alls	**65 803**	**61 741**

SKULDIR		1987	1986
Skammtímaskuldir			
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld		—	—
Aðrar skammtímaskuldir:			
Ógreidd gjöld		—	—
Viðskiptareikningar		—	—
Tekin stutt lán		—	—
Næsta árs afborganir af langt.skuldum		—	—
Samtals		**—**	**—**
Skammtímaskuldir samtals		**—**	**—**
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir/tekin löng lán		3 739	3 265
– Næsta árs afborganir af langt.skuldum		—	—
Langtímaskuldir samtals		**3 739**	**3 265**
Skuldir alls		**3 739**	**3 265**
EIGIÐ FÉ			
Ýmsir eiginfjárreikningar:			
Frá fyrra ári	—		
Breyting á árinu	—	—	—
Endurmatsreikningur:			
Frá fyrra ári	22 206		
Endurmat á árinu	—	**22 206**	**22 206**
Höfuðstóll:			
Frá fyrra ári	36 270		
Flutt á/af eiginfjárreikninga	—		
Aðrar breytingar á árinu	—		
Flutt af rekstrarreikningi	3 588	**39 858**	**36 270**
Eigið fé alls		**62 064**	**58 476**
Skuldir og eigið fé alls		**65 803**	**61 741**

Sþ. 730. Fyrirspurn [391. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstafanir vegna stöðvunar hrefnuveiða.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hyggst ríkisstjórnin engar ráðstafanir gera til að rétta hlut þess fjölda einstaklinga sem orðið hefur fyrir fjárhagserfiðleikum vegna stöðvunar hrefnuveiða um alllangan tíma?

Ed. 731. Frumvarp til laga [182. mál]

um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 204 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Dómarar við héraðsdómstóla nefnast héraðsdómarar. Við héraðsdóm Reykjavíkur skulu vera 21 héraðsdómari, við héraðsdóm Vesturlands 1, við héraðsdóm Vestfjarða 1, við héraðsdóm Norðurlands vestra 1, við héraðsdóm Norðurlands eystra 3, við héraðsdóm

Austurlands 1, við héraðsdóm Suðurlands 3 og við héraðsdóm Reykjaness 7. Þar sem héraðsdómarar eru þrír eða fleiri við dómstól má skipta honum í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli. Um heimild dómara til að kveðja meðdómsmenn til setu í dómi fer eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði og laga um meðferð opinberra mála.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn við dómstól skipar dómsmálaráðherra einn þeirra dómstjóra héraðsdómsins til 6 ára í senn að fenginni tillögu þeirra. Láti dómstjóri af störfum við dómstólinn áður en starfstímabili hans lýkur skal nýr dómstjóri skipaður til næstu 6 ára. Nú verður sæti dómstjóra laust um stundarsakir eða hann forfallast og fer þá sá dómari með dómstjórn sem elstur er að embættisaldri við dóminn.

Dómstjórar héraðsdóma hafa yfirstjórn þeirra með höndum og bera á henni ábyrgð. Þeir fara með fyrirsvar héraðsdómsins út á við. Þeir úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar og skipa þeim í deildir ef héraðsdómur er deildaskiptur.

13. gr. hljóðar svo:

Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.

14. gr. hljóðar svo:

Forseti Íslands skipar sýslumenn. Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra. Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.

16. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

18. gr. hljóðar svo:

Þeir sem skipaðir eru borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar, yfirborgardómari, yfirborgarfógeti og yfirsakadómari í Reykjavík og sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í embætti héraðsdómara í Reykjavík. Nú óska fleiri þeirra eftir skipun í embætti héraðsdómara en heimild er fyrir í 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum í Reykjavík um allt að 5 embætti, en eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti sem losna fyrr en dómarar verða 21 talsins í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Þeir sem skipaðir eru borgarfógetar í Reykjavík við gildistöku laga þessara og neyta eigi forgangsréttar síns samkvæmt framanskráðu geta, ef þeir svo kjósa, tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík, en halda skulu þeir sömu launakjörum og héraðsdómarar, þótt starfsheiti þeirra breytist. Sá sem skipaður er í embætti yfirborgarfógeta í Reykjavík skal hafa forgang til skipunar í embætti sýslumanns í Reykjavík.

Þeir sem við gildistöku laga þessara eru skipaðir bæjarfógetar, héraðsdómarar og sýslumenn utan Reykjavíkur skulu njóta forgangsréttar til skipunar í embætti héraðsdómara við þann dómstól sem með lögum þessum er falið dómsvald í umdæmi þeirra. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Nú kjósa fleiri að neyta forgangsréttar síns en dómarar eru í viðkomandi lögsagnarumdæmi skv. 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum um eitt á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi og um tvö á Reykjanesi. Eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti, sem losna í hverju lögsagnarumdæmi, fyrr en fjöldi héraðsdómara verður í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Ef dómaraembættum fjölgar við

héraðsdóma Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands samkvæmt þessari grein er dómsmálaráðherra eigi skylt að skipa dómstjóra við dómstólana en meðan þessi skipan helst skal sá dómari, sem eldri er að embættisaldri, fara með dómstjórn.

Við skipun héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þarf eigi að leita álits dómnefndar skv. 2. mgr. 5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í embætti bæjarfógeta og sýslumanna við gildistöku laga þessara og neyta ekki forgangsréttar síns til skipunar í embætti héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skulu sjálfkrafa verða sýslumenn á aðsetursstað sínum, sbr. 11. gr. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

Ed. 732. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 257 með þessari breytingu:

25. gr. hljóðar svo:
Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Ed. 733. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Hreppstjóri skal vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns, nema sýslumaður telji þess ekki þörf.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Þá er starf hreppstjóra losnar skal sýslumaður auglýsa það laust til umsóknar. Sýslumaður veitir stöðu hreppstjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Hafi sýslumaður skrifstofu í sveitarfélagi utan aðseturs síns er honum heimilt án auglýsingar að skipa forstöðumann þeirrar skrifstofu jafnframt hreppstjóra í því sveitarfélagi. Er hreppstjórastarfið þá hluti af starfi forstöðumanns.

3. gr.

Í stað „sýslunefnd“ í 4. gr. komi: sveitarstjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 734. Svar [353. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Hreggviði Jónssyni um sáttmála á forgangslista Evrópuráðsins.

Sem svar við fyrirspurninni vill ráðuneytið hér með skýra frá afstöðu íslenskra stjórnvalda til samninga þeirra sem getið er um í ályktun ráðgjafarþingsins nr. 894 (1988).

Ákveðið hefur verið að undirrita samning nr. 0121 „Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe“ og verið er að athuga hvort Ísland geti undirritað samninga nr. 0104 „Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats“ og nr. 0105 „European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions Concerning Custody of Children“.

Enn fremur hefur verið ákveðið að Ísland fullgildi eftirgreinda samninga: nr. 0108 „Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data“, nr. 0126 „European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment“ og nr. 0128 „Additional Protocol to the European Social Charter“.

Rétt er að taka fram að undirbúningur að aðild Íslands að áðurgreindum samningum krefst mikils og nákvæms undirbúnings og er ekki hægt sem stendur að segja til um hvenær samningarnir verði tilbúnir til undirritunar og fullgildingar.

Sþ. 735. Tillaga til þingsályktunar [392. mál]

um vegáætlun árin 1989–1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 6/1977, að árin 1989–1992 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

		1989	1990	1991	1992
1.1.	**Markaðar tekjur.**				
	1. Bensíngjald	2 830	2 970	3 060	3 160
	2. Þungaskattur, árgjald	265	270	270	270
	3. Þungaskattur, km-gjald	800	890	890	890
		3 895	4 130	4 220	4 320
1.2.	**Fært í ríkissjóð**	-682	0	0	0
	Samtals	3 213	4 130	4 220	4 320

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989		1990		1991		1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	103		107		111		115	
2. Tæknilegur undirbúningur	75		81		85		89	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	23		25		27		29	
4. Eftirlaunagreiðslur	7		7		7		7	
		208		220		230		240
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	253		282		290		295	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	264		295		308		315	
3. Viðhald brúa	50		55		57		60	
4. Viðhald varnargarða	10		11		11		12	
5. Heflun vega	130		144		150		154	
6. Rykbinding	43		48		50		52	
7. Vinnsla efnis	147		164		170		175	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	60		66		68		70	
9. Vegmerkingar	18		20		21		22	
10. Umferðaröryggisaðgerðir	5		20		20		20	
	980		1 105		1 145		1 175	
2. Vetrarviðhald	305		375		400		440	
		1 285		1 480		1 545		1 615
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Almenn verkefni	290		660		640		640	
2. Bundin slitlög	205							
3. Sérstök verkefni	212		370		350		334	
4. Ó-vegir	70							
5. Höfuðborgarsvæðið	63							
6. Stórverkefni	200		550		600		650	
	1 040		1 580		1 590		1 624	
2. Þjóðbrautir	165		237		230		230	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	28		28		23		0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17		21		21		22	
		1 250		1 866		1 864		1 876
2.4. Til brúagerða:								
1. Brýr 10 m og lengri	80		115		115		110	
2. Smábrýr	15		20		20		20	
		95		135		135		130
2.5. Til fjallvega o.fl.:								
1. Aðalfjallvegir	10		12		15		16	
2. Aðrir fjallvegir	7		8		9		9	
3. Þjóðgarðavegir o.fl	5		6		8		10	
4. Vegir á Þingvöllum	5		5		3		2	
5. Reiðvegir	3		3		5		5	
		30		34		40		42
2.6. Til sýsluvega:		140		150		155		160
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		190		225		230		235
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0		0		0		0
2.9. Til tilrauna:		15		20		21		22
		3 213						
Fært í ríkissjóð		682						
Samtals		3 895		4 130		4 220		4 320

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.

249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum, um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjarbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.

37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.

355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á vestanverðri Miðnesheiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garðabæ og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.

416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hesthál og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum á Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Grísháls að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.
504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.

505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Grót, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, að Varmalandi og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.

540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.

61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi í Ósafirði í Patreksfirði um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.

635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi norðan Grafarháls, út Langadalsströnd, fyrir Kaldalón, út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Syðsta-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi á Auðunnarstaðahálsi, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.

718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.

766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.

812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.

848 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.

915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.

966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 Suðurlandsvegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur – Flúðir.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrabakkavegur.
34 Eyrabakkavegur
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur:
Biskupstungnabraut – Laugarvatn.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
43 Grindavíkurvegur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Flugvallarvegur Keflavík.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
51 Akranesvegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur:
Norðurlandsvegur – Hlíðarvegur í Vopnafirði.
808 Árskógssandsvegur.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.
Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km)

F28 Sprengisandsleið:
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km.)

F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal, á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnsleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga, um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

0.1. HEILDARFJÁRMAGN

Samkvæmt markmiðum langtímaáætlunar um vegagerð skyldu útgjöld til vegáætlunar verða sem svarar 2,4% af þjóðarframleiðslu frá og með árinu 1985. Sú viðmiðun byggði á eldri grunni þjóðarframleiðslu. Síðan hefur tvisvar verið breytt um aðferðir við útreikning þjóðarframleiðslunnar. Upphaflegi grunnurinn er 86,7% af núverandi grunni, og nýtt hlutfall af þjóðarframleiðslu miðað við sömu upphæð er því 2,08%.

Útgjöld til vegamála undanfarin ár í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu sjást á meðfylgjandi töflu.

	Þjóðarfrl. nýr grunnur m.kr.	Útgjöld til vegam. m.kr.	Hlutfall %	Tilsk. hlutf. skv.langt.áætl. %
1983	62 980	1 058	1.68	1.91
1984	83 165	1 390	1.67	1.99
1985	113 591	1 707	1.50	2.08
1986	151 938	1 978	1.30	2.08
1987	201 261	2 151	1.07	2.08
1988	245 140	2 900	1.18	2.08

Tölur fyrir þjóðarframleiðslu 1988 eru skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar í febrúar 1989. Útgjöld til vegamála 1988 eru skv. vegáætlun að viðbættri 35 m.kr. aukafjárveitingu til Ólafsfjarðarmúla.

Eins og sést á þessum tölum hefur tilskilið hlutfall aldrei náðst og vantað mjög mikið upp á hin síðari ár. Þetta hefur orðið þrátt fyrir að vegáætlun hafi yfirleitt miðast við að ná tilskildu hlutfalli þegar á öðru ári gildistíma síns.

Í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir að tilskilin hlutföll náist. Útgjöldin eru hér miðuð við, að nýta markaða tekjustofna, þ.e. bensíngjald og þungaskatt, til fulls. Undantekning frá þessu er þó árið 1989, en reiknað er með að hluti teknanna (682 m.kr.) á þessu ári renni í ríkissjóð.

Séu niðurstöðutölur útgjalda skv. tillögunni bornar saman við þjóðarframleiðslu með sama hætti og áður, fæst eftirfarandi tafla.

	Þjóðarfrl. nýr grunnur m.kr.	Útgjöld til vegam. m.kr.	Hlutfall %	Tilsk. hlutf. skv.langt.áætl. %
1989	276 800	3 213	1.16	2.08
1990	283 700	4 130	1.45	2.08
1991	290 800	4 220	1.45	2.08
1992	298 100	4 320	1.45	2.08

Þjóðarframleiðsla 1989 er hér skv. spá Þjóðhagsstofnunar í febrúar 1989. Síðan er miðað við 2,5% aukningu á ári, en það er sú meðalaukning, sem reiknað er með í langtímaáætlun.

0.2. VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR

Allar tölur í þessari áætlun eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1989. Þá er gert ráð fyrir 15% hækkun milli ára 1988 og 1989. Vísitala vegagerðar 1988 var að meðaltali 2780 og verður skv. þessu 3197 á árinu 1989.

Gert er ráð fyrir, að verðlag áranna 1990–1992 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

0.3. TENGSL VEGÁÆTLUNAR OG LANGTÍMAÁÆTLUNAR

Vegáætlun, sú sem hér er lögð fram tekur til síðari hluta annars tímabils langtímaáætlunar og fyrri hluta þriðja tímabils. Eins og fram kom hér á undan vantar mikið á að fjármagn það, sem tiltekið var í markmiðum langtímaáætlunar, hafi runnið til vegáætlunar. Lögð hefur verið áhersla á að láta þessa fjárvöntun ekki bitna á bundnum slitlögum. Er þar komið öllu lengra en ráð var fyrir gert í langtímaáætlun. Á hinn bóginn hefur fjárvöntunin bitnað á uppbyggingu vega og dýrari verkefnum og er þar víða skemmra á veg komið en vera átti.

Langtímaáætlun átti að endurskoða eftir hvert tímabil. Endurskoðun átti þannig að fara fram í fyrsta sinn 1987 (fyrsta tímabil var 1983–86). Sú endurskoðun fór aldrei fram. Er orðið brýnt að endurskoða áætlunina, og er stefnt að því á næstu tveimur árum.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1989–1992

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

Vegagerð ríkisins hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða innheimtu á mörkuðum tekjum á árunum 1989 til 1992. Áætlunin fyrir árið 1989 er samkvæmt fjárlögum en nánar verður greint frá því síðar hvaða forsendur liggja að baki öðrum áætluðum tölum. Allar upphæðir eru á meðalverðlagi 1989.

Ár	Bensín-gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Samtals
1989	2 830	800	265	3 895
1990	2 970	890	270	4 130
1991	3 060	890	270	4 220
1992	3 160	890	270	4 320

1.1.0. Spá um bifreiðafjölda.

Innflutningur á bifreiðum hefur verið mjög mikill undanfarin ár, mun meiri en afskráningar, þannig að bifreiðaeignin hefur vaxið mikið. Hámarki virðist þessi innflutningur hafa náð árið 1987, en þá voru fluttar til landsins um 23 500 bifreiðar. Ástæða þessa mikla innflutnings var aðallega lækkun tolla og innflutningsgjalda. Nú lítur út fyrir að innflutningur bifreiða sé að dragast töluvert saman, árið 1988 voru fluttar inn um 15 200 bifreiðar og útlit er fyrir enn meiri samdrátt 1989. Útlit er því fyrir að bifreiðaeignin vaxi lítið 1989 en ætti síðan að fara vaxandi og er reiknað með að árleg aukning verði komin upp í 3,2% árið 1992.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm.-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðar alls
1960	14 228	89	325	5 703	20 256
1970	37 304	183	555	5 727	43 586
1980	81 025	357	1 117	7 873	90 015
1985	100 477	415	1 165	11 560	113 202
1986	102 954	426	1 422	12 741	117 117
1987	112 760	462	1 222	12 144	126 126
1988	120 456	488	1 238	11 846	133 540
1989	128 916	512	1 324	12 388	142 628
Árleg aukning sl. 10 ár	5,5%	4,3%	2,1%	5,3%	

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaðan bifreiðafjölda 1989–1992:

Ár	Bifreiða-fjöldi 1/7	Þar af með bensínhreyfli	Innfluttir bílar
1989	143 800	130 000	8 500
1990	145 800	131 800	9 000
1991	150 200	135 800	11 500
1992	155 000	140 200	12 000

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Tekjur af bensíni eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl svo og upphæð bensíngjaldsins hverju sinni. Gert er ráð fyrir að heimild til hækkunar bensíngjalds verði nýtt til fulls hverju sinni og oftar en einu sinni á ári ef þörf krefur. Bensíngjald á meðalverðlagi 1989 er talið verða 17,40 kr/ltr. Álagning bifreiðagjalds 1987 leiddi til mikillar hreinsunar í skrám Bifreiðaeftirlits ríkisins og kom þá í ljós að tölur þær sem notaðar hafa verið undanfarin ár varðandi meðaleyðslu bensínbifreiðar hafa verið vanmetnar. Samkvæmt nýjum útreikningum fyrir árið 1988 virðist meðaleyðslan hafa verið yfir 1300 ltr/bifreið. Reiknað er hér með að einhver minnkun verði á eyðslunni og notast er við meðaleyðsluna 1295 ltr/bifreið á ári.

Ár	Fjöldi bíla	Meðal-eyðsla	Notkun m.ltr.	Bensíngj. kr/ltr.	Bensíngj. m.kr.
1989	130 000	1 295	168,0	16,85	2 830
1990	131 800	1 295	170,7	17,40	2 970
1991	135 800	1 295	175,9	17,40	3 060
1992	140 200	1 295	181,6	17,40	3 160

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum og samsvarar hann bensíngjaldi hjá bensínbifreiðum. Þungaskattur er tvenns konar. Annars vegar er árgjald og hins vegar km-gjald.

Árgjald er eins og nafnið bendir til fast árlegt gjald sem hækkar eftir eigin þyngd bifreiðarinnar. Aðalreglan er sú að árgjaldið er innheimt af dísilbifreiðum sem eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd. Þó er eigendum þeirra heimilt að velja á milli árgjalds og km-gjalds.

Km-gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er greitt af öðrum dísilbifreiðum og er það stighækkandi eftir heildarþyngd bifreiðarinnar. Afsláttur af þungaskatti er veittur þegar um er að ræða fólksflutningabifreiðar í áætlunarferðum og af akstri vöruflutningabifreiða umfram 25000 km á ári.

Lesið er af ökumælum þrisvar sinnum á ári og eru viðmiðunardagar 10. febrúar, 10. júní og 10. október. Hefur þetta þær afleiðingar að álagningarár og tekjuár hjá Vegagerðinni fara ekki saman.

Gert er ráð fyrir að heimild til hækkunar þungaskatts verði ávallt nýtt til fulls eins og með bensíngjaldið, en ekki er gert ráð fyrir neinni magnaukningu í innheimtu þungaskatts á tímabilinu.

Ár	Árgjald m.kr.	Km-gjald m.kr.	Samtals m.kr.
1989	265	800	1 065
1990	270	890	1 160
1991	270	890	1 160
1992	270	890	1 160

1.2. ÖNNUR FRAMLÖG

Ekki er gert ráð fyrir öðrum framlögum en mörkuðum tekjustofnum til Vegagerðarinnar á tímabilinu, en á árinu 1989 er samkvæmt fjárlögum gert ráð fyrir að 682 m.kr. af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar renni í ríkissjóð.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1989–1990

2.0. STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 345 um síðustu áramót í 339 stöðugildum. Þar af voru 152 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 148 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 156. Ekki er gert ráð fyrir að heimiluðum stöðugildum verði fjölgað á áætlunartímabilinu, en þörf er fyrir þau stöðugildi, sem fyrir hendi eru.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

Fastir starfsmenn 31. desember 1988.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1988
Skrifstofa, yfirstjórn	25	2	1	3	2	1	3	3	40
Tæknilegur undirbúningur	35	5	5	6	6	4	7	5	73
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB.	14	1					1	1	17
Iðnlærðir verkstjórar	7	1		1	1	2	2	1	15
Verkstjórar	1	7	5	8	5	8	10	8	52
Iðnaðarmenn	14	2		5	2	3	4	4	34
Vélamenn	5	6	6	13	13	6	10	9	68
Verkamenn	5	6	1	3	2	4	6	3	30
Ráðskonur, matreiðslumenn	4	1		1	1	1	2	1	11
Fastir starfsmenn í desember 1988	115	31	18	40	32	29	45	35	345

Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: **Yfirstjórn** Vegagerðarinnar, **starfsmanna- og lögfræðideild, fjármáladeild** sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald, launavinnslu og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, **fjárhagsdeild** sem sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð og kostnaðareftirlit, **bókasafn og útgáfustarfsemi.** Rekstur umdæmisskrifstofa er einnig að hluta til greiddur með fjárveitingum af þessum lið.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknarstarfa. Ef unnið er við verk sem hefur fjárveitingu skv. vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu skv. vegáætlun svo og áætlanagerð og ýmsar rannsóknir.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum þeirra, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1988 nutu alls 35 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa greitt iðgjöld í lífeyrissjóð það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti.

Verið er að vinna að úttekt á fjármagnsþörf til sumarviðhalds þjóðvega en við þá úttekt verður stuðst við reynslu sl. ára og jafnframt hafðar til hliðsjónar gæðakröfur og viðhaldsstaðlar sem Norðmenn og Svíar hafa verið að vinna að á undanförnum árum.

Við úttektina er miðað við að allir vegir séu í viðhaldshæfu ástandi, þ.e. burðarþol, afvötnun og slitlag sé fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar á árunum 1979–88 verið frá 60% til 80% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds.

Endurskoðunin mun m.a. taka mið af þeirri aukningu sem orðið hefur á bundnum slitlögum og þeirri reynslu sem fengist hefur af endingu þeirra. Ljóst þykir að slík endurskoðun mun leiða af sér einhverja röskun á fjárþörf milli liða, umfram það sem kemur fram í þessum tillögum. Þessari endurskoðun verður ekki lokið fyrir afgreiðslu vegáætlunar nú en tekið verður mið af henni við næstu endurskoðun. Ekki er líklegt að heildarþörf fyrir viðhaldsfé muni breytast mikið við endurskoðunina.

Enn er mikið af malarvegum með mjög þunga umferð og erfitt að halda þeim í viðunandi ástandi. Í lok ársins 1988 eru um 35 km með meiri sumardagsumferð en 1000 bíla, 188 km með meira en 500 bíla á dag og 1160 km með meira en 200 bíla sumardagsumferð.

Gerð er tillaga um að fjárveiting 1989 verði 980 mkr. Tillögur fyrir 1989 verða að skoðast sem algert lágmark.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar tillögur um fjárveitingar til viðhalds þjóðvega.

	1989	1990	1991	1992
		Tillögur í m.kr.		
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	253	282	290	295
2. Viðhald vega með bundið slitlag	264	295	308	315
3. Viðhald brúa	50	55	57	60
4. Viðhald varnargarða	10	11	11	12
5. Heflun vega	130	144	150	154
6. Rykbinding	43	48	50	52
7. Vinnsla efnis	147	164	170	175
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	60	66	68	70
9. Vegmerkingar	18	20	21	22
10. Umferðaröryggisaðgerðir	5	20	20	20
	980	1 105	1 145	1 175

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlög eins og hér er tilgreint, miðað við lengd malarvega í árslok 1988.

Sumardagsumferð bílar/dag		Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endur-nýjun slitlags km
Minna en	50	10,0	2120	212
50—	100	8,5	1484	175
100—	200	6,5	1517	233
200—	300	5,0	573	115
300—	500	3,5	399	114
500—	750	2,5	125	50
750—	1000	2,0	28	14
Meira en	1000	2,0	35	18

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en alltof oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m.a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagt er til að fjárveiting til viðhalds vega með bundnu slitlagi verði 264 m.kr. árið 1989, en hækki síðan í 295 m.kr. árið 1990, 308 m.kr. árið 1991 og 315 m.kr. árið 1992.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár en fjárveiting 1989 er 50 m.kr. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 10 m.kr. verði varið til viðhalds varnargarða árið 1989. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir en tölur eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

2.2.1.5. Vegheflun.

Á síðastliðnu ári var unnið að athugunum á fjármagnsþörf til vegheflunar víðsvegar á landinu. Heflunarþörf hefur minnkað allverulega með nýjum bundnum slitlögum. Enn er þó mikið af malarvegum og verða um langan tíma.

Sérstök áhersla verður lögð á þá malarvegi sem enn eru á stofnbrautum og leiðir milli þéttbýliskjarna.

Niðurstöður úr fyrrnefndri athugun munu liggja fyrir síðar á þessu ári.

2.2.1.6. Rykbinding.

Á árinu 1989 er fyrirhugað að verja 43 m.kr. til rykbindingar þjóðvega og er reiknað með að unnt verði að rykbinda tæplega 2000 km af malarvegum. Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag á vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa meiri umferð en 200 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

Jafnframt eru einstaka vegkaflar rykbundnir þar sem þeir liggja nálægt íbúðarhúsum eða iðnaðarhverfum þó umferð sé minni.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til marlarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árlega þarf að vinna um 3–400 þús m^3 af slitlagsefni og er þá miðað við að malað efni sé á öllum þjóðvegum.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðsléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 60 m.kr. árið 1989.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 18 m.kr. árið 1989 og hækki á vegáætlunartímabilinu í 22 m.kr.

Í samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hefur leiða- og vegvísakerfi á þessu svæði verið endurskoðað og er stefnt að því að Vegagerðin og sveitarfélögin hafi endurnýjað öll leiðamerki og vegvísa á næstu tveimur árum.

Í framhaldi af því er stefnt að endurskoðun á öðrum leiðamerkjum og vegvísum á næstu árum.

2.2.1.10. Umferðaröryggisaðgerðir.

Nú er í fyrsta sinn tekinn inn í vegáætlun sérstakur liður til þess að sinna nauðsynlegum og æskilegum aðgerðum til þess að auka umferðaröryggi.

Til þessa hefur kostnaður af þessum aðgerðum verið greiddur af öðrum viðhaldskostnaðarliðum en nú er stefnt að því að halda þessum lið sérstaklega aðgreindum.

Lagt er til að fjárveiting árið 1989 verði 5,0 m.kr. en hækki síðan í 20 m.kr.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarþjónustu sl. 10 ár þar af eru nýkaup snjótanna, snjóblásara o.fl. árlega um 12,4 m.kr. Kostnaður er mjög sveiflukenndur og hefur mestur orðið 383 m.kr., en minnstur 172 m.kr. Það hefur sýnt sig að batnandi vegir og breyttar umferðar- og flutningsvenjur kalla á aukna þjónustu. Miklar breytingar hafa orðið á aðferðum við snjómokstur undanfarin ár sem kemur fram í því að mokstur með vegheflum hefur minnkað en aukist með vörubílum. Aukin notkun vörubíla leiðir til bættrar þjónustu vegna þess að mokstursbraði þeirra er mun meiri, en kostnaður verulega lægri.

Síðastliðin 10 ár hefur meðalkostnaður á ári við vetrarþjónustu verið eins og fram kemur hér á eftir.

Ár	jan–júní	okt–des.	Á verðlagi 1988 m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1979	184	113	297	106
1980	93	128	221	79
1981	232	137	369	132
1982	164	139	303	108
1983	249	127	376	134
1984	292	91	383	137
1985	96	86	182	65
1986	136	113	249	89
1987	94	78	172	61
1988	175	75	248	89

Fjárveiting til vetrarviðhalds á þessu ári er áætluð 305 m.kr. en í þeirri tölu er áætlaður aukakostnaður sem nemur um 30 m.kr. vegna breytinga á snjómokstursreglum, en gert er ráð fyrir að þeim verði breytt í áföngum og snjómokstursdögum fjölgað.

Þetta hefur í för með sér töluvert aukinn kostnað við þennan lið, svo sem fram kemur af tölum. Miðað er við, að fyrsti áfangi taki gildi nú í mars, annar áfangi veturinn 1991 og þriðji áfangi 1992.

Tillaga um fjárveitingu til vetrarþjónustu var gerð í janúar og miðaði við meðalkostnað að teknu tilliti til aukakostnaðar vegna breytinga á snjómokstursreglum og lítilsháttar innistæðu frá sl. ári (um 20 m.kr.). Veturinn hefur hins vegar reynst mjög erfiður og þegar orðið ljóst, að kostnaður stefnir í eða jafnvel yfir hámark það sem varð 1984. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin verði endurskoðuð við meðferð málsins á Alþingi.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Á árinu 1989 er hlutfallsleg skipting fjár milli framkvæmdaliða í samræmi við gildandi vegáætlun að því undanskildu að lagt er til að bætt verði við nýjum framkvæmdalið, stórverkefnum, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Hin árin (1990–92) er skipting milli framkvæmdaliða í megindráttum í samræmi við langtímaáætlun en lagt til að framkvæmdaflokkum í stofnbrautum verði fækkað. Er lagt til að ekki verði haldið áfram sérstökum fjárveitingum til bundinna slitlaga og verði sá liður sameinaður framkvæmdaflokknum almenn verkefni. Í samræmi við tillöguna um nýjan verkefnaflokk (stórverkefni) er lagt til að sérstakar fjárveitingar til vega á höfuðborgarsvæðinu og til Ó-vega falli niður.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. Eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Eins og áður var greint frá er lagt til að breyta verkefnaflokkum innan þessa liðar frá og með árinu 1990. Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
1. Almenn verkefni	290	660	640	640
2. Bundin slitlög	205			
3. Sérstök verkefni	212	370	350	334
4. Ó-vegir	70			
5. Höfuðborgarsvæðið	63			
6. Stórverkefni	200	550	600	650

1. Almenn verkefni.
   Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum þar með talið bundið slitlag frá og með 1990. Fjárveitingar af þessum lið geta einnig gengið til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.
2. Bundin slitlög.
   Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa og á kafla, sem byggðir eru fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum. Ekki virðist ástæða til að viðhalda sérstökum fjárveitingum til þessa liðar og er lagt til að þær verði sameinaðar liðnum almenn verkefni frá og með 1990.
3. Sérstök verkefni.
   Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði við viðkomandi verk, þar með talið brúagerð og bundið slitlag. Undantekning er í þeim tilfellum þegar fjármagni er veitt af þessum lið til verkefna, sem einnig fá fjárveitingu af liðnum stórverkefni.
4. Ó-vegir.
   Lagt er til að þessi verkefnaflokkur verði sameinaður liðnum stórverkefni frá og með 1990.
5. Höfuðborgarsvæðið.
   Lagt er til að fjárveitingar til þessa verkefnaflokks verði sameinaðar liðnum stórverkefni frá og með 1990.
6. Stórverkefni.
   Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður innan stofnbrauta, stórverkefni, sem skiptist til fjármögnunar framkvæmda í jarðgöngum, umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu og til stórbrúa og fjarðaþverana.

   Stærð þessara verkefna er slík, að þau eiga mjög erfitt uppdráttar innan núverandi tilhögunar, þar sem hvert kjördæmi hefur sitt hlutfall. Verður ekki séð að þau verði leyst að óbreyttu kvótakerfi. Yrðu þessi verkefni því að mestu utan kvóta, en þó er eðlilegt, að kjördæmi leggi einnig fé til þessara verkefna af kvóta sínum. Höfuðborgarsvæðið hefur haft þá sérstöðu að vera utan kvóta og yrði svo áfram. Þar bætast á hinn bóginn við fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli.

   Gert er ráð fyrir að frekari tilhögun fjárveitinga til stórverkefna, svo sem skipting á verkefnaflokka, verkefni í hverjum flokki, mótframlag af kvóta kjördæma o.s.frv. verði ákveðin við meðferð málsins á þingi.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Lagt er til að fjárveiting til þjóðbrauta 1989 verði 165 m.kr. en hækki í 230 m.kr. síðasta ár tímabilsins.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum.

Lagt er til að sérstakri fjárveitingu til að flýta lögn bundins slitlags á þá þjóðvegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag, verði haldið áfram fyrstu þrjú ár áætlunartímabilsins en falli þá niður þar eð verkefninu verði að mestu leyti lokið.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1988 séu ógreiddar girðingarkröfur um 115 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3000 ha meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa verkefnis verði 17 m.kr. árið 1989, 21. m.kr. árin 1990 og 1991 og 22 m.kr. árið 1992.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 95 m.kr. 1989, 135 m.kr. 1990–91 og 130 m.kr. 1992.

Þessar fjárveitingar fela einungis í sér hluta af fjárveitingu til brúa á stofnbrautum. Millifærsla af almennum verkefnum á stofnbrautum til brúa getur farið fram við meðferð málsins á Alþingi.

2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

Verkefni í þessum flokki eru vaxandi, og er lagt til að þau fái nokkra aukningu á vegáætlunartímabilinu.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir eru taldir um 800 km. Lagt er til að fjárveiting til þeirra verið 10 m.kr. á árinu 1989, en 12 m.kr. árið 1990, 15 m.kr. 1991 og 16 m.kr. 1992.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 7 m.kr. á árinu 1989, 8 m.kr. árið 1990 og 9 m.kr. 1991-92.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 5 m.kr. á árinu 1989 og 6 m.kr. árið 1990, 8 m.kr. 1991 og 10 m.kr. 1992.

2.5.4. Vegir á Þingvöllum.

Lagt er til að fjárveiting verði 5 m.kr. 1989-90, 3 m.kr. 1991 og 2 m.kr. 1992. Með þessari fjárveitingu ætti að vera unnt að ljúka lagningu bundins slitlags á vegi um Vatnsvík og sinna venjulegu viðhaldi vega innan þjóðgarðsins.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 3 m.kr. á árunum 1989-90 og 5 m.kr. á árunum 1991-92.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalds við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta var kr. 189,80 þann 1. desember 1987 og kr. 214,68 þann 1. desember 1988 og er miðað við það tímakaup bæði árin 1989 og 1990 þar sem áætlunin er á föstu verðlagi.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan.

Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er heimilt en eigi skylt að greiða á viðkomandi ári og er áætlað að greiða helming þess á viðkomandi ári eins og verið hefur.

Miðað við óbreytta tekjustofna sýsluvegasjóðanna og ofangreindar forsendur eru heildartekjur þeirra á árunum 1989 og 1990 áætlaðar sem hér segir. (Upphæðir í m.kr.).

		1989		1990
Framlög heimamanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		45,0		45,0
Fasteignask. samkv. 23. gr. vegalaga		0,5		0,5
Aukaframlög heimamanna		13,0		13,0
Aukaframlag ríkisins á sama ári	17,0		18,0	
Aukaframlag ríkis vegna fyrra árs	13,0		15,0	
Ríkisframlag samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	110,0	140,0	117,0	150,0
Samtals		198,5		208,5

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Lagt er til að fjárveitingin verði 190,0 m.kr. árið 1989, en hækki í 225 m.kr. árið 1990, 230 m.kr. árið 1991 og 235 m.kr. 1992.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum fjárframlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis samkv. 34. vegalaga (Upphæðir í m.kr.).

	1989	1990	1991	1992
Heildarframlag	190	225	230	235
¼ hluta ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis	48	56	58	59
Til skipta samkv. íbúatölu	142	169	172	176

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1987 var 222.707. Fjárveiting 1988 var alls 164 m.kr. og upphæð á hvern íbúa kr. 552,30.

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari að vegáætlun 1989–92 er engin sérstök fjárveiting til véla- og verkfærakaupa. Gert er ráð fyrir að afskriftarfé véla standi undir kostnaði við endurnýjun á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast en ekki fást leigðar á almennum markaði svo sem vegheflum, tækjum til viðgerða á bundnum slitlögum, vélum til brúagerða o.s.frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Engin sérstök fjárveiting er ætluð til byggingar áhaldahúsa en hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu verður varið til þess að sinna aðkallandi verkefnum.

Helstu verkefni eru að ljúka þeim byggingum sem byrjað er á auk breytinga og venjulegs viðhalds á húsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting þessi er ½% af tekjum vegasjóðs. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á vegum frá fyrri vegáætlun, öðrum en nafna- og númerabreytingum og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.–01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1989.

3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum, sem töldust stofnbrautir samkvæmt vegáætlun 1987–1990.

917 Hlíðarvegur fái sitt fyrra nafn og númer, en hann var gerður að hluta af Norðausturvegi samkvæmt vegáætlun 1987–1990.

Í fylgiskjali 2.3.1.–01. eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1987–1990.

85 Norðausturvegur liggi um Hofsárdal og á Austurlandsveg hjá Möðrudal, svo sem áður var.

918 Vopnafjarðarvegur falli niður sem nafn og númer og verði hluti af Norðausturvegi.

Í fylgiskjali 2.3.2.–01. eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.–01

Sumarviðhald þjóðvega.
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1987.

Ár	Viðhalds-kostn. m.kr.	Vísitala viðhalds-kostn.	Viðhaldsk. verðl. '87 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km. verðl. 1987 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m. km.	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl.'87 kr.
1977	14,37	67,5	486	8336	58,3	73 410	449	108,2
1978	26,55	100,0	607	8409	72,2	78 481	450	134,9
1979	39,47	145,0	622	8406	74,0	84 141	449	138,5
1980	63,63	228,0	638	8409	75,9	90 015	472	135,2
1981	95,70	351,0	623	8411	74,1	95 606	485	128,5
1982	180,63	570,0	724	8306	87,2	100 936	500	144,8
1983	288,20	1064,0	619	8277	74,8	100 459	485	127,6
1984	399,90	1198,0	763	8268	92,3	108 254	524	145,6
1985	548,40	1595,0	786	8222	95,6	113 202	586	134,1
1986	597,90	1825,0	749	8231	91,0	117 117	606	123,6
1987	767,50	2285,0	768	8265	92,9	127 146	726	105,8

Fskj.2.3.0.–01.

Þjóðvegir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	493,0	1081,0	14,8	1588,8
Reykjanes	200,1	201,4	73,0*	474,5
Vesturland	525,9	841,1	14,4	1381,4
Vestfirðir	809,1	519,9	15,2	1344,2
Norðurland vestra	362,8	714,3	14,6	1091,7
Norðurland eystra	582,2	608,7	15,2	1206,1
Austurland	845,1	537,2	27,5	1409,8
Samtals	3818,2	4503,6	174,7	8496,5

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Fskj. 2.3.0.-02.

Bundið slitlag 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Klæðing km	Samtals km
Suðurland	0,1	2,9	113,1	344,4	460,5
Reykjanes	46,8	52,4	72,2	56,7	228,1
Vesturland		2,8	15,1	268,4	286,3
Vestfirðir		9,2		199,6	208,8
Norðurland vestra	0,8			242,8	243,6
Norðurland eystra		11,6		240,1	251,7
Austurland	0,6		9,7	295,1	305,4
Samtals	48,3	78,9	210,1	1647,1	1984,4

Fskj. 2.3.1.-01.

Stofnbrautir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		493,0	493,0
Reykjanes	5,9	194,2	200,1
Vesturland		525,9	525,9
Vestfirðir		809,1	809,1
Norðurland vestra		362,8	362,8
Norðurland eystra		582,2	582,2
Austurland		845,1	845,1
Samtals	5,9	3812,3	3818,2

Fskj. 2.3.2.-01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1078,3	1081,0
Reykjanes		201,4	201,4
Vesturland	17,4	823,9	841,1
Vestfirðir	9,0	510,9	519,9
Norðurland vestra	14,9	699,4	714,3
Norðurland eystra		608,7	608,7
Austurland		537,2	537,2
Samtals	44,0	4459,8	4503,8

Fskj. 2.4.-01.

Aldur brúa 10 m og lengri.

(Heimild brúaskrá V.r. 1. jan. 1989).

Byggingartími	Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910	0	1	1	2	Mannþröng 400 kg á ferm.
1910–1919	5	1	1	7	Mannþröng 400 kg á ferm.
1920–1929	3	8	1	12	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1930–1939	20	30	6	56	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1940–1949	30	40	5	75	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6–20 tonn
1950–1959	93	88	22	203	Vagn 20–34 tonn
1960–1969	74	60	39	173	Vagn 20–34 tonn
1970–1979	96	25	24	145	Vagn 20–63 tonn
1980–1986	47	23	9	79	Vagn 63 tonn
Aldur óviss	0	2	2	4	
Samtals	368	278	110	756	

Fskj. 2.6.–01.

Sýsluvegir 1. janúar 1988.

	Samkv. a-c lið 19. gr.				Samkv. d-e lið 19.gr.	Sýslu-vegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V -Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla		1,0	87,5	88,5		88,5	
							94,3
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8		8,7	83,1	
Mýrarsýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæf.-og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A -Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V -Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V -Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N -Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V -Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,5	62,3	163,8	
A -Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla		5,0	160,7	165,7	15,9	181,7	
							454,6
Eyjafjarðarsýsla	0,5	0,5	112,1	113,1	13,2	126,3	
S -Þingeyjarsýsla		13,7	173,3	187,4	2,3	189,7	
N -Þingeyjarsýsla	0,8	4,2	118,7	123,7		123,7	
							439,7
N -Múlasýsla		34,4	160,8	195,2	35,3	230,5	
S -Múlasýsla		12,1	112,2	124,3	42,5	166,8	
A -Skaftafellssýsla	0,8	2,1	65,0	67,9	27,0	94,9	
							492,2

Fskj. 2.7.-0.1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlag km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,8	0,1
Reykjanes	28,5	0,2	29,7	1,0
Reykjavík	35,4	1,8	43,3	6,1
Vesturland	14,4		14,4	
Vestfirðir	15,1	0,1	15,2	
Norðurland vestra	14,0	0,4	14,6	0,2
Norðurland eystra	14,6	0,6	15,2	
Austurland	25,4	2,1	27,5	
Samtals	161,9	5,4	174,7	7,4

Ed. 736. Frumvarp til laga [393. mál]

um málefni aldraða.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur.

I. KAFLI

Skipulag öldrunarþjónustu.

2. gr.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á sviði öldrunarmála skulu vera m.a.:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.

3. gr.

Skipa skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra til fjögurra ára í senn frá 1. janúar 1990.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Heilbrigðisráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.
2. Að vera heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
3. Að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum.
4. Að skera úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkvæmt lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðisráðherra.

5. gr.

Á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar skal starfa öldrunarnefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti fjórir menn. Stjórn heilsugæslustöðvar svæðisins tilnefnir tvo í nefndina og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir viðkomandi sveitarfélaga tilnefna tvo. Nefndin skal skipuleggja öldrunarmál á starfssvæðinu.

Í Reykjavík tilnefnir félagsmálaráð tvo og heilbrigðismálaráð tvo í öldrunarnefnd og skal nefndin annast skipulagningu öldrunarmála í Reykjavík.

Sveitarstjórnir velja nefndinni oddvita úr hópi tilnefndra. Oddviti nefndarinnar skal kalla hana saman.

Öldrunarnefndir annist eftirtalin verkefni:

1. Að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæðinu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu starfssvæðisins, sbr. III. kafla þessara laga.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. og 30. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Kostnaður, sem kann að verða af starfi öldrunarnefndar, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hún nær til í hlutfalli við fjölda íbúa 65 ára og eldri í hverju sveitarfélaganna.

Þegar málefni einstakra öldrunarstofnana á starfssvæði öldrunarnefndar eru til umfjöllunar skal nefndin gefa fulltrúa viðkomandi stofnunar kost á að sitja fundinn. Á þeim fundi hefur fulltrúinn málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Á starfssvæði hverrar öldrunarnefndar skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það þykir hentugra er sveitarstjórnum heimilt að ákveða að fela öldrunarnefnd starfssvæðisins hlutverk þjónustuhóps aldraðra.

Kostnaður, sem verða kann af starfi þjónustuhóps aldraðra, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hann nær til í hlutfalli við fjölda íbúa 65 ára og eldri í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsliðs heilsugæslustöðva(r) starfssvæðisins og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélags(a) á starfssvæðinu.

Í þjónustuhópi aldraðra skulu starfa fjórir menn. Í hópnum sé læknir með sérmenntun á sviði heimilislækninga, lyflækninga eða öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tveir starfsmenn félagslegrar þjónustu í sveitarfélögum á starfssvæði hópsins. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi ef unnt er.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Oddviti hópsins skal kalla hópinn saman.

Þjónustuhópur aldraðra getur ákveðið að gefa öldrunarstofnunum á starfssvæðinu kost á að koma sér saman um einn fulltrúa sem yrði áheyrnarfulltrúi á fundum hópsins.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu, sbr. 18. og 19. gr.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem stofnaður var með lögum nr. 49 29. maí 1981, hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og að byggingu húsnæðis fyrir aldraða.

10. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2.500 krónum á hvern gjaldanda árið 1989 (byggingarvísitala 124,9). Fjárhæð gjaldsins er heimilt að breyta árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri, svo og þeir sem hafa tekjur undir 530.190 krónum á árinu 1988. Tekjuviðmiðun er heimilt að breyta í samræmi við breytingar á skattvísitölu. Skattstjóri skal einnig fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og um innheimtu eignarskatts.
2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 4. gr. Þegar samstarfsnefnd um málefni aldraðra fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

12. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra, og hjúkrunarrýmis fyrir aldraðra, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga og endurbóta sem nauðsynlegar eru á eldra húsnæði fyrir aldraða eða leiða af ákvæðum þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Önnur verkefni sem stjóðstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir.

13. gr.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer samkvæmt lögum nr. 63 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra.

III. KAFLI

Heimaþjónusta.

15. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Eftir því sem kostur er skulu sveitarfélög þau sem standa saman að öldrunarnefnd sameinast um rekstur heimaþjónustu aldraðra á starfssvæðinu.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð sem veitt er á heimili aldraðra og er hún tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu, svo sem læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum, sem er í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu, svo sem aðstoð við heimilisstörf og innkaup, félagsráðgjöf og heimsending matar, sem er í höndum félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila, sem sveitarfélög semja við.

Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar, þegar þess er þörf.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu skulu skipulagðir af viðkomandi sveitarfélögum að fengnum tillögum öldrunarnefndar og þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu.

IV. KAFLI

Fyrirkomulag öldrunarþjónustu.

17. gr.

Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta aldraðra, sbr. III. kafla.
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem bjóða upp á aðstöðu til tómstundavinnu og skipulegs félagsstarfs. Þjónustumiðstöð getur starfað sjálfstætt eða í tengslum við dagvist aldraðra, sbr. 17. gr. 3. tölul., sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir, sbr. 17. gr. 4. tölul., stofnanir aldraðra, sbr. 18. gr. eða heilsugæslustöð. Leitast skal við að þjónustumiðstöðvar séu sem næst öðrum þjónustukjörnum en þó dreifðar um íbúðahverfi þannig að ekki séu fleiri en 1000 íbúar í heimahúsum, 65 ára og eldri um hverja þjónustumiðstöð.
3. Dagvist aldraðra telst sú starfsemi sem býður a.m.k. upp á eftirtalda þjónustu: flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, tómstundaiðju, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Einstaklingar sem þurfa á dagvist að halda geta sótt hana daglega eða ákveðna daga. Dagvist getur verið rekin sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi, t.d. þjónustumiðstöð aldraðra, sbr. 2. tölul. þessarar greinar, sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða, sbr. 4. tölul. þessarar greinar eða stofnanir fyrir aldraða skv. 18. gr.
4. Sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða. Þar skal vera völ á sömu þjónustu og um getur í 1. tölul. 18. gr., annað hvort í húsnæðinu sjálfu eða næsta nágrenni.

18. gr.

Stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum er:

1. Þjónustuhúsnæði aldraðra sem getur verið tvenns konar: Íbúðir og dvalarheimili, hvort tveggja sérhannað fyrir þarfir aldraða og ætlað þeim öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þar skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Aðstaða skal vera fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr.

2. Hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili eru ætluð öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnæði aldraðra, sbr. 1. tölul. Á hjúkrunardeildum og hjúkrunarheimilum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og hlýleg. Aðstaða skal vera fyrir aldraða sjúklinga með heilabilunareinkenni. Eftir því sem kostur er skulu hjúkrunardeildir og hjúkrunarheimili vera í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða sjúkradeild eftir aðstæðum í hverju tilviki.

19. gr.

Stjórn dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 18. gr. ákveða um vistun fólks á stofnuninni enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Enginn má vistast til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra, eða öldrunarnefndar, þar sem þær sinna hlutverki þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun.

Í reglugerð skal setja reglur um vistunarmat og framkvæmd þess.

20. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 17. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðisráðherra.

Áður en framkvæmdir hefjast við sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra, sbr. 17. gr. 4. tölul. skal afla samþykkis heilbrigðisráðuneytis á teikningum.

Beiðni um framkvæmdaleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður. Beiðninni skal og fylgja umsögn öldrunarnefndar á því starfssvæði sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og héraðslæknis.

21. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða, skv. 18. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi til heilbrigðisráðherra.

Umsóknum um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Heilbrigðisráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 18. gr. skipa stjórn stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði 30. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða, með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan þriggja ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað er felast í 18. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI

Kostnaður við öldrunarþjónustu.

24. gr.

Þeir, sem þjónustu dagvistar njóta, skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni, að hámarki sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

25. gr.

Íbúar í sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum, sbr. 17. gr. 4. tölul. greiða sjálfir þá þjónustu, sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 29. gr. samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

26. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða, skv. 18. gr., þ.e. þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými, greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 27. gr.

27. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 11.000 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 11.000 kr., skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

28. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 18. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

29. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta með gjaldskrá ákveðið þátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þau veita.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði

30. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m.a. búnað stofnana fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Þó skal 1. tölul. 10. gr. öðlast gildi þegar í stað. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 91 31. desember 1982, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um málefni aldraðra hafa nú verið í gildi í rúmlega sex ár. Stór skref hafa verið stigin í uppbyggingu öldrunarþjónustu, ekki síst húsnæðismálum aldraðra á þessum tíma. Er nú svo komið að húsnæði fyrir aldraða er að finna í allflestum þéttbýliskjörnum landsins. Er það ekki síst fyrir tilstuðlan Framkvæmdasjóðs aldraðra sem stofnaður var með lögum árið 1981.

Lög um málefni aldraðra hafa verið í endurskoðun í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nú um nokkurt skeið. Við endurskoðunina hefur verið haft að leiðarljósi að sníða af þá agnúa sem í ljós hafa komið á lögunum þau sex ár sem þau hafa verið í gildi. Auk þess hafa ýmis ákvæði verið færð til samræmis við þróun öldrunarmála síðustu árin.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

- Á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar skal starfa öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd eiga sæti fjórir, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar svæðisins og tveir tilnefndir af félagsmálaráðum sveitarfélaganna á starfssvæðinu. Sveitarstjórnir skulu velja nefndinni oddvita úr hópi tilnefndra. Þessi nýskipan leysir af hólmi fyrirkomulag núgildandi laga um að stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð á hverju svæði annist sameiginlega ákveðin verkefni á sviði öldrunarmála.
- Breytt er fjölda þeirra sem eiga sæti í þjónustuhópi aldraðra á hverju starfssvæði. Skulu þeir nú vera fjórir, þ.e. læknir og hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslustöð svæðisins og tveir fulltrúar félagslegrar þjónustu, þar af einn félagsráðgjafi ef kostur er. Með þessum hætti verður félagsleg þjónusta og heilbrigðisþjónusta jöfn að vægi í þjónustuhópi aldraðra. Sveitarstjórnir skulu velja hópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjónustuhópi sé heimilt að gefa fulltrúa (einum) öldrunarstofnana starfssvæðisins kost á að vera áheyrnarfulltrúi í hópnum.
- Tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra er hafður óbreyttur, þ.e. sérstakt gjald, sem leggja skal á alla gjaldendur, með ákveðnum undantekningum. Gert er ráð fyrir að skatturinn verði 2500 kr. (byggingavísitala 124,9) á hvern gjaldanda við álagningu árið 1989 en að gjaldið hækki síðan árlega í samræmi við breytingar á byggingavísitölu. Undanþegnir gjaldinu eru einstaklingar yngri en 16 ára annars vegar og eldri en 70 ára hins vegar. Í núgildandi lögum eru þeir sem eru eldri en 75 ára undanþegnir gjaldinu. Rétt þykir að miða við starfslokaaldur við álagningu þessa skatts. Jafnframt er óbreytt gert ráð fyrir að skattstjórar felli niður álagningu skattsins á elli- og örorkulífeyrisþega yngri en 70 ára sem dveljast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum. Þeir gjaldendur, sem hafa tekjur undir 530.190 kr. á árinu 1988, eru undanþegnir gjaldinu. Gert er ráð fyrir að skattleysismörkum verði breytt árlega í samræmi við breytingar á skattvísitölu. Gera má ráð fyrir að gjaldendur verði um 95 þúsund og að skattheimtan, miðað við 85% innheimtu, gefi Framkvæmdasjóði aldraðra um 200 m.kr. á árinu 1989.
- Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er rýmkað nokkuð. Fyllsta samræmis hefur verið gætt varðandi hlutverk sjóðsins annars vegar og fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Uppbygging íbúða og dvalarheimila aldraðra er verkefni sveitarstjórna en Framkvæmdasjóðnum er heimilt að styrkja sveitarfélög vegna verkefna af þessu tagi. Þá er það nýmæli að sjóðnum er heimilað að aðstoða sveitarfélög, einkum fámennari sveitarfélög í dreifbýli, við uppbyggingu öldrunarþjónustu.
- Gert er ráð fyrir að það sé skylda hvers sveitarfélags að reka heimaþjónustu fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Jafnframt er hvatt til samvinnu um rekstur heimaþjónustu milli þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri heilsugæslustöðvar. Skipulagning heimaþjónustu er

falin þeim sveitarfélögum sem að henni standa í stað þess að áður hvíldi hún á herðum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða. Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar var haft samstarf um orðalag heimaþjónustukafla frumvarpsins við nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem vinnur að undirbúningi lagafrumvarps um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Ljóst er að gangi löggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga í gildi þarf að gera breytingar til samræmis á ákvæðum III. kafla þessa frumvarps, hvort sem það verður orðið að lögum eða enn í frumvarpsformi.

- Veigamestu nýmæli frumvarpsins felast í IV. kafla þess þar sem fjallað er um fyrirkomulag öldrunarþjónustu. Þar er skilið á milli opinnar öldrunarþjónustu annars vegar og stofnanaþjónustu hins vegar. Til opinnar öldrunarþjónustu telst heimaþjónusta, þjónustumiðstöðvar aldraðra, dagvist og sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra. Til stofnanaþjónustu telst þjónustuhúsnæði, þ.e. leiguíbúðir og dvalarheimili sem uppfylla ákveðin skilyrði um þjónustu og hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili. Þetta fyrirkomulag er mjög í takt við þær breytingar sem nú eru að verða á skipulagi öldrunarþjónustu um land allt og í raun eingöngu staðfesting á því.
- Gerður er skýrari greinarmunur en áður var á framkvæmdaleyfi annars vegar og rekstrarleyfi hins vegar fyrir dagvist og stofnanir fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir að enginn megi hefja framkvæmdir við dagvist eða stofnun fyrir aldraða fyrr en að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að leita þurfi staðfestingar heilbrigðisráðuneytis á teikningum sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúða aldraðra. Leita skal umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra nema þegar um hjúkrunarrými er að ræða, þá skal einnig leita umsagnar landlæknis og héraðslæknis. Sömuleiðis má ekki hefja rekstur dagvistar eða stofnunar fyrir aldraða fyrr en að fengnu rekstrarleyfi heilbrigðisráðherra. Með þessu fyrirkomulagi fær heilbrigðisráðuneytið tækifæri til, í auknum mæli frá því sem nú er, að hafa eftirlit með því að ekki sé hafist handa við framkvæmdir sem e.t.v. eru ótímabærar.
- Önnur meginbreyting frumvarpsins felst í fyrirkomulagi greiðslu vegna dvalar á öldrunarstofnunum.

  Þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um málefni aldraðra er enn við lýði sú regla að aldraðir greiði hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði hafi þeir lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga fá ákveðna fjárhæð á mánuði til ráðstöfunar frá Tryggingastofnun ríkisins og stofnunin annast greiðslu vistkostnaðar með svokallaðri elliheimilisuppbót.

  Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi sökum þess að þeir sem hafa lífeyrissjóðstekjur og greiða dvöl sína sjálfir hætta því ef heilsa versnar og þeir flytjast yfir á þyngra og dýrara þjónustustig. Þá tekur sjúkratryggingadeild Tryggingarstofnunar ríkisins við greiðslu hjúkrunarkostnaðar og lífeyrissjóðstekjur renna óskertar til hins aldraða. Í öðru lagi hefur gagnrýnin beinst að því að það skuli eingöngu vera lífeyrissjóðstekjur sem með þessum hætti hafa áhrif á hvort hinn aldraði greiði fyrir dvalarheimilisdvöl. Aldraður einstaklingur, sem hefur engar lífeyrissjóðstekjur en e.t.v. verulegar skattfrjálsar eignatekjur, sætir ekki sömu meðferð. Hann heldur eignatekjum sínum óskertum og Tryggingastofnun ríkisins greiðir dvalarheimilisdvöl hans að fullu auk þess sem hann fær mánaðarlega ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins.

  Þessu fyrirkomulagi er breytt í frumvarpinu þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir vist á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Hafi vistmaður tekjur umfram 11.000 kr. á mánuði skal hann taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Með tekjum umfram 11.000 kr. skal vistmaðurinn greiða dvalarkostnað að hluta eða öllu. Nánari fyrirmæli um fyrirkomulag þessara greiðslna skal setja með reglugerð. Vistmenn, sem engar tekjur hefur aðrar en bætur almannatrygginga, skulu fá mánaðarlegt ráðstöfunarfé

frá Tryggingastofnun ríkisins, samkvæmt reglum síðustu málsgreinar 51. gr. laga um almannatryggingar.

- Í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er breytt fyrirkomulagi á greiðslum vegna heimaþjónustu aldraðra. Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra endurgreiða sjúkrasamlög sveitarfélögum 35% rekstrarkostnaðar heimaþjónustu. Nú er gert ráð fyrir að kostnaður af heimaþjónustu skiptist þannig að félagslegi þáttur hennar verði á ábyrgð sveitarfélaga en heilbrigðisþátturinn á vegum ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Minni háttar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar. Jafnframt hefur verið bætt inn í ákvæðið málslið um að eftir því sem kostur sé skuli virða sjálfsákvörðunarrétt aldraðra varðandi val á úrræðum.

I. KAFLI.

Skipulag öldrunarþjónustu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að yfirstjórn öldrunarmála verði óbreytt, þ.e. í höndum heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Í 2. gr. er kveðið skýrar en áður á um hver verkefni heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins eru á sviði öldrunarmála. Hluti verkefna samstarfsnefndar um málefni aldraðra er færður til öldrunardeildar heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal heibrigðis- og tryggingaráðuneytið m.a. hafa frumkvæði að stefnumótun í málefnum aldraðra, annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið allt og gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um gerð reglna um kröfur til húsnæðis fyrir aldraða og vistunarmat á öldrunarstofnanir.

Um 3. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins vegna tilnefningar fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að hluti þeirra verkefna sem áður voru í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra færast nú beint til deildar þeirrar í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu sem fer með málefni aldraðra, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur undanfarin sex ár af svæðisstjórnun í málefnum aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, þykir rétt að gera þar á nokkrar breytingar. Í raun er hér ekki um efnisbreytingu að ræða heldur nánari útfærslu á því fyrirkomulagi sem núgildandi lög gáfu kost á.

Samkvæmt núgildandi lögum skulu stjórnir heilsugæslustöðva og félagsmálaráð þar sem þau starfa annast stjórn öldrunarmála í hverju heilsugæsluumdæmi. Það að hugtakið heilsugæsluumdæmi er notað í gildandi lögum hefur valdið nokkrum misskilningi og staðið í vegi fyrir að svæðisskipulagi öldrunarmála væri hrint í framkvæmd með þeim hætti sem lögin gera ráð fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að ekki þótti nægilega greinilegt hvernig stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð skyldu standa að því samstarfi sem 5. gr. núgildandi laga mælir fyrir um.

Með orðalagi 5. gr. í frumvarpi þessu er skýrt tekið fram að starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar er sú eining sem svæðisstjórn öldrunarmála byggist á. Þá er og gert ráð fyrir að á hverju starfssvæði starfi öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd eiga sæti fjórir menn, tveir tilnefndir af stjórn viðkomandi heilsugæslustöðvar og tveir tilnefndir af félagsmálaráði(um) eða félagamálanefnd(um) sveitarfélaganna sem starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar nær yfir. Þar með er glöggt hvernig að svæðisstjórn öldrunarmála skuli standa.

Sérákvæði er um öldrunarnefnd í Reykjavík, enda er það eina sveitarfélagið þar sem fleiri en ein heilsugæslustöð er starfandi. Gert er ráð fyrir að í Reykjavík verði ein öldrunarnefnd og í hana tilnefnt af heilbrigðismálaráði og félagsmálaráði, tveir frá hvorum.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir velji nefndinni oddvita úr hópi tilnefndra. Oddviti skal kalla hópinn saman.

Öldrunarnefnd er ætlað að annast sömu verkefni og áður voru falin stjórnum heilsugæslustöðva og félagsmálaráðum í sameiningu í 5. gr. gildandi laga.

Þá er nýmæli í greininni að kveðið er á um hver bera skuli kostnað af starfi öldrunarnefnda. Skal hann borinn af þeim sveitarfélögum sem að viðkomandi heilsugæslustöð standa í hlutfalli við fjölda íbúa 65 ára og eldri í hverju sveitarfélagi.

Gert er ráð fyrir að þegar málefni einstakra öldrunarstofnana á starfssvæði öldrunarnefndar eru til umfjöllunar í nefndinni skuli nefndin gefa stofnuninni kost á að senda fulltrúa sinn á fundinn sem áheyrnarfulltrúa.

Kosturinn við þetta fyrirkomulag er sá að hér er enn frekar ýtt undir samstarf sveitarfélaga sem þegar standa saman að rekstri heilsugæslustöðvar. Gæti þetta samstarf á sviði öldrunarmála orðið til þess að í ríkara mæli yrði farið að bjóða heimaþjónustu í dreifbýli, en fram til þessa hefur slík þjónusta nær einvörðungu verið í þéttbýlinu.

Um 6. gr.

Sjötta gr. frumvarpsins er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga um málefni aldraðra að því leyti að á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi geti sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhópinn. Í frumvarpinu er ekki gert að skilyrði, eins og er í gildandi lögum, að þjónustuhópurinn tengist heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi. Rétt þykir að hafa þetta atriði opið og láta heimaaðilum á hverjum stað eftir að ákveða hvort og þá hverjum þjónustuhópurinn skuli tengjast.

Nýmæli er í ákvæðinu að sveitarstjórnum er heimilað að ákveða að öldrunarnefnd starfssvæðisins annist einnig hlutverk þjónustuhóps aldraðra þyki það hentugra.

Annað nýmæli er í ákvæðinu um hver skuli bera kostnað af starfi þjónustuhóps aldraðra. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði borinn af þeim sveitarfélögum sem á starfssvæðinu eru í hlutfalli við fjölda íbúa 65 ára og eldri í hverju sveitarfélagi.

Um 7. gr.

Hér er gerð sú breyting að í þjónustuhópi aldraðra skuli ætíð vera fjórir, tveir frá heilsugæslu og tveir frá félagslegri þjónustu. Þar með er heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu gert jafnhátt undir höfði í þjónustuhópnum. Sveitarstjórnir skulu velja hópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Reynslan þykir sýna að nauðsynlegt sé að hópurinn hafi oddvita sem beri ábyrgð á að hópurinn sé kallaður saman.

Jafnframt er það nýmæli að þjónustuhópurinn geti ákveðið að gefa öldrunarstofnunum á starfssvæðinu kost á að koma sér saman um einn fulltrúa sem yrði áheyrnarfulltrúi á fundum hópsins.

Um 8. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

Um 9. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra, sem stofnaður var með lögum nr. 49 frá 29. maí 1981, starfi áfram og verði styrktur og efldur. Hlutverki sjóðsins er breytt lítils háttar. Til viðbótar fyrra hlutverki um að stuðla að byggingu húsnæðis fyrir aldraða er lagt til að sjóðurinn stuðli einnig að uppbyggingu öldrunarþjónustu almennt.

Um 10. gr.

Óbreytt er frá gildandi lögum að sérstakt gjald, sem lagt er á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum, sé megintekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Gert er ráð fyrir að undanþegnir gjaldinu verði þeir sem eru yngri en 16 ára svo og þeir sem eru eldri en 70 ára. Jafnframt verða undanþegnir gjaldinu þeir gjaldendur sem höfðu á árinu 1988 tekjur undir 530.190 kr. Gert er ráð fyrir að skattleysismörkunum verði breytt árlega í samræmi við breytingar á skattvísitölu. Skattleysismörkin hækka verulega frá því sem áður var. Við álagningu 1987 voru þau 224.100 kr. eða um 360.000 kr. framreiknað samkvæmt breytingum á launavísitölu.

Reiknað er með að gjaldið verði 2500 kr. við álagningu ársins 1989, miðað við byggingarvísitölu 124,9. Gjaldinu skal síðan breyta árlega, með reglugerð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Síðast, er skatturinn var lagður á, nam hann 1500 kr. Hér er gert ráð fyrir nokkuð meiri hækkun en breytingar á byggingarvísitölu frá 1987 hefðu haft í för með sér.

Á árinu 1988 munu einstaklingar, sem greiddu tekjuskatt í staðgreiðslu hafa verið um 96.500 kr. Miðað við 85% innheimtu mun skattheimtan gefa sjóðnum um 200 m.kr. á árinu 1989.

Um 11. gr.

Óbreytt frá 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Þær breytingar sem gerðar eru í 12. gr. frumvarpsins frá 12. gr. gildandi laga eru í samræmi við breytingar sem frumvarpið gerir á skilgreiningu húsnæðis fyrir aldraða. Í samræmi við aukið hlutverk Framkvæmdasjóðsins er og gerð sú viðbót við upptalningu á hlutverkum að í 4. tölul. er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stutt sveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.

Um 13. gr.

Óbreytt frá 13. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Óbreytt frá 14. gr. gildandi laga.

III. KAFLI

Heimaþjónusta.

Um 15. gr.

Skilgreiningin á heimaþjónustu aldraðra er óbreytt frá 15. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er hins vegar gerð sú meginbreyting að hverju sveitarfélagi er skylt að reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Eftir því sem kostur er skulu sveitarfélög þau sem standa saman að öldrunarnefnd sameinast um rekstur heimaþjónustu aldraðra á starfssvæðinu. Í ljósi þess að á

öldrunarþjónustu verður að líta sem eina samfellda þjónustuheild þykir nauðsynlegt að setja ákvæði um þessa skyldu til heimaþjónustu. Ef heimaþjónustu er ekki til að dreifa verður óhjákvæmilega meira álag á þeim þætti þjónustukeðjunnar sem fyrir er, þ.e. stofnanaþjónustunni.

Með hliðsjón af verkaskiptingu milli ráðuneyta er felld niður heimild til handa heilbrigðis- og tryggingaráðherra að setja reglugerð um að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

Í 15. gr. frumvarpsins er fluttur sá málsliður 16. gr. gildandi laga sem fjallar um að heimaþjónustu skuli veita sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónustu.

Við undirbúning frumvarps þessa var haft samstarf við stjórnskipaða nefnd sem vinnur að undirbúningi frumvarps um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Einsýnt er að verði slíkt frumvarp að lögum eftir gildistöku þessa frumvarps mun nauðsynlegt að endurskoða ákvæði III. kafla um heimaþjónustu til samræmis.

Um 16. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins eru gerðar þær breytingar á yfirstjórn heimaþjónustu aldraðra að hún er sett í hendur viðkomandi sveitarfélaga að fengnum tillögum öldrunarnefndar og þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu.

IV. KAFLI

Fyrirkomulag öldrunarþjónustu.

Reynslan af sex ára gildistíma laga um málefni aldraðra hefur sýnt að nokkra uppstokkun þarf að gera á skilgreiningum öldrunarþjónustunnar. Þessi uppstokkun kemur fram í 17. og 18. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um opna öldrunarþjónustu. Til hennar telst heimaþjónusta aldraðra, sem III. kafli frumvarpsins (og raunar III. kafli gildandi laga) fjallar ítarlega um. Til opinnar öldrunarþjónustu telst einnig samkvæmt frumvarpinu þjónustumiðstöðvar aldraðra, dagvist aldraðra og sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða.

Með þjónustumiðstöð aldraðra er átt við húsnæði þar sem boðið er upp á aðstöðu til tómstundavinnu og skipulegs félagsstarfs. Þjónustumiðstöðvar geta verið sjálfstæðar eða í starfstengslum við aðrar stofnanir, t.d. dagvistir, sbr. 17. gr. 3. tölul., sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra, sbr. 17. gr. 4. tölul., stofnanir aldraðra, sbr. 18. gr. eða heilsugæslustöð. Gert er ráð fyrir að þjónustumiðstöðvum sé dreift um íbúðahverfi þannig að ekki séu fleiri en 1000 íbúar í heimahúsum 65 ára og eldri um hverja þjónustumiðstöð. Á þetta auðvitað fyrst og fremst við í þéttbýli.

Með dagvist aldraðra er átt við starfssemi þar sem boðið er a.m.k. upp á eftirtalda þjónustu: flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, tómstundaiðju, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Einstaklingur á dagvist getur komið annaðhvort daglega eða ákveðna daga. Dagvist má hvort sem er reka sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi, t.d. þjónustumiðstöð aldraðra, sbr. 17. gr. 3. tölul., sjálfseignar-, leigu-, og búseturéttaríbúðir aldraðra, sbr. 17. gr. 4. tölul., eða aðrar stofnanir aldraðra skv. 18. gr.

Með sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum aldraðra er átt við það húsnæðisfyrirkomulag fyrir aldraða sem nú gerist æ algengara. Gert er ráð fyrir að þar sé völ sömu þjónustu og í þjónustuhúsnæði aldraðra skv. 1. tölul. 18. gr.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um stofnanaþjónustu aldraðra. Skilgreiningum þar er fækkað frá því sem er í 17. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að stofnanir fyrir aldraða séu tvenns konar, annars vegar þjónustuhúsnæði og hins vegar hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili.

Með þjónustuhúsnæði aldraðra er annars vegar átt við þær íbúðir fyrir aldraða, sem í gildandi lögum skilgreinast sem verndaðar þjónustuíbúðir og hins vegar dvalarheimili. Það hefur lengi verið ljóst að sú þjónusta sem veitt er í vernduðum þjónustuíbúðum annars vegar og á dvalarheimilum hins vegar er mjög sambærileg. Í dag felst munurinn fyrst og fremst í tvennu, annars vegar mismunandi greiðslufyrirkomulagi eftir því hvort einstaklingur er í verndaðri þjónustuíbúð eða á dvalarheimili og hins vegar í virkni og þátttöku íbúans.

Hér er þessar tvær tegundir húsnæðis settar undir sama hatt, þjónustuhúsnæði aldraðra. Gert er ráð fyrir að á báðum stöðum geti verið mismunandi hve mikla þjónustu einstaklingar fái. Greiðslufyrirkomulagið verður einnig samræmt, sbr. 26. gr.

Skilgreiningin á hjúkrunardeildum eða hjúkrunarheimilum er efnislega óbreytt frá 3. tölul. 17. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir því að krafan um að einstaklingsherbergi séu aldrei færri en helmingur rýmis nái eingöngu til þeirra stofnana sem byggðar eru eftir gildistöku þessa frumvarps.

Frumvarpið gerir ekki sérstaklega ráð fyrir því húsnæði fyrir aldraða sem í núgildandi lögum er nefnt þjónustuíbúðir aldraðra, enda hefur reynslan orðið sú að eftir því sem íbúar þar hafa elst hefur orðið að breyta þeim smátt og smátt yfir í verndaðar þjónustuíbúðir.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um vistunarmat sem skilyrði dvalar á öldrunarstofnun.

Ákvörðun um vistun á öldrunarstofnun er í höndum stjórnar stofnunar, enda hafi öðrum skilyrðum ákvæðisins um vistunarmat þjónustuhóps aldraðra verið fullnægt.

Vistunarmat er forsenda þess að í hvert laust rými í öldrunarstofnun veljist réttur einstaklingur. Þetta fyrirkomulag er réttlætismál og nauðsynlegt til að nýting þeirra fjármuna, sem í öldrunarmál fara, verði í þágu þeirra sem í mestri þörf eru. Gert er ráð fyrir að matið verði að jafnaði í höndum þjónustuhóps aldraðra (eða öldrunarnefndar þar sem þær sinna hlutverki þjónustuhópsins).

Sjálfseignarstofnanir hafa talið þetta fyrirkomulag sneiða að sjálfstæði sínu. Svo er ekki. Vistunarmatið er til mikils hagræðis fyrir öldrunarstofnanir. Ferlið yrði eitthvað á þessa leið: Þegar aldraður einstaklingur óskar eftir vistun á öldrunarstofnun þá vísar viðkomandi stofnun honum áfram til þjónustuhóps aldraðra í stað þess að skrá hann á biðlista. Næst þegar rými losnar á öldrunarstofnun hefur hún samband við þjónustuhópinn á starfssvæðinu og fær þar uppgefin nöfn þeirra einstaklinga sem metnir hafa verið í mestri þörf fyrir rými. Stofnunin hefur síðan í hendi sér að velja úr hópi þeirra einstaklinga sem þeir fá þannig uppgefna.

Í ákvæðinu er það nýmæli að hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skuli þjónustuhópur aldraðra meta þörf hans á vistun á öldrunarstofnun. Þetta ákvæði er sett til að tryggja það að einstaklingar sem ekki reynist unnt að útskrifa af sjúkrahúsum, t.d. af félagslegum ástæðum, komist á þann biðlista sem þjónustuhópur aldraðra mun halda. Á þessu hefur verið nokkur misbrestur.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er fjallað um hvernig standa skuli að því að afla framkvæmdaleyfis áður en farið er af stað með byggingu dagvistar eða öldrunarstofnunar.

Með þessum hætti verður auðveldara en nú er að hafa eftirlit með byggingu húsnæðis fyrir aldraða strax frá upphafi og jafnvel að koma í veg fyrir að húsnæði, sem ekki er tímabært, verði byggt.

Jafnframt er gert ráð fyrir að áður en framkvæmdir hefjast við sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða skuli afla samþykkis heilbrigðisráðuneytis. Þetta er gert til að tryggja það að húsnæði af þessu tagi uppfylli þau skilyrði sem gera þarf til sérhannaðs húsnæðis fyrir aldraða.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um það hvernig staðið skuli að því að fá rekstrarleyfi þegar búið er að reisa dagvist eða stofnun fyrir aldraða.

Um 22. gr.

Ákvæðinu er breytt frá 22. gr. gildandi laga í þá veru að eigendum stofnana fyrir aldraða skv. 18. gr. er í sjálfsvald sett hvernig þeir skipa stjórn og hversu margir sitja þar. Óbreytt er þó að ef stofnun er í beinum starfstengslum við sjúkrahús skuli ákvæði 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu gilda.

Um 23. gr.

Óbreytt frá 23. gr. gildandi laga.

V. KAFLI

Kostnaður við öldrunarþjónustu.

Núverandi fyrirkomulag um greiðslur vegna dvalar á dvalarheimilum aldraðra hefur lengi verið gagnrýnt. Í núgildandi lögum um málefni aldraðra er að finna ákvæði sem gerðu ráð fyrir breytingum á því en með bráðabirgðaákvæði í sömu lögum var ríkisstjórn falið að ákveða hvenær nýtt fyrirkomulag skyldi öðlast gildi. Af því hefur enn ekki orðið, m.a. sökum þess að fyrirkomulagið var talið óframkvæmanlegt með þeim hætti, sem lögin gera ráð fyrir.

Staðan er því enn óbreytt frá því sem hún var við gildistöku laga um málefni aldraðra, 1. janúar 1983, þ.e. íbúar á dvalarheimilum sem hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga greiða fyrir vist sína sjálfir að hluta eða fullu. Flytjist þessi einstaklingur síðan á hjúkrunardeild hættir hann að greiða hlutdeild í kostnaði og lífeyrissjóðstekjur renna að fullu til einstaklingsins.

Hér er gerð tillaga um sama fyrirkomulag og núgildandi lög gerðu ráð fyrir, en með nýrri útfærslu sem samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins er framkvæmanleg. Þessi útfærsla er í raun hin sama og notuð hefur verið nú um árabil gagnvart greiðsluþátttöku íbúa á dvalarheimilum aldraðra.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kostnaður af dagvist aldraðra greiðist af Tryggingstofnun ríkisins. Þeir sem á dagvist eru skulu þó taka þátt í kostnaði af dagvistinni, þó aldrei með hærri fjárhæð á mánuði en sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 25. gr.

Hér er að finna ákvæði um það hvernig greiða skuli fyrir þjónustu sem veitt er í sjálfseignar- og búseturéttaríbúðum aldraðra. Gert er ráð fyrir að hinn aldraði sjálfur standi að fullu undir þeim kostnaði. Rekstraraðili þjónustunnar ákveður gjaldið. Um heimaþjónustu í þessum íbúðum gilda þó sömu reglur og um heimaþjónustu sem veitt er almennt, sbr. 29. gr.

Um 26. gr.

Samkvæmt 26. gr. skal dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 18. gr. greiðast af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 27. gr.

Um 27. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram ákveðna fjárhæð á mánuði, 11.000 kr., skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Með þeim tekjum, sem þessir aðilar hafa umfram viðmiðunarmarkið, 11.000 kr., skulu þeir greiða dvalarkostnað sinna, að hluta eða öllu.

Ítarlegri ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar skal setja með reglugerð, m.a. með hvaða hætti viðmiðunarmarkið skuli hækka.

Um 28. gr.

Þetta ákvæði tryggir vistmönnum á stofnunum fyrir aldraða skv. 18. gr. mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins. Um mánaðarlegt ráðstöfunarfé skulu gilda ákvæði lokamgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Um 29. gr.

Gerð er breyting á skiptingu kostnaðar vegna heimaþjónustu aldraðra til samræmis við frumvarp til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög skulu bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Gert er ráð fyrir að sveitastjórnum sé heimilt að taka gjald vegna ýmissa félagslegra þátta heimaþjónustu.

Undanþegnir gjaldskyldu skulu þó alltaf vera þeir einstaklingar sem ekki hafa aðrar tekjur en sem nemur ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Gert er ráð fyrir rúmum gildistökufresti, m.a. til að unnt verði að undirbúa nauðsynlegar reglugerðir, t.d. um vistunarmat. Jafnframt er gert ráð fyrir að 1. tölul. 10. gr. öðlist þegar gildi þannig að unnt verði að leggja hið sérstaka gjald á við álagningu sumarið 1989.

Nd. 737. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

13. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1985, orðast svo:

Maki eða annar heimilisfastur einstaklingur, sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað vinnu utan heimilis, á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Sá sem annast hefur elli- eða örorkulífeyrisþega í a.m.k. fimm ár samfleytt getur við lát hans eða lok umönnunar öðlast rétt til lífeyris hliðstæðs ekkjulífeyri njóti hann ekki greiðslna frá lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins og sé af einhverjum ástæðum ekki fær um að stunda vinnu utan heimilis.

Hafi einstaklingur ekki getað stundað vinnu vegna umönnunar elli- eða örorkulífeyrisþega samfleytt undanfarin fimm ár á hann rétt á styrk til starfs- eða endurmenntunar samkvæmt mati tryggingaráðs, í því skyni að fá atvinnu á ný til að framfleyta sér þegar umönnunarstarfi lýkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um almannatryggingar, sem nú eru í gildi, kveða svo á að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Nú er það svo að fleiri en makar kunna að hafa tekið að sér umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega. Má þar nefna börn, tengdabörn, skyldmenni eða jafnvel vandalausa sem eru á sama heimili og sá sem umönnunarinnar nýtur. Telja verður eðlilegt að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur ekki af þeim sökum stundað vinnu sér til framfæris hljóti einhverjar bætur vegna þess. Hér er kosið að nefna þær „umönnunarbætur". Sú stefna hefur að undanförnu rutt sér til rúms að rétt sé að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem þeir óska og fært telst. Flestir una sér best og líður best á eigin heimili og í því umhverfi sem þeir hafa vanist.

Mikill kostnaður fyrir ríkissjóð fylgir vistun einstaklinga á elliheimilum og sjúkrastofnunum. Daggjald fyrir einstakling á elliheimilum var 1. janúar 1989 1593 kr. Daggjöld á hjúkrunarstofnunum voru þá allt frá 2799 kr. þar sem það var lægst og allt að 6353 kr. þar sem það var hæst. 1. janúar 1989 voru 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu 22.030 kr. á mánuði eða um 735 kr. á dag. Af þessum tölum má sjá að þótt almannatryggingar greiddu aðstandendum slíka upphæð vegna umsjár einstaklings, sem annars yrði að vera á stofnun, þá sparaðist ríkinu samt sem áður mikið fé. Þá má einnig líta á það að fólk leggur oft og tíðum hart að sér við að hafa ellihruma eða farlama ættingja í heimahúsum og er sanngirnismál að hið opinbera komi til móts við þá.

„Foreldraekkjur" nefna Norðmenn uppkomið fólk sem hefur búið heima og hugsað um sjúka eða fatlaða foreldra eða foreldri sem ekki getur komist af án hjálpar. Yfirleitt eru þetta konur. Við lát foreldris eða umönnunarlok af öðrum ástæðum, svo sem vistunar á sjúkrastofnun, er þetta fólk tíðum mjög illa sett í lífsbaráttunni. Algengt er til sveita að þessar „foreldraekkjur" sitji á jörð sem hefur lítinn sem engan fullvirðisrétt og er því verðlítil eða verðlaus eign. Yfirleitt eru þetta fullorðnar konur og ógiftar og ekki færar um að reka búskap án aðstoðar. Þær hafa oftar en ekki einangrast inni á heimilinu við einhæf störf og treysta sér ekki út á almennan vinnumarkað vegna ókunnugleika við launuð störf en eru ekki komnar á ellilífeyrisaldur. Sjaldnast geta þær talist öryrkjar en lenda milli stafs og hurðar í kerfinu þrátt fyrir að þær með umönnunarstörfum sínum hafi án efa sparað ríkinu stórfé. Þessu frumvarpi er ætlað að rétta hlut þessara einstaklinga og veita störfum þeirra viðurkenningu.

Í norsku tryggingalöggjöfinni eru ákvæði um styrki til starfs- eða endurmenntunar til handa þeim sem langtímum hafa verið bundnir innan heimilis við umönnun sjúkra, aldraðra eða öryrkja til að auðvelda þeim að framfleyta sér af eigin rammleik. Við samningu þessa frumvarps hefur verið stuðst við norsk tryggingalög og tekið mið af því hvernig þar er staðið að bótum til þeirra sem þessu frumvarpi er ætlað að ná til.

Nd. 738. Lög [287. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 519.

Nd. 739. Nefndarálit [369. mál]

um frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Kristín Halldórsdóttir og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Kristinn Pétursson. Geir Gunnarsson.

Friðjón Þórðarson. Guðni Ágústsson.

Ed. 740. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að felld verði úr gildi ýmis lagaákvæði sem eiga ekki lengur við sökum breyttra aðstæðna.

Alþingi, 5. apríl 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm. Júlíus Sólnes, fundaskr. Jón Helgason.

Stefán Guðmundsson. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ey. Kon. Jónsson.

Margrét Frímannsdóttir.

Sþ. 741. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um endurskoðun iðnaðarstefnu.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að koma á fót starfshópi er hafi það verkefni að vinna að endurskoðun iðnaðarstefnu með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og í viðskiptalöndum okkar, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1982 og álit samstarfsnefndar um iðnþróun frá maí 1979. Jafnframt skal starfshópurinn leita leiða til að bæta starfsskilyrði íslensks iðnaðar og gera tillögur þar um.

Greinargerð.

Þann 21. september 1978 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra samstarfsnefnd um iðnþróun sem hafði það hlutverk m.a. að vera ráðherra til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og að efla samstarf innan iðnaðarins um að hrinda í framkvæmd þeim

aðgerðum sem samstaða næðist um í nefndinni og á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis. Í maí 1979 skilaði nefndin mjög áhugaverðri og ítarlegri skýrslu sem síðar var birt sem fylgiskjal með tillögu iðnaðarráðherra til þingsályktunar um iðnaðarstefnu á þskj. 700 á 100 löggjafarþingi 1978–79. Þar segir m.a.:

„Með tillögum þeim, sem hér fara á eftir, er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði hagstæð vaxtarskilyrði með samræmdum aðgerðum af hálfu ríkisins, sveitarfélaga, opinberra stofnana, samtaka atvinnulífsins og fyrirtækja í iðnaði. Með tillögunum er reynt að samræma þau öfl sem mest áhrif hafa á mótun iðnaðar í þá átt að hagnýta innlendar aðstæður til arðbærrar framleiðslu fyrir innlendan markað og til útflutnings, og auka framleiðni iðnaðarins og efla hann til að mæta vaxandi samkeppni á heimsmarkaði og hagnýta þau tækifæri sem greiðari alþjóðaverslun býður upp á.“

Frá því að þessi skýrsla var lögð fram hefur margt breyst í íslensku þjóðlífi og ýmsar breytingar eru í sjónmáli sem gefa tilefni til að endurmeta stefnuna í iðnaðarmálum. Veigamiklar ástæður endurskoðunar eru þær stefnubreytingar í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar sem orðið hafa síðan skýrslan var gerð og Alþingi samþykkti ályktunina. Er þar átt við stjórn fiskveiða með mjög heftri sókn annars vegar og hina ströngu framleiðslustýringu og framleiðslutakmarkanir sem teknar hafa verið upp í landbúnaði. Þessar aðgerðir bitna mjög á landsbyggðinni sem nú býr við „kvótakerfi“ í meginhluta atvinnustarfsemi sinnar á sama tíma og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins er að langmestu leyti „frjálst“.

Vegna þessarar þróunar er nauðsynlegt að endurmeta vægi undirstöðuatvinnuveganna. Mikilvægi iðnþróunar hefur aukist frá því sem var, sérstaklega þegar litið er til landsbyggðarinnar, því að enn er mannafli á Íslandi í vexti og því verður starfstækifærum að fjölga. En auk þeirra breytinga, sem gerst hafa innan lands, eru í sjónmáli breytingar í viðskiptalöndum okkar sem hvort tveggja í senn munu skapa ný vandamál og nýja möguleika. Með allt þetta í huga virðist augljóst að Ísland verði að hafa iðnaðarstefnu sem hæfi þessum nýju aðstæðum og því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 742. Svar [318. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um meðferð Olís-málsins í Landsbanka Íslands.

Spurt er hvort viðskiptaráðherra telji að meðferð bankastjóra Landsbanka Íslands á Olís-málinu svokallaða sé í samræmi við lög um bankastarfsemi eða til þess fallin að auka trú manna á þjóðbankanum.

Svar: Ekki verður séð að bankastjórar Landsbankans hafi farið út fyrir verksvið sitt eða valdsvið í viðskiptum sínum við Olís. Þeir eiga að gæta hagsmuna bankans gagnvart viðskiptavinum og að því markmiði hafa aðgerðir þeirra í Olís-málinu beinst. Að sjálfsögðu geta verið skiptar skoðanir um einstök atriði, en hafa ber í huga að erfitt er fyrir utanaðkomandi að dæma um viðskipti aðila sem um langt skeið munu hafa gengið heldur erfiðlega.

Spurt er hvort bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við útlán Landsbanka Íslands til fleiri fyrirtækja en Olís hf. Ef svo sé, hve mörg þau séu og hve háar fjárhæðir þau skuldi hvert fyrir sig.

Svar: Samkvæmt upplýsingum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands hefur það gert athugasemdir við útlán til viðskiptaaðila Landsbanka Íslands. Athugasemdirnar eru af ýmsum toga

spunnar og sumar kunna fremur að flokkast sem ábendingar en athugasemdir. Á árinu 1988 var bankastjórn Landsbankans afhent skýrsla bankaeftirlitsins um athugun á nokkrum þáttum í rekstri og efnahag Landsbanka Íslands. Drög að sambærilegri skýrslu voru lögð fyrir og rædd við bankastjórn Landsbankans í febrúar 1989. Í umræddum skýrslum er að finna niðurstöður bankaeftirlitsins, þar með taldar athugasemdir og ábendingar er varða útlán til þeirra lánþega bankans sem komu til skoðunar. Ekki er hægt að greina opinberlega frá efni skýrslunnar í einstökum atriðum samkvæmt eðli málsins, enda gildir um það þagnarskylda, sbr. hér á eftir.

Spurt er hve mörg fyrirtæki skuldi Lansbanka Íslands meira en 50 milljónir króna og hve háar fjárhæðir skuldi þau tíu fyrirtæki, sem skulda bankanum mest, hvert fyrir sig.

Svar: Í 25. gr. viðskiptabankalaganna, nr. 86/1985, segir m.a. „að bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka séu bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt ...“ Með tilvísun til þessa ákvæðis telur bankastjórn Landsbanka Íslands sér óheimilt að veita umbeðnar upplýsingar, þar eð þær mundu leiða til getsaka sem lagagreininni hafi m.a. verið ætlað að vernda viðskiptamenn bankans fyrir.

Nd. 743. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stimpilgjald hlutabréfa lækki úr 2% af fjárhæð bréfanna í ½%.

Um þessar mundir mun það samdóma álit fjölmargra í þjóðfélaginu að mikil nauðsyn sé að auka eigið fé fyrirtækja. Margt kemur þar til. Á undanförnum árum hefur gengið mjög á eigið fé fyrirtækja í mörgum greinum, ekki síst í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Lánsfé er dýrt og vextir háir vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Allt ber því að sama brunni þ.e. æskilegt er að fyrirtæki auki eigið fé sitt. Á það er hins vegar að líta að það er kostnaðarsamt að auka hlutafé vegna stimpilgjalda. Auki fyrirtæki hlutafé sitt um t.d. 50 millj. kr. ber því að greiða 1 millj. kr. í ríkissjóð í stimpilgjöld af hlutabréfunum.

Ekki síst við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, er ástæða til að hvetja fyrirtækin til að auka hlutafé. Því er með þessum frumvarpsflutningi lagt til að stimpilgjald lækki í ½%.

Sþ. 744. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um varnar- og öryggismál.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að stofnun sérstaks varnar- og öryggismálaráðuneytis er lúti sérstökum ráðherra.

Greinargerð.

Á undangengnum árum hafa oft komið upp hugmyndir um að nauðsyn bæri til að sett yrði á laggirnar sérstakt ráðuneyti sem svo til eingöngu fjallaði um varnar- og öryggismál Íslands. Flestum er ljóst að varnar- og öryggismál eru veigamikill þáttur í vernd nútíma lýðræðis og þingræðis. Nægir í því sambandi að minnast á að 4. apríl 1989 voru liðin 40 ár frá stofnun Atlantshafsbandalagsins sem hefur það að meginmarkmiði að tryggja frið og öryggi í þeim hluta heims sem bandalagið nær til. Í þeim efnum hefur vel til tekist. Fagna Íslendingar sem aðrir þeim mikilvæga árangri. Á því 40 ára tímabili, sem Ísland hefur verið aðili að Atlantshafsbandalaginu, hefur heimurinn tekið miklum breytingum. Á það ekki hvað síst við á sviði vígbúnaðarmála. Öll viðleitni ríkja Atlantshafsbandalagsins beinist að því að tryggja frið og öryggi í heiminum. En til þess að það mætti takast hafa ríki bandalagsins orðið að vera vel á varðbergi og hafa til reiðu þann varnarútbúnað sem dyggði til að viðhalda því jafnvægi á Atlantshafssvæðinu er héldi aftur af hugsanlegum árásaraðilum. Nægir í því sambandi að minna á að veik staða ýmissa svokallaðra jaðarríkja við landamæri Sovétríkjanna hefur leitt til undirokunar þeirra eða óæskilegra hernaðarátaka. Nýjasta dæmi þessa eru atburðirnir í Afganistan og hryggileg örlög milljóna manna í hernaðarátökum milli frelsisunnandi Afgana annars vegar og innrásarhers Sovétríkjanna hins vegar.

Þá hefur aukin framleiðsla alls konar eldflauga útbúnum kjarnaoddum varpað skugga sínum yfir heiminn á liðnum áratugum. Þrátt fyrir það hefur tekist að tryggja og viðhalda friði á vesturhveli jarðar, þ.e. í Evrópu og Norður-Ameríku. Til þess að það takist áfram þarf að styrkja enn frekar bandalag þeirra þjóða sem mynda Atlantshafsbandalagið, m.a. með auknum umsvifum á sviði stjórn-, efnahags-, menningar- og vísindamála, samfara auknum almennum samskiptum þegna þessara ríkja.

En eftir sem áður verður það meginskylda Atlantshafsbandalagsins að viðhalda því jafnvægi í vopnabúnaði sem tryggir að ofbeldisöfl brjóti ekki niður lýðræðislegt þjóðskipulag vestrænna þjóða í krafti ógnarvopna eða með ólýðræðislegum aðferðum innan viðkomandi ríkja. Sagan sýnir að ef ekki er verið á varðbergi og staðið fast gegn þessum öflum hefur frelsi og lýðræði oftlega verið teflt í mikla hættu og í of mörgum tilfellum verið fótum troðin í skjóli hervalds og vopnabúnaðar. Þá hefur ýmsum þjóðum verið meinað að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti, svo sem átti sér stað í Ungverjalandi árið 1956 og Tékkóslóvakíu 1968. Þá eru atburðirnir í Póllandi síðustu árin í fersku minni. Pólsku þjóðinni er haldið niðri í skjóli hervalds og eins flokks, kommúnistaflokks Póllands.

Þótt friðvænlega horfi í heiminum þessa stundina og tekist hafi samningar um ákveðna afvopnun og dregið hafi úr spennu milli helstu valdaríkja fer því illu heilli víðs fjarri að grundvallarbreyting hafi orðið í lífsskoðunum stríðandi aðila. Enn sem fyrr er ríkjandi djúpstæður hugmyndafræðilegur ágreiningur um æskilega skipan mála. Lítið þarf út af að bera í kommúnistaríkjum Austur-Evrópu til þess að valdhafarnir grípi ekki til vopna til að bæla niður frelsisþrá fólksins. Þrátt fyrir nýafstaðnar „kosningar“ í Sovétríkjunum er það enn tryggt að slíkar kosningar geti í engu breytt völdum kommúnista í Æðstaráði Sovétríkjanna er

stjórnar og ræður öllu í þessari fjölmennu ríkjasamsteypu sem telur nú um 280 milljónir manna. Kommúnistaflokkur Sovétríkjanna, sem mun nú telja um 5 milljónir manna, er eini formlegi viðurkenndi flokkur landsins. Félagar flokksins fara með öll meiri háttar völd. Í þessu felast ekki lýðræðislegir stjórnarhættir. Þetta er ósættanlegt stjórnarfar gagnvart lýðræðislegum vestrænum stjórnarháttum.

Allir virða viðleitni Mikhail Gorbatsov og nánustu stuðningsmanna hans til að opna sovéskt þjóðfélag og koma þar á frjálsari stjórnarháttum. Vissulega væri það fagnaðarefni ef unnt yrði að leysa fólkið úr fjötrum flokkseinræðis og valdaklíku og koma á frjálsu mannúðlegra þjóðfélagi gagnvart stöðu einstaklingsins. En í lífi fólks duga ekki orðin ein. Fólkið verður að upplifa frelsið í reynd. Það verður að fá áþreifanlega sönnun fyrir betra lífi, m.a. í afkomu og lífskjörum, og það verður að öðlast frelsi til að umgangast þegna annarra ríkja.

Fólkið sjálft, sovéskir borgarar, verður að fá fullt ferðafrelsi á sambærilegan hátt og þegnar vestrænna ríkja.

Að framan hefur verið drepið á nokkur atriði sem sýna að því miður skortir enn réttar forsendur fyrir því að unnt sé fyrir vestrænar þjóðir að leggja varnar- og öryggismál á hilluna í þeirri sælu trú að þær umhverfisbreytingar hafi orðið í heiminum sem geri það kleift. Ákveðinn vilji núverandi valdamanna Sovétríkjanna gefur góðar vonir um að unnt verði að draga úr vígbúnaði á næstu árum. Það ber vissulega að taka mið af því og reyna með gagnkvæmum samningum aðila að eyða kjarnorkuvopnum, banna framleiðslu sýklaefna og draga úr alhliða vopnabúnaði.

Þessi þróun kallar á enn meiri þörf fyrir að smáþjóð eins og Ísland sé vel á verði og fylgist vel með gangi þessara mála. Á það bæði við um innri uppbyggingu varnar- og öryggismála Atlantshafsbandalagsins sem og það sem gerist á samningssviði þessara mála gagnvart Varsjárbandalaginu.

Þá hafa atburðir síðustu daga á Alþingi Íslendinga, þar sem fram hefur komið að forsætisráðherra, utanríkisráðherra og jafnvel ríkisstjórnin í heild virðast greinilega ekki hafa haft tök á að fylgjast með þessum mikilvægu málum, sannað þörf þess að sérstakur varnar- og öryggismálaráðherra, með tilheyrandi ráðuneyti og starfsliði, fjalli um þessi mál. Varnar- og öryggismál Íslands eru allt of mikilvæg og viðkvæm mál fyrir Íslendinga og bandamenn þeirra til þess að þau séu einhver hornreka tækifærissinnaðra stjórnmálamanna.

Íslendingar krefjast þess að á þessum málum sé haldið af festu og öryggi. Það varðar frelsi, frið og öryggi allra ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Sþ. 745. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um landgræðslu.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Helgason, Geir Gunnarsson,
Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir,
Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður.

Greinargerð.

Á þeim rúmu átta áratugum, sem liðnir eru síðan skipulegt landgræðslustarf hófst hér á landi, hefur mikið áunnist við stöðvun hraðfara gróður- og jarðvegseyðingar. Uppgræðsluframkvæmdir hafa að mestu hvílt á Landgræðslu ríkisins, en nú gætir vaxandi áhuga félagasamtaka og einstaklinga á þátttöku í þessu merka starfi.

Alkunna er hve íslenskur þurrlendisjarðvegur er blandinn gosösku. Hann er því viðkvæmur, einkum á móbergssvæðunum þar sem jarðvegseyðingin hefur verið mest. Á þessum svæðum og víða utan þeirra bíða fjölmörg landgræðsluverkefni, sum mjög brýn, hvort sem er vegna vindrofs, vatnsrofs, landbrots af völdum fallvatna og sjávar eða sandfoks úr fjörum. Skilyrði til að takast á við eyðingaröflin fara í flestu tilliti batnandi. Með nýjum landgræðslujurtum og stofnum sem fengist hafa með innflutningi og kynbótum, einkum á síðari árum, fæst traustari árangur sáningar í örfoka land. Nýja fræræktarstöðin í Gunnarsholti auðveldar sáningu landgræðslujurta úr flugvélum og rafgirðingar draga úr kostnaði og auðvelda vörslu lands. Árangur aukinnar þekkingar og reynslu sem þannig er fyrir hendi auðveldar nýjar ákvarðanir í landgræðslustarfi.

Með aukinni túnrækt og fækkun sauðfjár hefur beitarálag stórlega minnkað, sérstaklega að vori og hausti þegar gróður er viðkvæmastur fyrir beit. Útbreiðsla viðkvæmra beitarjurta, t.d. birkis og víðitegunda, bera þessari þróun órækt vitni. Þannig auðvelda breyttir búskaparhættir og aukinn skilningur almennings á alhliða umhverfisvernd árangur í þessu mikilvæga starfi.

Á síðastliðnu ári var keypt ný áburðarflugvél að Gunnarsholti. Við það jókst afkastageta Landgræðslunnar við áburðardreifingu úr flugvélum. Ætla má að við sæmilegar aðstæður sé nú unnt að dreifa árlega 5000 tonnum af áburði úr flugvélum en það er helmingi meira en verið hefur á síðari árum. Þessa ónýttu afkastagetu ber vissulega að nýta til fullnustu.

Græðsla örfoka lands með áburði og fræsáningu er einn mikilvægasti þáttur í landgræðslustarfi en eins og áður getur hefur ekki verið fyrir hendi fjármagn svo að unnt væri að sinna því starfi sem vert væri.

Minnkandi áburðarkaup vegna samdráttar í landbúnaði valda nokkrum erfiðleikum í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Forráðamenn verksmiðjunnar hafa kannað hvernig bæta megi úr. Í ljós hefur komið að hagkvæmt væri að framleiða nokkurt magn áburðar með lægra verði til Landgræðslu ríkisins ef það kæmi sem viðbót við þau viðskipti sem nú eiga sér stað milli þessara aðila. Ef þessi áform kæmust í framkvæmd mundi það verða til mikils stuðnings við landgræðslustarfið og auka hagkvæmni í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Slíka kosti ber því að nýta hið bráðasta.

Þótt mikið hafi verið unnið að gróðurkortagerð um þriggja áratuga skeið, sem auðveldar stórlega mat á ástandi gróðurs, hefur gerð jarðvegskorta lítið verið sinnt til þessa. Þó er jarðvegurinn undirstaða gróðursins og með hliðsjón af aðstæðum hérlendum er rík ástæða til að taka meira tillit til jarðvegsþáttarins í rannsóknaáætlunum en gert hefur verið til þessa. Flokka þarf jarðveginn eftir uppblásturshættu, ákvarða þarf og merkja á kort sem nákvæmast einstök svæði eftir virkni jarðvegseyðingar og slíkri kortlagningu þurfa að tengja upplýsingar um veðurfarsþætti, sérstaklega úrkomu sem sums staðar getur skipt sköpum. Þannig yrði væntanlega unnt að beina varnaraðgerðum að þeim svæðum þar sem eyðingin er mest.

Eins og kunngt er ákvað Alþingi að minnast ellefu alda byggðar með þjóðarátaki í græðslu landsins. Þessari ákvörðun var svo fylgt eftir með fimm ára landgræðsluáætlun áranna 1974–1978. Síðan hafa verið gerðar tvær landgræðsluáætlanir, þ.e. 1982–1986 og 1987–1991. Þetta skipulagða landgræðslustarf, sem nálgast hálfan annan áratug, rennir traustum stoðum undir nýjar ákvarðanir sem sérstaklega beindust að þeim landssvæðum þar sem eyðingaröflin skapa mesta hættu. Eðlilegt er að miða við að sú áætlun um græðslu landsins, sem hér er lagt til

að gerð verði, komi í framhaldi af þeirri landgræðsluáætlun sem nú er í gildi. Hér má því engan tíma missa.

Miklu varðar að sem víðtækust samstaða skapist um þetta mikilvæga verkefni. Slíkt starf felur í sér samráð við þá fjölmörgu aðila sem nýta landið með ýmsum hætti. Sérstök áhersla er lögð á málefnalega kynningu meðal almennings á áætluninni en það er forsenda þess að til árangurs leiði.

Sþ. 746. Fyrirspurn [399. mál]

til menntamálaráðherra um málefni Ölduselsskóla.

Frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig var staðið að könnun þeirri er ráðuneytið lét gera á samstarfsörðugleikum skólastjóra Ölduselsskóla annars vegar og kennara við skólann og foreldra barna þar hins vegar?
2. Hverjar voru niðurstöður könnunarinnar?
3. Hver er ástæða þess að ráðherra hefur ákveðið að auglýsa skólastjórastöðuna lausa til umsóknar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 747. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um nýjar reglur um starfslok og starfsréttindi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, landlækni og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og kemur þar fram stuðningur við efni tillögunnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu á orðalagi og heiti hennar sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Alexander Stefánsson.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Sþ. 748. Breytingartillögur [42. mál]

við till. til þál. um nýjar reglur um starfslok og starfsréttindi.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillögugr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um sveigjanleg starfslok.

Sþ. 749. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um að efla kjararannsóknir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Hagstofu Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Þjóðhagsstofnun. Allir þessir aðilar taka undir efni tillögunnar og mæla með samþykkt hennar. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar og fleiri umsagnaraðila koma fram ábendingar um hvernig efla megi kjararannsóknir frá því sem nú er.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu á orðalagi sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Alexander Stefánsson.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Sþ. 750. Breytingartillaga [48. mál]

við till. til þál. um að efla kjararannsóknir.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði efldar og samræmdar. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum sem öruggastar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum.

Sþ. 751. Svar [264. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Birnu K. Lárusdóttur um stafrænar símstöðvar.

1. *Hvaða áætlanir liggja fyrir um uppsetningu stafrænna símstöðva og hvenær má vænta þess að slíkum stöðvum hafi verið komið upp um land allt?*

Uppsetning stafrænna símstöðva á Íslandi hófst árið 1983 og eftir það hafa engar hliðrænar símstöðvar verið keyptar. Stafrænu símstöðvarnar hafa fyrst og fremst verið settar upp þar sem stækkunarþörf hefur verið í sjálfvirka símakerfinu og til að skipta út þeim hliðrænu símstöðvum úti á landsbyggðinni sem ekki hafa annað símaumferðinni. Eldri símstöðvarnar, sem teknar hafa verið niður, hafa verið notaðar til stækkunar á öðrum sams konar símstöðvum þar sem því hefur verið við komið.

Ekki liggur fyrir heildaráætlun um breytingar úr hliðrænum símstöðvum í stafrænar símstöðvar. Flestar hliðrænu stöðvarnar anna nokkuð vel þeirri símaumferð sem fyrir hendi er og eru það nýjar að þær geta veitt góða símaþjónustu mörg ár enn. Hins vegar bjóða þær ekki upp á sérþjónustu stafræna símakerfisins.

Miðað við framkvæmdargetu Póst- og símamálastofnunar á undanförnum árum og vegna hins mikla kostnaðar við uppsetningu stafrænna símstöðva í stað hliðrænna stöðva má gera ráð fyrir að þetta verk taki tvo til þrjá áratugi, en minni niðurskurður á fjárfestingartillögum stofnunarinnar flýtti að sjálfsögðu þessu verki.

2. *Hver er áætlaður kostnaður við uppsetningu stöðvanna?*

Nú eru um 28% símnotenda tengdir stafrænum símstöðvum. Áætlaður kostnaður við uppsetningu stafrænna símstöðva í stað hliðrænna stöðva með um 90.000 símnotendum er um 1000 millj. kr. Til viðbótar þessari fjárhæð kemur kostnaður við eðlilega stækkun símakerfisins á þeim tíma sem útskiptin fara fram.

3. *Hve hátt hlutfall tengdra síma er nú tengt stafrænum stöðvum, sundurliðað eftir svæðisnúmerum?*

91-svæði	u.þ.b. 30%
92-svæði	u.þ.b. 70%
93-svæði	u.þ.b. 30%
94-svæði	0%
95-svæði	u.þ.b. 40%
96-svæði	u.þ.b. 20%
97-svæði	u.þ.b. 25%
98-svæði	u.þ.b. 35%

4. *Hvenær geta símnotendur, sem tengjast stafrænum stöðvum, vænst þess að fá símreikninga sundurliðaða?*

Í áætlun Póst- og símamálastofnunar um fjárfestingar á árinu 1989 voru 30 millj. kr. ætlaðar til þessa verkefnis, en þessi fjárhæð var lækkuð í 5 millj. kr. í fjárlagagerðinni. Stofnunin leggur áherslu á að geta veitt þessa þjónustu sem allra fyrst og vonandi fæst nægjanleg fjárfestingarheimild til að ljúka þessu verki á næsta ári.

5. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á síðustu tveim árum:*
   a. á skrefatalningu,

Í byrjun árs 1987 var gjaldflokkur 1 sameinaður gjaldflokki 0, þó með því fráviki að dagtaxti, þ.e. 360 sek. milli skrefa, gilti allan sólarhringinn fyrir sjálfvirk símtöl milli símstöðva innan sömu greinistöðvar.

Í júlí sama ár voru gerðar enn frekari breytingar á gjaldtöku fyrir símaþjónustu, eða eins og hér fer á eftir:

Gjaldflokki 0 (gjaldflokki 1 frá 15. janúar 1988) var breytt þannig að skreflengd kvöld-, nætur- og helgartaxta var stytt úr ótakmarkaðri lengd í 720 sek.

Gjaldflokkur 2 (frá 15. janúar 1988) varð gjaldflokkur 1 og breyttist þannig að skreflengd dagtaxta fór úr 18 sek. í 24 sek. og skreflengd nætur- og helgartaxta úr 27 sek. í 48 sek. Þessu til viðbótar kom kvöldtaxti með 36 sek. skreflengd.

Gjaldflokkur 3 (frá 15. janúar 1988) varð gjaldflokkur 2 og breyttist þannig að skreflengd dagtaxta fór úr 12 sek. í 18. sek. og skreflengd nætur- og helgartaxta úr 18 sek. í 36 sek. Þessu til viðbótar kom kvöldtaxti með 27 sek. skreflengd.

Dagtaxti gildir frá kl. 8:00 til kl. 18:00 og kvöldtaxti frá kl. 18:00 til 23:00 mánudaga til föstudaga. Nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 23:00 til 8:00 mánudaga til föstudaga og frá kl. 23:00 á föstudögum til kl. 8:00 næsta mánudag.

Aðrar breytingar á skrefatalningu hafa ekki orðið á þessum tíma.

b. á afnotagjaldi?

Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir númer í miðstöð og línu, ásamt skrefgjaldi án söluskatts, hefur breyst á eftirfarandi hátt umrætt tímabil (upphæðir í krónum):

	Afnotagjald	*Skrefgjald*
1. janúar 1987	585	1,32
1. júlí 1987	641	1,56
15. janúar 1988	775	1,90
16. júlí 1988	900	2,21

1. ágúst 1983 var afnotagjaldið 575 kr. en var lækkað 1. júlí 1985 í 530 kr. og hélst óbreytt til 1. janúar 1987. Skrefgjaldið var á sama tíma 1,35 kr. en var lækkað í 1,20 kr. 1. júlí 1985 og hélst óbreytt fram til 1. janúar 1987.

6. *Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til jöfnunar á símakostnaði samkvæmt fyrirheiti þar að lútandi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?*

Í samræmi við kafla um byggðamál í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, þar sem m.a. er kveðið á um jöfnun símagjalda, hefur samgönguráðherra látið undirbúa tillögu um breytingu á gjaldflokkum fyrir símaþjónustu sem felur í sér verulegan áfanga í þá átt að jafna símakostnað. Þessi tillaga hefur verið kynnt í ríkisstjórn og er nú til frekari meðferðar í ráðuneytinu.

Sþ. 752. Svar [306. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Birnu K. Lárusdóttur um gerð brúar yfir Gilsfjörð.

Í Gilsfirði hafa verið til athugunar tveir kostir um veglínur yfir fjörðinn til samanburðar við endurbætur vega fyrir fjörðinn.

Þessar tvær leiðir yfir fjörðinn eru:

Af Kaldrana yfir í Króksfjarðarnes, stytting 16–17 km.

Af Ólafsdalseyrum í Digramúla, stytting 8 km.

Gróft kostnaðarmat og arðsemisamanburður bentu til þess að báðar þessar leiðir gætu verið þjóðhagslega hagkvæmar. Þær frumrannsóknir, sem fara hafa fram undanfarið, hafa beinst að því að safna upplýsingum um báðar leiðirnar, með nokkurri áherslu á ytri leiðina, enda væri mest samgöngubót að henni. Var við það miðað að fyrstu úrvinnslu rannsókna væri lokið í vetur þannig að nota mætti niðurstöður til að ákveða framhaldið þegar vegáætlun verður endurskoðuð síðla vetrar.

Rétt er að geta þess að undirbúningsrannsóknir við svo stóra og flókna mannvirkjagerð eins og í Gilsfirði eru mjög umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Eru þær jafnan unnar í áföngum og reynt í hverjum áfanga að velja úr vænlegustu kostina. Er byrjað á frumrannsóknum og yfirlitsathugunum. Undirbúningur í Gilsfirði er enn á þessu stigi. Endanleg ákvörðun um staðsetningu og tilhögun mannvirkja krefst umfangsmikilla rannsókna til viðbótar þeim sem þegar hafa farið fram. Þessar rannsóknir mundu væntanlega taka nokkur ár þó að nægilegt fjármagn væri fyrir hendi.

1. *Hefur brúarstæði yfir Gilsfjörð verið ákveðið og ef svo er, hvar mun það verða?*
Brúarstæðið á Gilsfirði hefur ekki verið ákveðið og eru báðar leiðirnar enn til athugunar.

2. *Hafa farið fram:*
a. líffræðiathuganir á lífríki Gilsfjarðar,
Gerðar hafa verið athuganir á lífríki Gilsfjarðar og liggur fyrir skýrsla um það: *Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar.* Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. 26. Reykjavík 1989. Í skýrslunni er fjallað um botn neðan fjöru, fjöruna og lífríki hennar og fuglaathuganir. Áður en farið yrði í framkvæmdir sem leitt gætu til verulegrar röskunar á vatnaskiptum þyrfti væntanlega að gera frekari lífríkiskannanir.

b. jarðvegsrannsóknir við væntanlegt brúarstæði,
Fyrstu jarðvegsrannsóknir á svæðinu hafa farið fram.

c. dýptar- og bergmálsdýptarmælingar með tilliti til brúarstæðis skv. 1. lið frá Kaldrana í Króksfjarðarnes?
Fyrstu bergmálsdýptarmælingar hafa farið fram.

3. *Hve miklu fé á að verja á árinu 1989 til rannsókna á fyrirhuguðu brúarstæði?*
Samkvæmt gildandi vegáætlun er ekki veitt fé til rannsókna í Gilsfirði á yfirstandandi ári. Við fyrirhugaða endurskoðun vegáætlunar á þessu ári þarf að taka afstöðu til fjárveitinga til frekari rannsókna. Mun Vegagerðin leggja fram tillögur í þeim efnum.

4. *Hvenær er sérstök fjárveiting fyrirhuguð til brúargerðar yfir Gilsfjörð?*
Í vegáætlun er ekki tekin afstaða til fjárveitinga til rannsókna eða framkvæmda í Gilsfirði eftir 1989.

Sþ. 753. Tillaga til þingsályktunar [400. mál]

um eflingu fræðslustarfs í grunnskólum og framhaldsskólum um björgunarmál og slysavarnir.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Auður Eiríksdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir. Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra, samgönguráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa starfshóp er fái það verkefni að efla til muna kynningar- og fræðslustarf um björgunarmál og slysavarnir í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

Starfshópurinn leiti í þessum tilgangi samstarfs við hjálpar- og björgunarsveitir sem og slysavarnadeildir og hverja aðra þá aðila, sem starfa á þessum vettvangi, um að skipuleggja og efla enn betur en nú er a.m.k. árlegt kynningar- og fræðslustarf í öllum grunnskólum og framhaldsskólum á landinu.

Kostnaður við þessa fræðslu greiðist sem hluti annars rekstrarkostnaðar skólanna.

Greinargerð.

Framkvæmd slysavarna og björgunarmála hefur um langan aldur hvílt mjög á óeigingjörnu starfi sjálfboðaliða hér á landi. Enda þótt nokkur opinber stuðningur hafi verið við

ýmsa þætti þessara mála hafa sjálfboðaliðar borið hitann og þungann, ekki síst þegar mest hefur á reynt er slys eða annan vanda hefur borið að höndum.

Þessi starfsemi hefur orðið æ margþættari á undanförnum árum, einkum vegna marghátt-aðra tækniframfara, t.d. á sviði fjarskipta og hvers konar annars búnaðar í þessu sambandi. Þá hefur og önnur þróun í þjóðfélaginu aukið gildi og jafnframt margbreytni þess starfs sem slysavarnadeildir og björgunarsveitir vinna víða um land. Leitarsvæði eru stundum afar stór, hvort sem er á sjó eða landi, og ætíð er kallað til sjálfboðaliðanna án nokkurs fyrirvara.

Það er þess vegna fátt þýðingarmeira en að þessir aðilar séu stöðugt í viðbragðsstöðu og njóti svo góðrar þjálfunaraðstöðu sem frekast er kostur. Einnig skiptir miklu máli að eðlileg og stöðug endurnýjun geti orðið á sem flestum sviðum þessa starfs, hvort sem varðar mannafla og þekkingu hans og þjálfun ellegar tækjabúnaðar og alla þróun í þeim efnum. Loks skiptir ekki litlu máli að stöðugt sé viðhaldið kynningu og áhuga almennings á gildi þessarar starfsemi og sífelldum stuðningi við hana.

Það er skoðun flutningsmanna þeirrar tillögu til þingsályktunar, sem hér er fram borin, að efling hvers konar kynningarstarfs og skipulagðrar fræðslu í skólum landsins sé vænlegasta leiðin til áframhaldandi framfara á þessum sviðum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Sþ. 754. Tillaga til þingsályktunar [401. mál]

um að heimila veiðar á hrefnu.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra að heimila takmarkaðar veiðar á hrefnu sumarið 1989. Veiðarnar skulu stundaðar undir umsjón Hafrannsóknastofnunar og í því skyni m.a. að meta ástand og stærð hrefnustofnsins og leggja grundvöll að hagnýtingu hans í atvinnuskyni í samræmi við niðurstöður um veiðiþol hans.

Greinargerð.

Nú um fárra ára skeið hafa veiðar á hrefnu verið bannaðar. Þegar það var gert var talin nokkur óvissa um stærð hrefnustofnsins og töldu jafnvel sumir að hrefnum kynni að hafa fækkað svo við landið að ástæða væri til þess að draga mjög verulega úr veiðum eða jafnvel að hætta þeim. Slíkt var þó alls ekki áformað heldur þvert á móti fyrirhugað að veita veiðiheimildir, en mjög takmarkaðar í samræmi við sérstaka áætlun um veiðar á hrefnu undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunar. Sú áætlun sá hins vegar aldrei dagsins ljós af ýmsum ástæðum.

Árlega hafa menn hins vegar átt á því von að áætlun þessi kæmi fram og veiðar gætu hafist. Það fólk, sem haft hafði lífsviðurværi sitt af veiði og verkun hrefnu og lagt fram verulega fjármuni til þess að byggja upp aðstöðu til veiða og vinnslu, hefur stöðugt lifað í voninni um að þær veiðar, sem sjávarútvegsráðuneytið hafði boðað, gætu hafist. Þessir menn hafa lagt mjög hart að sér við að þrauka og lifað í voninni. Þeir hafa reynt með harðfylgi og atorku að halda við skipum og búnaði í landi og orðið að leggja á sig og fjölskyldur sínar þunga byrði. Sama má segja um aðra sem atvinnu sína áttu undir þessum veiðum. Um var þar að ræða íbúa fámennra byggðarlaga, einkum á Vestur- og Norðurlandi, þar sem atvinnulíf er fábreytt og örðugt. Fólkið á þessum stöðum hefur beðið og vonað ár hvert að takmarkaðar veiðar gætu hafist en ávallt orðið fyrir vonbrigðum.

Á þeim árum, sem liðið hafa án þess að hrefnuveiðar væru stundaðar, hefur ýmis ný vitneskja bæst við um hrefnufjölda við Ísland. Við talningu hefur komið í ljós að hrefnur eru við og umhverfis landið í þúsundatali og eru menn almennt sammála um að engin ástæða sé til

að ætla að stofninn sé í hættu heldur bendi þvert á móti allt til þess að meira en óhætt sé að hefja hrefnuveiðar í atvinnuskyni á ný.

Það er ekki nauðsynlegt að halda þeim, sem afkomu sína eiga undir hrefnuveiðum, í frekari óvissu um framtíð veiðanna og það er ástæðulaust að ganga ekki úr skugga um það með takmörkuðum veiðum að óhætt sé að nýta þessa auðlind sjávarins með eðlilegum og skynsamlegum hætti eins og allt bendir til að mögulegt sé.

Sþ. 755. Svar [265. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Birnu K. Lárusdóttur um gjöld af innfluttu kjarnfóðri.

1. *Hve margar krónur eru lagðar á hvert tonn af innfluttu kjarnfóðri?*

Sé ekki tekið tillit til endurgreiðslna nam innheimta kjarnfóðurgjalda að meðaltali 8210 kr. á hvert innflutt tonn. Af svörum við öðrum spurningum þessarar fyrirspurnar má sjá að megnið af þessum 8210 kr. er endurgreitt í einhverju formi.

2. *Hver var heildarupphæð þessara gjalda árið 1988?*

Bráðabirgðatölur samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds og Framleiðsluráðs landbúnaðarins benda til að heildarupphæð innheimtra kjarnfóðurgjalda á árinu 1988 nemi 421.741.000 kr.

3. *Hver var hlutur ríkissjóðs af fyrrnefndum gjöldum?*

Hlutur ríkissjóðs í innheimtum kjarnfóðurgjöldum er samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds 248.028.000 kr.

4. *Hvernig var þessum tekjum ráðstafað?*

Af sérstaka fóðurgjaldinu var innheimt alls 170.628.375 kr. Í tolli voru niðurfelldar 56.609.434 kr. en sjálfar endurgreiðslurnar námu 84.791.762 kr. Til Framleiðnisjóðs og sökum kostnaðar við umsjón var ráðstafað 9.643.904 kr.

Eins og fram kemur í svari við 3. spurningu voru innheimtar alls 248.028.000 kr. í ríkissjóð, grunngjald og sérstakt grunngjald af innfluttu kjarnfóðri, sbr. reglugerð nr. 628 1987. Gert er ráð fyrir að þessar tekjur mæti útgjöldum við niðurgreiðslu söluskatts af sölu afurða svína, hrossa, alifugla og af nautakjöti og eggjum. Á fjárlögum fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að þessi útgjöld næmu 295.000.000 kr.

5. *Hve há fjárupphæð kom til endurgreiðslu (sundurliðað eftir búgreinum)?*
6. *Hve há fjárupphæð var felld niður í tolli (sundurliðað eftir búgreinum)?*

Endurgreiðslu sérstaka grunngjaldsins og grunngjaldsins er ekki hægt með góðu móti að sundurliða eftir búgreinum vegna þess að sjálf endurgreiðslan fer fram á sérstökum fjárlagalið. Gera má þó ráð fyrir að endurgreiðslan sé í beinu samræmi við heildsöluverðmæti þeirra afurða sem endurgreiðslan nær til.

Hins vegar eru til nákvæmar upplýsingar um niðurfellingu í tolli og endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi. Taflan hér á eftir sýnir hvernig því er skipt eftir búgreinum fyrir hið sérstaka fóðurgjald.

Yfirlit um niðurfellingu í tolli og endurgreiðslu sérstaks fóðurgjalds á árinu 1988.
(Upphæðir í kr.)

	Endurgreitt	*Niðurfellt í tolli*
Alifuglar	24.386.975	24.818.416
Svín	14.027.482	31.791.018
Mjólkurframleiðsla	33.709.758	
Nautakjöt	4.476.314	
Sauðfé	7.233.449	
Hross	957.784	

7. Hvaða rök voru fyrir því að hækka gjöld á innfluttu kjarnfóðri um síðustu áramót?

Í fyrsta lagi skal það tekið fram að sérstöku fóðurgjaldi var ekki breytt um síðustu áramót. Í öðru lagi var grunngjald og sérstakt grunngjald hækkað til jafns við verðlag eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga vegna aukinna útgjalda við endurgreiðslu söluskatts.

Sþ. 756. Svar [286. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.

Leitað hefur verið til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna fyrirspurnarinnar. Hér á eftir fer að mestu greinargerð sem borist hefur frá Framleiðsluráði, en þar koma fram ítarleg svör við báðum spurningum fyrirspyrjanda.

Uppgjör Verðmiðlunarsjóðs mjólkur miðaðist við almanaksárið allt þar til lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, tóku gildi en þá var farið að nota verðlagsárið sem reikningsár. Til að halda samræmi hafa tekjur verðlagsáranna 1985/1986–1987/1988 verið sundurgreindar eftir almanaksárum og vaxtatekjur látnar fylgja því almanaksári sem seinni hluti verðlagsárins tilheyrir. Tekjur Verðmiðlunarsjóðs hafa á umræddu tímabili komið af gjaldi á innvegna mjólk, af gjaldi lögðu á selda léttmjólk og af vaxtatekjum.

Tafla 1.

Tekjur Verðmiðlunarsjóðs mjólkur árin 1982–1988 færðar til verðlags 1988 með lánskjaravísitölu.
(Í þús. kr.)

Ár	*Gjald af innveginni mjólk*	*Gjald af seldri léttmjólk*	*Vaxta-tekjur*	*Samtals*
1982	109.790	34.449		144.239
1983	94.713	28.823	6.545	130.081
1984	120.265	34.807	5.468	160.540
1985	184.432	36.143		220.575
1986	155.100		620	155.720
1987	258.380		2.332	260.712
1988	275.795		1.479	277.274

Frá ársbyrjun 1982 til 1. mars 1984 var verðmiðlunargjaldið um 2% af óniðurgreiddu heildsöluverði mjólkur en hækkaði þá og komst í rúm 4% 1. mars 1986. Síðan lækkaði það 1. júní 1986 í tæp 2% af óniðurgreiddu heildsöluverði en hækkaði um haustið og hefur nú um tveggja ára skeið verið í hámarki, eða 5,5% af óniðurgreiddu heildsöluverði.

Frá 1. sept. 1985 var gjald af seldri léttmjólk tekið til annarra nota en verðmiðlunar og hefur svo verið síðan.

Alls störfu 17 mjólkursamlög á þessu tímabili og var meðalársinnvigtun 107,8 milljónir lítra, en minnst var innvigtunin á árinu 1988 eða 102,7 milljónir lítra. Hjá fimm samlögum er meðalinnvigtun þessi ár undir 1 milljón lítra á ári en það er á Patreksfirði, Þórshöfn, Vopnafirði, Neskaupstað og Djúpivogi.

Greiðslur úr Verðmiðlunarsjóði hafa á tímabilinu fyrst og fremst verið háðar afkomu (verðmiðlunarþörf) mjólkursamlaganna. Auk þess hafa verið inntar af hendi greiðslur vegna jöfnunar flutningskostnaðar að samlagi, kostnaðar við lántökur og almenns rekstrarkostnaðar en þær greiðslur eru ekki taldar hér með. Þá ber að geta þess að jöfnun á flutningskostnaði vegna tilfærslu mjólkurafurða milli sölusvæða er færð á sérreikning, millisvæðaflutningsreikning, og koma tekjur og gjöld vegna þessa því ekki inn í uppgjör Verðmiðlunarsjóðs.

Tafla 2.

Samþykkt verðmiðlunarþörf einstakra mjólkursamlaga fyrir rekstrarárin 1981–1987 færð til verðlags 1988 með lánskjaravísitölu.

(Í þús. kr.)

Mjólkursamlag	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*
Patreksfjörður	8.667	15.710	11.962	10.788	13.627	15.612	10.941
Ísafjörður	8.111	10.658	6.810	4.004	8.786	6.852	7.883
Hvammstangi	4.700	19.632	10.810	0	0	0	0
Blönduós	13.382	17.794	26.035	12.808	14.655	15.365	13.553
Sauðárkrókur	0	7.498	19.718	0	0	0	0
Akureyri	73.843	55.166	127.890	46.848	4.728	0	0
Húsavík	10.901	9.625	6.827	0	0	0	8.206
Þórshöfn	4.855	4.811	6.452	4.580	2.560	4.850	5.017
Vopnafjörður	8.298	10.314	10.535	7.960	10.869	8.827	8.284
Egilsstaðir	17.406	26.825	29.744	21.670	14.684	14.714	14.231
Neskaupstaður	6.017	11.439	10.813	5.466	6.323	8.224	8.251
Djúpivogur	2.676	3.495	4.159	5.051	3.069	6.050	3.178
Höfn	9.833	11.006	15.701	7.298	8.068	6.171	8.706
4 ms. á 1. svæði	0	0	0	0	5.199	185.760	163.844
	168.689	203.973	287.456	126.473	92.568	272.425	252.094

Þar sem ekki liggja fyrir ársreikningar mjólkursamlaga fyrir 1988 er ekki unnt að greina frá verðmiðlunarþörf samlaganna á því ári. Þá er og rétt að geta þess að greiðslur Verðmiðlunarsjóðs eru ávallt nokkuð á eftir tímanum. Þannig var ekki að fullu lokið uppgjöri við samlögin fyrir 1987 fyrr en í september 1988.

Þegar verðmiðlunarþörfin er skoðuð miðað við innvegið magn hjá hverju samlagi kemur í ljós að mörg minnstu samlögin hafa verið með mikla verðmiðlunarþörf allt tímabilið.

Tafla 3.

Verðmiðlunarþörf mjólkursamlaga árin 1981–1987 færð til verðlags 1988 með lánskjaravísitölu.
(Í krónum á innveginn lítra.)

Mjólkursamlag	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*
Patreksfjörður	11,03	21,05	14,65	13,32	14,00	15,33	11,37
Ísafjörður	5,92	7,87	4,62	2,68	5,49	3,99	4,79
Hvammstangi	1,85	7,91	4,32	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	3,43	4,52	6,41	3,19	3,46	3,65	3,38
Sauðárkrókur	0,00	0,99	2,41	0,00	0,00	0,00	0,00
Akureyri	3,48	2,58	5,82	2,11	0,21	0,00	0,00
Húsavík	1,68	1,44	0,98	0,00	0,00	0,00	1,34
Þórshöfn	21,20	19,66	24,42	17,07	9,94	18,99	22,17
Vopnafjörður	14,90	17,13	15,56	12,32	15,80	12,65	13,27
Egilsstaðir	7,18	10,69	11,45	8,14	5,18	5,12	5,12
Neskaupstaður	9,83	18,46	18,85	9,84	10,77	12,81	13,27
Djúpivogur	9,30	11,18	11,71	12,68	6,37	10,67	6,18
Höfn	6,17	6,66	9,34	4,24	4,48	3,59	5,74
4 ms. á 1. svæði	0,00	0,00	0,00	0,00	0,08	3,29	2,95
	1,64	1,95	2,70	1,17	0,80	2,48	2,35

Til fróðleiks er rétt að geta þess að meðaltal vinnslu- og heildsölukostnaðar samkvæmt ákvörðun fimmmannanefndar var 11,82 kr. á lítra nýmjólkur á árinu 1988.

Sþ. 757. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um manneldis- og neyslustefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar að á árunum 1990–2000 skuli stefnt að eftirfarandi aðgerðum til að bæta fæðuval og neysluvenjur Íslendinga:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvara skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða, sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.
c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
d. Að efla nám í matvælaiðn, heimilisfræðikennslu og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta, veitinga- og skyndibitastaða.
e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á að borða í skólunum.
f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.

h. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum, með tilliti til smithættu, aukefna og aðskotaefna, sem hættuleg geta verið heilsu manna.
i. Að heilbrigðisráðherra láti gera heildarúttekt árið 1990 á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi, þegar þær liggja fyrir. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar aðgerðum í manneldismálum a–h-liðum. Á árunum 1990–2000 skal gera smærri neysluathuganir í því skyni að fylgjast með þróun neyslunnar. Skulu niðurstöður slíkra athugana lagðar fyrir Alþingi, í fyrsta sinn eigi síðar en árið 1996.
j. Að metin verði hlutdeild innlendrar matvælaframleiðslu í fæðu þjóðarinnar á grundvelli neyslukönnunarinnar. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu lagðar til grundvallar við gerð áætlunar um æskilega og nauðsynlega hlutdeild innlendrar framleiðslu í heildarnæringarþörf þjóðarinnar. Sé þar tekið tillit til almennra hagkvæmnissjónarmiða og nýtingar innlendra auðlinda. Einnig sé tekið tillit til mataröryggis þjóðarinnar, ef aðflutningar teppast eða nauðsynleg öflun matvæla erlendis frá er hindruð með öðrum hætti.
k. Að efldar verði rannsóknir á sviði næringar og heilsu svo og innlendar matvælarannsóknir.
l. Að endurskoðuð sé stefnumótun í manneldis- og neyslumálum með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á áratug.

Meginmarkmið við framkvæmd ofangreindra aðgerða eru sem hér segir:
- Heildarneysla orkuefna miðist við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.
- Kolvetnaneysla aukist, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki.
- Heildarfituneysla minnki og að fitan verði mýkri.
- Hvíta (prótein) verði áfram rífleg í fæði Íslendinga.
- Saltneysla minnki.
- D-vítamínneysla fari ekki undir ráðlagðan dagskammt af D-vítamíni.
- Fæðuval verði sem fjölbreyttast, úr mjólkurmat, kornmat, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, kjöti, fiski og eggjum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er kveðið á um mótun manneldis- og neyslustefnu. Svo var einnig í starfsáætlun ríksstjórnar Þorsteins Pálssonar.

Slík stefnumörkun hefur þegar farið fram í mörgum nágrannalandanna og stefnt er að sameiginlegri markmiðssetningu á þessu sviði innan landa EBE. Reynslan sýnir að ríkulegt framboð matvöru er ekki trygging fyrir æskilegri samsetningu fæðunnar. Þetta hefur komið glöggt í ljós meðal þjóða Vesturlanda, þar sem ýmiss konar sjúkdómar, er tengjast fæðuvali, aukast stöðugt þrátt fyrir ríkulegt framboð matvæla. Því er talin ástæða fyrir stjórnvöld að fylgjast með neyslunni og beina henni, ef ástæða er til, í heppilegri farveg með fræðslu og kynningu og beitingu stjórnvaldsaðgerða sem til þess eru fallnar.

Á sama hátt má með stjórnvaldsaðgerðum og upplýsingastarfi á vettvangi matvælaframleiðslunnar hafa áhrif á framboð matvæla.

Sem dæmi má nefna fituminna viðbit sem komið hefur á markað síðustu ár, verðfellingu á feitu dilkakjöti til bænda, sem tekin var upp 1987 og loks það að til umræðu er að bændur fái eftirleiðis greitt miðað við hvítuinnihald mjólkur í stað þess að greiða fyrir fituinnihald eins og tíðkast hefur.

Á síðari tímum hefur orðið sú breyting á lifnaðarháttum þorra manna að mikil líkamleg áreynsla við vinnu er úr sögunni. Því þarf að draga úr orkumagni fæðisins í samræmi við það.

Samt sem áður þarf að fást í daglegu fæði jafnmikið af steinefnum og flestum vítamínum og áður, ásamt fæðutrefjum, sem kyrrsetumenn mega síst án vera. Því er talið ráðlegt að skerða hlut orkuauðugra og bætiefnasnauðra fæðutegunda, svo sem sætra og feitra matvæla.

Kostir þess, að orkuefni fæðunnar gefi einungis nægа orku til viðhalds störfum líffæranna og orkukræfra athafna, eru einkum að með því er komið í veg fyrir ofeldi og spornað við þeim kvillum, sem því fylgja.

Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf sykur að meðaltali um 19% af heildarorku fæðisins. Draga þarf stórlega úr sykurneyslu en auka að miklum mun hlut sterkju, sem fæst úr kornmat, baunum og kartöflum og í minna mæli úr öðrum garðávöxtum.

Kostir þess að auka hlut sterkjuauðugra fæðutegunda eru einkum að þeim fylgja mikilvæg bætiefni og fæðutrefjar. Kím og hýðishlutar korntegundanna geyma megnið af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum, sem þar er að finna og auk þess fituefni af bestu gerð. Því þarf að leggja áherslu á að velja korntegundir, sem ekki hafa verið sviptar þessum bætiefnum, svo sem haframjöl, rúgmjöl og heilhveiti, og nota brauð gert úr óskertum korntegundum.

Kostir þess að skerða sykurneyslu eru einkum að með því dregur úr hættu á tannskemmdum og fjölþættari fæðutegundir fá stærri hlutdeild í heildarneyslunni.

Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf fita að meðaltali 41% af orkumagni fæðisins og hlutfall fjölómettaðrar fitu á móti mettaðri fitu var 0,2 (mælikvarði á mýkt fitunnar). Æskilegt er að fituneyslan minnki og þá fyrst og fremst hörð fita en að mjúk fita komi að nokkru leyti í hennar stað. Því markmiði skal ná með því að draga úr fituinnihaldi kjöt- og mjólkurafurða, spara feitt viðbit og takmarka fitunotkun við daglega matreiðslu. Jafnframt er ráðlegt að auka fiskolíur í fæði og nota jurtaolíur í matreiðslu, en takmarka hlut harðrar fitu svo sem kostur er. Kostir þess að minnka heildarmagn fitu í fæði eru einkum að með því lækkar kólesteról í blóði, en hækkað kólesteról í blóði er áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma. Auk þess er þá mögulegt að auka hlut fæðutegunda sem auðugri eru af bætiefnum en gefa minni orku. Kostir þess að nota fremur mjúka fitu en harða felast í því að mjúk fita lækkar kólesteról í blóði, en hörð fita hefur að jafnaði gagnstæð áhrif.

Nægileg og fullkomin hvíta fæst úr innlendum fæðutegundum: fiski, kjöti, mjólkurmat og eggjum. Í neyslukönnun manneldisráðs 1979–1980 fengust að meðaltali 16% af orku fæðisins úr hvítu. Þess ber að gæta að í fæðutegundum auðugum af hvítu eru mörg önnur efni líkamanum nauðsynleg, svo sem járn í kjöti, kalk í mjólkurmat og hollar fitusýrur í fiski. Því má ekki ganga of langt í að takmarka neyslu þessara fæðutegunda.

Talið er að mikil saltneysla geti átt þátt í að auka háþrýsting, en háþrýstingur er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Því er mælt með því að takmarka saltneyslu með því að sneiða hjá saltmeti og draga úr saltnotkun í matreiðslu og við borðhald.

Samkvæmt neyslukönnun manneldisráðs 1979–1980 var of lítið af D-vítamíni í daglegu fæði þeirra landsmanna sem ekki tóku lýsi eða fjölvítamín að staðaldri. Ráðlagt er að bæta úr því með lýsisneyslu. Í einni teskeið (5 ml) af þorskalýsi eða hálfri teskeið af ufsalýsi fæst dagskammtur af D-vítamíni og að auki fjölómettuð fita.

D-vítamín er nauðsynlegt til þess að kalkið í fæðunni skili sér inn í efnaskipti líkamans (frásogist) og nýtist við myndun og viðhald beinvefs, þar á meðal tanna. Fleiri efnaferli eru háð D-vítamíni og kalkbúskap líkamans.

Í samræmi við framanritað er talið æskilegt að stefna að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum:

- Kornmat.
- Mjólkurmat.
- Kartöflum, grænmeti og ávöxtum.
- Kjöti, fiski og eggjum.

Engin ein fæðutegund, hversu holl sem hún er talin, inniheldur í hæfilegum hlutföllum öll þau næringarefni sem nauðsynleg eru. Því getur einhæft fæði aukið líkur á að einhver næringarefni skorti. Með fjölþættu vali fæðutegunda er unnt að gera fæðisáætlanir sem uppfylla kröfur um alhliða næringu.

Hér á landi hefur manneldisráð haft forustu um setningu markmiða á sviði manneldismála. Eru manneldismarkmið ráðsins lögð til grundvallar við stefnumörkun í þingsályktunartillögu þessari. Um æskilegt magn einstakra næringarefna í fæðu skal vísað til þeirra.

Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hófst undirbúningur þessa máls í maí 1988. Skipaður var tíu manna samráðshópur. Í honum eiga sæti fimm fulltrúar manneldisráðs, Snorri Páll Snorrason, Brynhildur Briem, Hrafn Tulinius, Elísabet Magnúsdóttir og Laufey Steingrímsdóttir, og fulltrúar fimm ráðuneyta, Stefán Aðalsteinsson landbúnaðarráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson viðskiptaráðuneyti, Kristín Magnússon sjávarútvegsráðuneyti, Kristinn Björnsson iðnaðarráðuneyti og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, og er hann jafnframt formaður samráðshópsins.

Ráðherra skipaði úr samráðshópnum framkvæmdahóp þriggja fulltrúa sem í eiga sæti Stefán Aðalsteinsson, Brynhildur Briem og Páll Sigurðsson sem er formaður hópsins.

Ráðinn var verkefnisstjóri, Unnur Stefánsdóttir, sem annast hefur daglega framkvæmd verkefnisins og er ritari beggja hópanna.

Starfshópurinn hefur látið taka saman safn greinargerða (rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 1/1989) um ýmsa þætti, sem haft geta áhrif á fæðuval og neysluvenjur, svo og um ýmis grundvallaratriði manneldismála. Ritið heitir *Manneldi og neysla* og hefur verið sent alþingismönnum til kynningar.

Alls fjalla 28 sérfræðingar um sín sérsvið í riti þessu.

Þá er hafinn undirbúningur víðtækrar neyslukönnunar og til að annast þá framkvæmd hefur verið ráðin dr. Laufey Steingrímsdóttir. Gert er ráð fyrir að undirbúningur taki allt þetta ár en sjálf könnunin fari fram á árinu 1990.

Til þess að fá sem gleggst yfirlit yfir matarvenjur þjóðarinnar er talið nauðsynlegt að könnunin sé gerð á öllum tímum árs, sem víðast á landinu. Tilgangur svo umfangsmikillar neyslukönnunar er að fá sem skýrasta mynd af næringarástandi þjóðarinnar, einstakra aldurshópa og stétta svo að hefja megi markvisst starf til úrbóta þar sem ástæða reynist til og hægt er að aðlaga fæðunotkun hinni mörkuðu manneldisstefnu.

Fylgiskjal I.

Manneldisráð Íslands 1987:

Manneldismarkmið fyrir Íslendinga.

1. Heildarneysla orkuefna sé miðuð við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.
2. Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist um 50 til 60% af orkunni, einkum úr grófu korni, grænmeti og ávöxtum, þar af ekki yfir 10% úr sykri.
3. Hæfilegt er að fita veiti ekki meira en 35% af orkunni og hlutfall fjölómettaðrar og mettaðrar fitu verði aukið í allt að 0,4.
4. Hæfilegt er að hvíta (prótein) veiti að minnsta kosti 10% orkunnar.

5. Hæfilegt er að neysla á matarsalti sé undir 8 gr á dag fyrir fullorðna.
6. Hæfilegt er að D-vítamínneysla fari ekki undir 10 ug (400 alþjóðaeiningar) á dag.
7. Stefnt skal að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum:
   - Kornmat.
   - Mjólkurmat.
   - Grænmeti og ávöxtum.
   - Kjöti, fiski og eggjum.

Greinargerð um manneldismarkmiðin.

Manneldisráð Íslands birtir meðfylgjandi manneldismarkmið í þeim tilgangi að efla heilbrigði þjóðarinnar með því að veita leiðbeiningar um fæðuval.

Leiðbeiningarnar eru í samræmi við þau fræði sem næringar- og manneldisfræði byggir á, en þau eru í stöðugri þróun eins og önnur vísindi. Jafnframt því sem þekking eykst fer fram sífellt endurmat á manneldismarkmiðum þjóða. Getur það leitt til þess, ásamt breyttum lifnaðarháttum, að misjöfn áhersla sé lögð á vægi einstakra þátta manneldis. Skal aðeins nefndur munur sem er á mataræði fátækra þjóða og auðugra.

Manneldisráð Íslands beinir ráðleggingum sínum til almennings og sérstaklega þeirra sem bera ábyrgð á manneldi á heimilum og á stofnunum, svo sem sjúkrahúsum, dvalarheimilum, skólum og mötuneytum. Einnig ber fyrirtækjum sem stunda matvælavinnslu og matvælaiðnað að taka mið af leiðbeiningum Manneldisráðs Íslands, m.a. með því að gera fullnægjandi grein fyrir næringargildi vörutegunda sinna, svo og innihaldi hálfmatreiddra og tilbúinna rétta.

Einstakar greinar markmiðanna.

1. Orkuefni.

Heildarneysla orkuefna sé miðuð við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.

Á síðari tímum hefur orðið sú breyting á lifnaðarháttum þorra manna að mikil líkamleg áreynsla við vinnu er úr sögunni. Því þarf að draga úr orkumagni fæðisins í samræmi við það. Samt sem áður þarf að fást í daglegu fæði jafnmikið af steinefnum og flestum vítamínum eins og áður, ásamt fæðutrefjum sem kyrrsetumenn mega síst án vera. Því er ráðlegt að skerða hlut orkuauðugra og bætiefnasnauðra fæðutegunda, svo sem sætra og feitra matvæla.

Kostir þess að orkuefni fæðunnar gefi einungis næga orku til viðhalds störfum líffæranna og orkukræfra athafna eru einkum að með því er komið í veg fyrir ofeldi og spornað við þeim kvillum sem því fylgja.

2. Kolvetni.

Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist 50–60% af orkunni, einkum úr kornmat, grænmeti og ávöxtum, þar af ekki yfir 10% úr sykri.

Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf sykur um 19% að meðaltali af heildarorku fæðisins. Draga þarf stórlega úr sykurneyslu en auka að miklum mun hlut sterkju sem fæst úr kornmat, baunum, kartöflum og í minna mæli úr öðrum garðávöxtum.

Kostir þess að auka hlut sterkjuauðugra fæðutegunda eru einkum að þeim fylgja mikilvæg bætiefni og fæðutrefjar. Kím og hýðishlutar korntegundanna geyma megnið af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum sem þar er að finna og auk þess fituefni af bestu gerð. Því þarf að leggja áherslu á að velja korntegundir sem ekki hafa verið sviptar þessum bætiefnum, svo sem haframjöl, rúgmjöl og heilhveiti og nota brauð gerð úr óskertum korntegundum.

Kostir þess að skerða sykurneyslu eru einkum að með því dregur úr hættu á tannskemmdum, einnig fá þá fjölþættari fæðutegundir stærri hlutdeild í heildarneyslunni.

3. Fita.

Fituneysla fari ekki yfir 35% af heildarorkunni og hlutfall fjölómettaðrar og mettaðrar fitu verði aukið frá því sem nú er í allt að 0,4.

Til þess að ná þessu marki má draga úr neyslu kjötfitu, mjólkurfitu og harðrar jurtafeiti en nota þess í stað mjúka fitu. Gott er að auka neyslu á fiski, fiskolíum og annarri mjúkri fitu. Mælt er með að skerða fituneyslu að mun. Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf fita að meðaltali 41% af orkumagni fæðisins, en æskilegt hlutfall er innan við 35%. Því markmiði skal ná með því að draga úr notkun feitra kjöt- og mjólkurafurða, spara feitt viðbit og takmarka fitunotkun við daglega matreiðslu. Jafnframt er ráðlagt að auka fiskolíur í fæði og nota jurtaolíur í matreiðslu, fitu sem storknar ekki í kæliskáp, en takmarka hlut harðrar fitu svo sem kostur er.

Kostir þess að minnka heildarmagn fitu í fæði eru einkum að með því er mögulegt að auka hlut fæðutegunda sem auðugri eru af bætiefnum en gefa minni orku, færri kaloríur. Fæðið verður með því fullkomnara og leiðir síður til ofeldis.

Kostir þess að nota mjúka fitu en sniðganga harða felast í mismunandi eiginleikum fitutegunda. Olíur ríkar af fjölómettuðum fitusýrum lækka fremur kólesteról í blóði, en í harðri fitu eru fitusýrur sem hafa gagnstæð áhrif, auka kólesteról í blóði og þar með hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

4. Hvíta (prótein).

Hæfilegt er að hvíta veiti að minnsta kosti 10% orkunnar.

Nægileg og fullkomin hvíta fæst úr innlendum fæðutegundum: fiski, kjöti, mjólkurmat og eggjum. Í neyslukönnun manneldisráðs 1979-1980 fengust að meðaltali 16% af orku fæðisins úr hvítu. Þess ber að gæta að í fæðutegundum auðugum af hvítu eru mörg önnur efni, líkamanum nauðsynleg, svo sem járn í kjöti, kalk í mjólkurmat og hollar fitusýrur í fiski. Því má ekki ganga of langt í að takmarka neyslu þessara fæðutegunda.

5. Matarsalt.

Talið er að mikil saltneysla geti átt þátt í að auka háþrýsting. Of hár blóðþrýstingur, háþrýstingur, er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

Því er mælt með að takmarka saltneyslu með því að sneiða hjá saltmeti og takmarka salt í matreiðslu og við borðhald að því marki að dagsneysla sé undir 8 grömmum.

6. D-vítamín.

Samkvæmt neyslukönnun manneldisráðs 1979-1980 var að meðaltali of lítið af D-vítamíni í daglegu fæði landsmanna, miðað við ráðlagða dagskammta.

Ráðlagt er að bæta úr því með lýsisneyslu. Í einni teskeið (5 ml) af þorskalýsi fæst dagskammtur af D-vítamíni og að auki fjölómettuð fita.

D-vítamín er nauðsynlegt til þess að kalkið í fæðunni skili sér inn í efnaskipti líkamans (frásogist) og nýtist við myndun og viðhald beinvefs, þar á meðal tanna. Fleiri efnaferlar eru háðir D-vítamíni og kalkbúskap líkamans.

Af ufsalýsi þarf aðeins hálfa teskeið til þess að fá dagskammt af D-vítamíni, en sé það notað skerðast fiskolíurnar að sama skapi.

Í lýsispillum er D-vítamín, en lítið af fiskolíum.

Þess ber að gæta að óhófsneysla A- og D-vítamína getur verið skaðleg, t.d. ef margra vítamínauðugra meðala er neytt samtímis að staðaldri.

7. Fæðuval.

Stefnt skal að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum í þeim hlutföllum orkuefna sem að framan greinir:

- Kornmat.
- Mjólkurmat.
- Grænmeti og ávöxtum.
- Kjöti, fiski og eggjum.

Engin ein fæðutegund, hversu holl sem hún er talin, inniheldur í hæfilegum hlutföllum öll þau næringarefni sem nauðsynleg eru. Því getur einhæft fæði aukið líkur á að einhver næringarefni skorti.

Með fjölþættu vali fæðutegunda er unnt að gera fæðisáætlanir sem uppfylla kröfur um alhliða næringu.

Fylgiskjal II.

Manneldisráð Íslands 1986:

Ráðlagðir dagskammtar.

Skilgreining.

Ráðlagðir dagskammtar (RDS) eru það magn nauðsynlegra næringarefna sem fullnægir næringarþörfum alls þorra heilbrigðs fólks að mati manneldisráðs Íslands.

Þarfir einstaklinga eru breytilegar og eru skammtarnir settir með tilliti til þessa. Því eru RDS-gildin hærri en þörf allflestra einstaklinga. Þar af leiðir að ekki skyldi túlka RDS sem einstaklingsbundna næringarþörf, heldur fremur sem ráðleggingar eða viðmiðunargildi er meta skal næringu hópa fólks.

Skammtastærðirnar miðast við þarfir heilbrigðra. Fyrirburar, sjúklingar með efnaskiptasjúkdóma, sýkingar eða langvarandi sjúkdóma, svo og þeir sem taka lyf að staðaldri hafa oft aðrar næringarþarfir.

Gert er ráð fyrir að næringarefnin komi úr blönduðu almennu fæði. Skammtastærðir eru því settar með hliðsjón af breytilegri nýtingu (frásogi) næringarefna. Ekki eru sett RDS-gildi fyrir öll nauðsynleg næringarefni og er það yfirleitt vegna skorts á heimildum. Þó skal sérstaklega tekið fram að ráðleggingar varðandi hvítu (prótein) svo og önnur orkuefni er að finna í manneldismarkmiðum manneldisráðs.

RDS byggjast á þekkingu og rannsóknum í næringarfræðum og krefjast því stöðugrar endurskoðunar. Þessi önnur útgáfa af RDS manneldisráðs Íslands 1986 kemur í stað fyrri útgáfu af RDS frá árinu 1979.

MANNELDISRÁÐ ÍSLANDS, 1986 - RÁÐLAGÐIR DAGSKAMMTAR (RDS) AF ÝMSUM NÆRINGAREFNUM

		Fituleysanleg vítamín			Vatnsleysanleg vítamín							Steinefni				
	Aldur ár	A (μg)[a] (RJ.)	D (μg)[b]	E (mg)[c] (a-TJ.)	C (mg)	Þíamín (mg)	Ríbóflavín (mg)	Níasín (mg)[d] (NJ.)	B_6 (mg)	Fólasín (μg)[e]	B_{12} (μg)	Kalk (mg)	Fosfór (mg)	Magníum (mg)	Járn (mg)	Zink (mg)	Joð (μg)
Börn	0.0–0.5	420	10	3	35	0.3	0.4	6	0.3	30	0.5	360	240	50	10	3	40
	0.5–1.0	400	10	4	35	0.5	0.6	8	0.6	45	1.5	540	360	70	15	5	50
	1–3	400	10	5	45	0.7	0.8	9	0.9	100	2.0	800	800	150	15	10	70
	4–6	500	10	6	45	0.9	1.0	11	1.3	200	2.5	800	800	200	10	10	90
	7–10	700	10	7	45	1.2	1.4	16	1.6	300	3.0	800	800	250	10	10	120
Karlar	11–14	1000	10	8	50	1.4	1.6	18	1.8	400	3.0	1200	1200	350	18	15	150
	15–18	1000	10	10	60	1.4	1.7	18	2.0	400	3.0	1200	1200	400	18	15	150
	19–22	1000	10	10	60	1.5	1.7	19	2.2	400	3.0	800	800	350	10	15	150
	23–50	1000	10	10	60	1.4	1.6	18	2.2	400	3.0	800	800	350	10	15	150
	51+	1000	10	10	60	1.2	1.4	16	2.2	400	3.0	800	800	350	10	15	150
Konur	11–14	800	10	8	50	1.1	1.3	15	1.8	400	3.0	1200	1200	300	18	15	150
	15–18	800	10	8	60	1.1	1.3	14	2.0	400	3.0	1200	1200	300	18	15	150
	19-22	800	10	8	60	1.1	1.3	14	2.0	400	3.0	800	800	300	18	15	150
	23-50	800	10	8	60	1.0	1.2	13	2.0	400	3.0	800	800	300	18	15	150
	51+	800	10	8	60	1.0	1.2	13	2.0	400	3.0	800	800	300	10	15	150
Á meðgöngutíma		+200	10	+2	+20	+0.4	+0.3	+2	+0.6	+400	+1.0	+400	+400	+150	++	+5	+25
Með barn á brjósti		+400	10	+3	+40	+0.5	+0.5	+5	+0.5	+100	+1.0	+400	+400	+150	+++	+10	+50

++ Aukinni þörf á meðgöngutíma er ekki unnt að mæta með venjulegu fæði og því er ráðlagt að taka 30-60 mg af járni aukalega.

+++ Járnþörf mjólkandi kvenna er ekki verulega aukin, en þó er skynsamlegt að taka járn áfram um tíma eftir barnsburð svo járnbirgðir líkamans aukist á ný.

a) Retinol jafngildi. 1 RJ = 1 μg retinol eða 6 μg b -karotín.
b) Reiknað sem kólekalsiferol. 10 μg kólekalsiferol = 400 alþjóðaeiningar (AE).
c) a-tókóferol jafngildi. 1 a-TJ = 1 mg d- a-tókóferol.
d) Níasín jafngildi. 1 NJ = 1 mg níasín eða 60 mg tryptofan.
e) Fólasín ráðleggingar miðast við heildarmagn fólasíns í fæðunni, þar sem fólasín er mælt með *Lactobacillus casei* aðferð eftir meðhöndlun með konjugasa.

Ed. 758. Frumvarp til laga [403. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „Skírlífisbrot“ komi: Kynferðisbrot.

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manneskju til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Hafi hættuleg aðferð verið notuð við verknaðinn, eða sakir eru miklar að öðru leyti, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að sex árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar, eða þannig er ástatt um hana að öðru leyti, að hún getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að sex árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann eða vistkonu á stofnuninni varðar það fangelsi allt að fjórum árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að hún er honum háð fjárhagslega eða í atvinnu sinni, skal sæta fangelsi allt að þremur árum eða, sé manneskjan yngri en 18 ára, allt að sex árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan, skal sæta fangelsi allt að sex árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að sex árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú, er greinir í 1. mgr. varðar allt að tveggja ára fangelsi og allt að fjögurra ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að fjórum árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri, þegar verknaður átti sér stað, má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, og allt að sex ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú, sem greinir í 1. mgr., varðar fangelsi allt að tveimur árum og allt að fjögurra ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, skal beita vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–204. gr. má falla niður, ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu, að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu, eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Hafi sá sem sæta skal refsingu skv. 206. gr. áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein, eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þyngja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti".

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa 5 manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina: Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing og Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa. Þorsteini A. Jónssyni, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í nóvember 1988. Meðal tillagna nefndarinnar var að ákvæðum 194.–199. gr. í XXII. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, verði breytt og skilaði nefndin frumvarpi þar að lútandi.

Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu, sem fram kom í frumvarpi nauðgunarmálanefndar, um breyting á almennum hegningarlögum, og því að á Alþingi vorið 1988 var frumvarpi um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar, ákvað dómsmálaráðuneytið að leggja frumvarp nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum í XXII. kafla hegningarlaganna væri lokið.

Jónatan Þórmundsson prófessor vann það verk í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Almennar athugasemdir.

Um gildissvið breyttra ákvæða.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, um skírlífisbrot, og á 190. gr. úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot.

Í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar tekur endurskoðun þessi annars vegar til 194.–199. gr., sbr. 202. gr. laganna. Öll þessi ákvæði eru nú kynbundin, þ.e. einungis konur njóta refsiverndar samkvæmt þeim, og karlar einir geta verið gerendur. Kona gæti þó gerst sek um hlutdeild í broti karlmanns. Rétt þykir að öll þessi ákvæði nái jafnt til karla sem kvenna í samræmi við réttarþróun í öðrum löndum. Í norsku hegningarlögunum hefur lengi verið ókynbundið ákvæði, en lögum var einnig breytt í það horf í Danmörku 1981 og í Svíþjóð 1984. Þótt brot þessi bitni nær eingöngu á konum og núverandi orðalag sé því næst raunveruleikanum er ekki ástæða til að ætla að víðtækara orðalag raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna.

Hins vegar tekur endurskoðunin til 190. gr. um sifjaspell og 200.–209. gr. Nokkur þessara ákvæða eru nú kynbundin og er þeim öllum með frumvarpi þessu breytt í það horf að þau verði ókynbundin. Ákvæði frumvarpsins eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna, eftir því sem við á.

Um verknað og fullframningu.

Ákvæði 190. gr. og 194.–201. gr. eru nú á því byggð að samræði eigi sér stað. Ekki er ætlast til í frumvarpi þessu að fullframið samræði sé virt með sama hætti og tíðkast hefur í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Nægilegt er að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna, ef því er að skipta. Nákvæm skilgreining fullframins samræðis skiptir minna máli en áður, ef fyrirhugaðar breytingar verða að lögum, svo sem nú skal nánar skýrt.

Lagt er til að svokölluð „önnur kynferðismök“, sem nú er fjallað um í 202. gr. hgl., verði lögð að jöfnu við samræði, svo sem gert hefur verið í hinum nýju sænsku ákvæðum í Brottsbalken frá 1984. Svarar þá hvort tveggja nokkurn veginn til hugtaksins „utuktig omgang“ í 192. gr. norsku hegningarlaganna. Ber að skýra hugtakið „önnur kynferðismök“ fremur þröngt þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogat). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Ný ákvæði eru í 8.–10. gr. frumvarpsins um breyting á 200.–202. gr. laganna um kynferðislega áreitni, sem ekki telst slík misnotkun á líkama, að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Hér er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hingað til hefur verið heimfært undir 209. gr. laganna. Rétt þykir að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Með þessu er engan veginn ætlunin, fremur en verið hefur, að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af ofangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp heitið kynferðisbrot í stað skírlífisbrot. Eðlilegt er að miða fremur við einkenni háttseminnar en þau áhrif sem hún hefur á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola.

Um 2. gr.

Lýsing verknaðaraðferða er rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar tekur þetta ákvæði frumvarpsins til allra refsiverðra ofbeldishótana, en ekki til annarra hótana, sbr. hins vegar nú 196. gr. hgl. Einnig felst í ákvæðinu rýmkun á þann veg að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Ofbeldishótanir eru almennt svo alvarlegar í eðli sínu að óþarft er að halda þessu skilyrði. Að sjálfsögðu dæma dómstólar aðeins fyrir þær hótanir sem alvarlega eru meintar eða hótunarþoli hefur a.m.k. réttmæta ástæðu til að taka alvarlega. Orðalag hins nýja ákvæðis útilokar ekki að efni ofbeldishótunar geti beinst að nánum vandamanni brotaþola eða að því sé ætlað að bitna á honum, t.d. barni brotaþola, sbr. gildandi ákvæði.

Ekki felst efnisbreyting í 2. málsl. 1. mgr. varðandi aðferðir sem lagðar verða að jöfnu við ofbeldi.

Lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, almennt ákvæði (1. mgr.) og refsihækkunarákvæði með sjálfstæðum refsimörkum (2. mgr.). Er sú tilhögun álitlegri að gefa nokkurt svigrúm í almenna ákvæðinu fremur en að taka upp strangara almennt ákvæði að viðbættu refsilækkunarákvæði. Sem refsihækkunarástæða er nefnd hættuleg aðferð (t.d. notkun bereflis eða annarra vopna) og miklar sakir að öðru leyti (svo sem ef brot er framið af fleiri mönnum saman, sbr. 2. mgr. 70. gr., ef um endurtekin brot er að ræða eða trúnaðarbrot).

Almenn refsimörk ákvæðisins eru milduð frá því sem nú er, þ.e. 10 ára fangelsi sem hámark og 30 daga fangelsi sem lágmark, sbr. 34. gr. hgl. Séu refsihækkunarástæður fyrir hendi eru refsimörk svipuð og nú, þ.e. hámark 16 ára fangelsi og lágmark eins árs fangelsi. Fellt er niður ævilangt fangelsi. Rétt er að taka fram að ofangreind refsimörk eru þyngri en í dönsku hegningarlögunum, svipuð og í sænsku refsilögunum, en ívið vægari en í norska ákvæðinu. Sænsku lögin hafa að vísu tveggja og fjögurra ára lágmark, en tiltölulega mild hámarksákvæði.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 196. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að allar ofbeldishótanir varða við 194. gr. samkvæmt frumvarpinu. Verður aðgreiningin við það mun gleggri milli nauðgunarbrota og annarrar ólögmætrar kynferðisnauðungar. Engin dæmi eru hér nefnd um slíka nauðung, en hafa má 225. gr. hgl. til hliðsjónar þótt sú grein sé ekki tæmandi hér. Nefna má hótanir yfirboðara eða samstarfsmanns á vinnustað um uppsögn, óhagstæð starfskjör, sakburð eða annað óhagræði. Refsimörk eru óbreytt.

Um 4. gr.

Það nýmæli felst í þessu ákvæði, að um ótvíræða misneytingaraðferð þarf að vera að ræða („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Hinu afbrigðilega ástandi brotaþola er lýst með nokkru almennari orðum en í gildandi ákvæði 195. gr. („andlegir annmarkar"). Slík rýmkun verður tæpast talin varhugaverð, ef misnotkun aðstöðu er áskilin hverju sinni. Rétt þykir að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Fyrir utan þær breytingar, sem lýst var í hinum almennu athugasemdum, er ákvæðið að mestu óbreytt efnislega þótt stofnananöfn séu færð í nútímahorf.

Um 6. gr.

Refsimörk eru hér þyngd og aldursmark lækkað. Hins vegar þykir rétt í þessu sambandi að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 7. gr.

Auk þeirra tveggja svikaþátta, sem fyrir eru í gildandi ákvæði, er bætt við svikum í sambandi við læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð. Rétt þykir í 1. mgr. ákvæðisins að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 8. gr.

Meginefni 190. gr. um sifjaspell er með þessu ákvæði flutt úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot í hinn nýja kafla um kynferðisbrot og sameinað þar nýju ákvæði um aðra kynferðislega áreitni gagnvart niðjum. Fer betur á þessari tilhögun þar sem slík brot eru oft nátengd öðrum brotum gegn ákvæðum þessa kafla, einkum 202. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í ákvæði þessu eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði og má um það nýmæli vísa til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu.

Felld er niður refsiábyrgð barna og annarra niðja sem hlut eiga að samræði eða öðrum kynferðismökum milli ættingja í beinan ættlegg. Til þess liggja m.a. þau rök að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Breyting þessi er og í samræmi við lög í nálægum löndum, svo sem í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ákvæðið á jafnt við brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum og það nær til brota kynforeldris gagnvart barni sem ættleitt hefur verið af öðrum, enda sé ásetningur fyrir hendi.

Sé barn yngra en 14 ára verður hinum brotlega einnig refsað fyrir brot gegn 202. gr. (concursus idealis), sbr. 77. og 78. gr. laganna. Sama máli gegnir ef nauðung er beitt. Þá reynir jafnframt á 194. eða 195. gr.

Refsimörk ákvæðisins eru nokkuð þyngd frá því sem nú er þar sem almenna hámarkið í 1. mgr. er hækkað úr fjórum árum í sex ár og úr sex árum í 10 ár, sé barnið yngra en 16 ára (miðað er við 18 ára aldur í gildandi lögum). Refsimörk þau, sem hér er gert ráð fyrir, eru þyngri en tíðkast í nálægum löndum, og er svo einnig um flest þau ákvæði er á eftir fara.

Ákvæðið í 3 mgr. um systkini er eins og önnur ákvæði kaflans rýmkað á þann veg að „önnur kynferðismök“ eru lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið tekur jafnt til hálfsystkina sem alsystkina. Þá eru refsimörk hert, en hins vegar er refsibrottfallsheimild rýmkuð með því að miða við 18 ára aldur í stað 16 ára.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 201. gr. eins og hún hljóðar nú. Í samræmi við önnur ákvæði kaflans eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið verður ókynbundið eins og öll önnur ákvæði kaflans. Í upptalningu barna er bætti við stjúpbarni og sambúðarbarni. Áhersla er hér lögð á það að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með fósturbarni er átt við hvert það barn sem beint eða óbeint er tengt ákveðnu heimili á þann veg að það lítur á það sem sitt (annað) heimili.

Hliðstætt ákvæði því, sem lagt er til að verði í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins, um kynferðislega áreitni, er einnig sett í þessa grein.

Almenn refsimörk 1. mgr. ákvæðisins eru hin sömu og 201. gr. gildandi laga, en hér er bætt við þyngra refsihámarki sé barn yngra en 16 ára.

Um 10. gr.

Grein þessi svarar til 200. gr. gildandi laga. Eins og annars staðar í kaflanum eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Bætt er við sérstöku ákvæði í 1. mgr. um aðra kynferðislega áreitni. Má um þetta tvennt vísa til þess sem áður er komið fram. Refsihámark 1. mgr. er lækkað úr 12 árum í 10 ár til samræmis við önnur ákvæði kaflans um alvarleg brot. Sé

að auki um saknæma aðferð við brot að ræða, t.d. nauðung, er öðrum ákvæðum beitt jafnframt (concursus idealis) og þá tekið tillit til beggja (allra) brotanna við ákvörðun refsingar í samræmi við ákvæði 77. og 78. gr. laganna um brotasamsteypu. Refsimörk ákvæðisins eru svipuð og í Danmörku og Noregi, en mun þyngri en í sænsku lögunum.

Síðari málsgrein ákvæðisins er hér ókynbundin og heldur fyllri en í gildandi ákvæði með því að taldar eru upp dæmigerðar aðferðir við tælingu.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt. Hún vísar þó ekki lengur til 195. gr. (hér eftir 196. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins). Slík tilvísun á ekki lengur við, þar sem nú er áskilin ótvíræð misneyting í 196. gr. („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Ekki er heldur vísað til 203. gr., þar sem lagt er til í frumvarpinu að afnumin verði öll sérákvæði um kynferðisbrot samkynhneigðra persóna.

Um 12. gr.

Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

Um 13. gr.

Sú breyting er gerð á þessari grein að efni 181. gr. um vændi og hagnýtingu þess er flutt í 1. mgr. greinarinnar og jafnframt breytt í ókynbundið ákvæði. Refsihámarkið er hækkað úr tveimur árum í fjögur ár.

2.–4. mgr. greinarinnar svara til 206. gr. gildandi laga með þeirri rýmkun á efnissviði 4. mgr. frá því sem nú er í 1. mgr. ákvæðisins, að sá, sem með ginningum, hvatningum eða milligöngu stuðlar að því að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu, skal sæta refsingu eins og sá sem gerir sér lauslæti annarra að tekjulind. Hér getur t.d. verið um að ræða útvegun ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milligöngu um að manneskja háð vímuefnum eigi kynferðismök gegn greiðslu í einstakt skipti eða oftar.

Um 14. gr.

Á þessari grein eru einungis gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við aðrar breytingar er af frumvarpinu leiðir.

Um 15. gr.

Formlega séð eru óverulegar breytingar gerðar á grein þessari. Refsimörkin eru þó hert nokkuð. Af nýjum sérákvæðum í 200.–202. gr., sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma.

Um 16. gr.

Um 1. mgr. Sjá skýringar við 13. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr. Meginefni 190. gr. laganna er flutt í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjá nánar skýringar við þá grein.

Þá er lagt til að 203. gr. verði felld brott. Ástæða þess er að hin nýju ákvæði frumvarpsins eru ókynbundin og taka til athafna samkynja persóna, eftir því sem við á. Nauðungarbrot karlmanns gagnvart öðrum karlmanni varðar þannig við 194. eða 195. gr., sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, og við brotinu liggur sú refsing er þar getur um.

Loks er lagt til að 207. gr. verði felld brott. Miðað við nútímaviðhorf gagnvart samkynhneigðum er ákvæðið úrelt.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [404. mál]

um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn mengun frá fiskeldi, að meðtalinni erfðamengun, og leggja það fyrir næsta reglulegt þing. Jafnframt verði mótaðar samræmdar reglur um kröfur varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim.

Greinargerð.

Fiskeldi hefur aukist mikið hérlendis að undanförnu. Því fylgir veruleg hætta á mengun í sjó og ferskvatni sem bitnað getur bæði á fiskeldinu sjálfu og umhverfinu. Erfðamengun frá eldislaxi er af mörgum talin ógna tilvist villtra laxastofna og mikil þörf er á að bregðast við þeirri þróun. Hætta er á að þörungablómi geti valdið tjóni í fiskeldi hér sem annars staðar, en næringarefnaútfall frá fiskeldi ýtir undir þann vágest. Lítið er fylgst með notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi og áhrifum þeirra á umhverfið. Eftirlit með mengun frá fiskeldisstöðvum, sem hlotið hafa starfsleyfi, er í lágmarki, en mikil vinna hefur verið lögð í afgreiðslu slíkra leyfa, m.a. á vegum Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs. Rannsóknum vegna mengunarhættu frá fiskeldi hefur sáralítið verið sinnt vegna fjárskorts.

Heilbrigðisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti fara lögum samkvæmt með málefni sem varða fiskeldi, auk Náttúruverndarráðs og ýmissa fleiri aðila sem koma við sögu vegna starfsleyfa fyrir fiskeldisstöðvar. Með útgáfu reglugerða hefur að undanförnu verið leitast við að bæta stöðuna í fiskeldismálum, einnig varðandi mengun.

Fyrr á þessu þingi beindi flutningsmaður þessarar tillögu fyrirspurnum til ráðherra heilbrigðis-, landbúnaðar- og samgöngumála um mengun við fiskeldi. Í skriflegum svörum þeirra, sem birt eru sem fylgiskjöl með tillögunni, kemur fram að sumpart vantar lagafyrirmæli um þessi efni og reglur eru gloppóttar. Stjórnkerfið hefur engan veginn verið undir það búið að sinna þeim mikla og skjóta vexti sem orðið hefur í fiskeldi og mikið vantar á að nægilegu fjármagni hafi verið varið til eftirlits og rannsókna á mengunarhættu.

Ástæða er til að ætla að með samræmingu gildandi lagaákvæða og með nýjum ákvæðum megi tryggja bætt starf á þessu sviði og betri nýtingu fjármuna sem til þess er veitt.

Fylgiskjal I.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi á þskj. 36 (13. mál).

1. *Hverjir fjalla um mengun við fiskeldi þegar undirbúin eru starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar?*

Fiskeldi er fellt undir mengandi starfsemi samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en sú reglugerð er sett samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, þar sem fjallað er um setningu mengunarvarnareglugerðar.

Samkvæmt áðurnefndri reglugerð fer umfjöllunin fram með eftirfarandi hætti:

Ákvörðun um staðsetningu, þar á meðal seiða- og fiskeldisstöðva, er háð samþykki heilbrigðisráðherra. Umsóknir skulu sendar Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem stofnunin hefur látið útbúa. Hollustuvernd ríkisins leitar álits heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs, skipulags- og byggingarnefndar og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins. Samkvæmt reglugerðinni skal Hollustuvernd ríkisins ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs. Enn fremur skal leita umsagnar Ríkismats sjávarafurða, Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins, yfirdýralæknis og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur unnið starfsleyfistillögur skulu þær liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, en þeir eru:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn tengdrar og nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar. Frestur til að gera athugasemdir er sex vikur frá því að starfsleyfistillögurnar eru fyrst kynntar.

Að liðnum frestinum tekur Hollustuvernd ríkisins málið aftur upp og gerir starfsleyfistillögu til ráðherra sem gefur út endanlegt starfsleyfi.

2. *Hvaða reglur hafa verið settar um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar um förgun úrgangs?*

Í umsóknum fyrir fiskeldisstöðvar skal m.a. fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir. Margar umsóknir frá fiskeldisfyrirtækjum eru ítarlegar hvað þetta varðar, en aðrar innihalda mjög takmarkaðar upplýsingar ef þá nokkrar. Í þeim tilvikum verður Hollustuvernd ríkisins að meta hvort nauðsynlegt sé að afla frekari upplýsinga. Mat á umhverfisaðstæðum með hliðsjón af mengunarhættu, sem hlýtur að vera grundvöllur fyrir kröfu til mengunarvarna, lendir því á Hollustuvernd ríkisins.

Kröfur til stöðvanna varðandi mengunarvarnir eru settar í starfsleyfi, en starfsleyfi ber samkvæmt áðurnefndri reglugerð að birta í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar. Kröfur um mengunarvarnir eru bæði háðar umhverfisaðstæðum og stærð stöðvanna sem hefur mikið að segja í þessu tilviki. Hvað snertir stöðvar inni í landi sem leiða frárennsli í ár hefur Hollustuvernd ríkisins lagt til grundvallar að hönnun stöðvanna miðist við að saur og fóðurleifar berist hratt burt úr eldiskerum, ekki verði mikið rót í leiðslum frá kerum og að fjarlægð frá kerum til hreinsibúnaðar verði sem styst. Þar er gert ráð fyrir eftirfarandi kröfum um hreinsibúnað:

1. Setþró með lágmarksviðstöðutíma 20–30 mín.
2. Hámarksrennslishraði yfir þró 2–3 sm/sek.
3. Á eftir þrónni hefur verið gert ráð fyrir malarsíu til eftirhreinsunar.

Þar sem ofangreindar kröfur hafa ekki verið settar fram hafa verið gerðar eftirfarandi kröfur:

1. Svifskilja sem grófhreinsar frárennslið. Setið úr skiljunni berst í sérstaka þró þaðan sem því er dælt reglulega.
2. Yfirfallið, þ.e. grófhreinsað vatnið, rennur í setþró eða settjörn með lágmarksviðstöðutíma 20–30 mín. sem í er hámarksrennslishraði 2–3 sm/sek.

Þessi síðasttaldi hreinsibúnaður hentar mjög vel þar sem við hönnun og rekstri stöðvar er tekið mið af aðgerðum sem draga úr mengun. Komið hefur í ljós að nokkur misbrestur er á því að settur sé upp hreinsibúnaður í seiðaeldisstöðvum. Hollustuvernd ríkisins telur að ástæðuna megi rekja til staðsetningarleyfisins, þ.e. að ekki ætti að veita stöðvunum sjálfum slíkt leyfi

heldur ætti leyfið að vera niðurstaða úttektar og liggja fyrir sem heimild varðandi skipulagningu viðkomandi starfsemi á svæðinu. Á vegum Hollustuverndar ríkisins er unnið að breytingum á reglugerðinni samhliða vinnu við heildarmengunarvarnareglugerð sem áætlað er að staðfesta um næstu áramót, en ráðuneytið hefur hug á því að draga alla þessa þætti saman og setja undir eina reglugerð. Áformað er að taka sérstaklega á staðsetningarleyfum í breyttri reglugerð. Ekki hafa hlotist teljandi vandræði vegna þessa þar sem seiðaeldisstöðvar eru almennt ekki það stórar og flestar mjög vel staðsettar. Í sambandi við setningu mengunarvarnareglugerðar þarf að setja nánari reglur um magn mengunarefnis í frárennsli og um hámarksfrárennslismagn. Enn fremur þarf að gera kröfur um að frárennsli fari niður fyrir stórstraumsfjöruborð sé um að ræða fiskeldisstöðvar við sjó og ákvæði um að straumar verði kannaðir út frá blöndun frárennslis. Það hefur að vísu verið sett sem skilyrði varðandi stærri stöðvar.

3. Hvernig er háttað eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi?

Hollustuvernd ríkisins hefur með höndum reglubundið sérhæft eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 390/1985. Stofnunin innheimtir árlega eftirlitsgjöld af starfleyfisskyldri starfsemi til þess að standa straum af reglubundnu eftirliti og til starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit stofnunarinnar með einstökum fiskeldisstöðvum er í lágmarki í dag. Ástæðan er fjöldi umsókna um staðsetningar- og starfsleyfi og að aðaláherslan hefur verið lögð á að afgreiða þær. Auk þess er eftirlit með fiskeldi ekki eins einfalt og ætla mætti því að í því felast mælingar á líffræðilegum, efnafræðilegum og eðlisfræðilegum þáttum. Þannig fer eftirlitið eftir gerð starfseminnar og staðsetningu stöðvanna. Þörf á eftirliti á vegum utanaðkomandi aðila fer einnig eftir stærð, gerð og staðsetningu stöðvanna.

Þörfin á eftirliti vex óneitanlega samhliða vexti í greininni. Vegna almennrar umhverfisverndar er eftirlitið ekki aðeins nauðsynlegt til að koma í veg fyrir mengun, heldur er það einnig oft lífsnauðsynlegt fyrir fiskeldið sjálft. Ástæðan er sú að afleiðing mengunar, t.d. frá sjókvíaeldi, bitnar oft fyrst á fiskeldinu sjálfu. Þetta á sérstaklega við þar sem aðstæður eru viðkvæmar eins og t.d. í lagskiptum lónum.

Sem stendur er mengun frá fiskeldi lítil hér á landi en þó vaxandi hluti heildarnæringarefnamengunar landsins. Árið 1985 var næringarefnaauðgun vegna fiskeldisstöðva áætluð 6 tonn af köfnunarefni og 1,5 tonn af fosfór. Í ár er næringarefnaauðgun áætluð 165 tonn af köfnunarefni og 27 tonn af fosfór. Á næsta ári vaxa þessar tölur í 270 tonn og 44 tonn sem annars vegar er 3% og hins vegar 54% aukning miðað við það magn sem talið er að berist frá íbúðarbyggð, fiskvinnslu og landbúnaði samanlagt. Í sjálfu sér er ekki þörf á að óttast neikvæð áhrif næringarefnaauðgunar nema á einangruðum svæðum, t.d. í lokuðum fjörðum, lónum, ám og vötnum. Hins vegar eru það áhrif hins lífræna þáttar úrgangsins og súrefnisþörfin sem ástæða er til að óttast.

4. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins hafa hvorki fjallað sérstaklega um þennan þátt né kannað notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi. Á vegum landbúnaðarráðuneytis starfar hins vegar sérstakur dýralæknir í fisksjúkdómum sem heyrir undir embætti yfirdýralæknis. Þessi þáttur starfseminnar lýtur forsjá landbúnaðarráðuneytisins.

Eigi að síður eru heilbrigðisyfirvöld meðvituð um nauðsyn þess að settar verði reglur um notkun lyfja og rotvarnarefna í fiskeldi og að eftirliti verði komið á fót í framtíðinni. Enn fremur er mjög nauðsynlegt að fylgst verði vel með rannsóknum á áhrifum þessara efna á umhverfið, þannig að hægt verði að hindra notkun hættulegra efna m.a. með því að skipta út hættulegum efnum fyrir önnur hættuminni.

5. *Er talin hætta á að þörungablómi (eitraðar þörungategundir) geti valdið tjóni í fiskeldi hérlendis? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að varna því og fylgjast með þeirri hættu?*

Þess eru þegar dæmi að tjón hafi orðið í fiskeldi hér á landi vegna þörungablóma. Í þessu tilviki er rétt að benda á grein sem Gunnar Steinn Jónsson líffræðingur, starfsmaður Hollustuverndar ríkisins, ritaði í 35. hefti tímaritsins *Hafrannsóknir* 1987. Helstu niðurstöður greinarhöfundar voru þær að eitraðar þörungategundir finnast hér við land engu síður en í nágrannalöndum okkar. Óvenjulegir þörungablómar eru ekki óþekktir hér við land og ekki er hægt að útiloka hættu af völdum eitraðra þörungablóma hér. Í greininni bendir höfundur á að haffræðilegar aðstæður skipta oft meira máli en breiddargráðan, en sú skoðun var ríkjandi fyrir nokkrum árum að eitthvert lágmarkshitastig þyrfti til að blómi myndaðist. Hins vegar hefur hiti að sjálfsögðu áhrif á vaxtarhraða þörunga og þar með samkeppnishæfni tegunda innbyrðis. Samkvæmt niðurstöðum greinarhöfundar myndast blómi við 7–9°C við Skotland og 6–9°C í Hvalfirði. Í þessum tilvikum myndast blóminn við hitalagaskiptingu eða setlagaskiptingu, nema hvort tveggja sé.

Frá því þessi grein var skrifuð hafa frekari upplýsingar komið fram. Blómi eitraðrar tegundar, Heterosigma akasiwo, sem ekki hafði fundist áður, fannst í Hvalfirði á miðju síðasta ári. Þessi tegund hefur ekki sterkan lit heldur varð sjórinn gruggugur og móbrúnn. Alls drápust nálægt 10 000 fiskar af völdum þessa þörungablóma í fiskeldisstöðinni Strönd hf. Það er því fyllsta ástæða til þess að gjalda varhug við þessum vágesti ekki síður hér á landi en annars staðar, ekki síst á svæðum sem líkur eru á lagskiptingu sjávar og í þessu tilviki hefur næringarefnaútfall frá fiskeldi mikið að segja.

Ekki hefur verið gripið til neinna sérstakra aðgerða hér á landi til að fyrirbyggja þörungablóma. Hins vegar hefur verið rætt um að koma þurfi á samvinnu Hollustuverndar ríkisins, dýralæknis fisksjúkdóma á Keldum og Hafrannsóknastofnunar, og hugsanlega fleiri aðila, til þess að hægt verði að grípa til skjótra og samræmdra aðgerða þegar blómi kemur upp.

6. *Hvaða rannsóknir fara helstar fram eða eru ráðgerðar hérlendis vegna mengunarhættu við fiskeldi?*

Í þessu tilviki hefur aðallega verið rætt um forrannsóknir í tengslum við leyfisveitingar til stærri stöðva. Hér má nefna rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar vegna fiskeldisstöðvar við Apavatn og stöðvar sem fyrirhuguð var við Mývatn. Þannig eru til skýrslur um mat á mengun fyrir einstakar seiðaeldisstöðvar. Framkvæmdar hafa verið rannsóknir í Miklavatni í Fljótum og í Ólafsfjarðarvatni í tengslum við fiskeldi. Straummælingar og mat á dreifingu úrgangsefna eru til fyrir nokkrar stöðvar, m.a. vegna fiskeldiskvía í Eiðsvík við Reykjavík og svo mætti áfram telja. Enn fremur er að finna ýmsar upplýsingar í niðurstöðum Hollustuverndar ríkisins vegna sjálfs eftirlitsins. Til þessa hefur ekki verið unnt að vinna endanlega úr þeim niðurstöðum nema þeim sem varða mengun Varmár í Ölfusi. Ráðuneytið hefur skipað nefnd til þess að takast á við þau vandamál sem komu fram í Varmá og eiga sæti í henni fulltrúar ráðuneytisins, Hollustuverndar ríkisins, hlutaðeigandi sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Engar kerfisbundnar rannsóknir fara fram á vegum Hollustuverndar ríkisins. Ekki liggur fyrir áætlun um slíkar rannsóknir, en óskir hafa verið settar fram við Hollustuvernd ríkisins þar að lútandi. Ráðuneytið hefur gefið stofnuninni fyrirmæli um mælingar í Skógalóni í Vopnafirði sem fara fram í þessum mánuði.

Það er svo með þennan þátt sem marga aðra er snerta umhverfisvarnir að litlu verður áorkað nema með rannsóknum og rannsóknir kosta fé. Hafa starfsmenn Hollustuverndar ríkisins, sem og stofnunin sjálf, reynt að leita í þær matarholur sem finnast á þessu sviði því að ekki er um auðugan garð að gresja varðandi fjárveitingar til stofnunarinnar. Þannig hefur verið sótt um styrki til Rannsóknasjóðs vegna verkefna er tengjast hreinsun frárennslis. Slíkum erindum hefur verið hafnað til þessa.

Fylgiskjal II.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi á þskj. 470 (130. mál).

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hver eru afskipti Siglingamálastofnunar og samgönguráðuneytis af veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi, eftirliti varðandi mengun frá fiskeldisstöðvum og rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?*
2. *Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?*
3. *Hvaða áform eru uppi á vegum samgönguráðuneytisins vegna ofangreindra þátta eða annarra sem snerta fiskeldi og mengunarhættu því tengda?*

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun falla fiskeldisstöðvar undir þá reglugerð og er rekstur þeirra háður starfsleyfum. Eftir þessari reglugerð annast Hollustuvernd ríkisins samningu starfsleyfistillagna, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir endanlega starfsleyfi.

Samkvæmt sömu reglugerð skal Hollustuvernd ríkisins ávallt leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins þegar hætta er á mengun sjávar áður en endanlegar starfsleyfistillögur eru gerðar. Þetta fyrirkomulag var ákveðið til að einfalda umsækjendum umsóknir um starfsleyfi þannig að þeir þyrftu ekki að sækja um til margra stofnana.

Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með fiskeldisstöðvum samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og innheimtir árleg eftirlitsgjöld samkvæmt gjaldskrá. Í þessu felst m.a. eftirlit með því að lögum, reglugerðum og skilyrðum starfsleyfa sé framfylgt, þar með talið kröfum Siglingamálastofnunar.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur í umsögnum sínum til Hollustuverndar ríkisins varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar gert kröfur um að frá starfsemi slíkra stöðva berist sem minnst mengun í sjó. Í umsögnum sínum hefur Siglingamálastofnun ríkisins enn fremur gætt þess að staðsetning og rekstur fiskeldisstöðva í sjó valdi ekki siglingahættu og gert kröfu um að flotkvíar séu tryggilega festar við botn eða land.

Sem lagalegur grundvöllur undir umsögnum Siglingamálastofnunar eru:

a. lög um varnir gegn mengun sjávar,
b. hafnareglugerðir,
c. siglingalög,
d. alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar.

Fiskeldi er til þess að gera ný starfsgrein hér á landi og er enn í mótun. Þekkt er erlendis frá að slík starfsemi getur valdið mengun í sjó, einkum staðbundinni mengun.

Hérlendis hefur fiskeldi enn ekki svo vitað sé valdið víðáttumikilli mengun í sjó, en gæta þarf varúðar í þessu efni, einkum með tilliti til langtímaáhrifa. Hins vegar er vitað að til nokkurs tjóns hefur komið vegna þörungamyndunar sem rekja má til úrgangs frá fiskeldinu.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur ekki starfslið né aðstöðu til þess að framkvæma líffræðilegar athuganir í sjó, svo sem um áhrif mengunar frá fiskeldi, en styðst við upplýsingar í því efni sem fengist hafa frá Hafrannsóknastofnun og öðrum innlendum og erlendum aðilum, enda eðlilegt að nota þá starfsemi sem fyrir hendi er í landinu til slíkra rannsókna.

Hjá Siglingamálastofnun er fylgst með uppbyggingu og þróun þessarar atvinnugreinar hér á landi og hliðsjón höfð af þróun erlendis í þessum málum.

Samgönguráðherra hefur nýlega skipað starfshóp á grundvelli laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, til að gera tillögur um mælingar á mengunarefnum í sjó í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum. Í samræmi við ákvæði þessara laga er samgönguráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um fiskeldisstöðvar, ef og þegar þess gerist þörf.

Fylgiskjal III.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun við fiskeldi á þskj. 568 (129. mál).

1. *Hvaða afskipti hefur landbúnaðarráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra af:*
   a. *veitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi,*

Fiskeldi er fellt undir lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Lögin þarfnast endurskoðunar að því er fiskeldi varðar og saminn hefur verið sérstakur kafli um fiskeldi til að fella inn í endurskoðuð drög að lögum um lax- og silungsveiði. Þar er tekið á ýmsum þeim vandamálum sem snerta útgáfu staðsetningar- og starfsleyfa margra stofnana og ráðuneyta.

Samkvæmt núverandi löggjöf skal tilkynna veiðimálastjóra ef menn hyggjast taka upp fiskeldi. Veiðimálastjóri veitir fiskeldisstöð viðurkenningu er hann hefur fengið skilríki varðandi afnot lands og vatns ásamt uppdrætti af ráðgerðum mannvirkjum og þau teljast fullnægjandi. Ljóst er að þessi viðurkenning var í upphafi fyrst og fremst hugsuð sem undanþága frá ýmsum greinum laxveiðilaganna, enda hefur eðli og umfang fiskeldis gjörbreyst frá því lögin voru síðast endurskoðuð.

Eins og málum er háttað fjalla eftirtaldir aðilar um starfsleyfi handa eldisstöðvum: Veiðimálastofnun, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, dýralæknir fisksjúkdóma og Siglingamálastofnun ásamt hafnarmálayfirvöldum og heilbrigðis- og byggingarnefndum í héraði. Einfalda má og samræma útgáfu leyfa.

Að því er fisksjúkdóma varðar gerir dýralæknir fisksjúkdómaúttekt með tilliti til sjúkdómavarna á fiskeldisstöðvum áður en þær taka til starfa. Viðurkenning Veiðimálastofnunar er háð vottorði dýralæknis fisksjúkdóma um smitvarnir í samræmi við reglugerð nr. 403 1986.

   b. *eftirliti varðandi mengun frá fiskeldi,*

Í lögum um lax- og silungsveiði er ekki gert ráð fyrir eftirliti með mengun frá fiskeldi, enda voru slík vandamál ekki ofarlega á baugi fyrir 1970. Aðeins er gert ráð fyrir að Veiðimálastofnun sjái til þess að eldisstöðvar hafi búnað sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi út. Hollustuvernd ríkisins er falið að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem valdið geta mengun í ám og vötnum. Dýralæknir fisksjúkdóma tekur þátt í þessu eftirliti þar sem sýkingarhætta frá eldisstöðinni getur verið veruleg í viðkvæmum vatnakerfum. Því voru sett inn ýmis skilyrði um flutning villtra klakfiska milli eldisstöðva og vatnakerfa í reglugerð nr. 401/1988.

Samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 heldur dýralæknir fisksjúkdóma uppi fræðslu og leiðbeiningastarfi meðal fiskeldismanna varðandi fisksjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt því tjóni sem þeir geta valdið. Fræðsla um skaðsemi mengunar, ekki síst frá fiskeldinu sjálfu, er snar þáttur í þessu starfi.

c. rannsóknum á mengunarhættu við fiskeldi?

Ekki er unnið að neinum rannsóknum á mengun (þ.e. efnamengun) frá fiskeldisstöðvum á vegum Veiðimálastofnunar. Stofnunin hefur ekki sérfræðinga eða tæki til að stunda slíkar rannsóknir, enda eru aðrar stofnanir betur búnar til þess, svo sem Hollustuvernd ríkisins sem einnig sinnir mengun frá annars konar rekstri. Hins vegar hefur Veiðimálastofnun faglega aðstöðu til að sinna rannsóknum á breytingu lífríkis samfara mengun.

Þörfin á rannsóknum sem tengjast mengun frá fiskeldi er mikil og vaxandi með aukinni fiskeldisstarfsemi. Mengunin er ekki aðeins sá þáttur sem snýr að umhverfisvernd. Þannig getur afleiðing mengunar bitnað verst á fiskeldinu sjálfu, t.d. í sjókvíaeldi. Meðal annars er álitið að vaxandi tíðni fisksjúkdóma í norsku kvíaeldi megi að hluta rekja til vaxandi mengunar frá eldinu sjálfu. Mikilvægt er að gera Veiðimálastofnun kleift að fylgjast með breytingu á lífríki í ferskvatni í kjölfar fiskeldisstarfsemi. Sambærileg verkefni mætti vinna í sjó í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Þetta gæti orðið mikilvægur hlekkur í eftirliti með mengun og áhrifum mengunar frá fiskeldisstöðvum.

Fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma standa enn sem komið er ekki fyrir rannsóknum á mengunarhættu frá fiskeldi. Oftar en ekki er mengun frá fiskeldinu einnig orsök þeirra vandamála sem upp koma. Upplýsingar um þetta munu í auknum mæli verða mikilvægar í baráttunni við fisksjúkdóma.

2. Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um mengunarvarnir vegna fiskeldis, þar með taldar reglur um förgun úrgangs?

Í reglugerð nr. 401/1988 eru reglur um fjarlægðir milli sjókvía innbyrðis og milli hafbeitarstöðva og sjókvía. Sú fjarlægð, sem er 2 km, stuðlar að því að minnka mengun og sjúkdómahættu á ákveðnum svæðum umhverfis landið. Hins vegar hefur Hollustuvernd ríkisins ásamt heilbrigðisráðuneyti ákvarðað takmarkanir á framleiðslu í einstaka stöðvum og sett skilyrði um frárennslisútbúnað stöðva sem eru á landi.

Þá er í 10. gr. reglugerðar nr. 403/1986 um sjúkdómaeftirlit fjallað sérstaklega um förgun úrgangs sem smithætta getur stafað af. Dýralæknir fisksjúkdóma og héraðsdýralæknar skulu fylgja því eftir að settum reglum sé fylgt.

3. Hvaða reglur gilda um notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi?

Fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma fjalla aðallega um þennan þátt á vegum landbúnaðarráðuneytis, auk þess sem ráðuneytið hefur aðstöðu til að láta kanna lyfjaleifar í eldisfiski á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Leyfi fisksjúkdómanefndar þarf til íblöndunar á litarefnum og sýklalyfjum í fiskafóður. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur í samvinnu við héraðsdýralækna eftirlit með því að reglur um lyfjanotkun séu virtar, þ.e. reglur fisksjúkdómanefndar, lyfjanefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins. Hér er um að ræða reglur um meðferð fiskanna við og eftir meðhöndlun, útskolunartíma lyfjanna og meðferð sláturafurða af þeim fiski sem fengið hefur lyfjameðferð.

4. Hafa verið settar reglur til að koma í veg fyrir erfðamengun villtra fiskstofna frá eldisstofnum?

Síðastliðið sumar var sett reglugerð nr. 401/1988 um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Þessi reglugerð hafði verið í vinnslu í

langan tíma hjá Veiðimálastofnun en fékk síðan ítarlega umfjöllun hagsmunaaðila í fiskrækt og fiskeldi.

Þessi reglugerð sameinar þá reynslu sem fengist hefur hér á landi með rannsóknum á ratvísi og erfðafræði laxins og það sem þekkt er erlendis um áhrif fiskeldis á villta laxastofna. Óhætt er að segja að þessi reglugerð er þarfur áfangi í verndun náttúrulegra laxastofna.

Með reglugerðinni er talið að draga megi verulega úr neikvæðum áhrifum laxeldis á villta laxastofna. Ekki er hægt að tíunda öll atriði hér en bent verður á þau helstu. Lögð er áhersla á að nota stofna af viðkomandi vatnasvæðum í fiskrækt. Einnig er lögð áhersla á að ekki séu fluttir laxastofnar til hafbeitar frá Suðurlandi til Norðurlands og öfugt. Sett eru grenndarmörk milli eldisstöðva innbyrðis og frá veiðiám. Þannig mega sjókvíar og hafbeitarstöðvar ekki vera nær veiðiám með yfir 500 laxa meðalveiði en 15 km, en 5 km vegalengd ef meðalveiði er yfir 100 laxar. Reglugerðin gerir ráð fyrir að aðilar sem stunda hafbeit skuli láta örmerkja 10% seiða þegar sleppt er 100 þúsund seiðum eða færri, en að lágmarki 10 þúsund seiði þegar sleppt er 100 þúsund seiðum eða fleiri. Aðilum í sjókvíarekstri er gert að merkja a.m.k. 1000 laxa í hverri kví.

Gert er ráð fyrir að heimtur merkja verði lagðar til grundvallar við endurskoðun reglugerðarinnar. Þessi ákvæði um merkingar eru án efa lykillinn að því að hægt sé að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta áhrif laxeldis á villta laxastofna. Samfara setningu reglugerðarinnar er ljóst að þörf fyrir laxamerkingar eykst verulega á árinu 1989 og áætlanir gefa til kynna að nauðsynlegt sé að örmerkja u.þ.b. 450 þúsund gönguseiði til að standa við skilmála reglugerðarinnar.

Um mitt ár 1988 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að setja reglur um dreifingu norskra laxastofna hér á landi. Nefndin skilaði áliti í byrjun október og meginniðurstaða var sú að eldi innfluttra laxastofna væri eingöngu heimilt í strandeldisstöðvum sem hefðu frárennsli beint í sjó. Þannig er stefnt að því að ekki blandist erlent erfðaefni í villta laxastofna hér á landi. Engin ákvörðun hefur þó enn verið tekin varðandi dreifingu norskættaða laxastofnsins.

Ljóst er að litlu verður áorkað í þáttum sem snerta erfðamengun nema með rannsóknum. Veiðimálastofnun hefur því lagt áherslu á að rannsóknaniðurstöður ráði ferðinni í umræðunni um svokallaða erfðamengun. Reynt hefur verið að fylgjast með magni eldisfisks í veiðiám sem renna til sjávar nærri sjókvíum, t.d. í Elliðaánum. Þá er í undirbúningi viðamikið rannsóknaverkefni sem miðar að því að kortleggja íslenska laxastofna með rafdrætti. Einnig er áætlað að frysta svil úr nokkrum laxastofnum úr ám sem renna til sjávar í Faxaflóa haustið 1989.

Í Laxeldisstöð ríkisins er nú unnið að rannsóknaverkefni um áhrif erfðablöndunar á ratvísi og endurheimtur laxa úr hafbeit. Vonast er til að niðurstöður þessa verkefnis megi verða til að auka skilning okkar á því sem gerist við erfðablöndun hjá Atlantshafslaxi.

5. *Hvaða áform eru uppi á vegum ráðuneytisins vegna ofangreindra þátta?*

1. Það er ljóst að núverandi löggjöf um fiskeldi takmarkar möguleika landbúnaðarráðuneytisins á að setja reglur varðandi þá þætti sem hér er um spurt. Því er nauðsynlegt að setja hið fyrsta nýja löggjöf um fiskeldi og þá þætti sem tengjast því.

2. Ráðuneytið hefur beint því sérstaklega til þeirra stofnana sem undir það heyra að sinna eins og kostur er þeim þáttum sem tengjast fiskeldi, ekki síst mengun. Í því sambandi má benda á eftirtalda þætti:

- Aukið eftirlit með sjókvíum. Veiðimálastofnun mun fylgjast með fjölda kvía, ástandi þeirra, magni merktra laxa í samræmi við reglugerð og gera viðvart ef eitthvað fer úrskeiðis.
- Auknar merkingar í sjókvíum og hafbeitarstöðvum.

- Frystingu svilja úr veiðiám þar sem kvíaeldi er mest.
- Aukið eftirlit með villuráfi eldis- og hafbeitarlaxa i veiðiár.
- Stuðla að aukinni fræðslu og leiðbeiningum fyrir fiskeldismenn og auka eftirlit með stöðvum (skólar, dýralæknar).
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins tekur nú virkan þátt í ýmsum rannsóknum tengdum fiskeldi.

Sþ. 760. Svar [351. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um ályktun Evrópuráðsins um griðland fyrir flóttamenn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur dómsmálaráðherra hugsað sér að gera varðandi framgang ályktunar Evrópuráðsins nr. 1088 frá 1988 um griðland fyrir flóttamenn?

Ályktun Evrópuráðsins um griðland fyrir flóttamenn var samþykkt á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins 7. október 1988. Samþykkt þessi hafði ekki borist dómsmálaráðuneytinu þegar fyrirspurnin var lögð fram en texti hennar hefur nú borist frá skrifstofu Alþingis. Athygli íslenskra stjórnvalda mun heldur ekki hafa verið vakin sérstaklega í ályktuninni. Af þessu leiðir að íslensk stjórnvöld hafa ekki enn haft aðstöðu til að taka afstöðu til einstakra þátta ályktunarinnar.

Rétt er að taka fram að Ísland hefur ekki orðið fyrir ásókn flóttamanna. Stjórnvöld hafa hins vegar í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna tekið við nokkrum hópum flóttamanna, frá Ungverjalandi, Júgóslavíu, Víetnam og Póllandi. Í framhaldi þessa hefur verið tekið á móti 20 ættingjum víetnömsku flóttamannanna og enn hefur verið samþykkt að taka á móti 21 slíkum flóttamanni til viðbótar.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er fylgst með alþjóðastarfi fyrir flóttamenn, einkum í sérstakri samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta á Norðurlöndum er fara með málefni flóttamanna og í norrænu útlendinganefndinni. Hins vegar hefur ráðuneytið ekki tekið þátt í störfum nefndar Evrópuráðsins um hæli, flóttamenn og ríkisfangslaust fólk.

Rétt er að taka fram að Ísland hefur fullgilt bókanir við mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 4 og 7, sem vikið er að í ályktuninni en þær fjalla um málefni flóttamanna. Fór fullgilding bókunar nr. 4 fram 16. nóvember 1969 og bókunar nr. 7 22. maí 1987.

Ráðuneytið tekur fram að ályktun ráðgjafarþingsins er beint til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Ályktunin mun ekki hafa verið tekin til efnismeðferðar þar og eins og greinir í upphafi hefur afstaða til einstakra þátta hennar ekki verið tekin hér.

Efni ályktunar ráðgjafarþings Evrópuráðsins nr. 1088 (1988) er almennt séð þess eðlis að íslensk stjórnvöld ættu að geta fallist á þau atriði sem þar er fjallað um og tekið þau upp, að því leyti sem þau eiga við hér á landi. Hins vegar þarfnast þau frekari könnunar stjórnvalda, en málefnið varðar í raun fleiri ráðuneyti.

Fylgiskjal.

Ályktun Evrópuráðsins um griðland fyrir flóttamenn.

PARLIAMENTARY ASSEMBLY
OF THE
COUNCIL OF EUROPE

FORTIETH ORDINARY SESSION

RECOMMENDATION 1088 (1988)[1]

on the right to territorial asylum

The Assembly,

1. Recalling that granting the right to territorial asylum is a humanitarian act based on the principles of political freedom and human rights;

2. Recalling that considerable work has been accomplished in respect of refugees in the framework of the Council of Europe, both in the Committee of Ministers and its subordinate bodies and in the Assembly itself;

3. Considering that certain measures taken or envisaged in some member states may increase the burden laid on the other member states of the Council of Europe;

4. Concerned about the tremendous increase since the beginning of the 1980s in the number of persons asking for asylum in Council of Europe member states;

5. Also concerned about rising xenophobia in a number of Council of Europe member states and the influence that that might have in refugee policies;

6. Desirous to preserve fully the right to territorial asylum as one of the generous liberal traditions of democracy, and to pursue and to extend the work of the Council of Europe in this field;

7. Expressing the hope that the Council of Europe may set up, in consultation with the Office of the United Nations High Commissioner for Refugees, a permanent body to deal with refugee and migration problems, in order to establish direct co-operation with the member states concerned in seeking and implementing the most appropriate legal and practical solutions at the European level;

8. Recalling that, whereas a certain protection of refugees and asylum-seekers is already guaranteed by Protocols Nos. 4 and 7 to the European Convention on Human Rights, Protocol No. 4 has not yet been ratified by all member states, whilst Protocol No. 7 will enter into force on 1 November 1988;

9. Regretting that the Committee of Ministers did not follow this proposal which the Assembly made in its Recommendation 1016 (1985) on living and working conditions of refugees and asylum-seekers,

10. Recommends that the Committee of Ministers:

i. adopt a coherent asylum policy;

ii. set up a system of permanent consultation among European states:

a. to examine jointly the problems arising out of the growing number of refugees in certain countries, with a view to apportioning the burden on the basis of greater solidarity;

b. to grant temporary residence to true asylum-seekers;

c. to detect concurrent asylum requests;

d. to screen true asylum-seekers from those who are not;

e. to exchange information on measures adopted and statistical information;

1. *Assembly debate* on 7 October 1988 (15th Sitting) (see Doc. 5930, report of the Legal Affairs Committee, Rapporteur: Mrs Offenbeck; and Doc. 5940, opinion of the Committee on Migration, Refugees and Demography, Rapporteur: Mr Böhm).

Text adopted by the Assembly on 7 October 1988 (15th Sitting).

f. to make arrangements so that those who are still in the country where they are persecuted may be able to exercise their right to asylum with regard to Council of Europe member states;

iii. continue work on the harmonisation of the legal rules in respect of territorial asylum in Council of Europe member states to obtain, in particular:

a. the speedy adoption by the CAHAR (*ad hoc* Committee of experts on the legal aspects of territorial asylum, refugees and stateless persons) of the draft European agreement on responsibility for examining asylum applications, laying down rules for designating the state required to examine an asylum application presented by a person who has passed successively through a number of countries;

b. as a next step, the speedy preparation by the CAHAR of a European convention listing cases in which a person would be eligible for the granting of asylum;

c. the harmonisation of the criteria governing the granting of refugee status, to contribute to a more balanced distribution of asylum-seekers among the countries of Europe, especially in view of the abolition of internal borders between the countries of the European Community scheduled for 1992, and taking into account developments in the framework of the so-called Schengen Agreement taking effect in 1990;

d. co-operation in specifying the cases where a person not meeting the conditions for the granting of refugee status might nevertheless be authorised to reside, on humanitarian grounds, in the territory of the member states (*de facto* refugees);

iv. examine the possibility of preparing a European convention, including the establishment of a consultative body, dealing with people falling outside the scope of the Geneva Convention, but requiring protection, and on whose fate the Council of Europe, under the term "*de facto* refugees", has been proposing concrete measures for many years;

v. invite those member states which have not already done so to ratify Protocol No. 4 and Protocol No. 7 to the European Convention on Human Rights;

vi. draw up — as a long-term objective — a protocol to the European Convention on Human Rights concerning asylum-seekers and the admission of political refugees;

vii. give active consideration to measures aimed at averting new flows of refugees, for example by promoting closer co-operation at national and European level between authorities responsible for asylum policy and those responsible for development assistance;

viii. urge, in conformity with paragraphs 10.ii.*a* and 10.iii.*c* of the present recommendation, the governments of member states to share the burden of Turkey, which on humanitarian grounds has recently accepted on its territory more than 50 000 persons from Iraq, by accepting a certain number of them on their own territories, or by apportioning the financial implications of this humanitarian act, or both.

Ed. 761. Frumvarp til laga [405. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Þeir sem greiða iðgjöld í sjóðinn.
2. Þeir sem njóta lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum, sbr. 12.–17. gr. laga þessara.
3. Þeir sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum, en greiða ekki lengur og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum. Þeir teljast þó ekki sjóðfélagar sem fengið hafa iðgjald sitt endurgreitt að fullu eða ef það hefur verið flutt í annan lífeyrissjóð.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem uppfylla öll eftirgreind skilyrði skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, nema þeir kjósi að eiga aðild að öðrum lífeyrissjóði:

1. Allir þeir sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum.
2. Þeir sem taka laun á grundvelli samninga eða launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm.
3. Þeir sem eru ráðnir eða settir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda standi ráðningin eða setningin í minnst eitt ár.
4. Um aðalstarf þeirra sé að ræða og hlutaðeigandi taki a.m.k. helming þeirra launa sem slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

Ef sjóðfélagi gegnir hlutastarfi, en sinnir tímabundið hærra starfshlutfalli en fastráðning gerir ráð fyrir, skal miða iðgjaldagreiðslur við hið fastráðna starfshlutfall nema hið tímabundna hærra starfshlutfall sé fyrirfram umsamið til ekki skemmri tíma en þriggja mánaða. Í því tilviki skal fyrir þann tíma miða við hærra starfshlutfallið.

Gegni sjóðfélagi tveimur störfum, og ráðning í hvort starfið um sig uppfyllir öll aðildarskilyrði 1. mgr., skal heimilt að greiða iðgjöld af báðum störfunum. Iðgjaldagreiðslur skulu þó samanlagt að hámarki miðaðar við 100% starfshlutfall.

Aðild að sjóðnum geta enn fremur átt starfsmenn þeirra stofnana sem aðild hafa að sjóðnum samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða á grundvelli sérlaga, enda fullnægi þeir skilyrðum 2. eða 3. mgr. 4. gr. laga þessara, nema hlutaðeigandi stofnun eða stjórn lífeyrissjóðsins segi upp aðild stofnunarinnar að sjóðnum. Þessi heimild takmarkast við þá sem eru í starfi hjá viðkomandi stofnun og greiða iðgjöld til sjóðsins við gildistöku laga þessara.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn sveitarfélaga og stofnana, er þeim tilheyra, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn sjúkrasamlaga, starfsmenn stéttarfélaga, sem samningsaðild eiga samkvæmt lögum nr. 94/1986, svo og bandalaga þeirra, samnorrænna stofnana, uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, starfsmenn Verslunarskóla Íslands, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs Íslands og Þjóðhagsstofnunar, svo og starfsmenn stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi.

Til þess að öðlast eða eiga aðild að sjóðnum samkvæmt þessari grein skulu þessir starfsmenn uppfylla skilyrði 3. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga þessara. Aðild að sjóðnum takmarkast enn fremur við þá sem taka laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm eða launasamninga sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins getur þó í einstökum tilvikum samþykkt önnur viðmiðunarlaun en þau sem tilgreind eru í 2. mgr. Jafnframt getur stjórnin ákveðið hámark viðmiðunarlauna. Skal þá höfð hliðsjón af launaákvörðunum skv. 2. mgr.

4. gr.

Í stað orðanna „Bandalag háskólamanna“ í 6. gr. laganna, komi: Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:
Sjóðfélagar skv. 1. tölul. 2. gr. greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins.

6. gr.

6. og 7. mgr. 10. gr. falli niður.

7. gr.

1. mgr. 12. gr. a. orðist svo:
Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar skv. 1. tölul. 2. gr. sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 16. gr. falli niður.

9. gr.

Úr 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. falli niður orðin: „og skylda".

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 7. maí 1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á sl. ári ákvað stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að láta semja frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóðinn. Markmiðið var að færa til betri vegar ýmis ákvæði laganna sem sum hver eru orðin úrelt eða erfið í framkvæmd með því að þau eru óljós og órökrétt.

Verki þessu varð ekki að fullu lokið m.a. vegna þess að ekki náðist full samstaða um öll þau atriði sem æskilegt þótti að breyta.

Þrátt fyrir að staðan sé enn óbreytt hvað málið í heild varðar er talin nauðsyn á að gera nú þegar breytingar á skilyrðum fyrir aðild að sjóðnum. Stafar það m.a. af því að eftir athugun lögfróðs aðila, er stjórn sjóðsins leitaði til, er talið að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands samrýmist ekki ákvæðum laganna. Breyti þá engu þótt þau kveði á um skylduaðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga eða reka í sameiningu.

Þá er jafnframt lagt til að heimildir til að greiða í sjóðinn verði nokkuð þrengdar, svo sem fram kemur í athugasemdum við 2.–3. gr. frumvarpsins.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að aflétt verði aðildarskyldu starfsmanna ríkisins, þannig að þeir starfsmenn, sem óska eftir að verða aðilar að öðrum sjóðum, eigi þess kost.

Efnisatriði þessa frumvarps voru flest í þeim frumvarpsdrögum sem samin voru á síðasta ári. Þykir ekki mega dragast að aðildarskilyrðum sé komið á hreint, svo og öðrum þeim atriðum sem frumvarp þetta hefur að geyma. Aðrar nauðsynlegar breytingar þarfnast frekari úrvinnslu og verða lagðar fram þegar henni er lokið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

2. gr. laganna hefur verið óbreytt allt frá setningu laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 101/1943. Samkvæmt henni eru þeir einir sjóðfélagar sem bæði greiða iðgjöld til

sjóðsins og eiga rétt á lífeyri úr honum. Utan sjóðfélagahugtaksins falla þannig þeir sem njóta lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum og þeir sem eiga geymd réttindi í sjóðnum.

Þótt þessari grein hafi ekki verið breytt síðar hefur sjóðfélagahugtakinu í raun verið breytt í ýmsum samböndum með breytingu á öðrum greinum laganna. Þannig er t.d. ljóst skv. 13. og 14. gr., að þar er sjóðfélagahugtakið notað í víðtækari merkingu en 2. gr. laganna gerir ráð fyrir. Samsvarandi breyting hefur hins vegar ekki verið gerð á 16. gr., svo dæmi sé nefnt. Af þessu hefur hlotist ákveðið misræmi sem stefnt er að leiðréttingu á með þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Jafnframt er lögð til sú breyting að aflögð verði skylda til greiðslu iðgjalda til sjóðsins, sjá einnig athugasemdir með 2. gr. frumvarpsins.

Af þessari breytingu á sjóðfélagahugtakinu leiða einnig þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði með 5., 7. og 8. gr. frumvarpsins. Athugasemdir með þessari grein og 2. gr. eiga því einnig við um þær greinar.

Um 2. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð að ekki verði um skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að ræða fyrir þá sem uppfylla skilyrði til aðildar að sjóðnum. Kjósi menn af einhverjum ástæðum að eiga aðild að öðrum sjóði, eigi þeir þess kost. Komi ekki fram sérstakar óskir um aðild að öðrum lífeyrissjóði skulu þeir sem uppfylla skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. greiða iðgjöld sín til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Jafnframt eru tekin af öll tvímæli um að þeir einir geti greitt iðgjöld til sjóðsins sem taka laun á grundvelli þeirra kjaraákvarðana sem um opinbera starfsmenn gilda. Eru það þá ýmist ríkisstarfsmenn sem eiga aðild að samningum félaga opinberra starfsmanna, eru utan félaga og fá laun ákveðin af ráðherra eða sem taka laun samkvæmt kjaradómi.

Samkvæmt gildandi lögum geta þeir sem eru í hlutastarfi átt aðild að sjóðnum þó þannig að ekki sé um minna en hálft starf að ræða. Vafi hefur leikið á um stöðu þeirra sem eru í breytilegu starfshlutfalli sem þó fer aldrei niður fyrir hálft starf. Óvissa hefur þar ríkt um við hvað skuli miða. Dæmin eru fjölmörg. Sem dæmi má nefna kennara sem á haustönn er ráðinn í hálft starf, en tekur að sér aukna starfsskyldu á vorönn skólans. Hér er lagt til að meginreglan verði sú að eingöngu sé miðað við það starfshlutfall sem viðkomandi er fastráðinn til en heimilt sé að miða við hið aukna starfshlutfall í því tilviki að fyrirsjáanlegt er að það vari í ákveðinn lágmarkstíma. Við þær aðstæður þykir sanngjarnt að menn geti greitt til lífeyrissjóðsins af launum fyrir hið aukna starfshlutfall.

Þá hefur einnig ríkt vafi um stöðu þeirra sem gegna tveimur störfum. Vafinn lýtur fyrst og fremst að tveimur atriðum. Annars vegar því hvernig með skuli fara er sjóðfélagi gegnir tveimur störfum sem hvort um sig er hálft starf eða meira. Hins vegar ef annaðhvort starfið eða bæði gera það ekki, en samanlagt fara þau yfir 50% starfshlutfall. Lagt er til að greitt verði úr þeim vafa með þeim hætti sem í frumvarpsgreininni segir.

Einnig er lagt til að efnisatriðum, sem fram koma í núverandi b-lið 1. mgr. 3. gr., verði breytt nokkuð. Þannig er lagt til að heimild þessarar greinar verði takmörkuð við þá sem þegar eru orðnir sjóðfélagar vegna starfa hjá þeim stofnunum sem þetta á við um. Þessar stofnanir eru t.d. Alþýðusamband Íslands, Brunabótafélag Íslands, Slysavarnafélag Íslands, BHM, Fríkirkjusöfnuðir, Kirkjugarðar Reykjavíkur, Landakotsskóli, Síldarútvegsnefnd og nokkrir sparisjóðir. Nýir starfsmenn allra þessara aðila munu því greiða í aðra lífeyrissjóði.

Loks eru tekin af tvímæli um það að lífeyrissjóðurinn geti sjálfur sagt upp aðild þessara stofnana. Eðlilegt er að lífeyrissjóðurinn hafi sömu heimildir gagnvart þeim aðilum sem falla undir 3. gr. laganna og þeim sem falla undir 4. gr. laganna, ef um vanefndir eða önnur brot á skyldum, sem fylgja aðild að sjóðnum, er að ræða.

Það leiðir af sjálfu sér að ákvæði í II. lið 3. gr. núgildandi laga verður óþarft eftir að skylduaðild að sjóðnum hefur verið afnumin. Eftir sem áður greiða ákveðnir hópar opinberra starfsmanna til annarra lífeyrissjóða sem þeir eiga skylduaðild að.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að nokkur breyting verði gerð á því hverja heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga þegar komið er út fyrir raðir ríkisstarfsmanna.

Þess ber að geta að á árinu 1980 voru sett lög um skylduaðild launþega og atvinnurekenda að lífeyrissjóðum. Á því sama ári voru sett lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Má því segja að með vissum hætti sé ekki lengur forsenda fyrir aðild annarra að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en ríkisstarfsmanna einna. Engu að síður eru hér ekki gerðar tillögur um róttækar breytingar.

Lagt er til að heimild til handa starfsfólki sparisjóða að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði felld niður. Sú tillaga tengist því að með frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að sú meginstefna ráði að þeir einir geti átt aðild að sjóðnum sem taka laun á grundvelli kjaraákvarðana sem gilda um opinbera starfsmenn. Starfsmenn sparisjóða taka sín laun á grundvelli samninga Sambands íslenskra bankamanna.

Óþarft er að takmarka aðild starfsmanna stéttarfélaga við aðild félaganna að bandalögum ríkisstarfsmanna, svo sem er í núgildandi lögum. Eðlilegra þykir að starfsmenn aðildarfélaganna, hvort sem þau eru innan bandalaga eða ekki, geti átt sjóðsaðild, svo fremi félögin eigi samningsaðild.

Þá skal nefnt að í ljós hefur komið við lögfræðilega athugun að óheimilt sé að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands eigi aðild að sjóðnum skv. 4. gr., en þessir aðilar hafa áður verið teknir í tölu sjóðfélaga. Væntanlega á þá hið sama við um starfsmenn sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Rétt þykir að taka af tvímæli um þetta atriði með breytingu á þessari grein.

Loks verður óhjákvæmilegt að telja sérstaklega upp þrjár ríkisstofnanir, þ.e. Byggðastofnun, Framkvæmdasjóð Íslands og Þjóðhagsstofnun. Starfsmenn þessara stofnana greiða nú í sjóðinn á grundvelli skylduaðilar. Þessir starfsmenn taka hins vegar laun samkvæmt kjarasamningum bankastarfsmanna og falla því ekki undir skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins. Með því að hér er um ríkisstofnanir að ræða er ekki lagt til að nein breyting verði á stöðu starfsmanna þessara stofnana gagnvart sjóðnum.

Í reynd er það svo að með því að aðrir lífeyrissjóðir hafa orðið til, sem starfsmenn annarra en ríkisins eiga greiðan aðgang að, hefur stjórn sjóðsins í æ ríkar mæli synjað aðilum utan ríkiskerfisins um inngöngu í sjóðinn.

Með greininni er áréttuð sú stefna, sem fylgt hefur verið í framkvæmd, að þeim einum verði hleypt inn í sjóðinn sem launaðir eru í öllu verulegu með sama hætti og ríkisstarfsmenn. 2. mgr. þessarar greinar felur í sér samræmingu við 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um ríkisstarfsmenn. Þess ber að geta að þeir aðilar eru innbyrðis ólíkir sem rétt hafa til að greiða í sjóðinn samkvæmt þessari grein. Nauðsynlegt hefur því þótt að hafa heimildir til ákveðinnar aðlögunar. Ákvæði 3. mgr. er tilkomið í ljósi þessa.

Með 3. mgr. er fyrst og fremst stefnt að tvennu. Í fyrsta lagi að heimila kjarasamninga bankamanna sem viðmiðunarlaun fyrir starfsmenn Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs Íslands og Þjóðhagsstofnunar, en starfsmenn þessara ríkisstofnana hafa tekið laun samkvæmt þeim kjarasamningum, en ekki kjarasamningum opinberra starfsmanna. Í öðru lagi er stjórninni veitt heimild, ef nauðsyn krefur, að miða viðmiðunarlaun einstakra starfsmanna þeirra stofnana, sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt þessari grein, við tiltekið hámark, en þessar stofnanir hafa hingað til nánast haft sjálfdæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem greidd eru iðgjöld af aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi þ.e. nokkrir einstaklingar, sem komnir eru inn í sjóðinn á grundvelli heimildarákvæða, geta í krafti ráðningarsamninga sinna öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Við það er miðað að heimild stjórnarinnar til að ákveða hámark viðmiðunarlauna verði fyrst og fremst nýtt gagnvart þeim

sem gerast sjóðfélagar eftir gildistöku laga þessara. Gagnvart þeim, sem þegar eru orðnir sjóðfélagar, verði það nýtt til þess að stöðva frekara ósamræmi á milli þeirra og annarra, en þegar er orðið.

Um 4. gr.

Samkvæmt breytingum sem orðið hafa á skipulagi Bandalags háskólamanna er Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna nú í reynd samtök flestra þeirra stéttarfélaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem samningsaðild eiga við ríkið. Þessi breyting þykir sjálfsögð afleiðing þeirra skipulagsbreytinga.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að breyting verði gerð til samræmis við þá breytingu sem lagt er til að verði gerð skv. 1. gr. frumvarpsins. Með henni er verið að taka af öll tvímæli um það hvaða sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóðsins.

Um 6. gr.

Ekki er ástæða til að hafa sérstakar reglur um iðgjaldagreiðslur þeirra launþega sem hér um ræðir. Þessar greinar eru úreltar. Sérreglur um iðgjaldagreiðslur héraðslækna og sóknarpresta voru settar á þeim tíma er aukatekjur höfðu áhrif á föst laun þessarra stétta. Regla 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins getur átt við um starfsmenn stjórnmálaflokka eins og aðra, sé hennar talin þörf.

Um 7. gr.

Sömu skýringar eiga við hér og þær sem greindi um 5. gr.

Um 8. gr.

Breyting þessi er í samræmi við breytingar skv. 1. gr. frumvarps þessa, sbr. einnig 5. og 7. gr. Sú setning, sem lagt er til að falli niður, verður óþörf þ.e. hugtakið sjóðfélagi í 16. gr. nær eftir það yfir þá einstaklinga sem fjallað er um í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr., eftir að sjóðfélagahugtaki 2. gr. laganna hefur verið breytt.

Um 9. gr.

Breyting þessi er í samræmi við þá breytingu á 2. og 3. gr. laganna að fella niður skylduaðild að sjóðnum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 762. Frumvarp til laga [406. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 65/1988, orðist svo:

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:

a. af skuldbindingum sínum gangvart erlendum aðilum, þar með talið af ábyrgðum,

b. af skuldbindingum sínum gangvart innlendum aðilum sem eru í formi framseljanlegra verðbréfa, þ.e. skuldabréfa, vaxtabréfa, bankabréfa o.þ.h. verðbréfa, sem boðin eru einstaklingum og lögaðilum til kaups hvort sem þau eru talin markaðsbréf eða ekki og hvort sem þeir eru skuldarar eða ábyrgjast greiðslu slíkra verðbréfa.

2. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1988, orðist svo:

Seðlabanki Íslands skal undanþeginn ábyrgðargjaldi skv. 8. gr. Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skulu undanþegnir ábyrgðargjaldi samkvæmt b-lið fyrri mgr. 8. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ábyrgðargjald af skuldbindingum, sem um ræðir í b-lið 1. gr., skal greiða í fyrsta sinn vegna annars ársfjórðungs 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæðum VI. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var kveðið á um að þeir, sem njóta ríkisábyrgðar er byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðrum atriðum, skuli greiða ríkisábyrgðargjald af skuldbindingum sínum gangvart erlendum aðilum. Þessi ákvæði voru felld inn í lög nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með lögum nr. 65/1988. Ábyrgðargjaldið er greitt ársfjórðungslega og nemur það 0,0625% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju tímabili.

Í þessu frumvarpi er lagt til að skuldbindingar umræddra aðila í formi innlendra verðbréfa myndi gjaldstofn til ábyrgðargjalds með sama hætti og skuldbindingar þeirra gangvart erlendum aðilum. Með þessu móti er stefnt að því að samræma gjaldtöku vegna ríkisábyrgða, m.a. í því skyni að koma í veg fyrir mismunun. Í þessu sambandi má benda á að skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Bankarnir bjóða verðbréf til sölu á innlendum lánsfjármarkaði, m.a. í samkeppni við ríkisskuldabréf og verðbréf lánastofnana sem ekki njóta ríkisábyrgðar. Þessar skuldbindingar ríkisbankanna njóta í raun ríkisábyrgðar án þess að nokkurt gjald sé innt af hendi í ríkissjóð af þeim sökum. Aðrir þurfa hins vegar að greiða sérstakt áhættugjald gangi ríkið í ábyrgð fyrir þá, sbr. 4. gr. laganna um ríkisábyrgðir. Óeðlilegt er að þau fyrirtæki og stofnanir, sem hér um ræðir, geti í skjóli eignaraðildar ríkissjóðs skapað sér betri stöðu á innlendum lánsfjármarkaði en samkeppnisaðilar þeirra sem ekki eru í ríkiseign. Frumvarpi þessu er með öðrum orðum ætlað að girða fyrir þá mismunun sem nú á sér stað í þessum efnum.

Gjaldskylda samkvæmt frumvarpi þessu nær m.a. til ríkisviðskiptabankanna tveggja, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, og þeirra fjárfestingarlánasjóða sem eru með ríkisábyrgð, að undanskyldum Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Hér er einkum um að ræða Byggðastofnun, Fiskveiðasjóð, Framkvæmdasjóð, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Spariskírteini ríkissjóðs hafa að undanförnu átt í vaxandi samkeppni við verðbréfaútgáfu þessara aðila. Það hefur skekkt samkeppnisstöðu spariskírteina ríkissjóðs í þessu sambandi að vextir bankabréfa ríkisviðskiptabankanna hafa verið um 1% hærri en vextir ríkisskuldabréfa þar sem bankabréfin eru eignarskattskyld, en spariskírteinin ekki. Lífeyrissjóðir eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti og hafa því geta nýtt sér að fullu þennan vaxtamun. Lífeyrissjóðir hafa því keypt mun meira af bankabréfum en ríkisskuldabréfum.

Samkeppnin, sem spariskírteini ríkissjóðs hafa sætt frá bankabréfum, er að því leyti ósanngjarnari en samkeppnin frá verðbréfaútgáfum fjárfestingarlánasjóðanna að gerð er grein fyrir þeim síðarnefndu fyrir fram í lánsfjáráætlun á sama hátt og ríkissjóður kynnir áform sín um sölu spariskírteina á hverju ári. Útgáfa bankabréfa hefur hins vegar að undanförnu verið hömlulítil. Á síðasta ári jókst bankabréfaskuld ríkisviðskiptabankanna um 2,8 milljarða kr., en bankabréfaskuld viðskiptabanka í heild jókst um 3,4 milljarða kr. Verðbréfaskuld veðdeilda bankanna jókst á síðasta ári um 2 milljarða kr. Til samanburðar má geta þess að sala spariskírteina á almennum markaði nam 3 milljörðum kr. á síðasta ári. Frá áramótum til loka febrúar jókst bankabréfskuld bankanna um 880 milljónir kr., en þar af nam aukningin hjá ríkisviðskiptabönkunum um 630 milljónir kr. Meðfylgjandi fylgiskjal sýnir nánar þróunina á undanförnum árum varðandi bankabréf og önnur markaðshæf verðbréf.

Samkeppnisstaða spariskírteina ríkissjóðs gagnvart bankabréfum hlutafélagabankanna ætti ekki að vera áhyggjuefni, þrátt fyrir lægri vexti á ríkisskuldabréfum, einmitt vegna þess að bankabréf hlutafélagabankanna eru ekki jafntryggar eignir og spariskírteini ríkissjóðs. Skuldir hlutafélagabankanna eru ekki tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs. Innlán hlutafélagabankanna eru hins vegar tryggð, a.m.k. að hluta, af Tryggingarsjóði viðskiptabanka, skv. IX. kafla laga um viðskiptabanka. Engar slíkar tryggingar eru að baki bankabréfanna.

Álagning ríkisábyrgðargjalds á innlendar skuldbindingar banka- og lánastofnana, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs, mun ekki ein út af fyrir sig lagfæra þá röskun á samkeppnisstöðu spariskírteina sem felst í ótakmarkaðri útgáfu bankabréfa með ríkisábyrgð. Hins vegar mun gjaldtakan hjálpa til í því efni þar sem ætla má að hún hvetji banka og lánastofnanir til aðgæslu í skuldabréfaútgáfu sinni. Full þörf sýnist vera á slíku aðhaldi.

Miðað við stöðu bankabréfa í lok febrúar og innlendar skuldbindingar fjárfestingarlánasjóða með ríkisábyrgð í lok síðasta árs má gróflega áætla að gjald þetta geti skilað ríkissjóði um 20–25 m.kr. á ársfjórðungi. Þannig gætu tekjur af gjaldinu numið um 80–100 m.kr. á einu ári, þar af 40–50 m.kr. í ár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gildandi laga tekur gjaldskyldan aðeins til skuldbindinga gagnvart erlendum aðilum. Í þessari grein er lagt til að gjaldskyldan taki á sama hátt til þeirra skuldbindinga þeirra stofnana, sem nefndar eru í greininni, gagnvart innlendum aðilum sem eru í formi framseljanlegra verðbréfa. Með því er átt við hvers konar skuldabréf, vaxtabréf, bankabréf og sambærileg verðbréf sem boðin eru einstaklingum og lögaðilum til kaups og gildir einu hvort um er að ræða markaðsverðbréf eða ekki. Gjaldskylda tekur ekki aðeins til þessara aðila sem skuldara slíkra verðbréfa heldur einnig á sama hátt til þeirra verðbréfa sem þeir ábyrgjast greiðslu á.

Um 2. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. gildandi laga er Seðlabanki Íslands einn undanþeginn ábyrgðargjaldi skv. 8. gr. laganna. Eðlilegt þykir með tilliti til hlutverks og eðlis Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og Atvinnutryggingarsjóðs að undanþiggja þessa sjóði gjaldskyldu á innlendum skuldbindingum. Í þessari grein er gerð tillaga þar að lútandi. Af þessu leiðir að húsbréf Byggingarsjóðs ríkisins mundu verða undanþegin gjaldinu verði húsbréfakerfi lögleitt hér á landi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Útistandandi eftirstöðvar nokkurra markaðshæfra skuldabréfaflokka.

Staða í lok tímabils	1984	1985	1986	1987	1988
Spariskírteini	4.050	6.183	9.925	13.940	19.767
Ríkisvíxlar	..	..	..	932	713
Bankabréf	..	..	19	853	4.233
þ.a. ríkisviðskiptabankar	..	..	..	749	3.526
Veðdeildarbréf	..	317	1.119	2.917	5.450
Bréf fjárfestingalánasjóða	..	342	283	876	1 588
Hlutdeildarbréf verðbréfasjóða	..	379	1.274	3.695	5.705
Bréf eignarleiga	..	..	135	1.248	1.637
Samtals	4.050	7.221	12.755	24.461	39.093

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Ed. 763. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað vandlega um frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin fagnar þeirri samstöðu sem náðst hefur um afgreiðslu þessa mikilvæga máls, jafnt meðal stjórnmálaflokkanna og sveitarfélaganna í landinu, sem sést meðal annars á þeim eindregna stuðningi sem kom fram við frumvarpið á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 30. og 31. mars sl.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, hreppsnefnd Miðneshrepps, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Fóstrufélagi Íslands, fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, bæjarstjórn Neskaupstaðar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, bæjarráði Keflavíkur, bæjarstjórn Grindavíkur og hreppsnefnd Gerðahrepps. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Áskell Einarsson og Hjörtur Þórarinsson frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Jafnframt héldu félagsmálanefndir beggja deilda fund með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri.

Nefndin flytur 14 breytingartillögur við frumvarpið og eru langflestar þeirra fluttar að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í sömu röð og þær eru á þingskjalinu.

1. Brtt. við 1. gr. felur ekki í sér efnisbreytingu, heldur er verið að gera orðalag greinarinnar skýrara. Í fyrsta lagi er verið að kveða skýrar á um að ríkið greiði að fullu stofnkostnað stofnana fyrir fatlaða. Í öðru lagi er einnig verið að kveða skýrar á um að sveitarfélög greiði stofnkostnað sérdeilda fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn.

2. Brtt. við 2. gr. felur í sér að sérstök flutningaþjónusta fyrir fatlaða skuli greidd úr ríkissjóði en ekki af rekstrarfé viðkomandi stofnunar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

3. Brtt. við 4. gr. felur í sér, í fyrsta lagi, að 85% kostnaðar við byggingu og búnað heilsugæslustöðva skuli greidd úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Í frumvarpinu voru hlutföllin 60% og 40%. Meginástæðan fyrir þessari breytingu er að sveitarfélögin eru misjafnlega á vegi stödd í uppbyggingu heilsugæslustöðva og því er talið rétt að halda óbreyttri kostnaðarskiptingu enn um sinn. Í öðru lagi er kveðið á um að sveitarfélögin láti í té lóðir undir heilsugæslustöðvar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda. Er það í samræmi við þá aðferð sem viðhöfð hefur verið undanfarin ár en á síðasta ári komu upp efasemdir um að það styddist við nógu traustar lagaheimildir og er því talið rétt að setja ákvæði í lög er tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

4. Brtt. við 5. gr. felur í sér að viðhaldskostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva er greiddur sem rekstrarkostnaður en ekki stofnkostnaður. Er þessi breyting í samræmi við viðtekna venju. Nefndin taldi hins vegar ekki rétt að endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja skyldi greiddur sem rekstarkostnaður því að oft er hér um svo viðamiklar breytingar að ræða að þær jafnast á við stofnkostnað.

5. Brtt. við 6. gr. varðar stjórnir heilsugæslustöðva. Lagt er til að sveitarstjórnir tilnefni þrjá stjórnarmenn í stað tveggja samkvæmt frumvarpinu og að starfslið tilnefni einn stjórnarmann í stað tveggja samkvæmt frumvarpinu. Talið er rétt að sveitarstjórnir hafi áfram meiri hluta í stjórnum heilsugæslustöðva þó að ríkið taki alveg yfir rekstur þeirra, enda skipar ráðherra einn stjórnarmann sem jafnframt skal vera formaður. Þá er og rétt að hafa í huga að oft sitja sérstakir áheyrnarfulltrúar starfsfólks stjórnarfundi.

6. Lagt er til að 7. gr., er varðar skipan stjórna sjúkrahúsa, falli brott. Ástæðan er m.a. sú að ekki náðist fullkomin samstaða um fyrirhugaðar breytingar, einkum er varðaði skipan stjórna einkasjúkrahúsa eða sjálfseignarstofnana. Eðlilegra er talið að ef gera á breytingar á skipan stjórna sjúkrahúsanna þá verði þær gerðar í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú eru í undirbúningi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

7. Brtt. við 8. gr. varðar sjúkrahúsbyggingar og felur í sér sams konar breytingu og gerð var við 4. og 5. gr. varðandi heilsugæslustöðvar.

8. Brtt. við 35. gr. felur í sér tvær breytingar. Í 1. mgr. er gerð breyting er þýðir að ekki þurfi að koma til samþykki menntamálaráðuneytis fyrir gerð skólamannvirkja. Telja verður að þar sem sveitarfélög greiða kostnað við byggingu grunnskóla (sbr. 49. gr. frv.) þá sé ekki ástæða til að slíkar byggingar þurfi samþykki menntamálaráðuneytisins. Þá er 4. mgr. felld niður en ákvæði hennar fól í sér að nafngift skóla væri háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Telja verður að heimamenn séu fullfærir um að ákveða slíka hluti sjálfir.

9. Brtt. við 1. mgr. 41. gr. felur í sér að fellt er brott ákvæði þess efnis að daglegt eftirlit og umsjón með nemendum í heimavistarskólum skuli vera í höndum starfsmanna með uppeldismenntun. Stundum getur verið erfitt að fá slíkt sérmenntað fólk til starfa og því ekki eðlilegt að binda starfið að öllu leyti við slíkar starfsstéttir.

10. Brtt. við 3. mgr. 47. gr. felur í sér að þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnir, í stað oddvita, tilnefna fulltrúa sameigninlega til að endurskoða reikninga skólans. Þykir eðlilegra að þetta sé í höndum sveitarstjórna en oddvita.

11. Brtt. við 49. gr. felur ekki í sér beinar efnisbreytingar heldur er verið að gera orðalag greinarinnar skýrara.

12. Brtt. við 50. gr. felur ekki í sér beinar efnisbreytingar. Orðalag greinarinnar hefur verið gert ákveðnara og greinin stytt enda var hún óþarflega löng.

13. Brtt. við 60. gr. felur í sér að fellt er brott að menntamálaráðuneytið skuli hafa með höndum umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum. Þar sem dagvistarstofnanir verða nú verkefni sveitarfélaga þykir það fela í sér óþarfa afskipti af hálfu menntamálaráðuneytisins að það skuli hafa sérstakt eftirlit með þessari starfsemi. Hins vegar stendur óbreytt ákvæði greinarinnar að ráðuneytið sé sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál. Þrátt fyrir þessa breytingu mun menntamálaráðuneytið (sbr. 11. gr. laga um dagvistarstofnanir) áfram setja reglugerð um húsakost og búnað dagvistarstofnana.

14. Við 75. gr., er fjallar um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, eru fjórar breytingar. Í fyrsta lagi kemur í 1. mgr. viðbótarákvæði sem felur í sér að við mat á skuldbindingum ríkissjóðs vegna byggingar dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila skuli ekki aðeins miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði heldur einnig sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Í öðru lagi er sú breyting gerð í 2. mgr. að framlög ríkissjóðs á fjárlögum 1989 ganga ekki til greiðslu á skuldum vegna framkvæmda sem unnar voru fyrir árslok 1988, heldur eingöngu til framkvæmda á árinu 1989.

Í þriðja lagi er í 3. mgr. sett ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd sem skjóta má til málum í þeim tilvikum þar sem ekki næst samkomulag milli ríkissjóðs og sveitarfélaga um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. Ekki er ólíklegt að einhver ágreiningur verði um kostnaðaruppgjör og því eðlilegt að hægt sé að skjóta slíkum málum til einhvers úrskurðaraðila.

Í fjórða lagi eru í 4. mgr. tekin af öll tvímæli um að greiðslu ríkissjóðs vegna áðurgreindra framkvæmda skuli lokið á því fjögurra ára tímabili sem tilgreint er í frumvarpinu.

Júlíus Sólnes áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 5. apríl 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Júlíus Sólnes.
Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 764. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   26. gr. laganna orðist svo:
   Ríkið greiðir að fullu stofnkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr.
   Um stofnkostnað við rými fyrir fötluð börn á almennum deildum dagvistarstofnana og skóladagheimilum fer í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1976, með síðari breytingum.
   Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr. Kostnaður skv. 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum skv. 9. og 10. gr., skal greiða úr ríkissjóði.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   1. tölul. 18. gr. laganna orðist svo:
   Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og við aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva, greiðist 85% úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   1. tölul. 20. gr. laganna orðist svo:
   Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   1. tölul. 21. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, þrjá er skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður og búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.
6. Við 7. gr. Greinin falli brott.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   3. og 4. tölul. 34 gr. laganna orðist svo:
   Framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 2. tölul. 34. gr., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.
   Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.
8. Við 35. gr.
   a. Niðurlag 1. efnismgr. frá orðinu „skólanefnd“, falli brott.
   b. 4. efnismgr. falli brott.
9. Við 41. gr. Orðin „með uppeldismenntun“ í síðari málslið 1. efnismgr. falli brott.
10. Við 47. gr. Í stað orðsins „oddvitar“ í 2. málsl. 3. efnismgr. komi: sveitarstjórnir.
11. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein er verði 83. gr. og orðist svo:
   Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.
12. Við 50. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasambands eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.
13. Við 60. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
   Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.
14. Við 75. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í

byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó aðeins nema þeim framlögum sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndun af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

Ed. 765. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað rækilega um frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin fagnar þeirri víðtæku samstöðu sem náðst hefur um þetta mikilvæga mál sem nú er afgreitt samhliða frumvarpi um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sá almenni stuðningur, sem kom fram við bæði þessi frumvörp á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 30. og 31. mars sl., er skýr vitnisburður þess að meðal sveitarstjórnarmanna er eindreginn vilji fyrir því að Alþingi afgreiði þessi frumvörp á yfirstandandi þingi.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, bæjarstjórn Neskaupstaðar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, hreppsnefnd Miðneshrepps, hreppsnefnd Gerðahrepps, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, bæjarstjórn Keflavíkur, Landssamtökum sláturleyfishafa og Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hjörtur Þórarinsson og Áskell Einarsson frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Gunnar Guðbjartsson frá Landssamtökum sláturleyfishafa og Vilhelm Andersen og Arnór Eggertsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Jafnframt héldu félagsmálanefndir beggja deilda fund með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri.

Nefndin flytur fimm breytingartillögur við frumvarpið og er sú veigamesta um tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga flutt að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í sömu röð og þær eru á þingskjalinu.

1. Við 5. gr. eru þrjár breytingar. Í 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að það eru sjúkrastofnanir, sem eiga sér stoð í heilbrigðislögum, sem eru undanþegnar fasteignaskatti. Þá er bætt við í 2. mgr. að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af

heilsuhælum og endurhæfingarstöðvum, en frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir að heilsuhæli og endurhæfingarstöðvar væru undanþegin þessum skatti. Að síðustu er í 3. mgr. kveðið á um að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Heimildarákvæði frumvarpsins hafði verið miðað við efnalitla elli- og örorkulífeyrisþega, en breytingin er gerð vegna þess að í framkvæmd hefur ætíð verið miðað við tekjur en ekki eignir. Um þessa venju hafa skapast nokkuð samræmdar reglur hjá sveitarfélögum.

2. Í 8. gr. er gerð breyting á tekjum Jöfnunarsjóðs. Er hún í samræmi við eindregnar óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga um að tekjur Jöfnunarsjóðsins verði miðaðar við heildartekjur ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum.

3. Brtt. við 3. mgr. 27. gr., er varðar brot á trúnaðarskyldu starfsmanna sveitarstjórna, er til að gera orðalag málsgreinarinnar skýrara en felur ekki í sér neina efnisbreytingu.

4. Brtt. við 34. gr. varðar aðstöðugjald. Við b-lið er bætt ákvæði til að taka af öll tvímæli um að undanþága olíufélaganna frá greiðslu aðstöðugjalds nái aðeins til olíu og olíuvara en ekki til annarra vara sem olíufélögin eru í auknum mæli farin að versla með. Þá er í nýjum c-lið kveðið á um að undanþágur frá greiðslu aðstöðugjalds nái einnig til starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að hætta er talin á að ef áðurgreindir aðilar verði látnir greiða aðstöðugjald (en þeir eru undanþegnir slíku samkvæmt gildandi lögum) þá séu líkur á verulegum verðhækkunum á þessum vörum sem eru mjög stór þáttur í neyslu almennings, auk þess sem hætt er við „fjölsköttun“ á þessa starfsemi.

5. Brtt. við 37. gr. felur í sér leiðréttingu á tilvísun til 2. gr. í frumvarpinu.

Júlíus Sólnes áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 5. apríl 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Júlíus Sólnes.
Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 766. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómstundaiðju sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:
   a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
   b. Landsútsvör skv. 9. gr.
   c. Vaxtatekjur.
3. Við 27. gr. Í stað orðanna „opinbera starfsmenn“ í 3. mgr. komi: brot í opinberu starfi.
4. Við 34. gr.
   a. Við b-lið síðari málsgreinar bætist: Undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara.
   b. Við síðari málsgrein bætist nýr stafliður svohljóðandi: Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa.
5. Við 37. gr. Í stað „4“ í 6. mgr. komi: 24.

Nd. 767. Frumvarp til laga [407. mál]

um breyting á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins verði veitt heimild til að eignast hlutabréf í starfandi hlutafélögum eða eiga aðild að stofnun nýrra hlutafélaga í því skyni að efla framleiðni, vöruþróun og markaðsstarfsemi í lagmetisiðnaði. Frumvarpið er flutt m.a. í ljósi þeirra erfiðleika sem eru í lagmetisiðnaði, en stjórn sjóðsins og sölusamtök lagmetis hafa mælst til að slík heimild verði veitt. Minnt skal á að lögum um Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Iðntæknistofnun Íslands hefur verið breytt á liðnum árum og þessum aðilum hafa verið veittar ápekkar heimildir og hér er lagt til varðandi Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum nr. 48 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58/1981 og reglugerð nr. 175/1984. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn, m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóður hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölusamtaka lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sjóðurinn er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands.

Helstu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árunum 1986 og 1987 eru sem hér segir (í þús. kr.):

	1987	*1986*
Tekjur	35.940	23.988
Rekstrargjöld/styrkir	(13.403)	(13.370)
Hagnaður	22.537	10.617
Eignir	71.599	46.559
Skuldir	(17)	(3)
Eigið fé	71.582	46.556

Staða sjóðsins er sterk og því þykir eðlilegt að auka möguleika sjóðsins til að rækja hlutverk sitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að stjórn sjóðsins verði veitt heimild til að leggja fram hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetisiðnaðar eða taka þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi. Ekki er lagt til að sérstök takmörkun verði á þessari heimild, en ljóst er að slík hlutafjárframlög verða að helgast af markmiðum sjóðsins eins og þau eru ákveðin í lögunum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 768. Frumvarp til laga [408. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hlutafélaginu er enn fremur ætlað á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu og er það flutt til að heimila Íslenska járnblendifélaginu hf. að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns. Frumvarpið byggir á hugmyndum sem ræddar hafa verið í stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. og framkvæmdastjóri þess hefur rætt við aðra hluthafa og þeir hafa fallist á. Hlutafé í Íslenska járnblendifélaginu hf. skiptist þannig:

Íslenska ríkið	55%
Elkem	30%
Sumitomo	15%

Í upphaflegum lagaheimildum til stofnunar Íslenska járnblendifélagsins hf. er tekið fram að verksmiðjan skuli reist og rekin „til framleiðslu á kísiljárni og (hún) hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur". Í samræmi við þetta var tilgangur hlutafélagsins skilgreindur í 3. gr. samþykkta þess „að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárni og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir".

Ljóst er af þessum ákvæðum að fyrirtækinu var ætlaður vöxtur í framleiðslu á kísiljárni. Var skipulag og stærð verksmiðjusvæðisins við það miðuð að verksmiðjuna mætti stækka mjög verulega.

Síðan ákvarðanir um byggingu kísiljárnverksmiðju voru fyrst teknar hafa allar forsendur slíks iðnaðar breyst mikið, bæði að því er varðar framboð kísiljárns á heimsmarkaði og eftirspurnar eftir því. Eins og nú standa sakir er ekki tímabært að stækka verksmiðju Járnblendifélagsins með hefðbundinni nýbyggingu ofna. Hins vegar hafa afköst verksmiðjunnar verið stórlega aukin með skipulegu rannsóknar- og þróunarstarfi. Skilar sú afkastaaukning í raun meira en helmingi þess hagnaðar sem verksmiðjan nýtur þessi árin.

Afkoma verksmiðjunnar árið 1988 var mjög góð en endanlegar tölur þar um liggja ekki fyrir. Ekkert bendir til annars en að afkoma 1989 verði jafngóð eða betri. Síðan má vænta nokkurrar lægðar um hríð, en varla svo að verksmiðjan verði rekin með halla svo nokkru nemi. Miðað við reynslu liðins tíma má svo vænta nýrrar uppsveiflu innan þriggja til fjögurra ára.

Greiðsluflæðið, sem hagnaður áranna 1988 og 1989 skilar, verður að mestu notað til að greiða niður skuldir eða sem svarar um 800 milljónum króna á þessum tveimur árum. Allmiklu fé verður varið til endurnýjunar á slitnum vélakosti, lagfæringa á vinnuumhverfi starfsfólks og fleiri fjárfestinga sem frestað hefur verið í fjárþröng liðinna ára. Að þessum tíma liðnum verður fyrirtækið mjög öflugt, eiginfjárhlutfall þess verður 55–60% og þess er að vænta að fyrirtækið verði rekið með hagnaði um árabil og geti skilað hæfilegum arði til hluthafa, að vísu mismunandi eftir árferði. Þá er rétt að geta þess að samkvæmt endurskoðuðum raforkusölusamningi milli Íslenska járnblendifélagsins hf. og Landsvirkjunar fær Landsvirkjun ágóðahlut þegar reikningar Járnblendifélagsins sýna að 40% eiginfjárhlutfalli er náð og árlegar tekjur félagsins fara yfir 14% af virði hlutafjár eða sem nemur 51 millj. Nkr. á ári. Landsvirkjun fær þá uppbót á raforkuverðið sem nemur einum þriðja af hagnaði umfram 51 millj. Nkr. Gert er ráð fyrir að greiðslur samkvæmt þessu ákvæði komi til framkvæmda vegna þessa árs og leiði til umtalsverðrar raunhækkunar á orkuverði til Landsvirkjunar.

Við þær aðstæður, sem hér hefur verið lýst, getur fyrirtækið því aðeins nýtt styrk sinn og vaxið að verksvið þess verði rýmkað og því gefið færi á að nýta þá fjárhags-, tækni- og stjórnunarlegu burði sem í fyrirtækinu eru á fleiri sviðum en þeim sem í upphafi var ætlast til. Með því gæti Járnblendifélagið orðið virkur þátttakandi og jafnvel frumkvöðull að atvinnurekstri í landinu, bæði nýiðnaði og rekstri sem fyrir er. Meðal þeirra nýiðnaðarverkefna sem notið gætu góðs af þekkingu og fjármagni félagsins eru t.d. þróunarverkefni á sviði efnistækni, málmbræðslu og endurvinnslu málmúrgangs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að lög takmarki ekki hvar eða hvernig Íslenska járnblendifélagið hf. geti beitt kröftum sínum í arðvænlegum atvinnurekstri. Þess er að geta í þessu sambandi að samþykktir félagsins kveða á um að samþykki allra hluthafa þurfi til „að breyta

tilgangi félagsins að verulegu leyti". Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi við Elkem og Sumitomo Corporation um breytingar á samþykktum félagsins í þessa átt á aðalfundi félagsins í apríl næstkomandi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 769. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig: Á milli orðanna „húsameistara" og „húsgagna- og innanhússhönnuði" komi orðið: landslagshönnuði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis. Greinarnar orðist svo:

a. (12. gr.)
Rétt til að kalla sig landslagshönnuði (landskabs-arkitekt) hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

b. (13. gr.)
Engum má veita leyfi það sem um getur í 12. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í landslagshönnun frá háskóla, sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags landslagshönnuða hér á landi.

Þeir einir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig landslagshönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt til að lögfest verði og fjallar um breytingu á lögum nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, er flutt að tilmælum Félags landslagsarkitekta.

Ekki þótti fært að verða við þeim tilmælum að lögvernda orðið arkitekt, enda hafa t.d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti húsameistari, en ekki „arkitekt" eins og starfsbræður þeirra erlendis.

Sömu afgreiðslu hlutu tilmæli Félags húsgagna- og innanhússarkitekta hvað varðar löggildingu á orðinu arkitekt sem samtengingu og var starfsheitið húsgagna- og innanhússhönnuður lögverndað með lögunum nr. 17 30. apríl 1986.

Með frumvarpi þessu fylgir bréf frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta, dags. 10. febrúar 1988, um málefni þetta, en fyrst mun félagið hafa óskað eftir löggildingu á árinu 1983.

Telja verður eðlilegt að þeir sem að landslagsskipulagi (landslagshönnun) starfa fái lögverndað starfsheiti, svo sem er um sambærilegar stéttir. Þá eru prentaðar sem fylgiskjöl umsagnir um málið sem aflað var frá þeim aðilum sem lög nr. 62 5. september 1986 taka til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í fyrirsögn verði tekið í upptalningu starfsheita, sem njóta lögverndar samkvæmt lögunum, orðið landslagshönnuður.

Um 2. gr.

Um 12. og 13. gr. Með starfsheitinu landslagshönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, sem á erlendum málum nefnast: landscape architect (enska), landskabsarkitekt (danska), landschaftsarkitekt (þýska).

Árið 1968 viðurkenndi Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) starfsheitið landslagsarkitekt og flokkaði það samhliða starfsheitunum húsameistari (arkitekt) og skipulagsfræðingur (town planner). Fag þetta er kennt á háskólastigi í yfir 150 skólum í 36 löndum.

Félag íslenskra landslagsarkitekta, skammstafað FÍLA, var stofnað árið 1978 og er aðili að IFLA, International Federation of Landscape Architects.

Félagar í FÍLA skulu hafa lokið námi frá háskóla sem IFLA (International Federation of Landscape Architects) viðurkennir. Við mat á skólum samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að stuðst verði við mat IFLA.

Félag landslagsarkitekta hafði upphaflega hug á að starfsheiti félagsmanna skyldi samkvæmt lögum þessum vera landslagsarkitekt, en vegna ákveðinnar andstöðu gegn því starfsheiti hefur verið fallið frá því. Félagið er nú meðmælt starfsheitinu landslagshönnuður, en telur sér hins vegar nauðsynlegt að nafnsins „landskabsarkitekt" sé getið á erlendu máli innan sviga, þar eð sú skýring gefur til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa, t.d. í Danmörku. Er þetta gert í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Félag íslenskra landslagsarkitekta FILA.
Pósthólf 1563
121 Reykjavík.

Reykjavík 10. febrúar 1988.

Hr. ráðherra Friðrik Sophusson
Arnarhvoli
Reykjavík.

Félag íslenskra landslagsarkitekta fer þess á leit við yður að sem fyrst verði tekið á málum þess varðandi verndun starfsheitis.

Það eru komin ein 8 ár síðan félagið fór fyrst að vinna að þessum málum og hinn 20. jan. 1983 fór stjórn félagsins á fund þáverandi ráðherra, Svavars Gestssonar, eins og meðfylgjandi bréf vitnar um.

Ástæðan fyrir því að einmitt nú er aftur tekið á málum þessum, er sú að nú er nefnd að vinna að endurskoðun á byggingarlögum. Nefndin hefur lagt til að 12. gr. byggingarlaganna verði breytt þannig að landslagsarkitektar hafi ásamt arkitektum, verkfræðingum o.fl. rétt til þess að leggja fyrir byggingarnefndir.

Það sem nú stendur í vegi fyrir þessu er að landslagsarkitektar hafa ekki lögverndað starfsheiti.

Til upplýsinga má geta þess að menntun landslagsarkitekta er síst minni en t.d. arkitekta og verkfræðinga. Félag landslagsarkitekta er aðili að alþjóðasamtökum landslagsarkitekta I.F.L.A. en þau samtök halda skrá yfir þá háskóla (150 í 36 löndum) sem viðurkenndir eru til þess að útskrifa landslagsarkitekta.

Í lögum félags landslagsarkitekta er einnig ákvæði um það að landslagsarkitekt verði að vinna tvö ár í greininni hér á landi áður en hann telst fullgildur landslagsarkitekt FÍLA.

Félagar í Félagi landslagsarkitekta eru nú 18, þar af eru 10 sem starfa sjálfstætt en 8 sem starfa hjá því opinbera eða á teiknistofum. Í námi erlendis eru 10 manns sem vitað er um.

Við vonumst til að málaleitan okkar verði tekið vel og að skjótt verði tekið á málum ekki síst vegna þeirrar endurskoðunar sem á sér stað á byggingarlögunum.

Með vinsemd og virðingu,

Félag íslenskra landslagsarkitekta
Pétur Jónsson formaður.

Hjálagt:

1. Félagsskrá íslenskra landslagsarkitekta.
2. Bréf til Svavars Gestssonar frá 20. jan. 1983.
3. Lögverndun starfsheitis DP 5. des. 1983 ásamt greinargerð.
4. Lög og samþykktir Félags íslenskra landslagsarkitekta.
5. International Federation of Landscape Architects Educational Rapport 1983.

Fylgiskjal II.

Reykjavík 14. mars 1988.

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík.

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 15. fyrra mán. þar sem þess er óskað að Tæknifræðingafélag Íslands láti í té umsögn um ósk Félags landslagsarkitekta um að starfsheiti þeirra verði lögverndað.

Á fundi stjórnar TFÍ 9. þessa mán. var samþykkt að mæla ekki gegn erindinu.

Virðingarfyllst,
f.h. TFÍ
Kristín Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal III.

Reykjavík í október 1988.

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík.

Á fundi stjórnar Félags húsgagna- og innanhússhönnuða, þann 10. mars 1988, var fjallað um bréf ráðuneytisins, dags. 15. febrúar 1988. Þar er greint frá ósk Félags ísl. landslagsarkitekta um að starfheiti þeirra verði lögverndað og fellt inn í lög nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Félag húsgagna- og innanhússhönnuða vann að því í rúman áratug að fá lögverndun á starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt. Það sem stóð í vegi okkar var að ekki fékkst lögverndun á viðskeytið **-arkitekt**. Andstaða var gegn því þrátt fyrir að á prófskírteini okkar sé það heiti, enda er þetta alþjóðaheiti á starfssviði okkar. Lögverndun okkar gekk í gildi með lögum nr.62/1986, en með viðskeytinu **-hönnuður**.

Stjórn Félags húsgagna- og innanhússhönnuða hefur ekkert á móti því að landslagsarkitektar fái lögverndun á starfsheiti sitt. Þó gerum við það að skilyrði að ef þeir fá lögverndun á viðskeytið **-arkitekt** verði málið tekið upp að nýju við okkur og það sama gangi yfir okkar starfsheiti. Ef fallist verður á umrædda lagabreytingu verði starfsheiti okkar félagsmanna **húsgagna- og innanhússarkitekt**.

Með kærri kveðju,

Þórdís Zoega,
formaður FHÍ.

Fylgiskjal IV.

Iðnaðarráðuneytið
c/o Guðrún Skúladóttir
Arnarhváli
101 Reykjavík.

Á stjórnarfundi Arkitektafélags Íslands, 17. okt. sl., var tekið fyrir ítrekað erindi yðar varðandi ósk Félags landslagsarkitekta um að fá að bera starfsheitið „landslagsarkitekt".

Stjórn AÍ sér ekkert því til fyrirstöðu að starfsheitið „landslagsarkitekt" verði lögverndað og fellt inn í lög nr. 62/1986.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar AÍ

Lárus M. Björnsson,
framkvæmdastjóri AÍ.

Fylgiskjal V.

Reykjavík, 25. nóvember 1988.

Iðnaðarráðuneytið
bt. Guðrúnar Skúladóttur
Arnarhváli
150 Reykjavík.

Framkvæmdastjórn Verkfræðingafélags Íslands fjallaði á fundi sínum 14. mars sl. um erindi ráðuneytisins vegna óskar Félags landslagsarkitekta um að starfsheitið landslagsarkitekt verði lögverndað.

Verkfræðingafélag Íslands gerir engar athugasemdir við að starfsheitið landslagsarkitekt verði lögverndað.

Beðist er velvirðingar á því að það virðist hafa gleymst í mars að tilkynna um þessa afgreiðslu stjórnarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Magnússon.

Nd. 770. Frumvarp til laga [410. mál]

um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Prentsmiðjan Gutenberg hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, þ.e prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að vinna prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Félagið annast einnig almennt prentverk, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 28/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf. seld öll eða að hluta skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

5. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur ríkisprentsmiðjuna Gutenberg 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um málefni ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg hafa ekki verið sett sérstök lög. Prentsmiðjan hefur verið í eigu ríkisins frá árinu 1930. Prentsmiðjan var stofnuð árið 1904 af um 20 einstaklingum og tók til starfa í byrjun janúar 1905.

Meginverkefni fyrirtækisins hafa ætíð verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Árið 1987 voru um 95% af öllum verkum í prentsmiðjunni unnin fyrir opinbera aðila.

Á árunum 1971–1975 var að tilstuðlan iðnaðarráðuneytisins farið út í endurskipulagningu á prentsmiðjunni. Í tengslum við þessar breytingar flutti prentsmiðjan í nýtt og stærra húsnæði við Síðumúla í Reykjavík. Vélakostur var aukinn og starfsemin löguð að þeirri nýju prenttækni sem ruddi sér þá til rúms. Prentsmiðjan hefur síðan aukið vélakost sinn eftir því sem tækninni hefur fleygt fram.

Ríkið hefur ekki lagt fram fjármagn til þessara fjárfestinga nema þegar húseignin í Síðumúla var keypt.

Fjöldi starfsmanna hefur verið nokkuð stöðugur hin síðari ár. Nú starfa um 70 manns í prentsmiðjunni, þar af eru fjórir starfsmenn í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Rekstur fyrirtækisins hefur gengið nokkuð vel. Taka verður tillit til að hér er fyrst og fremst um þjónustufyrirtæki að ræða sem hefur ákveðnum skyldum að gegna við hið opinbera og miðað er við að reksturinn standi undir sér. Eigið fé verksmiðjunnar hefur vaxið jafnt og þétt og var í árslok 1987 rúmar 80 m.kr. Áhvílandi skuldir eru tiltölulega litlar.

Helstu upplýsingar úr rekstrar- og efnahagsreikningi eru þessar (upphæðir í þús. kr.):

	1987	*1986*
Rekstrartekjur	114.942	97.718
Rekstrargjöld	114.711	97.171
Hagnaður	231	547
Stærstu liðir í rekstri:		
Launakostnaður	55.816	
Pappír og filmur	27.049	
Afskriftir	10.319	
Verðbreytingafærsla	632	
Vaxtagjöld og verðbætur	5.444	
Ýmis annar kostnaður	15.451	

Efnahagsreikningur 31. desember 1987.

Veltufjármunir	44.745	Skammtímaskuldir	20.469
Fastafjármunir	70.070	Langtímaskuldir	14.159
		Eigið fé	80.187
Eignir alls	114.815	Skuldir alls	114.815

Um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg hafa ekki gilt sérstök lög. Fyrirtækið hefur frá stofnun iðnaðarráðuneytisins árið 1969 heyrt undir það ráðuneyti og hefur iðnaðarráðherra skipað forstjóra fyrirtækisins. Iðnaðarráðherra skipaði hinn 1. september 1984 þriggja manna stjórn yfir fyrirtækinu til tveggja ára í senn.

Frumvarp þetta miðar að því að gera ríkisprentsmiðjuna Gutenberg að hlutafélagi. Öll hlutabréfin verða í eigu ríkissjóðs. Þegar og ef til sölu hlutabréfa í fyrirtækinu kemur verður málið lagt fyrir á ný.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram mat á eignum prentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Þar verður fyrst og fremst um eignamat að ræða en aðrir þættir koma einnig inn í þetta mat.

Við þá formbreytingu, sem verður á rekstri verksmiðjunnar er frumvarp þetta verður að lögum, breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstrinum takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu. Reksturinn verður sveigjanlegri, t.d. þarf ekki að leita heimilda til fjárfestinga í ríkiskerfinu.
3. Skattgreiðslur breytast nokkuð. Fyrirtækið þyrfti að greiða eignarskatt, aðstöðugjald og væntanlega tekjuskatt. Aðstöðugjald yrði svipað að upphæð og nú er greitt í landsútsvar.
4. Málefni starfsmanna yrðu með nokkuð öðrum hætti þar eð hlutafélagið hefði meira sjálfræði um ákvörðun launa.

Hvers vegna hlutafélag?

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags, en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Fróðlegt er að skoða rekstrarfyrirkomulag ríkisfyrirtækja á Norðurlöndum. Flest ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum eru rekin sem hlutafélög. Í Svíþjóð var árið 1970 stofnað eignarhaldsfyrirtæki (statsföretag) sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Stjórn fyrirtækisins er í höndum tíu manna sem starfa ýmist í atvinnulífinu, hjá hinu opinbera eða eru stjórnmálamenn. Ríkisfyrirtæki og hlutabréf ríkisins í fjölmörgum fyrirtækjum færðust yfir til þessa eignarhaldsfyrirtækis. Síðan hafa nokkur af þessum fyrirtækjum verið seld, lögð niður eða tekin út úr þessum rekstri og eru rekin alveg sér.

Eignarhaldsfyrirtækið er rekið sem hlutafélag og sama er að segja um öll þau fyrirtæki, sem heyra undir eignarhaldsfyrirtækið.

Í Noregi og Finnlandi er sömu sögu að segja. Þar eru flest öll ríkisfyrirtæki, sem eru í framleiðsluiðnaði og nokkur sem eru í þjónustu, rekin sem hlutafélög.

Starfsemi hlutafélaga er samkvæmt vandlega skilgreindu fyrirkomulagi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi. Af

stjórnunarlegum ástæðum eru einnig sterk rök fyrir því að reka atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins sem hlutafélög. Á þann hátt nýtur framkvæmdastjórn fyrirtækisins aðhalds stjórnar hlutafélagsins og jafnframt nýtur stjórnin betur aðhalds og eftirlits eigenda.

Á aðalfundum og hluthafafundum getur stjórn og framkvæmdastjórn gert grein fyrir gerðum sínum, ákvörðunum og fyrirhuguðum nýmælum en jafnframt getur þar komið fram gagnrýni eigenda á stjórnendur og tillögur þeirra um breytingar á rekstrinum. Þetta ætti að stuðla að betri stjórnun fyrirtækisins. Kostir þess að reka prentsmiðjuna sem hlutafélag eru að með því móti verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eigu ríkisins sem hlutafélag. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Að öllu jöfnu getur naumast talist eðlilegt að ríkið reki venjulegt atvinnufyrirtæki með fullri ábyrgð ríkissjóðs þannig að áföll í rekstrinum geti leitt til þess að greiða þurfi stórfellda fjármuni úr vasa skattborgaranna. Rétt er að undirstrika að ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefur aldrei þurft á slíkum framlögum að halda.

Telja verður eðlilegt að fyrirtækjum í eigu ríkisins sé settur sami almenni starfsrammi og flestum öðrum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. rammi hlutafélagalaga.

Frumvarp þetta er samið af Jafet S. Ólafssyni viðskiptafræðingi og Sigurði B. Stefánssyni hagfræðingi. Lögfræðilega aðstoð veitti Halldór J. Kristjánsson, lögfræðingur iðnaðarráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Allar eignir ríkisprentsmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eigu ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Mat þetta verður framkvæmt af þeim aðila er iðnaðarráðherra kveður til með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Rétt er að undirstrika að verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hver hrein eign fyrirtækisins er, þar koma inn í myndina ýmis önnur atriði.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Um 3. gr.

Núverandi starfsmönnum prentsmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Af starfsmönnum prentsmiðjunnar eru nú fjórir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að.

Um 4. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækinu seld að hluta eða öll skal leita samþykkis Alþingis, t.d. í formi þingsályktunar er lögð verður fyrir sameinað þing.

Um 5. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Gutenberg heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaganna. Stofnfund í hinu nýja hlutafélagi skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna. Er þá miðað við að frumvarpið hljóti samþykki nú í vor.

Um 7. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Prentsmiðjan Gutenberg hf. yfirtekur rekstur og eignir ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg 1. janúar 1990. Ekki hafa gilt sérstök lög um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Ed. 771. Frumvarp til laga [411. mál]

um breytingu á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 7. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnu samþykki yfirdýralæknis, heimilað að flytja fósturvísa (frjóvguð egg eða fóstur á frumstigi) úr kúm í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr í landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að bætt verði í lög nr. 74/1962, um innflutning búfjár, heimild fyrir landbúnaðarráðherra til að leyfa flutning fósturvísa úr kúm í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr í landi. Í núgildandi lögum, 19. gr., er kveðið á um bann við flutningi búfjár frá Sóttvarnastöð ríkisins og heimildir til flutnings á sæði frá henni. Síðan þau lög voru sett hefur komið fram ný tækni við flutning erfðaefnis milli dýra, þ.e. flutningur á fósturvísum sem eru frjóvguð egg eða fóstur á frumstigi. Flutningur á fósturvísum frá Hrísey til lands býður upp á mun hraðari framræktun Galloway-nautgripakynsins en ef notaðar eru sæðingar. Það er því mikilvægt, með tilliti til framræktunar kynsins og einnig þess að stytta þann tíma sem Sóttvarnastöðin verður bundin við ræktun þessa eina búfjárkyns, að fá ótvíræða heimild til að nýta þennan möguleika. Sjúkdómshættu af völdum þessarar breytingar má telja hverfandi.

Í framhaldi af ályktun Alþingis frá 1987 liggja nú fyrir í landbúnaðarráðuneyti drög að frumvarpi til laga um innflutning dýra og hafa þessi frumvarpsdrög þegar hafa hlotið umsögn allmargra aðila. Þar sem um afar vandmeðfarið mál er að ræða vinnst ekki tími til að leggja það fyrir Alþingi nú í vor, en stefnt er að því að það geti orðið næsta haust. Ofangreind breyting er lögð til nú svo hægt verði að vinna eftir henni strax á þessu ári.

Nd. 772. Frumvarp til laga [412. mál]

um skógvernd og skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Tilgangur laganna, orðskýringar og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir, þar sem henta þykir,
3. að fólk verði frætt og því leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Skóglendi: Land sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.

Skógarjörð: Jörð eða jarðarhluti þar sem skógur er ræktaður á stærra landi en 25 ha.

Nytjaskógur: Skógur að nánar tilteknu lágmarksflatarmáli sem ræktaður er til búdrýginda og framleiðslu skógarafurða.

Skjólbelti: Röð eða raðir af trjám og runnum sem ræktaðar eru til þess að draga úr vindhraða á nálægum svæðum.

Skógarlundur: Land þar sem skógur er ræktaður á 1–25 ha lands.

Löggirðing: Girðing sem gerð er samkvæmt ákvæðum girðingarlaga.

Skógfræðingur: Sá sem hefur lokið háskólaprófi í skógfræði frá viðurkenndri skógfræðsludeild.

Skógtæknifræðingur: Sá sem lokið hefur námi frá viðurkenndum skógtækniskóla.

Búfé: Nautgripir, hross, sauðfé og geitur.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

4. gr.

Skógrækt ríkisins annast framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, að þeim sé fylgt. Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði.

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með skóglendum, gróðrarstöðvum og skógarjörðum í eigu ríkisins og löndum sem það leigir samkvæmt sérstökum samningum. Skal hún hafa forustu í öllu því er lýtur að ræktun, notkun og nytjun skóga á þeim lendum og vera til ráðgjafar og eftirlits með nytjaskógum.

Skógrækt ríkisins annast rannsóknir, kennslu og leiðbeiningar um skógvernd og skógrækt í samstarfi við aðra aðila sem með þau mál fara.

5. gr.

Skógrækt ríkisins skal hafa þriggja manna stjórn.

Stéttarsamband bænda, Skógræktarfélag Íslands og fastir starfsmenn Skógræktar ríkisins tilnefna hver um sig einn mann í stjórn.

Ráðherra skipar stjórnina til fjögurra ára í senn og velur formann hennar.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu hennar og starfi.

7. gr.

Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra og skal skipun hans lengst vera til sex ára í senn. Skógræktarstjóri skal vera skógfræðingur og fer hann með daglega stjórn Skógræktar ríkisins.

Skógræktarstjóri ræður sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins í samræmi við skipulag stofnunarinnar. Þeir skulu vera skógfræðingar, skógtæknifræðingar eða hafa lokið háskólaprófi í öðrum greinum.

Aðra starfsmenn ráða forstöðumenn deilda að höfðu samráði við skógræktarstjóra.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

8. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingalaga, nr. 10 25. mars 1965.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum um löndin eru, svo að öruggt sé að hliðin opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, eru þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist búfé inn í friðað skóglendi utan heimalands jarða skal það meðhöndlað samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Þó er ráðherra heimilt að ákveða að sveitarfélög á viðkomandi svæði taki þátt í smölun og kostnaði sem af því leiðir.

9. gr.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra/lögreglustjóra hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri/lögreglustjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð ef búfé þeirra er tekið í gæslu og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað ákveður hreppstjóri/lögreglustjóri hvar því skuli sleppt.

Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun, svo og uslagjald samkvæmt mati fjögurra manna er hreppstjóri/lögreglustjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa getur umsjónarmaður krafist þess að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði, að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri/lögreglustjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á búfé sínu og halda því frá þessum svæðum, uns girðing telst fjárheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart ef þeir verða þess varir að skógargirðing sé ótrygg vörn.

Komist hreindýr inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, og valdi skemmdum á skógi, skal tjón bætt af ríkissjóði samkvæmt mati dómkvaddra manna, náist ekki samkomulag um bætur. Jafnframt getur skógarvörður í samráði við landeiganda og fulltrúa menntamálaráðuneytis krafist þess að eftirlitsmaður hreindýra í viðkomandi sveitarfélagi aflífi dýrin, ef aðrar ráðstafanir duga ekki til.

10. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendi utan heimalanda frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert.

Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóvember til 1. júní, enda taki eigandi skóglendisins þátt í kostnaði af slíkri girðingu að hálfu.

11. gr.

Þar sem stór landsvæði, svo sem heilar sveitir eða sveitarhlutar, eru teknir til skógræktar er sveitarstjórn heimilt að setja reglur um vörsluskyldu búfjár og skiptingu kostnaðar sem af því leiðir.

Fallist sveitarstjórn ekki á að koma á vörsluskyldu búfjár geta þeir, sem eiga hlut að skógræktinni, leitað til landbúnaðarráðherra sem er þá heimilt að mæla fyrir um vörsluskyldu búfjár á svæðinu og kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess fyrir beit er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra og ber honum þá að leita eftir samningum við eigendur um friðun og uppsetningu girðingar um svæðið. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands sem m.a. kveði á um greiðslu á kostnaði við gerð og viðhald girðingar um landið.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun slíkra skóglenda til fimm ára í senn, ásamt kostnaðaráætlun.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

13. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu í sveitum þar sem nytjaskógrækt er stunduð í miklum mæli eða annars staðar svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist þangað.

Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs.

14. gr.

Skóg má ekki höggva nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins. Rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna nema skógræktarstjóri samþykki annað.

15. gr.

Gróðurverndarnefndir, samkvæmt lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, skulu senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu þyki þeim ástæða til eða sé um hana beðið af skógræktarstjóra.

16. gr.

Starfsmenn Skógræktar ríkisins skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um verndun og friðun skóglendis og hvort brotið sé gegn ákvæðum laga þessara og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða um meðferð skóglendis samkvæmt lögum þessum. Þeir skulu, jafnskjótt og þeir verða slíks varir, gera skógræktarstjóra grein fyrir málinu.

17. gr.

Þar sem landeyðing og skógeyðing fara saman á stórum svæðum skulu Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa samvinnu um friðunaraðgerðir.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga.

18. gr.

Í þeim héruðum landsins þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga innan skógræktaráætlana sem Skógrækt ríkisins hefur gert og lögð er til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga.

19. gr.

Styrkur skv. 18. gr. má nema allt að 90 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins og ræktun skógarins. Ráðherra ákveður í reglugerð hvaða framkvæmdir verði styrktar samkvæmt þessari grein. Jarðeigandi leggur fram sem nemur 10% af heildarstofnkostnaði.

Þar sem eigendur samliggjandi landa koma sér saman um að girða land af og rækta á því skóg, eftir samþykktri áætlun, greiðir ríkissjóður allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar.

Hlutur ríkissjóðs greiðist eftir stofnkostnaði á hvern hektara lands hverju sinni, enda liggi fyrir samningur skv. b-lið 20. gr.

Til að efla atvinnu í dreifbýli skulu bændur sem aðstöðu hafa til, sitja fyrir með að rækta plöntur til nytjaskóga, skjólbelta og skógarlunda, sem styrks njóta.

20. gr.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a. Að Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum á svæðinu og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b. Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi ábúanda og/eða jarðeiganda, staðfestur af landbúnaðarráðuneyti. Í þeim samningi skal m.a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar, meðferð landsins og skyldur samningsaðila. Jafnframt skal kveðið á um hvernig með skuli fara ef landeigandi vill leysa land sitt frá skyldum, sem á því hvíla samkvæmt samningnum, svo

og skyldu jarðeiganda eða ábúanda til að endurgreiða Skógrækt ríkisins 3% af brúttóandvirði afurða þegar þær falla til og rennur það fé í sérstakan sjóð í vörslu Skógræktar ríkisins til endurnýjunar sama skóglendis.

Samningi skv. b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

21. gr.

Girðingar um nytjaskóga skulu vera löggirðingar. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

22. gr.

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, en styrkur samkvæmt þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Nú vill landeigandi leysa land sitt undan skyldum sem á því hvíla samkvæmt samningi sem gerður er á grundvelli laga þessara, sbr. b-lið 20. gr., er honum það heimilt, enda endurgreiði hann þá öll framlög sem innt hafa verið af hendi.

23. gr.

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. b-lið 20. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 30. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar skal kaupverð miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk samkvæmt þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverð er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. 1. mgr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

24. gr.

Skógrækt ríkisins sér um gerð skógræktaráætlana fyrir nytjaskóga og hefur eftirlit með framkvæmd áætlananna.

Nefnd þriggja manna skal stjórna framkvæmd skógræktaráætlunar skv. 20. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi bænda og sveitarstjórna á svæðinu. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

25. gr.

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til skógræktaráætlana og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum, skv. 20. gr.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

26. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt, umfram það sem 19. gr. ákveður, að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, enda njóti viðkomandi ekki styrks til slíks samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er að greiða styrk til ræktunar skógarlunda, skjólbelta og til friðunar og ræktunar lands undir skóg. Styrkur má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunarinnar.

27. gr.

Styrkur greiðist aðeins á framkvæmdir á landi sem telst vel fallið til skógræktar að mati skógræktarstjóra og viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og er minnst 3 ha innan girðingar.

28. gr.

Skógrækt ríkisins setur reglur um vörslu og hirðu svæða sem styrks njóta samkvæmt framanskráðu og ber öllum sem hluta eiga að máli að hlíta þeim.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

29. gr.

Skógarjarðir má ekki selja án vitundar Skógræktar ríkisins. Skal hún hafa forkaupsrétt að skógarjörðum, að frágengnum þeim sem forkaupsrétt hafa samkvæmt jarðalögum, nr. 65 1976.

30. gr.

Skóglendi má ekki hluta í sundur skipta upp í lóðir eða taka undir mannvirki, svo sem sumarhús, veitulagnir, vegi o.þ.h., nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn skógræktarstjóra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

31. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

Ráðherra úthlutar styrknum að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

33. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3/1955, 22/1966 og 76/1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. verða aðalstöðvar Skógræktar ríkisins áfram í Reykjavík enn um sinn, en flutningi þeirra á Fljótsdalshérað skal vera lokið fyrir 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru nr. 3 6. mars 1955. Með lögum nr. 22 16. apríl 1966 var settur viðauki við þau lög sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar. Með lögum nr. 76 30. maí 1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið þessa frumvarps er einkum að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög, auk breytinga á gildandi löggjöf sem voru orðnar mjög aðkallandi. Langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar, eins og rakið er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Árið 1979 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Sú nefnd vann um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Síðan var endurskoðunin tekin upp að nýju og unnið að verkinu í samráði við starfsmenn Skógræktar ríkisins og stjórn Skógræktarfélags Íslands og er þetta frumvarp árangur af þeirri samvinnu.

Frumvarp til laga um skógvernd og skógrækt var fyrst lagt fram á 108. löggjafarþingi og hverju þingi síðan, án þess að hljóta afgreiðslu. Frumvarpið, eins og það er nú lagt fram, er breytt frá því sem áður var og hefur verið unnið að breytingum af landbúnaðarráðuneytinu í samráði við Skógrækt ríkisins, Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Tilgangur laganna, orðskýringar og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna og er sama efnis og 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Skógrækt ríkisins er ekki nefnd í texta, enda eru ákvæði um Skógrækt ríkisins í II. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógrækt og þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um II. kafla.

Um Skógrækt ríkisins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er upptalning á verkefnum Skógræktar ríkisins sem eru skilgreind betur en í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum rannsóknir á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðra aðila er stunda rannsóknir í þágu atvinnuveganna og er það nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um. Þá er það nýmæli að lögin kveði á um að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skuli vera á Fljótsdalshéraði og byggist það á ályktun Alþingis frá 11. maí 1988.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli og byggist m.a. á ábendingum frá hagsmunasamtökum bænda um að stofnunin hafi sérstaka stjórn.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti, að gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri sé skipaður tímabundið, lengst til sex ára í senn.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn, er hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum rannsóknarverkefni og áætlanagerð, eftirlit með meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og eignaumsýslu fyrir Skógrækt ríkisins.

Um III. kafla.

Um skógvernd og friðun.

Kafli þessi svarar efnislega mest til III. kafla núgildandi laga, en efnið er þó sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 14. og 15. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni fyrstu málsgreinar og er það breyting frá því sem nú gildir.

Um 9. gr.

Efni greinarinnar svarar til 17. gr. gildandi laga en hér er þó um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í núgildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði, sem fer inn á girt skógræktarsvæði a.m.k. í tvígang, vitji eigandi þess ekki og greiði smölunarkostnað og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla í skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Í 4. mgr. er nýmæli sem tilkomið er vegna knýjandi nauðsynjar á að stemma stigu við því geigvænlega tjóni sem hreindýr valda á ungskógi í skógræktargirðingum á Austurlandi. Lagt er til að ríkissjóður bæti tjón sem skapast af völdum hreindýra samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Um 10. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar felst heimild til handa skógræktarstjóra til að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert og er ákvæðið hliðstætt 8. gr., fyrsta málslið, gildandi laga. Önnur málsgrein hefur hins vegar að geyma nýmæli, sem tekur til þeirrar sérstöðu, þegar gripahús eru í eða við skóglendi og er þá eiganda eða notanda gripahússins skylt að hindra með girðingu að búfé komist í skóglendið á nefndu tímabili. Sú skylda er þó háð því skilyrði að eigandi skóglendis kosti slíka girðingu að hálfu.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógvernd og skógrækt og er að sumu leyti til komin eftir ábendingu frá Stéttarsambandi bænda fyrir hönd ýmissa bænda sem hyggja á nytjaskógrækt.

Um 12. gr.

Greinin svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Þó er nú gert ráð fyrir að heimild til friðunaraðgerða, vegna yfirvofandi hættu á að skóglendi eyðist verði hjá skógræktarstjóra, að fengnu samþykki ráðherra, í stað ráðherra áður, sbr. 1. mgr.

Friðunin byggist á samningi skógræktarstjóra og landeiganda og á í slíkum samningi að kveða sérstaklega á um greiðslu á kostnaði við gerð og viðhald girðingar um landið.

Þá er ákvæði 2. mgr. nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri leggi fyrir Alþingi fimm ára áætlun um friðunaraðgerðir í þessu skyni.

Um IV. kafla.

Um meðferð skóglendis.

Efni IV. kafla svarar til efnis II. kafla núgildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er mun fortakslausara en svipuð ákvæði eldri laga. Skýlaust bann er við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins. Þá er ótvírætt skilyrði sett um að rækta skal skóg í stað þess sem höggvinn er, nema skógræktarstjóri samþykki annað, og er það nýmæli.

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir geti haft frumkvæði um sérfræðilegt mat á ástandi og meðferð skóglendis, jafnframt því sem skógræktarstjóri getur leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu til Skógræktar ríkisins um ástand skóglendis og meðferð þess.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Er sama efnis og 24. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er lengur gert ráð fyrir að hreppstjórar hafi eftirlit með því hvort ákvæðum laganna sé fylgt.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins, sbr. lög nr. 17/1965, og Skógræktar ríkisins um friðunaraðgerðir, þegar svo háttar að saman fara landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

Um V. kafla.

Um ræktun nytjaskóga.

Efni kaflans svarar til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984 um breytingu á lögum nr. 3/1955, um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kafla „**Um ræktun nytjaskóga á bújörðum**“ bætt við lög nr. 3/1955. Þó er það nýmæli í frumvarpi þessu að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga er ekki einungis bundið við bújarðir heldur getur það, ef skilyrðum kaflans er fullnægt, einnig nýst öðrum jörðum, jafnframt því sem lagt er til að framlag hækki úr 80% í 90% stofnkostnaðar. Þá er í 2. mgr. 19. gr. gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað, fyrir utan kostnað við girðingar, þegar margir landeigendur koma sér saman um að rækta skóg eftir samþykktri áætlun og því fylgir friðun á landi í stórum stíl. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem styrks njóta endurgreiði Skógrækt ríkisins hluta af verðmæti afurða þegar þær falla til og skal það fjármagn, sem þannig fæst, renna í sérstakan endurnýjunarsjóð viðkomandi skóglendis sem Skógrækt ríkisins varðveitir. Þá er það enn fremur nýmæli í þessu frumvarpi að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga greiðist á hvern ha lands hverju sinni, en í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því fyrirkomulagi. Það atriði er til þess fallið að

einfalda stórlega framkvæmd laganna. Þá er nýmæli í þessum kafla að landeiganda er gert kleift að leysa land sitt undan þeim skyldum sem á það eru lagðar, vegna ræktunar nytjaskóga með því að endurgreiða það framlag, sem innt hefur verið af hendi, sbr. ákvæði 3. mgr. 22. gr.

Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar kaflans ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

Um efni þessa kafla eru ákvæði í lögum nr. 22 16. apríl 1966, um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt. Í þessum kafla er þó gert ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt.

Auk stuðnings samkvæmt þessum kafla er að finna ákvæði um framlög til skjólbeltaræktunar í 10. gr. jarðræktarlaga, nr. 56/1987, og reglugerð um jarðrækt, nr. 344/1985.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum styrkveitingar til einstaklinga og félagasamtaka til skógræktar og hafi til þess fé á fjárlögum. Það skilyrði er sett í greininni að viðkomandi styrkþegi njóti ekki styrks samkvæmt öðrum lögum.

2. mgr. hefur að geyma fyrirmæli um hvaða framkvæmdir er heimilt að styrkja. Efni 2. mgr. er hliðstætt 6. gr. laga nr. 22/1966. Þó er gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en samkvæmt núgildandi ákvæði.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir því skilyrði fyrir styrkveitingu að land það, sem ætlað er til skógræktar, sé a.m.k. 3 ha að stærð og sé auk þess vel fallið til skógræktar að mati viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og skógræktarstjóra.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

Um 29. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli að bannað er að selja skógarjarðir án vitundar Skógræktar ríkisins. Eigandi skógarjarðar sem hyggst selja jörð sína verður því að bjóða Skógrækt ríkisins hana til kaups með þeim hætti er greinir í 32. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, næst á eftir sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eignin er, sbr. 30. gr. jarðalaga.

Um 30. gr.

Greinin er nýmæli og leggur bann við skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

Um VIII. kafla.

Um Skógræktarfélag Íslands.

Efni kaflans svarar til V. kafla laga nr. 3/1955, sbr. 4. gr. laga nr. 76 30. maí 1984.

Um IX. kafla.

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

Kaflinn skýrir sig sjálfur. Það nýmæli felst í 30. gr frumvarpsins, að gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

Nd. 773. Frumvarp til laga [413. mál]

um hagstofnun landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Um aðsetur og hlutverk.

1. gr.

Hagstofnun landbúnaðarins er ríkisstofnun, er lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Hagstofnun landbúnaðarins skal hafa aðsetur á Hvanneyri í Andakílshreppi og skal rekstur hennar vera í nánum tengslum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Kostnaður af starfi hagstofnunar landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér m.a. með því að taka að sér að vinna sérstök verkefni fyrir stofnanir, félagasamtök og einstaklinga.

2. gr.

Hlutverk hagstofnunar landbúnaðarins er:

1. Að vinna heildarupplýsingar um afkomu landbúnaðarins, afkomu bænda í einstökum landshlutum og afkomu einstakra búgreina fyrir hvert ár og taka saman yfirlit um þróun þessara mála. Slíkar upplýsingar skulu unnar úr niðurstöðum búreikninga sem berast frá bókhaldsstofum bænda svo og öðrum þeim gögnum sem nauðsynleg þykja og tiltæk eru.
2. Að vinna nauðsynlegar upplýsingar vegna verðlagningar búvara, hagskýrslugerðar og annars sem þurfa þykir, að því leyti sem það fellur innan starfssviðs stofnunarinnar.
3. Að hafa yfirumsjón með hagrannsóknum í landbúnaði í samvinnu og samstarfi við stofnanir sem annast sambærilegar rannsóknir.
4. Að hafa frumkvæði um áætlanagerð við búrekstur, útgáfustarf og hagrænar leiðbeiningar til bænda í samvinnu við leiðbeiningaþjónustu bændasamtakanna og aðra þá aðila sem sinna fræðslu um landbúnað.
5. Að stuðla að því að sem flestir bændur færi bókhald fyrir bú sín, m.a. með skipulagðri fræðslustarfsemi meðal bænda um gagnsemi bókhalds og útgáfu leiðbeininga um bókhald og skattskil.
6. Að hafa yfirumsjón með gerð og þróun bókhaldsforrita fyrir bókhaldsstofur bænda svo og forrita fyrir áætlanagerð í búrekstri í samvinnu við bændasamtökin.
7. Að hafa samstarf við deildarstjórn búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri um kennslu í landbúnaðarhagfræði.

II. KAFLI

Um skipan stjórnar og hlutverk.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í stjórn hagstofnunar landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hagstofu Íslands, einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr röðum stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

4. gr.

Hlutverk stjórnar er m.a.:

1. Stjórn annast ráðningu forstjóra stofnunarinnar.
2. Stjórn leggur árlega, í samvinnu við forstjóra, fram tillögur til fjárlaga varðandi fjárþörf stofnunarinnar, skipt upp eftir starfssviðum. Einnig gerir hún tillögur til landbúnaðarráðherra um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu svo og viðmiðunargjaldskrá fyrir bókhaldsstofur bænda.
3. Stjórn tekur ákvarðanir um mótun á starfsemi stofnunarinnar og hefur eftirlit með að hún þjóni því hlutverki sem henni er ætlað.
4. Stjórn skal halda minnst tvo fundi árlega, þar af annan á þeim tíma sem tillögur til fjárlaga eru gerðar. Halda skal stjórnarfund ef meiri hluti stjórnar krefst þess.

5. gr.

Hlutverk forstjóra er m.a.:

1. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar samkvæmt ákvörðunum stjórnar svo og það samstarf við aðrar stofnanir sem nauðsynlegt er talið.
2. Forstjóri er ábyrgur fyrir að stofnunin starfi í samræmi við gildandi löggjöf og sinni því hlutverki og þeim skyldum sem á hana eru lagðar.
3. Forstjóri hefur umsjón með mannahaldi við stofnunina.

III. KAFLI

Um bókhaldsstofur bænda.

6. gr.

Búnaðarsamböndin í landinu skulu hvert fyrir sig, eða í samstarfi sem nær yfir nánar tiltekið svæði, koma á fót bókhaldsstofum sem annast gagnaskráningu og uppgjör búreikninga fyrir bændur. Einnig skulu þær vera færar um að veita bændum leiðbeiningar og aðstoð við skattskil.

Bókhaldsstofum er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá hagstofnunar landbúnaðarins.

Hagstofnun landbúnaðarins skal hafa umsjón með að form eyðublaða, skráning gagna og uppgjör reikninga fari fram á samræmdan hátt, þannig að samanburður á niðurstöðum sé marktækur.

Bókhaldsform sem bókhaldsstofur bænda bjóða upp á skal við það miðað að bændum sé kleift að halda einkafjárhag sínum utan við bókhald búa sinna.

7. gr.

Fyrir hvern búreikning, sem skilað er til hagstofnunar landbúnaðarins til úrvinnslu og er í samræmi við þær reglur sem stofnunin setur, skal hún greiða 30% af kostnaði við hann samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Heimilt er að greiða aukalega fyrir öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast.

8. gr.

Hagstofnun landbúnaðarins skal veita þeim bændum, sem ekki eiga kost á bókhaldsþjónustu á vegum bændasamtaka í heimahéraði, aðstoð við útvegun á sambærilegri þjónustu og bókhaldsstofur bænda veita í öðrum héruðum, þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er að upplýsingar um rekstur og afkomu bænda geti borist til samræmds uppgjörs alls staðar af landinu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Stjórn og starfsmönnum hagstofnunar landbúnaðarins, svo og starfsmönnum þeirra bókhaldsstofa sem sjá um uppgjör búreikninga, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn að skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag, tekjur eða gjöld einstakra manna eða stofnana. Skulu þeir ætíð gæta þess að fara með upplýsingar og gögn frá bændum sem trúnaðarmál.

10. gr.

Skylt er að veita hagstofnun landbúnaðarins þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun hagstofnunar landbúnaðarins þar sem m.a. er kveðið á um samstarf og samvinnu hagstofnunar landbúnaðarins og búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 20 22. apríl 1967, um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bókhaldsstofur bænda og hagstofnun landbúnaðarins geta sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögunum skulu Búreikningastofa landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands gegna þeim verkefnum þeirra sem tök eru á með þeim réttindum og skyldum sem lög þessi ákveða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Stefna bændasamtakanna varðandi hagstofnun landbúnaðarins.

Á undanförnum árum hafa bæði Búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkt ályktanir um nauðsyn þess að koma á fót hagstofnun landbúnaðarins „þar sem á einni hendi væru hagtölur landbúnaðarins“ og þar sem hagfræðilegar áætlanir fyrir landbúnaðinn yrðu unnar.

Markmið bændasamtakanna með að hvetja til stofnunar hagstofnunar landbúnaðarins hefur verið að fá á einn stað og samræma þá öflun hagtalna fyrir landbúnaðinn sem nauðsynleg er talin, ásamt því að leggja meiri áherslu á úrvinnslu og túlkun þeirra tölulegu staðreynda sem fyrir hendi eru. Þörfin fyrir markvissa vinnu á þessum vettvangi er brýnni nú en nokkru sinni fyrr og því mikilvægt að þessi mál séu mótuð á þann veg sem bestur þykir.

2. Staða bókhaldsmála landbúnaðarins.

Eins og kunnugt er þá er færsla búreikninga nú skipulögð og framkvæmd á tvennan hátt, annars vegar af Búreikningastofu landbúnaðarins sem er undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands og hins vegar hjá búnaðarsamböndum með svokölluðu bændabókhaldi.

Lög um Búreikningastofu landbúnaðarins voru endurskoðuð á árunum 1966–1967 og var þá lagður grunnur að því tölvuvædda uppgjöri búreikninga sem fer nú fram hjá Búreikningastofunni.

Reikningar sem gerðir eru upp hjá Búreikningastofu landbúnaðarins hafa á undanförnum árum verið á milli 170 og 180.

Búreikningastofan gerir upp úrtak þeirra reikninga fyrir verðlagningu hjá stærstu búgreinunum (mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt) fyrir utan hefðbundna ársskýrslu sem sýnir m.a. meðaltals niðurstöðu ýmissa þátta í rekstri hefðbundinna greina, framlegð og eiginfjárstöðu mismunandi bútegunda og vinnuþörf við reksturinn. Þeim búum sem koma til uppgjörs í ársskýrslu hefur farið fækkandi eða úr um 160 fyrir 11–12 árum niður fyrir 100 á síðustu árum.

Á árunum eftir 1980 hófst vinna við að gera mögulegt að flytja viðskiptafærslur beint úr tölvubókhaldi kaupfélaga yfir í bændabókhaldsforritið sem þróað var af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands. Á þann veg sparast allnokkur fyrirhöfn við frumvinnu og skráningu. Á hitt ber einnig að líta að misjafnt er milli landshluta hve viðskipti bænda dreifast á marga viðskiptaaðila þannig að þessi möguleiki nýtist ekki allsstaðar á landinu. Fjöldi þeirra reikninga sem unnir eru hjá búnaðarsamböndunum hefur farið vaxandi og var um 200 á síðasta ári.

Niðurstöður þeirra gagna sem aflað er með bændabókhaldi eru ekki gerðar upp sameiginlega.

3. Hver eru helstu áhersluverkefni?

Forgangsverkefni við mótun búreikningahalds í framtíðinni er að endurskipuleggja upplýsingaöflun með færslu búreikninga hjá bændum þannig að hægt verði að afla þeirra gagna sem þörf er á um afkomu stéttarinnar í heild svo og þann mismun sem fyrir hendi er innan hennar, verðlagningu búvara og ýmsar tegundir hagrannsókna. Jafnframt þarf að samræma að fullu það reikningsform sem unnið er eftir.

Þegar rætt er um endurskipulagningu og eflingu ráðanautaþjónustu á landsbyggðinni er búreikningahald eitt þeirra verkefna sem möguleiki er á að geti staðið undir auknum mannafla. Hér yrði bæði um að ræða störf við skráningu frumgagna og uppgjör reikninga, svo og við leiðbeiningar eftir niðurstöðum reikninganna. Samræmd úrvinnsla fyrir landið allt færi síðan fram á landsvísu hjá hagstofnun landbúnaðarins.

Samandregið yfirlit um markmið og verkefni hagstofnunar landbúnaðarins má skilgreina á eftirfarandi hátt:

a. Yfirumsjón og skipulagning búreikningahalds ásamt samræmdri úrvinnslu búreikninga.
b. Vinnsla hagskýrslna í landbúnaði ásamt ýmiss konar sérverkefnum.
c. Grunnvinna fyrir verðlagningu búvara.
d. Stuðla að aukinni notkun búreikninga við rekstrarkannanir og áætlanagerð.
e. Framkvæmd og umsjón með hagrannsóknum í landbúnaði.
f. Umsjón með hagrænum leiðbeiningum í landbúnaði
g. Útgáfustarfsemi.

4. Röksemdir fyrir fjármögnun hins opinbera á rekstri hagstofnunar landbúnaðarins og hluta í rekstri bókhaldsstofa bænda.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim efnisatriðum sem renna stoðum undir þáttöku hins opinbera hvað varðar fjármögnun hagstofnunar landbúnaðarins.

Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað innan bændasamtakanna hefur ekki verið rætt mikið um á hvern hátt ríkisvaldið kæmi inn í stjórn og fjármögnun fyrrgreindrar stofnunar.

Hér verður reynt að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum og röksemdum sem skjóta stoðum undir þátttöku ríkisins.

Ríkisvaldið fjármagnar nú þegar og hefur yfirumsjón með margvíslegri gagnaöflun og gagnaúrvinnslu er varðar landbúnaðinn. Má þar til dæmis nefna verkefni hjá eftirfarandi stofnunum:

a. *Búnaðarfélag Íslands.* Þar fer fram margvísleg gagnaöflun, t.d. varðandi framkvæmdir samkvæmt jarðræktarlögum, ásetningsskýrslum er safnað þar saman og unnið úr þeim, búfjárskýrsluhald og kynbótastarfsemi er undir umsjón BÍ. og þannig mætti áfram telja.
b. *Búreikningastofa landbúnaðarins.* Hún er undir stjórn Búnaðarfélags Íslands en starfar eftir sérstökum lögum. Hennar hlutverk er m.a. að annast skipulagningu og úrvinnslu búreikninga, miðlun á niðurstöðum þeirra og veita verðlagsnefnd búvöru nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt niðurstöðum þeirra.
c. *Framleiðsluráð landbúnaðarins.* Fjármögnun þess er ekki á fjárlögum, heldur samkvæmt sérstöku gjaldi á heildsöluverð búvara. Þar fer fram margvísleg gagnaskráning hvað varðar framleiðslu- og sölumál landbúnaðarins. Yfirlit um framleiðslumagn hvers einstaks framleiðanda er fært hjá Framleiðsluráði og sömuleiðis yfirlit um tekjur og gjöld úr kjarnfóðursjóði.
d. *Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun* sinna ýmiss konar verkefnum og útreikningum er varða landbúnaðinn sérstaklega.

Almenn rök fyrir þátttöku ríkisvaldsins í leiðbeiningarþjónustu, gagnaöflun og rannsóknum varðandi atvinnuveginn eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eiga leiðbeiningar, fræðsla og þar með aukin þekking framleiðenda að skila sér í lægra verði til neytenda og betri afkomu framleiðenda. Ljóst er að ef hið opinbera tekur ekki að hluta til þátt í fjármögnun þessara liða þá myndu þeir koma beint inn í verðmyndun búvara.

Í öðru lagi er gagnaöflun almennt samfélagslegt atriði, grunnupplýsingar um staðreyndir eru nauðsynlegar ýmissa hluta vegna, svo sem í sambandi við tryggingar og skattamál. Í búvörulögum er kveðið á um upplýsingaskyldu hins opinbera við verðlagninguna.

Í þriðja lagi eru rannsóknir forsenda framfara, bæði þær sem leiða til framþróunar og þær sem fækka mistökum.

Í fjórða lagi en ekki síst er þáttaka ríkisvaldsins nauðsynlegur þáttur til að gefa niðurstöðum slíkrar stofnunar hlutleysi gagnvart öllum aðilum. Væri töluleg úrvinnsla eins og hér hefur verið fjallað um einvörðungu á ábyrgð og undir stjórn bændasamtakanna þá væri hætta á því að þeim yrði tekið með ákveðnum fyrirvara um hlutdrægni af hálfu þeirra aðila sem standa hins vegar við borðið. Þetta atriði er afar mikilvægt hvað varðar þann trúnað sem þær niðurstöður fá sem birtast á vegum stofnunarinnar.

5. Kostnaðaráætlun.

Ekki verður hér gerð nákvæm grein fyrir væntanlegum kostnaði ríkissjóðs vegna starfrækslu hagstofnunar landbúnaðarins. Þó er ljóst að hann verður tvenns konar:

a. Beinn rekstarkostnaður hagstofnunar landbúnaðarins á Hvanneyri og
b. b. greiðslur til bænda/bókhaldsstofa fyrir afnot af uppgerðum búreikningum.

Reiknað er með að í upphafi starfi hjá hagstofnun landbúnaðarins þrír háskólamenntaðir starfsmenn og einn ritari, sem í byrjun sinntu uppbyggingu bókhaldsþjónustu í héruðunum, umsjón hagrænna leiðbeininga og úrvinnslu uppgerðra búreikninga. Kostnað vegna þessa, þ.e. a-liðar, má áætla þannig (í þús. kr.):

Laun	5000
Önnur gjöld	3000
Stofnkostnaður[1]	1500

[1] Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld.

Ef fjöldi þeirra bænda sem nú nýta sér bókhaldsþjónustu á vegum Búreikningastofu og búnaðarsambanda yrði óbreyttur þyrfti að greiða fyrir um 370 reikninga skv. b-lið hér að framan. Þar sem bókhaldsþjónusta í héruðunum er á byrjunarstigi og viðmiðunargjaldskrá hagstofnunar landbúnaðarins er ekki til þá verður að áætla gróft hvað hér sé um háa heildarupphæð að ræða. Þeir sem til þekkja telja að hlutur ríkisins í hverjum reikningi gæti numið a.m.k. 10 þús. kr. Þannig má áætla að kostnaður ríkissjóðs yrði um 4.000 þús. kr. vegna greiðslna fyrir uppgerða reikninga.

Samtals er því kostnaður ríkissjóðs samkvæmt framangreindu á fyrsta ári hagstofnunar landbúnaðarins áætlaður 13.500 þús. kr.

Á móti kemur í fyrsta lagi beinn sparnaður vegna yfirtöku verkefna Búreikningastofu landbúnaðarins. Einnig er hugsanlegt í öðru lagi að staða hagfræðiráðunauts hjá BÍ. flyttist til hagstofnunar landbúnaðarins og að sparnaður verði í rekstri búvísindadeildar vegna kennslu í hagfræði. Þess má að lokum geta að kostnaður við rekstur Búreikningastofunnar einnar var tæplega 6 millj. kr. á síðasta ári og er því ljóst að hér er ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð, þótt ekki sé tekið tillit til annarrar hagkvæmni af breyttu fyrirkomulagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér ákvörðun um stofnun og starfrækslu hagstofnunar landbúnaðarins, og stjórnskipulega stöðu hennar.

Tekin er ákvörðun um að aðsetur hagstofnunar landbúnaðarins verði á Hvanneyri og að hún starfi í nánum tengslum við búvísindadeild Bændaskólans þar. Forsendur fyrir þessari staðsetningu eru aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi er ljóst að með breyttum aðstæðum í landbúnaði, samdrætti í helstu greinum hans og harðnandi afkomu vegna t.d. hárra raunvaxta og mikils kostnaðar við fjármagn, ber brýna nauðsyn til þess að efla menntun tilvonandi leiðbeinenda í landbúnaði í hagfræðigreinum. Sé það vilji stjórnvalda að háskólanám í búvísindum fari fram á Hvanneyri, hér eftir sem hingað til, er það mikilvægt atriði að hinn hagræni hluti kennslunnar verði efldur. Það verður ekki gert á annan veg en að gera Hvanneyri að miðstöð hagtölulegrar úrvinnslu, hagrannsókna og hagskýrslugerðar í landbúnaði. Á þann hátt mun samnýting starfskrafta í vinnu fyrir hagstofnun landbúnaðarins og til kennslu við búvísindadeild verða möguleg.

Í öðru lagi er þessi ákvörðun byggðastefna í framkvæmd. Stofnanir landbúnaðarins eiga tilveru sína undir búsetu á landsbyggðinni. Því er það skylda atvinnuvegarins að flytja þær stofnanir sem mögulegt er frá Reykjavík út á land til að stuðla að eflingu byggðar í dreifbýli.

Lagt er til að kostnaður við hagstofnun landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Rökstuðningur fyrir þeirri skipan kemur fram í almennum hluta greinargerðarinnar.

Ef hagstofnun landbúnaðarins á að sinna því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt frumvarpinu og fyllsta hlutleysis er gætt, þannig að hún hafi trúnað yfirvalda, bænda og neytenda, er eðlilegt að hún verði opinber stofnun.

Um 2. gr.

Greinin ákvarðar hlutverk hagstofnunar landbúnaðarins.

1. Afkoma stéttarinnar.

Það er viðurkennt að til þess að gögn um afkomu hinna einstöku atvinnugreina séu marktæk verður vinnsla þeirra að vera framkvæmd af óháðum og opinberum aðilum. Því er það útilokað að einstök hagsmunasamtök eða stofnanir sem eru alfarið á vegum þeirra sjái um þessa vinnu, ef niðurstöðurnar eiga að vera marktækar af hálfu allra þeirra aðila er málið varðar.

Á vegum hagstofnunar yrði unnið að úttektum á afkomu landbúnaðarins í heild sinni, svo og einstökum greinum hans og niðurstöður þeirra birtar í hagskýrslum landbúnaðarins. Til greina kemur að þessi vinna verði unnin af eða í samstarfi við Þjóðhagsstofnun ef tekst að koma á virku samstarfi við hana. Þar vinnur starfsfólk sem er sérhæft til þessara verka. Á þessum vettvangi er eðlilegt að unnið sé að ýmsum sérverkefnum og úttektum eftir því sem ástæða þykir til. Gera skal ráð fyrir að þessi „sérverkefni" séu oft fjármögnuð með öðrum hætti en hefðbundinn rekstur.

2. Verðlagning búvara og samningar við ríkisvaldið.

Opinber verðlagning búvara hefur hingað til að mestu verið bundin við hinar „hefðbundnu" búgreinar, en þetta hefur breyst verulega á síðustu tímum. Líkur benda til að meiri hluti búvara verði verðlagður af sexmannanefnd ef fer fram sem horfir. Það skiptir ríkisvaldið ekki síður máli en framleiðendur og neytendur að verðlagning búvara sé byggð á vönduðum og marktækum gögnum, þar sem búvöruverð hefur áhrif á þróun framfærslu- og lánskjaravísitölu. Slíkar upplýsingar hljóta að byggjast á bókhaldi frá bændum sem gert er upp eftir ákveðnu samræmdu kerfi.

Sem stendur ákvarðar sexmannanefnd verð búvara í sex búgreinum, þ.e. framleiðslu mjólkur og nautakjöts, kindakjöts, kartaflna, eggja, kjúklinga og hrossakjöts. Það er því ljóst að ekki verður lengur við það unandi að einungis séu gerðir upp reikningar úr hinum „hefðbundnu" búgreinum þar sem opinber verðlagning er orðin svo umfangsmikil. Einnig ber á það að minna að æ færri reikningar koma til uppgjörs fyrir hinar hefðbundnu greinar þar sem búskapur verður fjölbreyttari og þeim búum fækkar sem hafa svokallaðan „hreinan" rekstur.

Því ber nauðsyn til þess að skipuleggja gagnaöflun um allar greinar landbúnaðarins til að geta staðið undir þeim kröfum sem verðlagningin gerir. Búvörusamningar milli Stéttarsambands bænda og ríkisvaldsins eru mjög umfangsmiklir og vandasamir, bæði samningsgerðin sjálf, svo og framkvæmd þeirra. Glöggt kom fram við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir hve skortur á ýmsum tölulegum upplýsingum varðandi landbúnaðinn háir því að hægt sé að skoða ýmis atriði nánar. Þetta er mikilvægt atriði sem brýnt er að verði betur á vegi statt þegar næst verður sest að samningaborði um verðábyrgð ríkisins á ákveðnu magni landbúnaðarafurða.

Þess ber að lokum að geta að eftir því sem opinber verðlagning verður umfangsmeiri þeim mun meiri líkur eru til þess að þróunin verði í þá átt að bændasamtökin semji í heild við ríkisvaldið um verð búvara, verðábyrgð ríkisins, styrki, niðurgreiðslur, útflutningsuppbætur o.fl. þess háttar.

3. Hagrannsóknir í landbúnaði.

Hagrannsóknir í landbúnaði eru nær óplægður akur hérlendis enn sem komið er. Þegar rætt er um hagrannsóknir í landbúnaði er m.a. verið að tala um rannsóknir er varða fjárfestingar, verðmyndun landbúnaðarafurða, verðlagsþróun, áhrif og mótun framleiðslustjórnunar og annað í þeim dúr. Líklegt er að það fjármagn, sem lagt yrði í hagrannsóknir, mundi skila árangri, sérstaklega þar sem fortíðin er harla döpur hvað þetta snertir. Hér er það enn mikilvægt atriði að mismunandi hagsmunahópar komi inn sem stjórnunaraðilar til þess að hlutleysis verði gætt í meðferð efnis og túlkun niðurstaðna.

4. Fræðslustarf, rekstrarkannanir og áætlanagerð.

Vegna breyttra aðstæðna í rekstrarskilyrðum landbúnaðarins eru hagfræðileiðbeiningar sá þáttur leiðbeininga sem einna mest þörf er á að auka verulega. Þessari miklu þörf hefur ekki tekist að mæta innan leiðbeiningarþjónustunnar og rannsóknarstarfsemi ekki verið fyrir hendi í faginu og er því brýn þörf úrbóta.

Þegar rætt er um vaxtarbrodda í leiðbeiningarþjónustu á komandi tímum eru hagfræðileiðbeiningar því sá þáttur sem hefur alla burði til að vaxa verulega að umfangi frá því sem nú er.

Rekstrarleiðbeiningar og áætlanagerð sem byggjast á nákvæmri úttekt á mikilvægustu forsendum hjá viðkomandi bónda, eru líklega þeir þættir leiðbeiningarþjónustunnar sem hvað skemmst eru á veg komnir. Jafnframt eru allir sammála um að á þessu sviði sé hvað mest þörf fyrir markvisst átak og hraða framvindu mála. Þar sem rök eru fyrir því að ríkið styðji almenna leiðbeiningaþjónustu, þá eru rök fyrir því að ríkið taki fjárhagslegan þátt í uppbyggingu og rekstri þessarar starfsemi, því hér er mikils árangurs að vænta.

Hlutverk hagstofnunar landbúnaðarins myndi vera forysta á þessum vettvangi, t.d. með úrvinnslu ýmissa gagna úr niðurstöðum búreikninga og gera ráðunautum þannig mögulegt að nýta sér þann fróðleik til leiðbeininga. Einnig að annast leiðbeiningar og menntun í gegnum námskeiðahald og aðra fræðslu og stunda rannsóknir á þessu sviði, svo sem hvað varðar vinnubrögð við hagfræðilegar leiðbeiningar.

Stofnunin skal að gangast fyrir námskeiðum um búreikningahald og niðurstöður þess ásamt öðru er viðkemur hagrænum málefnum landbúnaðarins í samvinnu við bændaskóla og bændasamtök.

Einnig er gert ráð fyrir að á vegum hagstofnunar verði um að ræða útgáfustarfsemi af ýmsum toga. Þar er til dæmis um að ræða útgáfu á skýrslum sem unnar eru upp úr niðurstöðum búreikninga um afkomu einstakra búgreina og atvinnuvegarins í heild sinni. Einnig yrðu gefnar út niðurstöður ýmissa sérverkefna. Jafnframt má minna sérstaklega á útgáfu handbókar sem í væru flestar nauðsynlegar upplýsingar og viðmiðunartölur til þess að auðvelda gerð rekstraráætlana í landbúnaði. Hagstofnun landbúnaðarins skal sjá um vinnslu þessarar bókar og gefa hana út árlega.

5. Bókhald bænda.

Viðurkennt er að ein megin forsenda þess að geta rekið fyrirtæki, búrekstur sem önnur á hagkvæman og arðsaman hátt, er að hafa nákvæmt eftirlit með rekstrinum og yfirsýn yfir tekjur og gjöld.

Aukin hagkvæmni í rekstri, sem skapast af markvissu eftirliti og stjórn hans, á að skila lægra búvöruverði eins og reynslan sýnir. Viðurkennt hefur verið af stjórnvöldum að þetta sé það mikilvægt atriði að það ásamt fleiru réttlæti opinbera þáttöku í kostnaði við uppgjör búreikninga.

Við framtíðarskipulagningu bókhalds á vegum bændasamtakanna skal að því stefnt að skráning gagna og uppgjör einstakra reikninga fari fram á vegum búnaðarsambandanna og/eða annarra samtaka þeirra. Þess skal þó getið að ekki skal útiloka þann möguleika að einstakir aðilar geti tekið að sér bókhaldsþjónustu, ef það er gert í samvinnu við og undir eftirliti hagstofnunar. Þeir búreikningar, sem gerðir eru upp á vegum búnaðarsambandanna, verða síðan teknir til samræmdrar úrvinnslu á vegum hagstofnunar.

Hagstofnun landbúnaðarins skal vera bókhaldsstofum bænda innan handar um leiðbeiningar varðandi bókhald, reikningsskil og uppgjörsreglur. Einnig skal stofnunin taka saman hverju sinni leiðbeiningar varðandi skattskil og breytingar á þeim skattareglum er landbúnaðinum við koma.

6. Samræmd þróun forrita.

Þróun forrita og annað er viðkemur þróun búreikninga þarf bæði að fylgja kröfum tímans og vera gert á þann hátt að samræmd úrvinnsla geti farið fram án erfiðleika. Tölvuforrit til áætlanagerðar þurfa einnig að hæfa þeim grunngögnum sem fyrir hendi eru og mikilsvert er að héraðsráðunautum séu tryggð aðgengileg og samræmd hjálpartæki við áætlanagerð o.fl. Þessi vinna yrði framkvæmd undir yfirstjórn hagstofnunar í samvinnu við sérfræðinga á vegum bændasamtakanna þar sem mikilvægt er að fyllsta samræmis sé gætt í þessum málum.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórn hagstofnunar sé skipuð fimm mönnum frá eftirtöldum aðilum með þeim rökum sem hér er greint frá:

a. Hagfræðiskor búvísindadeildar á Hvanneyri sem vistunar- og samstarfsaðili.
b. Hagstofa Íslands sem yfirstjórnandi hagtöluöflunar í landinu og samstarfsaðili.
c. Búnaðarfélag Íslands sem miðstöð leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði.
d. Þjóðhagsstofnun sem æðsta stofnun hagskýrslugerðar og vinnslu skýrslna um afkomu atvinnuveganna og samstarfsaðili.
e. Stéttarsamband bænda sem aðili að verðlagssamningum og stéttarfélag bænda.

Landbúnaðarráðherra skipar stjórnarmenn til fjögurra ára samkvæmt tilnefningum og skipar síðan formann úr röðum stjórnarmanna. Stjórnin velur sjálf varaformann og ritara úr sínum röðum.

Ljóst er að hlutverki hagstofnunar, ef af verður, er ætlað að spanna yfir það víðfeðmt starfssvið að ekki er hægt að telja eðlilegt að stjórn, rekstur og fjármögnun verði að mestu eða öllu leyti í höndum bændasamtakanna. Hins vegar er jafnljóst að þau verða að hafa umtalsverð áhrif á stjórn og stefnumótun þannig að hægt sé að setja þau verkefni í forgangsröð sem eru mest aðkallandi hverju sinni.

Í reglugerð sem sett verður við lögin er rétt að kveða nánar um verksvið, starfsreglur og ábyrgð stjórnar.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk stjórnar, lágmarksfjölda stjórnarfunda á ári, ábyrgð stjórnar o.fl.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að stjórn geri annars vegar tillögur um gjaldskrá fyrir ýmiss konar þjónustu sem stofnunin kann að þiggja greiðslur fyrir og hins vegar viðmiðunargjaldskrá fyrir bókhaldsstofurnar sem þær hafi hliðsjón af við verðlagningu sinnar þjónustu. Í báðum tilfellum skulu gjaldskrárnar staðfestar af landbúnaðarráðherra.

Gert er ráð fyrir að bókhaldsstofum verði frjálst að innheimta hvort sem er hærra eða lægra gjald fyrir bókhaldsþjónustu en viðmiðunargjaldskrá gerir ráð fyrir þar sem rekstrarmöguleikar þeirra geti verið mismunandi milli héraða.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk forstjóra, ábyrgð hans og verksvið.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um hlutverk og skyldur búnaðarsambanda í uppbyggingu og framkvæmd búreikningahalds meðal bænda með stofnun og starfrækslu bókhaldsstofa fyrir bændur. Þar skulu færðir og gerðir upp búreikningar sem eru bæði ætlaðir til notkunar við leiðbeiningar fyrir viðkomandi bónda svo og til gagnaöflunar fyrir heildina. Á þann hátt er stefnt að því að tryggja að gagnaöflun verði fyrir komið á þann veg sem nauðsynlegt er fyrir einstaklinginn og heildina.

Einnig er kveðið á um eftirlits- og umsjónarhlutverk hagstofnunar gagnvart nefndum bókhaldsstofum.

Loks er að finna ákvæði sem kveður á um að bókhaldsþjónustan skuli við það miðuð að bændum sé kleift að halda einkafjárhag sínum utan við bókhald búa sinna. Ástæðan er annars vegar sú að bændur eigi í þessum efnum að búa við sambærilegar aðstæður og almennt tíðkast um aðra atvinnurekendur og hins vegar að talin er þörf á hvatningu til að menn almennt geri sér grein fyrir að rekstur bús er í raun rekstur fyrirtækis þar sem bóndinn þiggur laun og fær arð af eigin fé þegar vel gengur. Þrátt fyrir þetta geta bókhaldsstofur boðið bændum, sem það kjósa, aðstoð við heimilisbókhald og persónuframtal.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hagstofnunin skuli greiða bændum/bókhaldsstofum bænda framlag vegna þeirra reikninga sem koma til úrvinnslu hjá henni. Þessar greiðslur skulu inntar af hendi sem þóknun fyrir framlag bænda og bókhaldsstofa til öflunar hagtalna og vera þáttur í að greiða niður kostnað við uppgjör búreikninga. Framlag þetta er nauðsynlegt sem spor í þá átt að tryggja hagstofnuninni nægjanlega marga búreikninga eða frágengnar vinnuskýrslur. Sömuleiðis er fjárhagslegur grundvöllur bókhaldsstofanna mikilvægt atriði til að starfsemin geti hafist.

Í reglugerð sem sett yrði við lögin er nauðsynlegt að kveða nánar á um þær kröfur sem gerðar verða til þeirra reikninga sem teknir verða til úrvinnslu.

Um 8. gr.

Í héruðum og landshlutum þar sem búnaðarsambönd hafa ekki aðstæður eða möguleika til að sjá um uppgjör búreikninga, skal hagstofnun landbúnaðarins vera bændum innan handar um útvegun á aðstöðu og aðstoð við færslu búreikninga. Nauðsyn ber til að hafa atriði sem þetta inni til að tryggt verði eins og frekast er unnt að búreikningar og vinnuskýrslur af landinu öllu fáist til uppgjörs og uppgerðar skýrslur verði fyllilega marktækar fyrir stéttina í heild sinni, svo og að hægt verði að leggja mat á aðstæður bænda alls staðar á landinu.

Um 9. gr.

Greinin á sér hliðstæðu, t.d. í 4. gr. gildandi laga um Búreikningastofu landbúnaðarins og þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Fordæmi þessarar greinar er að finna í 3. gr. laga um Þjóðhagsstofnun, nr. 54 21. maí 1974.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli þar sem ekki er gert ráð fyrir reglugerð í gildandi lögum um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Í reglugerð er þörf fyrir nákvæmari skýringar á einstökum atriðum, svo sem tengslum búvísindadeildar og hagstofnunar, verkefnum hagstofnunar, skyldum hennar og réttindum og verksviði stjórnar. Einnig yrði fjallað um nánar um skipan bókhaldsstofa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 774. Frumvarp til laga [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir, er annast þar eftirlit og fræðslu. Náttúruverndarráð heldur námskeið fyrir landverði, en ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur lagafrumvarps þessa er að styrkja þann þátt í starfsemi Náttúruverndarráðs er lýtur að fræðslu almennings um náttúru landsins, einkum í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, með því að kveða á um störf landvarða í lögum um náttúruvernd.

Landverðir hafa unnið á vegum Náttúruverndarráðs í um það bil 15 ár og hefur starf þeirra orðið æ mikilvægara, einkum vegna aukinnar umferðar ferðamanna í hinni viðkvæmu náttúru landsins. Ferðamannastraumur til landsins hefur stóraukist frá því að núgildandi lög um náttúruvernd tóku gildi auk þess sem áhugi Íslendinga á ferðalögum innan lands hefur eflst. Þessi aukna umferð um landið kallar á meiri fyrirbyggjandi aðgerðir í formi fræðslu um náttúru þess og umgengnisreglur og aukið eftirlit með því að umgengni um viðkvæm landssvæði sé með þeim hætti að ekki séu brotin ákvæði friðlýsingar eða náttúruverndarlaga. Þessari þróun hefur Náttúruverndarráð mætt með ráðningu landvarða á helstu ferðamannasvæðum, sem jafnframt eru friðlýst.

Landverðir starfa nú á vegum Náttúruverndarráðs á eftirtöldum svæðum: Þjóðgörðunum í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum, við Mývatn, í Herðubreiðarlindum — Öskju, Landmannalaugum, Hvannalindum, Dyrhólaey, á Hveravöllum, og á Hornströndum. Á sumum landsvæðum hafa landverðir fast aðsetur yfir sumartímann en á öðrum ekki, t.d. á Hornströndum.

Starf landvarða felst einkum í því að fræða ferðamenn um gönguleiðir, náttúrufræði, landshætti, sögu viðkomandi svæðis og náttúruvernd almennt, hafa eftirlit með því að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu ekki brotin, sjá um hreinsun á svæðinu þ.e. á tjaldsvæðum og snyrtingum, sjá um rekstur og viðhald á tjaldsvæðum, gönguleiðum, merkjum, stikum og göngustígum. Þá liðsinna landverðir slösuðum, veita fyrstu hjálp og kalla á lækni og lögreglu ef með þarf.

Landverðir eru sérstaklega þjálfaðir til starfa af Náttúruverndarráði, en á vegum ráðsins hafa verið haldin viðamikil námskeið fyrir verðandi landverði sem lokið hefur verið með prófi.

Náttúruverndarráð og Landvarðafélag Íslands hafa lagt á það ríka áherslu að kveðið verði á um starfsmenntun og starfssvið landvarða í reglugerð. Í núgildandi lögum um náttúruvernd er ekki kveðið á um störf landvarða. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er lögð til svipuð skipan og gildir um leiðsögumenn, sbr. lög nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, sbr. og reglugerð nr. 130/1980, um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks. Verður ekki séð að nein rök séu fyrir því að gerðar séu minni kröfur til starfshæfis og menntunar landvarða en gerðar eru til leiðsögumanna í þeim efnum, þótt kröfur til landvarða verði að hluta til aðrar eðli málsins samkvæmt.

Nd. 775. Frumvarp til laga [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Í Íslenskri málnefnd eiga sæti nítján menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess er málnefndinni heimilt að bjóða einstaklingi, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns.

Háskólaráð, heimspekideild Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert í nefndina og skipar ráðherra úr þeirra hópi formann og varaformann nefndarinnar.

Ráðherra skipar átta nefndarmenn samkvæmt tilnefningu örnefnanefndar, Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins, Staðlaráðs Íslands, Samtaka móðurmálskennara, Rithöfundasambands Íslands og Blaðamannafélags Íslands. Loks skal ráðherra skipa aðra átta menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal a.m.k. einn þeirra vera úr röðum íðorðafólks.

Innan málnefndar starfar fimm manna stjórn. Í stjórninni eiga sæti þeir þrír menn sem skipaðir eru skv. 2. mgr. og tveir menn sem málnefndin kýs úr hópi nefndarmanna. Formaður og varaformaður málnefndar eru jafnframt formaður og varaformaður stjórnar.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

2. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Íslensk málnefnd kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ella þegar formaður boðar til fundar eða meiri hluti málnefndarmanna óskar þess.

b. Við bætist *ný málsgrein er verði* 2. mgr. og orðist svo:

Stjórn málnefndarinnar hefur forustu fyrir starfsemi nefndarinnar. Stjórnin beitir sér fyrir einstökum málræktarverkefnum og annast í umboði nefndarinnar og í samvinnu við málstöðina afgreiðslu þeirra mála er nefndinni berast. Stjórnin heldur fundi eftir þörfum. Skylt er formanni að boða til stjórnarfundar ef stjórnarmaður eða forstöðumaður málstöðvar óskar þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Frá þeim degi lýkur skipunartíma þeirrar nefndar er nú situr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1984 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að víkka þann grundvöll sem Íslensk málnefnd starfar á og auka tengsl hennar við aðila sem tengjast starfi hennar og hlutverki eins og því er lýst í 2. gr. málnefndarlaganna, nr. 80/1984. Íslenskri málnefnd var fyrst komið á fót 1964 og er hún því 25 ára um þessar mundir. Framan af starfaði nefndin í nánum tengslum við Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans. En á 25 ára tímabili hefur nefndinni vaxið fiskur um hrygg og hafa umsvif hennar aukist stórlega. Stærsti áfanginn á þessari leið var setning laganna árið 1984 og stofnun Íslenskrar málstöðvar sem málnefndin rekur í samvinnu við Háskóla Íslands. Forstöðumaður málstöðvarinnar er jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands. Málstöðin hefur orðið málræktarstarfi í landinu mikil lyftistöng og þar fer nú fram öflug starfsemi sem lýtur einkum að vexti orðaforðans, stafsetningarmálum og alhliða málfarsráðgjöf. Málstöðin annast útgáfu ritraðar málnefndarinnar og tímarits hennar, *Málfregna*. Tekist hefur gott samstarf milli málstöðvarinnar og orðanefnda ýmissa sérfræðifélaga. Með stofnun málstöðvarinnar má segja að lagður hafi verið góður grundvöllur að nýyrða- og íðorðastarfi, en með íðorðastarfi er átt við starf að sérfræðilegum og starfsbundnum orðaforða sem er veigamikill þáttur í íslenskri málrækt.

Enda þótt málstöðin sinni daglega erindum fjölda manna sem þangað leita eftir leiðbeiningum um málfarsleg efni er það án efa til bóta að tengja málræktarstarfið enn fleiri aðilum í þjóðfélaginu. Með breyttum þjóðfélagsháttum lendir máluppeldi meira en áður á skólum og fjölmiðlum og er mikilvægt að þessir aðilar tengist málræktarstarfinu þannig að sem flestir geti verið samstiga. Einnig er mikilvægt að íðorðanefndir og ýmis félög og stofnanir, sem málræktarstarfinu tengjast beint eða óbeint, komist í formlegt samband við starfsemina.

Starfsemi málnefndarinnar er víðfeðm og er þar í mörg horn að líta, en einn mikilvægasti þáttur starfseminnar er málfarsleg ráðgjöf og stjórn ýmissa málræktarverkefna eins og lýst er allnáið í 2. gr. málnefndarlaganna frá 1984. Þess vegna er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að innan nefndarinnar starfi sérstök stjórn sem hafi forustu fyrir starfsemi nefndarinnar. Þessi stjórn verði skipuð sérfróðum mönnum sem að hluta til eru tilnefndir af sérfræðistofnunum og að hluta kosnir úr röðum nefndarmanna. Þessi stjórn skal í umboði nefndarinnar og í samvinnu við málstöðina annast afgreiðslu mála sem nefndinni berast. Stjórn málnefndarinnar verður skipuð á svipaðan hátt og málnefndin var skipuð samkvæmt lögunum frá 1984, en það fyrirkomulag hefur gefist vel svo langt sem það nær.

Við skipun annarra nefndarmanna skal leita til fleiri aðila og er gert ráð fyrir að málnefndin í heild móti stefnu málræktarstarfsins. Samkvæmt frumvarpi þessu á málnefndin að koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári en fundir geta orðið fleiri ef formaður eða meiri hluti málnefndarmanna telur ástæðu til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginefni frumvarpsins felst í þessari grein. Í henni er mælt fyrir um verulega fjölgun í málnefndinni, úr fimm mönnum í nítján hið minnsta, og vísast til almennra athugasemda hér á undan um ástæður fyrir þeirri breytingu.

Samkvæmt greininni veljast eftirtaldir aðilar í nefndina:

a. Fulltrúar þriggja háskólastofnana.

b. Átta fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka sem samkvæmt lögum eða vegna eðlis síns hafa mikil áhrif á málfar almennings.

c. Átta fulltrúar annarra félaga og stofnana eða samtaka sem „fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings."

d. Einn eða tveir einstaklingar sem nefndin sjálf getur valið til setu í henni.

Samkvæmt 2. mgr. eru þrír menn skipaðir eftir tilnefningu háskólaráðs, heimspekideildar Háskóla Íslands og Orðabókar Háskólans og skulu varaformaður og formaður nefndarinnar vera úr hópi þessara manna. Eins og segir í 4. mgr. skulu þessir nefndarmenn, ásamt tveim öðrum sem kosnir eru úr hópi málnefndarmanna, mynda stjórn Íslenskrar málnefndar. Þessi stjórn, sem er skipuð á svipaðan hátt og málnefndin er nú samkvæmt lögunum frá 1984, verður kjarninn í starfi nefndarinnar. Henni er ætlað að sinna jafnharðan þeim málum sem vísað er til nefndarinnar og vera eins konar stjórn málstöðvarinnar, en eins og segir 1. gr. málnefndarlaganna rekur málnefndin hana í samvinnu við Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir því að stjórnin verði skipuð sérfróðum mönnum. Þetta er eðlilegt þar sem dagleg ráðgjafarstörf Íslenskrar málnefndar um málfarsleg efni, sem nefndinni er ætlað að sinna samkvæmt lögunum, eru sérfræðilegs eðlis og geta verið álita- og deilumál og er eðlilegt að stjórnin skeri þar úr.

Í 3. mgr. er kveðið á um skipun annarra málnefndarmanna. Annars vegar eru þar taldar upp átta stofnanir og félög sem skulu eiga fulltrúa í nefndinni. Þetta eru stofnanir sem annaðhvort samkvæmt lögum eða samkvæmt eðli sínu hafa mótandi áhrif á opinbert málfar og málfar almennings. Hins vegar er gert ráð fyrir að ráðherra skipi átta menn til viðbótar í nefndina sem tilnefndir eru af öðrum stofnunum, samtökum og félögum sem svipað gildir um. Það þykir þó ekki fært að binda nöfn þessara aðila í lögum og kemur þar tvennt til, annars vegar að aðstæður í málræktarstarfi geta breyst með skjótum hætti og hins vegar að sum félög og samtök, sem hér koma til álita, eru næsta óformleg svo að orkar tvímælis að binda nöfn þeirra í lög. Við tilnefningu þessara átta nefndarmanna er ráðherra þó bundinn við það ákvæði greinarinnar að stofnanirnar, félögin og samtökin fáist við málræktarstörf eða hafi mikil áhrif á málfar almennings. Hér má nefna orðanefndir einstakra félaga, aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar en Ríkisútvarpið, Fóstrufélag Íslands, bókaútgefendur, leikhús önnur en

Þjóðleikhúsið, samtök leikara, Hagþenki (félag höfunda fræðirita), samtök auglýsenda, Námsgagnastofnun og Íslenska málfræðifélagið. Fleira mætti nefna en þessi upptalning ætti að gefa skýra bendingu um hvers konar fulltrúa æskilegt þykir að fá til starfa í nefndinni. Til viðbótar þeim nítján mönnum, sem skipaðir eru á þann hátt sem hér hefur verið lýst, er nefndinni heimilt skv. 1. mgr. að kveðja til einn eða tvo einstaklinga, sem hún telur gagnlegt að fá til samstarfs, t.d. sakir sérstaks áhuga á málrækt eða lærdóms.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að breyta 7. gr. því að nefndinni er ekki ætlað eftir að hún hefur verið stækkuð að halda jafntíða fundi og málnefndin hefur haft fram að þessu. Í greininni er kveðið á um að fundir skuli eigi vera færri en einn á ári. Hins vegar er stjórninni skylt að halda fundi þegar tilefni eru til slíks. Almennir málnefndarfundir ættu því frekar að vera vettvangur fyrir stefnumörkun og mikilsverðar ákvarðanir í málræktarstarfi en stjórnin sinnti fremur þeim verkefnum sem afgreiða þarf án langrar tafar eða eru sérfræðilegs eðlis. Er lagt til að við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein með sérstökum ákvæðum um hlutverk og störf stjórnarinnar.

Um 3. gr.

Þeim breytingum, sem ráðgerðar eru með frumvarpi þessu, er ætlað að taka gildi um næstu áramót. Nauðsynlegt er að gefa nokkurn umþóttunartíma, m.a. til að endurskoða reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar og velja fulltrúa til setu í nefndinni. Um næstu áramót ætti ný málnefnd að geta tekið til starfa og þá jafnframt leyst hina gömlu af hólmi.

Nd. 776. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga eða hafa átt lögheimili hér á landi.

2. gr.

2. tölul. 15. gr. orðast svo:

Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi, en hafa átt það sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Séu liðin meira en átta ár frá því íslenskur ríkisborgari átti lögheimili hér á landi, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, skal hann sækja sérstaklega um að vera færður á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili áður en hann fór af landi brott. Slíka umsókn skal endurnýja á átta ára fresti ef lögheimili er áfram erlendis. Sótt skal um á eyðublaði, útgefnu af Hagstofu Íslands, sem fáanlegt skal vera hjá Hagstofunni og erlendis á skrifstofum sendiráða Íslands, fastanefnda, sendiræðisskrifstofum og skrifstofum kjörræðismanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi kosningalögum missa íslenskir ríkisborgarar, er dveljast erlendis, kosningarrétt sinn er lengra líður en fjögur ár frá því þeir áttu lögheimili hér á landi. Mörgum finnst þetta ákvæði kosningalaganna setja Íslendingum, sem af einhverjum ástæðum dveljast erlendis um árabil, of þröngar skorður og vilja lengja þetta viðmiðunartímabil eða jafnvel fella þessa takmörkun alveg niður. Hér er gerð tillaga um hið síðarnefnda, en jafnframt að þeir, sem ekki hafa átt lögheimili hér á landi á síðustu átta árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, þurfi að sækja sérstaklega um að verða teknir á kjörskrá.

Kosningalögin hafa um nokkurt skeið verið til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd og sér ekki fyrir endann á því starfi enn þá. Brýnt er hins vegar að breyta því ákvæði kosningalaganna sem frumvarp þetta tekur til svo að það verði lögfest fyrir næstu kosningar.

Í umræðum í sameinuðu þingi 3. mars 1988, sbr. fylgiskjal, kom fram áhugi einstakra þingmanna og þáverandi dómsmálaráðherra til að gera þær breytingar á kosningalögunum sem tryggðu betur rétt Íslendinga búsettra erlendis til að greiða atkvæði við alþingiskosningar. Ekkert hefur hins vegar enn komið fram sem staðfesti vilja framkvæmdarvaldsins í því efni. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eina breytingin er við 3. tölul. greinarinnar og felur í sér að íslenskir ríkisborgarar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru erlendis og eiga ekki lögheimili hérlendis öðlast nú kosningarrétt hafi þeir átt lögheimili á Íslandi áður en þeir fóru af landi brott.

Um 2. gr.

Í 15. gr. kosningalaganna er fjallað um hvar og hvernig kjósendur skulu færðir á kjörskrá og í 2. tölul. hennar er fjallað um þá sem ekki eiga lögheimili hér á landi. Þó að í 1. gr. frumvarpsins sé lagt til að lögheimili erlendis takmarki ekki kosningarrétt íslenskra ríkisborgara þykir þó rétt að gera mönnum skylt að staðfesta þann rétt með vissu millibili til þess að kjörskráin verði sem áreiðanlegust. Í þessari grein er lagt til að það sé gert á átta ára fresti.

Fylgiskjal.

Umræður um fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um kosningarrétt Íslendinga erlendis, 3. mars 1988.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrir réttu ári héldu námsmannafélög og Íslendingafélög á Norðurlöndunum fundi í Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Gautaborg og buðu fulltrúum allra framboða til alþingiskosninga að kynna þar stefnu sína og fræðast um þau mál sem Íslendingum á erlendri grundu liggja þyngst á hjarta. Þetta var ákaflega fróðleg og skemmtileg ferð og margt sem bar á góma. Eitt af því var kosningarréttur Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Eins og þingheimur veit er kosningarrétturinn lögum samkvæmt bundinn við 18 ára aldur, íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hérlendis eða hafa átt það á síðustu fjórum

árum talið frá 1. des. næstum fyrir kjördag. Þessi tímamörk munu koma allmisjafnlega niður á löndum okkar erlendis. Ástæður þessa eru m.a. þær að mishart er gengið eftir því að menn tilkynni búsetu eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Milli Norðurlandanna er þetta allt í föstum skorðum meðan fólk kemst upp með meiri losarabrag vegna dvalar í ýmsum öðrum löndum. Með það eru landar okkar á Norðurlöndum heldur óhressir að vonum. Svo er heldur ekki alveg sama hvað menn eru að bardúsa þar ytra því að námsmönnum líðst að dveljast þar lengur en fjögur ár án þess að missa kosningarrétt hér heima og er sú túlkun gjarnan nokkuð frjálsleg og rúm sem reyndar er mjög gott, enda er oft erfitt að gera greinarmun á t.d. skólanámi og námi í verklegum efnum.

Þetta er þá í fyrsta lagi spurning um lengd þess tíma eða þann árafjölda sem menn halda kosningarrétti hérlendis þótt þeir flytjist búferlum um skeið eða m.ö.o. hvort tímamörkin eru ekki of þröng í kosningalögunum.

Í öðru lagi eru svo aðstæður manna og möguleikar til að neyta réttar síns því að í mörgum tilvikum er það slík fyrirhöfn að fólk veigrar sér við að leggja hana á sig nema áhuginn sé þeim mun meiri og trúin heitari.

Bæði þessi atriði mætti lagfæra ef vilji er fyrir hendi og ástæður fsp. minnar á þskj. 613 eru einmitt þær að kanna vilja hæstv. dómsmrh. í þessu efni. Fsp. er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu margir Íslendingar búsettir erlendis gátu ekki neytt kosningarréttar hér á landi í síðustu kosningum?

2. Hverjar voru ástæður þess?

3. Hefur dómsmrn. áform um að bæta stöðu þessa fólks?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. spyr hversu margir Íslendingar búsettir erlendis hafi ekki getað neytt kosningarréttar síns hér á landi í síðustu kosningum, hverjar hafi verið ástæður þess og hvort dómsmrn. hafi áform uppi um að bæta stöðu þessa fólks hvað varðar kosningarréttinn.

Ég ætla að reyna að svara þessu nokkrum orðum. Í fyrsta lagi voru samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni íslenskir ríkisborgarar á þjóðskrá sem áttu lögheimili erlendis vorið 1987 alls 14 100. Af þeim voru 18 ára og eldri 10 500. Ég tek fram að í þessari tölu eru þeir Íslendingar sem flutt hafa frá Íslandi eftir árið 1952 þegar þjóðskráin var stofnsett. Af þeim 10 500 Íslendingum sem búsettir voru erlendis og voru eldri en 18 ára voru 3546 teknir á kjörskrárstofninn, þ.e. þann stofn sem Hagstofan lætur sveitarfélögunum í té. Við þessa tölu bætist svo ótiltekinn fjöldi manna sem bætt var við kjörskrárstofninn og sveitarstjórnirnar töldu sjálfar uppfylla skilyrði til kosningarréttar. Um þetta hef ég ekki tölu. Það getur t.d. hafa gerst með því að sveitarstjórn taki nöfn inn á kjörskrá áður en hún er lögð fram eða að nöfn séu kærð inn á skrána hvort heldur er hjá sveitarstjórninni eða dómi. Um þetta eru ekki til tölur. Auk þeirra Íslendinga á þjóðskrá sem eru með lögheimili erlendis voru á íbúaskrá um 1000 íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi en taldir með aðsetur erlendis. Af þeim voru um 800 18 ára eða eldri. Þessir Íslendingar komu allir á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir töldust eiga í lögheimili.

Það er rétt að taka fram og gera það alveg skýrt að samkvæmt stjórnarskrárbreytingunni frá árinu 1984 er það meginreglan að kosningarrétt eiga þeir íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi. Þetta er ótvírætt meginregla stjórnarskrárinnar eins og hún stendur nú þegar kosningin fer fram. Þar er þó tekið fram að tilteknar undantekningar megi ákveða í kosningalögum og í kosningalögunum sem samþykkt voru í mars 1987 var ákveðið að þeir íslenskir ríkisborgarar hafi kosningarrétt sem hér á landi eiga lögheimili eða hafa átt það á síðustu fjórum árum talið frá 1. des. næstan fyrir kjördag. Ég tek undir það með hv.

fyrirspyrjanda að það er ástæða til að skýra þessi ákvæði laganna betur og setja nánari reglur um framkvæmd þeirra. Að því hyggst ég vinna.

Það liggja ekki fyrir tölur um það, svo að ég komi beint að fsp., hversu margir þeirra Íslendinga erlendis sem voru á kjörskrá neyttu atkvæðisréttar síns í síðustu kosningum. En það er ljóst af þeim tölum sem ég hef hér rakið að þetta er tiltölulega lágt hlutfall af þeim heildarfjölda sem skráður er búsettur erlendis.

Hv. fyrirspyrjandi spyr um ástæðurnar fyrir því að Íslendingar erlendis sem höfðu hér kosningarrétt neyttu hans ekki. Fyrir því eru sjálfsagt ýmsar ástæður, en af þeim ástæðum sem snúa að stjórnvöldum má kannski helst nefna of fáa kjörstaði fyrir utan kjörfundaratkvæðagreiðslur. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir fjölgun kjörstaða fyrir utan kjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis. Það er von mín að við endurskoðun kosningalaganna, sem nú er fyrir dyrum, verði fyrirkomulag utankjörfundarkosninga einfaldað þannig að hægt sé að fjölga kjörstöðum enn frekar.

Um það svo hvort rýmka eigi heimildir Íslendinga sem búsettir eru erlendis til að taka þátt í kosningum hér á landi eru að sjálfsögðu nokkuð skiptar skoðanir. Það þykir vafalaust sjálfsagt að fólk sem er til skammrar dvalar erlendis, t.d. við nám, hafi hér kosningarrétt, en þegar menn eru til langframa búsettir og starfandi í öðru ríki þykir mörgum sem réttur þeirra til afskipta af stjórnmálum hérlendis eigi að falla niður þótt þeir haldi ríkisborgararéttindum sínum. Það er annað mál. Ég tel að hér þurfi að finna einhvern meðalveg og það eigi að vera markmið þeirra kosningalaga sem nú þarf að breyta. Ég tel að þetta hafi reyndar verið markmiðið, en eins og venjulega verða menn ekki alveg sáttir um það hvar niðurstaðan lendir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég held að hér sé vakið máls á mjög þýðingarmiklu máli fyrir þúsundir Íslendinga og vil aðeins hv. þingheimi til upplýsingar geta þess að varðandi réttindi manna á Norðurlöndum hafa verið vandamál uppi eins og víða annars staðar og nokkur mismunur á því hvernig menn eru skráðir t.d. sem stunda nám í nágrannalöndum okkar norrænum. Ég vil því upplýsa að á þingi Norðurlandaráðs 1985 var samþykkt tillaga, sem ég hafði flutt ásamt fleiri þm. íslenskum og erlendum, um að reyna að samræma þjóðskrár Norðurlandanna og samræma reglur um annars vegar tímabundna dvöl og hins vegar fasta búsetu.

Síðan hefur það gerst að komið var á laggirnar nefnd til að vinna að þessu og í þeirri nefnd situr af Íslands hálfu Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri. Hann hefur hins vegar upplýst mig um að það hafi nokkuð háð störfum nefndarinnar að Danir hafa ekki sýnt þessu máli mikinn áhuga. — Ég held að það sé þýðingarmikið að hv. þm. viti að þetta starf er í gangi. — T.d. gera Norðmenn mun á tímabundinni búsetu og fastri. Það gera Danir hins vegar ekki svo að námsmenn verða beinlínis að flytja úr landi þegar þeir fara til Danmerkur þó ekki sé nema til náms.

Ég hef gert mitt besta til að reyna að fá leiðréttingu á þessu á norræna vísu og vil biðja hæstv. dómsmrh. að vinna að því við þá kollega sína á Norðurlöndum og ekki síst danska dómsmrh. að hvetja hann til þess að sýna þessu starfi dálitla alvöru. Þar kemur auðvitað til að Danir eru með annan fótinn í Efnahagsbandalaginu, en hinn fótinn ... (**Forseti:** Ég vek athygli á því að þetta er komið langt fram úr örstuttri athugasemd.) Ég held að einhver hafi nú gert hér lengri athugasemdir, en ég skal hætta nú þegar.

Ég vil aðeins minna á þetta og biðja hæstv. ráðherra um að sýna þessu starfi áhuga því ég held að það mundi leysa verulegan hluta þessa vanda.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af þessari fsp. til dómsmrh. um kosningarrétt Íslendinga erlendis benda á að 24. mars sl. var Borgarafl. stofnaður, það er ekki ár liðið enn þá, og

tilkynnti þar með nýtt framboð, hæstv. dómsmrh. Þá var utankjörstaðakosning svo að segja afstaðin. Mér bárust margar kvartanir, bæði frá þeim sem eru búsettir erlendis og eru nemendur aðallega og eins frá þeim sem höfðu í millitíðinni farið í ferðalög og kosið áður en þeir fóru til útlanda, en framboðsfrestur var ekki útrunninn. Kosningar höfðu hafist án þess að framboðsfresturinn liði. Ég ætla að benda hæstv. dómsmrh. á að það er mjög stór galli á framkvæmd á kosningum sem við í Borgarafl. gerðum ekki athugasemdir við á sínum tíma þó svo að hluti af þeim sem höfðu kosið aðra flokka tilkynntu eftir á að þeir hefðu gjarnan viljað taka þátt í kosningunum eins og þær endanlega urðu eftir að framboðsfresti lauk. Þetta er stórt mál.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Í tilefni af svörum hæstv. dómsmrh., þar sem hann sagði að margir felldu sig ekki við að fólk sem væri búsett erlendis um einhvern tíma gæti haft áhrif á stjórnmál hérlendis eða þróun mála, langar mig vegna reynslu minnar að vekja athygli á því að flestir sem fara utan í nám eru fullveðja fólk. Margir hafa mótaðar stjórnmálaskoðanir þegar þeir yfirgefa land sitt, en dvelja kannski lengur en þeir ætluðu. Í mínu tilfelli urðu það 13 ár þó ég hafi ætlað að verða fjögur. Í því landi þar sem ég bjó, í Bretlandi, hafði ég ekki kosningarrétt né aðrir sem svipað var ástatt um. Það hvarflaði ekki að mér eða neinum öðrum sem ég þekkti að fórna ríkisborgararétti mínum íslenskum til að fá kosningarrétt á Bretlandi þannig að um kannski níu ára skeið gat fólk í minni stöðu hvergi kosið. Það varð eins og börn á nýjan leik. Það gat hvergi haft áhrif á það þjóðfélag sem það bjó í með sínum kosningarrétti, með pólitískri þátttöku. Ég vil líka vekja athygli á því að flestir Íslendingar í Bretlandi sem ég þekkti á þessum tíma fengu blöð send að heiman, fylgdust náið með og höfðu samskipti við Íslendinga sem stöðugt komu í heimsókn. Þeir voru þannig fjarvistum um tíma, en flestir hugðu á heimkomu og flestir hafa komið heim þó árin yrðu fleiri en þeir héldu. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fólk geti beitt sér á heimaslóð, jafnvel þó fjarvistir banni um einhvern tíma, og vek athygli á því.

Og það er annað í þessu. Margt af þessu fólki er við nám. Það verður fyrir mikilli örvun meðan það er erlendis og það hefur takmarkað tækifæri til þess einmitt að senda jákvæða strauma til heimalandsins. Einn farvegur fyrir slíkt er að taka þátt í kosningum til að hafa mótandi áhrif á þjóðlífið til að koma nýjum hugmyndum heim meðan það enn dvelst erlendis.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Mér fannst hann vera jákvæður og skilningsríkur og hafa hug á að leiðrétta þetta mál, sem ég tel mjög mikilvægt, vegna þess, eins og fram hefur komið hjá þeim sem tekið hafa þátt í þessum umræðum og sem ég þakka fyrir þeirra innlegg, að réttur fólks til að kjósa er ákaflega mikilvægur réttur og heilagur. Ég fann það á því fólki sem ég hitti í þessari fundarferð, sem ég minntist á áðan, að því er verulega sárt um þennan rétt. Sumir virtust líta á þetta sem ákveðna höfnun héðan að heiman og það er það að vissu marki. Þessi ákvæði, svo og misjafnar reglur og formsatriði eftir löndum valda og viðhalda mismunun sem er auðvitað afleit.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að gera tvennt og mér heyrðist í máli hæstv. ráðherra hann vera sammála því. Við eigum að lengja þann tíma sem liðinn má vera frá búsetuskiptum, fjölga árunum, t.d. upp í átta. Ég held að það sé ekkert of langur tími. Og við þurfum að athuga hvernig hægt er að auðvelda fólki að neyta kosningarréttar síns erlendis. Það er auðvitað engin mynd á því að fólk þurfi að ferðast um óravegu til þess að kjósa hjá einhverjum ræðismanni sem hefur opna skrifstofu tvisvar sinnum í mánuði eða eitthvað því um líkt. Það er því mjög mikilvægt og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það eru of fáir kjörstaðir erlendis. Það þarf ekki eingöngu að fjölga þeim heldur hafa þá opna oftar og lengur.

Það er alveg áreiðanlega þörf og ástæða til þess að kanna það með hvaða móti væri hægt að auðvelda fleiri íslenskum ríkisborgurum erlendis að neyta kosningarréttar síns og að mínum dómi er þetta mál sem stjórnarskrárnefnd hlýtur að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar. Það má reyndar undarlegt heita ef aukin tækni getur ekki hjálpað okkur í þessu efni eins og svo mörgu öðru, en þess má geta að sums staðar erlendis er póstþjónustan betur nýtt til þessara hluta en við gerum ráð fyrir í okkar lögum og er kannski ástæða til að íhuga það vandlega.

Það ætti að vera auðvelt að taka á þessum málum í samstarfi við frændur okkar á Norðurlöndum, eins og hv. 13. þm. Reykv. tók fram. Við eigum margvísleg samskipti við þá. Nú er þing Norðurlandaráðs fram undan og ég hvet fulltrúa okkar til að hafa þessi mál í huga í störfum sínum í framtíðinni. En fyrst og fremst er þetta mál í höndum dómsmrn. og stjórnarskrárnefndar og ég skora á þessa aðila að gleyma ekki að fjalla um rétt þeirra íslensku ríkisborgara sem af einhverjum ástæðum dveljast alllengi erlendis.

Staðreyndin er sú að flestir flytja aftur heim til Íslands með dýrmæta reynslu og þekkingu sem nýtist ekki aðeins þeim sjálfum heldur einnig oft landi og þjóð til góðs.

Þess má svo kannski geta til fróðleiks að lokum og upplýsingar að um áramótin 1986–1987 munu 3532 Íslendingar hafa verið búsettir í Svíþjóð og það má vera til marks um hug þeirra til ættarlandsins að aðeins ellefu munu hafa sótt um sænskan ríkisborgararétt á árinu 1986 og á 20 árum, þ.e. 1967–1987, gerðust aðeins 187 Íslendingar sænskir ríkisborgarar þrátt fyrir mikinn straum Íslendinga milli þessara landa vegna náms og starfa.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Auðvitað á það í grundvallaratriðum að vera stefnan að greiða fyrir því að Íslendingar sem eru búsettir erlendis um stundarsakir fái neytt kosningarréttar síns. Um það hygg ég að sé enginn ágreiningur. Hitt er svo það að margt af þessu fólki, sem er inni í þeirri tölu sem hér var nefnd, 10 500, er ég sannfærður um að hefur engan áhuga á að neyta kosningarréttar síns og gerir það ekki þess vegna. Það er svo sem ósköp skiljanlegt að fólk sem er flutt til langframa en einhverra hluta vegna hefur kosið að hafa lögheimili hér geri það ekki. Menn verða að líta líka á þessar tölur með því hugarfari. En ég held hins vegar að það sé tími til kominn að við tökum reglurnar um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu til rækilegrar endurskoðunar og tökum þá m.a. mið af þeim reglum sem Norðurlandaþjóðirnar nota þar sem þetta er allt miklu einfaldara, auðveldara og að ég held fljótvirkara og gerir það að verkum að fleiri geta neytt kosningarréttar síns. Ég held að það sé kannski kjarni málsins.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er aðeins að taka undir með fyrirspyrjanda. Hér er ágætt mál á ferðinni sem þarf úrbóta við. Ég er ekki einn af þeim sem eru mikið erlendis en þó dálítið og ég hef hitt Íslendinga sem eru búsettir erlendis um stundarsakir og tek undir það að þetta mál brennur æðimikið á mörgum. Mönnum finnst þeir ekki njóta fullkominna mannréttinda, þeir sem geta hvergi kosið. Þó að ég hafi ekki víða farið verð ég var við þetta í hvert skipti sem ég hitti Íslendinga á erlendri grund.

Ég vildi láta þetta koma fram og tel þarft að þessu máli sé hreyft á hv. Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hin mikla þátttaka í athugasemdunum örstuttu sýnir glöggt að hér er hreyft máli sem þm. láta sér annt um. Hvorki fleiri né færri en sex þm. hafa tekið þátt í þessum umræðum og það sýnir vel að það er vakandi áhugi á málinu og það bendir líka á að það þurfi að huga að endurskoðun á þessum framkvæmdaratriðum varðandi kosningalögin og um framkvæmd kosninganna. Ég er þakklátur fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Eins og þm. e.t.v. rekur minni til kom fram í þingbyrjun að á vegum dómsmrn. væri í undirbúningi frv. til laga um breytingu á kosningalögum. Það eru einmitt atriði eins og þau sem hér eru til umræðu í dag sem ég sé ástæðu til að huga að og ég mun að sjálfsögðu hafa samband við þingflokkana á frumstigum þess máls, þ.e. þegar um eitthvað er að tala. Ég er þakklátur fyrir ábendingarnar og fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að hún skildi það alveg rétt að minn vilji í þessu máli er jákvæður, að leita þarna leiðréttinga sem sanngjarnar teljast til að koma til móts við það fólk sem erlendis býr en telur sig fullgilda Íslendinga. En auðvitað verða að vera þarna einhver mörk þótt maður hafi samúð með þeim sjónarmiðum, sem fram komu í máli hv. 6. þm. Reykv., að ættjarðarástin gæti enst í 13 ár og kannski lengur. En ég heyrði að hv. 10. þm. Reykn. nefndi bara átta. En ekki ætla ég að fara að þrátta um það.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég fagna þessum umræðum og þakka þeim sem tóku þátt í þeim og allar þær ágætu ábendingar sem hér komu fram. Það var aðeins vegna síðustu orða hæstv. dómsmrh., sem vitanlega voru sögð í léttum dúr, að það er ekki mín skoðun að sjálfsögðu að ættjarðarástin endist aðeins í átta ár þó að ég nefndi þá tölu. Hún var nánast sett fram sem tala sem væri hugsanleg. Það hefur heyrst nefnd þessi tala, átta ár, átta til tíu ár, og ég held að það sé ekkert fráleit viðmiðun. Ég frábið mér því að vera álitin þeirrar skoðunar að ættjarðarástin endist ekki lengur en það.

Nd. 777. Frumvarp til laga [417. mál]

um umhverfismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Lög þessi taka til allrar starfsemi og framkvæmda sem haft geta í för með sér mengun eða önnur skaðleg áhrif á loft, láð eða lög.

2. gr.

Sérstakt umhverfisráðuneyti fer með umhverfismál.

Til umhverfismála teljast eftirfarandi meginsvið:

- Varnir gegn mengun á landi, í lofti, í ferskvatni og sjó.
- Vernd náttúru, þar með talið eftirlit með ástandi gróðurs, útivistarmál og friðun og verndun villtra dýra og fugla.

Umhverfisráðuneytið skal efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn óæskilegum umhverfisáhrifum og vernda eftir kostum þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og vatni.

Umhverfisráðuneytið fer með rannsóknir og framkvæmd alþjóðasamninga um mengun og önnur umhverfismál.

3. gr.

Umhverfisráðuneytið skal vinna að samræmdri stjórn umhverfismála og skipulegu samstarfi þeirra aðila sem fjalla um mengunarmál, náttúruvernd, skipulagsmál og aðra þætti umhverfismála. Sporna skal ætíð gegn skaðlegum umhverfisáhrifum. Í landnýtingaráætlunum skal að því stefnt að samræma nýtingu og vernd náttúrugæða landsins.

4. gr.

Umhverfisráðuneytið skal hafa reglubundið samstarf við önnur ráðuneyti um þá þætti umhverfismála, sem ekki heyra beint undir umhverfisráðuneyti, svo sem nánar er kveðið um í 9. gr. Ráðherra umhverfismála kveður saman samstarfsnefnd, sem skipuð er fulltrúum viðkomandi ráðuneyta í þessum tilgangi. Umhverfisráðuneytið hefur auk þess samráð við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir eftir því sem þessir aðilar eiga hlut að máli.

II. KAFLI

Viðfangsefni.

5. gr.

Umhverfisráðuneyti fer með framkvæmd eftirfarandi sérlaga um varnir gegn mengun og meðferð hættulegra efna:

- Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, er varða mengunarvarnir.
- Lög um varnir gegn mengun sjávar af olíu og hættulegum efnum, nr. 77/1966, nr. 20/1972, nr. 20/1973, nr. 53/1973, nr. 14/1979, nr. 67/1981 og nr. 14/1984.
- Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.
- Lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986.

6. gr.

Umhverfisráðuneytið skal hafa forgöngu um gerð landnýtingaráætlunar með sérstöku tilliti til landverndar og skal hún tekin til endurskoðunar á minnst tíu ára fresti. Slíkar áætlanir skulu taka til eins eða fleiri sveitarfélaga eða landsins alls, að höfðu samráði við skipulagsstjórn, landgræðslu, skógrækt, Náttúruverndarráð og Samband ísl. sveitarfélaga.

7. gr.

Umhverfisráðuneyti fer með framkvæmd eftirfarandi sérlaga um friðun og verndun lands og náttúru:

- Lög um náttúruvernd, nr. 47/1971.
- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974.
- Lög um dýravernd, nr. 21/1957.
- Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, með síðari breytingum.
- Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50/1965.
- Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957
- Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með síðari breytingum.
- Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 8/1966.
- Lög um landgræðslu, nr. 17/1965, að því leyti sem tekur til eftirlits með ástandi gróðurs.

8. gr.

Eftirtaldar stofnanir heyra undir umhverfisráðuneyti: mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar, Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.

9. gr.

Stofna skal til samstarfsnefndar umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis, sem umhverfisráðherra kveður saman, sbr. 4. gr.

Samstarfsnefnd skal stuðla að formlegri samvinnu ráðuneyta er lýtur að umhverfisþætti eftirtalinna laga:
- Skipulagslög, nr. 19/1964
- Jarðalög, nr. 65/1976.
- Girðingarlög, nr. 10/1965.
- Jarðræktarlög, nr. 79/1972.
- Lög um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.
- Vegalög, nr. 6/1977.
- Hafnalög, nr. 69/1984.
- Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 51/1970.
- Lög um loftferðir, nr. 34/1964, einkum VI. kafli.
- Lög um skipulag ferðamála, nr. 60/1976.
- Orkulög, nr. 58/1967.
- Námulög, nr. 24/1973.
- Sérlög um iðnrekstur.
- Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948.
- Lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, með síðari breytingum.
- Lög um selveiðar, nr. 30/1925, og nr. 29/1937.

10. gr.

Áður en efnt er til stórframkvæmda skal fara fram könnun og mat á áhrifum slíks á umhverfið, nema umhverfisráðuneytið telji ónauðsynlegt að slíkt mat fari fram. Ráðuneytið ákveður efnisatriði og umfang slíkrar könnunar og skulu niðurstöður birtar í opinberri skýrslu. Könnun skal kostuð af framkvæmdaraðila, nema ráðuneytið ákveði annað, og fara fram samkvæmt áætlun sem ráðuneytið samþykkir.

11. gr.

Auk hlutverks sem ráðuneytið gegnir varðandi stórframkvæmdir þá fer ráðuneytið einnig með öll þau atriði er snerta umhverfismál í rekstri þeirra fyrirtækja sem þegar eru til staðar.

Á sama hátt fer um annan iðnrekstur.

III. KAFLI

Rannsóknir og fræðsla.

12. gr.

Umhverfisráðuneytið hefur frumkvæði að umhverfisrannsóknum, forgangsröðun og samræmingu þeirra eftir því sem þörf krefur í samráði og samvinnu við önnur ráðuneyti, hlutaðeigandi sveitarfélög og rannsóknastofnanir. Kostnaður við slíkar rannsóknir greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun á fjárlögum hverju sinni.

13. gr.

Umhverfisráðuneytið skal reglubundið afla vitneskju um ástand lífrænna auðlinda og gera tillögur um skynsamlega nýtingu þeirra með tilliti til langtíma hagsmunaþjóðarinnar.

14. gr.

Umhverfisráðuneytið skal beita sér fyrir samræmingu á fræðslu um umhverfismál.

IV. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

15. gr.

Auk umhverfisráðuneytis og löggæsluaðila á hverjum stað hafa heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar, skipulagsnefndir, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar, náttúruverndarnefndir, gróðurverndarnefndir og eftirlitsmenn Siglingamálastofnunar eftirlit með framkvæmd þeirra ákvæða þessara laga er tengjast starfssviði þeirra.

16. gr.

Hver sá sem veldur tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum skal bæta slíkt tjón eftir almennum skaðabótareglum.

17. gr.

Ef niðurstöður umhverfiskönnunar, sbr. 10.gr., gefur til kynna að stórframkvæmdir geti leitt til varanlegra lýta á landi eða óviðunandi mengunar getur umhverfisráðuneytið í samráði við viðkomandi fagráðuneyti frestað framkvæmdum þar til viðunandi lausn hefur fengist.

18. gr.

Ráðuneytið hefur rétt til að leggja á dagsektir allt að 50.000 kr. á dag og láta vinna verk á kostnað aðila, ef ekki er sinnt fyrirmælum þess.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Kostnaður við framkvæmd þeirra greiðist úr ríkissjóði, nema þar sem annað er ákveðið í lögunum.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku. Við endurskoðun skal sérstaklega huga að frekari samræmingu einstakra þátta umhverfismála og stofnana er sinna verkefnum á þessu sviði.
2. Stöðuheimildir mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar, Náttúruverndarráðs og embættis veiðistjóra skulu frá gildistíma laganna heyra undir umhverfisráðuneyti.
3. Umhverfisráðuneytið skal í samráði við viðkomandi fagráðuneyti láta semja frumvörp til laga um eftirtalda málaflokka:
   3.1. Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er skilji að þau ákvæði laga nr. 81/1988 er sérstaklega varða mengun og umhverfisvernd og færi framkvæmd þeirra undir ráðuneytið.

3.2. Um eiturefni og hættuleg efni er skilji að þau ákvæði laga nr. 52/1988 er sérstaklega varða mengunarvarnir og umhverfisvernd og færi framkvæmd þeirra undir ráðuneytið.
3.3. Um varnir gegn mengun sjávar er geri ráð fyrir að eftirlit með mengun sjávar færist undir ráðuneytið.
3.4. Um landgræðslu er geri ráð fyrir að eftirlit með ástandi gróðurs færist undir ráðuneytið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi frumvarpsins.

Fyrir rúmum áratug var hafist handa um könnun á nýskipun á yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, nefnd níu manna, undir formennsku Gunnars G. Schram, til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál, sem þáverandi félgasmálaráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, lagði fyrir Alþingi vorið 1978.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 18. apríl 1978 var ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Var þessi ákvörðun tilkynnt félagsmálaráðuneytinu bréflega sama dag og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram það frumvarp sem samið hafði verið. Hlaut frumvarpið ekki afgreiðslu á því þingi, en var endurflutt á Alþingi veturinn 1980–81, en hlaut ekki afgreiðslu fremur en í fyrstu umferð.

Á tímabilinu 1981–83, í ráðherrratíð Svavars Gestssonar, voru samin tvö frumvörp um þetta efni, hið fyrra af nefnd undir formensku Árna Reynissonar og hið síðara af Ingimar Sigurðssyni lögfræðingi og Stefáni Thors skipulagsstjóra. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fyrir Alþingi.

Ríkisstjórn Streingríms Hermannssonar, er tók við í maí 1983, ákvað í upphafi starfstíma síns að gengið skyldi frá frumvarpi til laga um umhverfismál með það fyrir augum að málið fengi fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi. Til að vinna þetta verk skipaði Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra nefnd 5 manna 26. september 1983. Hlutverk nefndarinnar var að semja frumvarp samkvæmt framansögðu og m.a. vinna úr eldri frumvörpum og drögum um þetta efni. Nefndin hélt fimm bókaða fundi haustið 1983. Á síðasta starfsdegi Alþingis fyrir jólaleyfi í desember 1983 lagði dr. Gunnar G. Schram ásamt fimm öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fram frumvarp til laga um umhverfismál. Með frumvarpinu þótti meiri hluta nefndarmanna grundvöllur fyrir frekara starfi nefndarinnar brostinn og fór svo að 12. apríl 1984 var nefndin leyst frá störfum.

Jafnframt því sem fyrrgreind nefnd var leyst frá störfum var formanni hennar, dr. Hermanni Sveinbjörnssyni, falið að starfa áfram að málinu í samráði við ráðherra í því augnamiði að semja frumvarp til laga um umhverfismál. Af hálfu ráðherra var lögð áhersla á að verkinu yrði hraðað. Með heimild ráðherra var fenginn til aðstoðar Páll Líndal lögfræðingur, einn af höfundum upphaflega frumvarpsins frá 1978. Skiluðu þeir greinargerð til félagsmálaráðherra í ágúst 1984. Greinargerð þessi var kynnt í ríkisstjórn í þingbyrjun haustið 1984 og í framhaldi af því tekin til umfjöllunar í viðkomandi ráðuneytum. Virtist ekki vera hljómgrunnur eða samstaða í ríkisstjórn til að vinna að framgangi málsins að svo stöddu. Í ársbyrjun 1986 ákvað félagsmálaráðherra að kynna í ríkisstjórn frumvarp til laga um stjórn umhverfismála sem leggja mætti fyrir Alþingi vorið 1986. Um það náðist ekki samstaða.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 var sérstaklega fjallað um umhverfismál. Þar segir: „ríkisstjórnin mun samræma aðgerðir stjórnvalda að umhverfisvernd og mengunarvörnum, meðal annars með eftirfarandi hætti:

1. Sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti.

2. Gerð verði áætlun um nýtingu landsins sem miði að því að endurheimta, varðveita og nýta landgæðin á hagkvæman hátt.
3. Ríkisjarðir verði nýttar til útivistar, skógræktar og orlofsdvalar fyrir almenning þar sem því við verður komið.
4. Skógrækt, landgræðsla og gróðurvernd verði aukin í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og frjálsra samtaka.
5. Umhverfisáhrif atvinnufyrirtækja, svo sem í fiskeldi, verði könnuð og reglur settar til að koma í veg fyrir mengun frá þeim.
6. Við skipulag ferðamála verði þess gætt að hlífa viðkvæmum landsvæðum svo að komið verði í veg fyrir umhverfisspjöll.
7. Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin.
8. Eftirlit með losun hættulegra efna verði bætt.
9. Athugað verði hvernig auka megi endurvinnslu á úrgangi.
10. Strangara eftirlit verði haft með efnanotkun við matvælaframleiðslu og í innfluttri neysluvöru."

Með bréfi dags. 3. september 1987 skipaði síðan þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, þriggja manna nefnd, undir forustu Sigurðar M. Magnússonar forstöðumanns, sem falið var að gera drög að frumvarpi til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Nefndin skilaði lokaáliti sínu ásamt drögum að frumvarpi í maí 1988. Þau drög voru kynnt í ríkisstjórn og þingflokkum, en ekki vannst tími til að leggja málið formlega fram á því þingi. Hafa nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins nú lagt fram á Alþingi sérstakt frumvarp til laga um samræmda stjórn umhverfismála sem að verulegu leyti er byggt á tillögum nefndarinnar.

Á Alþingi hafa komið fram fjölmargar tillögur til þingsályktunar um umhverfismál. Hafa þingmenn Kvennalistans nú síðast lagt fram tillögu til þingsályktunar um umhverfisráðuneyti.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir um umhverfismál:

„Ríkisstjórnin mun fela einu ráðuneyti að samræma starfsemi hins opinbera að umhverfismálum og komi það til framkvæmda innan árs. Meðal brýnna verkefna á þessu sviði sem unnið verður að má nefna:

- Gerð verður landnýtingaráætlun sem tekur til hvers konar notkunar lands. Jafnframt verður gert átak í gróðurvernd með svæðaskipulagi er miðar að endurheimt landgæða, meðal annars með endurskoðun laga varðandi stjórnun beitar, þannig að hún sé í samræmi við landgæði.
- Unnið verður gegn umhverfisspjöllum af átroðningi og umferð ferðamanna um viðkvæm svæði.
- Samvinna hins opinbera, einstaklinga og frjálsra samtaka um skógrækt og landgræðslu verður efld. Ríkissjóður mun leggja fram fjármagn til sérstaks skógræktarátaks næstu þrjú árin og mun helmingur fjárins renna til skógræktarfélaga.
- Eftirlit með losun hættulegra úrgangsefna í náttúruna verður bætt. Sett verður löggjöf til að skylda fyrirtæki er vinna með hættuleg og mengandi efni til þess að tryggja sig fyrir hugsanlegum afleiðingum óhappa eða slysa.
- Gert verður átak til hreinsunar úrgangs af strandsvæðum í samvinnu opinberra aðila og umráðamanna lands.
- Stuðlað verður að endurvinnslu og nýtingu úrgangsefna. Komið verður á skilagjaldi á einnota umbúðir til að auðvelda eyðingu þeirra eða endurvinnslu.
- Fræðslu- og rannsóknarstarf á sviði umhverfismála verður aukið."

Í samræmi við þetta ákvæði hefur verið á vegum forsætisráðherra unnið að endurskoðun og samræmingu á eldri gögnum. Er afrakstur þess frumvarp þetta. Í grundvallaratriðum er byggt á þeim ramma sem mótaður var í upphafi, þó með þeirri breytingu að nú er gert ráð fyrir

stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis er fari með umhverfismál í stað félagsmálaráðuneytis fyrr.

Af hálfu núverandi ríkisstjórnar hefur einnig verið tekið á öðrum þáttum umhverfismála. Hefur iðnaðarráðherra t.d. lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Í undirbúningi er einnig frumvarp til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum. Þá er í undirbúningi staðfesting á Vínarsamningnum um vernd ósonlagsins og Montreal bókunar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

2. Andstaða við fyrri frumvörp.

Svo sem að framan er rekið virðist hugmyndin um heildarstjórn umhverfismála hafa átt og eiga töluverðu fylgi að fagna. Um það ber vitni sá fjöldi frumvarpa og tillagna sem saminn hefur verið á undanförnum árum. Þessi frumvörp hafa hins vegar ekki náð fram að ganga, annaðhvort hafa þau ekki verið lögð fram eða þau hefur dagað uppi í meðförum Alþingis. Þetta gefur vissa ástæðu til að ætla að mikilvæga þætti málsins hafi skort eða að þeir séu ekki fullunnir. Í fyrsta lagi má ef til vill ætla að skort hafi nægan pólitískan vilja, jafnvel að enginn vilji hafi verið fyrir hendi þrátt fyrir yfirlýsingar um hið gagnstæða. Í öðru lagi er ljóst, sbr. umsagnir um fyrri frumvörp, að mikillar tregðu gætir hjá viðkomandi ráðuneytum og stofnunum varðandi endurskipulagningu í þessum efnum. Síendurtekin stöðvun málsins vegna andstöðu embættismanna ber vott um skort á pólitískum vilja að baki málinu.

Reynsla undafarinna ára bendir til að nauðsynlegt sé að fá úr því skorið nú hvort um viljaskort hafi verið að ræða eða vantrú á framlögðum hugmyndum. Mikilvægt er að leggja til úrlausnar Alþingis hvernig fara skuli með tvö meginatriði þessa máls, annars vegar skilgreiningu á hugtakinu umhverfismál þ.e. hvaða málefni og þar með framkvæmd eldri laga og reglugerða eigi að falla undir heildarstjórn umhverfismála og hins vegar yfirstjórn umhverfismála, þ.e. hvort ekki sé rétt að mynda ráðuneyti umhverfismála með tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta.

Í þeim frumvörpum, sem samin hafa verið um umhverfismál, er ekki tiltekið þannig að skýrt sé hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála, þ.e. framkvæmd hvaða laga verði lögð undir yfirstjórnina. Þá er ekki heldur tilgreint hvaða lagaákvæði falla eiga úr gildi, heldur einungis farið um það almennum orðum, sem hlýtur að bjóða upp á töluverða réttaróvissu. Telja verður nauðsynlegt að Alþingi sé gert fyllilega ljóst hvað átt er við. Rökræn samræming helstu þátta umhverfismála hefur oft reynst erfið úrlausnar þó svo að slík sameining geti litið vel út á pappírnum. Það er hvort tveggja að menn eru engan veginn á það sáttir í einstökum atriðum hvaða málefni eiga fræðilega séð að teljast til umhverfismála og svo hitt að meðal þessara málaflokka geta tekist á mikilvægir hagsmunir, oft lítt samrýmanlegir. Annars vegar er um að ræða efnahagslega hagsmuni og hins vegar náttúrverndunarhagsmuni sem oft má túlka sem átök milli skammtíma- og langtímahagsmuna.

Bent hefur verið á að upphaflega frumvarpið, sem lagt var fram af félagsmálaráðherra vorið 1978, væri um of sniðið eftir erlendum fyrirmyndum, og þá einkum danskri og norskri löggjöf um umhverfismál. Hafa þessir gagnrýnendur álitið að ekki hafi verið tekið nægjanlegt mið af íslenskum aðstæðum né uppbyggingu íslenska stjórnsýslukerfisins. Slík ákvæði varðandi mengunarvarnir eru þungamiðjan í frumvarpinu frá 1978 í samræmi við umhverfismálalöggjöf í Danmörku og Noregi. Þá er fyrst og fremst fjallað um mengun frá atvinnurekstri, en ef til vill of lítil áhersla lögð á varnir gegn skolpmengun í fjörum sem margir telja alvarlegasta mengunarvandamál á Íslandi. Enn fremur má benda á að fyrri frumvörp endurspegli ekki nægilega að uppblástur og landeyðing hefur verið mesta umhverfisvandamál á Íslandi allt frá landnámi. Ísland hefur algera sérstöðu í því sambandi miðað við önnur Norðurlönd sem taka verði tillit til í íslenskri umhverfismálalöggjöf. Reynt er að taka aukið

tillit til þessara atriða í þessu frumvarpi þó enn sé í mörgum atriðum byggt á upphaflega frumvarpinu frá 1978. Á ýmsum sviðum mætti þó án efa ganga lengra.

Meðal þeirra frumvarpa, sem samin hafa verið, má segja að í drögum Árna Reynissonar o.fl. hafi lengst verið gengið í tillögum um að fastsetja heildarstjórn umhverfismála í einu ráðuneyti. Í frumvarpsdrögum Ingimars Sigurðssonar og Stefáns Thors frá mars 1982 var aftur á móti farið lengst frá hugmyndinni um sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Í þeim drögum var ekki gengið út frá því að stofnanir og málaflokkar á sviði umhverfismála flyttust undir eitt og sama ráðuneytið, heldur einungis gert ráð fyrir samstarfsnefnd á sviði umhverfismála milli viðkomandi ráðuneyta. Það fráhvarf frá fyrri hugmyndum um stjórn umhverfismála, sem fram kom í frumvarpsdrögum Stefáns Thors og Ingimars Sigurðssonar, endurspeglar í fyrsta lagi þann aukna vanda sem lög um Hollustuvernd ríkisins sköpuðu í þessu sambandi og í öðru lagi tregðu nokkurra stofnana og ráðuneyta varðandi flutning málaflokka yfir í nýja stjórnardeild eða ráðuneyti sem fari með umhverfismál.

3. Þörf lagasetningar um heildarstjórn umhverfismála.

Fullyrða má að umhverfismál eða umhverfisvernd grundvallist á tveimur megin þáttum: **Mengunarvörnum og náttúruvernd.** Í dag heyra málefni á þessum sviðum til margra ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Slík dreifing kallar á aðgerðir til samræmingar og einföldunar, en úrbætur verða að sama skapi erfiðar. Dreifing skyldra mála milli margra ráðuneyta veldur því að oft vinna stofnanir hinna einstöku ráðuneyta að sömu verkefnum, vinnukrafur vannýtist og reglugerðir eru settar um svipuð mál á vegum hinna einstöku ráðuneyta. Í sumum tilfellum eru jafnvel settar ólíkar kröfur af hálfu tveggja eða fleiri ráðuneyta um sömu hluti.

Með því að sameina helstu þætti umhverfismála undir einu ráðuneyti ætti afgreiðsla málefna, áætlanagerð og stefnumótun að ganga mun greiðar en ella. Dregið er úr líkum á því að mál lendi í ógöngum vegna ágreinings ráðuneyta eða sérstofnana þeirra innbyrðis. Einnig er dregið úr hagsmunatogi og mótverkandi markmiðum innan sömu ráðuneyta í ýmsum málum, t.d. í þeim tilfellum þegar atvinnuvegasjónarmið og tengd friðunar- og verndunarmál heyra undir sama ráðuneytið eins og algengast er í dag. Ýmis áætlanagerð varðandi umhverfi og auðlindir yrði mun auðveldari í höndum eins aðila sem horft gæti hlutlægt á sjónarmið mismunandi hagsmunahópa. Ábendingar um það sem skortir eða betur mætti fara ættu einnig að koma fyrr fram þegar ábyrgð á afgreiðslu skyldra mála væri í meginatriðum á einni hendi.

Á alþjóðavettvangi er afar mikilvægt að ímynd Íslands sé hreinleiki og umhverfisgæði, m.a. með hliðsjón af útflutningi á matvælum og vaxandi ferðamannaþjónustu. Í þessu sambandi eru sterkar líkur á að í umhverfismálum verði í vaxandi mæli lögð áhersla á hin samofnu tengsl umhverfisverndar og auðlinda notkunar og jákvætt samhengi umhverfisverndar og hagvaxtar, þegar lengra er litið.

Með sameiningu helstu þátta umhverfismála í einu ráðuneyti er ekki gert ráð fyrir að slíkt þyrfti að orsaka útþenslu í starfsemi Stjórnarráðsins, eða að stangast á við þá endurskoðun lagareglna um Stjórnarráð Íslands sem fyrirhuguð er. Ákvörðun um heildarstjórn umhverfismála mundi fremur auðvelda þá endurskoðun. Starfsmenn sem í dag sinna mengunarmálum í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, náttúruverndarmálum í menntamálaráðuneytinu, gróðurverndarmálum í landbúnaðarráðuneytinu og mengun sjávar í samgönguráðuneytinu, mundu flytjast í hið nýja ráðuneyti. Ef vel tekst til má ætla að slík sameining geti haft sparnað og hagræðingu í för með sér. Dagleg verkefni viðkomandi starfsmanna, svo sem samskipti við tilheyrandi undirstofnanir, yrðu að miklu leyti óbreytt. Þannig yrði stefnt að því að nýta áfram eftir föngum reynslu starfsmanna á viðkomandi fagsviðum.

Með gildistöku þessa frumvarps yrðu að veruleika þær grundvallarhugmyndir um heildarstjórn umhverfismála sem verið hafa til umfjöllunar hér á landi í hálfan annan áratug.

Með því mundu vinnast a.m.k. þrjú mikilvæg atriði til framfara:

1. Samræming skyldra sviða og heilsteyptari stjórnun og áætlanagerð.
2. Skýrari aðskilnaður stjórnvalda á sviði umhverfismála frá hagsmunaaðilum.
3. Grundvöllur fyrir raunhæfri þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi í umhverfismálum einkum á vegum norðurlandaráðs og OECD, í samræmi við þátttöku landsins í slíku samstarfi á öðrum sviðum.

4. Nýmæli frumvarpsins.

Lengi hefur verið um það deilt í hvaða ráðuneyti vista bæri umhverfismálin. Hefur einkum verið bent á félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingarráðuneytið og samgönguráðuneytið í þessu efni, ýmist að fullu og öllu eða að hluta. Nú síðast hefur einnig verið rætt um sérstaka skrifstofu innan forsætisráðuneytisins er færi með málefni umhverfismála.

Ríkisstjórn hefur fjallað ítarlega um framkvæmd á stefnuyfirlýsingu sinni að því er tekur til umhverfismála. Hefur ríkisstjórnin samþykkt að leggja til að komið verði á fót sérstöku umhverfisráðuneyti sem hafi í meginatriðum með höndum stefnumótun, framkvæmd og eftirlit á sviði umhverfismála. Önnur ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarstjórnir hafi þó áfram mikilvægum hlutverkum að gegna á því sviði og má þar nefna félagsmálaráðuneytið, sem áfram fer með skipulags- og byggingarmál, heilbrigðisráðuneytið, sem áfram fer með framkvæmd laga og reglugerðar á sviði hollustuverndar innanhúss, og landbúnaðarráðuneytið sem áfram fer með ýmis mál er varða beitarstýringu og gróðurvernd. Umhverfisráðuneytinu er ætlað að samræma aðgerðir allra ráðuneyta, stofnana og sveitarstjórna á sviði umhverfismála.

Til þess að hrinda þessu í framkvæmd er frumvarp þetta flutt. Jafnframt er lagt til að bæta umhverfisráðuneyti í upptalningu 1. mgr. 4. gr. laga 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, en skv. 2. mgr. 4. gr. laganna má eigi stofnsetja ráðuneyti nema með lögum. Breyting á stjórnarráðslögunum fylgir því þessu frumvarpi sem fylgifrumvarp.

Við samning frumvarpsins kom til álita að gera verksvið og umfang umhverfisráðuneytis miklu víðtækara en það er í frumvarpinu. Af mörgum er t.d. talið eðlilegt að skipulagsmál heyri til slíks ráðuneytis. Þá hafa verið uppi hugmyndir um að Hollustuvernd ríkisins í heild flyttist undir slíkt ráðuneyti, Landgræðsla ríkisins, Landmælingar Íslands og Skógrækt ríkisins. Um þessi atriði eru samt sem áður mjög skiptar skoðanir. Hætta var því talin á að ákvörðun um málið frestaðist enn ef á fleiri þáttum ætti að taka nú. Sem fyrsta skref er því lagt til að mengunarmálin annars vegar og náttúruverndarmálin hins vegar flytjist til umhverfisráðuneytis.

Helstu nýmæli lagaframvarpsins eru þessi:

4.1 Gert er ráð fyrir stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis er fer með umhverfismál (2. gr.).

4.2 Hugtakið umhverfismál er skilgreint sérstaklega í 2. mgr. 2. gr. Nær það annars vegar til varna gegn mengun á landi, í lofti, í ferskvatni og sjó og hins vegar til náttúruverndar, þar með talið eftirlit með ástandi gróðurs, úrvistarmál og friðun og verndun villtra dýra og fugla.

4.3 Umhverfisráðuneytið skal hafa frumkvæði að alhliða umhverfisvernd (3. mgr. 2. gr.) og sinna rannsóknum og framkvæmdum alþjóðasamninga um umhverfismál (4. mgr. 2. gr.) og vinna að samræmdri stjórn umhverfismála og skipulegu samstarfi (3. gr.)

4.4 Sett er á stofn samstarfsnefnd umhverfisráðuneytis og annarra ráðuneyta um þá þætti umhverfismála sem ekki heyra beint undir ráðuneytið (4. gr.). Hefur samstarfsnefndin formlega samvinnu um umhverfisþætti tilgreindra laga í 9. gr.

4.5 Flutt eru beint undir umhverfisráðuneytið annars vegar viðfangsefni er varða varnir gegn mengun samkvæmt tilgreindum lögum í 5. gr. og hins vegar viðfangsefni á sviði verndunar og friðunar lands og dýralífs samkvæmt tilgreindum lögum í 7. gr. Umhverfisráðuneytið hefur forgöngu um gerð landnýtingaráætlana í samráði við þá aðila sem málið helst snertir (6. gr.).

4.6 Felldar eru undir umhverfisráðuneytið mengunarvarnadeild Hollustuvernar ríkisins, mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar, Náttúruverndarráð og embætti veiðimálastjóra (8. gr.). Færast stöðuheimildir þessara stofnana undir ráðuneytið.

4.7 Áður en til stórframkvæmda kemur, svo sem virkjunar, verksmiðjubygginga, vegalagninga o.fl., fer fram könnun og mat á áhrifum slíks á umhverfið (10. gr.).

4.8 Umhverfisráðuneytið fer með öll þau atriði er snerta umhverfismál í rekstri fyrirtækja (11. gr.).

4.9 Umhverfisráðuneytið hefur frumkvæði að umhverfisrannsóknum (12. gr.) og tillögugerð (13. gr.) og sinnir samræmingu á fræðslu um umhverfismál (14. gr.).

4.10 Umhverfisráðuneytið getur í samráði við fagráðuneyti frestað stórframkvæmdum þar til viðunandi lausn fæst ef niðurstöður umhverfiskönnunar gefur til kynna að framkvæmdir geti leitt til verulegra lýta á landi eða óviðunandi mengunar (17. gr.).

4.11 Heimilt er umhverfisráðuneyti að leggja á dagsektir allt að 50.000 kr. á dag og láta vinna verk á kostnað aðila er ekki er sinnt fyrirmælum þess (18. gr.).

4.12 Gert er ráð fyrir endurskoðun laganna innan tveggja ára frá gildistöku (ákvæði I til bráðabirgða) enda verður þá nokkur reynsla komin á framkvæmdina.

4.13 Samin verða sérstök lög um hollustu og heilbrigðiseftirlit, eiturefni og hættuleg efni, mengun sjávar og landgræðslu með það fyrir augum að þættir er snerta mengun og umhverfisvernd færist undir umhverfisráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki til allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér mengun eða önnur skaðleg umhverfisáhrif, þar með talið geislun, hávaða, varma, svo og alls annars er spillt getur hinu ytra umhverfi.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir því að yfirstjórn umhverfismála verði í höndum sjálfstæðs ráðuneytis, umhverfisráðuneytis. Rök fyrir þeirri tillögu hafa þegar verið rakin hér að framan í greinargerð.

Í 2. mgr. eru talin upp þau tvö meginsvið sem hugtakið „umhverfismál" nær yfir í lögunum. Er sú skilgreining í höfuðdráttum í samræmi við það sem er á Norðurlöndum. Nær skilgreiningin til mengunarvarna á landi, í lofti, í ferskvatni og sjó. Einnig til náttúrverndar, þar með talið eftirlit með ástandi gróðurs, útivistarmála og friðunar og verndunar villtra dýra og fugla. Er verksviðslýsingin mjög víðtæk. Sérstaklega skal þess getið að ekki er gert ráð fyrir að ráðuneytið fjalli um mengun í híbýlum manna og starfsstöðum, sem áfram verður á verksviði hinnar almennu deilda Hollustuverndar og Vinnueftirlits ríkisins. Verkefni ráðuneytisins að því er varðar eftirlit með ástandi gróðurs skarast ef til vill við verksvið landbúnaðarráðuneytisins en gert er ráð fyrir að samkomulag verði gert um skýr mörk þar á milli.

Í 3. mgr. eru talin upp ýmis almenn verkefni ráðuneytisins.

Í 4. mgr. er minnst á rannsóknir á sviði umhverfisverndar sem ráðuneytið getur ýmist haft frumkvæði að eða styrkt frumkvæði annarra. Þá eru nefndir alþjóðasamningar og alþjóðleg samvinna um mengunarvarnir. Má sem dæmi um slíkt nefna framkvæmd Vínarsáttmála og Montreal-samþykktar um verndun andrúmsloftsins fyrir áhrifum af klórflúorkolefnissamböndum sem eyða óson-hjúp þess.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um frumkvæði umhverfisráðuneytis í samræmingu og skipulegu samstarfi á sviði umhverfismála.

Um 4. gr.

Með ákvæði greinarinnar um sérstaka samstarfsnefnd, sem ráðherra umhverfismála kveður saman og skipuð er fulltrúum annarra ráðuneyta, er átt við óbeina stjórn umhverfismála með samræmingu stjórnsýsluaðila er fást við verkefni nátengd umhverfismálum. Í 9. gr. eru taldir upp málaflokkar sem miklu skipta í þessu sambandi.

Þrátt fyrir samstarfsnefndina er gert ráð fyrir að einstök ráðuneyti hafi fullt forræði þeirra mála sem undir þau falla. Rísi ágreiningur milli einstakra ráðuneyta er eðlilegt að forsætisráðherra skeri úr slíkri deilu þó að slíkt sé ekki sagt berum orðum í greininni.

Um 5. gr.

Hér eru talin upp þau viðfangsefni á sviði mengunarvarna sem umhverfisráðuneyti skal fara með. Í dag eru þessir málaflokkar vistaðir í þremur ráðuneytum, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu. Brýnt er að ráðuneyti umhverfismála fari ekki einungis með mengun ferskvatns heldur einnig mengun sjávar, enda leitar öll vatnsmengun til sjávar um síðir. Án slíkrar sameiningar væru lög um varnir gegn mengun sjávar ósamrýmanleg lögum þessum. Skolpmengun sjávar er eitt helsta umhverfisvandamál á Íslandi í dag. Úrbætur í þeim efnum eru mun líklegri með þeirri sameiningu í yfirstjórn mengunarvarna sem hér er lögð til.

Um 6. gr.

Gróður- og jarðvegseyðing er mesta umhverfismál á Íslandi allt frá landnámi. Ofnýting beitilanda og önnur átroðsla viðkvæmra landssvæða hefur haldið áfram fram á síðustu ár þrátt fyrir stórbætta vísindalega þekkingu. Líkur eru á því að landbætur og landvernd hafi gengið lakara en efni hafa staðið til, m.a. vegna mismunandi hagsmuna og ólíkra markmiða þeirra ráðuneyta og stofnana sem að þessum málaflokki koma. Hér er lagt til að ráðuneyti umhverfismála hagnýti sér ákvæði um skipulagsskyldu landsins alls til að efla stefnumótun í landgræðslu og endurheimt landgæða. Á skipulagsstigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Umhverfisráðuneytum erlendis eru víða falin víðtæk afskipti af skipulags- og landnýtingarmálum. Lagt er til að ráðuneytið stuðli að yfirsýn og samræmingu á þessu sviði, en framkvæmd yrði að mestu leyti í höndum Skipulagsstjórnar ríkisins. Gert er ráð fyrir samstarfi ráðuneytisins við stofnanir og samtök sem málið varða.

Um 7. gr.

Hér eru talin upp viðfangsefni umhverfisráðuneytis á sviði verndunar og friðunar lands og dýralífs sem í dag heyra undir fimm ráðuneyti. Rétt þykir að eyðing meindýra sé einnig í verksviði ráðuneytisins, enda er mikilvægt að gætt sé hófs í þeim efnum og að atvinnuvegasjónarmið verði ekki einráð. Með vistun gróðurverndar í ráðuneyti umhverfismála er stuðlað að auknu hlutleysi og sterkari stöðu gagnvart hagsmunaaðilum í landbúnaði.

Um 8. gr.

Hér eru taldar upp þær stofnanir sem samkvæmt framangreindu verksviði munu heyra undir umhverfisráðuneytið.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um óbeina stjórn umhverfismála með formlegri samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta og stofnana við umhverfisráðuneytið. Einkum á þetta við um ýmsa málaflokka sem heyra undir önnur ráðuneyti en geta varðað miklu á sviði umhverfismála, svo sem stórframkvæmdir í hafnargerð, vegagerð, virkjunum, stóriðjurekstri o.fl. Gert er ráð fyrir að komið

verði á fót sérstökum samráðsnefndum um slík málefni. Upptaling greinarinnar er ekki tæmandi en ætti að gefa vísbendingu um við hvað er átt. Í þessa upptalningu má hugsa sér til viðbótar væntanleg lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur og lög um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum. Þegar talað er um umhverfisþætti þessara laga er átt við þau ákvæði sem snerta framkvæmd á þeim viðfangsefnum sem gert er ráð fyrir að lögð verði undir umhverfisráðuneytið. Þetta er gert í því skyni að umhverfissjónarmið, sem hafa verður í huga, komi fram þegar á frumstigi málsmeðferðar eða að minnsta kosti eins fljótt og aðstæður leyfa. Er hér um að ræða mjög þýðingarmikið atriði. Greið framkvæmd gæti sparað mikinn tíma, fyrirhöfn og fjármuni. Ekki virðist nauðsynlegt að hlutaðeigandi ráðuneyti annist beint hina formlegu samvinnu heldur gæti hún verið á vegum stofnana, sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti, þó þannig að ráðuneytin sjálf fylgdust samt reglulega með því sem um er fjallað.

Með sérlögum um iðnrekstur er átt við lög um Sementsverksmiðju ríkisins, Álverksmiðju í Straumsvík, Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, Kísilgúrverksmiðju við Mývatn og sambærileg fyrirtæki.

Um 10. gr.

Hér er lögbundið að áður en efnt er til stórframkvæmda skuli fara fram könnun og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Almenn könnunarskylda ásamt kynningu á niðurstöðum hefur ekki verið lögbundin fram til þessa. Ef slíkt mat liggur þegar fyrir á hlutaðeigandi stað er ráðuneytinu heimilt að falla frá hinum almennu skilyrðum, einnig ef rannsókn er talin óþörf. Eðlilegt er að kostnað af rannsókn beri sá aðili, sem framkvæmda óskar, og skoðast sá kostnaður sem hluti af frumfjárfestingu viðkomandi fyrirtækis á staðnum. Umsækjandi getur sjálfur valið óháða aðila til að framkvæma könnunina, enda sé starfað eftir áætlun sem ráðuneytið samþykkir. Gert er ráð fyrir að grundvallarþættir slíkrar áætlunar verði þeir sömu í öllum tilfellum. Með stórframkvæmdum er átt við vega-, hafna- og brúargerð, virkjanaframkvæmdir og byggingu stórverksmiðja svo nokkuð sé nefnt.

Um 11. gr.

Í sérlögum um Sementsverksmiðju, Álbræðslu við Straumsvík, Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, Áburðarverksmiðju ríkisins, Þörungavinnslu við Breiðafjörð, Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, Steinullarverksmiðju, Sjóefnavinnslu á Reykjanesi og ef til vill fleiri eru ekki sérákvæði um mengun og aðra umhverfisröskun. Með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðuneytinu fengin heimild til meðferðar umhverfismála að því er þennan iðnað og annan iðnað varðar sérstaklega. Má telja að meiri líkur séu á umhverfisröskun frá stóriðju og skyldri starfsemi en frá öðrum iðnaði í landinu.

Um 12. gr.

Hér eru lögbundin ákvæði um almennar umhverfisrannsóknir og heimild ráðuneytisins til að ákvarða framkvæmd þeirra og samræmingu. Er hér átt við grundvallarrannsóknir með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmda og búsetu. Gætu slíkar rannsóknir tekið til stórra samfelldra landsvæða, en ekki verið afmarkaðar við umhverfisáhrif frá einu iðjuveri eða verksmiðju. Ekki er gert ráð fyrir að ráðuneytið sé framkvæmdaraðili í þessu efni nema í sérstökum tilfellum, heldur sjái um samræmingu og forgangsröðun verkefna í þessu sviði milli ráðuneyta og stofnana.

Um 13. gr.

Einn af hornsteinum umhverfisverndar er skipuleg nýting náttúruauðlinda sem miðast við langtímahagsmuni þjóðarinnar. Jákvætt samhengi umhverfisverndar og efnahagslegra gæða, þegar lengra er litið, er í vaxandi mæli viðurkennt á alþjóðavettvangi, t.d. á vegum OECD. Í dag fylgjast viðkomandi fagráðuneyti með ástandi auðlinda á sínu sviði í

mismunandi miklum mæli. Hætt er við að sú umfjöllun tengist um of hagsmunum viðkomandi atvinnuvegar á hverjum tíma. Því er brýnt að fela einum óháðari aðila að hafa með höndum heildstæða upplýsingasöfnun, tillögugerð og yfirsýn í þessu efni. Ekki er samt sem áður ætlast til að umhverfisráðuneytið grípi inn í starfsemi annarra ráðuneyta hvað þetta varðar.

Um 14. gr.

Hér er átt við samræmingu, t.d. á útgáfustarfsemi. Í dag eru ýmsar upplýsingar gefnar út um umhverfismál og tengd málefni á vegum hinna einstöku ráðuneyta og stofnana, en nauðsynlegt er að þær verði samræmdar sem mest.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir að auk ráðuneytisins hafi löggæsluyfirvöld á hverjum stað eftirlit með framkvæmd laganna, svo og þeir aðilar sem lögum samkvæmt eiga sjálfkrafa aðild að meðferð hvers málaflokks í héraði. Fyrst um sinn er a.m.k. eðlilegt að stuðst verði við fulltingi yfirvalda á hverjum stað fremur en að stofnaðar verði sérstakar stöður í þessum tilgangi.

Ljóst er að á heilbrigðisnefndir mun reyna mest í þessum efnum, auk annarra nefnda sem starfa samkvæmt lögum og upp eru taldar í greininni. Þess er vænst að nefndirnar starfi í samvinnu við umhverfisráðuneyti, auk þess sem þær gegna þeim skyldum sem þeim eru nú fengnar í gildandi lögum. Í Danmörku og Noregi hefur svipaður háttur verið hafður á og gefist vel.

Um 16. gr.

Ekki þykir ástæða til að setja neinar sérstakar reglur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst á því sviði sem frumvarpið nær til.

Um 17. gr.

Hér er ráðuneytinu í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti gefin heimild til að fresta stórframkvæmdum, ef sýnt þykir að það muni leiða til verulegra og/eða varanlegra umhverfisspjalla, þar til úr hefur verið bætt, enda liggi fyrir niðurstöður umhverfiskönnunar. Hér er ráðuneytinu gefið vald til viðbótar við annars álíka ákvæði í náttúruverndarlögum, nr. 47/1971. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 10. gr.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að beita megi dagsektum ef ekki er sinnt fyrirmælum ráðuneytisins allt að 50.000 kr. á dag. Kann sú upphæð að þykja í lægsta lagi. Við endurskoðun laganna eftir tvö ár verður sú upphæð án efa endurskoðuð og verðbætt framvegis.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar um gildistökufrest er miðað við að ráðrúm gefist til þess að undirbúa stofnun ráðuneytisins og skapa því nauðsynlega starfsaðstöðu. Ekki eru í gildandi fjárlögum fjárveitingar til ráðuneytisins, þannig að það mun fara hægt af stað og í byrjun vera rekið með fjárveitingum til þeirra þátta í starfi annarra ráðuneyta sem það tekur við. Síðan verður að gera ráð fyrir að það taki að fullu til starfa með gildistöku fjárlaga ársins 1990.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I

Ákvæðið gerir ráð fyrir endurskoðun laganna innan tveggja ára frá gildistöku. Við slíka endurskoðun hlýtur að koma til álita frekari tilfærsla umhverfisþátta frá öðrum ráðuneytum til hins nýja ráðuneytis.

II

Þarfnast ekki skýringa.

III

Nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar ýmsa löggjöf er tengist umhverfismálum vegna þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo sem á sviði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, laga um eiturefni og hættuleg efni, laga um mengun sjávar og laga um landgræðslu. Viðbúið er að endursemja þurfi og breyta öðrum lagaákvæðum eftir að starfsemi hins nýja ráðuneytis hefst.

Nd. 778. Frumvarp til laga [418. mál]

um breyting á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. bætist umhverfisráðuneyti.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Heimilt er að skipa skrifstofustjóra eða deildarstjóra ráðuneytis aðstoðarráðuneytisstjóra þess ráðuneytis.

Aðstoðarráðuneytisstjóri tekur við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans.

Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður skrifstofustjóri eða deildarstjóri þess ráðuneytis og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

Ráðherra setur aðstoðarráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Auk ráðuneytisstjóra, aðstoðarráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

13. gr. orðist svo:

Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra og aðstoðarráðuneytisstjóra til sex ára í senn.

Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis til sama tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um umhverfismál er gerir ráð fyrir að stofnað verið sérstakt umhverfisráðuneyti. Í upptalningu á ráðuneytum Stjórnarráðs Íslands í 4. gr. laga nr. 73/1969 er því nauðsynlegt að bæta umhverfisráðuneyti við.

Nokkrar aðrar minni háttar breytingar eru einnig gerðar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Er í fyrsta lagi tekið upp ákvæði í frumvarpið um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir í stað starfsdeilda eingöngu áður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að skipa aðstoðarráðuneytisstjóra úr hópi skrifstofu- eða deildarstjóra ráðuneytis. Gegnir aðstoðarráðuneytisstjóri störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Í þriðja lagi er fellt niður að forseti Íslands veiti embætti skrifstofustjóra og deildarstjóra, en veiti hins vegar embætti aðstoðarráðuneytisstjóra auk embættis ráðuneytissstjóra. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að veiting og skipun starfa sé aðeins til sex ára í senn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upptalningu á ráðuneytum Stjórnarráðs Íslands er umhverfisráðuneyti bætt við.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir í stað skiptingu áður í starfsdeildir eingöngu. Eru þegar dæmi þess í einstökum ráðuneytum að sérstakar skrifstofur starfi þar undir stjórn skrifstofustjóra.

Um 3. gr.

Í fyrstu málsgrein er tekin upp heimild til skipunar sérstaks aðstoðarráðuneytisstjóra úr hópi skrifstofustjóra eða deildarstjóra ráðuneytis er tekur sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Fellt er niður að skrifstofustjóri taki við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans, enda eru þeir í sumum ráðuneytum fleiri en einn. Er ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi neina fjölgun starfsmanna í för með sér.

Önnur málsgrein tekur af allan vafa um hver gengur næstur ráðuneytisstjóra.

Þriðja málsgrein er efnislega samhljóða núgildandi 1. mgr. 11. gr. að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að skrifstofu ráðuneytis stýri skrifstofustjóri.

Fjórða málsgrein er samhljóða núgildandi 3. mgr.

Í fimmtu málsgrein er bætt við heitinu aðstoðarráðuneytisstjóri í núgildandi 4. mgr.

Um 4. gr.

Í núgildandi 12. gr. er bætt heiti aðstoðarráðuneytisstjóra.

Um 5. gr.

Í 13. gr. er fellt brott að forseti Íslands veiti embætti skrifstofustjóra og deildarstjóra. Forseti Íslands veitir hins vegar embætti ráðuneytisstjóra eins og verið hefur og embætti aðstoðarráðuneytisstjóra. Nýmæli er að veiting starfa og skipun er nú tímabundin til sex ára í senn.

Um 6. gr.

Gildistaka er sama og í frumvarpi til laga um umhverfismál.

Ed. 779. Frumvarp til laga [419. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á flotpramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Dýpkunarfélaginu hf., innflutning á dýpkunarpramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

3. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands innflutning á björgunarskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

4. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á fiskiskipi/verksmiðjumóðurskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

Samgönguráðherra skal jafnframt heimilt að veita Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, vegna íslenskrar skáningar á tveimur fiskiskipum/verksmiðjumóðurskipum sem félagið tekur á leigu.

Skipum, sem skráð verða samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr., er óheimilt að stunda fiskveiðar eða vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að þeim aðilum, sem upp eru taldir í 1.–4. gr., verði heimilað að flytja inn skip, þó þau séu eldri en 12 ára. Samkvæmt 21. gr laga um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, er óheimilt að flytja inn skip sem eru eldri en 12 ára. Engin undanþáguheimild er í lögunum frá ákvæðinu og þarfnast innflutningur skipa eldri en 12 ára og skráning þeirra hér á landi því sérstakrar lagaheimildar. Enda þótt gild rök séu fyrir téðu aldurshámarki og almennt ekki æskilegt að eldri skip séu flutt hingað til lands getur verið réttlætanlegt að víkja frá því í sérstökum tilvikum, t.d. vegna skipa sérstakrar gerðar eða skipa

sem nota á í ákveðin afmörkuð verkefni. Fordæmi eru fyrir því að leyfa innflutning á skipi eldra en 12 ára þegar sérstaklega stendur á, t.d. lög nr. 4/1977, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Olíuöl hf. innflutning á olíupramma.

Forsenda þess að heimildir samkvæmt frumvarpinu verði notaðar er sú að skipin fullnægi í einu og öllu íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri og hafi sem slík hlotið samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Flotpramminn Dagur var smíðaður árið 1964, en var fluttur hingað til lands árið 1979 frá Danmörku. Köfunarstöðin hf. hefur notað hann undanfarin ár vinnu hér við land, fyrst og fremst innan hafna eða við mannvirkjagerð með ströndum. Félagið hefur tekið að sér umfangsmikil verkefni og til að mynda unnið mikið fyrir Reykjavíkurhöfn. Við hafnargerð og rekstur hafna er oft þörf á sérhæfðum tækjum og vinnuvélum, t.d. við dýpkun innsiglinga og hafnarsvæða, efnisskipti á sjávarbotni, gerð hafnarmannvirkja og lyftingu og flutning þungra hluta yfir sjó. Tilvist hentugra tækja ræður því miklu við gerð mannvirkja og er æskilegt að til séu hérlendis fjölhæf vinnutæki sem nota má til margra verka.

Í umsögn aðstoðarhafnarstjóra um prammann segir m.a. að Dagur sé mjög kraftmikill, með stóra og þunga grafskóflu, sem henti vel við gröft á botnefni á hafnarsvæði Reykjavíkurhafnar og geti minnkað áhættu við að vinna ákveðin störf við hafnargerð. Kraninn hefur enn fremur nýst til nákvæmrar dýpkunar svo sem við efnisskipti fyrir stálþil, við viðhaldsdýpkun, viðhald legufæra og lagna fyrir olíuskip, lagningu röra fyrir holræsalagnir í sjó fram og hreinsun skipsflaka af sjávarbotni.

Um 2. gr.

Starfsemi Dýpkunarfélagsins hf. á Siglufirði hófst er dýpkunarskipið Grettir kom til landsins í ágústmánuði 1987. Grettir vann við dýpkunarframkvæmdir í eftirtöldum höfnum landsins: Raufarhöfn, Þórshöfn, Siglufirði, Skagaströnd, Blönduósi, Bíldudal, Stöðvarfirði, Eskifirði og Ísafirði. Grettir sökk hins vegar fyrirvaralaust út af Dritvíkurtöngum í septembermánuði 1988. Var hann þá á leið til Sandgerðis þar sem dýpka átti innsiglinguna og samið hafði verið um stórt verkefni í Hafnarfjarðarhöfn og samningar hafnir um stór verkefni víða um land.

Félagið hófst strax handa um að útvega nýjan pramma og bauðst til kaups hentugur prammi í eigu finnska verktakafyrirtækisins Haka. Hann er eingöngu ætlaður til dýpkunarframkvæmda í höfnum, en ekki knúinn áfram með eigin vélarafli og getur unnið mest á 17 metra dýpi. Pramminn var smíðaður árið 1975, en útgáfudagur fyrsta þjóðernisskírteinis hans var 18. nóvember 1976. Umrætt skip hefur verið endurbyggt nýlega. Allur gröfubúnaður er sams konar og á Gretti, en hann er nokkuð stærri og betur útbúinn og fullnægir því betur þeim öryggiskröfum sem gerðar eru, auk þess sem í honum eru íbúðir fyrir áhöfnina.

Um 3. gr.

Slysavarnafélag Íslands hefur um langa hríð leitað að hentugu björgunarskipi sem unnt verði að nota til björgunarstarfa við ólíkar aðstæður hér við land. Í desembermánuði síðastliðnum bauðst félaginu skipið til kaups á mjög góðum kjörum og telja fulltrúar félagsins skipið afar ákjósanlegt til að geta fullnægt þeirra þörfum.

Björgunarskipið Grace Paterson Ritchie var smíðað árið 1965 sem björgunarskip fyrir björgunarþjónustuna Royal National Lifeboat Institution. Skipið er 21,34 metrar, mesta lengd, og 5,18 metrar, mesta breidd, og ganghraði 12 hnútar. Hefur það ávallt verið notað sem björgunarskip í eigu og umsjón RNLI, en í júnímánuði síðastliðnum var því komið fyrir í skipasmíðastöð í Buckie í N-Skotlandi þar sem nýtt björgunarskip kom í stað þess í Kirkwall.

Um 4. gr.

Árið 1984 var gerður samningur milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um nýtingu fiskveiði- og fiskvinnsluheimilda í bandarískri fiskveiðislögsögu. Skilyrði þessarar heimildar er að notuð séu skip sem sigla undir íslenskum fána, þ.e. eru skrásett á Íslandi. Enda þótt sjávarútvegsráðuneytið hafi lagt á það mikla áherslu að heimildin yrði nýtt og leitast við að greiða fyrir framgangi þess, m.a. í samvinnu við sendiráð Íslands í Washington, hafa íslensk skip ekki nýtt sér þá möguleika sem samningurinn opnaði.

Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. hefur nú, á grundvelli framangreinds samnings, verið úthlutað 30 þúsund tonna þorskkvóta og 6 þúsund tonnum af öðrum fisktegundum við strendur Alaska í Bandaríkjunum. Í framkvæmd er þessi starfsemi þannig að Íslenska úthafsútgerðarfélagið hf. samdi við Associated Vessel Services Inc. (hlutafélag bandarískra veiðimanna) um nýtingu á kvótanum (svokallað Joint Venture). Bátar á vegum félagsins veiða ákveðið magn af fiski fyrir verksmiðjuskip það sem Íslenska úthafsútgerðarfélagið hf. rekur og kaupir aflann á umsömdu verði. Fiskurinn verður síðan unninn um borð og frystur og seldur á evrópskum, bandarískum eða japönskum mörkuðum. Til að fullnýta þann kvóta sem úthlutað var mun þurfa a.m.k. tvö vinnsluskip.

Félagið hefur leitað víða að hentugum skipum til þessa verkefnis annað til kaups en hitt til leigu. Ekki hefur verið gengið frá samningum um kaup/leigu á skipum, en skip sem félagið hefur haft hug á að kaupa eru eldri en 12 ára.

Hugsanlegt er að leiguskipin verði tvö. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um skráningu skipa er einungis heimilt að skrá hér á landi erlend kaupskip sem íslensk útgerð rekur. Ef heimila á skrásetningu framangreindra leiguskipa þarf því sérstaka lagaheimild. Með tilliti til sérstöðu þessa máls og vilja íslenskra stjórnvalda til að nýta fiskvinnsluheimildir í bandarískri fiskveiðilögsögu er hér lagt til að skráningin verði heimiluð.

Heimildir samkvæmt þessari grein eru bundnar því skilyrði að skipin muni ekki undir neinum kringumstæðum fá leyfi til veiða eða til vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 780. Tillaga til þingsályktunar [420. mál]

um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Grænlands, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Grænlands, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn sem hér liggur fyrir leysir deilu milli hlutaðeigandi landa um skiptingu loðnustofnsins á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Frá árinu 1980 hefur gilt samkomulag milli Íslands og Noregs um að skipta veiðum á stofninum á milli sín þannig að 85

af hundraði falla í hlut Íslands og 15 af hundraði í hlut Noregs. Hins vegar var Grænland ekki bundið af því samkomulagi og t.d. á árinu 1988 veiddu Færeyingar samkvæmt heimild grænlensku landsstjórnarinnar 48 þúsund lestir af loðnu innan grænlenskrar lögsögu.

Á samningafundi milli aðilanna í Ósló dagana 18. til 20. janúar 1989 náðist samkomulag um samningsdrögin sem hér liggja fyrir.

Samkvæmt 2. gr. samningsins skal reynt að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja vertíð. Ef ekki næst samkomulag mun Ísland ákveða hámarksaflann. Sams konar ákvæði er að finna í samkomulaginu milli Íslands og Noregs frá 1980.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skiptist aflinn þannig að 78 af hundraði falla í hlut Íslands, 11 af hundraði í hlut Grænlands og 11 af hundraði í hlut Noregs. Íslenskum og norskum skipum verður heimilt að veiða loðnu í lögsögu Grænlands (7. gr.) og íslenskum skipum og skipum með leyfi grænlenskra stjórnvalda heimilt að veiða í lögsögu Jan Mayen (8. gr.).

Um veiðar í íslenskri lögsögu er fjallað í 6. gr. Heimildir eru takmarkaðar við norsk skip og grænlensk skip, þ.e. skip sem eru skráð á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild. Íslensk stjórnvöld geta einnig veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlensk fiskveiðileyfi, veiðiheimildir. Í viðræðum milli aðila var gengið út frá því að færeysk skip, sem hafa leyfi grænlenskra stjórnvalda til veiða á þeirra hlut, fái heimild til veiða innan íslenskrar lögsögu. Veiðiréttindi takmarkast við svæðið norðan 64°30'N og tímabilið 1. júlí til 15. febrúar á hverri vertíð.

Ef samningurinn verður staðfestur af viðkomandi stjórnvöldum mun hann gilda til þriggja ára frá og með 1. júlí 1989.

Ríkisstjórnin hefur haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila í sjávarútvegi um gerð þessa samnings og kynnt drögin í utanríkismálanefnd Alþingis.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun, sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11 af hundraði.
Ísland	78 af hundraði.
Noregur	11 af hundraði.

4. gr.

Ef aðili ákveður að framselja sína aflahlutdeild að fullu eða hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

5. gr.

1. Ef Noregur eða Grænland veiða ekki sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skal Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur á næstu vertíð sem nema sama magni, enda hafi ástæður, sem hlutaðeigandi aðili réð ekki við, legið til þess að hann veiddi ekki sína hlutdeild á vertíðinni.

2. Ef bætur samkvæmt 1. tölul. leiða til þess á einhverri vertíð að skiptingin er bersýnilega ósanngjörn skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

6. gr.

1. Grænlenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64°30'N til 15. febrúar. Ísland mun einnig leyfa þessum veiðiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um borð vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlenskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlenskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn.

2. „Grænlenskt fiskiskip" merkir í 1. tölul. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild.

7. gr.

Íslenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í grænlenskri fiskveiðilögsögu norðan 64°30'.

8. gr.

Fiskiskipum með grænlenskt fiskveiðileyfi og íslenskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen og einnig til að landa afla sínum í norskum höfnum.

9. gr.

Með vísan til veiðiheimilda í lögsögu skv. 6., 7. og 8. gr. getur hver aðili fyrir sig sett takmarkanir í sinni lögsögu með tilliti til stærðar fiskiskipa, fjölda þeirra og gerðar.

10. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfræðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

11. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

13. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1989 til og með 30. apríl 1992.

Sþ. 781. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósonlagsins og Montreal-bókunar um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um vernd ósonlagsins sem gerður var í Vín 22. mars 1985 og bókun um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu er gerð var í Montreal 16. september 1987.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á undanförnum árum hafa áhyggjur manna af því að ósonlagið í lofthjúp jarðar sé að þynnast farið vaxandi. Þótt mjög lítið magn sé af lofttegundunni óson (þrígildu ildi) í efstu lögum lofthjúpsins gegnir hún afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir lífríki jarðar þar sem hún stöðvar orkumikla útfjólubláa geislun frá sólinni sem er hættuleg flestum lífverum. Eyðing ósonlagsins hefur því í för með sér aukna útfjólubláa geislun við yfirborð jarðar sem raskað getur lífkeðju lands og sjávar. Aukin geislun af þessu tagi getur valdið alvarlegu heilsutjóni hjá fólki þar á meðal með aukinni tíðni húðkrabbameins, veikara ónæmiskerfi og augnskemmdum.

Ýmis efnasambönd eyða ósoni. Hér er sérstaklega um að ræða svokölluð klórflúorkolefni (CFC), en þau eru einkum notuð í úðabrúsum, kæli- og frystikerfum, harð- og mjúkfroðueinangrun og sem leysiefni í efnalaugum og rafeindaiðnaði. Hér koma einnig við sögu svokallaðir halonar, þ.e. kolefnasambönd sem innihalda bróm og sem einkum eru notuð í slökkvitækjum og brunavarnakerfum. Halonar eru jafnvel skaðlegri fyrir óson en klórflúorkolefni, en notkun þeirra er enn tiltölulega lítil.

Eyðing ósons af völdum klórflúorkolefna og halona gerist á þann hátt að þessar lofttegundir berast upp í efstu lög lofthjúpsins og umbreyta þar ósoni í venjulegt súrefni sem eigi stöðvar hina skaðlegu geislun. Vísindamenn telja sig hafa mælt þynningu á ósonlagi lofthjúpsins bæði yfir Suðurskautssvæðinu og nú einnig yfir norðurhveli jarðar. Hér er um vandamál að ræða sem krefst tafarlausra aðgerða allra jarðarbúa.

Á árinu 1985 var gerður í Vín alþjóðlegur samningur um vernd ósonlagsins að tilhlutan umhverfsmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn er stefnumarkandi, hann kveður ekki á um ákveðnar aðgerðir, en mælist til þess að aðildarríkin minnki notkun ósoneyðandi efna eftir fremsta megni. Vínarsamningurinn gerir beinlínis ráð fyrir að gerðar séu sérstakar bókanir við hann. Ein slík bókun, svokölluð Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, var gerð í Montreal 1987. Bókunin tekur til tiltekinna efnasambanda og setur fram reglur um hvernig skuli draga úr notkun þeirra. Efnasamböndin sem bókunin tekur til eru eftirfarandi: Klórflúorkolefnin CFC-11, CFC-12, CFC-113, CFC-114, CFC-115, halon 1211, Halon 1301 og Halon 2402.

Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur sú hætta sem af eyðingu ósonlagsins stafar verið til umræðu. Norræna ráðherranefndin samþykkti á fundi sínum í Stokkhólmi 7. október 1987 að beita sér fyrir aðgerðum til þess að draga úr notkun ósoneyðandi efna og á aukafundi Norðurlandaráðs, sem haldið var á Helsingjaeyri í Danmörku á síðasta hausti, var samþykkt áætlun sem leggur til að gengið verði hraðar fram í að draga úr notkun ósoneyðandi efna en gert var ráð fyrir í tillögum ráðherranefndarinnar.

Hinn 20. desember sl. samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra, aðgerðir til þess að draga úr notkun ósoneyðandi efna hérlendis. Meðal þessara aðgerða var að Íslendingar gerðust aðilar að alþjóðasamningi þeim og bókun við hann sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um. Aðgerðirnar, sem að öðru leyti voru ákveðnar í fyrsta áfanga, voru merking úðabrúsa sem innihalda ósoneyðandi efni og síðan bann við sölu þeirra frá 1. júní á næsta ári. Jafnframt var fjallað um aðgerðir til að minnka notkun slíkra efna í kæli- og frystibúnaði, einangrunarefnum, efnalaugum, slökkvitækjum og víðar. Eftirlit og ráðgjöf á þessu sviði var falin Hollustuvernd ríkisins, Iðntæknistofnun og Vinnueftirliti ríkisins og voru forstöðumenn þessara stofnana skipaðir í sérstaka framkvæmdanefnd með bréfi iðnaðarráðherra dags. 2. febrúar sl.

Tillögur iðnaðarráðherra voru byggðar á niðurstöðum nefndar, sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins, undir formennsku Sigurðar M. Magnússonar forstöðumanns Geislavarna ríkisins, en nefndin fjallaði um notkun ósoneyðandi efna á Íslandi árið 1986 og gerði framkvæmdaráætlun um minnkun notkunar og kostnaðarmat af þeim aðgerðum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að notkun ósoneyðandi efna á árinu 1986 hefði numið um 200 tonnum og taldi hún að kostnaður við að draga úr þeirri notkun um helming næmi 30–40 milljónum króna.

Vínarsamningurinn.

Samningurinn, sem gerður var í Vín 22. mars 1985, er árangur af viðamiklu alþjóðlegu samstarfi sem eins og áður er sagt er unnið með forustu umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um almennar skyldur aðildarríkjanna. Þær eru meðal annars samstarf á sviði rannsókna, að skiptast á upplýsingum, gera lagalegar og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyðingu ósonlagsins og að vinna með alþjóðastofnunum sem málið varðar að framkvæmd samningsins og bókana við hann.

Samkvæmt 3. gr. skuldbinda aðildarríkin sig til þess að hefja eða taka þátt í rannsóknum sem lúta að ósonlaginu á einn eða annan hátt. Til dæmis hvaða efnasambönd hafa áhrif á ósonlagið, hvaða áhrif eyðing ósonlagsins hefur á fólk og hvort eyðing ósonlagsins hafi áhrif á loftslag jarðar.

Í 4. gr. er kveðið á um að aðildarríkin skuli hvetja til þess að skipst verði á upplýsingum á sviði vísinda, tækni, viðskipta, löggjafar o.fl. Aðildarríkin skulu senda upplýsingar um aðgerðir sem ætlað er að framfylgja samningnum.

Í 11. gr. er kveðið á um lausn ágreiningsmála. Samkvæmt 3. tölul. þessa ákvæðis er ríkjum heimilt að gefa út sérstaka skriflega yfirlýsingu þegar þau gerast aðilar að samningnum um að þau samþykki lögsögu gerðardóms og/eða alþjóðadómstólsins í Haag í ágreiningsmálum sem kunna að rísa út af samningnum. Sé slík yfirlýsing ekki gefin sérstaklega teljast ríkin ekki viðurkenna lögsögu þessara tveggja stofnana með aðild sinni. Ágreiningsmál verða þá einungis leyst með viðræðum eða fyrir sáttanefnd. Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að gefa út sérstaka yfirlýsingu á grundvelli 3. tölul. 11. gr.

Montreal-bókunin.

Montreal bókunin um efni sem valda rýrnun ósonlagsins var gerð 16. september 1987. Eins og áður getur fjallar hún um tiltekin efni sem valda rýrnun ósonlagsins, en gert er ráð fyrir að fleiri slíkar bókanir kunni að bætast við síðar.

1. gr. bókunarinnar hefur að geyma hugtaksskilgreiningar og þar er orðið „notkun" skilgreint sem framleiðsla að viðbættum innflutningi og að frádregnum útflutningi þeirra efna sem bókunin tekur til.

Í 4. gr. er kveðið á um að banna skuli innflutning frá 1. janúar 1989 á efnum sem bókunin tekur til og eru frá löndum sem ekki eru aðilar. Innan þriggja ára frá gildistöku bókunarinnar skulu aðildarríkin á grundvelli ákvæða 10. gr. Vínarsamningsins gera viðauka með lista yfir framleiðsluvörur sem innihalda þau efni sem bókunin tekur til. Aðildarríki sem ekki mótmæla viðaukanum sérstaklega skulu innan árs frá því er hann tekur gildi banna innflutning á þessum framleiðsluvörum frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni.

Samkvæmt 7. gr. skulu ríki senda upplýsingar þremur mánuðum eftir að þau gerast aðilar um notkun þeirra efna sem bókunin tekur til.

Í 2. gr. er að finna þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld taka á sig gerist Ísland aðili að bókuninni:

a. Á tólf mánaða tímabili, talið frá 1. júlí 1989 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili, skal notkun efna er falla undir flokk I (klórflúorkolefni), í viðauka A, ekki vera meiri en notkunin var árið 1986. (1. tölul.)
b. Á sérhverju tólf mánaða tímabili frá 1. janúar 1992 skal notkun efna er falla undir flokk II (halónar), í viðauka A, ekki vera meiri en notkunin var árið 1986. (2. tölul.)
c. Á tímabilinu 1. júlí 1993 – 30. júní 1994 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili skal notkun efna er falla undir flokk I í viðauka A hafa dregist saman um 20% miðað við notkun ársins 1986. (3. tölul.)
d. Á tímabilinu 1. júlí 1998 – 30. júní 1999 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili skal notkun efna er falla undir flokk I í viðauka A hafa dregist saman um 50% miðað við notkun ársins 1986. Víkja má frá þessu ákvæði ef ⅔ hluti aðila samþykkja. (4. tölul.)

Samkvæmt 2. gr. er heimilt að breyta ákvæðum bókunarinnar að því tilskildu að breytingarnar séu samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og að aðildarríkin sem samþykki breytingarnar noti a.m.k. 50% þeirra efna sem bókunin tekur til. Til að breyta viðaukum bókunarinnar þarf samþykki ⅔ hluta þeirra aðildarríkja sem mætt eru á fundi og greiða atkvæði.

9. gr. skyldar aðildarríkin til að skila skýrslu á tveggja ára fresti m.a. um hvernig staðið hefur verið að því að koma til almennings vitneskju um þýðingu ósoneyðandi efna fyrir umhverfið og hvernig ríkin hafa uppfyllt skyldu sína um að skiptast á upplýsingum við önnur aðildarríki um málefni sem snerta ósonlagið og eyðingu þess.

10. gr. fjallar um tæknilega aðstoð í þeim tilgangi að gera öllum ríkjum kleift að gerast aðilar að bókuninni og framkvæma ákvæði hennar.

Framkvæmd samningsins og bókunarinnar hér á landi.

Þar sem engin ósoneyðandi efni eru framleidd hér á landi leiðir aðild Íslendinga að bókuninni til þess að einungis verður að draga úr notkun þeirra efna er hún tekur til. Notkun verður heimil eins og hér segir:

Klórflúorkolefni:	
1. júlí 1989–30. júní 1990.	Leyfileg notkun 200 tonn.
1. júlí 1992–30. júní 1994.	Leyfileg notkun 160 tonn.
1. júlí 1998–30. júní 1999.	Leyfileg notkun 100 tonn.
Halónar:	
1. janúar 1992–31. desember 1192.	Leyfileg notkun 14,5 tonn.

Notkun verður að reikna út í hlutfalli við eyðingarmátt efnanna.

Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp til laga á grundvelli 4. gr. Montreal-bókunarinnar þar sem innflutningur á þeim efnum, sem bókunin tiltekur, verður bannaður. Þá hefur ríkisstjórnin skipað sérstaka framkvæmdanefnd um aðgerðir til að draga úr notkun ósoneyðandi efna eins og að framan greinir. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur þegar sett reglugerð um bann við innflutningi á úðabrúsum sem nota klórflúorkolefni sem drifmiðil og um merkingar á úðabrúsum.

Þessar aðgerðir eru nægileg fyrstu skref í framkvæmd Montreal-bókunarinnar. Næsta skref er að setja reglur um notkun halóna t.d. í slökkvitækjum.

Fylgiskjal.

VÍNARSAMNINGUR
um vernd ósónlagsins

Inngangur

Aðilar að samningi þessum

sem eru ljós þau skaðvænlegu áhrif á heilsu manna og hið náttúrulega umhverfi sem breytingar á ósónlaginu gætu haft,

sem minnast viðeigandi ákvæða yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins og sérstaklega 21. grundvallarregluna, þar sem segir „í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglur þjóðaréttar hafa ríki fullveldisrétt til að hagnýta sér sín eigin auðæfi samkvæmt sinni eigin stefnu í umhverfismálum, og ábyrgð á að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir stjórn þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu ríkja“,

sem hafa hliðsjón af aðstæðum og sérstökum þörfum þróunarlanda,

sem hafa í huga þá vinnu og rannsóknarstarf, sem bæði fer fram innan einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi, þar á meðal áætlun Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um alheimsátak varðandi ósónlagið,

sem einnig hafa í huga þær varúðarráðstafanir til verndar ósónlaginu sem þegar hafa verið gerðar á vegum einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi,

sem er ljóst að ráðstafanir til að vernda ósónlagið fyrir breytingum af mannavöldum krefjast samvinnu og aðgerða á alþjóðavettvangi, og að grundvalla beri þær á viðeigandi vísindalegum og tæknilegum atriðum,

sem einnig er ljós þörfin fyrir frekari rannsóknir og kerfisbundnar athuganir til þess að byggja upp frekari vísindalega þekkingu á ósónlaginu og hugsanlegum skaðlegum áhrifum af breytingum á því,

VIENNA CONVENTION
for the Protection of the Ozone Layer

Preamble

The Parties to this Convention,

Aware of the potentially harmful impact on human health and the environment through modification of the ozone layer,

Recalling the pertinent provisions of the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, and in particular principle 21, which provides that "States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction",

Taking into account the circumstances and particular requirements of developing countries,

Mindful of the work and studies proceeding within both international and national organizations and, in particular, of the World Plan of Action on the Ozone Layer of the United Nations Environment Programme,

Mindful also of the precautionary measures for the protection of the ozone layer which have already been taken at the national and international levels,

Aware that measures to protect the ozone layer from modifications due to human activities require international co-operation and action, and should be based on relevant scientific and technical considerations,

Aware also of the need for further research and systematic observations to further develop scientific knowledge of the ozone layer and possible adverse effects resulting from its modification,

sem eru staðráðnir í að vernda heilsu manna og náttúrulegt umhverfi fyrir skaðlegum áhrifum breytinga á ósónlaginu,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar

Í samningi þessum merkja:

1. „Ósónlagið" ósónlagið í lofthjúpi jarðar fyrir ofan neðsta loftlag veðrahvolfsins.

2. „Skaðleg áhrif" breytingar á umhverfi eða lífríki, þar með taldar breytingar á loftslagi, sem hafa marktæk áhrif til hins verra á heilsu manna, eða á samsetningu, endurvaxtargetu eða framleiðni vistkerfa, hvort sem þau eru náttúruleg eða stjórnað af mönnum, eða á efni sem mannkyni eru gagnleg.

3. „Aðrir valkostir um tækni eða búnað" tækni eða búnað sem, ef nýttur er, gerir kleift að draga úr eða koma með öllu í veg fyrir að efnum, sem líklegt er eða mögulegt að hafi skaðleg áhrif á ósónlagið, sé sleppt lausum.

4. „Aðrir valkostir um efni" efni sem draga úr, koma í veg fyrir eða komast hjá skaðlegum áhrifum á ósónlagið.

5. „Aðilar" aðila að samningi þessum, komi ekki annað fram í textanum.

6. „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu" stofnun fullvalda ríkja innan tiltekins svæðis, sem ákvörðunarbær er um mál sem samningur þessi eða bókanir með honum taka til, og sem réttilega hefur verið heimilað í samræmi við eigin meðferðarreglur að undirrita, fullgilda, staðfesta eða samþykkja viðkomandi löggerninga eða lýsa yfir aðild að þeim.

7. „Bókanir" bókanir með samningi þessum.

2. gr.
Almennar skuldbindingar

1. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði samnings þessa og þeirra bókana sem í gildi eru og þeir eiga aðild að til að vernda heilsu manna og náttúrulegt umhverfi gegn skaðlegum áhrifum sem stafa eða líklega stafa af starfsemi manna, sem breytir eða líklegt er að breyti ósónlaginu.

2. Í þessu skyni skulu aðilar í samræmi við þau úrræði sem þeir eiga kost á og eftir getu sinni:

(a) starfa saman með kerfisbundnum athugunum, rannsóknum og upplýsingaskiptum til að þess að geta betur skilið og metið áhrif starfsemi manna á ósónlagið og áhrif breytinga á ósónlaginu á heilsu manna og náttúrulegt umhverfi,

Determined to protect human health and the environment against adverse effects resulting from modifications of the ozone layer,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Convention:

1. "The ozone layer" means the layer of atmospheric ozone above the planetary boundary layer.

2. "Adverse effects" means changes in the physical environment or biota, including changes in climate, which have significant deleterious effects on human health or on the composition, resilience and productivity of natural and managed ecosystems, or on materials useful to mankind.

3. "Alternative technologies or equipment" means technologies or equipment the use of which makes it possible to reduce or effectively eliminate emissions of substances which have or are likely to have adverse effects on the ozone layer.

4. "Alternative substances" means substances which reduce, eliminate or avoid adverse effects on the ozone layer.

5. "Parties" means, unless the text otherwise indicates, Parties to this Convention.

6. "Regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of matters governed by this Convention or its protocols and has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to the instrument concerned.

7. "Protocols" means protocols to this Convention.

Article 2
General obligations

1. The Parties shall take appropriate measures in accordance with the provisions of this Convention and of those protocols in force to which they are party to protect human health and the environment against adverse effects resulting or likely to result from human activities which modify or are likely to modify the ozone layer.

2. To this end the Parties shall, in accordance with the means at their disposal and their capabilities:

(a) Co-operate by means of systematic observations, research and information exchange in order to better understand and assess the effects of human activities on the ozone layer and the effects on human health and the environment from modification of the ozone layer;

(b) gera viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar eða stjórnsýslu og starfa saman við að samhæfa viðeigandi stefnumið til að stjórna, takmarka, minnka eða hindra starfsemi manna innan lögsögu þeirra eða undir stjórn þeirra, ef í ljós kemur að starfsemin hafi eða sé líkleg til að hafa skaðleg áhrif vegna breytinga eða líklegra breytinga á ósónlaginu,

(c) starfa saman við að móta ráðstafanir, starfshætti og staðla til framkvæmdar á samningi þessum sem samkomulag hefur náðst um, með tilliti til að samþykktar verði bókanir og viðaukar,

(d) starfa með þar til bærum alþjóðastofnunum til að framkvæma með virkum hættti samning þennan og bókanir þær sem þeir eiga aðild að.

3. Ákvæði samnings þessa skulu á engan hátt skerða rétt aðila til að gera í samræmi við alþjóðalög ráðstafanir heima fyrir til viðbótar þeim sem fjallað er um í 1. og 2. tl., né hafa áhrif á viðbótarráðstafanir sem aðili hefur þegar gert heima fyrir, enda séu ráðstafanirnar ekki ósamrýmanlegar skuldbindingum hans samkvæmt samningi þessum.

4. Framkvæmd greinar þessarar skal grundvalla á viðeigandi vísindalegum og tæknilegum atriðum.

3. gr.

Rannsóknir og kerfisbundnar athuganir

1. Eftir því sem hæfa þykir, skuldbinda aðilarnir, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu til þess bærra alþjóðastofnana, sig til þess að hefja og vinna saman að stjórn rannsókna og vísindalegs mats á:

(a) eðlis- og efnafræðilegum ferlum sem geta haft áhrif á ósónlagið;

(b) heilsu manna og öðrum líffræðilegum áhrifum sem starfa af breytingum á ósónlaginu, einkum þeim sem starfa af breytingum á útfjólublárri geislun sólar með líffræðileg áhrif (UV-B);

(c) veðurfarsáhrifum sem rekja má til breytingum á ósónlaginu;

(d) áhrifum á náttúruleg og smíðuð efni sem eru gagnleg mannkyni og stafa af breytingum á ósónlaginu og þar af leiddum breytingum á UV-B geislun;

(e) efnum, aðferðum, ferlum og athöfnum sem geta haft áhrif á ósónlagið og uppsöfnuðum áhrifum þeirra;

(f) öðrum valkostum um efni og tæknibúnað;

(g) skyldum félags- og hagfræðilegum málefnum;

og eins og nánar er tilgreint í Viðaukum I og II.

(b) Adopt appropriate legislative or administrative measures and co-operate in harmonizing appropriate policies to control, limit, reduce or prevent human activities under their jurisdiction or control should it be found that these activities have or are likely to have adverse effects resulting from modification or likely modification of the ozone layer;

(c) Co-operate in the formulation of agreed measures, procedures and standards for the implementation of this Convention, with a view to the adoption of protocols and annexes;

(d) Co-operate with competent international bodies to implement effectively this Convention and protocols to which they are party.

3. The provisions of this Convention shall in no way affect the right of Parties to adopt, in accordance with international law, domestic measures additional to those referred to in paragraphs 1 and 2 above, nor shall they affect additional domestic measures already taken by a Party, provided that these measures are not incompatible with their obligations under this Convention.

4. The application of this article shall be based on relevant scientific and technical considerations.

Article 3

Research and systematic observations

1. The Parties undertake, as appropriate, to initiate and co-operate in, directly or through competent international bodies, the conduct of research and scientific assessments on:

(a) The physical and chemical processes that may affect the ozone layer;

(b) The human health and other biological effects deriving from any modifications of the ozone layer, particularly those resulting from changes in ultra-violet solar radiation having biological effects (UV-B);

(c) Climatic effects deriving from any modifications of the ozone layer;

(d) Effects deriving from any modifications of the ozone layer and any consequent change in UV-B radiation on natural and synthetic materials useful to mankind;

(e) Substances, practices, processes and activities that may affect the ozone layer, and their cumulative effects;

(f) Alternative substances and technologies;

(g) Related socio-economic matters;

and as further elaborated in annexes I and II.

2. Eftir því sem hæfa þykir, takast aðilarnir á hendur, beint eða fyrir milligöngu til þess bærra alþjóðastofnana, og með fullu tilliti til löggjafar einstakra ríkja og þeirrar starfsemi sem fer fram jafnt á alþjóðlegum vettvangi eða í einstökum ríkjum, að efla eða koma á fót sameiginlegum áætlunum eða áætlunum sem bæta hver aðra upp, til þess að athuga kerfisbundið ástand ósónlagsins og aðrar viðeigandi mælanlegar breytistærðir, sem gerð er nánari grein fyrir í Viðauka I.

3. Aðilarnir takast á hendur að vinna saman, beint eða fyrir milligöngu til þess bærra alþjóðastofnana, til þess að tryggja reglubundna og tímabæra söfnun, gildismat og miðlun rannsókna- og mælinganiðurstaðna fyrir atbeina viðeigandi gagnamiðstöðva í heiminum.

4. gr.

Samvinna á sviði laga, vísinda og tækni

1. Aðilar skulu auðvelda og stuðla að skiptum á vísindalegum, tæknilegum, félagshagfræðilegum, viðskiptalegum og lagalegum upplýsingum sem samning þennan varða, eins og frekar er lýst í Viðauka II. Upplýsingar þessar skulu látnar í té þeim stofnunum sem aðilarnir koma sér saman um. Sérhver slík stofnun sem fær upplýsingar er sá aðili sem lét þær í té lítur á sem trúnaðarmál skal sjá um að ekki verði skýrt frá efni þeirra, og skal gera þær ráðstafanir sem til þarf til að gæta leyndar þeirra áður en þær eru gerðar tiltækar öllum aðilum.

2. Aðilar skulu í samræmi við landslög sín, reglur og framkvæmdavenjur og þannig að sérstaklega sé tekið tillit til þarfa þróunarlanda starfa saman, beint eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, að því að stuðla að þróun og miðlun tækni og þekkingar. Slíka samvinnu skal sérstaklega viðhafa með því að:

(a) auðvelda öðrum aðilum nýtingu annarra valkosta um tækni,

(b) veita upplýsingar hvað snertir aðra valkosti um tækni og búnað, og láta í té tilheyrandi leiðarvísa og leiðbeiningar,

(c) láta í té nauðsynlegan búnað og aðstöðu til rannsókna og kerfisbundinna athugana,

(d) veita vísinda- og tæknistarfsliði viðeigandi þjálfun.

5. gr.

Sending upplýsinga

Aðilar skulu um skrifstofuna senda þingi aðilanna, sem stofnað er samkvæmt 6. gr., upplýsingar um þær ráðstafanir sem þeir hafa gert til framkvæmdar samningsins og bókana þeirra sem

2. The Parties undertake to promote or establish, as appropriate, directly or through competent international bodies and taking fully into account national legislation and relevant ongoing activities at both the national and international levels, joint or complementary programmes for systematic observation of the state of the ozone layer and other relevant parameters, as elaborated in annex I.

3. The Parties undertake to co-operate, directly or through competent international bodies, in ensuring the collection, validation and transmission of research and observational data through appropriate world data centres in a regular and timely fashion.

Article 4

Co-operation in the legal, scientific and technical fields

1. The Parties shall facilitate and encourage the exchange of scientific, technical, socio-economic, commercial and legal information relevant to this Convention as further elaborated in annex II. Such information shall be supplied to bodies agreed upon by the Parties. Any such body receiving information regarded as confidential by the supplying Party shall ensure that such information is not disclosed and shall aggregate it to protect its confidentiality before it is made available to all Parties.

2. The Parties shall co-operate, consistent with their national laws, regulations and practices and taking into account in particular the needs of the developing countries, in promoting, directly or through competent international bodies, the development and transfer of technology and knowledge. Such co-operation shall be carried out particularly through:

(a) Facilitation of the acquisition of alternative technologies by other Parties;

(b) Provision of information on alternative technologies and equipment, and supply of special manuals or guides to them;

(c) The supply of necessary equipment and facilities for research and systematic observations;

(d) Appropriate training of scientific and technical personnel.

Article 5

Transmission of information

The Parties shall transmit, through the secretariat, to the Conference of the Parties established under article 6 information on the measures adopted by them in implementation of

þeir eiga aðild að, í því formi og á þeim fresti sem fundir aðila að viðkomandi löggerningum kunna að ákveða.

6. gr.
Þing aðilanna

1. Þing aðilanna er hér með stofnsett. Skrifstofan tilnefnd til bráðabirgða samkvæmt 7. gr. skal boða til fyrsta fundar þings aðilanna eigi síðar en ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eftir það skulu reglulegir fundir þings aðilanna haldnir með reglulegu millibili sem þingið ákveður á fyrsta fundi sínum.

2. Aukafundir þings aðilanna skulu annars haldnir eftir því sem þingið kann að telja nauðsynlegt, eða að skriflegri beiðni hvaða aðila sem er, ef að minnsta kosti þriðjungur aðilanna styður beiðnina innan sex mánaða frá því er skrifstofan tilkynnti þeim um hana.

3. Þing aðilanna skal með almennri samstöðu koma sér saman um og koma á fundarsköpum og fjármálareglum fyrir sig sjálft og fyrir þær undirstofnanir sem það kann að koma á fót, svo og ákvæðum um fjármál sem gilda skulu um störf skrifstofunnar.

4. Þing aðilanna skal hafa framkvæmd samnings þessa stöðugt til athugunar, og skal að auki:

(a) ákvarða form og tímabil til sendingar upplýsinga samkvæmt 5. gr., og fjalla um þær upplýsingar og um skýrslur, sem undirstofnanir kunna að leggja fram,

(b) athuga vísindalegar upplýsingar um ósónlagið, hugsanlegar breytingar á því, og hugsanleg áhrif slíkra breytinga,

(c) stuðla, í samræmi við 2. gr., að samhæfingu á viðeigandi stefnumiðum, áætlunum og ráðstöfunum til að minnka svo sem kostur er að sleppt sé efnum sem valda eða líklegt er að valdi breytingum á ósónlaginu, og gera tillögur um hverjar þær ráðstafanir aðrar sem samning þennan varða,

(d) koma, í samræmi við 3. og 4. gr., á framkvæmdaáætlunum til rannsókna, kerfisbundinna athugana, vísinda- og tæknilegrar samvinnu, skipta á upplýsingum og miðlunar á tækni og þekkingu,

(e) fjalla um og samþykkja breytingar á samningi þessum og viðaukum við hann samkvæmt 9. og 10. gr., eftir þörfum,

this Convention and of protocols to which they are party in such form and at such intervals as the meetings of the parties to the relevant instruments may determine.

Article 6
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties in hereby established. The first meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the secretariat designated on an interim basis under article 7 not later than one year after entry into force of this Convention. Thereafter, ordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at regular intervals to be determined by the Conference at its first meeting.

2. Extraordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to them by the secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

3. The Conference of the Parties shall by consensus agree upon and adopt rules of procedure and financial rules for itself and for any subsidiary bodies it may establish, as well as financial provisions govering the functioning of the secretariat.

4. The Conference of the Parties shall keep under continuous review the implementation of this Convention, and, in addition, shall:

(a) Establish the form and the intervals for transmitting the information to be submitted in accordance with article 5 and consider such information as well as reports submitted by any subsidiary body;

(b) Review the scientific information on the ozone layer, on its possible modification and on possible effects of any such modification;

(c) Promote, in accordance with article 2, the harmonization of appropriate policies, strategies and measures for minimizing the release of substances causing or likely to cause modification of the ozone layer, and make recommendations on any other measures relating to this Convention;

(d) Adopt, in accordance with articles 3 and 4, programmes for research, systematic observations, scientific and technological co-operation, the exchange of information and the transfer of technology and knowledge;

(e) Consider and adopt, as required, in accordance with articles 9 and 10, amendments to this Convention and its annexes;

(f) fjalla um breytingar á bókunum og viðaukum við þær og, verði það ákveðið, að leggja til við aðila að viðkomandi bókunum að breytingarnar verði samþykktar,

(g) fjalla um og samþykkja samkvæmt 10. gr. viðauka við samning þennan til viðbótar þeim sem fyrir eru, eftir þörfum,

(h) fjalla um og samþykkja bókanir samkvæmt 8. gr., eftir þörfum,

(i) koma á fót þeim undirstofnunum sem þörf er talin vera fyrir til framkvæmdar samningsins,

(j) leita þar sem við á aðstoðar hæfra alþjóðastofnana og vísindanefnda, einkum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, auk Samræmingarnefndarinnar um ósónlagið, til vísindalegra rannsókna, kerfisbundinna athugana og annarra aðgerða sem varða tilgang samnings þessa, og nýta eftir því sem við á þær upplýsingar, sem stofnanir þessar og nefndir veita,

(k) fjalla um og framkvæma hverjar þær aðgerðir aðrar, sem þörf kann að vera fyrir til að tilgangi samnings þessa verði náð.

5. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og öll ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum, mega senda áheyrnarfulltrúa til að koma fram fyrir þeirra hönd á fundum þings aðilanna. Hver sá starfshópur eða stofnun, sem hæfur er á þeim sviðum er að vernd ósónlagsins lúta, hvort sem er á vegum einnar þjóðar eða fleiri, á vegum ríkisvalds eða einkaaðila, sem tjáð hefur skrifstofunni ósk sína um að senda áheyrnarfulltrúa á fund þings aðilanna, má fá þar aðgang, nema tveir þriðju hlutar viðstaddra aðila andmæli því. Um heimild áheyrnarfulltrúa til aðgangs og þátttöku skal fara eftir þeim fundarsköpum sem þing aðilanna setur.

(f) Consider amendments to any protocol, as well as to any annexes thereto, and, if so decided, recommend their adoption to the parties to the protocol concerned;

(g) Consider and adopt, as required, in accordance with article 10, additional annexes to this Convention;

(h) Consider and adopt, as required, protocols in accordance with article 8;

(i) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of this Convention;

(j) Seek, where appropriate, the services of competent international bodies and scientific committees, in particular the World Meteorological Organization and the World Health Organization, as well as the Co-ordinating Committee on the Ozone Layer, in scientific research, systematic observations and other activities pertinent to the objectives of this Convention, and make use as appropriate of information from these bodies and committees;

(k) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Convention.

5. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State not party to this Convention, may be represented at meetings of the Conference of the Parties by observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, qualified in fields relating to the protection of the ozone layer which has informed the secretariat of its wish to be represented at a meeting of the Conference of the Parties as an observer may be admitted unless at least one-third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

7. gr.

Skrifstofa

1. Verkefni skrifstofunnar eru:

(a) að undirbúa og veita fyrirgreiðslu við fundi þá sem fjallað er um í 6., 8., 9. og 10. gr.;

(b) að semja og senda skýrslur byggðar á upplýsingum sem borist hafa samkvæmt 4. og 5. gr., svo og byggðar á upplýsingum sem fengist hafa á fundum undirstofnana sem komið hefur verið á fót samkvæmt 6. gr.;

(c) að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin með bókunum;

Article 7

Secretariat

1. The functions of the secretariat shall be:

(a) To arrange for and service meetings provided for in articles 6, 8, 9 and 10;

(b) To prepare and transmit reports based upon information received in accordance with articles 4 and 5, as well as upon information derived from meetings of subsidiary bodies established under article 6;

(c) To perform the functions assigned to it by any protocol;

(d) að semja skýrslur um framkvæmd starfa sinna samkvæmt samningi þessum, og leggja þær fyrir þing aðilanna;

(e) að tryggja nægilega samræmingu við störf annarra viðkomandi alþjóðastofnana, einkum með því að gera þær ráðstafanir með stjórnunartilhögun og samningagerð sem þörf kann að vera fyrir til að hún geti rækt störf sín með virkum hætti;

(f) að vinna þau störf önnur sem þing aðilanna kann að ákveða.

2. Verkefnum skrifstofunnar skal til bráðabirgða sinnt af Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna, þar til fyrsta reglulegum fundi þings aðilanna sem haldinn er samkvæmt 6. gr. lýkur. Á hinum fyrsta reglulega fundi sínum skal þing aðilanna tilnefna skrifstofuna úr hópi þeirra hæfu alþjóðastofnana sem til eru og hafa látið í ljós vilja til að sinna verkefnum skrifstofunnar samkvæmt samningi þessum.

8. gr.

Samþykkt bókana

1. Þing aðilanna getur á fundi sínum samþykkt bókanir samkvæmt 2. gr.

2. Texta bókana sem lagt er til að samþykktar verði skal skrifstofan senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir fundinn.

9. gr.

Breytingar á samningnum eða á bókunum

1. Hver aðili getur lagt til breytingar á samningi þessum eða á bókun. Með breytingum skal meðal annars tekið eðlilegt tillit til viðeigandi vísindalegra og tæknilegra atriða.

2. Breytingar á samningi þessum skulu samþykktar á fundi þings aðilanna. Breytingar á bókun skulu samþykktar á fundi aðila að viðkomandi bókun. Texta sérhverrar tillögu til breytinga á samningi þessum eða á bókun skal skrifstofan, nema annað sé ákveðið í viðkomandi bókun, senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund þar sem hann er borinn upp til samþykktar. Skrifstofan skal einnig til upplýsingar senda breytingartillögur þeim ríkjum er undirritað hafa samning þennan.

3. Aðilar skulu reyna til þrautar að koma sér saman um breytingartillögur með almennri samstöðu. Hafi allar tilraunir til að ná almennri samstöðu reynst árangurslausar og samkomulag hefur ekki tekist, skal breytingin ef allt annað bregst samþykkt með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru fundinn og atkvæði

(d) To prepare reports on its activities carried out in implementation of its functions under this Convention and present them to the Conference of the Parties;

(e) To ensure the necessary co-ordination with other relevant international bodies and in particular to enter into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions;

(f) To perform such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

2. The secretariat functions will be carried out on an interim basis by the United Nations Environment Programme until the completion of the first ordinary meeting of the Conference of the Parties held pursuant to article 6. At its first ordinary meeting, the Conference of the Parties shall designate the secreatariat from amongst those existing competent international organizations which have signified their willingness to carry out the secretariat functions under this Convention.

Article 8

Adoption of protocols

1. The conference of the Parties may at a meeting adopt protocols pursuant to article 2.

2. The text of any proposed protocol shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before such a meeting.

Article 9

Amendment of the Convention or protocols

1. Any Party may propose amendments to this Convention or to any protocol.Such amendments shall take due account, *inter alia*, of relevant scientific and technical considerations.

2. Amendments to this Convention shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties. Amendments to any protocol shall be adopted at a meeting of the Parties to the protocol in question. The text of any proposed amendment to this Convention or to any protocol, except as may otherwise be provided in such protocol, shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to this Convention for information.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting, and

greiða, og skal vörsluaðili leggja hana fyrir alla aðila til fullgildingar, samþykktar eða staðfestingar.

4. Málsmeðferð sú sem lýst er í 3. tl. skal gilda um breytingar á öllum bókunum, að því undanskildu að atkvæði tveggja þriðju hluta aðila að viðkomandi bókun sem viðstaddir eru fund og atkvæði greiða skulu nægja til að samþykkja þær.

5. Tilkynna skal vörsluaðila skriflega um fullgildingu, samþykkt og staðfestingu breytinga. Breytingar sem samþykktar eru samkvæmt 3. eða 4. tl. skulu öðlast gildi meðal þeirra aðila sem hafa staðfest þær á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur veitt viðtöku tilkynningu um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu að minnsta kosti þriggja fjórðu hluta aðila að samningi þessum eða að minnsta kosti tveggja þriðju hluta aðila að viðkomandi bókun, nema annað sé ákveðið í bókuninni. Gagnvart öðrum aðilum skulu breytingar síðan öðlast gildi á nítugasta degi efir að viðkomandi aðilar afhenda skjöl sín um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu breytinganna.

6. Í samningi þessum merkja „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ þá aðila sem viðstaddir eru og greiða með- eða mótatkvæði.

10. gr.

Samþykkt viðauka og breytingar á þeim

1. Viðaukar við samning þennan eða bókanir skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans eða viðkomandi bókana, eftir því sem við á, og sé annað ekki beinlínis tekið fram felur tilvísun í samning þennan eða í bókanir við hann einnig í sér tilvísun í sérhvern viðauka við hann. Viðaukar skulu bundnir við vísinda- og tæknileg atriði eða stjórnunaratriði.

2. Að öðru leyti en því sem ákveðið kann að vera í bókun hvað snertir viðauka við hana skal eftirfarandi tilhögun gilda um tillögur að viðbótarviðaukum við samning þennan eða við bókun, og um samþykkt þeirra og gildistöku:

(a) Leggja skal til og samþykkja viðauka við samning þennan á þann hátt sem kveðið er á um í 2. og 3. tl. 9. gr., en viðauka við bókanir skal leggja til og samþykkja á þann hátt sem kveðið er á um í 2. og 4. tl. 9. gr.

(b) Hver sá aðili sem ekki getur fallist á viðbótarviðauka við samning þennan eða viðauka við bókun sem hann er aðili að skal tilkynna það vörsluaðila skriflega innan sex mánaða frá þeim degi er vörsluaðili greindi honum frá samþykkt hans. Skal vörsluaðili án tafar tilkynna öllum

shall be submitted by the Depositary to all Parties for ratification, approval or acceptance.

4. The procedure mentioned in paragraph 3 above shall apply to amendments to any protocol, except that a two-thirds majority of the parties to that protocol present and voting at the meeting shall suffice for their adoption.

5. Ratification, approval or acceptance of amendments shall be notified to the Depositary in writing. Amendments adopted in accordance with paragraphs 3 or 4 above shall enter into force between parties having accepted them on the ninetieth day after the receipt by the Depositary of notification of their ratification, approval or acceptance by at least three-fourths of the Parties to this Convention or by at least two-thirds of the parties to the protocol concerned, except as may otherwise be provided in such protocol. Thereafter the amendments shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after that Party deposits its instrument of ratification, approval or acceptance of the amendments.

6. For the purposes of this article, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 10

Adoption and amendment of annexes

1. The annexes to this Convention or to any protocol shall form an integral part of this Convention or of such protocol, as the case may be, and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention or its protocols constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Such annexes shall be restricted to scientific, technical and administrative matters.

2. Except as may be otherwise provided in any protocol with respect to its annexes, the following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention or of annexes to a protocol:

(a) Annexes to this Convention shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in article 9, paragraphs 2 and 3, while annexes to any protocol shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in article 9, paragraph 2 and 4;

(b) Any party that is unable to approve an additional annex to this Convention or an annex to any protocol to which it is party shall so notify the Depositary, in writing, within six months from the date of the communication of the adoption by the Depositary. The Depositary shall without delay

aðilum um hverja slíka tilkynningu sem honum hefur borist. Getur aðili hvenær sem er látið staðfestingu sína koma í stað fyrri andmæla, og skulu viðaukarnir síðan öðlast gildi gagnvart þeim aðila.

(c) Er sex mánuðir eru liðnir frá því er vörsluaðili sendi út tilkynningu sína skal viðaukinn öðlast gildi gagnvart öllum aðilum að samningi þessum eða að viðkomandi bókunum sem ekki hafa lagt fram tilkynningu samkvæmt ákvæðum b-liðar.

3. Tillögur til breytinga á viðaukum við samning þennan eða við bókun, og samþykkt þeirra og gildistaka, skal háð sömu meðferðarreglum og gilda um tillögur að viðaukum við samning þennan eða við bókun, og samþykkt þeirra og gildistöku. Viðaukar og breytingar á þeim skulu meðal annars taka eðlilegt tillit til viðeigandi vísindalegra og tæknilegra atriða.

4. Ef viðbótarviðauki eða breyting á viðauka varðar breytingu á samningi þessum eða á bókun skal viðbótarviðaukinn eða hinn breytti viðauki ekki öðlast gildi fyrr en breytingin á samningi þessum eða á viðkomandi bókun öðlast gildi.

notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time substitute an acceptance for a previous declaration of objection and the annexes shall thereupon enter into force for that Party;

(c) On the expiry of six months from the date of the circulation of the communication by the Depositary, the annex shall become effective for all Parties to this Convention or to any protocol concerned which have not submitted a notification in accordance with the provision of subparagraph (b) above.

3. The proposal, adoption and entry into force of amendments to annexes to this Convention or to any protocol shall be subject to the same procedure as for the proposal, adoption and entry into force of annexes to the Convention or annexes to a protocol. Annexes and amendments thereto shall take due account, *inter alia*, of relevant scientific and technical considerations.

4. If an additional annex or an amendment to an annex involves an amendment to this Convention or to any protocol, the additional annex or amended annex shall not enter into force until such time as the amendment to this Convention or to the protocol concerned enters into force.

11. gr.

Lausn deilumála

1. Nú rís deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, og skulu viðkomandi aðilar þá leita lausnar á henni með samningaviðræðum.

2. Nái viðkomandi aðilar ekki samkomulagi með samningaviðræðum geta þeir í sameiningu leitað vinsamlegrar aðstoðar eða óskað milligöngu þriðja aðila.

3. Þegar fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild að samningi þessum fer fram, eða hvenær sem er síðar, getur ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu lýst því yfir skriflega við vörsluaðila að hvað varði deilu sem ekki hefur verið leyst samkvæmt 1. eða 2. tl. fallist það á aðra eða báðar eftirtaldar aðferðir til lausnar þannig að bindandi sé:

Article 11

Settlement of disputes

1. In the event of a dispute between Parties concerning the interpretation or application of this Convention, the parties concerned shall seek solution by negotiation.

2. If the parties concerned cannot reach agreement by negotiation, they may jointly seek the good offices of, or request mediation by, a third party.

3. When ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, or at any time thereafter, a State or regional economic integration organization may declare in writing to the Depositary that for a dispute not resolved in accordance with paragraph 1 or paragraph 2 above, it accepts one or both of the following means of dispute settlement as compulsory:

(a) gerðardóm samkvæmt tilhögun sem þing aðilanna ákveður á fyrsta reglulegum fundi þess,

(b) vísun deilunnar til Alþjóðadómstólsins.

4. Hafi aðilarnir ekki í samræmi við 3. tl. fallist á sömu eða neina málsmeðferð skal deilan lögð til sáttameðferðar samkvæmt 5. tl., nema aðilarnir komi sér saman um annað.

5. Mynduð skal sáttanefnd að beiðni eins deiluaðilans. Skulu eiga sæti í nefndinni jafnmargir nefndarmenn skipaðir af hverjum hinna viðkomandi aðila, og formaður sem kosinn skal sameiginlega af nefndarmönnum þeim sem aðilar hafa skipað. Skal nefndin kveða upp endanlegan og ráðgefandi úrskurð sem aðilar skulu athuga af kostgæfni.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um bókanir, nema annað sé ákveðið í viðkomandi bókun.

12. gr.
Undirritun

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu í sambandsráðuneyti utanríkismála lýðveldisins Austurríkis í Vínarborg, frá 22. mars 1985 til 21. september 1985, og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 22. september 1985 til 21. mars 1986.

13. gr.
Fullgilding, staðfesting og samþykkt

1. Samningur þessi og allar bókanir skulu háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykktarskjöl skal fela vörsluaðila til varðveislu.

2. Hver sú svæðisstofnun sem vísað er til í 1. tl. sem verður aðili að samningi þessum eða að bókun án þess að nokkurt aðildarríki hennar sé aðili skal háð öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum eða bókuninni, eftir því sem við á. Ef eitt eða fleiri aðildarríki slíkar stofnunar eru aðilar að samningnum eða að viðkomandi bókun skulu stofnunin og aðildarríki hennar skipta með sér hverja ábyrgð hver um sig beri fyrir að staðið sé við skuldbindingar þeirra samkvæmt samningnum eða bókuninni, eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er stofnuninni og aðildarríkjum hennar ekki heimilt að nýta samtímis rétt sinn samkvæmt samningnum eða viðkomandi bókun.

(a) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Conference of the Parties at its first ordinary meeting;

(b) Submission of the dispute to the International Court of Justice.

4. If the parties have not, in accordance with paragraph 3 above, accepted the same or any procedure, the dispute shall be submitted to conciliation in accordance with paragraph 5 below unless the parties otherwise agree.

5. A conciliation commission shall be created upon the request of one of the parties to the dispute. The commission shall be composed of an equal number of members appointed by each party concerned and a chairman chosen jointly by the members appointed by each party. The commission shall render a final and recommendatory award, which the parties shall consider in good faith.

6. The provisions of this article shall apply with respect to any protocol except as otherwise provided in the protocol concered.

Article 12
Signature

This Convention shall be open for signature by States and by regional economic integration organization at the Federal Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Austria in Vienna from 22 March 1985 to 21 September 1983, and at United Nations Headquarters in New York from 22 September 1985 to 21 March 1986.

Article 13
Ratification, acceptance or approval

1. This Convention and any protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by States and by regional economic integration organizations. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

2. Any organization referred to in paragraph 1 above which becomes a Party to this Convention or any protocol without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention or the protocol, as the case may be. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to the Convention or relevant protocol, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention or protocol, as the case may be. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention or relevant protocol concurrently.

3. Í fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjölum sínum skulu stofnanir þær sem fjallað er um í 1. tl. lýsa því hvar valdmörk þeirra eru hvað snertir þau málefni sem samningurinn eða viðkomandi bókun gildir um. Stofnanirnar skulu einnig tilkynna vörsluaðila um allar verulegar breytingar á valdmörkum þeirra.

14. gr.
Aðild

1. Samningur þessi og hver bókun skulu liggja frammi til aðildar af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu frá þeim degi að telja er lokað er fyrir undirritun samningsins eða viðkomandi bókunar. Aðildarskjöl skulu falin vörsluaðila til varðveislu.

2. Í aðildarskjölum sínum skulu stofnanir þær sem í 1. tl. greinir lýsa því hvar valdmörk þeirra eru hvað snertir þau málefni sem samningurinn eða viðkomandi bókun gildir um. Einnig skulu stofnanir þessar tilkynna vörsluaðila um allar verulegar breytingar á valdmörkum þeirra.

3. Ákvæði 2. tl. 13. gr. skulu gilda um svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem lýsa yfir aðild að samningi þessum eða einhverri bókun.

15. gr.
Atkvæðisréttur

1. Hver aðili að samningi þessum eða að bókun skal hafa eitt atkvæði.

2. Að öðru leyti en því sem segir í 1. tl. skulu svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu nýta atkvæðisrétt sinn í málefnum innan valdmarka sinna með þeim atkvæðafjölda sem nemur fjölda aðildarríkja þeirra sem eru aðilar að samningnum eða að viðkomandi bókun. Stofnanir þessar skulu ekki nýta atkvæðisrétt sinn ef aðildarríki þeirra nýta atkvæðisrétt sinn, og gagnkvæmt.

16. gr.
Samband samnings þessa og bókana með honum

1. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagsmál getur ekki orðið aðili að bókun nema með því að vera um leið aðili að samningnum.

2. Ákvarðanir varðandi bókanir skulu aðeins teknar af aðilum að viðkomandi bókun.

3. In their instruments of ratification, acceptance or approval, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention or the relevant protocol. These organizations shall also inform the Depositary of any substantial modification in the extent of their competence.

Article 14
Accession

1. This Convention and any protocol shall be open for accession by States and by regional economic integration organizations from the date on which the Convention or the protocol concerned is closed for signature. The instruments of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In their instruments of accession, the organizations referred to in paragraph 1 above shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention or the relevant protocol. These organizations shall also inform the Depositary of any substantial modification in the extent of their competence.

3. The provisions of article 13, paragraph 2, shall apply to regional economic integration organizations which accede to this Convention or any protocol.

Article 15
Right to vote

1. Each Party to this Convention or to any protocol shall have one vote.

2. Except as provided for in paragraph 1 above, regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States which are Parties to the Convention or the relevant protocol. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs, and vice versa.

Article 16
Relationship between the Convention and its protocols

1. A State or a regional economic integration organization may not become a party to a protocol unless it is, or becomes at the same time, a Party to the Convention.

2. Decisions concerning any protocol shall be taken only by the parties to the protocol concerned.

17. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu tuttugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

2. Hver bókun skal, nema annað sé ákveðið í henni sjálfri, öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu ellefta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjals hennar.

3. Gagnvart hverjum þeim aðila sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða lýsir yfir aðild að honum eftir að tuttugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal hefur verið afhent, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal hans er afhent.

4. Hver bókun skal, nema annað sé ákveðið í henni sjálfri, öðlast gildi gagnvart aðila sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir hana eða lýsir yfir aðild að henni eftir að hún öðlast gildi samkvæmt 2. tl., á nítugasta degi eftir þann dag er fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal hans hefur verið afhent, eða á þeim degi er samningurinn tekur gildi gagnvart honum, hvort sem síðar verður.

5. Hvað 1. og 2. tl. snertir skal skjal sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir ekki talið sem viðbót við skjöl sem aðildarríki þess afhenda.

Article 17
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptence, approval or accession.

2. Any protocol, except as otherwise provided in such protocol, shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the eleventh instrument of ratification, acceptance or approval of such protocol or accession thereto.

3. For each Party which ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, it shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

4. Any protocol, except as otherwise provided in such protocol, shall enter into force for a party that ratifies, accepts or approves that protocol or accedes thereto after its entry into force pursuant to paragraph 2 above, on the ninetieth day after the date on which that party deposits its instruments of ratification, acceptance, approval or accession, or on the date on which the Convention enters into force for that Party, whichever shall be the later.

5. For the purposes of paragraphs 1 and 2 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization it shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.

18. gr.
Fyrirvarar

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

Article 18
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

19. gr.
Uppsögn

1. Hvenær sem er eftir að fjögur ár eru liðin frá því er samningur þessi öðlaðist gildi gagnvart aðila getur hann sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Eftir að fjögur ár eru liðin frá þeim degi er bókun öðlaðist gildi gagnvart aðila getur hann hvenær sem er sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila, enda sé ekki annað ákveðið í bókuninni sjálfri.

3. Uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá því er vörsluaðili veitti henni viðtöku, eða á þeim síðari degi er tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn.

Article 19
Withdrawal

1. At any time after four years from the date on which this Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Except as may be provided in any protocol, at any time after four years from the date on which such protocol has entered into force for a party, that party may withdraw from the protocol by giving written notification to the Depositary.

3. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year after the date of its receipt by the Depositary, or on such later date as may be specified in the notification of the withdrawal.

4. Hver sá aðili sem segir upp samningi þessum skal einnig talinn hafa sagt upp sérhverri bókun sem hann er aðili að.

20. gr.
Vörsluaðili

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal taka að sér að vera vörsluaðili samnings þessa og allra bókana.

2. Vörsluaðili skal einkum tilkynna aðilum um:

(a) undirritanir samnings þessa og hverrar bókunar, og afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjala samkvæmt 13. og 14. gr.,

(b) dag þann er samningurinn og hver bókun muni öðlast gildi samkvæmt 17. gr.,

(c) tilkynningar um uppsögn samkvæmt 19. gr.,

(d) breytingar sem samþykktar eru á samningnum og hverri bókun, staðfestingu aðila á þeim og gildistökudag þeirra samkvæmt 9. gr.,

(e) allar orðsendingar varðandi samþykkt og viðurkenningu viðauka og breytinga á viðaukum samkvæmt 10. gr.,

(f) tilkynningar svæðisstofnana um efnahagssamvinnu um mörk valdsviðs þeirra varðandi málefni sem samningur þessi og hver bókun tekur til, og um sérhverja breytingu á því,

(g) yfirlýsingar sem veittar eru samkvæmt 3. tl. 11. gr.

21. gr.
Gildir textar

Frumrit samnings þessa, en arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa lögfullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Vínarborg hinn 22. mars 1985.

4. Any Party which withdraws from this Convention shall be considered as also having withdrawn from any protocol to which it is party.

Article 20
Depositary

1. The Secretary-General of the United Nations shall assume the functions of depositary of this Convention and any protocols.

2. The Depositary shall inform the Parties, in particular, of:

(a) The signature of this Convention and of any protocol, and the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with articles 13 and 14;

(b) The date on which the Convention and any protocol will come into force in accordance with article 17;

(c) Notification of withdrawal made in accordance with article 19;

(d) Amendments adopted with respect to the Convention and any protocol, their acceptance by the parties and their date of entry into force in accordance with article 9;

(e) All communications relating to the adoption and approval of annexes and to the amendment of annexes in accordance with article 10;

(f) Notifications by regional economic integration organizations of the extent of their competence with respect to matters governed by this Convention and any protocols, and of any modifications thereof;

(g) Declarations made in accordance with article 11, paragraph 3.

Article 21
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Done at Vienna on the 22nd day of March 1985

Viðauki I
Rannsóknir og kerfisbundnar athuganir

1. Aðilar að samningnum gera sér grein fyrir því að helstu vísindaleg viðfangsefni eru:

(a) breytingar á ósónlaginu sem gætu leitt til breytingar á magni á þeirri útfjólubláu geislun sólar með líffræðileg áhrif (UV-B) sem nær til yfirborðs jarðar og hugsanlegar afleiðingar fyrir heilsu manna, lífverur, vistkerfi og efni sem eru gagnleg mannkyni;

(b) breytingar á lóðréttri dreifingu ósóns, sem gætu breytt hitastigsgerð lofthjúpsins og hugsanleg áhrif á veður og veðráttu.

2. Aðilar að samningnum skulu, samkvæmt ákvæðum 3. gr., vinna saman að stjórn rannsókna og kerfisbundinna athugana og semja ráðleggingar um rannsóknir í framtíðinni og athuganir á sviðum eins og þeim sem á eftir eru talin:

(a) **Rannsóknir á eðlisfræði og efnafræði lofthjúpsins**

(i) víðtæk fræðileg líkön: frekari þróun líkana sem taka tillit til víxlverkunar geislunar-, hreyfifræði- og efnafræðilegra ferla; könnun á samtímisáhrifum ýmissa efna, sem smíðuð eru af mönnum og finnast í náttúrunni, á ósón lofthjúpsins; túlkun mæligagna frá gervihnöttum og annars staðar frá; mat á breytingum á stefnu mælanlegra breytistærða í lofthjúpnum og í jarðeðlisfræði, og þróun aðferða svo að rekja megi breytingar á þessum breytistærðum til tiltekinna orsaka;

(ii) rannsóknarstofukannanir á: hraðastuðlum, ísogsþversniðum og gangi efnahvarfa og ljósefnahvarfa í veðrahvolfi og heiðhvolfi; litrófsmælingagögn sem renna stoðum undir vettvangsmælingar á öllum viðeigandi hlutum litrófsins;

(iii) vettvangsmælingar: þéttni og flæði helstu lofttegunda, bæði af náttúrlegum uppruna eða af mannavöldum; kannanir á hreyfifræði lofthjúpsins; samtímismælingar á ljósefnafræðilega skyldum efnasamböndum niður að neðsta loftlagi veðrahvolfsins með notkun mælitækja á staðnum og með fjarkönnunarbúnaði; innbyrðis samanburður á ólíkum nemum, þ.m.t. samhæfðar samsvörunarmælingar fyrir mælitæki í gervihnöttum; þrívíð dreifing helstu efnasambanda sem eru í lofthjúpnum í litlu magni, flæði geislunarrófs sólar og veðurfræðilegar mælistærðir;

Annex I
Research and systematic observations

1. The Parties to the Convention recognize that the major scientific issues are:

(a) Modification of the ozone layer which would result in a change in the amount of solar ultra-violet radiation having biological effects (UV-B) that reaches the Earth's surface and the potential consequences for human health, for organisms, ecosystems and materials useful to mankind;

(b) Modification of the vertical distribution of ozone, which could change the temperature structure of the atmosphere and the potential consequences for weather and climate.

2. The Parties to the Convention, in accordance with article 3, shall co-operate in conducting research and systematic observations and in formulating recommendations for future research and observation in such areas as:

(a) **Research into the physics and chemistry of the atmosphere**

(i) Comprehensive theoretical models: further development of models which consider the interaction between radiative, dynamic and chemical processes; studies of the simultaneous effects of various man-made and naturally occurring species upon atmospheric ozone; interpretation of satellite and non-satellite measurement data sets; evaluation of trends in atmospheric and geophysical parameters, and the develoment of methods for attributing changes in these parameters to specific causes;

(ii) Laboratory studies of: rate coefficients, absorption cross-sections and mechanisms of tropospheric and stratospheric chemical and photochemical processes; spectroscopic data to support field measurements in all relevant spectral regions;

(iii) Field measurements: the concentration and fluxes of key source gases of both natural and anthropogenic origin; atmospheric dynamics studies; simultaneous measurements of photochemically-related species down to the planetary boundary layer, using *in situ* and remote sensing instruments; intercomparison of different sensors, including co-ordinated correlative measurements for satellite instrumentation; three-dimensional fields of key atmospheric trace constituents, solar spectral flux and meteorological parameters;

(iv) þróun mælitækja, þ.m.t. nema fyrir gervihnetti og búnað sem er ekki í gervihnöttum til þess að greina efnasambönd sem eru í lofthjúpnum í litlu magni, flæði geislunarrófs sólar og veðurfræðilegar breytistærðir;

(b) **Rannsóknir á heilsufari, líffræðilegum áhrifum og áhrifum ljósefnafræðilegs niðurbrots**

(i) samband milli þess er menn verða fyrir sýnilegri og útfjólublárri sólargeislun og (a) myndunar húðkrabba, bæði sortuæxla og krabbameins sem er ekki sortuæxli og (b) áhrifa á ónæmiskerfið;

(ii) áhrif UV-B geislunar, þ.m.t. breytileg bylgjulengd á (a) uppskeru, skóga og önnur vistkerfi jarðar og (b) næringarkeðju í vatni og fiskveiðar, svo og mögulega hindrun súrefnisframleiðslu í plöntusvifi sjávar;

(iii) með hverjum hætti UV-B geislun hefur áhrif á lifandi efni, tegundir og vistkerfi, þ.m.t. samband milli geislaskammts, geislunarstyrks og svörunar; viðgerðir á skemmdum af völdum ljósgeislunar, aðlögun og verndun;

(iv) kannanir á líffræðilegum virknislitrófum og litrófssvörun með því að nota marglita geislun svo að náð verði yfir mögulega víxlverkun mismunandi bylgjulengdarsvæða;

(v) áhrif UV-B geislunar á: næmni og virkni líffræðilegra tegunda sem eru mikilvægar fyrir jafnvægi lífheimsins; grunnferlar eins og ljóstillífun og lífefnasmíð;

(vi) áhrif UV-B geislunar á ljósniðurbrot mengunarvalda, efna sem notuð eru í landbúnaði og annarra efna;

(c) **Rannsóknir á áhrifum á veðurfar**

(i) fræðilegar athuganir og mælingar á geislunaráhrifum ósóns og annarra efna sem er að finna í litlu magni og áhrif á veðurfarsþætti, svo sem yfirborðshitastig lands og úthafa, úrkomumynstur, skipti milli veðrahvolfs og heiðhvolfs;

(ii) könnun á afleiðingum slíkra veðurfarsáhrifa á ýmsar tegundir mannlegra athafna;

(d) **Kerfisbundnar athuganir á:**

(i) ástandi ósónlagsins (þ.e. breytileika í tíma og rúmi á heildarmagni og lóðréttri dreifingu) með því að athugunarkerfi ósóns á jörðunni, sem byggist á samþættingu kerfa í gervihnöttum og á jörðu niðri, verði að fullu starfhæft;

(iv) Instrument development, including satellite and non-satellite sensors for atmospheric trace constituents, solar flux and meteorological parameters;

(b) **Research into health, biological and photodegradation effects**

(i) The relationship between human exposure to visible and ultra-violet solar radiation and (a) the development of both non-melanoma and melanoma skin cancer and (b) the effects on the immunological system;

(ii) Effects of UV-B radiation, including the wavelength dependence, upon (a) agricultural crops, forests and other terrestial ecosystems and (b) the aquatic food web and fisheries, as well as possible inhibition of oxygen production by marine phytoplankton;

(iii) The mechanisms by which UV-B radiation acts on biological materials, species and ecosystems, including: the relationship between dose, dose rate, and response; photorepair, adaptation, and protection;

(iv) Studies of biological action spectra and the spectral response using polychromatic radiation in order to include possible interactions of the various wavelength regions;

(v) The influence of UV–B radiation on: the sensitivities and activities of biological species important to the biospheric balance; primary processes such as photosynthesis and biosynthesis;

(vi) The influence of UV-B radiation on the photodegradation of pollutants, agricultural chemicals and other materials;

(c) **Research on effects on climate**

(i)Theoretical and observational studies of the radiative effects of ozone and other trace species and the impact on climate parameters, such as land and ocean surface temperatures, precipitation patterns, the exchange between the troposphere and stratosphere;

(ii) The investigation of the effects of such climate impacts on various aspects of human activity;

(d) **Systematic observations on:**

(i) The status of the ozone layer (i.e. the spatial and temporal variability of the total column content and vertical distribution) by making the Global Ozone Observing System, based on the integration of satellite ground-based systems, fully operational;

(ii) þéttni þeirra lofttegunda í veðrahvolfi og heiðhvolfi sem geta gefið frá sér HO_x, NO_x, ClO_x og kolefnissambönd;

(ii) hitastigi frá jörðu að miðhvolfi, með notkun kerfa í gervihnöttum og á jörðu niðri;

(iv) útgeislun sólar, greindri eftir bylgjulengdum, sem nær til lofthjúps jarðar og varmageislun sem stafar frá lofthjúpi jarðar, með notkun mælinga í gervihnöttum;

(v) útgeislun sólar, greindri eftir bylgjulengdum, sem nær til yfirborðs jarðar á útfjólubláu sviði og hefur líffræðileg áhrif (UV-B);

(vi) eiginleikum loftúða og dreifingu þeirra frá jörðu og í miðhvolf, með notkun kerfa á jörðu niðri, í lofti og í gervihnöttum;

(vii) veðurfarsfræðilega mikilvægum breytistærðum með því að framhalda áætlunum um veðurathuganir í háum gæðaflokki við yfirborð jarðar;

(viii) efnum sem er að finna í litlu magni, geislun sólar og loftúða með því að nota bættar aðferðir við að greina gögn af allri jörðinni.

3. Aðilar að samningnum skulu, með tilliti til sérstakra þarfa þróunarlanda, vinna saman að því að efla viðeigandi vísindalega og tæknilega þjálfun sem þörf er fyrir til þess að taka þátt í þeim rannsóknum og kerfisbundnu athugunum sem lýst er í stórum dráttum í viðauka þessum. Sérstök áhersla skal lögð á gagnkvæma kvörðun athugunartækja og aðferða með það í huga að fá fram sambærileg eða stöðluð vísindagögn.

4. Eftirtalin efni af náttúrulegum uppruna eða af manna völdum og sem er ekki raðað í forgangsröð eru talin geta breytt efnafræðilegum og eðlisfræðilegum eiginleikum ósónlagsins:

(a) Kolefnissambönd

(i) **Kolsýringur (CO)**
Kolsýringur á sér mikilvæga gjafa, náttúrulega og af manna völdum, og hann er talinn hafa mikil, bein áhrif í ljósefnafræðilegum hvörfum í veðrahvolfinu og óbein áhrif í ljósefnafræðilegum hvörfum í heiðhvolfi.

(ii) **Koltvísýringur (CO_2)**
Koltvísýringur á sér mikilvæga gjafa, náttúrulega og af manna völdum, og hann virkar á ósón heiðhvolfsins með áhrifum á varmagerð lofthjúpsins.

(iii) **Metan (CH_4)**
Metan á sér gjafa, bæði náttúrulega og af manna völdum og það virkar á ósón bæði í veðrahvolfi og heiðhvolfi.

(ii) The tropospheric and stratospheric concentrations of source gases for the HO_x, NO_x, ClO_x and carbon families;

(iii) The temperature from the ground to the mesosphere, utilizing both ground-based and satellite systems;

(iv) Wavelength-resolved solar flux reaching, and thermal radiation leaving, the Earth's atmosphere, utilizing satellite measurements;

(v) Wavelength-resolved solar flux reaching the Earth's surface in the ultra-violet range having biological effects (UV-B);

(vi) Aerosol properties and distribution from the ground to the mesosphere, utilizing ground-based, airborne and satellite systems;

(vii) Climatically important variables by the maintenance of programmes of high-quality meteorological surface measurements;

(viii) Trace species, temperatures, solar flux and aerosols utilizing improved methods for analysing global data.

3. The Parties to the Convention shall cooperate, taking into account the particular needs of the developing countries, in promoting the appropriate scientific and technical training required to participate in the research and systematic observations outlined in this annex. Particular emphasis should be given to the intercalibration of observational instrumentation and methods with a view to generating comparable or standardized scientific data sets.

4. The following chemical substances of natural and anthropogenic origin, not listed in order of priority, are thought to have the potential to modify the chemical and physical properties of the ozone layer.

(a) Carbon substances

(i) **Carbon monoxide (CO)**
Carbon monoxide has significant natural and anthropogenic sources, and is thought to play a major direct role in tropospheric photochemistry, and an indirect role in stratospheric photochemistry.

(ii) **Carbon dioxide (CO_2)**
Carbon dioxide has significant natural and anthropogenic sources, and affects stratospheric ozone by influencing the thermal structure of the atmosphere.

(iii) **Methane (CH_4)**
Methane has both natural and anthropogenic sources, and affects both tropospheric and stratospheric ozone.

(iv) **Kolvatnsefnissambönd önnur en metan**
Kolvatnsefnissambönd önnur en metan, en til þeirra telst mikill fjöldi efnasambanda, eiga sér gjafa, bæði náttúrulega og af manna völdum, og þau hafa bein áhrif í ljósefnafræðilegum hvörfum veðrahvolfs og óbein áhrif í ljósefnafræðilegum hvörfum heiðhvolfs.

(b) Nitursambönd

(i) **Tvínituroxíð (N_2O)**
Áhrifamestu N_2O-gjafar eru nátttúrulegir, en það sem til er lagt af manna völdum verður æ mikilvægara. Tvínituroxíð er frumuppspretta NO_x sambanda í heiðhvolfi, en þau eiga afar mikilvægan þátt í að stjórna nægu magni ósóns í heiðhvolfi.

(ii) **Nituroxíð (NO_x)**
NO_x-gjafar á jörðu niðri eiga aðeins mikinn og beinan þátt í ljósefnafræðilegum hvörfum í veðrahvolfi, en óbeinan þátt í ljósefnafræðilegum hvörfum í heiðhvolfi. Komist NO_x hins vegar nálægt mörkum veðrahvolfs og heiðhvolfs getur það leitt beint til breytinga á ósónmagni í efri hluta veðrahvolfs og í heiðhvolfi.

(c) Klórsambönd

(i) **Fullhalógenbundnir alkanar, t.d. CCl_4, $CFCl_3$ (CFC-11), CF_2Cl_2 (CFC-12), $C_2F_3Cl_3$ (CFC-113), $C_2F_4Cl_2$ (CFC-114)**
Fullhalógenbundnir alkanar eru smíðaðir af mönnum og þeir virka sem ClO_x-gjafar, en það á mjög mikinn þátt í ljósefnafræðilegum hvörfum ósóns, einkum í 30-50 km hæð.

(ii) **Alkanar sem eru að hluta til halógenbundnir, t.d. CH_3Cl, CHF_2Cl (CFC-22), CH_3CCl_3, $CHFCl_2$ (CFC-21)**
CH_3Cl-gjafar eru náttúrulegir, en aðrir hluthalógenbundnir alkanar nefndir að ofan eru smíðaðir af mönnum. Þessar lofttegundir virka einnig sem ClO_x-gjafar í heiðhvolfi.

(d) Brómsambönd

Fullhalógenbundnir alkanar, t.d. CF_3Br
Þessar lofttegundir eru smíðaðar af mönnum og virka sem BrO_x-gjafar sem hegða sér svipað og ClO_x.

(e) Vetnissambönd

(i) **Vetni (H_2)**
Vetni, en gjafar þess eru náttúrulegir og af manna völdum, á óverulegan þátt í ljósefnafræðilegum hvörfum í heiðhvolfi.

(iv) **Non-methane hydrocarbon species**
Non-methane hydrocarbon species, which consist of a larger number of chemical substances, have both natural and anthropogenic sources, and play a direct role in tropospheric photochemistry and an indirect role in stratospheric photochemistry.

(b) Nitrogen substances

(ii) **Nitrous oxide (N_2O)**
The dominant sources of N_2O are natural, but anthropogenic contributions are becoming increasingly important. Nitrous oxide is the primary source of stratospheric NO_x, which play a vital role in controlling the aboundance of stratospheric ozone.

(ii) **Nitrogen oxides (NO_x)**
Ground-level sources of NO_x play a major direct role only in tropospheric photochemical processes and an indirect role in stratosphere photochemistry, whereas injection of NO_x close to the tropopause may lead directly to a change in upper tropospheric and stratospheric ozone.

(c) Chlorine substances

(i) **Fully halogenated alkanes, e.g. CCl_4, $CFCl_3$ (CFC–11), CF_2Cl_2 (CFC–12), $C_2F_3Cl_3$ (CFC–113), C_2F4Cl_2 (CFC–114)**
Fully halogenated alkanes are anthropogenic and act as a source of ClO_x, which plays a vital role in ozone photochemistry, especially in the 30–50 km altitude region.

(ii) **Partially halogenated alkanes, e.g. CH_3Cl, CHF_2Cl (CFC–22), CH_3CCl_3, $CHFCl_2$ (CFC–21)**
The sources of CH_3Cl are natural, whereas the other partially halogenated alkanes mentioned above are anthropogenic in origin. These gases also act as a source of stratospheric ClO_x.

(d) Bromine substances

Fully halogenated alkanes, e.g. CF_3Br
These gases are anthropogenic and act as a source of BrO_x, which behaves in a manner similar to ClO_x.

(e) Hydrogen substances

(i) Hydrogen (H_2)
Hydrogen, the source of which is natural and anthropogenic, plays a minor role in stratospheric photochemistry.

(ii) **Vatn (H_2O)**
Vatn, en gjafar þess eru náttúrulegir, á mjög mikilvægan þátt í ljósefnafræðilegum hvörfum bæði í veðrahvolfi og í heiðhvolfi. Meðal staðbundinna gjafa vatnsgufu í heiðhvolfinu eru oxun metans, og í minna mæli oxun vetnis.

Viðauki II
Skipti á upplýsingum

1. Aðilar að samningnum viðurkenna að öflun og sameiginleg nýting upplýsinga eru mikilvæg til að ná fram tilgangi hans og til að tryggja að allar aðgerðir sem framkvæmdar kunna að verða séu viðeigandi og réttlátar. Aðilar skulu því skiptast á vísindalegum, tæknilegum og félagshagfræðilegum upplýsingum og upplýsingum á sviði atvinnurekstrar, viðskipta og löggjafar.

2. Við ákvörðun á því hvaða upplýsingum skuli safna og skiptast á með ber aðilum að hafa hliðsjón af notagildi upplýsinganna og kostnaði við að afla þeirra. Aðilar viðurkenna einnig að samstarf samkvæmt viðauka þessum þarf að samræmast landslögum þeirra og reglum og framkvæmdarháttum varðandi einkaleyfi, verslunarleyndarmál, og vernd trúnaðarupplýsinga og upplýsinga sem háðar eru eignarrétti.

3. **Vísindalegar upplýsingar**
Hér með teljast upplýsingar um:

(a) fyrirhugaðar og yfirstandandi rannsóknir, bæði á vegum stjórnvalda og einkaaðila, sem auðvelda samhæfingu rannsóknaráætlana svo að fáanlegt fjármagn einstakra ríkja og alþjóðlegt fjármagn nýtist sem best,

(b) þau gögn um losun lofttegunda sem þörf er á til rannsókna,

(c) vísindalegar niðurstöður sem birtar eru í viðurkenndum fagtímaritum að fenginni umsögn sérfróðra manna og fjalla um skilning á eðlis- og efnafræði lofthjúps jarðar og næmleik hans gagnvart breytingum, einkum að því er varðar ástand ósónlagsins og áhrif á heilsu manna, umhverfi og veðurfar og sem gætu stafað af breytingum sem verða á hvaða tíma sem er og verða á heildarmagni ósóns eða lóðréttri dreifingu þess,

(d) mat á niðurstöðum rannsókna og ráðleggingar um rannsóknir í framtíðinni.

4. **Tæknilegar upplýsingar**
Hér með teljast upplýsingar um:

(a) tiltækileika og kostnað annarra efnasambanda og annarra valkosta um tæknibúnað til þess að draga úr losun efna sem hafa áhrif á ósón og upplýsingar um fyrirhugaðar og yfirstandandi rannsóknir á þessum sviðum,

(ii) **Water (H_2O)**
Water, the source of which is natural, plays a vital role in both tropospheric and stratospheric photochemistry. Local sources of water vapour in the stratosphere include the oxidation of methane and, to a lesser extent, of hydrogen.

Annex II
Information exchange

1. The Parties to the Convention recognize that the collection and sharing of information is an important means of implementing the objectives of this Convention and of assuring that any actions that may be taken are appropriate and equitable. Therefore, Parties shall exchange scientific, technical, socio–economic, business, commercial and legal information.

2. The Parties to the Convention, in deciding what information is to be collected and exchanged, should take into account the usefulness of the information and the costs of obtaining it. The Parties further recognise that co-operation under this annex has to be consistent with national laws, regulations and practices regarding patents, trade secrets, and protection of confidential and proprietary information.

3. **Scientific information**
This includes information on:

(a) Planned and ongoing research, both governmental and private, to facilitate the co-ordination of research programmes so as to make the most effective use of available national and international resources;

(b) The emission data needed for research;

(c) Scientific results published in peer-reviewed literature on the understanding of the physics and chemistry of the Earth's atmosphere and of its susceptibility to change, in particular on the state of the ozone layer and effects on human health, environment and climate which would result from changes on all time-scales in either total column content or the vertical distribution of ozone;

(d) The assessment of research results and the recommendations for future research.

4. **Technical information**
This includes information on:

(a) The availability and cost of chemical substitutes and of alternative technologies to reduce the emissions of ozone-modifying substances and related planned and ongoing research;

(b) þær takmarkanir og áhættuþætti sem fylgja því að nota önnur efnasambönd og aðra valkosti um tæknibúnað.

5. **Upplýsingar um félagshagfræðileg málefni og viðskiptamálefni varðandi efni, sem skráð eru í Viðauka I**

Hér með teljast upplýsingar um:

(a) framleiðslu og framleiðslugetu,

(b) notkun og notkunarmynstur,

(c) inn- og útflutning,

(d) kostnað, áhættu og hag af starfsemi manna sem kann að skaða ósónlagið óbeint, og áhrif aðgerða sem framkvæmdar eru eða ætlaðar eru til að stjórna slíkri starfsemi.

6. **Lagalegar upplýsingar**

Hér með teljast upplýsingar um:

(a) landslög, stjórnsýsluaðgerðir og lögfræðilegt rannsóknarstarf varðandi vernd ósónlagsins,

(b) þjóðréttarsamninga, þ.m.t. tvíhliða samninga, sem varða vernd ósónlagsins,

(c) aðferðir og skilmála til leyfisveitinga og aðgang að einkaleyfum sem varða vernd ósónlagsins.

(b) The limitations and any risks involved in using chemical or other substitutes and alternative technologies.

5. **Socio-economic and commercial information on the substances referred to in annex I**

This includes information on:

(a) Production and production capacity;

(b) Use and use patterns;

(c) Imports/exports;

(d) The costs, risks and benefits of human activities which may indirectly modify the ozone layer and of the impacts of regulatory actions taken or being considered to control these activities.

6. **Legal information**

This includes information on:

(a) National laws, administrative measures and legal research relevant to the protection of the ozone layer;

(b) International agreements, including bilateral agreements, relevant to the protection of the ozone layer;

(c) Methods and terms of licensing and availability of patents relevant to the protection of the ozone layer.

Fylgiskjal 2.

MONTREALBÓKUN
um efni sem valda rýrnun ósónlagsins

Aðilar að bókun þessari,

sem eru aðilar að Vínarsamningi um vernd ósónlagsins,

sem minnast þeirrar skuldbindingar sinnar samkvæmt samningnum að gerað viðeigandi ráðstafanir til að vernda heilsu manna og náttúrulegt umhverfi gegn skaðlegum áhrifum sem stafa eða líklega stafa af starfsemi manna sem breytir eða líklegt er að breyti ósónlaginu,

sem viðurkenna að losun ákveðinna efna út í andrúmsloftið um allan heim geti valdið verulegri rýrnun og öðrum breytingum á ósónlaginu þannig að líklegt er að skaði heilsu manna og náttúrulegt umhverfi,

sem eru ljós þau áhrif á loftslag, sem losun efna þessara gæti haft,

sem gera sér grein fyrir því að ráðstafanir til að forða ósónlaginu frá rýrnun beri að grundvalla á viðeigandi vísindalegri þekkingu og með hliðsjón af tæknilegum og efnahagslegum sjónarmiðum,

MONTREAL PROTOCOL
on Substances that Deplete the Ozone Layer

The Parties to this Protocol,

Being Parties to the Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer,

Mindful of their obligation under that Convention to take appropriate measures to protect human health and the environment against adverse effects resulting or likely to result from human atctivities which modify or are likely to modify the ozone layer,

Recognizing that world-wide emissions of certain substances can significantly deplete and otherwise modify the ozone layer in a manner that is likely to result in adverse effects on human health and the environment,

Conscious of the potential climatic effects of emissions of these substances,

Aware that measures taken to protect the ozone layer from depletion should be based on relevant scientific knowledge, taking into account technical and economic considerations,

sem hafa einsett sér að vernda ósónlagið með varúðarráðstöfunum þannig að stjórnað sé á réttlátan hátt heildarlosun á jörðinni á efnum sem valda rýrnun þess, með það lokatakmark í huga að á grundvelli aukinnar vísindalegrar þekkingar og með hliðsjón af tæknilegum og efnahagslegum sjónarmiðum verði losun þeirra að fullu hætt,

sem viðurkenna að gera verður sérstakar ráðstafanir til að mæta þörfum þróunarlanda fyrir efni þessi,

sem veita athygli þeim varúðarráðstöfunum til að takmarka losun ákveðinna klórflúórkolefna sem þegar hafa verið gerðar meðal einstakra þjóða og á einstökum svæðum,

sem líta til mikilvægis þess að stuðla að alþjóðasamvinnu í rannsóknar- og þróunarstarfi á sviði vísinda og tækni sem lýtur að því að stjórnað sé og dregið úr losun efna sem valda rýrnun ósónlagsins, með þarfir þróunarlanda sérstaklega í huga,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar

Í bókun þessari merkja:

1. „Samningurinn" Vínarsamning um vernd ósónlagsins sem samþykktur var hinn 22. mars 1985.

2. „Aðilar" aðila að bókun þessari, komi ekki annað fram í textanum.

3. „Skrifstofan" skrifstofuna samkvæmt samningnum.

4. „Takmörkunarskylt efni" efni sem skráð er í Viðauka A við bókun þessa, hvort sem það er til eitt sér eða í efnablöndu. Hugtakið nær þó ekki yfir slík efni eða efnablöndur sem eru í framleiddri vöru annarri en geymi sem notaður er til flutnings eða geymslu hins skráða efnis.

5. „Framleiðsla" magn takmörkunarskyldra efna sem framleidd eru, að frádregnu því magni sem eytt er með þeirri tækni sem aðilarnir samþykkja.

6. „Neysla" framleiðslu að viðbættum innflutningi á takmörkunarskyldum efnum, en að frádregnum útflutningi þeirra.

7. „Reiknað magn" framleiðslu, innflutnings, útflutnings og neyslu, magn sem reiknað er samkvæmt 3. gr.

8. „Iðnaðarhagræðing" flutning á sumu eða öllu reiknuðu framleiðslumagni eins aðila til annars í því skyni að ná aukinni efnahagslegri skilvirkni eða sem svarar við fyrirsjáanlegum skorti vegna verksmiðjulokana.

Determined to protect the ozone layer by taking precautionary measures to control equitably total global emissions of substances that deplete it, with the ultimate objective of their elimination on the basis of developments in scientific knowledge, taking into account technical and economic considerations,

Acknowledging that special provision is required to meet the needs of developing countries for these substances,

Noting the precautionary measures for controlling emissions of certain chlorofluorocarbons that have already been taken at national and regional levels,

Considering the importance of promoting international co-operation in the research and development of science and technology relating to the control and reduction of emissions of substances that deplete the ozone layer, bearing in mind in particular the needs of developing countries.

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Protocol:

1. "Convention" means the Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer, adopted on 22 March 1985.

2. "Parties" means, unless the text otherwise indicates, Parties to this Protocol.

3. "Secretariat" means the secretariat of the Convention.

4. "Controlled substance" means a substance listed in Annex A to this Protocol, whether existing alone or in a mixture. It excludes, however, any such substance or mixture which is in a manufactured product other than a container used for the transportation or storage of the substance listed.

5. "Production" means the amount of controlled substances produced minus the amount destroyed by technologies to be approved by the Parties.

6. "Consumption" means production plus imports minus exports of controlled substances.

7. "Calculated levels" of production, imports, exports and consumption means levels determined in accordance with Article 3.

8. "Industrial rationalization" means the transfer of all or a portion of the calculated level of production of one Party to another, for the purpose of achieving economic efficiencies or responding to anticipated shortfalls in supply as a result of plant closures.

2. gr.

Takmörkunarráðstafanir

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar á fyrsta degi sjöunda mánaðar eftir þann dag er bókun þessi öðlast gildi, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka A ekki fram úr reiknaðri neyslu hans á árinu 1986. Í lok tímabilsins skal hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986, en þó má magnið hafa aukist um allt að 10% miðað við 1986. Aukningin er aðeins heimil til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 5. gr., og til iðnaðarhagræðingar milli aðila.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar á fyrsta degi þrítugasta og sjöunda mánaðar eftir þann dag er samningur þessi öðlast gildi, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki II í Viðauka A ekki fram úr reiknaðri neyslu hans á árinu 1986. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986, en þó má magnið hafa aukist um allt að 10% miðað við 1986. Aukningin er aðeins heimil til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 5. gr., og til iðnaðarhagræðingar milli aðila. Aðilarnir skulu á fyrsta fundi sínum eftir hina fyrstu vísindalegu athugun ákveða hvaða ráðum skuli beitt til að framkvæma þessar ráðstafanir.

3. Hver aðili skal sjá um að á tímabilinu 1. júlí 1993 til 30. júní 1994, og á hverjum tólf mánuðum eftir það, fari reiknuð ársneysla hans á takmörkunarskyldum efnum af flokki I í Viðauka A ekki fram úr 80% af reiknaðri neyslu hans á árinu 1986. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn ársframleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr 80% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 5. gr., og til iðnaðarhagræðingar milli aðila má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum tak-

Article 2

Control measures

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on the first day of the seventh month following the date of the entry into force of this Protocol, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex A does not exceed its calculated level of consumption in 1986. By the end of the same period, each Party producing one or more of these substances shall ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed its calculated level of production in 1986, except that such level may have increased by no more than ten per cent based on the 1986 level. Such increase shall be permitted only so as to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under Article 5 and for the purposes of industrial rationalization between Parties.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on the first day of the thirty-seventh month following the date of the entry into force of this Protocol, and in each twelve month period therafter, its calculated level of consumption of the controlled substances listed in Group II of Annex A does not exceed its calculated level of consumption in 1986. Each Party producing one or more of these substances shall ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed its calculated level of production in 1986, except that such level may have increased by no more than ten per cent based on the 1986 level. Such increase shall be permitted only so as to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under Article 5 and for the purposes of industrial rationalization between Parties. The mechanisms for implementing these measures shall be decided by the Parties at their first meeting following the first scientific review.

3. Each party shall ensure that for the period 1 July 1993 to 30 June 1994 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex A does not exceed, annually, eighty per cent of its calculated level of consumption in 1986. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, eighty per cent of its calculated level of production in 1986. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under Article 5 and for the purposes of industrial rationalization between Parties, its calculated level of production

mörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986.

4. Hver aðili skal sjá um að á tímabilinu 1. júlí 1998 til 30. júní 1999, og á hverjum tólf mánuðum eftir það, fari reiknuð ársneysla hans á takmörkunarskyldum efnum af flokki I í Viðauka A ekki fram úr 50% af reiknaðri neyslu hans á árinu 1986. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn ársframleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr 50% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 5. gr., og til iðnaðarhagræðingar milli aðila má þó reiknað framleiðslumagn hans fram úr þessum mörkum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1986. Tölulið þessum skal beitt nema tveir þriðju hlutar þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða ákveði annað á fundi sínum, enda fari þeir með að minnsta kosti tvo þriðju hluta af reiknaðri heildarneyslu aðilanna á efnum þessum. Fjalla skal um ákvörðunina og taka hana í ljósi þess mats sem um getur í 6. gr.

5. Ef reiknuð framleiðsla aðila á takmörkunarskyldum efnum af flokki I í Viðauka A var á árinu 1986 minni en 25.000 tonn má hann vegna iðnaðarhagræðingar láta í té eða fá frá öðrum aðila þá framleiðslu sem fer fram úr takmörkum þeim sem í 1., 3., og 4. tl. segir, enda fari samanlögð reiknuð heildarframleiðsla viðkomandi aðila ekki fram úr framleiðslumörkum þeim sem sett eru í þessari grein. Alla slíka tilfærslu á framleiðslu skal tilkynna skrifstofunni eigi síðar en þegar tilfærslan á sér stað.

6. Hver sá aðili sem ekki beitir 5. gr. sem á í byggingu mannvirki til framleiðslu takmörkunarskyldra efna eða hefur gert samning um gerð slíks mannvirkis fyrir 16. september 1987 má ef ráð hefur verið gert fyrir mannvirkinu í landslögum fyrir 1. janúar 1987, bæta framleiðslu þeirra við framleiðslu sína á árinu 1986 við ákvörðun á reiknuðu framleiðslumagni sínu á árinu 1986, enda séu mannvirkin fullgerð fyrir 31. desember 1990 og framleiðsla þeirra auki ekki reiknaða ársneyslu aðilans á takmörkunarskyldum efnum um meir en 0,5 kg á mann.

7. Tilkynna skal skrifstofunni um hverja tilfærslu á framleiðslu samkvæmt 5. tl. og um alla viðbótarframleiðslu samkvæmt 6. gr. ekki síðar en þegar tilfærslan eða viðbótarframleiðslan á sér stað.

may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1986.

4. Each Party shall ensure that for the period 1 July 1998 to 30 June 1999, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex A does not exceed, annually, fifty per cent of its calculated level of consumption in 1986. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, fifty per cent of its calculated level of production in 1986. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under Article 5 and for the purposes of industrial rationalization between parties, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1986. This paragraph will apply unless the Parties decide otherwise at a meeting by a two-thirds majority of Parties present and voting, representing at least two-thirds of the total calculated level of consumption of these substances of the Parties. This decision shall be considered and made in the light of the assessments referred to in Article 6.

5. Any Party whose calculated level of production in 1986 of the controlled substances in Group I of Annex A was less than twenty-five kilotonnes may, for the purposes of industrial rationalization, transfer to or receive from any other Party, production in excess of the limits set out in paragraphs 1, 3 and 4 provided that the total combined calculated levels of production of the Parties concerned does not exceed the production limits set out in this Article. Any transfer of such production shall be notified to the secretariat, no later than the time of the transfer.

6. Any Party not operating under Article 5, that has facilities for the production of controlled substances under construction, or contracted for, prior to 16 September 1987, and provided for in national legislation prior to 1 January 1987, may add the production from such facilities to its 1986 production of such substances for the purposes of determining its calculated level of production for 1986, provided that such facilities are completed by 31 December 1990 and that such production does not raise that Party's annual calculated level of consumption of the controlled substances above 0.5 kilograms per capita.

7. Any transfer of production pursuant to paragraph 5 or on addition of production pursuant to paragraph 6 shall be notified to the secretariat, no later than the time of the transfer or addition.

8. (a) Aðilar sem eiga aðild að svæðisstofnun um efnahagssamvinnu samkvæmt skilgreiningu slíkra stofnana í 6. tl. 1. gr. samningsins geta gert með sér samkomulag um að þeir skuli í sameiningu efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein hvað snertir neyslu, enda fari reiknað heildarneyslumagn þeirra ekki fram úr því magni sem heimilað er í grein þessari.

(b) Aðilar að slíku samkomulagi skulu tilkynna skrifstofunni um ákvæði þess fyrir þann dag er neysla skal minnkuð samkvæmt því.

(c) Slíkt samkomulag kemur aðeins til framkvæmda ef öll aðildarríki viðkomandi svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu og viðkomandi stofnun eru aðilar að samningnum og hafa tilkynnt skrifstofunni um framkvæmdartilhögun sína.

9. (a) Aðilar geta á grundvelli mats samkvæmt 6. gr. ákveðið:

(i) hvort gera beri breytingar á ákvörðunum um ósóneyðandi áhrif samkvæmt Viðauka A, og þá hverjar þær breytingar skuli vera;

(ii) hvort gera beri frekari breytingar á eða minnka frekar framleiðslu eða neyslu takmörkunarskyldra efna miðað við 1986; og þá umfang, magn og tímasetningu slíkrar breytingar eða minnkunar;

(b) Skrifstofan skal tilkynna aðilum um tillögur að slíkum breytingum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund aðilanna þar sem þær eru bornar upp til samþykktar;

(c) Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar skulu aðilar reyna til þrautar að ná samkomulagi með almennri samstöðu. Hafi allar tilraunir til að ná almennri samstöðu reynst árangurslausar og samkomulag hefur ekki tekist skulu slíkar ákvarðanir, ef allt annað bregst, samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, enda fari þeir með að minnsta kosti 50% af heildarneyslu aðilanna á takmörkunarskyldum efnum;

(d) Vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna aðilum um ákvarðanirnar, sem skulu vera bindandi fyrir alla aðila. Sé annað ekki tekið þar fram skulu þær öðlast gildi er liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili sendi út tilkynningu sína.

8. (a) Any Parties which are Member States of a regional economic integration organization as defined in Article 1(6) of the Convention may agree that they shall jointly fulfil their obligations respecting consumption under this Article provided that their total combined calculated level of consumption does not exceed the levels required by this Article.

(b) The Parties to any such agreement shall inform the secretariat of the terms of the agreement before the date of the reduction in consumption with which the agreement is concerned.

(c) Such agreement will become operative only if all Member States of the regional economic integration organization and the organization concerned are Parties to the Protocol and have notified the secretariat of their manner of implementation.

9. (a) Based on the assessments made pursuant to Article 6, the Parties may decide whether:

(i) adjustments to the ozone depleting potentials specified in Annex A should be made and, if so, what the adjustments should be; and

(ii) further adjustments and reductions of production or consumption of the controlled substances from 1986 levels should be undertaken and, if so, what the scope, amount and timing of any such adjustments and reductions should be.

(b) Proposals for such adjustments shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting of the Parties at which they are proposed for adoption.

(c) In taking such decisions, the Parties shall make every effort to reach agreement by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, such decisions shall, as a last resort, be adopted by a two-thirds majority vote of the Parties present and voting representing at least fifty per cent of the total consumption of the controlled substances of the Parties.

(d) The decisions, which shall be binding on all Parties, shall forthwith be communicated to the Parties by the Depositary. Unless otherwise provided in the decisions, they shall enter into force on the expiry of six months from the date of the circulation of the communication by the Depositary.

10. (a) Á grundvelli mats samkvæmt 6. gr. bókunar þessarar og eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 9. gr. samningsins geta aðilar ákveðið:

(i) hvort, og þá hverjum, efnum skuli bæta við eða fella niður úr viðauka við bókun þessa; og

(ii) verkun, umfang og tímasetningu þeirra takmörkunarráðstafana, sem gilda eiga um þau efni;

(b) Allar slíkar ákvarðanir skulu öðlast gildi hafi þær verið samþykktar með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðila sem viðstaddir voru og atkvæði greiddu.

11. Þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar geta aðilar gert strangari ráðstafanir en krafist er í henni.

3. gr.

Útreikningur takmörkunarmarka

Til framkvæmdar á 2. og 5. gr. skal hver aðili hvað snertir hvern flokk efna í Viðauka A ákvarða reiknað magn

(a) framleiðslu sinnar, með því að

(i) margfalda ársframleiðslu sína á hverju takmörkunarskyldu efni með ósóneyðingarhæfni þess, sem tilgreind er í Viðauka A,

(ii) leggja saman útkomuna fyrir hvern flokk.

(b) innflutnings og útflutnings, hvers um sig, með því að fylgja þeirri aðferð, að breyttu breytanda, sem lýst er í a-lið, og,

(c) neyslu, með því að leggja saman reiknað framleiðslumagn og innflutning og draga frá reiknað útflutningsmagn, eins og það er reiknað samkvæmt a- og b-lið. Þó skal frá og með 1. janúar 1993 ekki draga frá neinn útflutning takmörkunarskyldra efna til ríkja sem ekki eru aðilar, þegar reiknað er út neyslumagn þess aðila sem út flytur.

4. gr.

Eftirlit með verslun við ríki sem ekki eru aðilar

1. Innan árs frá því er bókun þessi öðlast gildi skal hver aðili banna innflutning takmörkunarskyldra efna frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

2. Frá og með 1. janúar 1993 má ekkert ríki sem beitir 1. tl. 5. gr. flytja nein takmörkunarskyld efni út til ríkja sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

10. (a) Based on the assessments made pursuant to Article 6 of this Protocol and in accordance with the procedure set out in Article 9 of the Convention, the Parties may decide:

(i) whether any substances, and if so which, should be added to or removed from any annex to this Protocol; and

(ii) the mechanism, scope and timing of the control measures that should apply to those substances;

(b) Any such decision shall become effective, provided that it has been accepted by a two-thirds majority vote of the Parties present and voting.

11. Notwithstanding the provisions contained in this Article, Parties may take more stringent measures than those required by this Article.

Article 3

Calculation of control levels

For the purposes of Articles 2 and 5, each Party shall, for each Group of substances in Annex A, determine its calculated levels of:

(a) production by:

(i) multiplying its annual production of each controlled substance by the ozone depleting potential specified in respect of it in Annex A; and

(ii) adding together, for each such Group, the resulting figures;

(b) imports and exports, respectively, by following, *mutatis mutandis*, the procedure set out in subparagraph (a); and

(c) consumption by adding together its calculated levels of production and imports and subtracting its calculated level of exports as determined in accordance with subparagraphs (a) and (b). However, beginning on 1 January 1993, any export of controlled substances to non-Parties shall not be subtracted in calculating the consumption level of the exporting Party.

Article 4

Control of trade with non-Parties

1. Within one year of the entry into force of this Protocol, each Party shall ban the import of controlled substances from any State not party to this Protocol.

2. Beginning on 1 January 1993, no Party operating under paragraph 1 of Article 5 may export any controlled substance to any State not party to this Protocol.

3. Innan þriggja ára frá því er bókun þessi öðlast gildi skulu aðilar eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins semja viðauka með skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi banna innflutning þessara framleiðsluvara frá öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

4. Innan fimm ára frá því er bókun þessi öðlast gildi skulu aðilar ákvarða að hvaða leyti gerlegt sé að banna eða takmarka innflutning framleiðsluvara sem framleiddar eru með takmörkunarskyldum efnum en ekki innihalda slík efni, frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari. Verði þetta talið framkvæmanlegt skulu aðilar eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins semja viðauka með skrá um slíkar framleiðsluvörur. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi banna eða takmarka innflutning framleiðsluvaranna frá öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

5. Hver aðili skal hamla gegn því að tækni til framleiðslu og nýtingar takmörkunarskyldra efna sé flutt út til ríkja sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

6. Aðilar skulu ekki veita nýjar niðurgreiðslur, styrki, lán, ábyrgðir eða tryggingar til útflutnings á framleiðsluvörum, búnaði, verksmiðjum eða tækni, sem auðvelda myndu framleiðslu takmörkunarskyldra efna, til ríkja sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

7. 5. og 6. tl. gilda ekki um framleiðsluvörur, búnað, verksmiðjur eða tækni, sem bæta geymslu, endurheimt, endurnýtingu eða eyðingu takmörkunarskyldra efna, hvetja til þróunar annara valkosta um efni, eða á annan hátt stuðla að því að draga úr losun takmörkunarskyldra efna.

8. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má leyfa innflutning sem getið er um í 1., 3. og 4. tl. frá ríki sem ekki er aðili að bókun þessari ef fundur aðila telur það hlíta að fullu ákvæðum 2. gr. og þessarar greinar, og það hefur lagt fram gögn þar að lútandi eins og tilgreint er í 7. gr.

3. Within three years of the date of the entry into force of this Protocol, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of products containing controlled substances. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

4. Within five years of the entry into force of this Protocol, the Parties shall determine the feasibility of banning or restricting, from States not party to this Protocol, the import of products produced with, but not containing, controlled substances. If determined feasible, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of such products. Parties that have not objected to it in accordance with those procedures shall ban or restrict, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

5. Each party shall discourage the export, to any State not party to this Protocol, of technology for producing and for utilizing controlled substances.

6. Each Party shall refrain from providing new subsidies, aid, credits, guarantees or insurance programmes for the export to States not party to this Protocol of products, equipment, plants or technology that would facilitate the production of controlled substances.

7. Paragraphs 5 and 6 shall not apply to products, equipment, plants or technology that improve the containment, recovery, recyling or destruction of controlled substances, promote the development of alternative substances, or otherwise contribute to the reduction of emissions of controlled substances.

8. Notwithstanding the provisions of this Article, imports referred to in paragraphs 1, 3 and 4 may be permitted from any State not party to this Protocol if that State is determined, by a meeting of the Parties, to be in full compliance with Article 2 and this Article, and has submitted data to that effect as specified in Article 7.

5. gr.

Sérstök aðstaða þróunarlanda

1. Hverjum þeim aðila sem er þróunarland og sem eigi hefur meiri reiknaða ársneyslu takmörkunarskyldra efna en 0,3 kg á mann á þeim degi er

Article 5

Special situation of developing countries

1. Any Party that is a developing country and whose annual calculated level of consumption of the controlled substances is less than 0.3 kilograms

bókun þessi öðlast gildi gagnvart honum, né síðar innan tíu ára frá gildistökudegi bókunarinnar, skal heimilt að seinka framkvæmd sinni á þeim takmörkunarráðstöfunum sem lýst er í 1. til 4. tl. 2. gr. um tíu ár frá því sem segir í þeim töluliðum til að mæta grundvallarþörfum sínum heima fyrir. Hver slíkur aðili skal þó ekki fara fram úr 0,3 kg reiknaðri ársneyslu. Til grundvallar því hvort takmörkunarráðstöfunum sé hlítt má hann annað hvort leggja meðaltal reiknaðrar ársneyslu á tímabilinu 1995 til 1997 að báðum árum meðtöldum, eða 0,3 kg reiknað neyslumagn á mann, hvort sem lægra er.

2. Aðilar skuldbinda sig til að auðvelda þeim aðilum sem eru þróunarlönd aðgang að öðrum valkostum um efni og tækni sem eru umhverfinu hættulausir, og aðstoða þá við að hefja sem fyrst nýtingu slíkra valkosta.

3. Aðilar skuldbinda sig til að auðvelda með tvíhliða eða fjölhliða ráðstöfunum veitingu niðurgreiðslna, styrkja, lána, ábyrgða eða trygginga til aðila sem eru þróunarlönd, til að nýta aðra valkosti um tækni og framleiðsluvörur.

6. gr.

Mat og endurskoðun á takmörkunarráðstöfunum

Frá og með árinu 1990, og ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti eftir það, skulu aðilar meta takmörkunarráðstafanir þær sem mælt er fyrir um í 2. gr. á grundvelli þeirra upplýsinga á sviði vísinda, umhverfismála, tækni og efnahagsmála sem fyrir hendi eru. Að minnsta kosti einu ári fyrir hvert mat skulu aðilar kveðja saman hópa skipaða viðeigandi sérfæðingum sem hæfir eru á þeim sviðum sem nefnd voru, og ákveða samsetningu og starfssvið hópanna. Innan eins árs frá því er þeir voru kallaðir saman skulu hópar þessir fyrir milligöngu skrifstofunnar gefa aðilum skýrslur um niðurstöður sínar.

7. gr.

Skýrslur

1. Hver aðili skal innan þriggja mánaða frá því er hann gerist aðili veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um framleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju takmörkunarskyldu efni á árinu 1986, eða eins áreiðanlegar áætlanir og kostur er ef gögn eru ekki fyrir hendi.

2. Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um framleiðslu sína (með aðskildum upplýsingum um magn sem eytt hefur verið með þeirri tækni sem aðilarnir samþykkja),

per capita on the date of the entry into force of the Protocol for it, or any time thereafter within ten years of the date of entry into force of the Protocol shall, in order to meet its basic domestic needs, be entitled to delay its compliance with the control measures set out in paragraphs 1 to 4 of Article 2 by ten years after that specified in those paragraphs. However, such Party shall not exceed an annual calculated level of consumption of 0.3 kilograms per capita. Any such Party shall be entitled to use either the average of its annual calculated level of consumption for the period 1995 to 1997 inclusive or a calculated level of consumption of 0.3 kilograms per capita, whichever is the lower, as the basis for its compliance with the control measures.

2. The Parties undertake to facilitate access to environmentally safe alternative substances and technology for Parties that are developing countries and assist them to make expeditious use of such alternatives.

3. The Parties undertake to facilitate bilaterally or multilaterally the provisions of subsidies, aid, credits, guarantees or insurance programmes to Parties that are developing countries for the use of alternative technology and for substitute products.

Article 6

Assessment and review of control measures

Beginning in 1990, and at least every four years thereafter, the Parties shall assess the control measures provided for in Article 2 on the basis of available scientific, environmental, technical and economic information. At least one year before each assessment, the Parties shall convene appropriate panels of experts qualified in the fields mentioned and determine the composition and terms of reference of any such panels. Within one year of being convened, the panels will report their conclusions, through the secretariat, to the Parties.

Article 7

Reporting of data

1. Each Party shall provide to the secretariat, within three months of becoming a Party, statistical data on its production, imports and exports of each of the controlled substances for the year 1986, or the best possible estimates of such data where actual data are not available.

2. Each Party shall provide statistical data to the secretariat on its annual production (with separate data on amounts destroyed by technologies to be approved by the Parties), imports,

og um innflutning sinn og útflutning á slíkum efnum bæði til aðila og ríkja sem ekki eru aðilar, á því ári sem hann gerist aðili og á hverju ári eftir það. Gögn þessi skulu afhent eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess árs sem þau eiga við um.

8. gr.
Vanefndir

Aðilar skulu á fyrsta fundi sínum fjalla um og samþykkja málsmeðferð og starfshætti stofnana til að ákvarða hvort vanefndir eigi sér stað á ákvæðum bókunar þessarar, og hversu fara skuli með aðila sem taldir eru vanefna ákvæði hennar.

9. gr.
Rannsóknar- og þróunarstarf, meðvitund almennings og upplýsingaskipti

1. Aðilar skulu í samræmi við landslög sín, reglur og framkvæmdavenjur og þannig að sérstaklega sé tekið tillit til þarfa þróunarlanda starfa saman að því að stuðla að rannsóknar- og þróunarstarfi og að upplýsingaskiptum, beint eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, varðandi.

(a) bestu aðferðir til að bæta geymslu, endurheimt, endurnýtingu og eyðingu takmörkunarskyldra efna eða til að draga úr losun þeirra á annan hátt,

(b) aðra valkosti sem hugsanlegir eru um takmörkunarskyld efni, framleiðsluvörur sem innihalda slík efni, og um framleiðsluvörur sem unnar eru með þeim,

(c) kosti og ókosti viðeigandi takmörkunarúrræða.

2. Aðilar skulu, einir sér, sameiginlega eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, starfa saman að því að vekja almenning til aukinnar meðvitundar um áhrif losunar takmörkunarskyldra efna og annarra efna sem valda rýrnun ósónlagsins á umhverfið.

3. Innan tveggja ára frá því er bókun þessi öðlast gildi og annað hvert ár eftir það skal hver aðili leggja fyrir skrifstofuna samantekt um það starf sem hann hefur unnið samkvæmt bókun þessari.

10. gr.
Tækniaðstoð

1. Aðilarnir skulu í samræmi við ákvæði 4. gr. samningsins og þannig að sérstaklega sé tekið tillit til þarfa þróunarlanda starfa saman að því að stuðla að tækniaðstoð til þess að auðvelda þátttöku í bókun þessari og framkvæmd hennar.

and exports to Parties and non-Parties, respectively, of such substances for the year during which it becomes a Party and for each year thereafter. It shall forward the data no later than nine months after the end of the year to which the data relate.

Article 8
Non-compliance

The Parties, at their first meeting, shall consider and approve procedures and institutional mechanisms for determining non-compliance with the provisions of this Protocol and for treatment of Parties found to be in non-compliance.

Article 9
Research, development, public awareness and exchange of information

1. The Parties shall co-operate, consistent with their national laws, regulations and practices and taking into account in particular the needs of developing countries, in promoting, directly or through competent international bodies, research, development and exchange of information on:

(a) best technologies for improving the containment, recovery, recycling or destruction of controlled substances or otherwise reducing their emissions;

(b) possible alternatives to controlled substances, to products containing such substances, and to products manufactured with them; and

(c) costs and benefits of relevant control strategies.

2. The Parties, individually, jointly or through competent international bodies, shall co-operate in promoting public awareness of the environmental effects of the emissions of controlled substances and other substances that deplete the ozone layer.

3. Within two years of the entry into force of this Protocol and every two years thereafter, each Party shall submit to the secretariat a summary of the activities it has conducted pursuant to this Article.

Article 10
Technical assistance

1. The Parties shall, in the context of the provisions of Article 4 of the Convention, and taking into account in particular the needs of developing countries, co-operate in promoting technical assistance to facilitate participation in and implementation of this Protocol.

2. Hver sá sem gerst hefur aðili að bókun þessari eða undirritað hana getur lagt fyrir skrifstofuna beiðni um tækniaðstoð til þess að framkvæma hana eða taka þátt í henni.

3. Aðilar skulu á fyrsta fundi sínum hefja umræður um hvernig þeir hyggist rækja skyldur sínar skv. 9. gr. svo og 1. og 2. tl. þessarar greinar, þar á meðal um gerð starfsáætlana. Í starfsáætlununum skal tekið sérstaklega tillit til þarfa og aðstæðna þróunarlandanna. Hvetja ber ríki og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem ekki eru aðilar að bókuninni til að taka þátt í störfum sem þar eru tilgreind.

11. gr

Fundir aðilanna

1. Aðilar skulu halda fundi með reglulegu millibili. Skrifstofan skal boða til fyrsta fundar aðilanna eigi síðar en ári eftir að bókun þessi öðlast gildi og í tengslum við þing aðila samningsins ef fundur hinna síðarnefndu er ákveðinn innan þess tíma.

2. Síðari reglulegir fundir aðilanna skuldu haldnir, nema aðilar ákveði annað, í tengslum við fundi þings aðila samningsins. Aukafundir aðilanna skulu annars haldnir eftir því sem fundur aðilanna kann að telja nauðsynlegt, eða að skriflegri beiðni hvaða aðila sem er, ef að minnsta kosti þriðjungur aðilanna styður beiðnina innan sex mánaða frá því er skrifstofan tilkynnti þeim um hana.

3. Aðilarnir skulu á fyrsta fundi sínum:

(a) samþykkja með almennri samstöðu fundarsköp fyrir fundi sína;

(b) samþykkja með almennri samstöðu fjármálareglur þær sem getið er um í 2. tl. 13. gr.;

(c) setja á stofn hópa þá sem getið er í 6. gr. og ákveða starfssvið þeirra;

(d) fjalla um og samþykkja þá málsmeðferð og starfshætti stofnana sem getið er í 8. gr.;

(e) hefjast handa um samningu starfsáætlana samkvæmt 3. tl. 10. gr.

4. Verkefni fundar aðilanna eru að:

(a) athuga framkvæmd bókunar þessarar;

(b) ákveða um breytingar eða minnkun svo sem getið er í 9. tl. 2. gr.;

(c) ákveða að auka við, bæta inn í eða fella efni úr viðauka og ákveða takmörkunarráðstafanir þar að lútandi samkvæmt 10. tl. 2. gr.;

2. Any Party or Signatory to this Protocol may submit a request to the secretariat for technical assistance for the purposes of implementing or participating in the Protocol.

3. The Parties, at their first meeting, shall begin deliberations on the means of fulfilling the obligations set out in Article 9, and paragraphs 1 and 2 of this Article, including the preparation of workplans. Such workplans shall pay special attention to the needs and circumstances of the developing countries. States and regional economic integration organizations not party to the Protocol should be encouraged to participate in activities specified in such workplans.

Article 11

Meetings of the Parties

1. The Parties shall hold meetings at regular intervals. The secretariat shall convene the first meeting of the Parties not later than one year after the date of the entry into force of this Protocol and in conjunction with a meeting of the Conference of the Parties to the Convention, if a meeting of the latter is scheduled within that period.

2. Subsequent ordinary meetings of the Parties shall be held, unless the Parties otherwise decide, in conjunction with meetings of the Conference of the Parties to the Convention. Extraordinary meetings of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by a meeting of the Parties, or at the written request of any Party, provided that, within six months of such a request being communicated to them by the secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

3. The Parties, at their first meeting, shall:

(a) adopt by consensus rules of procedure for their meetings;

(b) adopt by consensus the financial rules referred to in paragraph 2 of Article 13;

(c) establish the panels and determine the terms of reference referred to in Article 6;

(d) consider and approve the procedures and institutional mechanisms specified in Article 8; and

(e) begin preparation of workplans pursuant to paragraph 3 of Article 10.

4. The functions of the meetings of the Parties shall be to:

(a) review the implementation of this Protocol;

(b) decide on any adjustments or reductions referred to in paragraph 9 of Article 2;

(c) decide on any addition to, insertion in or removal from any annex of substances and on related control measures in accordance with paragraph 10 of Article 2;

(d) ákveða þar sem nauðsynlegt þykir um leiðbeiningar eða starfshætti við skýrslugerð samkvæmt 7. gr. og 3. tl. 9. gr.;

(e) athuga beiðnir um tækniaðstoð sem lagðar eru fram samkvæmt 2. t. 10. gr.;

(f) athuga skýrslur sem skrifstofan gerir samkvæmt c-lið 12. gr.;

(g) meta, samkvæmt 6. gr., takmörkunarráðstafanir sem gert er ráð fyrir í 2. gr.;

(h) fjalla um og samþykkja eftir þörfum tillögur um breytingar á bókun þessari eða á viðauka, og um nýja viðauka;

(i) fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlun vegna framkvæmdar bókunar þessarar;

(j) fjalla um og framkvæma hverjar þær aðgerðir aðrar sem þörf kann að vera fyrir til að tilgangi bókunar þessarar verði náð.

5. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og öll ríki sem ekki eru aðilar að bókun þessari, mega senda áheyrnarfulltrúa til að koma fram fyrir þeirra hönd á fundum aðilanna. Hver sá starfshópur eða stofnun, sem hæfur er á þeim sviðum er að vernd ósónlagsins lúta, hvort sem er á vegum einnar þjóðar eða fleiri, á vegum ríkisvalds eða einkaaðila, sem tjáð hefur skrifstofunni ósk sína um að senda áheyrnarfulltrúa á fund aðilanna, má fá þar aðgang, nema tveir þriðju hlutar viðstaddra aðila andmæli því. Um heimild áheyrnarfulltrúa til aðgangs og þátttöku skal fara eftir þeim fundarsköpum sem aðilarnir setja.

12. gr.

Skrifstofa

Vegna bókunar þessarar skal skrifstofan:

(a) undirbúa og veita fyrirgreiðslu við fundi aðilanna sem gert er ráð fyrir í 11. gr.;

(b) taka við og láta í té að ósk aðila upplýsingar sem veittar eru samkvæmt 7. gr.;

(c) semja og senda aðilum með reglulegu millibili skýrslur byggðar á upplýsingum sem borist hafa samkvæmt 7. og 9. gr.;

(d) tilkynna aðilum um beiðni um tækniaðstoð sem berst samkvæmt 10. gr. til að greiða fyrir veitingu slíkrar aðstoðar;

(e) hvetja ríki sem ekki eru aðilar að samningnum til að sækja fundi aðila sem áheyrnarfulltrúar og til að fara eftir ákvæðum bókunar þessarar;

(f) láta áheyrnarfulltrúum sem ekki eru aðilar að bókuninni í té, eftir því sem við á, upplýsingar og beiðnir sem getið er í c- og d-lið;

(g) að vinna þau störf önnur til þess að ná markmiðum bókunar þessarar sem aðilar kunna að fela henni.

(d) establish, where necessary, guidelines or procedures for reporting of information as provided for in Article 7 and paragraph 3 of Article 9;

(e) review requests for technical assistance submitted pursuant to paragraph 2 of Article 10;

(f) review reports prepared by the secretariat pursuant to subparagraph (c) of Article 12;

(g) assess, in accordance with Article 6, the control measures provided for in Article 2;

(h) consider and adopt, as required, proposals for amendment of this Protocol or any annex and for any new annex;

(i) consider and adopt the budget for implementing this Protocol; and

(j) consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Protocol.

5. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State not party to this Protocol, may be represented at meeting of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, qualified in fields relating to the protection of the ozone layer which has informed the secretariat of its wish to be represented at a meeting of the Parties as an observer may be admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Parties.

Article 12

Secretariat

For the purposes of this Protocol, the secretariat shall:

(a) arrange for and service meetings of the Parties as provided for in Article 11;

(b) receive and make available, upon request by a Party, data provided pursuant to Article 7;

(c) prepare and distribute regularly to the Parties reports based on information received pursuant to Articles 7 and 9;

(d) notify the Parties of any request for technical assistance received pursuant to Article 10 so as to facilitate the provision of such assistance;

(e) encourage non-Parties to attend the meetings of the Parties as observers and to act in accordance with the provisions of this Protocol;

(f) provide, as appropriate, the information and requests referred to in subparagraphs (c) and (d) to such non-party observers; and

(g) perform such other functions for the achievement of the purposes of this Protocol as may be assigned to it by the Parties.

13. gr.
Ákvæði um fjármál

1. Kostnaður við að framkvæma bókun þessa, þar með talið við að reka skrifstofuna í tengslum við bókunina, skal greiddur alfarið af framlögum aðilanna.

2. Aðilar skulu á fyrsta fundi sínum samþykkja með almennu samþykki fjármálareglur vegna framkvæmdar bókunar þessarar.

14. gr.
Samband bókunar þessar og samningsins

Sé ekki annað ákveðið samkvæmt bókun þessari skulu ákvæði samningsins varðandi bókanir við hann gilda um hana.

15. gr.
Undirritun

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu í Montreal hinn 16. september 1987, í Ottawa frá 17. september 1987 til 16. janúar 1988 og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 17. janúar 1988 til 15. september 1988.

16. gr.
Gildistaka

1. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1989, enda hafi að minnsta kosti ellefu ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, sem fara með að minnsta kosti tvo þriðju hluta áætlaðrar heimsneyslu takmörkunarskyldra efna á árinu 1986, afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjöl sín, og skilyrðum 1. tl. 17. gr. samningsins hafi verið fullnægt. Hafi skilyrðum þessum ekki verið fullnægt fyrir þann dag skal bókunin öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem skilyrðunum er fullnægt.

2. Hvað 1. tl. snertir skal skjal sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir ekki talið sem viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

3. Eftir gildistöku bókunar þessarar verður ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu aðili að henni á nítugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal er afhent.

Article 13
Financial provisions

1. The funds required for the operation of this Protocol, including those for the functioning of the secretariat related to this Protocol, shall be charged exclusively against contributions from the Parties.

2. The Parties, at their first meeting, shall adopt by consensus financial rules for the operation of this Protocol.

Article 14
Relationship of this Protocol to the Convention

Except as otherwise provided in this Protocol, the provisions of the Convention relating to its protocols shall apply to this Protocol.

Article 15
Signature

This Protocol shall be open for signature by States and by regional economic integration organizations in Montreal on 16 September 1987, in Ottawa from 17 September 1987 to 16 January 1988, and at United Nations Headquarters in New York from 17 January 1988 to 15 September 1988.

Article 16
Entry into force

1. This Protocol shall enter into force on 1 January 1989, provided that at least eleven instruments of ratification, acceptance, approval of the Protocol or accession thereto have been deposited by States or regional economic integration organizations representing at least two-thirds of 1986 estimated global consumption of the controlled substances, and the provisions of paragraph 1 of Article 17 of the Convention have been fulfilled. In the event that these conditions have not been fulfilled by that date, the Protocol shall enter into force on the ninetieth day following the date on which the conditions have been fulfilled.

2. For the purposes of paragraph 1, any such instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.

3. After the entry into force of this Protocol, any State or regional economic integration organization shall become a Party to it on the ninetieth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

17. gr.

Aðilar sem gerast aðilar eftir gildistöku

Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem verður aðili að bókun þessari eftir gildistöku hennar skulu þegar standa við allar skuldbindingar samkvæmt 2. gr., svo og samkvæmt 4. gr., sem ríki og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, sem gerðust aðilar á þeim degi sem bókunin öðlast gildi, eru bundnar af , sbr. þó 5. gr.

Article 17

Parties joining after entry into force

Subject to Article 5, any State or regional economic integration organization which becomes a Party to this Protocol after the date of its entry into force, shall fulfil forthwith the sum of the obligations under Article 2, as well as under Article 4, that apply at that date to the States and regional economic integration organizations that became Parties on the date the Protocol entered into force.

18. gr.

Fyrirvarar

Enga fyrirvara má gera við bókun þessa

Article 18

Reservations

No reservations may be made to this Protocol.

19. gr.

Uppsögn

Ákvæði 19. gr. samningsins um uppsögn gilda um bókun þessa nema að því er varðar aðila þá sem getið er í 1. tl. 5. gr. Sérhver þeirra getur sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvenær sem er eftir að fjögur ár eru liðin frá því að hann tókst á hendur skuldbindingar þær sem tilgreindar eru í 1. til. 4. tl. 2. gr. Slík uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá því er vörsluaðili veitti henni viðtöku, eða á þeim síðari degi er tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn.

Article 19

Withdrawal

For the purposes of this Protocol, the provisions of Article 19 of the Convention relating to withdrawal shall apply, except with respect to Parties referred to in paragraph 1 of Article 5. Any such Party may withdraw from this Protocol by giving written notification to the Depositray at any time after four years of assuming the obligations specified in paragraphs 1 to 4 of Article 2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year after the date of its receipt by the Depositary, or on such later date as may be specified in the notification of the withdrawal.

20. gr.

Gildir textar

Frumrit bókunar þessarar, en arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti hennar eru jafngildir, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

Article 20

Authentic texts

The original of this Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Protocol.

Gjört í Montreal 16. september 1987.

Done at Montreal this sixteenth day of September, one thousand nine hundred and eighty seven.

Viðauki A
Takmörkunarskyld efni

Flokkur	Efni	Ósóneyðingarhæfni*
Flokkur I		
	$CFCl_3$ (CFC-11)	1,0
	CF_2Cl_2 (CFC-12)	1,0
	$C_2F_3Cl_3$ (CFC-113)	0,8
	$C_2F_4Cl_2$ (CFC-114)	1,0
	C_2F_5Cl (CFC-115)	0,6
Flokkur II		
	CF_2BrCl (halón-1211)	3,0
	CF_3Br (halón-1301)	10,0
	$C_2F_4Br_2$ (halón-2402)	(ákvörðuð verður síðar)

* Ósóneyðingarhæfni er áætluð á grundvelli fyrirliggjandi vitneskju og verður endurskoðuð og breytt með reglulegu millibili.

Annex A
Controlled substances

Group	Substance	Ozone Depleting Potential*
Group I		
	$CFCl_3$ (CFC-11)	1.0
	CF_2Cl_2 (CFC-12)	1.0
	$C_2F_3Cl_3$ (CFC-113)	0.8
	$C_2F_4Cl_2$ (CFC-114)	1.0
	C_2F_5Cl (CFC-115)	0.6
Group II		
	CF_2BrCl (halón-1211)	3.0
	CF_3Br (halón-1301)	10.0
	$C_2F_4Br_2$ (halón-2402)	(to be determined)

* These ozone depleting potentials are estimates based on existing knowledge and will be reviewed and revised periodically.

Nd. 782. Frumvarp til laga [422. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, ásamt viðbótarsamningi við samninginn, sem undirritaðir voru í Ósló 13. maí 1987 og samning um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra sem undirritaður var í Stokkhólmi 9. desember 1988. Samningarnir eru birtir sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Er samningar þeir, sem um er rætt í 1. gr., hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi. Við gildistöku samnings um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs falla úr gildi lög nr. 92/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningurinn um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs var undirritaður í Ósló 13. maí 1987. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal I með lagafrumvarpi þessu.

Með samningnum er skrifstofunum veitt sjálfstæð réttaraðild með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem þær eru staðsettar. Jafnframt njóta þær friðhelgi. Í samningnum eru ákvæði um réttarstöðu starfsliðs skrifstofanna, skattgreiðslur, tollfrelsi og lífeyrissjóðsréttindi. Jafnframt eru ákvæði um að fastráðinn ríkisstarfsmaður, sem gegnir tímabundnu starfi á skrifstofunum, fái leyfi frá störfum þann tíma sem ráðningin varir eða allt að átta árum.

Við gildistöku samningsins fellur úr gildi samningur frá 12. apríl 1973 um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, með breytingu frá 22. nóvember 1984, ásamt viðbótarbókun frá 15. maí 1973 um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar og viðbótarbókun frá 22. nóvember 1984. Talið er því rétt að lög nr. 92/1973, sem veittu samningnum frá 12. apríl 1973 lagagildi, verði felld úr gildi.

Samningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra var undirritaður af samstarfsráðherrum Norðurlanda 9. desember 1988 í Stokkhólmi. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal II með lagafrumvarpi þessu.

Samningurinn leysir af hólmi Norðurlandasamning um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir sem undirritaður var í Reykjavík 31. janúar 1974.

Í samningnum er samnorræn stofnun skilgreind og henni veitt sjálfstæð réttaraðild sem og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún hefur aðsetur en í eldri samningnum var aðeins fjallað um réttarstöðu starfsfólks samnorrænna stofnana. Valdsvið samningsins er því mun víðtækara en í samningnum frá 1974.

Í samningnum er jafnframt gætt samræmis við samning um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Samningurinn nær til 43 norrænna stofnana. Þar af eru tvær staðsettar á Íslandi, þ.e. Norræna húsið og Norræna eldfjallastöðin.

Með lagafrumvarpi þessu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestu samningana beggja og veiti þeim lagagildi hér á landi.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringar.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem hafa í því augnamiði komið á fót skrifstofu fyrir ráðherranefnd Norðurlanda í Kaupmannahöfn,

sem gera sér ljóst að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur í samræmi við 54. gr. samstarfssamnings Norðurlanda frá 1962 (Helsingforssamningsins) komið á fót skrifstofu í Stokkhólmi,

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessara skrifstofa ásamt skyldum málefnum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið samningsins.

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Réttarstaða skrifstofanna.

2. gr.

Hvor skrifstofa um sig er sjálfstæður réttaraðili með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún er staðsett. Þannig geta þær eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðilar fyrir dómstólum.

Aðalritarinn eða sá eða þeir sem hann tilnefnir skal koma fram fyrir hönd skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda. Ritari stjórnarnefndarinnar eða sá eða þeir sem hann tilnefnir skal koma fram fyrir hönd skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Friðhelgi og sérréttindi.

3. gr.

Fasteignir skrifstofanna og aðrar eignir eru undanþegnar hvers kyns aðför stjórnvalda og dómstóla, nema með beinu leyfi ráðherranefndar Norðurlanda eða stjórnarnefndar Norðurlandaráðs hverju sinni.

4. gr.

Húsnæði skrifstofanna, skjalageymslur og öll skjöl í þeirri eigu eða vörslu skulu vera friðhelg, hvar sem þau eru.

Varðandi birtingu slíkra skjala gilda þær reglur sem ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, setur.

5. gr.

Bréfaskriftir skrifstofanna og aðrar opinberar tilkynningar má ekki ritskoða og hvað varðar meðferð þeirra skulu þær jafnsettar pósti sendiráða.

6. gr.

Skrifstofurnar, tekjur þeirra og eignir, sem notaðar eru við starfsemina, skulu vera undanþegnar allri beinni skattheimtu.

Skrifstofurnar skulu einnig vera undanþegnar öllum tollgjöldum og öðrum gjöldum með sömu áhrif af hlutum sem eru fluttir inn eða út vegna starfseminnar.

Ákvæðin í 1. og 2. mgr. eiga ekki við um skatta eða gjöld sem aðeins varða greiðslu fyrir veitta þjónustu.

Að öðru leyti gilda fyrir hvora skrifstofu um sig sömu skatta- og gjaldareglur og fyrir sendiráð í landinu þar sem hún er staðsett.

7. gr.

Ekki er hægt að krefjast skatta af launum og öðrum hlunnindum sem skrifstofurnar greiða starfsliði sínu í föstum stöðum. Þetta gildir einnig um greiðslur sem hafa sömu áhrif og beinir skattar. Skrifstofunum ber skylda til að senda viðkomandi stjórnvöldum samningslandanna skrá yfir það starfslið sem heyrir undir þennan lið.

Ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, setur reglur um skyldur þess starfsliðs sem um getur í 1. mgr. til þess að greiða gjald til skrifstofanna í staðinn fyrir skatt.

Ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður gjaldið.

Viðurkenndan frádrátt, sem notaður er við ákvörðun stofns vegna útreiknings gjalds samkvæmt reglum þessa samnings, má ekki jafnframt nota sem frádrátt við skattlagningu innanlands.

Stjórnvöldum samningslandanna er heimilt að hafa hliðsjón af launum og öðrum hlunnindum starfsliðs þess sem um getur í 1. mgr. við útreikning á skatti sem samkvæmt löggjöf landsins, samanber tvísköttunarsamning Norðurlanda, er lagður á tekjur frá öðrum aðilum en skrifstofunum.

8. gr.

Starfslið skrifstofanna og þeir í fjölskyldum þess, sem teljast til heimilisfólks, skulu í starfslandinu vera undanþegin tollum og gjöldum af eignum, þar á meðal ökutækjum, sem ætlaðar eru til persónulegra nota og það hefur með sér vegna starfsins í skrifstofunum.

9. gr.

Eignir, sem fluttar eru inn toll- og gjaldfrítt skv. 6. eða 8. gr., má aðeins framselja í landinu, þar sem þær hafa notið toll- og gjaldfríðinda, með þeim skilyrðum sem viðurkennd eru af stjórnvöldum þess lands.

Réttarstaða starfsliðsins.

10. gr.

Ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður starfsskipulag og launa- og starfsskilyrði fyrir starfslið skrifstofanna.

11. gr.

Hver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni, sem á að gegna tímabundnu starfi í skrifstofunum, leyfi frá störfum þann tíma sem ráðningin stendur og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.

Tímabundið starf merkir ráðningu sem ekki varir lengur en átta ár.

12. gr.

Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfslið skrifstofanna njóta góðs af ríkislífeyrissjóði í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, svo fremi sem annað er ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

Samningur, sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda sem aflað hefur verið í ríkislífeyrissjóði eða samsvarandi lífeyrissjóði, skal einnig gilda fyrir starfslið skrifstofanna sem hefur lífeyrissjóðsréttindi í þeim Norðurlandanna sem hafa gerst aðilar að samningnum.

Um réttindi starfsliðsins til tryggingagreiðslna fer samkvæmt samningi Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

13. gr.

Um réttindi starfsliðsins gildir að öðru leyti það sem í ráðningarsamningi segir eða ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður.

14. gr.

Deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skulu útkljáðar af sáttanefnd.

Sáttanefnd skal skipa ef annar deiluaðila krefst þess.

Sáttanefndin skal skipuð þremur mönnum og tilnefna deiluaðilar sinn manninn hvor, sem í sameiningu tilnefna hinn þriðja, sem verður formaður sáttanefndarinnar.

Ef deiluaðilar verða ekki ásáttir um tilnefningu þriðja manns skal fara þess á leit við formann þess dómstóls í starfslandinu, sem fer með vinnudeilur, að hann tilnefni þriðja mann.

Úrskurður sáttanefndar skal vera skriflegur og undirritaður af nefndarmönnum.

Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

Ráðherranefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður þóknun sáttanefndar eftir tillögu frá sáttanefndinni.

Sáttanefndin ákveður skiptingu kostnaðar hvors deiluaðila um sig af sáttameðferðinni.

Lokaákvæði.

15. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 12. apríl 1973 um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, með breytingu frá 22. nóvember 1984, ásamt viðbótarbókun frá 15. maí 1973 um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar og viðbótarbókun frá 22. nóvember 1984 við samning um breytingu á samningi um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, um gildi samningsins um breytinguna fyrir skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um stöðu hinna ráðnu í sambandi við afturhvarf til starfa í heimalandi sínu.

16. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að norska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

17. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Ósló hinn 13. maí 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við samning um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa í dag gert samning um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar munu við mat í sambandi við starfstíma í ríkisþjónustu telja ráðningartíma á skrifstofunum til sérstakrar starfshæfni, þannig að löndin geti nýtt sér til hins ýtrasta þá innsýn í og reynslu af norrænni samvinnu sem starfsmennirnir öðlast við að gegna störfum hjá skrifstofunum.

Samningsaðilar eru sammála um að mæla með því við aðra vinnuveitendur að þeir veiti starfsmönnum leyfi til að starfa við skrifstofurnar með sömu kjörum og ríkisstarfsmenn í samræmi við réttarstöðusamninginn.

Samningsaðilar munu veita þeim starfsmönnum, sem lokið hafa starfi hjá norrænni skrifstofu, aðstoð, innan ramma gildandi lagareglna og stjórnvaldsákvæða, við að fá starf hjá ríkinu eða öðrum aðilum í heimalandi sínu.

2. gr.

Samningur þessi öðlast gildi sama dag og samningur um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs tekur gildi.

3. gr.

Frumrit viðbótarsamnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

4. gr.

Þessum viðbótarsamningi má segja upp í samræmi við ákvæði 16. gr. samnings um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs. Verði samningnum sagt upp fellur viðbótarsamningur þessi sjálfkrafa úr gildi.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Ósló hinn 13. maí 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem gera sér ljóst að norræna ráðherranefndin hefur komið á fót, sem lið í þessu samstarfi opinberum samnorrænum stofnunum með norrænu starfsliði og gera ráð fyrir að slíkar stofnanir verði settar á stofn í framtíðinni,

sem æskja þess að setja sameiginlegar reglur um réttarstöðu þessara stofnana, þar á meðal launa- og starfsskilyrði starfsfólks þeirra,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Sérhver samnorræn stofnun, sem norræna ráðherranefndin hefur komið á fót og fjármagnað, er sjálfstæður réttaraðili með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún hefur aðsetur. Hún getur þannig eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðili fyrir dómstólum.

2. gr.

Til starfa við samnorrænar stofnanir eru ráðnir ríkisborgarar frá Norðurlöndum. Ráðherranefnd Norðurlanda getur einnig heimilað ráðningu ríkisborgara frá öðrum löndum.

Við ráðningu starfsfólks til einstakra stofnana skal reynt að skipta ábyrgðarstöðum réttlátlega á milli ríkisborgara frá öllum Norðurlöndum.

3. gr.

Ráðherranefndin eða sá, sem hún tilnefnir, ákveður erindisbréf og starfsreglur fyrir starfsfólk við samnorrænar stofnanir. Í starfsreglunum skal koma fram hvaða aðili eða aðilar bera ábyrgð á ráðningu starfsfólks fyrir stofnunina.

Áður en erindisbréf eða starfsreglur verða samþykktar skal viðkomandi stéttarfélögum gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt.

4. gr.

Hver samningsaðili skuldbindur sig til að reikna starfstímann í stofnun eins og opinbert starf sem innt er af hendi í heimalandinu. Fastráðnir ríkisstarfsmenn, sem fá tímabundið starf við stofnun, fá leyfi frá störfum í þann tíma sem ráðningin stendur.

Tímabundið starf merkir ráðningu sem ekki varir lengur en átta ár.

5. gr.

Ráðning að samnorrænni stofnun skal framkvæmd með skriflegum samningi milli ráðherranefndarinnar eða þess sem hún ákveður annars vegar og þess sem ráðinn er hins vegar. Hafi ráðherranefndin ekki samþykkt annað skal samningurinn gerður á grundvelli heildarsamningsins sem ráðherranefndin hefur þegar staðfest.

Ráðherranefndin ákveður launa- og starfsskilyrði starfsfólks samnorrænna stofnana. Almenn starfsskilyrði, sem fyrrgreind ákvæði taka ekki til, eru ákveðin eða breytt að

undangengnum samningaviðræðum milli þess opinbera stjórnvalds sem fer með vinnuveitendamál varðandi almenn launa- og starfsskilyrði ríkisstarfsmanna í því landi þar sem stofnunin hefur aðsetur og fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga. Áður en slíkar samningaviðræður hefjast skal norræna launa- og starfsmannanefndin taka málið fyrir.

6. gr.

Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfsfólk við samnorrænar stofnanir njóta góðs af lífeyrissjóði ríkisins í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, sé annað ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

Samningur sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda sem aflað hefur verið í lífeyrissjóði ríkisins eða samsvarandi lífeyrissjóði skal einnig gilda fyrir starfsfólk samnorrænna stofnana sem hefur lífeyrisréttindi í þeim Norðurlandanna sem hafa gerst aðilar að samningnum.

7. gr.

Deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skulu útkljáðar af sáttanefnd, komi aðilar sér ekki saman um annað.

Sáttanefnd skal skipa ef annar deiluaðila krefst þess. Sáttanefndin skal skipuð þremur mönnum. Deiluaðilar tilnefna hvor sinn manninn sem í sameiningu tilnefna hinn þriðja sem verður formaður sáttanefndarinnar. Ef sáttanefndarmenn sem tilnefndir eru af deiluaðilum verða ekki ásáttir um tilnefningu þriðja manns skal fara þess á leit við formann þess dómstóls í starfslandinu sem fer með vinnudeilur að hann tilnefni þriðja mann.

Úrskurður sáttanefndar skal vera skriflegur og undirritaður af nefndarmönnum.

Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar að öðru leyti.

Norræna ráðherranefndin ákveður þóknun sáttanefndar eftir tillögu frá sáttanefndinni.

Sáttanefndin ákveður skiptingu kostnaðar af sáttameðferðinni milli deiluaðila.

8. gr.

Ráðherranefndin getur ákveðið að samningurinn gildi einnig fyrir stofnanir sem ekki eru fjármagnaðar af norrænu fjárlögunum en eru fjármagnaðar á annan samnorrænan opinberan hátt.

Ráðherranefndin getur ákveðið að ákvæðin í þessum samningi verði aðeins notuð að hluta við ákveðna stofnun.

9. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 31. janúar 1974 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir.

10. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að norska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

11. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 9. desember 1988 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Sþ. 783. Tillaga til þingsályktunar [423. mál]

um viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Benedikt Bogason.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd er fái það hlutverk að kanna möguleika á að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Nefndin skili áfangaskýrslu um störf sín fyrir árslok 1989.

Greinargerð.

Samskipti við byggðir Vestur-Íslendinga hafa án efa verið nokkur allt frá þeim tíma að fjöldi fólks fluttist vestur um haf á seinni hluta síðustu aldar. Trúlega hafa þó samskiptin verið strjál vegna fjarlægðar og erfiðra samgangna en hafa þó einkum orðið vegna fjölskyldutengsla.

Það er fyrst á seinustu áratugum sem efnt er til fjölmennra ferða Vestur-Íslendinga hingað til lands og jafnframt því að héðan er farið í heimsóknir vestur af ýmsu tagi, bændaferðir, kórar í söngferðalög og annað í þeim dúr.

Flestir forsetar lýðveldisins munu hafa sótt byggðir Vestur-Íslendinga heim einhvern tíma á ferli sínum.

Lítið mun hins vegar hafa verið um skipulagðar heimsóknir skólafólks eða vinabæjatengsl eins og tíðkast á milli Norðurlandanna. Sáralítið mun hafa verið um tilraunir til viðskiptasambanda á milli þessara aðila. Væri þó út af fyrir sig forvitnilegt að kanna það sérstaklega hvort finna mætti þar einhverja leið sem jafnframt gæti orðið til að efla þessi samskipti til muna frá því sem nú er. Í þeim tilgangi sérstaklega er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.

Sþ. 784. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]

um byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við Byggðastofnun að hún geri byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands, frá Fáskrúðsfirði að norðan til Geithellnahrepps að sunnan.

Í áætlun þessari verði gerð grein fyrir ástandi og horfum í byggðaþróun. Sérstök áhersla er lögð á tillögur til úrbóta í atvinnumálum og opinberum framkvæmdum.

Fullt samráð um áætlunargerðina verði haft við sveitarstjórnir á þessu svæði, Samband sveitarfélaga á Austurlandi og alþingismenn Austurlands.

Greinargerð.

Suðurfjarðabyggðir eru þéttbýlisstaðirnir Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalsvík og Djúpivogur ásamt aðliggjandi sveitabyggðum. Þarna búa rúmlega 2000 manns. Miðað við árið 1971 hefur íbúum þessara byggðarlaga fjölgað um nálega 100.

Atvinnulíf suðurfjarða er með því einhæfasta sem er að finna á landinu. Á þéttbýlisstöðunum er sjávarútvegur alls staðar yfir helmingur atvinnustarfsemi og á Stöðvarfirði starfa meira en tveir af hverjum þremur í þeirri atvinnugrein. Enda þótt svæðið liggi mjög vel við fiskimiðum hefur útgerð og fiskvinnsla átt í margvíslegum erfiðleikum. Fjárhagsstaða margra stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna er alls óviðunandi og hefur svo verið lengi. Þetta hefur m.a. komið í veg fyrir eðlilega uppbyggingu og veikt byggðarlögin.

Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður í rekstri margra fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerð í þessum byggðarlögum er þar rekin ákaflega mikilvæg framleiðslustarfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands, sem birtist í fylgiskjali I, var landaður afli á þessu svæði 28.463 tonn. Verðmæti hans nam 520 millj. kr. Afli heimaskipa, sem seldur var erlendis, var 4120 tonn að verðmæti 210 millj. kr. Samtals var afli því 32.583 tonn að verðmæti 730 millj. kr.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða, sem framleiddar voru í þessum byggðarlögum árið 1987 (tafla 2) var 1210 millj. kr. en það er 2,92% af verðmæti útfluttra sjávarafurða landsmanna. Mikilvægi þessara byggðarlaga í framleiðslu sjávarafurða skýrist enn betur þegar til þess er litið að miðað við íbúatölu þeirra 1. desember 1987 nam verðmæti útfluttra sjávarafurða 650 þús. kr. á hvern íbúa.

Fylgiskjal II skýrir hvernig framleiðsla mjólkur- og sauðfjárafurða sveitabyggðanna hefur þróast hin síðari ár. Þar kemur fram að mjólkurframleiðslan hefur dregist saman um 103 þúsund lítra og hlutdeild í heildarmjólkurframleiðslunni minnkað úr 0,60 í 0,55%. Samdráttur sauðfjárafurða nemur 616 ærgildisafurðum sem er nokkuð í samræmi við almenna þróun í þeirri framleiðslu.

Segja má að sú þróun í landbúnaðarframleiðslu, sem að framan er skýrð, sé ekki einstakt áhyggjuefni, ef ekki kæmi fleira til. Á undanförnum árum hefur riða í sauðfé verið töluvert útbreidd í sumum sveitanna, einkum Breiðdal, en nú er með niðurskurði sauðfjár leitast við að útrýma sjúkdómnum. Augljóst er að riðuveikin hefur skapað mikla erfiðleika í búrekstri þar sem hennar hefur gætt og þannig lamað sauðfjárbúskapinn á þessu svæði. Færi svo að einhverjir bændur hæfu ekki aftur sauðfjárbúskap eykur það enn á vanda þessarar greinar, m.a. vegna smöluna á afréttum sem þá færist á færri bændur.

Þá veldur það enn fremur áhyggjum að starfsemi mjólkurbúsins og sláturhússins á Djúpavogi hefur nú verið lögð niður. Mikilvægt er að þessar aðstæður komi til sérstakrar athugunar við gerð þessarar áætlunar.

Þótt á síðustu árum hafi náðst umtalsverður árangur í samgöngumálum og öðrum opinberum framkvæmdum er þó margt ógert sem sérstaklega verður að huga að. Leggja ber áherslu á að koma á sem greiðustum samgöngum á landi með fjörðum til Reyðarfjarðar og enn fremur er nauðsynlegt að byggja upp greiða leið um Breiðdal til Egilsstaða. Halda ber áfram uppbyggingu flugvallarins í Breiðdal og brýn verkefni í hafnarmálum eru vissulega fyrir hendi.

Á síðustu árum hefur samvinna á milli sveitarfélaga á þessu svæði aukist og þau fjalla reglulega um hagsmuna- og framfaramál sín. Það sýnir að fólkið í þessum byggðum og þeir, sem þar eru í forustu, eru tilbúnir til að takast á við aðsteðjandi vandamál. Af hendi stjórnvalda ber að mæta slíku starfi með jákvæðum viðhorfum. Gerð byggðaáætlunar, eins og hér er lögð til, hefur grundvallarþýðingu fyrir slíkt starf.

Fylgiskjal I.

Fiskifélag Íslands.

Tafla 1.

Unninn afli á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi árið 1987.

Tegund	*Tonn*	*Þús. kr.*
Þorskur	14.610	328.541
Ýsa	2.018	48.053
Ufsi	2.220	28.614
Karfi	858	13.992
Langa	85	1.287
Blálanga	1	23
Keila	15	259
Steinbítur	407	7.248
Hlýri	68	825
Skötuselur	6	6
Skata		6
Lúða	23	1.204
Grálúða	288	6.048
Skarkoli	42	719
Síld	7.388	42.077
Rækja	348	22.082
Humar	91	12.028
Ósundurliðað	15	6
Samtals	28.463	519.139

Ráðstöfun aflans var þessi:

	Tonn
Frysting	15.499
Söltun	12.329
Hersla	9
Bræðsla	602
Annað	74

Auk þess skal telja til verðmæta sem beint tilheyra heimahöfnum:

Afli seldur erlendis:

		Þús. kr.
Úr skipum	3.463	177.611
Selt úr gámum	657	32.783
Samtals	32.583	729.532

Tafla 2.

Afli skipa sem skrásett eru á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi árið 1987, landað í heimahöfn, öðrum höfnum innan lands, frystur um borð, landað erlendis eða sendur úr landi í gámum.

TegundTonn	*Þús. kr.*	
Þorskur	18.095	492.232
Ýsa	2.743	88.176
Ufsi	2.774	42.873
Karfi	1.170	24.418
Langa	115	2.352
Blálanga	5	156
Keila	41	910
Steinbítur	465	9.914
Hlýri	73	883
Skötuselur	6	241
Skata	2	16
Lúða	34	2.894
Grálúða	866	35.462
Skarkoli	75	2.218
Lýsa		8
Gulllax	34	699
Þykkvalúra	4	396
Langlúra		1
Stórkjafta		2
Rækja	1.032	70.371
Síld	3.859	24.274
Loðna	46.019	98.135
Loðnuhrogn	193	8.412
Ósundurliðað	25	306
Samtals	77.630	905.349

Ráðstöfun þessa afla hefur verið sem hér segir (í tonnum):

Heimalandanir	23.424
Landað annars staðar innan lands	49.164
Fryst um borð í skipum	924
Landað erlendis	3.463
Selt erlendis úr gámum	657
Samtals	77.632

(Tveggja tonna mismunur liggur í uppfærslu brota úr tölum.)

Sem athugasemd við töflu 2 viljum við geta þess að tvö skip, Hilmir SU 171 og Hilmir II SU 177, eru skrásett á Fáskrúðsfirði. Því kemur afli þeirra hér með, en þessi skip munu lítil samskipti hafa við sína heimahöfn hvað áhöfn snertir eða útgerð.

Afli þeirra var:	*Tonn*	*Þús. kr.*
Hilmir SU 171	35.615	118.917
Hilmir II SU 177	15.745	45.006
Samtals	51.360	163.925
Afli annarra heimaskipa er því	26.273	741.426
Samkvæmt töflu 1 má segja að unnin hafi verið á þessu svæði úr skipum sem eiga sér aðra heimahöfn, en tilheyra svæðinu	2.190	
Samtals	28.463	

	Hlutfall af heildarverðmæti	*Hlutfall af heildarafla*
Unnið á svæðinu	2,08%	1,75%
Afli skipa skrásettra á svæðinu	3,63%	4,78%
Afli skipa annarra en nefndra tveggja skipa	2,97%	1,62%

Ef meta skal útflutningsverðmæti mundum við telja verð afurða vera (í millj. kr.):

Afli unninn á staðnum	1.000
Afli seldur erlendis frá skipum og gámum	210
Samtals	1.210[1)]

[1)] 2,92% af áætluðu verðmæti útfluttra sjávarafurða.

Fylgiskjal II.

Framleiðsluráð landbúnaðarins:

21. nóv. 1988.

Hr. Egill Jónsson, alþingismaður,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Vegna fyrirspurnar yðar í síma um þróun framleiðsluréttar og framleiðslumagn í sex syðstu hreppum Suður-Múlasýslu skal eftirfarandi tilgreint:

Fullvirðisréttur til framleiðslu mjólkur var fyrst ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1985–1986 og hefur virkur framleiðsluréttur verið þannig eftir verðlagsárum (tölur eru í lítrum). Tölur fyrir 1988/1989 eru bráðabirgðatölur:

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*	*1988/1989*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	128.986	129.926	126.797	126.996
Stöðvarhreppur				
Breiðdalshreppur	216.874	222.059	168.578	168.972
Beruneshreppur	240.781	232.829	229.686	232.977
Búlandshreppur				
Geithellnahreppur	69.791	67.129	63.046	68.222
Samtals	656.432	651.943	588.107	597.167
% af heild	0,60	0,62	0,57	0,58

Bundinn réttur hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins var í byrjun september sl. 38.074 lítrar úr Breiðdalshreppi.

Innvigtun mjólkur þessi sömu verðlagsár var þannig úr þessum sveitarfélögum (tölur eru í lítrum):

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	136.520	130.361	116.655
Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur	214.385	237.667	164.273
Beruneshreppur	250.438	240.607	223.821
Búlandshreppur og Geithellnahreppur	70.261	70.191	63.719
Samtals	671.604	678.826	568.468
% af heild	0,60	0,63	0,55

Fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða var fyrst ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1987–1988. Tölurnar fyrir verðlagsárið 1988–1989 eru nálægt því að vera endanlegar.

Virkur réttur er skráður þannig (tölur í ærgildum):

Sveitarfélag	*1987/1988*	*1988/1989*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	3.892,4	3.597,3
Stöðvarhreppur	715,4	71,7
Breiðdalshreppur	5.152,5	2.007,2
Beruneshreppur	4.701,8	4.375,1
Búlandshreppur	408,9	370,4
Geithellnahreppur	5.048,0	4.902,6
Samtals	19.919,0	15.324,3
% af heild	3,17	2,52

Ein ærgildisafurð jafngildir hér 18,2 kg af kindakjöti. Bundinn réttur vegna samninga við Framleiðnisjóð landbúnaðarins og sauðfjársjúkdómanefnd verðlagsárið 1988–1989 var skráður þannig (tölur eru í ærgildum):

Sveitarfélag	*Framleiðnisjóður*	*Sauðfjársjúkdómanefnd*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	29,2	282,2
Stöðvarhreppur	316,7	324,7
Breiðdalshreppur	180,8	3.100,6
Beruneshreppur	317,3	0
Búlandshreppur	37,3	0
Geithellnahreppur	128,8	0
Samtals	1.010,1	3.707,5

Vitað er að bundinn réttur mun aukast á næsta verðlagsári. Skýrslur um innvigtun kindakjöts undanfarandi verðlagsár í þessum sveitarfélögum gefa eftirfarandi til kynna í ærgildisafurðum talið:

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	4.054,9	4.706,5	4.069,5
Stöðvarhreppur	775,8	937,4	408,3
Breiðdalshreppur	5.386,8	6.006,9	5.098,1
Beruneshreppur	4.765,3	5.352,4	4.697,3
Búlandshreppur	562,8	581,3	467,2
Geithellnahreppur	4.896,5	5.218,3	5.085,7
Samtals	20.442,1	22.802,8	19.826,1
% af heild	3,07	3,26	3,14

Innvigtunartölur fyrir verðlagsárið 1988–1989 liggja fyrst fyrir um miðjan desember nk.
Með von um að framanritaðar upplýsingar varpi nokkru ljósi á þróun búskapar í umræddum sveitarfélögum hin seinni ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins
Gísli Karlsson.

Sþ. 785. Tillaga til þingsályktunar [425. mál]

um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hún hefji sem fyrst rannsóknir á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð.

Greinargerð.

Á þessum vetri hefur það enn gerst að siglingaleiðin til Hafnar í Hornafirði hefur þrengst svo að hindrað hefur siglingu stærri skipa til Hafnar. Þarna eru náttúruöflin að verki. Í umhleypingasamri veðráttu, eins og verið hefur í vetur, kastar brimaldan sandi inn yfir tangann á Austurfjörum sem er að austanverðu við siglingaleiðina um Ósinn. Við þennan sandburð lengist Austurfjörutanginn og siglingaleiðin þrengist. Á sumrum, þegar vatn eykst í Hornafirði vegna ánna sem í hann falla, vex straumur í Ósnum svo að sandurinn, sem sjávaraldan bar inn yfir Austurfjörutangann, berst nú með straumnum til hafs.

Þær margslungnu aðstæður í náttúrufari, sem lítillega hefur verið drepið á að framan, eiga sér enga hliðstæðu við aðra höfn á Íslandi. Sú mikilvæga reynsla, sem fyrir hendi er varðandi aðstæður við Hornafjörð, er því staðbundin, enda hefur hennar verið aflað með starfi hafnsögumanna þar og skipstjórnarmanna, einkum frá Höfn, sem gjörkunnugir eru þessum óvenjulegu aðstæðum.

Þrátt fyrir þessi mikilvægu reynsluvísindi liggur ekki enn fyrir hvaða kostir eru helst færir til að hindra eða draga úr sandburði í innsiglinguna um Hornafjörð né hvaða ráð eru helst tiltæk til að flýta fyrir hreinsun skipaleiðar um Ósinn við þær aðstæður sem að framan getur.

Alkunna er að við innsiglinguna til Hornafjarðar eru aðstæður oft erfiðar, sæta verður sjávarföllum og vindur verður að vera innan ákveðinna marka. Það er því full ástæða til að hugleiða hvort ekki sé hægt að bæta skilyrði og auka öryggi sjófarenda um Ósinn með gerð brimvarnarmannvirkja utan hans.

Þótt þessar hugmyndir þyki ef til vill nokkuð fjarlægar er full ástæða til að hefja rannsóknir á aðstæðum við Hornafjörð. Fyrsti áfangi í þeim efnum er öldumælingar, en svo sem kunnugt er eru þær fyrsti þáttur í rannsóknum þar sem meta á ölduhæð og brimþunga. Slíkar mælingar taka langan tíma, oft þrjú til fimm ár eftir aðstæðum. Þessar mælingar eru fremur auðveldar í framkvæmd og verður því að ætla að unnt sé að greiða kostnað við þær af rannsóknafé Hafnamálastofnunar.

Svo sem kunnugt er hefur rannsóknastöð Hafnamálastofnunar nýlega verið endurbyggð og búnaður hennar bættur. Reynslan sýnir að þessar breytingar hafa bæði flýtt fyrir niðurstöðum úr öldumælingum og aukið öryggi rannsóknar. Þessar breyttu aðstæður í rannsóknastöðinni auðvelda rannsóknir á aðstæðum við Hornafjörð.

Þrátt fyrir að hafnaframkvæmdum hafi verið skorinn fremur þröngur stakkur í fjárveitingum má þó ætla að á næstu árum muni uppbygging almennra hafnarmannvirkja færast mjög til betra horfs. Hins vegar liggur fyrir að nokkrar stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir rúmast ekki innan þeirra fjárveitinga sem ætla má að verði varið til hafnamála á næstu árum.

Í vega- og flugmálaáætlunum eru tilteknar framkvæmdir flokkaðar sem sérverkefni og að stærstum hluta greiddar af óskiptu fé til þeirra mála. Þessa skipan þarf einnig að taka upp við kostnaðarsamar hafnaframkvæmdir en það mundi auðvelda gerð brimvarnarmannvirkja við Hornafjörð ef niðurstöður rannsókna leiddu í ljós að slíkar framkvæmdir væru mögulegar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Hornafjörður er eina höfnin allt frá Vestmannaeyjum til Berufjarðar og að við hann stendur ein þróttmesta sjávar- og þjónustubyggð landsins. Bætt hafnarskilyrði mundu treysta enn frekar þennan mikilvæga grundvöll. Hér er því um sanngirnismál að ræða sem mikil þörf er á að komist í framkvæmd.

Sþ. 786. Tillaga til þingsályktunar [426. mál]

um íslenska heilbrigðisáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli verða í samræmi við eftirfarandi heilbrigðisáætlun:

1. INNGANGUR

Heilbrigði er meðal þeirra lífsgæða sem nú eru mest metin. Heilbrigði er hvort tveggja í senn dýrmætasta eign hvers einstaklings og ein verðmætasta auðlind hverrar þjóðar. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að það sé grundvallarréttur hvers manns að fá að njóta bestu heilsu sem völ er á, án tillits til kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, nú nr. 59/1983, segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Aðaláherslan er því ekki lögð á lækningar heldur á heilsuvernd. Á undanförnum áratugum hefur heilbrigði Íslendinga gjörbreyst og er nú með því besta sem gerist meðal þjóða. Þrátt fyrir batnandi heilsufar hafa kröfur almennings um aukna heilbrigðisþjónustu stöðugt aukist m.a. vegna nýrra og bættra meðferðarmöguleika og breyttra samfélagsaðstæðna, svo sem fjölgunar aldraða.

Heilbrigðishugtakið hefur jafnframt breyst þannig að fólk leitar nú hjálpar heilbrigðisþjónustunnar af öðru og minna tilefni en áður.

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið að lífshættir einstaklinga og umhverfið ráða miklu um heilsufar og framvindu þess. Viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar eru því ekki eingöngu að lækna og hjúkra heldur ekki síður að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta gerir heilbrigðisþjónustan í samvinnu við fjölda aðila, bæði einstaklingana sjálfa, félög og stofnanir. Heilsufar Íslendinga nú kallar á breyttar aðferðir við skipulagningu og stjórn heilbrigðisþjónustu en ekki síður á breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustunni sem aftur gerir aðrar kröfur til heilbrigðisstarfsmanna en verið hefur. Í samræmi við þessar breyttu aðstæður þarf að setja heilbrigðisþjónustunni ný markmið. Í þeim markmiðum verði tekið tillit til þess að:

- **Læknisþjónusta** tekur við hinum sjúka og kostar kapps um að bjarga lífi, draga úr þjáningu og örkumlum.
- **Heilsuvernd** beinist að þekktri áhættu í umhverfi eða hjá einstaklingnum sjálfum (mengun, reykingar offita, of há blóðfita, háþrýstingur o.fl.) og kostar kapps um að útrýma eða draga úr þeirri áhættu eins og frekast er kostur.
- **Heilsurækt** miðar að því að gera einstaklingum kleift að auka hreysti og efla vitund hans og vilja til að viðhalda heilbrigði.

Heilbrigðismarkmiðið er sett fram til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjá þætti:

- **Að bæta árum við lífið.** Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.
- **Að bæta heilbrigði við lífið.** Þetta þýðir að fólkið í framtíðinni eigi fleiri ár heilbrigði og starfsemi, fólk fái færri sjúkdóma og verði sjaldnar fyrir slysum en áður.
- **Að bæta lífi við árin.** Þetta þýðir að heilbrigði aukist og að fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórni starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklingsins. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins.

Heilbrigði er að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna og fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi og honum sé ljóst hvað hann getur gert fyrir sjálfan sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000.

Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

- Að stuðla að heilbrigðu líferni.
- Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.
- Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf, auk heilbrigðisstjórnar, samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna, og árangurinn þarf að meta.

Markmið 1.

Heilbrigðisáætlun hefur það markmið að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa heilsufarslegt jafnrétti, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin.

Til þess að svo megi verða þarf að tryggja að tekið sé fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélagsumræðunni eftir því sem við á. Einnig að ákvarðanir stjórnvalda séu ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar þeirra ákvarðana en efnahagsleg og menningarleg áhrif. Sérstaklega er áríðandi að gefa gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þörfum þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða og þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun.

2. STEFNA Í HEILBRIGÐISMÁLUM

Á Íslandi hefur heilbrigðisþjónustan lengi verið á ábyrgð ríkisvalds og sveitarfélaga.

Yfirstjórn heilbrigðismála á Íslandi er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og það sér um framkvæmd laga um heilbrigðismál.

Landlæknisembættið fylgist með heilsufari landsmanna og hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsmanna.

Heilbrigðismálaráð læknishéraða hafa með höndum stjórn heilbrigðismála, áætlanir um uppbyggingu í heilbrigðismálum og skipulagningu og starf heilbrigðisstofnana undir stjórn héraðslæknis.

Síðustu hundrað ár hefur verið reynt að fjölga læknismenntuðu fólki á öllum svæðum landsins og síðustu fimmtíu ár hafa einkennst af sérhæfðri uppbyggingu eftir því sem reynsla og menntun hefur gefið tilefni til.

Síðustu þrjátíu ár hafa einkennst af uppbyggingu stofnana, einkum sjúkrahúsa.

Lögin um heilsuverndarstöðvar, sem sett voru árið 1944, skiptu sköpum á sínum tíma í þjónustu ungbarna og mæðraverndar.

Á tímabili var læknaskortur í landinu og þess gætti mjög í þeim tillögum sem settar voru fram um 1970, en nú er svo komið að læknafjöldi á Íslandi er meiri en þarf til þess að sinna heilbrigðisþjónustu í landinu.

Lögin um heilbrigðisþjónustu 1973 skiptu verulegu máli í sambandi við að koma upp nútímalegri heilbrigðisþjónustu um land allt og má segja að þjónusta samkvæmt þeim lögum nái nú til alls landsins nema Reykjavíkur.

Það sem einkennir nú heilbrigðisþjónustu á Íslandi er að sjúkrarúmafjöldi er meiri en víðast annars staðar en skortur hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, ásamt fjárskorti, veldur því að stofnanir eru ekki reknar í þeim mæli sem hægt væri.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur síðan lög um almannatryggingar komust á verið greidd af opinberum aðilum að mestu leyti. Enginn Íslendingur þarf að greiða beint fyrir dvöl á sjúkrahúsi og lítilræði þarf að greiða fyrir aðra heilbrigðisþjónustu.

Alþingi þarf reglulega að gera framkvæmdaráætlun í heilbrigðismálum. Stofnanir ríkis, sveitarfélaga og aðrir þeir aðilar, sem að heilbrigðismálum starfa, hafi hana síðan til leiðsagnar. Hæfilegt er að slík áætlun verði endurskoðuð á fimm ára fresti.

Markmið 2.

Verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að saman fari ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Jafnframt verði ríki og sveitarfélögum heimilt að gera samninga við félagasamtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti, sé það hagkvæmt.

Heilbrigðisráðherra skal annað hvert ár gera Alþingi grein fyrir framkvæmd heilbrigðisáætlunar.

3. STEFNA Í HEILSUGÆSLU- OG SJÚKRAHÚSMÁLUM

3.1 Heilsugæslustöðvar.

Heilbrigðislöggjöfin frá árinu 1973 var stefnumarkandi um það að byggja upp heilsugæslu í landinu öllu. Uppbyggingin hefur náð til allra landshluta en þó verið minnst á Reykjavíkursvæðinu og er þar mörgum verkefnum ólokið á þessu sviði.

Nauðsynlegt er að gera sérstakt átak til þess að ljúka því verkefni að byggja upp heilsugæslustöðvar sem þjóni öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins og stefna þarf að því að allir landsmenn hafi aðgang að heilsugæslustöð árið 1995.

Helstu markmiðin með uppbyggingu heilsugæslustöðva hafa verið að auka heilsuvernd, heimilislækningar og heimahjúkrun. Sérstök áhersla hefur verið lögð á heilsuverndarstarf sem hafði staðnað í þeirri mynd sem það áður var. Í dreifbýli hefur þjónusta heilsugæslustöðvanna aukist og öryggið er orðið eins og aðstæður leyfa. Í þéttbýli eru heilsugæslustöðvarnar íbúum til mikils hagræðis. Þær veita þjónustu sem áður þurfti að sækja á margar stofnanir og oft langt frá heimili.

Síðasti áratugur hefur einkennst af uppbyggingu heilsugæslustöðva og fjölgun starfsfólks í heilbrigðisstétt um land allt.

Erfitt er að meta árangur þessa starfs en ljóst er að íbúar í dreifbýli landsins una betur við hlutskipti sitt nú en fyrir 15 árum.

Á síðustu árum hefur tölvuvæðing heilsugæslustöðvanna komist vel áleiðis. Vegna hennar mun brátt verða unnt að meta og sýna hvaða árangur hefur náðst fyrir unga og aldna og líklegt er að uppbygging heilsugæslunnar eigi eftir að skila miklum árangri í heilbrigðisþjónustu aldraðra í framtíðinni.

Markmið 3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995.
Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem íþrótta- og fræðsluyfirvöld og félagsmálastofnanir í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

3.2 Sjúkrahús.

Dýrasti þáttur heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er sjúkrahúsaþjónustan og er fjöldi sjúkrarúma vegna bráðaþjónustu meiri hér en víðast hvar annars staðar.

Ekki virðist þörf á fjölgun almennra sjúkrarúma á sjúkrahúsum á næstu árum en fjölga ber rúmum á hjúkrunarheimilum þannig að aldraðir sjúkir geti dvalist sem næst heimilum sínum. Til að tryggja besta nýtingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða þarf vistun á hjúkrunarheimilum til langframa að vera háð því mati sérfróðra aðila að vistun sé óhjákvæmileg.

Auka þarf göngudeilda- og dagdeildaþjónustu í þeim tilgangi að stytta legutíma og fækka innlögnum.

Markmið 4.

Setja má reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið, og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja má reglur um þjónustusvæði einstakra sjúkrastofnana og um mönnun sjúkrastofnana.

4. HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR

Áróður fyrir heilbrigðum lífsháttum er nauðsyn í nútímaþjóðfélagi enda hefur verið sýnt fram á að venjur og lífshættir hafa veruleg og oft úrslitaáhrif á heilbrigði einstaklingsins.

Of lítið hefur verið gert að því af heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi að taka jákvæða og hvetjandi afstöðu í þessum málum.

Sérstök áhersla hefur þó verið lögð á þetta allra síðustu árin og því eru þessi heilbrigðismarkmið sett fram.

Allt starf að heilbrigðisfræðslu geldur þess hve lítið fjármagn fæst til að gera fræðsluefni og hvað því fjármagni er dreift til margra aðila. Fjöldi laga og reglugerða, sem heyra undir mismunandi ráðuneyti, fjallar um heilbrigðisfræðslu í einhverri mynd en lítið verður úr framkvæmdum. Að undirbúa fræðsluefni er vandasamt verk þar sem saman þarf að fara þekking á viðfangsefninu, tæknikunnátta til skýrrar framsetningar og kunnátta í dreifingu og samskiptum við fjölmiðla.

Stofnanir og ráðuneyti, sem með þessi mál fara nú, hafa yfirleitt ekki yfir að ráða þeim mannafla sem þarf til heilbrigðisfræðslu, frá hugmynd til framkvæmdar. Starfið verður því oft handahófskennt og árangur minni en ella.

Markmið 5.

Koma skal á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun skal annast ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu. Til stofnunarinnar færast m.a. áfengisvarnir, manneldismál, smitsjúkdómavarnir, tannvernd, tóbaksvarnir og CINDI-verkefnið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum verður lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Hefja skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í herferð fyrir heilbrigðari lífsháttum fjölskyldna og einstaklinga.

4.1 Manneldismarkmið og matvælaframleiðsla.

Fram á þessa öld veltu menn ekki fyrir sér manneldi á Íslandi að öðru leyti en því hvort allir hefðu mat til næsta máls.

Nú er þessu öðru vísi háttað. Allir hafa til hnífs og skeiðar og það er ástæða til að gefa ráð um hvaða fæða er holl og hvaða fæða er óholl.

Almenningur neytir yfirleitt of mikillar fæðu og þess vegna er offita verulegt vandamál á Íslandi. Fæðan á að innihalda nauðsynleg efni til vaxtar, viðhalds, endurnýjunar og brennslu. Hún þarf einnig að vera hættulaus og eftirlit með aukefnum í fæðu er mikilvægt.

Talið er að leiðbeina þurfi fólki um fæðuval, einkum af þeim ástæðum að minnka þurfi fitu, sykur og matarsalt í fæðunni. Til viðbótar við fræðslu um þessi efni má með verðstýringu hafa áhrif á neysluvenjur.

Markmið 6.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar innlendrar fæðu. Ýta þarf undir neyslu kornmetis, fisks, fitulítils kjöts, kartaflna, ávaxta og grænmetis.

Með fræðslu og verðstýringu skal stuðla að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi. Á sama hátt skal stuðla að minni neyslu sætinda og matar sem inniheldur mikið af sykri og salti.

Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

Efla þarf eftirlit með aukefnum í matvælum.

Á grundvelli upplýsinga manneldisráðs hafa verið sett fram matvælaframleiðslu- og manneldismarkmið. Setja skal fram ný slík markmið fyrir árið 1995 og þau síðan endurnýjuð á fimm ára fresti. Markmið þessi skulu hafa að geyma ábendingar um verðlagningu, framleiðslu og aðrar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að þjóðin snúi sér að heilbrigðara mataræði en nú tíðkast.

4.2 Skaðsemi tóbaksnotkunar.

Á Íslandi er áætlað að 200 til 300 manns deyi á hverju ári af tóbaksreykingum, beinum og óbeinum. Þess vegna er talið eðlilegt að stuðla markvisst að útrýmingu tóbaksneyslu. Með verðstýringu má hafa áhrif á neyslu tóbaks en óeðlilegt er að hækkun tóbaksverðs hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

Markmið 7.

Markmiðið er að draga úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að halda fólki frá reykingum og fá þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu markmiði verður að auka bæði upplýsingar og áróður og taka til sérstakrar íhugunar tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Minnka verður verulega og helst útiloka að fólk sem ekki reykir þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum skal hækka árlega umfram almennar verðhækkanir. Útiloka þarf áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

4.3 Skaðleg áhrif áfengis.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu. Liður í því er verðlagning áfengis. Koma þarf í veg fyrir að hækkanir á verði áfengis hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

Markmið 8.

Almenna neyslu áfengis þarf að minnka og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja markvisst áróðursstríð gegn slæmum drykkjusiðum með auglýsingum, stuttum sjónvarpsþáttum, slagorðum o.fl.

Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar. Auka skal rágjöf sem heilbrigðisþjónustan veitir og efla þarf starf að því að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram almennar verðhækkanir og sterkt áfengi meira en létt vín og bjór.

Gera skal áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti.

4.4 Geðheilsa.

Vandamál tengd geðheilsu og persónulegum tengslum manna eru fjölmörg og virðast fara vaxandi. Orsakir alvarlegra geðsjúkdóma eru ekki þekktar nema að litlu leyti. Forvarnir byggjast því aðallega á því að veita meðferð og aðra aðstoð eins fljótt og auðið er eftir að búið er að greina vandann.

Vaxandi athygli beinist að streitu ýmiss konar og þeim áhrifum sem hún hefur á andlega líðan og líkamlega sjúkdóma. Í kjölfar frekari rannsókna má að líkindum grípa síðar til sértækra forvarna.

Markmið 9.

Til að minnka líkur á geðrænum vandamálum á að auka möguleika fólks til persónulegra tengsla. Til þess að ná þeim markmiðum þarf að auka menntun, leiðbeiningar og hjálp í vandasömum tilvikum.

Það þarf að aðlaga heilbrigðisþjónustuna þannig að hún hjálpi fólki að fást við vandamál daglegs lífs og jafnframt þarf að auka og bæta félagslega ráðgjöf af hálfu opinberra aðila og félagasamtaka. Gera þarf aðgengilegar upplýsingar um þá þætti sem áhrif hafa á geðheilsu einstaklinga.

Þeir sem eiga við langvarandi veikindi að stríða, svo og fatlaðir og aldraðir þurfa sérstakrar hjálpar við til þess að ná og halda tengslum við samfélagið og annað fólk.

4.5 Líkamsrækt og þjálfun.

Menn eru sammála um að líkamsrækt og líkamleg þjálfun sé undirstaða heilbrigði. Líkamleg þjálfun er nauðsynleg fyrir alla aldurshópa. Breyttar þjóðfélagsaðstæður, atvinnuhættir og færri áreynslutækifæri gera meiri kröfur um líkamsrækt og þjálfun fyrir alla aldurshópa en áður.

Markmið 10.

Það þarf að gefa þjóðfélagsþegnum fleiri og meiri tækifæri til heilbrigðrar hreyfingar en nú er.

Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Einnig þarf að gefa gaum að því að fólk fái tækifæri til að hreyfa sig utan dyra og setja upp sérstakar gangbrautir og hjólreiðabrautir í þéttbýli.

Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum það eldra og þeir sem eru fatlaðir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

5. HEILBRIGÐISEFTIRLIT OG UMHVERFISVERND

Tilvist mannkyns er háð því að eðlilegt jafnvægi haldist í sambýli manns og náttúru. Ómenguð náttúra er ein forsenda andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðunar mannsins.

Heilbrigði hans er háð þeirri fæðu, sem hann neytir og því umhverfi, sem hann lifir og starfar í. Sífellt þarf að meta hvort heilbrigði manna er hætta búin af nánasta umhverfi, svo og neyslu- og nauðsynjavörum.

Heilbrigðis- og umhverfiseftirlit á að stuðla að heilsusamlegu umhverfi innan húss og utan, ómenguðu lofti, láði og legi, heilnæmu neysluvatni, matvælum og öðrum neysluvörum, svo og óskaðlegum nauðsynjavörum.

Hlutverk umhverfis- og heilbrigðiseftirlits er fyrst og fremst fræðsla og upplýsingar um þessi mál og að sjá um að farið sé að lögum og reglum er varða almenna hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og aðbúnað og öryggi á vinnustöðum og að vinna að betri heilsuvernd og mengunarvörnum.

Stýring þessara mála með lögum og reglugerðum er nauðsynleg og fræðsla og samvinna eru mikilvægir þættir.

Markmið 11.

Markmið heilbrigðis- og umhverfiseftirlits er að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð manna með því að fylgjast með andlegum, líffræðilegum, eðlisfræðilegum og efnafræðilegum áhættuþáttum í umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra.

Stýring þessara mála með sérstökum lögum og reglugerðum kann að vera nauðsynleg, en meginähersla skal lögð á fræðslu og samvinnu fremur en valdboð.

Fullnægjandi sérfræðiþekking starfsmanna er nauðsynleg við störf að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti og verkefni þurfa að vera við hæfi. Þannig skal miðað við það að á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði verði að jafnaði einn heilbrigðisfulltrúi á hverja 7000 íbúa eða brot úr þeirri tölu.

5.1 Neyslu- og nauðsynjavörur.

Með hinum öru þjóðfélagsbreytingum síðustu ára hefur framleiðsla og innflutningur tilbúinna matvæla og annarra tilbúinna neysluvara stóraukist og neysluvenjur fólks breyst verulega. Fjölbreytni neyslu- og nauðsynjavara er mun meiri en áður og hefur áhættuþáttum í sambandi við notkun þeirra fjölgað.

Þessir þættir varða fyrst og fremst skaðlegar örverur, aukefni, lyfjaleifar í neysluvörum svo og eiturefni og hættuleg efni í nauðsynjavörum. Stjórnvöld þurfa að meta þessa áhættuþætti, gera viðeigandi ráðstafanir og sjá til þess að almenningur fái sem bestar upplýsingar.

Markmið 12.

Leggja skal áherslu á eftirlit og grunnrannsóknir varðandi heilnæmi neysluvatns, matvæla og annarra neysluvara.

Þann árangur, sem náðst hefur í smitsjúkdómavörnum, skal bæta með því að auka almennar varnaðarráðstafanir með auknum ónæmisaðgerðum. Jafnóðum og ný og nothæf bóluefni verða til fyrir smitsjúkdóma skal skipuleggja ónæmisaðgerðir gegn þeim.

Efla skal rannsóknir og eftirlit til að upplýsa orsakir matarsýkinga og matareitrana. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

Hefja skal markvissar þjónusturannsóknir og eftirlit með efnisþáttum, aukefnum, eiturefnum og aðskotaefnum í neysluvörum.

Markmið 13.

Til að bægja frá þeirri heilbrigðishættu, sem stafar af eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum, skal koma í veg fyrir að slíkum vörum verði dreift.

Með viðeigandi ráðstöfunum skal einnig stefnt að því að nauðsynjavörur verði óskaðlegar með tilliti til annarra áhættuþátta, svo sem af völdum hönnunar sem gæti leitt til meiðsla eða kvilla.

5.2 Hávaða- og geislavarnir.

Hávaði frá umferð og atvinnurekstri, jónandi geislun frá lækningatækjum og notkun kjarnorku og ekki jónandi geislun getur valdið heilsutjóni sem brýnt er að koma í veg fyrir.

Markmið 14.

Leggja skal áherslu á það að sú geislun, sem fólk verður fyrir, sé í lágmarki.

Notkun röntgentækja skal stillt í hóf og efla ber fræðslu um ekki jónandi geislun, t.d. við sólböð og notkun sólarlampa.

Auka skal eftirlit með geislavirkni í matvælum og umhverfi. Við innflutningseftirlit skal þess gætt að geislavirkar neysluvörur komist ekki á markað.

Áhersla skal lögð á að draga úr hávaða frá umferð og atvinnurekstri og áhrifum hans.

Að því skal stefnt að við skipulag byggðar verði þess gætt að hávaði af völdum umferðar og hvers konar starfsemi valdi hvergi heilsutjóni né verulegu ónæði eða óþægindum.

5.3 Mengunarvarnir.

Vandamál vegna mengunar hér á landi eru enn ekki eins mikil og í ýmsum öðrum tæknivæddum ríkjum, en nú þegar má sjá blikur á lofti.

Tugir þúsunda efna og efnasambanda eru í notkun eða myndast við ýmiss konar starfsemi. Mengun af völdum margra þessara efna getur skapað heilbrigðishættu og leitt til röskunar lífríkis. Stöðugt bætist við ný vitneskja um heilbrigðisáhættu af völdum þessara efna og um áhrif þeirra á vistkerfi vatna, sjávar, lands og lofts.

Með aukinni fólksfjölgun, þéttbýli, velmegun og tæknivæðingu eykst efnamengun umhverfisins bæði að magni og fjölbreytni.

Stjórnvöld þurfa ávallt að vera á verði til þess að geta metið hugsanleg áhrif mengunarinnar og gera viðeigandi ráðstafanir.

Markmið 15.

Koma skal í veg fyrir umhverfismengun eins og frekast er kostur.

Fylgjast skal með sem flestum mengunarþáttum um allt land. Enn fremur skal reynt að meta þá mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum.

Áherslu skal leggja á að draga úr mengun af völdum brennslu eldsneytis í ökutækjum og í iðnaði og mengun vatna og sjávar af völdum fiskeldis.

Frágangur skolpútrása skal stórlega bættur og að því verði stefnt að allt skolp frá þéttbýli verði grófhreinsað ef það er leitt til sjávar. Fullkomnari hreinsun verði beitt við aðrar aðstæður.

Að því skal stefnt að við skipulag byggðar sé ávallt gert ráð fyrir fullnægjandi lausn frárennslismála.

Þær aðferðir sem notaðar eru við losun úrgangs verði bættar og stefnt skal að því að endurvinna úrgang þar sem það er framkvæmanlegt.

Loftmengun skal athuga sérstaklega og setja loftgæðastaðla. Loftræsting í almennum byggingum og á vinnustöðum skal athuguð sérstaklega. Þá skal herða eftirlit með og setja reglur um byggingarefni sem nota má til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði og þau efni sem notuð eru í húsgögn til þess að tryggja heilnæmi innilofts.

5.4 Vinnuvernd.

Breytingar í þjóðfélags- og framleiðsluháttum hafa gert það að verkum að atvinnuhættir hafa breyst verulega. Þessi þróun hefur verið svo hröð að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til einstaklingsins á vinnustað. Það endurspeglast m.a. í streitu, óheppilegu líkamsálagi, hávaðamengun, aukinni slysahættu og hættu á skaðlegum áhrifum efna.

Markmið 16.

Stefnt skal að fullnægjandi aðbúnaði á vinnustöðum til að fækka alvarlegum vinnuslysum um a.m.k. fjórðung fram til ársins 2000.

Stefnt skal að því að gera áætlun um vinnuvernd og hrinda henni í framkvæmd þannig að brýnustu verkefni fái forgang.

Gæta þarf bæði að geðrænum og líkamlegum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Gera þarf heilsugæslustöðvar virkari á þessu sviði.

Leggja skal áherslu á að framfylgt sé reglum um hávaðavarnir á vinnustað og heyrnareftirlit starfsmanna.

Stefnt skal að því að minnka verulega áhrif skaðlegra efna við vinnu.

5.5 Slysavarnir.

Slys eru vaxandi heilbrigðisvandamál á Íslandi og hafa veruleg áhrif á kostnað þjóðfélagsins og afkomu einstaklinganna. Slys á börnum og unglingum eru alltof tíð hér á landi.

Unnt er að koma í veg fyrir slys með fræðslu og ráðgjöf, enn fremur með löggjöf, svo sem vinnulöggjöf og umferðarlögum.

Markmið 17.

Stefnt skal að því að fækka vinnuslysum, umferðarslysum, slysum á sjó, á heimilum, í skóla, í íþróttum og í frístundum.

Stefnt skal að því að draga úr slysum vegna áfengis- og vímuefnanotkunar.

6. ÞRÓUN HEILBRIGÐISKERFISINS

Heilbrigðisþjónustu þarf að byggja þannig upp að hún hvetji alla þegna þjóðfélagsins til heilsuverndar og heilsuræktar. Hún þarf enn fremur að veita þeim jafnan aðgang að forvörnum sjúkdóma, greiningu sjúkdóma á byrjunarstigi, markvissri meðferð og endurhæfingu vegna langvinnra sjúkdóma og fötlunar, jafnframt sem mestu frjálsræði til þess að velja sínar eigin leiðir til heilbrigðs lífs. Þjónustuna ber að skipuleggja á grundvelli ábyrgðar fólks á eigin heilbrigði, en einnig á grundvelli jafnréttis og samábyrgðar.

Góð heilbrigðisþjónusta:

- er sveigjanleg til að mæta breytilegum þörfum fólks,
- eflir ábyrgð fólks á eigin heilbrigði,
- nýtir vel fjármuni og er ekki ofviða efnahag,
- þjónar öllum jafnt óháð aldri, kyni, tekjum, stöðu eða búsetu,
- er samfelld og slítur ekki einstaklinginn úr samhengi við fjölskyldu sína og umhverfi,
- byggir á bestu þekkingu á eðli heilbrigðis og sjúkdóma.

Þegar rætt er um heilbrigðiskerfið má greina mismunandi stig þess eftir sérhæfingu:

- Stig sjálfshjálpar og hjálpar sem veitt er af vandamönnum og vinum.
- Stig almennrar heilbrigðisþjónustu veittrar af þeim sem hafa hlotið til þess menntun og hafa af því atvinnu.
- Stig sérhæfðrar þjónustu, sem oft er veitt samkvæmt tilvísun frá fyrri stigum.
- Stig mjög sérhæfðrar þjónustu, sem einungis er unnt að veita á landsvísu, og í sumum tilvikum þarf að sækja hana til annarra landa.

Í þróun og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins á Íslandi hefur sérstök áhersla verið lögð á heilsugæslukerfið annars vegar og uppbyggingu sérhæfðrar sérfræðiþjónustu hins vegar.

Þátt í þessu taka ríkisvald, sveitarstjórnir, félagasamtök (sjálfseignarstofnanir) og einstaklingar.

Heilsugæslukerfið hefur verið byggt upp um landið allt og er lengra komið á strjálbýlissvæðum. Hins vegar er sérfræðiþjónustan mun meiri á þéttbýlissvæðunum. Stefnt hefur verið að uppbyggingu sérfræðiþjónustu á Akureyri, auk Reykjavíkur.

Sérfræðiþjónusta tannlækna, sérfræðinga sem vinna utan sjúkrahúsa, atvinnusjúkdómavarna, sjúkraþjálfunar og endurhæfingar eru mikilvægur þáttur heilsugæsluþjónustunnar.

Markmið 18.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar skal sérstök áhersla lögð á heilsugæslu. Sérfræðiþjónustu skal haldið á því háa stigi sem hún er á nú.

Markvisst skal dregið úr þeim mismun sem enn er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Starfsliði í heilbrigðisþjónustu mun þurfa að fjölga bæði til að sinna þeim nýju verkefnum sem ráð er fyrir gert að tekin verði upp og auknum verkefnum á öðrum sviðum. Hér vega þungt aukin áhersla á forvarnir annars vegar og hins vegar sú staðreynd að Íslendingar sem þjóð eru að eldast.

Markmið 19.

Stefnt skal að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú. Einnig skal reynt að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

6.1 Mönnun og starfsemi heilsugæslustöðva.

Aukin áhersla á forvarnir og heilbrigðisfræðslu og meiri hjúkrunarþjónusta hefur í för með sér þörf fyrir aukinn fjölda starfsmanna í heilsugæslu. Þörf er á auknum upplýsingum um heilsurækt, heilbrigðisviðhorf og lífshætti íbúa heilsugæsluumdæmanna.

Markmið 20.

Ný áætlun skal gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð. Áætlunin skal byggjast á skipulegri upplýsingaöflun um starfssvæði hverrar stöðvar (svæðisgreiningu) sem taki tillit til eftirtalinna þátta: íbúafjölda, aldursskiptingar, fjölda íbúa með langvinna sjúkdóma og/eða fötlun, fæðingafjölda, stærð skóla og stærð og eðli atvinnufyrirtækja. Aldrei skal þó vera færri en einn heilsugæslulæknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum í dreifbýli. Í þéttbýli skal vera einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1500 íbúa. Annað sérmenntað starfslið ákvarðast af aðstæðum á hverjum stað.

Ákvarðanir um forvarnaraðgerðir í hverju heilsugæsluumdæmi skal byggja á upplýsingum um lífshætti, viðhorf til heilbrigðis, slysatíðni og ýmsa áhættuþætti heilsutjóns hjá íbúum viðkomandi svæði.

Markmið 21.

Fyrir árið 1995 skal vera völ á sérfræðiþjónustu á öllum stærri heilsugæslustöðvum. Skal þetta gert með skipulögðum ferðum sérfræðinga og jafnvel ráðningu sérfræðinga.

Markmið 22.

Stefnt skal að því að endurhæfingarstarfsemi verði í hverju heilsugæsluumdæmi annaðhvort við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Sérhæfð endurhæfingarstarfsemi skal vera í Reykjavík og nágrenni og á Akureyri.

Endurhæfingarstarfsemi þarf að fela í sér fræðslu og fyrirbyggjandi þjálfun fyrir einstaklinga, sérstaka hópa og almenning auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa. Endurhæfing í forvarnarskyni skal sniðin við hæfi fólks á öllum aldri og veitt í heimahúsum, skólum og á vinnustöðum auk heilbrigðisstofnana.

6.2 Tannheilsa.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg fjölgun tannlækna og er fjöldi þeirra nú svipaður hér á landi miðað við fjölda íbúa og annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur þáttur hins opinbera í kostnaði við tannviðgerðir barna og unglinga aukist. Þrátt fyrir þetta er ljóst að

árangur í baráttunni gegn tannskemmdum er mun lakari hér á landi en í nágrannalöndum. Hluti af skýringunni er að ekki hefur verið lögð næg áhersla á varnir gegn tannskemmdum samhliða aukinni og bættri viðgerðarþjónustu. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 var gert ráð fyrir tannheilsugæslu, forvörnum og tannviðgerðum á heilsugæslustöðvum. Af því hefur ekki orðið. Síðustu árin hafa veruleg skref verið stigin til aukinnar tannverndar á vegum heilbrigðisráðuneytisins og framlög Tannverndarsjóðs í þessu skyni aukin.

Markmið 23.

Sérstakt átak skal gera til að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Kannaðar skulu leiðir til að auka verulega varnir gegn tannskemmdum. Huga þarf að skipulagi tannheilsugæslu með það fyrir augum að áherslur séu í samræmi við meginmarkmið um bætta tannheilsu almennings. Er þá bæði átt við greiðslur hins opinbera og samræmdar aðgerðir til að draga úr tannskemmdum. Sérstaklega þarf að kanna hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæsla sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva.

6.3 Sérfræðiþjónusta sjúkrahúsa.

Markmið sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa er að sjá fyrir þeirri sérhæfðu þjónustu sem er nauðsynleg til þess að taka við þeim einstaklingum sem heilsugæslan getur ekki sinnt.

Markmið 24.

Gæðum sérfræðiþjónustu skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Hlutverk sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri skulu skilgreind sérstaklega, svo og annarra sjúkrahúsa utan Reykjavíkur þar sem sérfræðingar starfa.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Beinum tengslum verði komi á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum í Reykjavík og á Akureyri og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

Göngudeildaþjónusta sjúkrahúsa skal skipulögð og efld.

6.4 Geðlækningar.

Geðlæknisþjónustan hefur á seinni árum tekið verulegum breytingum. Geðdeidir eru nú við þrjú af stærstu sjúkrahúsum landsins, Landspítala, Borgarspítala og sú nýjasta við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Unglingageðdeild hefur tekið til starfa í Reykjavík. Aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks hefur víðast hvar tekið stakkaskiptum. Aukið framboð er á sérhæfðri geðlæknisþjónustu utan stofnana. Mikil fjölgun hefur orðið á meðferðarplássum á stofnunum fyrir einstaklinga sem eiga við vandamál að stríða vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna. Er svo komið að meðferðarframboð er á því sviði mun meira en þekkist annars staðar.

Skortur er á aðstöðu á stofnunum fyrir þá sem eru haldnir alvarlegum elliglöpum. Halda þarf áfram uppbyggingu á endurhæfingaraðstöðu fyrir þá sem eru haldnir alvarlegum geðsjúkdómum og auka möguleika þeirra til að geta búið utan sjúkrahúsa. Bið er eftir þjónustu barnageðlækna, sérlega ef um minni háttar vandamál er að ræða. Málefni ósakhæfra afbrotamanna og geðsjúkra fanga eru í ólestri en þau mál tilheyra dómsmálaráðuneyti.

Markmið 25.

Sérstakar ráðstafanir skal gera vegna geðlækninga og almenn geðlæknisþjónusta aukin.

Sérstök áhersla skal lögð á að geðlæknisþjónusta komi á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum að ákveðnu marki. Gera skal ráð fyrir að geðspítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði. Barna- og unglingageðdeild verði aðeins í Reykjavík.

Sjúkrarúmum fyrir geðsjúka verði ekki fjölgað en vaxandi áhersla lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum í þeim mæli sem unnt er. Aldraðir geðsjúklingar verði vistaðir svo sem unnt er á almennum hjúkrunardeildum.

6.5 Öldrunarlækningar.

Ljóst er að á næstu árum fjölgar öldruðum hér á landi bæði hlutfallslega og tölulega. Heilbrigðisþjónustan verður að vera í stakk búin að mæta þjónustukröfum vegna þessa aldurshóps þegar á þessum áratug og í vaxandi mæli eftir það. Það eru hinir elstu sem mest þurfa á öldrunarþjónustu að halda bæði sökum þess að heilsubrestur er þar algengur og félagsleg staða þeirra hefur gjarnan raskast. Þjónustuþörf þessa aldurshóps vex samfara fjölgun í elstu aldurshópunum og heilbrigðisþjónustan verður að vera við því búin að mæta henni.

Markmið 26.

Uppbyggingu öldrunarlækninga, sem hafin er, skal haldið áfram. Öldrunarlækningadeildir skulu vera í Reykjavík og á Akureyri. Stefnt skal að því að aldraðir sjúkir verði vistaðir á hjúkrunarheimilum eða sjúkrahúsum í sinni heimabyggð.

Vinna skal áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og félagslegu þjónustunnar hins vegar eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Leggja skal áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla skal að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar og heimahjúkrunar.

6.6 Sjúkratryggingar og örorkumat.

Almenn sjúkratrygging hefur verið lögboðin hérlendis í áratugi og nú eru allir sjúkratryggðir hafi þeir lögheimili hér á landi.

Sjúkratryggingar greiða allan kostnað við sjúkrahúsvist en takmarkanir eru á greiðslum fyrir aðra þjónustu. Þannig greiðir fólk að hluta fyrir lyf og læknishjálp bæði á heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðingum.

Sjúkratryggingar greiða ekki heilsuverndarkostnað sem greiddur er með öðru móti og aðeins hluta af kostnaði vegna tannlækninga, endurhæfingar og ferðalaga vegna sjúkdóma. Ýmis þessi atriði þurfa endurskoðunar við, svo og fyrirkomulag dagpeningagreiðslna.

Markmið 27.

Ákvæði laga almannatrygginga um sjúkratryggingar skal endurskoða. Endurskoða skal og ákvæði sömu laga um örorkumat með það fyrir augum að tryggja réttlátt örorkumat sem hafi hliðsjón af heilsufarslegum og félagslegum aðstæðum tryggðra.

Stefnt skal að því að örorkumat verði einnig framkvæmt utan Reykjavíkur, t.d. við embætti héraðslækna. Setja skal reglur sem tryggja rétt sjúklinga til að áfrýja örorkumati.

Taka skal til athugunar að færa allan sjúkrahúskostnað frá sjúkratryggingum til fastra fjárlaga.

Taka skal til athugunar greiðsluform sjúkratrygginga og greiðsluhlut sjúklinga í hinum ýmsu lækningum. Sérstakan gaum skal gefa að sjúkradagpeningagreiðslum og launum í veikindum þannig að betra samræmi verði á þeim ákvæðum en nú er milli ýmissa stétta og starfshópa. Við endurskoðunina skal þess sérstaklega gætt að fólki sé ekki mismunað eftir því hvar það er búsett á landinu. Þarf því bæði að taka tillit til ferðakostnaðar og dvalarkostnaðar sjúklinga og aðstandenda sé um að ræða sjúkdóma sem ekki er hægt að lækna í heimabyggð.

6.7 Lyfjamál.

Fyrirkomulag lyfsölu er þannig hérlendis að lyfjaheildsala er öllum frjáls sem hafa í þjónustu sinni lyfjafræðinga. Smásalan er hins vegar með þremur undantekningum bundin við að lyfjafræðingur fái leyfi forseta Íslands til að reka lyfjabúð í tilteknu umdæmi.

Ekkert mælir á móti breytingum til frjálsræðis og hagræðingar í lyfjasmásölu og er hægt að gera það án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Eftirliti með lyfjasölu er lagalega vel fyrir komið en upplýsingum um lyf og lyfjanotkun er í mörgu ábótavant. Samvinna lækna og lyfjafræðinga í þessum efnum er ófullnægjandi og stórefla þarf upplýsingar til almennings um notkun lyfja og verð þeirra.

Fjöldi íbúa á hvert apótek er öllu lægri hér á landi en í Noregi, Svíþjóð og í Danmörku og svipaður og í Finnlandi og virðist hæfilegur. Þó er ávallt vandasamt að koma á fót apótekaþjónustu í minnstu heilsugæsluumdæmum landsins og hafa þá læknar farið með lyfjasölu og í sumum tilvikum hafa sveitarfélög rekið lyfjasölu með undanþágum.

Ekki þykir eðlilegt að læknir fari jafnframt með lyfjasölu. Því þarf að leggja áherslu á að útibú frá apótekum verði sem víðast í dreifbýli og þá í tengslum við heilsugæslustöðvar.

Forvarnarstarf er mjög óverulegt í apótekum þrátt fyrir góða aðstöðu þeirra til þess að ná til fólks með fræðslu og upplýsingar. Ástæða er því til að efla þennan þátt í starfsemi apóteka.

Markmið 28.

Öll málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu skal taka til sérstakrar athugunar. Athuga skal sérstaklega möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og læknar og annað heilbrigðisstarfslið er ráðið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu stórauknar og sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Verðlagning lyfjaþjónustu skal athuguð með tilliti til breytilegrar álagningar eftir innkaupsverði.

Endurskoða skal hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði þannig að gætt verði sérstaklega hagsmuna þeirra sem þurfa lyf að staðaldri og fá ekki ívilnun samkvæmt gildandi ákvæðum. Heimilað verði að gefa út lyfseðla sem gilda fyrir fleiri en eina afgreiðslu til hagræðis fyrir þá sem nota lyf gegn langvinnum sjúkdómum.

Stefnt skal sérstaklega að virku samstarfi heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana annars vegar og apóteka hins vegar í sambandi við hagkvæmt lyfjaval og að læknar fái jafnan upplýsingar um lyfjaávísanir sínar og kostnað af þeim.

Apótekum verði falin forvarnarverkefni í samvinnu við heilsugæslustöðvar, skóla og áhugamannasamtök.

6.8 Skaðabætur til sjúklinga.

Reynslan sýnir að af og til verða við lækningar óvænt óhöpp sem engum verður um kennt. Sanngjarnt er að þeir sem fyrir slíkum óhöppum verða fái hæfilegar bætur án þess að stofna þurfi til málaferla.

Markmið 29.

Setja skal sérstakar reglur um bætur til sjúklinga ef þeir verða fyrir heilsutjóni eða örorku vegna óhappatilviljunar við læknismeðferð eða sjúkrahúsdvöl.

7. FRAMLÖG TIL HEILBRIGÐISMÁLA OG MANNAFLI

7.1 Fjármunir.

Síðustu 25 ár hafa fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu aukist mjög verulega og er nú þannig komið að Ísland eyðir hlutfallslega jafnmiklu af þjóðarframleiðslu og aðrar Norðurlandaþjóðir, eða um 7%.

Markmið 30.

Stefnt skal að því að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er. Þetta er nauðsynlegt til að unnt sé að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna og vegna fjölgunar langvarandi sjúkdóma og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferðar.

Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana þannig að stofnanir til þess að sinna heilsugæslu verði allar komnar upp fyrir árið 1995 og fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri stofnanaþjónustu eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

7.2 Mannafli.

Starfsliði í heilbrigðisþjónustu hefur fjölgað mjög síðustu tvo áratugi án þess að áætlun hafi verið gerð um samræmingu menntunartilboða og starfa. Því er svo komið nú að offjölgun er í sumum starfsstéttum en skortur í öðrum. Til að leiðrétta þetta þarf samræmingu og skipulag, og launamálastefnu sem hvetur til þeirra starfa þar sem nú er skortur á mannafla.

Markmið 31.

Gera skal áætlun fyrir 1992 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess sértaka áætlun hvað þarf af löggiltum heilbrigðisstéttum fram til ársins 2000.

Námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta sérstaklega skal endurskoða með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu og skulu allar námsskrár þessara stétta samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum. Sérstaklega skal kanna möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

8. RANNSÓKNIR OG KENNSLA

8.1 Rannsóknir vegna heilbrigðisstefnunnar.

Heilbrigðisþjónustan þarf að búa við virkt og öflugt upplýsingakerfi til eftirlits og mats á árangri og til ákvarðana. Forsendur heilbrigðisáætlunarinnar eru þekking á heilsufari, dánarorsökum og þeim þáttum, sem áhrif hafa til góðs eða ills í því sambandi, eins og lífsmáti

fólks, umhverfi þess, notkun og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar ásamt möguleikum á virkum ákvörðunum og stefnumörkun í heilbrigðismálefnum. Núverandi upplýsingakerfi er ófullkomið og þungt í vöfum. Það byggir aðallega á dánarmeinaskrá en tölvuvæðing á útskriftaskrám sjúkrahúsa og samskiptaskrám heilsugæslustöðva er í örri þróun.

Markmið 32.

Fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni skal skipulagt fyrir árið 1992. Í slíku kerfi felst reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva, starfsemi sjúkrahúsa og störfum heilbrigðisstétta og einstakra starfsmanna.

Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar og í því skyni gerð sérstök rannsóknaráætlun fyrir árið 1990 til stuðnings framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Í því skyni skal tryggð nauðsynleg aðstaða og fjölgun fólks sem stundar heilbrigðisrannsóknir. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar, svo og rannsóknum á heilbrigðiskerfinu sjálfu, hvernig það reynist, hvernig það starfar og hver árangur þess er. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi til fræðslu og upplýsinga.

8.2 Lækningarannsóknir.

Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir á sviði þjónusturannsókna til þess að aðstoða við greiningu sjúkdóma og fylgjast með árangri sjúkdómsmeðferðar. Sérstaka áherslu þarf að leggja á eflingu þessarar starfsemi til þess að ná árangri við að greina sjúkdóma á frumstigi þeirra. Rannsóknarstörf á aðalsjúkrahúsum landsins þarf að efla til þess að ná góðum árangri við að greina sjúkdóma á byrjunarstigi. Brýnt er að fylgjast með tækniþróun á sviði lækningarannsókna til þess að nýta til fulls þær framfarir sem orðið hafa nú þegar. Einnig þarf að fylgjast grannt með nýrri tækni sem stöðugt þróast á þessu sviði.

Markmið 33.

Gera skal ráðstafanir til þess að fylgjast með nýjungum í læknisfræði og gera ráðstafanir til að nýta þær nýjungar hér á landi eða í samvinnu við önnur lönd í þágu forvarna, fyrirbyggjandi lækninga og meðferðar sjúkdóma.

8.3 Vísindarannsóknir.

Síðustu tvo áratugi hefur þekking á heilbrigðu og sjúku líkamsástandi aukist gífurlega vegna nýrra rannsóknaraðferða, sem hafa verið notaðar til þess að auka skilning á sviði veirusjúkdóma, ónæmisfræði, lífefnafræði og erfðafræði. Þessar framfarir hafa gert læknum kleift að fyrirbyggja alvarlega sjúkdóma sem þeir áður stóðu ráðþrota gagnvart. Margir sjúkdómar, sem ekki eru sérlega algengir (t.d. erfðasjúkdómar), geta verið mjög kostnaðarsamir fyrir þjóðfélagið vegna þess að sjúkrahúsvist er jafnan löng og veita þarf þessum sjúklingum mikinn stuðning utan sjúkrahúsa. Til þess að lina þjáningar slíkra sjúklinga og spara kostnað við rekstur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að finna orsakir þessara sjúkdóma og koma í veg fyrir þá.

Markmið 34.

Efla þarf vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni. Slíkar rannsóknir verði fyrst og fremst efldar til þess að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að greina þá á frumstigi. Einkum þarf að einbeita sér að rannsóknum á sjúkdómum sem eru hlutfallslega algengir á Íslandi.

Markmið 35.

Við aukningu á vísindastarfsemi verði aðstaða á rannsóknarstofum nýtt vel til þess að mennta og þjálfa stúdenta, einkum þó þá, sem lokið hafa námi í læknisfræði, líffræði og öðrum starfsgreinum heilbrigðisþjónustunnar. Nota þarf rannsóknarstofurnar og þá vísindamenn sem þar starfa til þess að vekja áhuga starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar á rannsóknum, gildi þeirra og gagnsemi.

8.4 Kennsla.

Ef einstaklingurinn á að vera virkur þátttakandi í heilbrigðisþjónustunni verður hann að hafa nauðsynlega þekkingu á undirstöðuatriðum líkams- og heilsufræði. Slíka þekkingu þarf að byggja upp í áföngum í skólakerfinu og viðhalda með almenningsfræðslu eða símenntun.

Forvarnastarf ber því aðeins árangur að einstaklingurinn viti og skilji hvað ber að forðast og hvers vegna. Til þess að forvarnastarf í heilbrigðismálum nái fullum tilgangi þarf fræðsla um mannslíkamann og heilbrigða lífshætti að verða ein af undirstöðugreinum námsins. Einstaklingurinn þarf að öðlast þessa þekkingu í áföngum eftir því sem hann hefur þroska til og þörf fyrir. Fræðslan má ekki vera takmörkuð við skólakerfið. Hún þarf að ná til fólks á öllum aldri. Börn og unglingar hafa aðrar þarfir í þessum efnum en ungt fólk sem hefur stofnað heimili og eignast börn. Þarfir aldraðra eru enn aðrar þannig að einstaklingurinn hefur stöðugt þörf fyrir nýja vitneskju og fræðslu á hinum ýmsu skeiðum ævinnar.

Tryggja þarf símenntun allra starfandi heilbrigðisstétta því framfarir í heilbrigðisvísindum eru mjög örar og auknar líkur á betri þjónustu. Einnig er nauðsynlegt að veita heilbrigðisstarfsfólki þjálfun í miðlun upplýsinga. Hollt fæði og hófsemi eru meðal hornsteina heilbrigðis og mikilvægt er að kennarar, læknar og hjúkrunarfræðingar hljóti markvissari menntun í næringarfræði ef þeir eiga að geta veitt æskilegar leiðbeiningar.

Markmið 36.

Í grunnskólum skal kenna undirstöðuatriði í líkams- og heilsufræði svo og í næringarfræði og matargerð. Þar skal einnig veita fræðslu um kynlíf, um ábyrgð, um líkamsþjálfun og um vímuefni og fyrstu hjálp við slysfarir.

Í framhaldsskólum skal efla fræðslu um mataræði og matseld, um kynlíf, samlíf og foreldrahlutverkið, um vímuefni, um hvíld, streitu, geðvernd og fyrstu hjálp við slysfarir.

Með aðstoð fjölmiðla, einkum sjónvarps, skal koma á framfæri fræðslu um heilbrigða lífshætti, um hollt mataræði, um heilsurækt, geðvernd, lyf, skottulækningar og slysahættu.

9. ALÞJÓÐASAMSTARF

Skipti á upplýsingum og reynslu um heilbrigðismál, einkum við önnur Norðurlönd og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina eru sérstaklega mikilvægar fyrir lítið land eins og Ísland. Ísland hefur tekið virkan þátt í þessu samstarfi og verið bæði þiggjandi og veitandi. Nauðsynlegt er að viðhalda og efla þetta samstarf einkum með hliðsjón af þeim möguleikum sem Ísland hefur að miðla af reynslu hér á landi og góðum árangri í heilbrigðismálum.

Markmið 37.

Gera skal áætlun um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 20. mars 1986 var samþykkt eftirfarandi tillaga frá þáverandi heilbrigðisráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, um íslenska heilbrigðisáætlun:

„Ríkisstjórnin samþykkir að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem nefnd er „Heilbrigði allra árið 2000“, í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum. Áætlunin skal m.a. taka mið af vörnum gegn langvinnum sjúkdómum og því að búa hinn vaxandi fjölda aldraðra undir gott heilsufar í ellinni. Forgangsverkefni í áætluninni skulu miðast við íslenskar aðstæður.

Áhersla verður lögð á að kynna og efla heilbrigða lífshætti eftir því sem unnt er með stjórnvaldsaðgerðum og er óskað samstarfs við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefnisins. Heilbrigðisráðherra mun leggja drög að áætluninni fram í ríkisstjórninni innan tíðar.“

Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði heilbrigðisráðherra hinn 10. apríl 1986 sérstakan starfshóp til að gera rammadrög að íslenskri heilbrigðisáætlun þar sem í fyrsta áfanga væru m.a. tillögur um þær aðgerðir sem væru aðkallandi og svo kostnaðarlitlar að unnt væri að hrinda þeim í framkvæmd mjög fljótlega. Enn fremur skyldi í áætluninni mörkuð stefna í aðgerðum til að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys svo sem verða má.

Starfshópinn skipuðu Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir sem annaðist fundarritun.

Við gerð áætlunarinnar miðaði starfshópurinn við íslenskar aðstæður og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar „Heilbrigði allra árið 2000“ frá árinu 1977. Einnig var tekið mið af heilbrigðisstefnu og heilbrigðismarkmiðum Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1980 og 1984 og samsvarandi heilbrigðisáætlunum nágrannaþjóða okkar, einkum Finnlands.

Tillögur hópsins voru lagðar fyrir Alþingi Íslendinga til kynningar í aprílmánuði 1987.

Haustið 1987 ákvað heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason að heilbrigðisþing, skv. 5. gr. laga nr. 59/1983, með síðari breytingum, um heilbrigðisþjónustu, skyldi haldið 5. febrúar 1988 og þar skyldi fjallað um drög þau sem fyrir lágu að íslenskri heilbrigðisáætlun.

Til undirbúnings var ákveðið að skipa sjö vinnuhópa sem fengu það verkefni að endurskoða íslenska heilbrigðisáætlun. Hóparnir voru þessir:

Stefna í heilbrigðismálum (markmið 1-4 og 33).
Skúli Johnsen borgarlæknir, formaður,
Ásmundur Hilmarsson trésmiður,
Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra,
Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðingur,
Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur,
Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi.

Heilbrigðir lífshættir (markmið 5-10).
Bjarni Þjóðleifsson læknir, formaður,
Alda Möller næringarfræðingur,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fréttamaður,
Jónas Ragnarsson ritstjóri,
Magnús Einarsson læknir,
Margrét Þorvaldsdóttir húsmóðir,
Unnur Stefánsdóttir fóstra.

Heilbrigðiseftirlit (markmið 11-17).
Örn Bjarnason forstjóri, formaður,
Hannes Hafstein, framkvæmdarstjóri SVFÍ,
Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra,
Katrín Fjeldsted heilsugæslulæknir,
Oddur Rúnar Hjartarson forstjóri,
Ólöf Steingrímsdóttir sjúkraþjálfari.

Heilsugæsla, tannheilsa, sérfræðiþjónusta, geðlækningar (markmið 18-25).
Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, formaður,
Guðrún Marteinsdóttir dósent,
Katrín Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri,
Kristján Guðmundsson bæjarstjóri,
Sigfús Þór Elíasson prófessor,
Tómas Zoëga geðlæknir.

Öldrun, lyfjamál, tryggingamál (markmið 26-29).
Almar Grímsson lyfsali, formaður,
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur,
Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri,
Halldór E. Sigurðsson, fyrrv. ráðherra og alþingismaður,
Helga Jónsdóttir, formaður Tryggingaráðs,
Jón Snædal læknir,
Margrét Thoroddsen deildarstjóri.

Fjármunir og mannafli (markmið 30-31).
Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, formaður,
Edda Hermannsdóttir deildarstjóri,
Inga Jóna Jónsdóttir viðskiptafræðingur,
Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður,
Laura Scheving Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur,
Sigurður Þórðarson aðstoðarríkisendurskoðandi,
Sveinn Magnússon heilsugæslulæknir.

Rannsóknir og kennsla (markmið 32).
Sigmundur Guðbjarnason rektor, formaður,
Guðrún Agnarsdóttir alþingismaður,
Jóhann Ágúst Sigurðsson héraðslæknir,
Jónas Hallgrímsson prófessor,
Marga Thome dósent,
Margrét Guðnadóttir prófessor,
Rúnar Vilhjálmsson lektor.

Hóparnir unnu starf sitt bæði fljótt og vel og skiluðu álitsgerðum sínum á heilbrigðisþinginu.

Jafnframt var heilbrigðisáætlunin send til umsagnar fjölmargra aðila innan heilbrigðisþjónustunnar. Allar umsagnir sem bárust voru meðal þingskjala fyrir heilbrigðisþingið.

Til heilbrigðisþings var boðið um 200 manns. Þar áttu fulltrúa allar löggiltar heilbrigðisstéttir, H-2 heilsugæslustöðvar, stærri sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, helstu líknarfélög, þingflokkar, formenn heilbrigðis- og trygginganefnda Alþingis og fjölmiðlar. Auk þess sátu þingið þátttakendur í vinnuhópunum og starfsmenn heilbrigðisráðuneytis og embættis landlæknis.

Á heilbrigðisþingi skiluðu vinnuhópar áliti auk þess sem almennar umræður urðu um áætlunina og þær breytingartillögur sem vinnuhópar báru fram. Sérstakur gestur þingsins var dr. Mahler sem nýlega lét af störfum sem forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf.

Í framhaldi af þessu hefur íslensk heilbrigðisáætlun verið endurskoðuð af starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins og er sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir afrakstur þeirrar vinnu.

Fylgiskjal I.

Verkefni sem þarf að framkvæma til þess að markmið heilbrigðisáætlunar náist.

Vegna markmiðs 1:

- Afla gagnagrunns um heilsufarslega, faraldsfræðilega og lýðfræðilega stöðu landsbúa.

Vegna markmiðs 3:

- Tryggja að framkvæmd heilsugæslu sé sambærileg um allt land og að sköpuð séu tengsl við aðra þætti starfs og við stofnanir í og utan heilbrigðiskerfisins.

Vegna markmiðs 4:

- Setja reglugerð um starfsemi sjúkrahúsa, flokkun þeirra, verksvið, starfssvæði og mönnun.

Vegna markmiðs 5:

- Setja lög um heilbrigðisfræðslu og forvarnir.
- Auka menntun heilbrigðisstétta varðandi heilbrigðisfræðslu.

Vegna markmiðs 6:

- Kynna reglulega manneldismarkmið í samræmi við bestu þekkingu.
- Stefna að reglum um verðstýringu í samræmi við heilsuvernd.

Vegna markmiðs 7:

- Gera áætlun um útrýmingu tóbaksntokunar fyrir aldamót.

Vegna markmiðs 8:

- Gera markvissa áætlun um samdrátt í notkun áfengis.
- Ríkið hætti að vera háð tekjum af áfengissölu og meiri hagnaður af áfengissölu renni til áfengisvarna.

Vegna markmiðs 9:

- Skapa skilyrði til þess að heilsugæslan geti sinnt vandamálum geðsjúkra, langvarandi veikra, fatlaðra og aldraðra í meira mæli en nú er.

Vegna markmiðs 10:

- Skapa betri skilyrði til útivistar en nú er í þéttbýli og gera átak í skipulagsmálum til að koma upp sérstökum hlaupa-, göngu- og hjólreiðabrautum.
- Almennum íþróttahúsum fjölgi.
- Endurskoða reglur um ferlimál fatlaðra.

Vegna markmiðs 11:

- Undirbúningur verði hafinn að því að koma á framhalds- og viðhaldsmenntun í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti við Háskóla Íslands eða Tækniskóla Íslands. Námsefni skal miðast við þau verkefni sem heilbrigðisfulltrúum og vinnueftirlitsmönnum er ætlað að leysa af hendi.
- Vinna þarf landsáætlanir um þróun heilbrigðis- og umhverfiseftirlits.

Vegna markmiðs 12:

- Skipulag ónæmisaðgerða skal vera með þeim hætti að það tryggi að minnska kosti 95% aðild og stöðugt eftirlit.
- Endurskoða skal lagaákvæði um sóttvarnir og í nýrri löggjöf skal m.a. ákveða fyrirkomulag meðferðar og einangrunar smitbera.
- Matvælalöggjöfin verði endurskoðuð sem fyrst. Meðal annars verði settar reglur um samsetningu unninna kjötvara.
- Efla skal starfsemi rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins þannig að hún geti þjónað heilbrigðiseftirlitinu í landinu að því er varðar gerla-, efna-, og eðlisfræðirannsóknir á neyslu- og nauðsynjavörum.
- Efldar verði grunnrannsóknir á matvælum og öðrum neysluvörum til að auðvelda eftirlit með þeim.

Vegna markmiðs 13:

- Komið verði á virku innflutningseftirliti og virkara framleiðslueftirliti með nauðsynjavörum og meðferð eiturefna og hættulegra efna.

Vegna markmiðs 14:

- Teknar verði upp reglulegar mælingar á geislavirkum efnum, sem kynnu að berast að landinu með vindum og hafstraumum.
- Útvegaður verði nauðsynlegur tækjabúnaður og tryggður verði mannafli til að hægt verði að hafa nauðsynlegt eftirlit með geislavirkni í neysluvörum og umhverfi.
- Settar verði sérstakar reglur um hávaða þar sem fram koma viðmiðunarmörk.
- Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á skipulagslöggjöfinni þannig að sýnt verði fram á að hávaði verði alls staðar undir viðmiðunarmörkum áður en skipulagsuppdrættir eru samþykktir.

Vegna markmiðs 15:

- Sett verði rammalöggjöf um umhverfismál.
- Settir verði hámarksstaðlar um loft-, sjávar og vatnsmengun og þeir endurskoðaðir reglulega.
- Settar verði reglur um lágmarkskröfur, er gerðar verða til þeirrar starfsemi sem valdið getur mengun ytra umhverfis og háð er eftirliti og starfsleyfi heilbrigðisnefnda.
- Komið verði á fót svo fljótt sem kostur er móttökustöðvum fyrir eiturefni og annan hættulegan úrgang. Jafnframt verði kannað hver grundvöllur er fyrir flokkun og endurnýtingu úrgangs hér á landi og hvaða efnum þarf að eyða erlendis.
- Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á skipulagslöggjöfinni þannig að frárennslismál frá iðnaði og íbúðarbyggð verði leyst á viðunandi hátt áður en skipulagsuppdrættir hljóta staðfestingu.
- Könnuð verði útbreiðsla, notkun og afdrif ýmissa eiturefna um allt land, t.d fjölklórstvífenýls (PCB).
- Settar verði reglur um efni, sem nota má í innréttingar og húsgögn.
- Komið verði á þjónusturannsóknum á sviði umhverfismengunar til að bæta eftirlit með henni og mengunarvörnum fyrirtækja.
- Settar verði reglur um eldsneyti og útblástur bifreiða og kannað verði rækilega, hvort setja eigi reglur um hreinsitæki á bensíndrifna bíla.
- Gerð verði áætlun, sem miði að því að draga úr notkun efna og efnasambanda, sem eyða ósónlaginu í háloftunum. Áætlunin geri m.a. ráð fyrir að notkun klórflúor- og klórbrómkolefnissambanda hérlendis verði sem næst úr sögunni árið 2000.

Vegna markmiðs 17:

- Slysavarnir verði samræmdar og stofnað verði slysavarnaráð, sem hafi m.a. það verkefni að gera landsáætlun um slysavarnir.
- Sett verði í lög að umferðarslys og meiriháttar slys á heimilum verði rannsökuð á sama hátt og flug-, sjó- og vinnuslys.
- Stuðlað verði að frekari aðgerðum til þess að draga úr umferðarhraða í íbúðarhverfum og í nánd við skóla.

Vegna markmiðs 24:

- Í reglugerð um sjúkrahús, sbr. markmið 4, verði hlutverk svæðissjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri skilgreint sérstaklega.
- Sérfræðingar og göngudeildir sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri verði tengd ákveðnum heilsugæsluumdæmum og komið verði upp kerfi farandsérfræðinga í þeim sérgreinum þar sem það er álitlegt.
- Sérstakir læknar verði ráðnir á göngudeildir sjúkrahúsa til sérfræðistarfa og verksvið göngudeilda skýrt ákveðin.

Vegna markmiðs 25:

- Geðlæknisþjónustan verði endurskipulögð með tilliti til þess að heilsugæslustöðvar taki að sér ákveðin verkefni á því sviði.
- Áfengis- og fíkniefnameðferð verði endurskoðuð sérstaklega með tilliti til samræmingar stofnanaþjónustu og göngudeildarþjónustan verði í svo miklum mæli sem unnt er flutt á heilsugæslustöðvarnar.
- Áfengis- og fíkniefnamál unglinga verði athuguð sérstaklega.

Vegna markmiðs 26:

- Heimaþjónusta vegna aldraðra og langvarandi veikra verði skipulögð fyrir landið í heild með tilliti til þess að nýta sem best allt hjúkrunarrými og kappkostað sé að leysa allan hjúkrunarvanda aldraðra svæðisbundið.

Vegna markmiðs 27:

- Almannatryggingalög verði endurskoðuð í heild með sérstöku tilliti til þess að jafna aðstöðumun fólks í landinu til heilbrigðisþjónustunnar.
- Ákvæði um örorkumat verði endurskoðuð og áfrýjunarheimild tryggð.

Vegna markmiðs 28:

- Lög um lyfjamál og lyfjadreifingu verði endurskoðuð með tilliti til þess annars vegar að færa lyfjaafgreiðslur til heilsugæslunnar þar sem það á við og hins vegar til aukins frjálsræðis án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Vegna markmiðs 29:

- Löggjöf verði sett eða samningar gerðir við tryggingafélög um að koma á sérstökum tryggingum vegna sjúklinga sem hljóta örorku eða miska vegna óhappatilviljunar við læknismeðferð.

Vegna markmiðs 30:

- Gerð verði rammaáætlun vegna bygginga heilbrigðisstofnana til næstu 10 ára og ítarleg áætlun til næstu 5 ára.

Vegna markmiðs 31:

- Gerð verði áætlun um mannaflaþörf í heilbrigðisþjónustunni á öllu sérhæfðu starfsliði næstu 10 ár miðað við breytingar í þjóðfélagi og aldursskiptingu.
- Endurskoða námsskrár skóla heilbrigðisstétta með tilliti til þeirrar áherslu, sem leggja þarf á heilbrigðisfræðslu og heilsuvernd.

Vegna markmiðs 32:

- Koma á fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni.
- Gera sérstaka rannsóknaráætlun vegna framkvæmdar þessarar heilbrigðisáætlunar og jafnframt tekið tillit til áætlana Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna HFA 2000.

Vegna markmiðs 33:

- Setja á laggirnar nefnd sérfræðinga, sem fái það verkefni að fylgjast með nýjungum í læknisfræði, m.a. hátækni og gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um nýtingu þeirra.

Vegna markmiðs 36:

- Endurskoða námsefni í skólum landsins með tilliti til markmiða þessarar heilbrigðisáætlunar.

Vegna markmiðs 37:

- Gera sérstaka athugun á alþjóðasamstarfi Íslands í heilbrigðismálum og semja áætlun um framtíð þess starfs.

MYND 1: Aldursskipting þjóðarinnar 31. desember 1985



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 2: Breytingar á mannfjölda



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 3: Frjósemi miðað við hverjar 1000 konur



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 4: Fóstureyðingar



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 5: Ungbarnadauði (lifandi fædd en deyja á 1. ári)



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 6: Burðarmálsdauði (andvana fædd eða deyja á 1. viku)



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 7: Dauðsföll af völdum hjarta- og æðasjúkdóma Karlar 1981-85 (Ísland 1976-80)



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985, NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 8: Dauðsföll af völdum hjarta- og æðasjúkdóma
Konur 1981-85 (Ísland 1976-80)



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985,
NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 9: Sjálfsmorð



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985
NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 10: Dauðsföll af völdum umferðaslysa 1981-1985



Heimild: Helsestatistikk i de nordiske land 1985
NOMESKO nr. 26, Kaupmannahöfn 1987.

MYND 11: Dauðsföll meðal kvenna á vinnualdri í nokkrum Evrópulöndum 1971 og 1981



MYND 12: Dauðsföll meðal karla á vinnualdri í nokkrum Evrópulöndum 1971 og 1981



MYND 13:

Breytingar á dánartíðni á Íslandi

Aldursstöðluð tíðni, miðað við 100.000

		1971 -75	1976 -80	1981 -85	Breyting frá 1971-75 til 1981-85
Allar dánarorsakir	Karlar	815,2	703,8	699,7	- 14%
	Konur	533,2	444,3	439,4	- 18%
Kransæðasjúkdómar	Karlar	242,8	236,0	242,9	+ 0%
	Konur	109,1	105,4	104,7	- 4%
Heilablæðing o.fl.	Karlar	95,5	59,3	57,2	- 40%
	Konur	77,6	54,2	44,3	- 43%
Lungnabólga	Karlar	53,6	48,0	38,5	- 28%
	Konur	37,3	33,5	31,6	- 15%
Ungbarnasjúkdómar	Karlar	28,4	19,4	14,3	- 50%
	Konur	21,2	17,2	12,8	- 40%
Öll krabbamein	Karlar	148,6	139,8	160,6	+ 8%
	Konur	129,1	117,7	124,1	- 4%
Magakrabbamein	Karlar	38,9	27,4	25,4	- 35%
	Konur	15,2	13,1	9,5	- 38%
Ristilkrabbamein	Karlar	12,4	10,6	11,7	- 6%
	Konur	12,8	10,1	8,8	- 31%
Lungnakrabbamein	Karlar	16,4	21,7	29,9	+ 82%
	Konur	11,0	15,3	21,5	+ 95%
Brjóstakrabbamein	Konur	20,8	19,4	21,6	+ 4%
Hvekkskrabbamein	Karlar	15,8	13,2	24,0	+ 52%
Öll slys	Karlar	84,3	66,5	47,5	- 44%
	Konur	29,5	22,0	17,5	- 41%
Umferðarslys	Karlar	16,1	15,9	13,2	- 18%
	Konur	7,4	6,2	5,7	- 23%
Sjóslys og drukknanir	Karlar	26,3	20,2	12,9	- 51%
	Konur	0,8	1,4	1,1	
Slysafall og byltur	Karlar	14,2	10,2	7,8	- 45%
	Konur	13,7	8,7	5,6	- 59%
Sjálfsmorð	Karlar	13,4	16,2	18,9	+ 41%
	Konur	5,3	4,2	5,2	- 2%

Heimild: Heilbrigðismál 3/1987.

MYND 14: Áfengisneysla á mann í nokkrum löndum 1985



Nd. 787. Frumvarp til laga [427. mál]

um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Úreldingarsjóður fiskiskipa. Hlutverk Úreldingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn Úreldingarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, einn eftir tilnefningu Byggðastofnunar en einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar.

Nýti einhver tilnefningaraðila ekki rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanns eða náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu skipar ráðherra stjórnarmann í hans stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 1. mgr.

3. gr.

Stofnfé Úreldingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða í l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla l. nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Úreldingarsjóðs. Skal gjaldið nema 1000 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 300.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi Úreldingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Úreldingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Úreldingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir úreldingarsjóðsgjaldi.

Úreldingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. l. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1989, þ.e. 125,4 stig.

5. gr.

Stjórn Úreldingarsjóðs er heimilt árlega að taka lán vegna skipakaupa að fjárhæð allt að 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána þessara.

Noti stjórn Úreldingarsjóðs heimild 1. mgr. að fullu eða hluta til yfirtöku áhvílandi lána á fiskiskipi við kaup ber ríkissjóður sjálfsskuldarábyrgð á endurgreiðslu eftirstöðva þeirra eftir að veði hefur verið fargað eða það selt úr landi. Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. l. nr. 44/1976, að tryggja lán með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein í stað 1. veðréttar í skipi.

6. gr.

Við kaup á skipum til úreldingar skal stjórn sjóðsins miða við að fiskiskipastóllinn þróist þannig að fiskistofnarnir séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti, m.a. með tilliti til aldursdreifingar afla og aflameðferðar um borð.

Aflaheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn kaupir falla ekki niður þótt þeim skipum sem þær höfðu sé fargað. Flytjast þær til sjóðsins er ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum laga þessara, að teknu tilliti til ákvæða laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma, sbr. nú l. nr. 3/1988. Kaupi Úreldingarsjóður skip sem stundar botnfiskveiðar með sóknarmarki er ráðherra heimilt á kaupári að breyta veiðiheimildum þess yfir í aflamark það er viðkomandi skip átti kost á í ársbyrjun.

Aldrei skal Úreldingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 3% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 3% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða. Hafi hlutdeild sjóðsins náð framangreindu hámarki skulu aflaheimildir þeirra skipa sem úrelt eru bætast hlutfallslega við aflaheimildir þeirra fiskiskipa sem viðkomandi veiðar stunda frá upphafi næsta árs eða næstu vertíðar. Hafi botnfiskheimildir sjóðsins náð fyrrgreindu hámarki skulu botnfiskveiðiheimildir úreltra báta þó eingöngu dreifast hlutfallslega á bátaflotann og heimildir úreltra togara með sama hætti eingöngu á togaraflotann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að lækka hámark þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari málsgrein.

Styrkir vegna úreldingar skipa, sbr. lokamálslið 1. gr., mega aldrei nema meiru en 1/10 hluta húftryggingarverðs skips. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úreldingarstyrki samkvæmt þessari málsgrein.

7. gr.

Úreldingarsjóður skal við upphaf hvers almanaksárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum er tilteknar veiðar stunda kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þessara veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr. skal sjóðstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því almanaksári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt.

Stjórn sjóðsins getur við kaup á fiskiskipi samið svo um að seljandi njóti forkaupsréttar á aflaheimildum í tiltekinn tíma eftir kaupin gegn endurgjaldi er miðist við almennt gangverð á samskonar aflaheimildum að mati sjóðsstjórnar. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki meðan svo er ástatt.

8. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald og rekstur Úreldingarsjóðs eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórn.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Úreldingarsjóðs.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Úreldingarsjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

9. gr.

Úreldingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn veitir eða tekur skulu undanþegin stimpilgjaldi.

10. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Úreldingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4 gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Misræmi milli afrakstursgetu fiskistofnanna og afkastagetu fiskiskipaflotans hefur verið meginvandamál sjávarútvegs á Íslandi undanfarin ár. Þetta misræmi hefur dregið úr hagkvæmni veiðanna og m.a. valdið því að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra skipa.

Þetta leiddi til þess að algjört bann var á sínum tíma lagt við innflutningi á fiskiskipum. Með lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987 og með reglugerð nr. 98/1986, um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, var mörkuð stefna varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans. Í lögunum var kveðið á um að ný og nýkeypt skip kæmu því aðeins til greina við veitingu veiðileyfa að þau kæmu í stað sambærilegra skipa er hyrfu úr rekstri. Í reglugerðinni var sett sú meginregla að lán hvort sem var vegna nýsmíði, innflutnings eða endurbóta á fiskiskipum yrðu við það miðuð að afkastageta fiskiskipaflotans færi ekki vaxandi. Þrátt fyrir þessi ákvæði hafa breyttir útgerðarhættir og tækniframfarir við hönnun og smíði skipa leitt til þess að þau skip sem lánað hefur verið til vegna nýsmíði eða endurbóta hafa í mörgum tilfellum aukið afkastagetu fiskiskipaflotans.

Með því að úthluta framseljanlegum veiðiheimildum í stað þess að takmarka sóknina með almennum reglum hefur tekist að auka hagkvæmni við veiðarnar. Sá árangur sem náðst hefur á þessu sviði er mikill en gæti þó verið mun meiri. Þessu veldur fyrst og fremst hve lagaákvæði um stjórn fiskveiða hafa verið sett til skamms tíma í einu. Á árunum 1984 og 1985 giltu um þetta efni ákvæði til eins árs í senn. Í árslok 1985 voru sett lagaákvæði um stjórn fiskveiða til tveggja ára og í ársbyrjun 1988 öðluðust gildi lög um stjórn fiskveiða næstu þrjú árin. Vegna óvissu um framtíðina hafa útvegsmenn ekki getað skipulagt reksturinn og nýtt sér kosti kvótakerfisins sem skyldi. Þar á meðal hefur sáralítið kveðið að viðleitni til að sameina aflaheimildir skipa þannig að takmarkaður afli sé sóttur með minni tilkostnaði. Þvert á móti hafa menn keppst um að endurnýja allar fleytur með eins stórum og afkastamiklum skipum og reglur framast leyfa. Það var fyrst á árinu 1988 þegar menn sáu fyrir hvaða reglur muni gilda næstu þrjú árin að kveður að sameiningu veiðiheimilda skipa til að nýta betur sóknargetu þeirra. Það er hins vegar fullljóst að hvati til slíkrar sameiningar veiðiheimilda og fækkunar fiskiskipa í flotanum þverr því skemmri tími sem eftir lifir af gildistíma laganna um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðuneytið hefur jafnan hvatt til að lög um stjórn fiskveiða hefðu sem lengstan gildistíma en þær tillögur hafa jafnan mætt harðri andstöðu á Alþingi og hjá sumum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Umframafkastagetu fiskiskipaflotans hefur á undanförnum árum verið beint að áður vannýttum tegundum og vegur þar þyngst aukin veiði á úthafsrækju og grálúðu. Er nú svo komið að fiskifræðingar óttast að of nærri þeim sé gengið og verulega hefur því þurft að takmarka sóknina í báða þessa stofna. Sú staðreynd að flotinn er of stór verður enn augljósari þegar verulegur niðurskurður þessara nýju veiðiheimilda verður samfara 10% lækkun á heildarkvóta af þorski og karfa. Athuganir sérfræðinga hafa bent til að hægt væri að ná sama aflamagni með 70–80% af þeim fiskiskipaflota sem til er í landinu. Sóknardagar þeirra togara sem sóknarmark velja verða einungis 245 á árinu 1989. Þeir þurfa með öðrum orðum að liggja bundnir við bryggju í 120 daga á árinu. Það getur engum dulist að betri nýting á fjárfestingu í

fiskiskipum er nauðsynleg og því ber að stefna að því að endurnýja ekki gömul og úrelt fiskiskip en nota aflaheimildir þeirra þess í stað til að bæta rekstrargrundvöll flotans. Mikilvægt er að við sameiningu veiðiheimilda verði þess gætt að tekið sé tillit til hagkvæmustu samsetningar fiskiskipaflotans þegar til lengri tíma er litið. Á það bæði við hvað varðar hagkvæmustu nýtingu fiskistofna og rekstrarhagkvæmni í útgerð.

Í ársbyrjun 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins. Nefnd þessi vann mikið starf og skilaði fyrri hluta álits síns í aprílmánuði 1986. Lagði nefndin til að hið flókna sjóðakerfi sjávarútvegsins skyldi afnumið en þess í stað tekið upp einfalt greiðslumiðlunarkerfi. Lagði nefndin m.a. til að Úreldingarsjóður fiskiskipa skyldi lagður niður. Nefndin ráðgerði þó að á síðari stigi skyldi sjóðurinn endurvakinn samhliða endurskoðun á lagaákvæðum um Aldurslagasjóð fiskiskipa enda lagði hún til að megnið af eignum Úreldingarsjóðs skyldi varðveitt „á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum, þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla, l. nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.“ Féllst Alþingi á þessa tillögu og var hún lögfest með l. nr. 24/1986. Með frumvarpi þessu er lagt til að þráðurinn verði tekinn upp aftur með svipuðum hætti og sjóðanefndin ráðgerði. Stofnaður verði að nýju Úreldingarsjóður fiskiskipa er taki við fjármunum hins eldra Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs. Sjóðnum verði fenginn tekjustofn sem er hliðstæður þeim tekjustofni sem Aldurslagasjóður hefur nú. Hlutverk sjóðsins verði að auka hagkvæmni í útgerð með því að laga afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu fiskistofnanna. Sjóðnum er ætlað að kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu og eyða þeim eða selja úr landi. Ljóst er að með því stofnfé og þeim tekjustofnum sem frumvarp þetta ráðgerir mun sjóðurinn þess ekki megnugur að hafa mjög veruleg áhrif á stærð fiskiskipaflotans í einni svipan. Með því að heimila sjóðnum að yfirtaka áhvílandi lán á þeim skipum sem hann kaupir eða taka að öðrum kosti lán fyrir 80% af kaupverðinu er þó unnt að auka möguleika hans til skipakaupa á fyrstu starfsárunum. Þá getur sjóðurinn einnig rækt hlutverk sitt með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa en slíkir styrkir eru að sjálfsögðu algerlega háðir því að skip sé úrelt án þess að nýtt skip komi í flotann í þess stað. Frumvarpið ráðgerir að Úreldingarsjóður ráðstafi gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa er hann kaupir og standi með þeim hætti undir greiðslu afborgana og vaxta af áhvílandi lánum og á síðara stigi undir fjáröflun til frekari skipakaupa. Er rétt að vekja á því sérstaka athygli að með frumvarpinu er ekki lagt til að sjóðnum verði í upphafi úthlutað neinum aflaheimildum. Einu aflaheimildirnar sem sjóðurinn mun hafa ráðstöfunarrétt á eru þær heimildir sem fylgja skipum sem sjóðurinn kaupir til úreldingar. Þá eru í frumvarpinu sett þau mörk að sjóðurinn megi aldrei hafa til umráða meira en 3% af botnfiskveiðiheimildum eða 3% af heildarveiðiheimildum einstakra sérveiða. Er ráðherra heimilað að lækka þetta hámark með reglugerð enda eðlilegt að umsvif sjóðsins minnki ef honum tekst það markmið sitt að stuðla að hagkvæmri stærð fiskiskipaflotans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti sjóðsins, hlutverk hans og hvernig því skuli sinnt. Lagt er til að sjóðurinn hljóti sama nafn og sá sjóður sem niður var lagður með l. nr. 24/1986. Hlutverk sjóðsins er að draga úr stærð fiskiskipaflotans og auka þar með hagkvæmni í útgerð þannig að dregið sé úr þörf á að halda skipum frá veiðum með opinberum boðum og bönnum. Þessu hlutverki skal sjóðurinn sinna með því að kaupa skip og selja þau úr landi eða eyða þeim. Sjóðurinn verður að leita eftir skipakaupum á hinum almenna markaði og nýtur engra forréttinda eða forkaupsréttar í þessum efnum. Það hlýtur því að ráðast af framboði á hverjum tíma hvernig kaupin ganga. Enda þótt tilgangur sjóðsins sé að fækka skipum í flotanum verður

lokamálsliður 1. gr. ekki skilinn svo að hann leggi skilyrðislausa skyldu á sjóðstjórn að farga öllum þeim skipum sem sjóðurinn kaupir. Sjóðnum væri þannig heimilt að skipta á skipi er hann hefði keypt og farga í þess stað öðru eldra og úreltara skipi enda væri það sambærilegt að stærð og afkastagetu. Markmiði sínu getur sjóðurinn einnig náð með því að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að úreldingin leiði ekki til þess að ný skip bætist í flotann eða að endurnýjunarréttur verði nýttur með öðrum hætti.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fimm menn verði í stjórn Úreldingarsjóðs. Formaður stjórnarinnar verði skipaður af ráðherra án tilnefningar, tveir stjórnarmenn verði skipaðir samkvæmt tilnefningu samtaka helstu hagsmunaaðila í fiskveiðum og tveir samkvæmt tilnefningu þeirra lánastofnana sem nátengdastar eru sjávarútveginum, þ.e. Byggðastofnunar og Fiskveiðasjóðs. Er lagt til að skipunartími stjórnar verði fjögur ár.

Um 3. gr.

Eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs skyldu skv. d-lið ákvæðis til bráðabirgða III í l. 24/1986 varðveittar „á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð". Þessar eignir hafa verið varðveittar í samræmi við þessi lagafyrirmæli. Nemur höfuðstóll þeirra að viðbættum verðbótum og vöxtum til 31. des. sl. rúmlega 70 millj. kr. Er í 1. tölul. kveðið á um að þessar eignir renni sem stofnfé til hins nýja sjóðs.

Í 2. tölul. er lagt til að eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa renni einnig til Úreldingarsjóðs, en með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að Aldurslagasjóður fiskiskipa verði lagður niður og ákvæðin um hann í II. kafla l. 37/1978 afnumin. Eignir þessa sjóðs nema nú nálægt 220 millj. kr. Eru þær að mestu myndaðar með álagningu hins sérstaka skatts til Aldurslagasjóðs skv. 10. sbr. 14. gr. l. 37/1978. Sýnist stjórnskipulega ekkert því til fyrirstöðu að verja eftirstöðvum eigna Aldurslagasjóðs með þessum hætti. Í því sambandi má og benda á að tilgangur hins nýja sjóðs er um margt eðlislíkur tilgangi Aldurslagasjóðs.

Þá er kveðið á um að til stofnfjár sjóðsins teljist andvirði eigna og stofnana ríkisins sem seldar kunni að verða með því fororði. Í undirbúningi er að endurskoða lög um starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins. Kann sú endurskoðun að leiða til þess að einhverjar eignir verksmiðjanna verði seldar og væri þá eðlilegt að andvirðið rynni í Úreldingarsjóð. Í þessu sambandi má nefna að sjávarútvegsráðherra hefur þegar borist beiðni frá sveitarstjórn Reyðarfjarðarhrepps um viðræður um sölu á verksmiðju SR á Reyðarfirði. Þá er í athugun í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að endurskoða ákvæði laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Kemur einnig til álita að selja félagið eða eignir þess og láta andvirðið ganga til Úreldingarsjóðs.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sérstakt gjald til Úreldingarsjóðs verði lagt á fiskiskipaflotann. Er gjald þetta hliðstætt gjaldi sem nú rennur til Aldurslagasjóðs og lagt er á sama gjaldstofn. Lagt er til að gjaldið verði árlega 1000 kr. á hverja brúttórúmlest en þó aldrei hærra en 300.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldið mun skila Úreldingarsjóði u.þ.b. 90 millj. kr. á ári en til samanburðar er rétt að benda á að gjald til Aldurslagasjóðs hefði á þessu ári orðið nálægt 60 millj. kr.

Á árinu 1987 var reglum um mælingar skipa breytt nokkuð. Tekin var upp ný mælieining, brúttótonn, í stað brúttórúmlesta. Tiltölulega fá skip hafa enn verið mæld í samræmi við hinar nýju reglur. Stefnir Siglingamálastofnun að því að ljúka endurmælingum á fiskiskipaflotanum fyrir 1. janúar 1994. Brúttórúmlestamæling mun a.m.k. til þess tíma verða til fyrir nær öll skip í fiskiskipaflotanum. Til öryggis er þó kveðið á um það í lokamálslið 1. mgr. að liggi brúttórúmlestamæling ekki fyrir skuli þess í stað miðað við brúttótonn.

Með 2. gr. er lagt til að úreldingarsjóðsgjaldið verði innheimt með tilstyrk greiðslumiðlunarkerfis sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 24/1986. Verði gjaldið tekið af þeim 6% af hráefnisverði sem skv. 2. tölul. 7. gr. greiðist inn á vátryggingar reikning hvers skips hjá LÍÚ. en þetta er sá háttur sem nú er hafður á með gjald til Aldurslagasjóðs. Myndi LÍÚ síðan skila mánaðarlega greiðslum til sjóðsins með svipuðum hætti og nú er gert varðandi Aldurslagasjóðsgjaldið, sbr. l. nr. 17/1976

Í 3. mgr. er kveðið á um að dráttarvextir af vangreiddu gjaldi skuli ekki reiknaðir fyrr en eftir lok álagningarársins. Það skiptir því ekki máli gagnvart dráttarvaxtatöku hvernig aflaverðmæti og þar með greiðslur gegnum greiðslumiðlunarkerfið dreifast innan álagningarársins.

Í lokamálsgrein greinarinnar eru ákvæði er heimila ráðherra að ákveða hækkun gjalds í hlutfalli við almennar verðhækkanir þannig að það haldist óbreytt að raungildi. Eru hliðstæð ákvæði víðar í lögum þar sem gjaldstofn miðast við aðra mælikvarða en fjárhæðir (magngjöld).

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að Úreldingarsjóði verði heimiluð árleg lántaka er nemur 80% af samanlögðu áætluðu kaupverði skipa á árinu og fjármálaráðherra verði heimilað f.h. ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim lánum. Með því að fjármagna skipakaupin að ⅘ hluta með lánsfé er sjóðnum að sjálfsögðu gert kleift að nýta stofnfé sitt til kaupa á fleiri skipum á fyrstu starfsárum sínum. Áhrifum af starfsemi sjóðsins á stærð fiskiskipaflotans er þar með flýtt. Sjóðurinn ætti samkvæmt þessu að geta verið nokkuð virkur á skipamarkaði fyrstu 2–3 starfsárin. Þar á eftir kemur að líkindum tímabil þar sem sjóðurinn þarf að verja verulegum hlutum tekna sinna til greiðslu afborgana og vaxta af lánum. Í 2. mgr. eru ákvæði er lúta að yfirtöku lána er kunna að hvíla á skipi við kaup. Gæti í mörgum tilvikum verið hagfellt fyrir sjóðinn að yfirtaka slík lán.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru gefnar almennar leiðbeiningar um hvert sjóðurinn skuli stefna með kaupum sínum á fiskiskipum. Eru sett fram tvö markmið sem stefna beri að. Annars vegar að skipakaupum sé hagað þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofnanna sem hámarksafrakstur gefa. Samkvæmt þessu ætti sjóðurinn ekki síður að stefna að því að kaupa togara en báta til úreldingar. Hins vegar ber að stefna að bættri aflameðferð og því ætti sjóðurinn fremur að beina kaupum sínum að skipum sem ekki fullnægja nýjustu kröfum um meðferð afla. Að sjálfsögðu verða sjónarmið sem þessi ekki tæmandi talin og aldrei verða þau annað en leiðbeinandi fyrir sjóðstjórn. Ástand á skipamarkaði hlýtur alltaf að ráða mestu um hvaða skip verða keypt til úreldingar.

Í 2 mgr. eru ákvæði er lúta að aflaheimildum sem fylgja skipum er sjóðurinn kaupir. Er lagt til að þær flytjist til sjóðsins og hann ráðstafi þeim gegn endurgjaldi. Verður endurgjald fyrir þessar heimildir annar aðal tekjustofn sjóðsins. Um veiðiheimildir þessar og framsal þeirra myndu að öðru leyti gilda almennar reglur laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma. Þó er lagt til að ráðherra verði í þessum tilvikum heimilað að breyta sóknarmarki yfir í aflamark á kaupári til að gera eigendum sóknar- og aflamarksskipa ekki mishátt undir höfði gagnvart möguleikum á að selja sjóðnum skip sín.

Úreldingarsjóði er einungis ætlað það takmarkaða hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Honum er ekki ætlað að kaupa til sín aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt er í því skyni. Í 3. mgr. eru því sett efri mörk á þær aflaheimildir sem sjóðurinn getur eignast. Verði skipakaup sjóðsins til þess að honum áskotnist yfir 3% af heildaraflaheimildum skal bæta því sem umfram er hlutfallslega við veiðiheimildir alls flotans frá upphafi næstu vertíðar.

Þetta hefur því sömu áhrif á veiðiheimildir flotans og að um væri að ræða aukningu á heimiluðum heildarafla af viðkomandi tegund. Í lokamálslið greinarinnar er ráðherra heimilað að lækka 3% hámarkið. Slíkt getur orðið nauðsynlegt þegar betra samræmi hefur náðst milli stærðar flota og fiskistofna en nú er. Er þá einfalt að draga úr starfsemi sjóðsins með lækkun þessa hámarks.

Sjóðurinn getur einnig rækt hlutverk sitt með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa. Slíkir styrkir verða að sjálfsögðu algerlega háðir því að skipi sé fargað án þess að nýtt skip komi í flotann í þess stað og án þess að endurnýjunarréttur þess sé nýttur með öðrum hætti, t.d. til stækkunar annarrar nýsmíðar. Þessum styrkjum er ætlað að vera hvati til að útvegsmenn sameini veiðiheimildir skipa sem úrelt eru veiðiheimildum annarra skipa sem fyrir eru í flotanum. Styrkir þessir myndu einungis nema litlu broti af markaðsverði viðkomandi skips og er 1/10 hluti af húftryggingarmati sett sem algert hámark. Ráðherra er ætlað að kveða nánar á um úreldingarstyrki þessa með reglugerð. Hann gæti m.a. sett ákvæði er lytu að því að úreldingarstyrkir greiddust því aðeins að veiðiheimildir flyttust yfir til skipa er sambærilegar veiðar stunda.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um með hvaða hætti sjóðurinn skal ráðstafa þeim aflaheimildum er honum hafa áskotnast við skipakaup. Er meginreglan sú að útgerðum þeirra skipa sem tilteknar veiðar stunda skal gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum sjóðsins í hlutfalli við veiðiheimildir skipsins. Ljóst er að með þessari aðferð kemur tiltölulega lítið magn í hlut hvers og eins. Er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að setja lágmark á þá viðbótarkvóta sem bjóða ber forkaupsrétt á. Forkaupsréttinn geta útgerðir nýtt sér á fyrirfram ákveðnu verði. Er sjóðstjórn falið að ákveða það verð jafnhátt gangverði samskonar aflaheimilda.

Þær aflaheimildir sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skal selja hæstbjóðanda skv. 2. mgr. greinarinnar. Líklegt er að þetta verði tiltölulega lítill hluti þeirra heimilda er sjóðurinn ræður yfir. Er lagt til að ráðherra verði með reglugerð falið að setja nánari reglur um hvernig að þessum viðskiptum skuli staðið.

Í 3. mgr. er sjóðnum heimilað að semja um að seljendur skips haldi forkaupsrétti að aflaheimildum þess tiltekins tíma eftir kaupin. Með þessu ætti það að verða fýsilegra fyrir ýmsa aðila að selja sjóðnum skip ef jafnhliða er hægt að tryggja að aflaheimildir haldist í þeirra höndum á meðan þeir aðlaga aðra þætti reksturs síns að breyttum aðstæðum.

Um 8. gr.

1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um óbeina ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins. Er þetta ákvæði í samræmi við það sem almennt gildir um sjálfstæðar stofnanir í eigu ríkisins. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaklega athygli á því að í 5. gr. frumvarpsins eru ákvæði um ríkari ábyrgð ríkissjóðs á tilteknum skuldbindingum Úreldingarsjóðs.

Um 9. gr.

Grein þessi, sem á sér hliðstæður í lögum fjölmargra opinberra sjóða og stofnana, þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að á árinu 1989 falli niður álagning gjalds til Aldurslagasjóðs samkvæmt ákvæðum l. 37/1978. Þess í stað er gert ráð fyrir að gjald skv. 4. gr. frumvarpsins verði lagt á á þessu ári. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Nd. 788. Frumvarp til laga [428. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán til rannsóknar- og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er og heimilt að veita styrki í sama tilgangi enda verði henni séð fyrir sérstökum tekjum í því skyni.

2. gr.

Lán úr þróunardeild skulu veitt gegn þeim tryggingum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um lán- og styrkveitingar úr deildinni.

4. gr.

Deildin tekur yfir eignir og skuldir Fiskimálasjóðs. Skal yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda 1. júlí 1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 27 17. maí 1976, lög nr. 10 11. mars 1971 og lög nr. 104 29. desember 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem lauk vorið 1986, voru gerðar róttækar breytingar á sjóðum sjávarútvegsins. Með lögum 24/1986 var sett á fót greiðslumiðlunarkerfi og afnumin lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við afnám útflutningsgjaldsins féll niður aðaltekjustofn Fiskimálasjóðs. Í greinargerð með lögum nr. 24/1986 var ráð fyrir því gert að Fiskimálasjóður myndi sameinast Fiskveiðasjóði Íslands. Með frumvarpi þessu er skrefið stigið til fulls og lagt til að lög nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 27/1976, verði afnumin. Þess í stað verði stofnuð við Fiskveiðasjóð Íslands sérstök þróunardeild er taki við eignum og skuldum sjóðsins. Deildin veiti lán eða styrki til rannsókna og þeirra nýjunga sem orðið gætu til að efla markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs. Styrkveitingar eru þó háðar því að deildin fái sérstakar tekjur til að standa undir þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti deildarinnar og hlutverk. Hlutverk deildarinnar er einkum að veita þeim aðilum sem vinna að nýjungum og framförum í sjávarútvegi lán til þróunar- og rannsóknarverkefna. Er hér gert ráð fyrir að deildin verði hluti af Fiskveiðasjóði Íslands og lúti sömu yfirstjórn. Um deildina gildi einnig að öðru leyti lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðrar reglur gildi um tryggingar á lánum úr deildinni en almennt gilda um lán úr Fiskveiðasjóði. Fiskveiðasjóður er stofnlánasjóður og veitir skv. 11. og 12. gr. lán til fiskiskipa tryggð með 1. veðrétti í skipum eða gegn veði sem er innan 60% af matsverði annarra eigna. Er því lagt til að stjórn sjóðsins meti tryggingar fyrir lánum úr deildinni hverju sinni eða marki sér reglur í þessum efnum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt bráðabirgðaefnahagsreikningi 31. des. 1988 námu eignir Fiskimálasjóðs um 44 m.kr. Á móti stóðu skuldir að fjárhæð um 35 m.kr. Höfuðstóll Fiskimálasjóðs um sl. áramót var því um 9 m.kr. Hér er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður yfirtaki eignir og skuldir Fiskimálasjóðs 1. júlí nk. og við það miðað að endanlegt uppgjör fari fram sem fyrst eftir þann tíma.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 789. Frumvarp til laga [429. mál]

um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður:

Einstæðum foreldrum er heimilt að nýta á sama hátt ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem eiga hjá þeim lögheimili.

2. gr.

Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Falli annað hjóna frá greiðir eftirlifandi maki eignarskatt eftir sömu reglum og um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 1989, en ákvæði 2. gr. gilda um álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í árslok 1988.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til tvær breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Sú fyrri felur það í sér að einstæðir foreldrar geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna. Samkvæmt núgildandi lögum er aðeins hægt að færa ónotaðan persónuafslátt á milli hjóna og er þannig í raun gert upp á milli sambúðarforma. Flest ungt fólk stundar nú nám fram eftir aldri til undirbúnings lífsstarfi sínu og nýtur á meðan ókeypis fæðis og húsnæðis eða annarrar aðstoðar hjá foreldrum. Slíkt þykir öllum sjálfsagt, en er misjafnlega auðvelt eftir aðstæðum. Mörgum einstæðum foreldrum er það erfitt og jafnvel ókleift og er þetta ákvæði fyrst og fremst ætlað til þess að auðvelda þeim þetta hlutverk.

Síðari breytingin varðar skattlagningu á eignir, en í desember 1988 samþykkti Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem m.a. var tekin upp ný þrepaskipting í eignarskatti. Er miðað við 7 millj. kr. eign hjá einstaklingi og þar af leiðandi 14 millj. kr. eign hjá hjónum. Það er vissulega álitamál hvort þessar viðmiðunartölur eru réttar og hvort ekki væri eðlilegra að hafa þrepið hlutfallslega hærra hjá einstaklingum en hjónum. Hins vegar er það að dómi flytjenda þessa frumvarps ekkert álitamál að tvöföldun eignarskatts-

stofns annars hjóna við fráfall hins er óréttlæti og baggi sem margir fá ekki risið undir. Það verður að teljast heldur kaldranaleg kveðja frá yfirvöldum við slíkar aðstæður að neyða eftirlifandi maka til algjörrar uppstokkunar á heimilishögum fyrr en viðkomandi er sjálfur tilbúinn til þess. Oft er um eldra fólk að ræða sem á erfitt með að horfast í augu við allt það umstang og viðbrigði sem fylgja búsetuskiptum og þarf miklu lengri umþóttunartíma en skattalöggjöfin gefur færi á. Þá má minna á að mjög margar konur í þessari aðstöðu hafa lágar tekjur og eru jafnvel ekki í lífeyrissjóði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í A-lið 68. gr. laganna er ákvæði um að bæta megi 80% af ónotuðum persónuafslætti annars hjóna við persónuafslátt hins þegar fundinn er tekjuskattur framteljanda. Hér er lagt til að einstæðir foreldrar geti nýtt persónuafslátt barna sinna með sama hætti.

Um 2. gr.

Samkvæmt 83. gr. laganna nemur eignarskattur 1,2% af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. og 1,5% að auki af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. Þar af leiðir að hjón geta átt saman allt að 14.000.000 kr. eign áður en þau lenda í hærra skattþrepinu, en falli annað þeirra frá lendir hitt skyndilega í því að þurfa að greiða miklu hærri skatt af sömu eign. Hér er lagt til að við fráfall maka verði álagning áfram með sama hætti og um hjón væri að ræða.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að framkvæmd ákvæðis 1. gr. miðast við að persónuafsláttur verður næst reiknaður upp 1. júlí 1989.

Ed. 790. Frumvarp til laga [430. mál]

um Félagsmálaskóla alþýðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja starfar skóli er nefnist Félagsmálaskóli alþýðu. Menningar- og fræðslusamband alþýðu fer með málefni skólans.

2. gr.

Hlutverk skólans er að mennta fólk úr samtökum launafólks með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til þess að vinna að bættum lífskjörum verkalýðsstéttarinnar.

3. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar, sögu, skipulag, starfshætti og stefnu. Veita skal fræðslu á sviði félagsfræði og hagfræði auk meginatriða íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Heimilt er að veita fræðslu í almennum námsgreinum, svo sem stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum.

Leggja skal áherslu á þjálfun nemenda í að setja fram hugsanir sínar í ræðu og riti og að gera þá færa um að taka að sér trúnaðarstörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar. Félagsmálaskóli alþýðu starfar allt árið. Starfið fer fram í formi námsanna og námskeiða.

Starfsemi skólans fer fram í húsakynnum hans eða annars staðar, eftir því sem þörf krefur og henta þykir.

Nám í Félagsmálaskóla alþýðu skal metið til áfanga í framhaldsnámi, eftir því sem við á.

Nánari ákvæði um námsefni og námstilhögun skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni tillögu skólanefndar.

4. gr.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði eða námsönn, svo og að nemandi sé félagi í stéttarfélagi og hafi tekið þátt í öðru tilteknu námi.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í skólanefnd til fjögurra ára og skulu fjórir nefndarmenn tilnefndir af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en einn skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd.

Formaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu er formaður skólanefndarinnar. Skólanefndin kýs úr sínum hópi varaformann og ritara. Skólanefnd ræður skólanum skólastjóra.

6. gr.

Skólanefnd og skólastjóri ákveða námsframboð með samþykki félagsmálaráðuneytisins.

Nánar skal kveðið á um verksvið skólanefndar í reglugerð.

7. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans í samráði við skólanefnd.

Skólastjóri situr fundi skólanefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

8. gr.

Um fjárveitingar til Félagsmálaskóla alþýðu gildir eftirfarandi:

a. Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu úr ríkissjóði, annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist 80%.

b. Stofnkostnaður kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur að 80% úr ríkissjóði og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt a- og b-liðum hér að framan miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

Eignaraðilar skulu gera með sér samning um skiptingu annars rekstrar- og stofnkostnaðar.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólastjóra tillögur til fjárlaga og sendir þær félagsmálaráðuneyti. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld og pappírsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Skilyrði fyrir fjárveitingu til rekstrar er að félagsmálaráðuneyti samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur skal gerður í febrúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum Ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem ríkisstjórnin samþykkti að skipa að tillögu félagsmálaráðherra. Í starfshópnum, sem var skipaður 15. nóvember 1988, áttu sæti: Helgi Guðmundsson, tilnefndur af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Karl Steinar Guðnason, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins, Ragnar Arnalds, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins, Þóra Hjaltadóttir, tilnefnd af þingflokki Framsóknarflokksins og Gylfi Kristinsson, skipaður formaður án tilnefningar.

Hinn 20. janúar 1989 skipaði félagsmálaráðherra, að ósk BSRB, Sigurveigu Sigurðardóttur til setu í starfshópnum. Helgi Guðmundsson gegndi starfi ritara hópsins.

Málefni því, sem frumvarp þetta tekur til, hefur oft verið hreyft áður. Dæmi um þetta er frumvarp um Félagsmálaskóla alþýðu sem lagt var fyrir 94. löggjafarþingið 1973. Það frumvarp var eigi útrætt. Annað hliðstætt frumvarp var lagt fram á 100. löggjafarþinginu 1978. Það hlaut sömu örlög og hið fyrra og varð ekki afgreitt.

Það frumvarp sem nú er lagt fyrir Alþingi er að stofni til byggt á frumvörpunum frá árunum 1973 og 1978. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar veigamiklar breytingar sem gerð er grein fyrir síðar í athugasemdum þessum.

Eins og í fyrri frumvörpum er gert ráð fyrir að stofnaður verði Félagsmálaskóli alþýðu. Markmiðið með stofnun skólans er að skapa starfandi og verðandi forustumönnum samtaka launafólks, áhugamönnum um störf verkalýðshreyfingarinnar og hverjum félaga hennar sem njóta vill möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Í athugasemdum og greinargerðum með fyrri frumvörpum hefur verið vakin athygli á þeirri skyldu þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroska. Þessi skylda hefur þegar hlotið viðurkenningu í verki víða um lönd, svo sem í Bretlandi og meðal frændþjóða okkar annars staðar á Norðurlöndum þar sem fullorðinsfræðsla á sér langa hefð. Það sem greinir Ísland frá öðrum Norðurlöndum í þessu efni er umfangið og fjárveitingar hins opinbera, en hvort tveggja er mum minna hér á landi. Þátttakendur greiða í flestum tilfellum ekkert fyrir námið og í undantekningartilvikum meira en þriðjung kennaralauna. Í Svíþjóð eru í gildi lög um launuð námsfrí og til stendur að setja svipuð lög í Danmörku. Þess ber að geta að þrátt fyrir að slík lög gildi ekki í Danmörku, Finnlandi og Noregi eiga fjölmennir hópar fólks á vinnumarkaði kost á fræðslu á fullum launum í þeim löndum.

Samtök launafólks á Norðurlöndum hafa með höndum umfangsmikla fræðslustarfsemi. Þau eiga og reka fjölda skóla og fræðslusetra af ýmsu tagi. Þar að auki eiga flest atvinnugreinasambönd einn eða fleiri skóla og fræðslusamböndin enn aðra. Menntunarfram-

boð fyrir félaga í verkalýðshreyfingunni stendur því á gömlum merg og hefur hlotið almenna viðurkenningu af hálfu samfélagsins í því formi að til hennar renna árlega háar upphæðir úr sameiginlegum sjóðum.

Lýðháskólar eru mikilvægur hluti fullorðinsfræðslu og hafa starfað í meira en 100 ár. Segja má að skólastarf verkalýðshreyfingarinnar standi að nokkru leyti á grunni lýðháskólahugmynda en skólar hennar hafa verið aðlagaðir nýjum aðstæðum og breyttum tímum. Til að skýra þetta nánar má taka sem dæmi skóla norska Alþýðusambandsins á Sörmarka rétt fyrir utan Ósló.

Starf skólans er tvískipt. Í fyrsta lagi lýðháskóli sem starfar í tveimur önnum. Fyrri önnin stendur í sex vikur. Á hverjum vetri eru þrjár slíkar annir. Síðari önnin stendur í átta vikur og er ein á hverjum vetri.

Námsefni fyrri annarinnar fjallar fyrst og fremst um innra starf verkalýðshreyfingarinnar en síðari önnin er að mestu helguð hinu norska samfélagi almennt. Samtals er þessi starfsemi talin um 15% af allri starfsemi skólans. Leiðbeinendur eru að hluta til fastráðnir leiðbeinendur skólans en að stærstum hluta aðkomufyrirlesarar, flestir úr verkalýðshreyfingunni.

Hinn hluti starfseminnar eru margvísleg námskeið sem flest standa í eina viku. Hin ýmsu landssambönd stéttarfélaga ákveða námsefnið á um 60% námskeiðanna en fræðslusambandið ákveður námsefni á um fjórðungi námskeiða sem koma fyrst og fremst minni samböndunum til góða.

Meðalaldur nemenda er um 35 ár. Meðan á skólavistinni stendur geta nemendur valið um að fá helgarfrí eða fá fjölskyldurnar til sín. Skólinn rekur barnaheimili fyrir börn nemenda og starfsfólks.

Nýlega er lokið við miklar endurbætur og viðbyggingar við skólann sem áætlað var að kostuðu um 40 milljónir norskra króna.

Á öllum Norðurlöndunum er talið að nú séu starfandi um 400 lýðháskólar, u. þ.b. 85 í Danmörku, 90 í Finnlandi og Noregi og nokkuð á annað hundrað í Svíþjóð. Það er sameiginlegt með starfsemi skólanna að hið opinbera fjármagnar nærri alla starfsemina án þess að skipta sér að marki af rekstri þeirra. Eigendur þeirra eru fjölmörg félagasamtök af ólíku tagi, m.a. samtök launafólks. Eigendurnir ráða í aðalatriðum námsefninu þó innan þess ramma sem skilyrði til fjárveitinga frá hinu opinbera setja.

Ekki liggja fyrir jafn haldgóðar upplýsingar um slíka starfsemi í öðrum löndum Evrópu. Þó er vitað að í Þýskalandi, Benelúx-löndunum og Frakklandi á fullorðið fólk marga kosti til menntunar og samtök launafólks reka umfangsmikla fræðslustarfsemi með styrk samfélagsins, ekki síst í Sambandslýðsveldinu Þýskalandi. Í Englandi eru einnig skólastofnanir sem helga sig málefnum verkalýðssamtaka. Má þar nefna Ruskin college sem enn starfar 80 árum eftir að einn af frumkvöðlunum að stofnun Alþýðusambands Íslands, Jónas Jónsson frá Hriflu, stundaði þar nám.

Hér á landi hafa samvinnuhreyfingin og samtök í verslun og viðskiptum rekið skóla með tilstyrk ríkisvaldsins um áratugi. Kirkjan á einnig sína menntastofnun í Skálholti. Það sýnist því eðlilegt þegar liðin eru meira en 100 ár frá upphafi stéttarsamtaka í landinu að helstu samtök launafólks eigi sér menntastofnun er njóti sambærilegs styrks frá hinu opinbera.

Bent hefur verið á margvísleg rök sem mæla með öflugum stuðningi hins opinbera við skólahald alþýðusamtakanna. Þar vega ef til vill þyngst sífellt flóknari samningar aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Samningagerð þeirra er nú orðið vandasamt verkefni sem krefst mikillar þekkingar, jafnt á högum þeirra sem hún snertir hverju sinni, sem og á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi og hollustu á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga og skattalöggjöf og rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Enn fremur er nauðsynleg þekking á alþjóðasamþykktum og tillögum um vinnumál sem hafa verið afgreiddar af ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að.

Fleiri atriði hníga í sömu átt. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og bendir margt til þess að þær verði örari í nánustu framtíð. Mannaflinn hefur færst frá hefðbundnum framleiðslugreinum til þjónustustarfa. Vélvæðing, sjálfvirkni og breytt verkskipulag hafa það í för með sér að mörg störf taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera aðrar kröfur til starfsfólks. Þekking og færni úreldist, kunnátta sem áður var mikils metin verður einskis virði; í öðrum starfsgreinum er hins vegar krafist æ meiri fræðilegrar kunnáttu. Gjörbreytt viðhorf til samskipta stjórnenda og starfsmanna og réttur starfsfólks til að hafa áhrif á vinnuumhverfi sitt krefjast þess að samtök launafólks haldi vöku sinni í fræðslumálum.

Við samningu þessa lagafrumvarps var höfð hliðsjón af lögum um hliðstæða skóla og hér er gert ráð fyrir að stofna. Þau helstu eru lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, og lög nr. 31/1977, um Skálholtsskóla. Í þessum lögum er viðurkennd skylda ríkisins til að styðja fræðslu á vegum starfsstétta og að styrkja menntun sem byggir á grundvelli kristinnar kirkju. Einnig hefur verið tekið tillit til ákvæða l. nr. 57/1988, um framhaldsskóla, einkum að því er varðar hlutverk og ábyrgð skólanefndar og skólastjóra.

Frumvarpið byggir einnig á þeirri reynslu sem verkalýðshreyfingin hefur aflað frá árinu 1975 með starfrækslu Félagsmálaskóla alþýðu. Sá rekstur hefur verið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Á því er ekki vafi að tilvist þessa skóla hefur markað heillarík spor í þágu verkalýðsreyfingarinnar. Því er hins vegar ekki að leyna að fjárhagsgrundvöllur skólans hefur verið mjög veikur og hefur það komið í veg fyrir að skólinn næði þeim vexti sem nauðsynlegur er. Því er lagt til í þessu frumvarpi að ríkissjóður kosti rekstur og byggingarframkvæmdir skólans eftir sömu reglum og gilda um Skálholtsskóla, Verslunarskólann o.fl.

Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið reynt að sníða af vankanta sem ýmsir þóttust sjá á fyrri frumvörpum um sama efni. Um þetta er fjallað nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram að Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja standa að Félagsmálaskóla alþýðu. Hér er um að ræða breytingu frá fyrri lagafrumvörpum sama efnis en í þeim var gert ráð fyrir að skólinn starfaði á vegum ASÍ. Nú hefur samkomulag tekist á milli ASÍ og BSRB um samvinnu um þetta mikilvæga verkefni en samanlagt hafa þessi samtök u. þ. b. 80 þúsund félagsmenn.

Einnig kemur fram í greininni að Menningar- og fræðslusamband alþýðu fari með málefni skólans í umboði þeirra aðila sem að honum standa. Þetta ákvæði byggist á eindreginni ósk þeirra og þeim rökum að MFA hefur nú orðið 20 ára reynslu af fjölbreyttu fræðslustarfi fyrir félagsmenn verkalýðsfélaga. Þar á meðal er starfræksla Félagsmálaskóla alþýðu sem hóf starfsemi árið 1975. Skólinn hefur verið verkalýðsskóli fyrir félagsmenn Alþýðusambands Íslands. Auk almennrar félagsmálakennslu hefur verið fjallað um ýmis þau málefni sem tengjast stéttarfélögum, svo sem vinnurétt, skipulag, starf og sögu ASÍ, þætti úr hagfræði, launakerfi o.fl. Annir skólans hafa verið þrjár, í tvær vikur hver. Nemendur eru fyrst á 1. önn, síðan á 2. önn og loks á 3. önn þegar þeim hentar. Leiðbeinendur hafa verið úr röðum samtaka launfólks eða utanaðkomandi aðilar. Skólastarfið hefur farið fram í Ölfusborgum og hafa verið haldnar fjórar til fimm annir á vetri. Hámarksfjöldi á hverri önn hefur verið miðaður við 25 nemendur. Auk þessara anna hefur skólinn boðið upp á námskeið á afmörkuðum sviðum, svo sem í tölvunotkun, námskeið ætluð yngri aldurshópum innan verkalýðshreyfingarinnar, námskeið um útgáfumál o.fl. Gert er ráð fyrir að skólahald sem byggist á frumvarpi þessu verði með svipuðu sniði. Þess skal getið að stjórn MFA er skipuð sjö mönnum sem kosnir eru af þingi Alþýðusambands Íslands. Tekjur fræðslusambandsins eru

ferns konar: 1. Gjöld frá verkalýðsfélögum í ASÍ sem eru 10% af árgjöldum þeirra til sambandsins. 2. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum ár hvert. 3. Tekjur af sölu fræðslurita sem MFA gefur út. 4. Þátttökugjöld nemenda.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um hlutverk skólans. Fram kemur að það felst í að mennta fólk úr samtökum launafólks. Markmiðið er að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til þess að bæta lífskjör verkafólks.

Í fyrri frumvörpum hefur verið bent á þá tvímælalausu skyldu þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til að geta rækt félagslegt hlutverk sitt. Þessi rök eru enn í fullu gildi.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um námsgreinar sem kenna á í skólanum. Um er að ræða hliðstætt námsefni og er kennt í núverandi Félagsmálaskóla alþýðu og gerð hefur verið grein fyrir í athugasemdum við 1. gr.

Í næstsíðustu málsgrein er tekið fram að nám í skólanum skuli meta eftir því sem við eigi sem áfanga í framhaldsnámi. Þetta þýðir að óhjákvæmilegt er að hafa nokkurt samráð við forsvarsmenn framhaldsskólastigsins við val á námsefni.

Í síðustu málsgrein er tekið fram að skólanefnd leggi tillögur að reglugerð fyrir félagsmálaráðherra en endanleg ákvörðun um efnisatriði liggur hjá ráðherra.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um þau skilyrði sem sett eru fyrir þátttöku í námi í Félagsmálaskóla alþýðu. Um er að ræða tvö almenn skilyrði, þ.e. aldur og aðild að stéttarfélagi. Í greininni felst efnisbreyting frá fyrri frumvörpum þar sem tiltekinn aldur var gerður að skilyrði fyrir skólavist eða þátttöku í starfi skólans. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt sé að setja slíkt skilyrði í reglugerð. Sama á við um aðild að stéttarfélagi. Ein af ástæðunum fyrir þessari breytingu er sú að talið er rétt að halda opinni þeirri leið að bjóða fólki, sem er tímabundið utan vinnumarkaðar eða sem á í erfiðleikum með að fá vinnu og ekki er í verkalýðsfélagi, þátttöku í námi á vegum skólans. Hér koma m.a. til álita þeir sem hafa verið heimavinnandi eða nemendur í framhaldsskólum sem gætu átt möguleika á að taka málefni verkalýðshreyfingarinnar sem valgrein í Félagsmálaskóla alþýðu.

Hins vegar er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að skólinn geti sett sem skilyrði fyrir inngöngu að nemendur hafi starfað á almennum vinnumarkaði og tekið þátt í störfum stéttarfélags. Að öllu jöfnu er það forsenda þess að hægt sé að tileinka sér námið með virkum hætti.

Loks þykir rétt að gera það að skilyrði fyrir þátttöku í síðari námsönnum að fyrri áföngum sé lokið með fullnægjandi árangri.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að Félagsmálaskóli alþýðu heyri stjórnskipulega undir félagsmálaráðuneytið og að félagsmálaráðherra skipi honum skólanefnd. Þessi háttur er talinn eðlilegur með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Í greininni er m.a. kveðið á um það að félagsmálaráðuneytið hafi til meðferðar vinnu, þar á meðal stéttarfélög launafólks og atvinnurekenda. Enn fremur er gert ráð fyrir margvíslegum afskiptum félagsmálaráðuneytisins af vinnumálum og samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins í IX. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Með tilliti til þeirra umræðna sem áttu sér stað um fyrri frumvörp um þetta málefni kom til álita að skólinn heyrði til verksviðs

menntamálaráðuneytisins en eðli málsins samkvæmt var komist að þeirri niðurstöðu að réttara væri að hann heyrði undir félagsmálaráðuneytið.

Í greininni kemur einnig fram að skólanefndina skipi sjö menn og jafnmargir til vara. Af þeim skuli fjórir tilnefndir af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en einn skal skipaður án tilnefningar. Hér er breyting frá fyrri frumvörpum sem gerðu ráð fyrir þriggja manna skólanefnd.

Síðasta málsgrein greinarinnar fjallar um það að formaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu skuli gegna formennsku og er þá gert ráð fyrir að hann sé í hópi þeirra fjögurra fulltrúa sem fræðslusambandið tilnefnir. Að öðru leyti kjósi skólanefnd úr sínum röðum varaformann og ritara. Loks er tekið fram að skólastjóri sé ráðinn af skólanefnd.

Um 6. gr.

Í fyrri lagafrumvörpum hefur hlutverk skólanefndar einungis verið lítillega skilgreint. Þetta er hins vegar gert í greininni og er í öllum megin atriðum stuðst við ákvæði í 8.gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, með þeirri undantekningu að fjallað er um afskipti skólanefndar af fjármálum í 8.gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd og skólastjóri ákveði í upphafi hvers árs námsmagnið með samþykki félagsmálaráðherra en geti síðar lagað námsframboðið að eftirspurn.

Um 7. gr.

Það sama gildir um þessa grein og 6.gr. Hlutverk skólastjóra hefur lítt verið skilgreint í fyrri frumvörpum og er því ákvæði greinarinnar nýmæli sem styðst við hliðstætt ákvæði í 9. gr. laga um framhaldsskóla.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um fjárveitingar til skólans og er það svipað ákvæðum í lögum nr. 51 1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, og l. nr. 31/1977, um Skálholtsskóla. Í báðum þessum lögum er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður skuli greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting er nemur 80% af kostnaði. Einnig er tekið fram að stofnkostnaður kennsluhúsnæðis skuli greiddur úr ríkissjóði að 80% og skuli það sama gilda um heimavist þar sem hennar er talin þörf. Þess skal getið að auk Skálholtsskóla gilda sömu reglur um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Í þriðju málsgrein er gert ráð fyrir því að Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja geri með sér samning um skiptingu annars rekstrar og stofnkostnaðar.

Verði skólinn lagður niður skulu eignarráð á því húsnæði sem hann kann að hafa til umráða færast til ríkisins í samræmi við stofnkostnaðarframlög þess. Komi upp ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við hliðstætt ákvæði í lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Áætlaður árlegur stofn- og rekstrarkostnaður er talinn verða 27.715.000 kr. og er miðað við áætlun um starfsemi skólans sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali I. Í fylgiskjali II kemur fram nánari sundurliðun á kennslukostnaði og kostnaði vegna heimavistar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar en þess er þó vert að geta að ekki kemur til fjárveitinga til skólans samkvæmt lögum þessum fyrr en á fjárlagaárinu 1990, þar sem fjárveitingar og starfsemi skólans á yfirstandandi ári hafa þegar verið ákveðnar.

Fylgiskjal I.

Áætlun um starf Félagsmálaskóla alþýðu árið 1990 sbr. drög að frumvarpi til laga um skólann.

Áætlunin sýnir starf Félagsmálaskóla alþýðu 1990. Tekið er mið af því starfi sem verið hefur í skólanum á liðnum árum og öðru fræðslustarfi stéttarsamtakanna. Nefnd eru einstök námskeið og annir og áætlaður fjöldi nemenda og kennslustunda. Hver kennslustund er 40 mín. þannig að um er að ræða virkan kennslutíma. Þar fyrir utan eru kvölddagskrár og samvera nemenda sem einnig er hluti af skólastarfinu. Fyrri hluta ársins er einkum gert ráð fyrir önnum líkt og verið hefur, tölvunámi og dvalardögum aldraðra. Síðari hluta ársins fjölda styttri námskeiða sem skólinn skipuleggur í samvinnu við einstök aðildarfélög ASÍ og BSRB og eftir þeirra óskum. Gert er ráð fyrir að það starf sem hér er tiltekið fari fram í Ölfusborgum.

Trúnaðarmannafræðsla.

15.–19. janúar	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum innan ASÍ. 40 stundir × 18 nemendur. 720 nemendastundir.
22.–26. janúar	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum innan BSRB. 40 stundir × 18 nemendur. 720 nemendastundir.

Annir.

04.–17. febrúar	1. önn fyrir félagsmenn ASÍ. 105 stundir × 18 nemendur. 1890 nemendastundir.
04.–17. mars	1. önn fyrir félagsmenn BSRB. 105 stundir × 18 nemendur. 1890 nemendastundir.
25. mars–7. apríl	2. önn fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB. 105 stundir × 18 nemendur. 1890 nemendastundir.
23. apríl–04. maí	Tölvudagar. Röð tölvunámskeiða fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB. 8 nemendur á hverju námskeiði. 1056 nemendastundir.
07.–11. maí	Náms- og dvalardagar aldraðra. Fyrir félagsmenn ASÍ. Nám, samvera, hvíld og kynnisferðir. 20 manns í 50 kennslustundir. 1000 nemendastundir.
14.–17. maí	Náms- og dvalardagar aldraðra. Fyrir félagsmenn BSRB. Nám, samvera, hvíld og kynnisferðir. 20 manns í 50 kennslustundir. 1000 nemendastundir.

Námskeið og kynningardagar.

Sept., okt., nóv.	Félagsmálafræðsla. Námskeið um fundarstörf, félagsstjórnun, ræðumennsku og framsögn skipulögð í samvinnu við einstök aðildarfélög ASÍ og BSRB, yfirleitt helgarnámskeið. Hvert námskeið 20 kennslustundir með 18 nemendum. 7 námskeið. Nemendastundir 2520.
	Starfsdagar stjórna og starfsfólks stéttarfélaga. Fræðsla og vinna skipulögð í samvinnu við skólann. 20 kennslustundir og 10 manns. Gert er ráð fyrir að slíkt verkefni verði þrisvar á tímabilinu. Nemendastundir 600.

Námskeið um bókhald og skrifstofuhald stéttarfélaga. 40 kennslustundir × 18 nemendur. 720 nemendastundir.
Kynningardagar um stéttarsamtökin fyrir nemendur framhaldsskóla. Helgardvöl þar sem hópar nemenda framhaldsskóla kynna sér stéttarsamtökin í námi og umræðum.
2 × 20 manna hópar í 20 kennslustundir. Nemendastundir 800.
Námskeið um gerð og útgáfu fréttabréfa. 12 nemendur á tveimur námskeiðum. Hvert námskeið 40 kennslustundir. 960 nemendastundir.
Fjögur önnur námskeið verða á tímabilinu. Hvert með 18 nemendum og 20 kennslustundir. Nemendastundir 1440.

Samkvæmt þessari áætlun eru verkefni skólans (námskeið, annir, kynningardagar o.þ.h.) 30 talsins. Nemendur 470 og kennslustundir 1037. Nemendastundir 17206. Starfstími er frá 15. janúar – 20. maí og frá 15. september til 2. desember eða 205 dagar. Kennsludagar 128 eða um 60% tímabilsins. Frídagar, tími til undirbúnings verkefna og skipulagsvinnu er 40%.

Áætlunin og skipulag skólastarfsins þarf að sjálfsögðu enn frekari umfjöllun fulltrúa eigenda skólans verði lög um hann samþykkt á yfirstandandi þingi. Unnt er að hrinda hluta áætlunarinnar í framkvæmd strax í haust.

Á vettvangi MFA hafa verið ræddar og mótaðar enn aðrar hugmyndir um verkefni Félagsmálaskólans. Þar er m.a. um að ræða lengri námskeið sem taki mið af námi á framhaldsskólastigi og skipulagt að hluta í samvinnu við aðra skóla og námskeið sem gefa félagsmönnum stéttarfélaganna kost á enn frekari menntun til að gera þá hæfari að takast á við fjölþætt viðfangsefni stéttarsamtakanna.

11. febrúar 1989.

Tryggvi Þór Aðalsteinsson,

framkvæmdastjóri MFA.

Fylgiskjal II.

Skipting kostnaðar á kennslu og heimavist í Félagsmálaskólanum.

Heimavist:	
Húsaleiga mötuneyti	950.000,00
Leiga orlofshúsa	2.700.000,00
Föst laun í mötuneyti	1.500.000,00
Aðkeypt vinna í mötuneyti	2.000.000,00
Matarkaup	1.500.000,00
Samtals:	8.650.000,00
Ófyrirséð 15%	1.297.500,00
Samtals heimavistarkostnaður:	9.947.500,00
Kennslukostnaður, félagsmál og listir:	
Föst laun skólastjóra og kennara	7.500.000,00
Aðkeypt kennsla	2.750.000,00
Lista- og menningardagskrár	1.500.000,00
Námsgögn	1.200.000,00
Húsaleiga kennsluhúsnæðis	950.000,00
Rekstrargjöld (kennslutæki, sími og fleira)	500.000,00
Bifreiðakostnaður	600.000,00
Ferðakostnaður leiðbeinenda	450.000,00
Kennslukostnaður samtals:	15.450.000,00
Ófyrirséð 15%	2.317.500,00
Kennslukostnaður samtals:	17.767.500,00
Heilarkostnaður	27.715.000,00

27. febrúar 1989.

Tryggvi Þór Aðalsteinsson.

Ed. 791. Frumvarp til laga [431. mál]

um breytingu á lögum nr. 69/1984, hafnalögum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Hafnamálastofnun ríkisins annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Í núgildandi hafnalögum er 35. gr. svohljóðandi:

„Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra, vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.“

Breytingin er í því fólgin að Hafnamálastofnun ríkisins yfirtekur þau verkefni sem Seðlabanki Íslands hefur annast fyrir Hafnabótasjóð. Tilgangur breytinganna er að gera starfsemi sjóðsins einfaldari og skilvirkari auk þess að spara rekstrarútgjöld.

Í raun er ekki verið að tala um svo mikla breytingu, því að hingað til hefur stór hluti vinnunnar við Hafnarbótasjóð verið unnin á Hafnamálastofnun. Í því sambandi má nefna að fjárveitingar ríkissjóðs til sjóðsins fara í gegnum stofnunina (fjárlagaliður 10-333). Þá hefur Hafnamálastofnun undirbúið og unnið upp tillögur um úthlutun úr sjóðnum, enda liggja þar fyrir upplýsingar um fjárhag hafnanna svo og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Að lokinni úthlutun hafa lán og styrkir í flestum tilfellum aftur farið í gegnum Hafnamálastofnun eftir að sveitarstjórnir hafa veitt stofnuninni umboð til að reka mál sín hjá Seðlabankanum. Í mörgum tilfellum hefur Hafnamálastofnun, í samráði við sveitarstjórnir, greitt af lánum í sjóðnum og notað til þess fjármuni sem stofnunin hefur legið með fyrir hafnirnar. Hafnamálastofnun ætti þannig að hafa jafngóða möguleika og Seðlabankinn á að annast innheimtu afborgana af lánum.

Væntanlega leiðir þessi breyting til sparnaðar því að Hafnamálastofnun telur að ekki þurfi vinnuafl nema sem svarar um hálfu stöðugildi til að annast rekstur sjóðsins. Þá mundi breytingin spara sveitarstjórnarmönnum og öðrum ráp milli stofnana í Reykjavík.

Nd. 792. Frumvarp til laga [432. mál]

um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Fyrir árslok 1990 skal lokið viðgerðum og endurbyggingu á Bessastaðastofu. Viðgerð og endurbyggingu annarra húsa, aðliggjandi Bessastaðastofu, skal lokið fyrir árslok 1991.

Þegar við gildistöku laga þessara skal gerð áætlun um framkvæmdir skv. 1. mgr. þessarar greinar. Þeirri áætlun skal lokið fyrir 1. júlí 1989.

Á árinu 1989 er heimilt að verja allt að 45 millj. kr. úr ríkissjóði til verkefna samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Gerð skal heildaráætlun um nýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja á Bessastöðum fyrir árslok 1990.

Til þessa verkefnis er heimilt að verja allt að 5 millj. kr. úr ríkissjóði á árinu 1989.

3. gr.

Uppbyggingu og viðgerðum annarra mannvirkja en þeirra, sem 1. gr. tekur til, skal lokið innan sex ára frá gildistöku þessara laga.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd þriggja manna er annast undir yfirstjórn ráðuneytisins áætlanagerð samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal með sama hætti sjá um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og gera fjárhagsáætlanir við undirbúning fjárlagagerðar.

5. gr.

Framkvæmdaáætlun ásamt fjárhagsáætlun fyrir verkið í heild og greinargerð um framvindu verksins og áfallinn kostnað skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga uns framkvæmdum er lokið.

6. gr.

Allur stofn- og viðhaldskostnaður samkvæmt lögum þessum skal færast sem sérstakur liður í A-hluta fjárlaga og ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 50 millj. kr. innan lands á árinu 1989 til þess að mæta kostnaði samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á vegum forsetaembættisins og forsætisráðuneytisins er nú unnið að því að gera áætlun um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Í desember 1987 skipaði forsætisráðherra sex manna nefnd til þess að gera tillögur til forsætisráðuneytisins um þessi mál og er formaður hennar Matthías Á. Mathiesen alþingismaður.

Forseti Íslands bauð fjárveitinganefnd til Bessastaða 15. mars sl. til að skoða ástand húsakosts forsetaembættisins. Að skoðun lokinni var það samdóma álit fjárveitinganefndarmanna, sem þar voru, að nauðsynlegt væri að gera sérstakt átak í því að koma húsum að Bessastöðum í viðunandi ástand.

Í för fjárveitinganefndar að Bessastöðum kom fram sú skoðun að ef hefja ætti framkvæmdir við endurbyggingu staðarins yrði að gera það á skömmum tíma. Í fjárlögum þessa árs er áætlun fyrir viðhaldsframlagi að fjárhæð 12 millj. kr. og er nú þegar búið að ráðstafa um 8 millj. kr. til verkefna sem tengjast núverandi framkvæmdum á staðnum, þannig að ekki eru neinir fjármunir til að hefja endurbyggingu staðarins miðað við fyrirliggjandi áform án aukafjárveitinga á þessu ári. Hins vegar þótti öllum heldur verri kostur að þurfa að fjármagna þetta með slíkum hætti. Til þess að komast hjá því og jafnframt til þess að tryggja nauðsynlegt fjármagn á skömmum tíma var þeirri hugmynd hreyft að Alþingi samþykki sérstök lög um uppbyggingu Bessastaða og að í þeim lögum yrði tryggt nægilegt fé til framkvæmda. Eflaust yrði það að gerast að meginhluta til með lántökum í ár en mundi endurgreiðast t.d. á næstu tveimur til fjórum árum.

Þá þykir eðlilegt að framlög til uppbyggingar og viðhalds fasteigna að Bessastöðum verði í framtíðinni aðskilin fjárhag skrifstofu forseta Íslands.

Um frumvarp þetta vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins og meðfylgjandi fylgiskjals.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. er viðgerð og endurbygging Bessastaðastofu forgangsverkefni samkvæmt lögum þessum. Gengið er út frá því að viðgerð og endurbygging annarra aðliggjandi húsa fari fram eftir að viðgerð Bessastaðastofu er lokið. Þær byggingar, sem 1. gr. tekur til, er auk Bessastaðastofu blómaskáli, bókhlaða, móttökusalur, geymsluhús og svokölluð Hjáleiga. Nánar tilgreint eru þetta þær byggingar sem standa við húsagarð Bessastaðastofu.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að þegar í stað skuli gera áætlun um þær framkvæmdir sem fjallað er um í þessari grein. Nauðsynlegt er að sú áætlun verði gerð tafarlaust. Áætlunin skal fela í sér viðgerðarþörf einstakra mannvirkja og um leið ákvörðun

um það hvernig að þeim skuli staðið þannig að unnt sé að hefja framkvæmdir á grundvelli hennar. Áætlunin skal jafnframt taka til ætlaðs kostnaðar við einstakar framkvæmdir.

Í lokamálsgrein greinarinnar er kveðið á um heimild til að verja allt að 45 millj. kr. úr ríkissjóði til áætlunargerðar og framkvæmda í ár umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það að gera skuli heildaráætlun um Bessastaðajörðina. Með slíkri áætlun markar ríkisvaldið stefnu um það hvaða mannvirki skuli vera til frambúðar á Bessastaðajörðinni og um staðsetningu þeirra. Sjálfgefið er að slík skipulagning taki til útlits nánasta umhverfis þeirra mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, svo og annarra sem ákveðið verður að reisa. Rétt þykir að eigandinn — ríkisvaldið — geri jafnframt upp hug sinn til framtíðarnýtingar annars lands á jörðinni. Þessi áætlun yrði að sjálfsögðu gerð með hliðsjón af aðalskipulagi sveitarfélagins.

Tekið skal fram að meðal þeirra mannvirkja, sem undir þessa grein falla, eru m.a. Bessastaðakirkja og svokallað Bústjórahús.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að sett verði á fót nefnd þriggja manna er starfi undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins. Þessari nefnd er ætlað mikið og vandasamt hlutverk. Hún á að bera ábyrgð á því að þeim áætlunum og framkvæmdum, sem kveðið er á um með lögunum, verði hrundið í framkvæmd. Hlutverk hennar verður þannig m.a. setja fram mótandi tillögur í áætlanagerð og að fengnu samþykki ráðuneytisins og fjárveitingavaldsins að hrinda þeim í framkvæmd. Ljóst er að óhjákvæmilegt verður að nefndin afli sér margs konar sérfræðiaðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Með sama hætti verður það á ábyrgð nefndarinnar að fylgjast með því að framkvæmdir verði innan ramma fjárlaga og samþykktra áætlana.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að kostnaður við framkvæmd laga þessara verði sérstakur liður í fjárlögum og ríkisreikningi, aðskilinn frá almennum rekstrarkostnaði embættis forseta Íslands.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Greinargerð húsameistara ríkisins, Þorsteins Gunnarssonar arkitekts og Ístaks hf. um endurreisn forsetasetursins að Bessastöðum.

Endurreisn mannvirkja að Bessastöðum má í reynd skipta í eftirfarandi sex framkvæmdaþætti:

1. Lokaáfangi í viðgerð og endurbyggingu Bessastaðastofu.
2. Endurbygging aðliggjandi húsakosts umhverfis húsagarð.
3. Bygging nýs forsetabústaðar.
4. Endurreisn Bessastaðakirkju.
5. Endurbætur á öðrum húsakosti Bessastaða.
6. Endurbætur á umhverfi og aðkomu.

Bessastaðastofa var reist á árunum 1761–66 sem embættisbústaður Magnúsar Gíslasonar amtmanns. Engar upprunalegar teikningar eru til af húsinu, en ráða má af líkum að Jakob Fortling, byggingarmeistari dönsku hirðarinnar, hafi teiknað húsið. Byggingarkostnaðurinn var 4292 ríkisdalir og 77 skildingar.

Ásamt nokkrum öðrum húsum, sem reist voru á síðari hluta 18. aldar, en þeirra á meðal eru t.d. Viðeyjarstofa, Nesstofa, Hóladómkirkja og Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, hefur Bessastaðastofa bæði menningarsögulegt og listrænt gildi. Eins og kunnugt er voru Bessastaðir gerðir að forsetasetri árið 1944. Þá var útlit hússins fært í upprunalegt horf að hluta samkvæmt teikningum Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts, og jafnframt aukið við húsakost á staðnum og byggt anddyri, blómaskáli og móttökusalur. Tveimur áratugum síðar var byggt bókasafn við Bessastaðastofu.

Svo sem kunnugt er hefur þegar verið lokið við hluta þeirra endurbóta á Bessastaðastofu sem hófust árið 1987.

Þessa dagana er unnið að lokafrágangi á fornminjakjallara undir Bessastaðastofu. Er þess vænst að þeirri framkvæmd ljúki í maí 1989.

Ásamt hönnun á frágangi fornminjakjallara hefur í vetur verið unnið að tillögugerð er varðar framkvæmdaþætti 1. og 2. Tillögugerð, sem varðar framkvæmdaþátt 2, er á frumáætlunarstigi, en hún leggur grundvöllinn að ákvarðanatöku varðandi nýtingu Bessastaðastofu.

Verður nú framkvæmdaþáttunum sex lýst nokkru nánar:

1. Lokaáfangi í viðgerð og endurbygging Bessastaðastofu.

Undir þennan framkvæmdaþátt fellur endurbygging þaks, innrétting þakhæðar og breytingar í norðaustur horni 1. hæðar þar sem nú er eldhús. Um endurbyggingu og innréttingu þakhæðarinnar var gerð sérstök kostnaðaráætlun ásamt framkvæmdarlýsingu í desember sl. Sú áætlun, sem var að upphæð tæpar 55 millj. kr., náði þó ekki til breytinga á núverandi svæði eldhúss.

Helstu atriðum þessa framkvæmdaþáttar verður nú lýst. Þak verður endurgert sem næst upprunalegu horfi, þakviðir verða endurnýjaðir eftir þörfum, þak einangrað og sett ný þakklæðning úr brenndum rauðum steini á allt þakið. Vesturkvistur verður endurbyggður, en austurkvistur verður fjarlægður. Allir gluggar á þakhæð verða endurnýjaðir.

Við innréttingu þakhæðar er miðað við að þar verði komið fyrir bókhlöðu ásamt vinnustofu, hvíldarherbergi, þjónustuherbergi og snyrtingu í stað þeirrar íbúðar forseta sem nú er á þakhæðinni.

Miðað er við að komið verði fyrir nýjum snyrtingum, fatahengi, útgangi í húsagarð og stiga niður í fornminjakjallara þar sem nú er eldhús á 1. hæð. Um leið yrði snúið aðalstiga milli 1. hæðar og þakhæðar á þann veg að innangengt verði úr stigaforstofu í forrými að nýjum gestasnyrtingum.

Gera þarf ráð fyrir fornleifarannsókn á 15 m^2 grunni undir núverandi eldhúsi og frágangi þeirra fornminja.

Hönnun framkvæmdaþáttar 1 verður lokið í áföngum á þessu ári. Fyrst verður lokið verkhönnun þaks og glugga á þakhæð þannig að framkvæmdir við þakið geti hafist nú á miðju sumri. Í byrjun vetrar á verkhönnun innan húss að vera lokið þannig að framkvæmdir innan húss verði unnar á vetrarmánuðum og lokið á fyrri hluta árs 1990.

Reiknað er með að þessi framkvæmd í heild kosti um 60–70 millj. kr. Sundurliðuð áætlun um framkvæmdir á 1. hæð liggur þó enn ekki fyrir. Miðað er við að 45 millj. kr. fari til þessara framkvæmda á árinu 1989.

2. Endurbygging aðliggjandi bygginga umhverfis húsagarð.

Undir þennan framkvæmdaþátt fellur endurbygging þeirra bygginga, annarra en Bessastaðastofu, sem standa umhverfis húsagarðinn, m.a. svonefndri Hjáleigu. Stefnt er að því að þessar byggingar verði endurbyggðar eins og samfelld heild sem umlykur húsagarðinn á alla vegu og tengist Bessastaðastofu með gangi þar sem nú er bókhlaða. Endurbyggð verður þessi umgjörð um húsagarðinn með áþekku yfirbragði og nú er þannig að í hæð og hlutföllum verður áherslan áfram á Bessastaðastofu.

Í þessari endurbyggðu umgjörð um húsagarðinn er áætlað að verði ný borðstofa með beinum tengslum við núverandi móttökusal. Við borðstofuna verður komið fyrir nýju eldhúsi og snyrtingum. Auk þess verða í þessari sambyggingu aðstaða fyrir starfsfólk og öryggisgæslu, svo og geymslur, þvottaherbergi og jafnvel bílgeymslur. Einnig er gert ráð fyrir í þessum áfanga tæknirými fyrir loftræstingu, varafstöð o.þ.h.

Gera þarf ráð fyrir verulegum fornleifarannsóknum samhliða þessum framkvæmdum.

Gerðar hafa verið frumtillögur að þessum framkvæmdarþætti, en að fullnaðarhönnun þessa verks verður unnið fram á fyrri hluta árs 1990. Að því er stefnt að þetta verk verði framkvæmt á árinu 1990 og fram á síðari hluta árs 1991. Sundurliðuð kostnaðaráætlun um þennan þátt liggur ekki fyrir, en stærð hans er lauslega áætluð um 60 millj. kr.

3. Bygging nýs forsetabústaðar.

Stefnt er að því að byggt verði nýtt íbúðarhús fyrir forseta austan við Bessastaðastofu, t.d. á grunni núverandi ráðsmannshúss sem talið er gjörónýtt. Ráðsmannshúsið er sterkur þáttur í heildarmynd Bessastaða, einkum með hliðsjón af aðkomu frá suðri og vestri. Forsetabústaður á þeim grunni er einnig ákjósanlegur með tilliti til eðlilegrar aðgreiningar á einkalífi forseta frá meginumsvifum forsetasetursins. Hús á þeim stað snýr vel við sólu, getur haft nokkurn einkagarð og einkabílskúr, án þess að vera þó nema steinsnar frá þjónustu- og öryggisgæslu staðarins.

Meginforsendur við hönnun slíks bústaðar yrðu þær að húsið yrði virðulegur en þægilegur rammi utan um einkalíf forsetans og fjölskyldu hans, þ.e. vandað einbýlishús með þeim almennu gæðum sem slíku húsi fylgja. Auk þess þarf í hönnun og frágangi að fella húsið að heildarmynd og virðuleika staðarins.

Áætlaður kostnaður við slíkt hús og umhverfi þess gæti numið um 40–50 millj. kr. Stefnt er að því að framkvæmdir við húsið geti hafist á árinu 1991 og ljúki 1992.

4. Endurreisn Bessastaðakirkju.

Á þessu stigi hefur aðeins verið gerð frumúttekt á Bessastaðakirkju, en ekki tekin endanleg ákvörðun um stefnumótun. Hins vegar hefur á undanförnum árum fengist mikil reynsla af endurbyggingu Hóladómkirkju og má draga af henni ýmsan lærdóm. Við endurreisn Bessastaðakirkju er þó margt sem hafa þarf í huga, m.a. menningarsögulegt og listrænt gildi hennar. Bessastaðakirkja er sóknarkirkja Bessastaðahrepps auk þess að vera ein af höfuðkirkjum þjóðarinnar.

Að því er stefnt að framkvæmdum við kirkjuna verði lokið á miðju ári 1994, en þá eru 200 ár liðin frá vígslu hennar. Búist er við að framkvæmdir við kirkjuna muni kosta um 40–60 millj. kr.

5. Endurbætur á öðrum húsakosti Bessastaða.

Endurmeta verður hlutverk annarra bygginga að Bessastöðum. Hér er m.a. átt við fjós ásamt hlöðu, svo og önnur útihús og hús bílstjóra. Taka verður til þess afstöðu hver þessara húsa eru órjúfanlegir þættir heildarmyndar Bessastaða og hvert er mikilvægi þeirra fyrir rekstur staðarins. Að lokinni slíkri úttekt yrðu gerðar endurbætur á húsunum í samræmi við mikilvægi þeirra, en sum yrðu jafnvel rifin.

Á þessi stigi brestur forsendur til að verðleggja þennan framkvæmdaþátt þótt ljóst sé að hann geti numið nokkrum tugum millj. kr. Miðað er við að þessar framkvæmdir verði fyrst á síðari hluta árs 1993 og verði ekki að fullu lokið á árinu 1994.

6. Endurbætur á umhverfi og aðkomu.

Undir þessum þætti er átt við allar aðrar endurbætur á jörðinni Bessastöðum en þær sem að framan hafa verið taldar. Endurmeta þarf nýtingu allrar landareignarinnar og staðfesta þá nýtingu við endurskoðun aðalskipulags Bessastaðahrepps.

Undir umbætur í þessum lið falla t.d. endurbætur á heimreið og annarri vegalagningu, endurbætur á göngustígum, girðingum og annarri afmörkun jarðarinnar, svo sem aðalhliði við þjóðveg. Reiknað er með að snyrta og lagfæra fornar minjar sem heyra til staðnum, svo sem eins og Skansinn o.fl. Undir þennan lið fellur einnig lýsing utan húss, hugsanleg gróðursetning eða önnur umhverfisleg breyting.

Forsendur liggja á þessu stigi ekki fyrir til þess að verðleggja megi þessar framkvæmdir.

Í reynd er við því búist að þessum þætti verði dreift á nokkur ár. T.d. yrðu aðkoma og nánasta umhverfi hinna einstöku bygginga að fylgja þeim í framkvæmd, en þó innan samfelldrar áætlunargerðar.

Þannig er miðað við að heimreið frá þjóðvegi að Bessastaðastofu verði unnin á árinu 1991, en aðkoma og umhverfi nýs forsetabústaðar verði unnin á árinu 1992. Að því er stefnt að öllum umhverfislegum þáttum verði lokið eigi síðar en á miðju ári 1994.

Tekið saman í apríl 1989.

Húsameistari ríkisins.
Þorsteinn Gunnarsson arkitekt.
Ístak hf.





BESSASTAÐIR

ENDURBÆTUR OG FRAMTÍÐARUPPBYGGING

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN, APRÍL 1989



Sþ. 793. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Samtök íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að láta gera samræmda könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála í öllum þéttbýlisstöðum á landinu, svo og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en var þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Eitt stærsta vandamálið, sem nú blasir við mannkyni öllu, er hraðvaxandi mengun láðs, lagar og lofts. Í öllu tæknikapphlaupinu hefur manninum yfirsést að varnar- og hreinsikerfum móður náttúru eru takmörk sett.

Í þeirri viðleitni að ná sem mestu fyrir sem minnst hefur ekki aðeins nánasta umhverfi mannsins verið spillt heldur hafa spillandi áhrif breiðst út til næsta nágrennis og jafnvel landa í milli. Veður og vindar, vatnið á hringrás sinni og hafstraumar bera óþverrann landa eða heimsálfa í milli.

Ísland, umlukið hafinu, hefur fram að þessu sloppið vel. Þó er um talsverða mengun að ræða frá okkur sjálfum og hún fer stigvaxandi.

Vaxandi skilningur er á þessum vanda, m.a. á Alþingi, og hafa verið sett lög og reglur í varnarskyni.

Einn er sá þáttur þessara mála sem vanræktur hefur verið þrátt fyrir reglur þar að lútandi, þ.e. hreinsun frárennslis frá byggð og bólum, svo og sorpeyðing. Það virðist því miður allt of algeng skoðun að í lagi sé að losa sig við skólp í næsta skurð eða niður í fjöru, aka sorpinu út fyrir byggð og hrúga því í gryfjur og kveikja í öðru hverju, svo félegur sem sá reykur er sem þaðan berst.

Þótt gerðar séu rotþrær til að fella út grófa hluti er undir hælinn lagt hvort nokkurn tíma er litið eftir þeim. Þó að settar séu upp fitugildrur eða olíugildrur samkvæmt kröfum byggingaryfirvalda eru þær sjaldnast hreinsaðar eða yfirleitt litið á þær. Venjulegar kröfur um útrásir skólpræsa eru þær að skólpið sé leitt undir stórstraumsfjöru og „lengi taki sjórinn við“.

Vissulega er góður möguleiki á þynningu í kafi strax eftir að skólpið kemur í sjóinn og saltur sjór hefur hreinsieiginleika og sótthreinsar að vissu marki, en um staðbundna mengun getur orðið að ræða og strendurnar kringum útrásirnar verða fljótlega mengaðar og stundum hreinlega uppfullar af því grófasta úr skólpinu.

Mikið kæruleysi ríkir um frárennsli frá iðnaði, sjúkrahúsum og slátur- og fiskvinnsluhúsum. Vaxandi fjöldi máva er m.a. mælikvarði á þess háttar mengun.

Ástand sorpeyðingar er mjög misjafnt. Sveitarfélögin á Suðurnesjum reka t.d. sameiginlega sorpbrennslustöð og Reykjavíkurborg og nágrannabyggðarlög hafa urða sorpið jafnóðum á sorphaugum. Svo er um fleiri staði, en víða er sorpi því miður ekið á hauga án skipulegrar eyðingar.

Við Íslendingar lifum fyrst og fremst á framleiðslu matvæla. Um 70% af útflutningi okkar eru fiskafurðir og svo verður líklega a.m.k. næstu áratugi.

Við stefnum í meiri úrvinnslu og nýtingu aflans innan lands og ýmsir álíta að góðir möguleikar geti orðið síðar meir í útflutningi á landbúnaðarvörum til hrellds heims mengunar og gerviefna.

Allar kröfur um hreinlæti fara vaxandi og því er meginmál að þetta sé tekið föstum tökum strax.

Þessi þingsályktunartillaga er sett fram til að fá yfirsýn yfir ástand mála.

Síðan þarf að ákveða stefnu í þessum málum og herða kröfurnar miðað við þær reglur sem nú gilda. Þá verður nauðsynlegt að finna leiðir til að fjármagna aðgerðir ef þær reynast ofviða sveitarfélögum. Hugsanlega mætti taka til greina þá staðreynd að vatn, sem fer úr vatnsveitu inn í hús, kemur þaðan út sem skólp. Þá er eftir að gera það óskaðlegt áður en því er skilað til náttúrunnar. Sama er að segja um föstu efnin í sorpinu. Það hefur í för með sér kostnað að skila þeim skaðlausum aftur til náttúrunnar. Endurvinnsla nýtanlegra efna og orkuvinnsla ætti að koma til álita í þessu sambandi. Í þeim tilfellum þyrfti að athuga breytt fyrirkomulag sorphirðingar.

Nauðsynlegt er að móta framtíðarstefnu sem fyrst og gefa góðan aðlögunartíma þar sem það er hægt.

Sþ. 794. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um langtímaáætlun í samgöngumálum.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sérfræðinga til að gera tillögur um áætlun í samgöngumálum fyrir landið allt og gera rökstudda spá um framvindu einstakra þátta til ársins 2010.

Nefndin skal einkum taka til meðferðar eftirfarandi þætti:

1. Vegagerð, flugvallargerð og hafnargerð.
2. Farþega- og vöruflutninga til og frá landinu og innan lands.
3. Flutninga- og umferðarmiðstöðvar.
4. Skipakost, flugvélakost og bifreiðaeign.
5. Innbyrðis samspil og áhrif allra þátta.
6. Fjárfestingar og rekstur hjá ríki og sveitarfélögum. Tekjustofna, markaða tekjustofna.
7. Skilyrði til einkarekstrar, svo sem verðlagningu, skatta og skyldur og möguleika til aðlögunar að tækniframförum.

Nefndin skili áfangaskýrslu í mars 1990 og lokaskýrslu í október 1990.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð lítið eitt breytt:

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þróað velferðarríki á nútímavísu er algjörlega háð því að allar samgöngur séu greiðar. Hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli eru það gæði farvega og tækja í samgöngum sem skera úr um það hversu stór svæði geta boðið upp á dagleg samskipti og stuðlað að bættri afkomu og betra mannlífi. Samtenging slíkra heimamarkaðssvæða með tilliti til öryggis, hraða og hagkvæmni sker svo úr um hæfni á þjóðhagslegum grundvelli, auk jafnra möguleika allra til samfélagsþjónustu og menningarlegra og

félagslegra samskipta. Það er engu að síður mikilvægt að samgöngur landa í milli séu greiðar, tíðar og reknar á sem hagkvæmastan hátt, sérstaklega á síðustu árum eftir að möguleikar hafa opnast fyrir því að öll jörðin verði eitt markaðssvæði.

Ný og æ fullkomnari og hagkvæmari flutningatæki haldast í hendur við framfarir í fjarskiptum, tölvutækni og upplýsingaflæði, auk þess sem nú er verslað með hugvit og oft staðlaða einingarhluti í stað fullunninnar vöru áður. Hráefni er flutt frá fjarlægustu stöðum og ferðamannastraumar liggja heimsálfa á milli.

Hér á landi hefur þróunin í samgöngum bæði innan lands og við útlönd verið mjög hröð á síðustu árum. Hinir einstöku þættir hafa þróast sjálfstætt án þess að um verulega samræmingu hafi verið að ræða. Stundum hafa orðið árekstrar milli ólíkra greina svo sem landflutninga og sjóflutninga og blandast ríkisafskipti inn í það dæmi.

Fyrir um aldarfjórðungi var fyrst farið að gera athuganir og áætlanir í samgöngumálum á vegum Efnahagsstofnunar og Framkvæmdabanka Íslands. Þá gerði Framkvæmdastofnun ríkisins samgönguáætlanir í landshlutunum á 8. áratugnum og á síðustu árum hefur samgönguráðuneytið látið gera slíkar áætlanir en þær hafa flestar fremur verið gagnasöfnun og skammtímaáætlanir en heildarstefna. Margar fleiri áætlanir hafa verið gerðar varðandi ýmsar greinar samgöngumála, svo sem í ferðamálum og staðbundnum verkefnum.

Vegagerð ríkisins hefur unnið eftir fjögurra ára áætlunum síðan 1983 og á 109. löggjafarþingi (1986–1987) var lögð fram 12 ára áætlun sem ekki hefur verið formlega samþykkt enn þá. Hins vegar var 10 ára flugvallaráætlun samþykkt. Þá var lögð fram fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir (1987–1990) sem unnið er eftir að hluta þótt hún hafi ekki formlega verið samþykkt á Alþingi. Mun hún nú í endurvinnslu.

Ný tækni hefur rutt sér til rúms í vöruflutningum á sjó með gámavæðingunni og hefur sú tækni gjörbreytt skipulagi flutninga á sjó, í höfnum og að hluta til á landi og opnað nýja möguleika á flutningum án umskipunar og til að koma vörum beint frá „dyrum til dyra".

Fast form er komið á landflutninga með vörubílum og má búast við vaxandi hlutdeild þeirra með betri vegum. Þeir flytja fremur pakkavörur en skipin þungavörur þar sem um samkeppni er að ræða.

Fyrir liggur að flugfélögin endurnýi flugvélaflota sinn og er nauðsynlegt að hið opinbera skapi aðstæður í samræmi við þörf flugsamgangna á hverjum tíma, jafnt hvað varðar rekstrargrundvöll, gerð og búnað flugvalla. Flutningur á verðmætum fiskafurðum loftleiðis beint á neytendamarkaði erlendis kallar á aðstöðu á öllum aðalflugvöllum landsins og flugfélög ættu að huga meira en verið hefur að auknum vöruflutningum með farþegaflugi, bæði innan lands og erlendis.

Eftir samdrátt í þjóðarframleiðslu 1988 og 1989 má gera því skóna að hagvöxtur á næstu árum verði góður, talsvert meiri en gert er ráð fyrir í langtímaáætlun í vegagerð (2,5% á ári) miðað við að stjórn efnahagsmála verði bætt frá því sem verið hefur.

Ávinningurinn af mikilli stofnfjárfestingu síðustu 15–20 ára, m.a. í útgerð og fiskvinnslu, virkjunum og línulögnum, hitaveitum og ýmsum vélum og tækjum og nú síðast í fiskeldi, ætti að skila aukningu í þjóðarframleiðslu á næstu árum þannig að svigrúm verði til að auka fjárfestingar í samgöngumálum, enda hægt að sýna fram á ótvíræða arðsemi, ef vel er að málum staðið.

Svo er að sjá sem þáttaskil verði í þróun samgangna í landinu á næstu árum. Grunngerð helstu samgöngukerfa verður lokið á næstu 5–10 árum m.a. með því að allir staðir á landinu verða komnir í sæmilegt samgöngusamband með flutningum á sjó, landi og lofti. Þá hefst nýtt þróunarskeið, sem gefur möguleika á stóraukinni hagkvæmni, styttingu leiða og samræmingu milli mismunandi kerfa. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 795. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um eigin eftirlaunasjóði einstaklinga.

Flm.: Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd sem fái það hlutverk að móta reglur um eigin eftirlaunasjóði allra landsmanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að gera upp réttindi launþega í núverandi lífeyrissjóðum.

Greinargerð.

Nefnd þeirri sem hér er gerð tillaga um er ætlað að kanna stofnun eigin eftirlaunasjóðs fyrir einstaklinga samkvæmt eftirfarandi hugmynd:

1. Við upphaf ævistarfs eignast hver einstaklingur eigin eftirlaunareikning í umsjón banka, tryggingafélags eða þeirra aðila sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi og fylgir eftirlaunareikningurinn viðkomandi einstaklingi út starfsævina.

   Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem sé 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Að því er varðar skiptingu hjá öðrum en þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur skulu 6% greidd af atvinnurekanda en 4% af launþega.
2. Eftirlaunasjóðir væru verðtryggðir og ávaxtaðir á bankareikningum eða með verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi.
3. Allar greiðslur í eigin eftirlaunasjóð væru frádráttarbærar frá skatti.
4. Þegar einstaklingur verður 65 ára gamall er byrjað að endurgreiða eigandanum eftir ákveðnum reglum úr sjóðnum og er hann endurgreiddur að fullu á 15–20 ára tímabili.
5. Við andlát er eftirlaunasjóðurinn eign maka eða erfðafé aðstandenda.
6. Eigin eftirlaunasjóðir eru sameign meðan hjónaband eða sambúð varir en skiptast til helminga við skilnað eða búskipti.
7. Gagnvart örorkulífeyri og barnalífeyri mætti hugsa sér að einhver hluti af iðgjaldi í eigin lífeyrissjóð, t.d. 1%, væri greiddur í sérstakan landssjóð sem væri tengdur Tryggingastofnun ríkisins og héti Örorku- og barnalífeyrissjóður Íslands.

Kostir eigin eftirlaunasjóðs.

Kostir þess að taka upp eigin eftirlaunasjóð eru margir. Rétturinn er á einum stað. Í samráði við sitt stéttarfélag heldur einstaklingurinn utan um sína eftirlaunagreiðslu og fær með reglubundnum hætti yfirlit um innborganir og eignarstöðu. Staða fólks er skýr og auðskilin. Fólk hættir að týna rétti sínum þótt það skipti um starf. Fólk felur bankanum eða ábyrgðaraðila sjóðsins að fylgja því fast eftir að greiðslur frá atvinnurekendum berist í eftirlaunasjóðinn. Sáralítið af greiðslum færi í rekstrarkostnað gagnstætt því sem gerist í núverandi lífeyriskerfi.

Færa má að því talnaleg rök að hver og einn ætti mikla peninga við 65 ára aldur, að vísu misháa upphæð eftir tekjum og lengd starfsævinnar. Við andlát félli þessi sparnaður í hlut erfingjanna.

Eftirfarandi útreikningar sýna hvernig eftirlaunasjóðirnir mundu ávaxta sig á löngu tímabili, verðtryggðir með 5% vöxtum umfram verðbólgu.

Sparað í 25 ár.

Mánaðargreiðslur í sjóðinn	*Upphæð í lok sparnaðartímabils*
1. 7 þús. kr.	4,0 millj. kr.
2. 10 þús. kr.	5,7 millj. kr.
3. 15 þús. kr.	8,6 millj. kr.

Sparað í 35 ár.

Mánaðargreiðslur í sjóðinn	*Upphæð í lok sparnaðartímabils*
1. 7 þús. kr.	7,6 millj. kr.
2. 10 þús. kr.	10,8 millj. kr.
3. 15 þús. kr.	16,3 millj. kr.

Ef einstaklingur leggur fyrir 10 þús. kr. mánaðarlega næstu 20 árin verður söfnunarupphæðin 5.076.000 kr. ef raunvextir héldust fastir 7%. Gæti þessi upphæð gefið 29.610 kr. í mánaðarlegar tekjur án þess að gengið sé á höfuðstólinn eða 60.200 kr. á mánuði ef höfuðstóllinn er endurgreiddur á t.d. 10 árum og vextir héldust í 7%. En tuttugu ár eru í flestum tilfellum tæplega hálf starfsævi, þar er fremur hægt að reikna með 30–45 árum.

Þetta fyrirkomulag mundi styrkja stöðu banka og fleiri til að takast á hendur stóraukna þjónustu bæði við einstaklinga og atvinnulífið ekki ósvipað því sem gerist í nálægum löndum.

Lífeyrissjóðakerfið verður að endurskoða.

Hér er lögð til allróttæk stefnubreyting hvað lífeyrisréttindi og lífeyrissparnað varðar eða að lífeyrissparnaðurinn verði sjálfstæð eign hvers og eins í bundnum reikningi.

Margur gerir sér þegar grein fyrir því að hið flókna og margskipta lífeyrissjóðakerfi hér á landi mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Lífeyrissjóðakerfið sjálft er mannfrekt og dýrt í rekstri ekki síst þar sem það er í mörgum smáum einingum.

Almenningur sættir sig illa við þá óvissu og það ranglæti sem núverandi kerfi er að þróast í. Fólk er lögþvingað til að greiða tíu prósent af launum sínum í lífeyrissjóðina. Enginn veit um eigin eign í sjóðunum né hvaða öryggi greiðslurnar kunna að skapa á eftirlaunaaldri. Foringjar verkalýðsfélaga og atvinnurekenda stjórna svo sjóðunum og nú eru engir harðari en þeir í því að fá háa vexti og fulla verðtryggingu. Það sést best á því að þegar launþegar sækja um og fá lán úr sínum sjóði, sem þeir fjármagna, skulu þeir hafa öruggan veðrétt og sæta hæstu raunvöxtum utan gráa markaðarins.

Almenningur í okkar fámenna kunningjaþjóðfélagi sættir sig alls ekki við þann mismun sem fólki er nú gert að hlíta. Sumir ná því að fá öruggar greiðslur úr mörgum sjóðum og það er ríkið sem ábyrgist slíkar greiðslur. Aðrir tapa réttindum sínum og sjóðirnir koma ekki til með að greiða til baka neina þá upphæð sem skiptir máli til lífsviðurværis í ellinni.

Ósanngjarnastur er mismunurinn hvað makalífeyri varðar. Ekkjur eða ekklar, t.d. ráðherra, alþingismanna og bankastjóra, eru með allgóðan lífeyri en við fráfall sjómanna verður réttur maka sáralítill. Berlegast er svo ranglætið þegar sömu einstaklingar fá greitt úr mörgum sjóðum sem ríkisvaldið ábyrgist og hafa þá í ellinni jafnvel hærri laun en þegar þeir voru í starfi. Vantrú fólks á lífeyrissjóðakerfinu birtist í því að sá hópur er stækkandi sem stendur utan allra sjóða þrátt fyrir lög og reglur.

Engin heildarlöggjöf er í gildi á Íslandi um lífeyrissjóði. Þó eru lífeyrissjóðirnir orðnir yfir 100 talsins og eiga eignir upp á 73 milljarða króna. Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans voru heildarútlán lífeyrissjóðanna 48,4 milljarðar króna árið 1987. Á sama tíma voru heildarútlán bankakerfisins 92,3 milljarðar króna. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru 22% af landsframleiðslu 1984, en voru aðeins 10% af landsframleiðslu 1975.

Lífeyrissjóðirnir starfa að mestu eftirlitslaust, skipulag þeirra er á reiki og réttindi einstaklinga með aðild að sjóðunum einnig. Upplýsingar um ýmsa rekstrarþætti lífeyrissjóðanna eru óljósar og liggja seint fyrir. Í *Hagtölum mánaðarins* í janúar sl. segir að engar tölur liggi fyrir um ráðstöfun fjármagns lífeyrissjóðanna síðustu árin. Nýjustu tölur í hagtölunum um ráðstöfun sjóðanna eru frá 1984. Tölur liggja þó fyrir um heildarráðstöfunarfé sjóðanna til og með 1987. Talið er að ráðstöfunarfé sjóðanna hafi verið 13 milljarðarkróna árið 1988 og verði 16 milljarðar króna 1989.

Einn lífeyrissjóður er öðruvísi uppbyggður en aðrir sjóðir. Það er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og er lífeyrir þar tryggður af hálfu ríkisvaldsins.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1989 er gert ráð fyrir að verja úr ríkissjóði 1125 millj. kr. í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, fyrst og fremst til að greiða uppbætur svo að hægt sé að standa við skuldbindingar við lífeyrisþega. Enn fremur þyngist sífellt skuldbinding sveitarfélaga við að greiða mismun í lífeyrissjóði og á eftir að vaxa til muna á næstu árum.

Lífeyrissjóðirnir eru nú líkari bankastofnunum en sjóðum sem eru að hugsa um eftirlaunakjör.

Hér fylgir með yfirlit þar sem fram koma samræmdar upplýsingar um nokkra lífeyrissjóði og eru þessar upplýsingar unnar af Talnakönnun hf.

Fylgiskjal.

A. Lífeyriskjör opinberra starfsmanna.

1. *Greiðslur í lífeyrissjóð.* Starfsmenn borga 4% launa sinna í sjóðinn og atvinnurekandi 6%. Greiðslur úr sjóðnum eru óverðtryggðar en atvinnurekandi greiðir það sem nemur launahækkunum. Þar eð verðbólga og kauphækkanir eru miklar borgar atvinnurekandi á endanum megnið af lífeyrinum. Hefur verið reiknað út að atvinnurekandi þurfi að leggja til hliðar alls sem nemur 14–20% af launum starfsmanna til þess að inna þessar skyldur af hendi.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað í ríkisskuldabréfum, ríkistryggðum bréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða, bönkum og fasteignatryggðum bréfum. Ávöxtun 1987 var 26% (og hefur kostnaður þá ekki verið dreginn frá).

3. Rekstrarkostnaður var árið 1987 23 milljónir eða 2,7% af iðgjöldum og 0,4% af hreinum eignum.

4. *Lánsréttur.* Eftir 2½ ára fulla vinnu fær sjóðfélagi rétt á láni úr sjóðnum. Lánið er allt að 900 þúsund krónum, til 25 ára með 7% raunvöxtum. Félagar í sjóðnum eiga einnig rétt á láni frá Húsnæðisstofnun.

5. *Lífeyrir.* Menn fá fastan hluta af lokalaunum. Almennast er að menn vinni sér inn 2% á ári með þak um 70%. Því fá flestir 60–70% lokalauna í lífeyri.

6. *Fjöldi félaga.* Um það bil 15.000 manns borga nú til sjóðsins.

B. Bankar og fjárfestingarfyrirtæki

Starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka eru í sameiginlegum lífeyrissjóði, en aðrir bankamenn eru í Lífeyrissjóði verslunarmanna.

1. *Greiðslur í lífeyrissjóð.* Félagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum í iðgjöld uns þeir hafa greitt iðgjöld í 35 ár eða náð 55 ára aldri en eftir það greiðir atvinnurekandi einnig hlut starfsmanns. Misjafnt er hve mikið bankarnir greiða í lífeyrissjóð. Greiðslur úr lífeyrissjóði eru óverðtryggðar en atvinnurekandi greiðir það sem nemur launahækkunum. Hefur verið giskað á að atvinnurekandi þurfi að leggja til hliðar alls 14–20% af launum starfsmanna til þess að inna þessar skyldur af hendi.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé Eftirlaunasjóðs Landsbankans og Seðlabankans er ávaxtað í Landsbankanum, í ríkisskuldabréfum og fasteignatryggðum skuldabréfum.

3. *Lífeyrir.* Menn fá fastan hluta af lokalaunum (fjárhæðin hækkar þegar kaup hækkar). Menn vinna sér inn 2% á ári og er þak á greiðslunum um 70%. Því fá flestir 60–70% lokalauna í lífeyri.

4. *Fjöldi félaga.* Um það bil 3.500 manns njóta nú þessara réttinda.

C. Frjálsi lífeyrissjóðurinn.

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem ekki eru skyldaðir til að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn tekur þó við viðbótargreiðslum frá þeim sem eru í öðrum sjóðum.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Launþegar greiða 4% launa sinna en greiðslur atvinnurekenda eru misjafnar.

2. *Ávöxtun fjárins.* Í sjóðnum eru einkum spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf sveitarfélaga og stórra fyrirtækja og fasteignatryggð bréf af Reykjavíkursvæðinu. Eru öll bréfin keypt með afföllum til þess að ná sem mestri ávöxtun. Sjóðurinn kveðst hafa náð 12% raunávöxtun árið 1987 eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá. Árið 1987 var ávöxtun sjóðsins 37% áður en kostnaður er dreginn frá.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1987 var rekstrarkostnaður 1,6 milljónir króna og var það 4,6% af innborguðu fé í sjóðinn og 1,5% af eignum sjóðsins.

4. *Lánsréttur.* Enginn lánsréttur fylgir greiðslum í sjóðinn, hvorki í sjóðnum sjálfum né hjá Húsnæðisstofnun.

5. *Lífeyrir.* Menn ákveða þegar þeir fara á eftirlaun hve hratt þeir taka út úr sjóðnum. Gefinn er kostur á 10, 15 og 20 árum. Eftir að þeim tíma lýkur eiga menn ekkert í sjóðnum og verða að treysta á annan sparnað og almannatryggingakerfið. Engar bætur eru greiddar við örorku eða ótímabært frátall áður en ellilífeyrisaldri er náð. Erfingjar fá þó það sem inn var greitt.

Hér eru greiðslur úr Lífeyrissjóði verslunarmanna bornar saman við greiðslur úr Frjálsa lífeyrissjóðnum. Miðað er við 5% raunávöxtun, sem er allmiklu lægra en sjóðurinn segist nú ná.

Greitt í: (þúsundir króna)	V.R.	Frjáls.líf. – lífeyrir í		
		10 ár	15 ár	20 ár
30 ár	540	903	672	560
20 ár	360	450	334	279

Meðalólifuð ár við 70 ára aldur eru 12,7 hjá körlum og 15,3 hjá konum.

6. *Fjöldi félaga.* Fjöldi í sjóðnum um síðastliðin áramót var um 600.

D. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Allir sem ekki greiða í aðra löggilta lífeyrissjóði eru skyldaðir til að greiða í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Iðgjöld eru 10% fastakaups og greiðir vinnuveitandi 6% og launþegi 4%. Ennfremur eru nú greidd 7,5% af öðru kaupi, sem skiptist í sömu hlutföllum.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað í ríkisskuldabréfum, ríkistryggðum skuldabréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum löggiltra fjárfestingarlánasjóða, í bönkum og sparisjóðum og fasteignatryggðum bréfum. Árið 1987 var ávöxtun 32%.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1987 var rekstrarkostnaður 5,8 milljónir og var það 2,5% af iðgjöldum í sjóðinn og 0,4% eigna.

4. *Lánsréttur.* Félagar eiga fullan rétt á Húsnæðisstjórnarlánum. Sjóðurinn veitir ekki sjálfur lán til félagsmanna sinna.

5. *Lífeyrir.* Launþegi safnar stigum í sjóðnum. Eru reiknuð stig fyrir hvert ár þannig að reiknað er hlutfall þess kaups, sem iðgjald er greitt af, af fjárhæð sem Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður. Þessi fjárhæð er nú 34.045 krónur. Talin eru stig þeirra 30 ára sem best eru og stig annarra árra að hálfu. Upphæð ellilífeyris miðað við 70 ára aldur er hundraðshluti grundvallarlauna síðastliðna 60 mánuði og nemur hundraðshlutinn stigafjölda margfölduðum með 1,8. Heimilt er að hefja töku lífeyris frá 65 ára aldri til 75 ára. Ef byrjað er að taka lífeyri úr sjóðnum fyrir 70 ára aldur lækkar lífeyrir um ½% fyrir hvern mánuð, en hækkar að sama skapi ef töku hans er frestað. Við andlát eiga maki og börn rétt á lífeyri ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Sjóðurinn veitir enn fremur lífeyri við örorku.

6. *Fjöldi félaga.* Fjöldi þeirra sem greitt hafa í sjóðinn er nálægt 45.000 en árið 1988 greiddu um 17.000 manns í sjóðinn.

E. Lífeyrissjóður verslunarmanna

Félagar í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur greiða í sjóðinn. Einnig er sjóðstjórn heimilt að taka í sjóðinn félaga annarra samtaka verslunarmanna.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Iðgjöld launþega eru 10% af heildarlaunum hans. Greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað á svipaðan hátt og í d) en einnig í hlutabréfum. Hlutabréf mega þó ekki vera meira en 10% sjóðsins. Ávöxtun var 26% árið 1987.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1988 var rekstrarkostnaður 32,3 milljónir og var það 2,6% af iðgjöldum til sjóðsins og 0,3% eigna.

4. *Lánsréttur.* Eftir 3 ár í sjóðnum gefst félögum kostur á láni og er hámark láns 800 þúsund. Lánstími er allt að 15 árum. Raunvextir eru 7%. Árið 1988 lánaði sjóðurinn 2,0 milljarða og runnu 13% lánanna til sjóðfélaga og 56% til Húsnæðisstofnunar. Aðild að sjóðnum veitir fullan rétt á Húsnæðisstjórnarláni.

5. *Lífeyrir.* Lífeyrisréttur er reiknaður í stigum líkt og hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, nema hvað ákveðinn launaflokkur verslunarmanna er lagður til grundvallar. Launin sem nú er miðað við eru 50.874. Sjóðurinn veitir makalífeyri, barnalífeyri og örorkubætur. Árið 1987 skiptist lífeyrir svo: Ellilífeyrir 55%, barnalífeyrir 2%, makalífeyrir 20%, örorkulífeyrir 23%. Í umfjöllum um Frjálsa lífeyrissjóðinn er tekið dæmi um greiðslur úr lífeyrissjóði verslunarmanna.

6. *Fjöldi félaga.* Virkir sjóðfélagar voru í árslok 1988 22.937.

F. Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands.

Þeir sem lokið hafa námi úr raunvísindadeild Háskóla Íslands með B.S.-gráðu eða sambærilegu námi hafa rétt til inngöngu ef stjórn samþykkir.

1. Greiðslur í sjóðinn eru 10% af launum félaga og greiða félagar 4% og vinnuveitendur 6%.

2. Fé sjóðsins er ávaxtað í fasteignatryggðum skuldabréfum, í bönkum og sparisjóðum, ríkistryggðum bréfum, skuldabréfum veðdeilda banka og fjárfestingarlánasjóða. Ennfremur má verja fé sjóðsins til kaupa á húsnæði til eigin nota. Ávöxtun 1987 var 27%.

3. Árið 1987 voru rekstrargjöld 6,2 milljónir króna og var það 6,8% af iðgjöldum eða um 1% af eign.

4. Réttur til láns úr sjóðnum fæst eftir 3 ára greiðslur í sjóðinn. Lánsfjárhæð er 1.670 þúsund krónur. Lánað er til 35 ára á 3½% raunvöxtum, en heimilt er að hækka vexti í 5%. Félagar í sjóðnum eiga rétt á 81% af fullu Húsnæðisstjórnaláni.

5. *Lífeyrir.* Lífeyrissjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. B-deild er frá óverðtryggðum tíma og er haldið aðskilinni frá A-deild sem er verðtryggður sjóður frá um 1980.

B-deild sjóðsins er séreignadeild. Þegar félagi lætur af störfum skal sjóðstjórn annaðhvort kaupa honum lífeyri eða greiða honum innstæðuna smám saman.

6. *Fjöldi félaga.* Núna eru 1.070 félagar í sjóðnum.

Sþ. 796. Tillaga til þingsályktunar [436. mál]

um söluskattssvik og svarta atvinnustarfsemi.

Flm.: Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna umfang „svartrar atvinnustarfsemi“ og söluskattssvika, meðal annars með spurningakönnun.

Greinargerð.

Frá 1984–1986 starfaði hér starfshópur til að kanna umfang skattsvika. Var það gert samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1984. Verkefni starfshópsins var að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umgang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingum um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.
3. Umfang söluskattssvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Nefndin skilaði af sér skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986.

Skýrslan var umfangsmikil. Samandregnar niðurstöður bentu til að hér á landi væru mikil skattsvik og svört atvinnustarfsemi. Niðurstaðan var sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis væri á bilinu 5–7% af VLF. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum króna árið 1985 miðað við verga landsframleiðslu, en næmi 17 milljörðum króna af áætlaðri vergri landsframleiðslu 1989.

Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts var áætlað 2,5–3 milljarðar króna árið 1985. Starfshópurinn kannaði leiðir skattsvikanna og benti jafnframt á tillögur til úrbóta.

Nú hefur það gerst að farið hefur verið eftir sumum tillögum starfshópsins, öðrum ekki. Nú er það t.d. ljóst eftir að söluskattur var lagður á allt, jafnt matvöru sem annað, ef það skilar sér jafn illa og áður hafa þjófarnir enn meira til að moða úr en áður. Starfshópurinn gerði ráð fyrir að umfang söluskattssvika næmi um 11% af skiluðum söluskatti. Þetta jafngilti um 1,3 milljörðum króna 1985.

En í ár 1989 næmi það um 3,7 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum 1989 ef söluskattssvikin væru enn sama hlutfall.

Ýmsir fullyrða að nótulaus viðskipti og borgun undir borðið hafi vaxið með tilkomu staðgreiðslukerfisins, þetta og margt fleira er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að láta kanna. Starfshópurinn gerði spurningakönnun á eitt þúsund manna úrtaki. Þar kom fram að heildarumfang nótulausra viðskipta næmi um 1100 milljónum króna sem svaraði til 1,3% af vergum þjóðartekjum frá maí 1984 til maí 1985.

Þó taldi starfshópurinn að umfang nótulausra viðskipta gæti numið allt að 2% af vergri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt opinberum upplýsingum er áætlað í febrúar sl. að verg þjóðarframleiðsla 1989 muni nema allt að 288 milljörðum króna. Væru nótulausu viðskiptin enn 1,3% af þessari upphæð næmi heildarumfang nótulausra viðskipta um 3,7 milljörðum króna á þessu ári.

Það er í dag, miðað við reynslu af ýmsum kerfisbreytingum í skattamálum, mikilvægt fyrir Alþingi og ríkisstjórn að fá upplýsingar um nýjar innheimtuaðferðir, hvernig og hvort þær skila þeim árangri sem búist var við.

Líklegt er að slíka úttekt megi gera með tiltölulega ódýrum hætti eftir þá miklu vinnu sem starfshópurinn vann 1984–1986. Hér er lagt til að úttektin verði gerð með spurningakönnun sem einnig var notuð að hluta 1984–1986 og sagði hópurinn að gagnlegt gæti verið að gera slíka könnun árlega.

Hér eru mörg fyrirtæki orðin mjög þróuð í að gera margvíslegar kannanir sem reynst hafa marktækar. Enn fremur liggja fyrir aðferðir og upplýsingar erlendis frá um mjög marktækar spurningakannanir um umfang skattsvika, nótulausra viðskipta og borganir undir borðið, sem mætti nota til viðmiðunar hér.

Þessa könnun þarf að vinna í sumar og niðurstöður að liggja fyrir þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Nd. 797. Frumvarp til laga [437. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, og atvinnurekandi greiðir starfsmanni vegna vinnu hans.

Með jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem samið er um án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingar hjá hinu opinbera sem og á hinum almenna vinnumarkaði.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

10. gr.

Háttsemi, sem gengur gegn 5.–8. gr. laga þessara, telst brot á lögunum nema atvinnurekandi sýni fram á með verulegum líkum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði.

III. KAFLI

Menntun.

11. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þess, hvað varðar nám og kennslu, starfshætti og daglega umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál og gæta þess að kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð. Í þeim tilgangi skal ráðuneytið fylgjast með þróun þessara mála, m.a. með reglubundnum rannsóknum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

12. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

13. gr.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið.

Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.

14. gr.

Í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa og annars staðar, þar sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu, taka við ábendingum vegna brota á lögum þessum og vera tengiliður við ráðuneyti og Jafnréttisráð. Enn fremur skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

15. gr.

Jafnréttismál kvenna og karla heyra undir félagsmálaráðuneytið. Verkefni ráðuneytisins eru m.a. að annast áætlunargerð í jafnréttismálum, samræmingu jafnréttismála innan stjórnkerfisins og tengsl við Jafnréttisráð og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Eftir hverjar kosningar til Alþingis skal skipa Jafnréttisráð. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands, einn nefndarmann tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands og aðra samkvæmt tilnefningu allra þingflokka á Alþingi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Vinna að því að ákvæðum 2.-13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi í jafnréttismálum hér á landi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Skal ráðið vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti, sbr. 18. gr.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m.a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

18. gr.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við þá endurskoðun leggur félagsmálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

19. gr.

Við fjárlagagerð hvers árs skal taka mið af áætlun í jafnréttismálum, sbr. 18. gr. Fjármálaráðuneytið fær við undirbúning fjárlagafrumvarps sundurliðaðar tillögur ráðuneyta um fjárveitingar til þessa málaflokks. Skal í greinargerð með fjárlagafrumvarpi birta yfirlit um fyrirhugaðar fjárveitingar og aðgerðir í jafnréttismálum.

20. gr.

Jafnréttisráðgjafar skulu ráðnir af félagsmálaráðuneyti og vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um allt land í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

21. gr.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar, sem skal vera lögfræðingur, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir einn, Alþýðusamband Íslands einn, Kvenréttindafélag Íslands einn og félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Verkefni kærunefndar eru:

1. Að hafa almennt eftirlit með því að ákvæðum 2.-13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim, er upplýst geta málið, er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

Kærunefnd jafnréttismála hefur aðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.

22. gr.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.–13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

23. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála skv. 22. gr. er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

24. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

Enn fremur má dæma viðkomandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

25. gr.

Brot á lögum þessum varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félög, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

26. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

27. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði þann 24. maí 1988 nefnd sem ætlað var að endurskoða lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 65/1985. Var nefndin skipuð í framhaldi af könnun sem gerð var á stöðu kvenna í starfi hjá ríkinu þar sem fram kom verulegur launamunur kynja í störfum hjá hinu opinbera svo og verulegur munur á hlunnindagreiðslum karla og kvenna. Í upphaflegu skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að

„... athugað verði hvernig draga megi úr launamisrétti karla og kvenna, jafna hlunnindagreiðslur og auka hlutdeild kvenna í nefndum og ráðum. Meðal annars verði höfð hliðsjón af skýrslu nefndar, sem ætlað var að stuðla að auknu launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera ...“

Í nefndina voru upphaflega skipaðar Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands Alþýðuflokkskvenna, Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands Framsóknarkvenna og Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands Sjálfstæðiskvenna auk Láru V. Júlíusdóttur, þáverandi aðstoðarmanns félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var skipuð Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Þær breytingar urðu á skipan nefndarinnar í nóvember 1988 að í hópinn bættust þingmennirnir: Guðmundur Ágústsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Einarsdóttir.

Nefndin hélt 24 fundi og kallaði á sinn fund Vilborgu Harðardóttur sem var formaður nefndar sem skipuð var til að endurskoða jafnréttislög árið 1983, Ásdísi J. Rafnar, formann Jafnréttisráðs, Sigríði Jónsdóttur, Sólrúnu Jensdóttur og Guðrúnu Ágústsdóttur úr menntamálaráðuneytinu, Valgerði Bjarnadóttur, verkefnisstýru „Brjótum múrana" á Akureyri, svo og lögmennina Guðnýju Björnsdóttur og Skarphéðin Þórisson. Nefndin aflaði gagna víða að sem hún studdist við í störfum sínum. Nefndin fékk það verkefni í júlí 1988 að yfirfara drög að norrænni jafnréttisáætlun til fjögurra ára sem unnið var að á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985 eru eftirfarandi:

1. Breytt hlutverk Jafnréttisráðs. Lagt er til að aðgreint verði það tvíhliða hlutverk sem Jafnréttisráð hefur í dag, annars vegar að fjalla um kærur vegna brota á lögunum, og hins vegar að vera stefnumótandi í jafnréttismálum. Tillaga er gerð um að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Jafnréttisráð mundi þannig áfram gegna öðrum verkefnum sínum svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknarskyldu, fræðslu o.fl. Vegna þessarar aðgreiningar telur nefndin eðlilegt að gert sé ráð fyrir breyttri skipan Jafnréttisráðs og að ráðið verði gert tengdara stjórnmálaflokkum en nú er. Jafnframt er lagt til að ráðgjafanefnd Jafnréttisráðs verði lögð niður þar eð verkefni hennar færast yfir á Jafnréttisráð.

2. Úrbætur á réttarfarskafla. Nefndin leggur til nokkrar breytingar varðandi réttarfarsákvæði laganna. Meginbreytingin er að lagt er til að lögfest verði skýrari heimild en nú er til að dæma miskabætur vegna brota á lögunum.

3. Öfug sönnunarbyrði. Lögð er til öfug sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Þetta þýðir að sýni kærunefnd t.d. fram á við stöðuveitingu að gengið hafi verið fram hjá einstaklingi, sem hefur meiri menntun en sá sem ráðinn hefur verið í starfið, verði atvinnurekandi að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferði ekki ráðið. Reynslan hefur sýnt að til að lögin þjóni tilgangi sínum sé öfug sönnunarbyrði nauðsynleg.

4. Skýrari ákvæði en í gildandi lögum um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að jafnréttismál heyri undir félagsmálaráðuneyti og tengsl ráðuneytisins við Jafnréttisráð og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

5. Framkvæmdaáætlanir. Markaður verði skýrari farvegur fyrir áætlanagerðir í jafnréttismálum, m.a. með því að Alþingi móti um þau stefnu til fjögurra ára í senn með samþykkt þingsályktunar. Inn í þessa áætlun verði felldar tillögur frá einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

6. Stöðuveitingar. Lagt er til að við ráðningu í starf skuli það kynið sem er í minnihluta í starfsgrein ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Þetta á að gilda bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.

7. Tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð. Lagt er til að lögfest verði ákveðin leið til að jafna hlut kynja í nefndum, stjórnum og ráðum. Þannig verði tryggt að hlutur kvenna aukist

frá því sem nú er því núgildandi ákvæði hefur engum árangri skilað. Nefndin telur mikilvægt að Jafnréttisráð fylgist náið með framvindu þessa ákvæðis.

8. Lagt er til að ráðnir séu jafnréttisráðgjafar og er þannig tekið undir þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um störf jafnréttisráðgjafa.

9. Menntun. Nefndin leggur til að ákvæði um menntun í lögum nr. 65/1985 verði gert markvissara en nú er.

10. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Lagt er til að sveitarfélögum með 500 íbúum eða fleiri verði gert skylt að skipa jafnréttisnefndir. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að vinna að jafnréttismálum kvenna og karla sem víðast, bæði landfræðilega og stjórnarfarslega, og að sveitarfélög sem fara með ákveðinn þátt framkvæmdavaldsins gegni þar mikilvægu hlutverki.

Nefndin beinir því til ráðherra að sett verði reglugerð um nánari útfærslu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sérstaklega er þörf á skýringum við 3. og 4. gr. laganna í slíkri reglugerð en þessar greinar fjalla um séraðgerðir í þágu kvenna og jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Einnig er þörf útfærslu á 20. gr. frumvarpsins um jafnréttisráðgjafa. Enn fremur leggur nefndin áherslu á það við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að ákvæði um jafnrétti karla og kvenna komi sem víðast inn í aðra stefnumarkandi löggjöf, s.s. grunnskólalög, lög um framhaldsskóla, lög um forskóla, útvarpslög o.fl.

Það var hlutverk nefndarinnar að endurskoða lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985. Þar sem breytingartillögur nefndarinnar eru nokkuð viðamiklar og snerta margar greinar laganna frá 1985 hefur nefndin valið þá leið að leggja fram drög að frumvarpi til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eins og þessar tillögur liggja nú fyrir er kostnaður við breytinguna sjálfa ekki mikill. Aukinn kostnaður felst einkum í fjölgun starfsmanna með ráðningu jafnréttisráðgjafa, fjölgun fulltrúa í Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála. Að öðru leyti er það í raun háð pólitísku mati hverju sinni hversu miklu fé skal verja til að framfylgja lögunum, t.d. aðgerðum tengdum 3. gr. laganna. Engin sjálfvirkni felst í breytingunum sem slíkum. Ljóst má þó vera að ef vilji er til að þoka jafnréttismálum í rétta átt þarf töluvert aukið fjármagn til þessa málaflokks frá því sem nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sett verði í lögin ákvæði um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiði laganna um að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 2. gr. núgildandi laga að orðinu **launa** er bætt við. Er þetta liður í því að stjórnvöld beiti sér frekar en nú er til að draga úr því launamisrétti sem er milli karla og kvenna og að leitast verði við að tryggja möguleika fólks til launa óháð kyni.

Um 3. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í lögin komi skilgreining á því hvað átt sé við með hugtakinu **laun**. Eins og lögin eru í dag er aðeins skilgreint hvað átt sé við með jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvað sé átt við með kjörum. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði skýrt nánar hvað felist í orðunum **jafnverðmæt og sambærileg störf**. Einn mikilvægasti þátturinn í slíkri skilgreiningu þarf að vera að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf.

Um 5. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 6. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 7. gr.

Með nýju ákvæði í 1. mgr. 7. gr. er leitast við að draga úr einhæfu starfsvali og veita því kyninu sem lítið hefur fengist við starfið frekari forgang en er í gildandi lögum. Flest kærumál sem berast Jafnréttisráði tengjast stöðuveitingum. Þar hafa konur talið rétt á sér brotinn þegar karlar hafa verið ráðnir í störf. Erfitt hefur reynst að beita ákvæðum laga nr. 65/1985, eins og þau eru nú, til að stuðla að bættri stöðu kvenna í þessu sambandi og því er lögð til þessi breyting.

Greinin standi óbreytt að öðru leyti.

Um 8. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 9. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum.

Um 10. gr.

Lagt er til að reglur um öfuga sönnunarbyrði verði teknar hér upp, svo sem gert var ráð fyrir í þingmannafrumvarpi sem lagt var fram á Alþingi árið 1984. Mjög erfitt hefur verið að sýna fram á að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi í raun verið brotin í þeim kærumálum sem Jafnréttisráð hefur haft til umfjöllunar, því að atvinnurekendur hafa borið aðrar ástæður fyrir sig þegar á hefur reynt. Með reglum um öfuga sönnunarbyrði verða atvinnurekendur að sýna fram á að kynjum hafi ekki verið mismunað með einstökum ráðstöfunum.

Svipuð ákvæði er að finna í sænskum og finnskum jafnréttislögum.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði fastar að orði varðandi menntun. Markmiðið hlýtur að vera að ná jafnrétti í öllu skólastarfi. Enn fremur er talið brýnt að ákvæði þess efnis verði sett í hin ýmsu sérlög þannig að sem víðast sé minnt á það takmark að ná hér jafnrétti karla og kvenna.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. fyrri laga.

Um 13. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Konur voru t.d. aðeins 11% þeirra sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1987. Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu í stjórnum, nefndum og ráðum með því að skylt skuli að nefna bæði karl og konu og ber þeim sem skipar að velja sem jafnast hlutfall kynjanna í samræmi við ákvæði greinarinnar. Hér er gerð tillaga um að lögfest verði svipuð leið og Danir hafa valið. Jafnframt er lögð áhersla á að Jafnréttisráð fylgist náið með árangri af ákvæði þessu á komandi árum.

Um 14. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum þessum ákvæði um jafnréttisnefndir í sveitarfélögum. Nokkuð hefur fækkað þeim jafnréttisnefndum sem skipaðar voru á vegum sveitarfélaganna í kjölfar kvennaársins 1975. Lagt er til að jafnréttisnefndir skuli skipaðar í sveitarfélögum, þar sem íbúatalan fer yfir 500 manns, og annars staðar þar sem hægt verður að koma við starfsemi jafnréttisnefnda. Enn fremur er tekið fram í hverju störf nefndanna skuli fólgin. Þar er sérstaklega tekið fram að þær skuli hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu og er þetta í samræmi við þann tilgang sem kemur fram í frumvarpinu, að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um það í lögum undir hvaða ráðuneyti jafnréttismál heyra. Lagt er til að lögfest verði tiltekin verkefni sem ráðuneytið sinni, svo sem áætlanagerð í jafnréttismálum og samræming jafnréttismála innan stjórnkerfisins. Í þessu felst ekki að dregið sé úr hlutverki eða þýðingu Jafnréttisráðs frá því sem nú er, nema að því er varðar meðferð kærumála sbr. 17. og 21. gr.

Um 16. gr.

Lagt er til að auk tilnefninga frá VSÍ, ASÍ, BSRB, KRFÍ og KÍ tilnefni þingflokkar á Alþingi fulltrúa til setu í Jafnréttisráði. Þannig má vænta að beinni tengsl skapist milli hinnar eiginlegu stjórnmálaumræðu og jafnréttisumræðunnar og áhrif stjórnmálaflokka á stefnumótun og störf Jafnréttisráðs eru aukin.

Lagt er til að Jafnréttisráð verði skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis í stað tveggja ára eins og nú er. Tilgangur þessa er tvíþættur. Annars vegar hafa ör skipti fulltrúa í ráðinu á undanförnum árum leitt til þess að erfitt hefur reynst að ná upp virku starfi innan ráðsins. Með lengingu skipunartíma ráðsins er leitast við að sníða af þennan annmarka. Hins vegar nást beinni tengsl milli stjórnvalda og ráðsins hverju sinni þar sem nýtt ráð er skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis.

Gert er ráð fyrir að formaður Jafnréttisráðs sé skipaður af félagsmálaráðherra í stað Hæstaréttar eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á starfssviði Jafnréttisráðs frá því að vera bæði stefnumarkandi og að fjalla um kærumál vegna laganna, í að vera fyrst og fremst sá aðili sem mótar stefnu í jafnréttismálum og fylgir henni eftir í störfum sínum, er eðlilegt að tryggja betur tengslin milli ráðherra jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

2. og 3. mgr. 16. gr. frv. eru óbreyttar frá 3. og 4. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Þar sem Jafnréttisráði er ætlað breytt hlutverk frá gildandi lögum er verkefnisgrein ráðsins að nokkru leyti breytt. Annars vegar er kveðið á um það í 2. tölul. gr. að endurskoða eigi stefnumarkandi áætlun ráðsins á tveggja ára fresti. Hins vegar er lagt til að 8. tölul. 15. gr. laga 65/1985, sem fjallar um ábendingar við brotum, verði felldur undir verksvið kærunefndar jafnréttismála.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sérstaka áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 17. gr., og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum verði felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 19. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að skilmerkileg tengsl verði tryggð milli áætlana í jafnréttismálum og fjárlagagerðar hverju sinni. Einstök ráðuneyti skili til fjármálaráðuneytis sundurliðuðum tillögum er varða fjárveitingar til jafnréttismála á verksviði viðkomandi ráðuneytis. Til að sem best yfirsýn fáist yfir aðgerðir og fjárveitingar til þessa málaflokks er gert ráð fyrir að í fjárlagafrumvarpi sé birt yfirlit um fyrirhugaðar fjárveitingar og aðgerðir í jafnréttismálum.

Um 20. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðuneytið ráði jafnréttisráðgjafa og starfi þeir í samvinnu við Jafnréttisráð. Þeirra verkefni verði sérstaklega að bæta stöðu kvenna. Ekki er tekið fram í greininni hver fjöldi þeirra skuli vera en eðlilegt þykir að störf þeirra beinist einkum að landsbyggðinni og starfi þeir í hverju kjördæmi. Nauðsynlegt er að með reglugerð verði nánar kveðið á um staðsetningu og starfsemi jafnréttisráðgjafa.

Um 21. gr.

Hér er gerð tillaga um að félagsmálaráðherra skipi fimm manna nefnd, kærunefnd jafnréttismála. Gerð er tillaga um að formaður nefndarinnar sé tilnefndur af Hæstarétti og að hann sé löglærður. Aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands. Einn skal skipaður án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa almennt eftirlit ásamt Jafnréttisráði með því að ákvæðum laganna sé framfylgt og að taka við ábendingum vegna brota á lögunum. Gerð er tillaga um að lögfest verði upplýsingaskylda atvinnurekenda, opinberra stofnana og félagasamtaka við kærunefnd jafnréttismála. Vegna mikillar fjölgunar kærumála fyrir Jafnréttisráði þykir rétt að leggja til að sérstök nefnd, kærunefnd jafnréttismála, hafi þetta hlutverk. Jafnréttisráð mun áfram gegna því hlutverki sínu að vinna að jafnrétti kvenna og karla, sbr. 17. gr. frv.

Gert er ráð fyrir að skrifstofa Jafnréttisráðs sé jafnframt skrifstofa kærunefndar jafnréttismála.

Um 22. gr.

Kærunefnd jafnréttismála komi í stað Jafnréttisráðs í 16. gr. l. nr. 65/1985.

Um 23. gr.

Kærunefnd jafnréttismála komi í stað Jafnréttisráðs.

Að öðru leyti er greinin sjálf óbreytt frá núgildandi lögum. Rétt þykir hins vegar að skýra hér sérstaklega tilgang greinarinnar. Komist kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu að rannsókn lokinni að ákvæði laganna hafi verið brotin þá á nefndin að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Ætlunin er sú að unnt verði að leysa sem flest deilumál á þennan hátt þannig að ábendingar kærunefndar verði teknar til greina.

Ef ekki verður fallist á tilmæli kærunefndar er nefndinni heimilt í samráði við hlutaðeigandi aðila að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. er ekki ætlunin að þau tilmæli um úrbætur, sem nefndin setur fram hverju sinni, skerði á nokkurn hátt heimild kærunefndar jafnréttismála til kröfugerðar skv. 23. gr.

Einstaklingur, sem leitar til kærunefndar jafnréttismála, á að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar fari málið fyrir dómstóla. Þá er það einnig mikilvægt fyrir starfsemi kærunefndar og Jafnréttisráðs við framkvæmd laganna að unnt sé að fá túlkun og skýringu dómstóla á efni þeirra.

Um 24. gr.

1. mgr. 24. gr. er óbreytt frá 18. gr. l. nr. 65/1985.

2. mgr. 24. gr. er nýmæli. Samkvæmt þessari málsgrein er hægt að dæma menn til að greiða miskabætur með eða án bóta fyrir fjártjón. Ákvæði þetta er sérákvæði sem víkur til hliðar ákvæðum um miskabætur í 264. gr. núgildandi hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt greininni getur sá sem misgert er við auk bóta fyrir fjártjón átt rétt á bótum fyrir miska. Almennt má telja löglíkur fyrir því að einstaklingur sem mismunað er vegna kynferðis bíði ófjárhagslegt tjón, hann verði fyrir andlegri þjáningu og skapraun, álitshnekki og röskun á stöðu og högum, hvort sem af mismunun leiðir fjártjón eða ekki.

Um 25. gr.

Óbreytt frá 19. gr. l. nr. 65/1985

Um 26. gr.

Óbreytt frá 20. gr. l. nr. 65/1985

Um 27. gr.

Óbreytt frá 21. gr. l. nr. 65/1985

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 798. Frumvarp til laga [438. mál]

um leigubifreiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Leiguakstur.

1. gr.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi.

Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

II. KAFLI

Bifreiðastöðvar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að ákveða að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar,

vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Á félagssvæðum, þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum, sem aka utan þessara stöðva, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

3. gr.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu, í samráði við stéttarfélög leigubifreiðastjóra, skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

III. KAFLI

Takmörkun.

4. gr.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, hvort heldur um er að ræða félag fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðinu, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og héraðsnefnda er félagssvæðið fellur undir. Verði bæjarstjórnir og héraðsnefndir, sem félagssvæði stéttarfélags bifreiðastjóra fellur undir, eigi sammála um hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki eða þær greini á um við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða skal samgönguráðuneytið skera úr.

Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af ráðuneytinu með reglugerð. Takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu, framkvæma félögin sjálf. Takmörkun á fjölda fólksbifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu eða viðmiðun við íbúafjölda, ber að framkvæma með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd fólksbifreiða annast.

5. gr.

Á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga fólksbifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum, sem eigi hafa atvinnuleyfi, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki.

6. gr.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi þá er takmörkun hefst.

IV. KAFLI

Atvinnuleyfi.

7. gr.

Í því skyni að framkvæma takmörkun á fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs á þeim félagssvæðum, þar sem samgönguráðuneytið hefur veitt heimild til takmörkunar, skal gefa út sérstök atvinnuleyfi. Grundvöllur atvinnuleyfanna er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Fjöldi atvinnuleyfa á hverju félagssvæði miðast

við þann fjölda fólksbifreiða sem takmörkunarreglugerð heimilar. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

8. gr.

Þeir einir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, geta öðlast atvinnuleyfi:

1. hafa fullnægjandi ökuréttindi samkvæmt umferðarlögum,
2. eru 20–67 ára að aldri,
3. hafa eigi gerst sekir um alvarlegt refsilagabrot,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. hafa starfsreynslu við akstur á fólki,
6. eru félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra eða sækja um inngöngu í það.

Þessum skilyrðum verður atvinnuleyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið, sbr. þó 1. mgr. 9. gr.

Heimilt er að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má þá gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt.

9. gr.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við 70 ára aldur leyfishafa. Heimilt er með reglugerð að hækka þetta aldursmark í allt að 75 ár.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þó má dánarbú hans eða eftirlifandi maki nýta leyfið í eitt ár þar á eftir.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Stéttarfélag fólksbifreiðastjóra annast þessar undanþáguveitingar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Um atvinnuleyfi, úthlutun þeirra, nýtingu og brottfall skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

V. KAFLI

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

10. gr.

Á öllum félagssvæðum, þar sem takmörkun fólksbifreiða til leiguaksturs hefur verið ákveðin, sbr. 4. gr., skal starfa umsjónarnefnd fólksbifreiða. Samgönguráðherra skipar umsjónarnefndir fólksbifreiða. Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum. Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmanna, annan tilnefnir Samband íslenskra sveitarfélaga og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Sömu aðilar velja hver um sig einn varamann.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á félagssvæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra,

svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva. Að öðru leyti verður starfssvið umsjónarnefnda ákveðið í reglugerð.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Um gjaldmæla, gerð þeirra og notkun, skal setja ákvæði í reglugerð.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

12. gr.

Samgönguráðuneytið setur tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, annars vegar um takmörkun á fjölda fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs, en hins vegar reglugerð um takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 36/1970, lög nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988, um breytingu á þeim lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er heimilt að láta aðra skipan mála haldast til bráðabirgða á tilteknu svæði eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum þar til öðruvísi verður ákveðið af réttum aðilum.

Þeir, sem hafa atvinnuleyfi eða njóta takmörkunar við gildistöku laga þessara, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins í samráði við hagsmunaaðila. Gildandi lög um leigubifreiðar nr. 36/1970 hafa staðið óbreytt í 19 ár að undanskilinni minni háttar breytingu á lögunum sem gerð var með lögum nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988. Athugun á réttarstöðu leigubifreiðastjóra leiddi í ljós að heildarendurskoðun á lögunum var orðin tímabær. Vandamálin hafa verið leyst með sífelldum breytingum á reglugerðum um leigubifreiðar vegna þess að lögin hafa eigi verið nægjanlega fastmótuð og víðtæk. Það er árangur þessarar heildarendurskoðunar sem birtist í þessu frumvarpi. Markmið frumvarpsins er eins og markmið laganna frá 1970 að koma góðri skipan á málefni leigubifreiðastjóra og að gæta hagsmuna almennings sem nýtur þjónustu leigubifreiða.

Meginefni laga nr. 36/1970 svo og fyrri laga um sama efni eru heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á viðkomandi svæðum, en þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða. Sendibifreiðar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar þar sem stéttarfélög sendibifreiðastjóra hafa yfirleitt ekki óskað eftir takmörkun. Um vörubifreiðar gegnir öðru máli.

Víðast hvar á landinu eru í gildi takmörkunarreglugerðir fyrir vörubifreiðar. Takmarkanir á fjölda sendibifreiða og vörubifreiða eru framkvæmdar með þeim hætti að taka ekki fleiri menn inn í félögin en reglugerð segir til um. Það er að segja félögin ráða því sjálf hverjir bætast við í stéttina og öðlast rétt til að stunda leiguakstur á þessu sviði. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel hjá vörubifreiðastjórum, en minni reynsla hefur fengist af því hjá sendibifreiðastjórum.

Framvinda mála hjá fólksbifreiðastjórum hefur orðið með öðrum hætti. Þar eru takmörkunarreglugerðir í gildi hjá félögum sem eru í nokkrum hinna stærri kaupstaða, þar á meðal ein reglugerð fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Á hinn bóginn er takmörkun á fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs ekki framkvæmd af stéttarfélögum fólksbifreiðastjóra heldur með útgáfu atvinnuleyfa sem opinberar nefndir annast á hverju félagssvæði. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur tíðkast hjá fólksbifreiðastjórum allar götur síðan 1956 þegar takmörkunarreglur voru upp teknar, sbr. lög nr. 25/1955. Þetta kerfi er nú orðið mjög fast í sessi og um það gilda ítarleg ákvæði í takmörkunarreglugerðum sem sífellt gerast flóknari.

Í gildandi lögum um leigubifreiðar nr. 36/1970 segir ákaflega lítið um það hvernig takmörkun á fjölda leigubifreiða skuli hrundið í framkvæmd, þ.e. hvort félögin eigi að gera það sjálf eða að opinberar nefndir eigi að gera það með útgáfu atvinnuleyfa. Í lögunum segir aðeins að með reglugerð skuli kveðið á um ráðstöfun atvinnuleyfa, enda verði fyrir það girt að leyfin geti orðið verslunarvara. Að þessu leyti eru lögin ófullkomin og í reynd á eftir tímanum. Lögin hafa þó ætíð verið skilin á þann veg að þau útiloki ekki takmörkun á fjölda leigubifreiða án atvinnuleyfa svo sem tíðkast hefur með vörubifreiðar og sendibifreiðar.

Nauðsynlegt er að lögfesta skýr ákvæði um þær takmörkunaraðferðir, sem þróast hafa, og ekki er ástæða til að bregða út af í meginatriðum. Á það ber einnig að líta að atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða eru mjög eftirsótt og leyfishafar líta á þau sem mikilvæg persónuleg réttindi. Því er mjög æskilegt að setja í lög glöggar grundvallarreglur um atvinnuleyfin, en láta þar eigi reglugerðarákvæðin ein nægja. Þannig má líka forðast deilur um hvort reglugerðarákvæði um atvinnuleyfi eigi næga stoð í lögum en deilur um þetta efni hafa nokkrum sinnum orðið tilefni dómsmála. Umboðsmaður Alþingis, sem hefur af gefnu tilefni gert nokkra athugun á atvinnuleyfamálum fólksbifreiðastjóra, segir í bréfi til samgönguráðherra dags. 13. október 1988:

> „Af því tilefni tek ég ennfremur fram að ég tel ástæðu til að lög um leigubifreiðaakstur verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í þessari endurskoðun verði meðal annars fjallað um það hvaða skilyrðum menn þurfa að fullnægja til þess að geta fengið og haldið leyfum til leigubifreiðaaksturs, og um nýtingu slíkra atvinnuleyfa".

Ýmis fleiri atriði en hér að framan greinir kalla á endurskoðun laga um leigubifreiðar. Vísast um það efni til eftirfarandi upptalningar á þeim höfuðbreytingum frá gildandi lögum sem frumvarp þetta felur í sér.

1. Leiguakstur fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða er skilgreindur. Í gildandi lögum er aðeins skilgreindur leiguakstur vörubifreiða.
2. Gerður er greinarmunur á framkvæmd takmörkunar eftir því hvort um er að tefla annars vegar vörubifreiðar og sendibifreiðar eða hins vegar fólksbifreiðar. Með þessu er venjubundin framkvæmd staðfest.
3. Bifreiðastjórar, sem njóta þess að fjöldi leigubifreiða í atvinnugrein þeirra er takmarkaður, eru skyldaðir til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði.
4. Grundvallarreglur eru settar um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða, en þær hefur alveg skort í gildandi lögum. Í því efni er tekið mið af tilmælum umboðsmanns Alþingis. Þá er skýrt fram tekið að þeim, sem ekki hafa atvinnuleyfi, sé bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur með fólk. Þetta er nauðsynlegt til að veita leyfishöfum viðunandi réttarvernd.

5. Veitt er heimild til að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða til þess að auka hæfni umsækjenda og framkvæma síðan faglegt mat á hæfni þeirra með prófum.
6. Sett eru ákvæði um skipan og hlutverk umsjónarnefnda sem áður voru eingöngu í reglugerð. Jafnframt eru gerðar nokkrar efnisbreytingar á þessum ákvæðum.
7. Kveðið er á um skyldu til að hafa gjaldmæla í leigubifreiðum, þ.e. fólksbifreiðum og sendibifreiðum. Ákvæði um þetta efni voru nýlega felld brott úr umferðarlögum þar sem þau voru talin eiga heima í lögum um leigubifreiðar.
8. Samgönguráðuneytinu ber að setja tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laganna, aðra fyrir fólksbifreiðar en hina fyrir vörubifreiðar og sendibifreiðar. Er þá meiningin að hætta við útgáfu svæðisbundinna reglugerða sem hefur skort samræmi og reynst ófullnægjandi.

Nýmælum þessa frumvarps eru gerð fyllri skil hér á eftir þar sem fjallað er um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi tekið fram hvaða bifreiðar falla undir lögin og er þar í reynd ekki um efnisbreytingu að ræða.

Leiguakstur vörubifreiða er skilgreindur í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, um leigubifreiðar. Þeirri skilgreiningu er haldið hér. Leiguakstur sendibifreiða er skilgreindur á sama hátt, en hann er óskilgreindur í gildandi lögum. Þá er hér tekin upp skilgreining á leiguakstri fólksbifreiða sem einnig er óskilgreindur í gildandi lögum.

Stundum ber það við að ágreiningur rís um atvinnusvið hinna einstöku leigubifreiðastjórastétta. Einkum á þetta sér stað milli fólksbifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra þegar fólk og varningur er flutt í sömu ferð. Nauðsynlegt er að samgönguráðuneytið hafi heimild til að skera úr slíkum ágreiningi, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins, en að þessu ágreiningsefni er ekki vikið í gildandi lögum. Jafnframt er heimilað með reglugerð að draga gleggri mörk milli atvinnusviða hinna þriggja leigubifreiðastjórastétta.

Skyldan til að auðkenna leigubifreiðar er tilkomin vegna hagsmuna almennings, sem þarf á þjónustu þeirra að halda, sbr. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Um þetta efni þarf að setja fyllri ákvæði í reglugerð.

Um 2. gr.

Hér er sameinað í einni grein meginefni 1. gr., 3. gr. og 5. gr. laga nr. 36/1970, um viðurkenningar bæjarstjórna og sýslunefnda á leigubifreiðastöðvum. Ákvæðin um sýslunefndir, sem héraðsnefndir hafa leyst af hólmi, eru þó felld brott þar sem kaupstöðunum hefur fjölgað mjög. Reynslan sýnir að bifreiðastöðvar eru nær eingöngu staðsettar í kaupstöðum þótt félagssvæði bifreiðastjórafélaga nái að jafnaði yfir mörg sveitarfélög.

Réttarvernd sú, sem grein þessi veitir leigubifreiðastjórum, er aka frá viðurkenndum bifreiðastöðvum, er í rauninni óþörf fyrir alla þá bifreiðastjóra, sem njóta takmörkunarreglugerða. Á hinn bóginn eru til félög innan kaupstaða, sem ekki hafa óskað eftir takmörkun, en þar getur grein þessi haft raunhæft gildi.

Um 3. gr.

Í gildandi lög hefur skort almennt ákvæði um bifreiðastöðvar og skyldur þeirra. Hér er úr þessu bætt. Ljóst er að bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar hafa meðal annars hlutverki að gegna við framkvæmd takmörkunar á fjölda leigubifreiða. Á hinn bóginn gildir þessi grein um allar bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar hvort sem takmörkun hefur átt sér stað eða ekki.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. sameinað meginefni 2. gr., 4. gr., 6. gr. og 7. gr. laga nr. 36/1970. Helstu breytingar eru þær að í stað sýslunefnda koma héraðsnefndir sbr. 66. gr. laga nr. 108/1988, og að fellt er niður að miða við ákveðinn lágmarksfjölda íbúa á svæðinu, þar sem sú viðmiðun hefur nú litla þýðingu. Einnig er felld niður, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1970, skylda til að leita álits vinnuveitendasamtaka sem eru samningsaðilar viðkomandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra. Þetta er gert vegna þess að vinnuveitendur eru nú að mestu hættir að semja við stéttarfélög vörubifreiðastjóra.

Í 2. mgr. þessarar greinar er mælt fyrir um það hvernig takmörkun skuli háttað. Miðað er við ákveðna hámarkstölu hjá vörubifreiðum og sendibifreiðum eins og tíðkast hefur. Að því er fólksbifreiðar varðar er hins vegar um að ræða val á milli hámarkstölu og viðmiðunartölu við íbúafjölda. Aðra valkosti má því ekki heimila með reglugerð.

Um 5. gr.

Með 1. mgr. er því slegið föstu að allir bifreiðastjórar, sem njóta takmörkunar, skuli vera í sama stéttarfélagi á sínu svæði. Þetta á að sjálfsögðu við hverja stétt fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Þetta kemur annars vegar í veg fyrir að sama stéttin klofni í tvö eða fleiri stéttarfélög á sama svæði og hins vegar að einstakir bifreiðastjórar, sem takmörkunar njóta, geti staðið utan félags. Stéttarfélag á frumkvæði að því að takmörkun verði komið á, atbeina þess þarf til að framkvæma hana, og félagið hefur á hendi nauðsynlegt fyrirsvar fyrir stéttina gagnvart hinu opinbera. Því er óhjákvæmilegt að skylda alla bifreiðastjóra, sem njóta þessa skipulags, til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði, enda er hagsmunum þeirra sjálfra best borgið með þessum hætti. Ljóst er af nýgengnum dómi Hæstaréttar að reglugerðarákvæði dugir ekki til að skylda bifreiðastjóra til félagsaðildar. Þar þarf lagaákvæði að koma til svo örugglega sé um hnútana búið.

Í 2. mgr. og 3. mgr. er það nýmæli til verndar á rétti þeirra, er takmörkunar njóta, hvort heldur er með atvinnuleyfi eða án þess, að öllum öðrum er bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

Um 6. gr.

Þessi grein er sama efnis og 8. gr. laga nr. 36/1970.

Um 7. gr.

Hér eru settar fram undirstöðureglur um gildi atvinnuleyfa. Þær eru í aðalatriðum hinar sömu og fram koma í reglugerð fyrir fólksbifreiðar á höfuðborgarsvæðinu nr. 293/1985. Nauðsynlegt er að lögfesta þessar mikilvægu reglur. Grundvöllur atvinnuleyfanna er eins og sagt er í greininni að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur.

Með 2. mgr. er fyrir það girt að atvinnuleyfin geti orðið verslunarvara, sbr. 10. gr. laga nr. 36/1970. Þá er tekið fram í málsgreininni að atvinnuleyfishafi sé háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma. Þessi regla er sett til að taka af allan vafa í þessu efni.

Um 8. gr.

Í greininni koma fram skilyrði fyrir því að geta öðlast atvinnuleyfi og haldið því. Þessi skilyrði eru nokkru víðtækari en tíðkast hafa í reglugerðum. Aldurshámark er miðað við 67

ára aldur. Þar sem að því er stefnt að menn njóti ekki atvinnuleyfa lengur en til 70 ára eða í hæsta lagi 75 ára aldurs, sbr. 9. gr. frumvarpsins, er óeðlilegt að veita eldri manni en 67 ára atvinnuleyfi, en þá er skammt eftir af starfsævi hans. Gerð er krafa um fullnægjandi heilbrigðisvottorð, en þessi krafa hefur eigi verið höfð uppi áður. Enn fremur er krafist starfsreynslu við akstur á fólki. Þar gætu bæði strætisvagnastjórar og rútubifreiðastjórar komið til álita þegar fram líða stundir, en ekki eingöngu þeir sem hafa stundað akstur allt að átta farþega leigubifreiða sem launþegar eins og hefur verið gert ráð fyrir sem aðalreglu í reglugerðum. Þessi breyting þarf að sjálfsögðu sinn aðlögunartíma þannig að launþega-bifreiðastjórar, sem við gildistöku laganna hafa eins árs starfsreynslu að baki, verða að njóta forgangsréttar að vissu marki við næstu úthlutanir atvinnuleyfa.

Það nýmæli er í 3. mgr. að heimilað er að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Með því að halda svona námskeið má tryggja réttlátari úthlutun leyfa og tryggja jafnframt almenningi hæfari leigubifreiðastjóra til aksturs á fólki.

Um 9. gr.

Hér eru settar fram reglur um brottfall atvinnuleyfis, þ.e. við tiltekið aldurshámark, við andlát og við brot á reglum um atvinnuleyfi. Lagt er til að atvinnuleyfi falli úr gildi við 70 ára aldur leyfishafa, en heimilað að hækka þetta aldursmark í allt að 75 ár með reglugerð. Hafa verður í huga þann grundvöll atvinnuleyfanna, sbr. 7. gr. frumvarpsins, að leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Menn sem komnir eru á áttræðisaldur eru yfirleitt lítt færir til þess að stunda leiguakstur og veita farþegum þá þjónustu sem þeir eiga kröfu til. Á hinn bóginn er ekki sanngjarnt að lækka aldursmarkið fyrirvaralaust og af þeim sökum er reglugerðarheimildin sett.

Lengi vel voru engar reglur um aldurshámark í gildi, en með reglugerð fyrir höfuðborgar-svæðið, þ.e. félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, nr. 293/1985 var sett ákvæði um 75 ára aldurshámark, en framkvæmd þessa ákvæðis hefur valdið deilum og þá einkum hvort reglugerðarákvæði dugi.

Samkvæmt 4. mgr. má veita tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar svo sem tíðkast hefur. Stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra er falið að hafa þessar undanþáguveitingar með höndum.

Um 10. gr.

Hér eru settar fram reglur um skipan og meginhlutverk umsjónarnefnda fólksbifreiða. Ákvæði um þetta efni hafa áður verið í reglugerðum og sætt ýmsum breytingum í tímanna rás. Nú eru þessar nefndir skipaðar tveimur til fimm mönnum, en hér er lagt til að þær verði allar skipaðar þremur mönnum. Markmiðið er að gera nefndirnar virkari og skjótari til ákvarðana. Einn nefndarmanna, sem er formaður, skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Hinir tveir eru tilnefndir af hlutaðeigandi stéttarfélagi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar sem félagssvæði stéttarfélaga leigubifreiðastjóra taka yfirleitt til margra sveitarfélaga er miklu einfaldara að láta Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn mann heldur en að blanda mörgum sveitarfélögum í málið.

Ákvæðin um hlutverk umsjónarnefnda eru svipuð þeim sem staðið hafa í reglugerðum.

Í 3. mgr. greinarinnar er sagt að samgönguráðherra ákveði laun nefndarmanna og að laun þeirra og annar kostnaður af störfum umsjónarnefnda greiðist úr ríkissjóði. Um þetta efni hafa hvorki verið ákvæði í lögum né reglugerðum þótt ríkissjóður hafi auðvitað borgað brúsann þrátt fyrir það.

Um. 11. gr.

Hér er tekið upp ákvæði um að gjaldmælar skuli vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum, sem notaðar eru til leiguaksturs, og að lögreglustjórar hafi eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

Í 86. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, segir:

„Samgönguráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum."

Á grundvelli þessa ákvæðis setti samgönguráðherra sérstaka reglugerð um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum, sbr. nú reglugerð nr. 136/1986. Hins vegar hefur samgönguráðherra lítt notað heimild sína til að setja gjaldskrár fyrir fólksbifreiðar og sendibifreiðar, en það hafa verðlagsyfirvöld gert áratugum saman og er engin ástæða til að breyta því.

Með nýju umferðarlögunum, nr. 50/1987, var framangreind 86. gr. umferðarlaganna frá 1968 felld niður. Var litið svo á að lagaákvæði um gjaldskrá og gjaldmæla leigubifreiða tengdust ekki umferðaröryggi og ættu því ekki heima í umferðarlögum. Því er nú svo komið að reglugerðin um gjaldmæla í leigubifreiðum svífur í lausu lofti án stoðar í lögum.

Gjaldmælaskyldan er mikið öryggisatriði fyrir viðskiptavini þeirra sem stunda leiguakstur með fólksbifreiðum og sendibifreiðum. Því er nauðsynlegt að endurvekja lagaákvæði um gjaldmæla í þessum bifreiðum. Það er gert hér með þessari frumvarpsgrein, enda á það hvergi betur heima en í lögum um fólksbifreiðar og sendibifreiðar. Á hinn bóginn er ekki þörf á að veita samgönguráðherra á ný heimild til að setja gjaldskrá fyrir fólksbifreiðar og sendibifreiðar. Því hlutverki gegna verðlagsyfirvöld.

Hjá því verður ekki komist að setja fyllri ákvæði um gjaldmælana í reglugerð sem samgönguráðuneytið á að setja skv. 12. gr. frumvarpsins.

Um. 12. gr.

Á grundvelli gildandi laga hafa verið settar margar og ítarlegar, svæðisbundnar reglugerðir, en engin almenn reglugerð. Hér er áformað að breyta þessu þannig að einungis verði settar tvær reglugerðir, sem hvor fyrir sig nái til landsins alls, önnur fyrir fólksbifreiðar, sem hafa sérstöðu vegna atvinnuleyfakerfisins, en hin fyrir vörubifreiðar og sendibifreiðar. Í hvorri reglugerð fyrir sig yrðu þá talin upp öll félög og félagssvæði, sem takmörkunar njóta, ásamt heimiluðum fjölda leigubifreiða á hverju svæði.

Um 13. gr.

Greinin kemur í stað 11. gr. laga nr. 36/1970. Hér eru úreltar fjárhæðir sekta felldar niður, en þar með er dómstólunum falið að meta sektarfjárhæðir hverju sinni.

Um 14. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta verði að lögum 1. júlí 1989. Lögin þurfa að taka gildi með fyrirvara þannig að svigrúm skapist til útgáfu nýrra reglugerða sem helst þurfa að vera tilbúnar á gildistökudegi laganna.

Við gildistöku laganna þarf ekki að endurnýja viðurkenningar á bifreiðastöðvum og eigi heldur útgefin atvinnuleyfi. Hins vegar er það undirstrikað með 4. mgr. að atvinnuleyfishafar verða að sæta þeim breytingum, sem lagafrumvarpið hefur í för með sér, og geta því ekki skírskotað til þeirra reglna óbreyttra sem giltu þegar atvinnuleyfin voru veitt.

Ed. 799. Frumvarp til laga [439. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Á eftir V. kafla laganna komi nýr kafli, V. kafli A, Vinnuumhverfi áhafna loftfara, með átta greinum, 54. gr. a–h, svohljóðandi:

V. KAFLI
A. Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

a. (54. gr. a)

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi samgönguráðherra til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti sjálf í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

b. (54. gr. b)

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

c. (54. gr. c)

Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru einn til fjórir starfsmenn, sem eru í áhöfn loftfara, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánu samstarfi flugrekanda og áhafna.

d. (54. gr. d)

Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru fimm starfsmenn eða fleiri, sem eru í áhöfn loftfara, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi sinn í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1936, um stéttarfélög og vinnudeilur.

e. (54. gr. e)

Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru starfandi fimm eða fleiri, sem eru í áhöfn loftfara, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

f. (54. gr. f)

Þegar starfsmenn flugmálastjórnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda svo sem kostur er að leggja mál fyrir flugmálastjórn.

g. (54. gr. g)

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

h. (54. gr. h)

Samgönguráðherra skipar vinnuverndarráð fyrir flugstarfsemi.

Verkefni ráðsins skal vera:

1. að vera ráðgefandi fyrir ráðherra og flugmálastjóra í málum varðandi vinnuumhverfi um borð í loftförum,
2. að gera tillögur og veita umsagnir um nýjar reglur eða breytingu á eldri reglum um vinnuumhverfi um borð í loftförum,
3. að fjalla um einstök mál, sem ráðherra eða flugmálastjóri leggja fyrir það, og eiga frumkvæði að málum sem hafa áhrif á vinnuumhverfi áhafna.

Flugmálastjórn skal sjá um að þegar nauðsyn krefur standi ráðinu til boða sérfræðileg aðstoð.

Vinnuverndarráðið er skipað fjórum fulltrúum úr áhöfn og fjórum fulltrúum frá flugrekendum. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Flugmálastjóri situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi ráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda einungis um vinnu við loftför á jörðu niðri, sem ekki er unnin af áhöfn (1. mgr. 3. gr.). Ákvæði laganna var byggt á þágildandi ákvæðum danskra laga um sama efni.

Árið 1983 var dönsku loftferðalögunum breytt og ákvæði um vinnuumhverfi áhafna sett í loftferðalögin. Breytingin var gerð að undangengnum viðræðum fulltrúa flugmálayfirvalda og vinnueftirlita Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu á löggjöf landanna varðandi vinnuumhverfi loftfara.

Að undanförnu hefur töluverð umræða farið fram hér á landi um heilsufar og vinnuaðstöðu flugfreyja og flugþjóna. Flugfreyjufélag Íslands fór þess formlega á leit, upphaflega við félagsmálaráðherra, að settar yrðu reglur hér að lútandi. Félagsmálaráðherra vísaði málinu til samgönguráðherra, og taldi eðlilegt að farin yrði sama leið og í Danmörku og ákvæði um vinnuumhverfi og aðbúnað íslenskra áhafna í loftferðalög. Þess má og geta að ASÍ hefur tvívegis samþykkt áskorun til stjórnvalda um að settar yrðu reglur um aðbúnað og vinnuumhverfi flugliða og þar ákveðið hver skuli hafa eftirlit með starfsumhverfi þeirra.

Það frumvarp sem hér fylgir er samið með hliðsjón af dönsku lögunum um sama efni og lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hins vegar er talið eðlilegt að ákvæði um vinnuumhverfi í íslenskum loftförum séu í loftferðalögum frekar en almennum lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar með eru ákvæðin sniðin að sérþörfum flugsins og eftirlit með framkvæmd loftferðastarfsemi verður á einni hendi (loftferðaeftirlit flugmálastjórnar).

Frumvarpið byggir á því meginsjónarmiði að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi áhafna um borð í loftförum verði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra og áhafnir og flugrekendur skipuleggi sameiginlega ráðstafanir um borð í loftförum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi undir eftirliti loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a.

Frumvarpið gildir um störf áhafnar loftfars. Til áhafnar loftfars telst sá, sem falið er ákveðið starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfars meðan á flugtíma stendur, hvort sem til starfsins þarf skírteini útgefið af flugmálastjórn eða ekki. Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi til loftferðastarfsemi í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Markmið frumvarpsins er að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi áhafna og að hægt sé að leysa vandamál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan vinnustaðanna sjálfra.

Um b.

Í greininni eru skilgreindar skyldur flugrekenda.

Um c.

Í greininni eru almennt orðuð ákvæði um skyldur flugrekenda og áhafna að eiga samstarf um að stuðla að góðu vinnuumhverfi þar sem eru einn til fjórir starfsmenn.

Um d.

Hér er lagt til að, í fyrirtækjum með fimm starfsmenn eða fleiri, sem eru í áhöfn loftfara, skuli þeir tilnefna sérstakan öryggistrúnaðarmann, sem gæti hagsmuna starfsmanna að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Í lögum nr. 46/1980 eru ákvæði um öryggistrúnaðarmenn í fyrirtækjum þar sem eru tíu starfsmenn eða fleiri. Viðmiðunartalan hér, fimm, er hins vegar í samræmi við ákvæði dönsku loftferðalaganna.

Um e.

Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru 5 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Í henni skulu sitja tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar flugrekanda. Nefndin skipuleggur og hefur eftirlit með ráðstöfunum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

Um f.

Í greininni eru ákvæði um samstarf flugmálastjórnar við öryggistrúnaðarmann og öryggisnefnd.

Um g.

Rétt þykir að ráðherra setji nánari reglur um fyrirkomulag þeirrar starfsemi sem fjallað er um í þessum kafla.

Um h.

Hér er lagt til að stofnað verði vinnuverndarráð fyrir flugstarfsemi og er efnislega stuðst við hliðstætt ráð í dönsku loftferðalögunum sem heitir „arbejdsmiljøråd for luftfart". Í ráðinu eiga sæti fulltrúi starfsmanna og flugrekenda og formaður, sem ráðherra skipar. Flugmálastjóri, og hugsanlega fulltrúar hans, sitja fundi ráðsins. Með þessari skipan á að tryggja góð og varanleg tengsl og samvinnu ráðuneytisins og flugmálastjórnar við hagsmunaaðila í vinnuumhverfismálum áhafna loftfara, enda er ráðið ráðgefandi fyrir ráðherra í málum hér að lútandi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 800. Tillaga til þingsályktunar [440. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1989–1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Alþingi ályktar skv. 29. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, að árin 1989–1992 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

1. KJÖRDÆMI, YFIRLIT YFIR ÁÆTLAÐAN HEILDARFRAMKVÆMDAKOSTNAÐ ÁRIN 1989–1992

Kjördæmi	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Vesturland	51.1	71.2	162.2	284.5
Vestfirðir	59.9	122.8	406.4	589.1
Norðurland vestra	45.8	71.3	226.9	344.0
Norðurland eystra	58.9	178.6	284.4	521.9
Austurland	74.6	146.8	265.4	486.8
Suðurland	24.1	30.7	76.3	131.1
Reykjanes	36.6	113.0	189.8	339.4
Samtals	**351.0**	**734.4**	**1611.4**	**2696.8**
Landshafnir:				
Rifshöfn	7.0	21.5	23.2	51.7
Þorlákshöfn	4.0	15.0	110.0	129.0
Keflavík/Njarðvík	4.0	23.6	38.5	66.1
Samtals	**15.0**	**60.1**	**171.7**	**246.8**

2. HAFNIR, YFIRLIT YFIR ÁÆTLAÐAN HEILDARFRAMKVÆMDAKOSTNAÐ ÁRIN 1989-1992

Höfn	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Vesturland				
Grundartangi				
Akranes	6.3	40.5	78.0	124.8
Borgarnes				
Arnarstapi	1.2		14.0	15.2
Rif (landshöfn)				
Ólafsvík	13.3	5.7	21.1	40.1
Grundarfjörður	5.3	1.8	16.7	23.8
Stykkishólmur	25.0	23.2	32.4	80.6
	51.1	71.2	162.2	284.5
Vestfirðir				
Reykhólahöfn (Karlsey)				
Brjánslækur	18.0	4.8		22.8
Patreksfjörður	12.7	17.8	23.6	54.1
Tálknafjörður		7.6	2.7	10.3
Bíldudalur	2.0		70.4	72.4
Þingeyri	4.0	5.0	7.3	16.3
Flateyri		3.6	12.2	15.8
Suðureyri		15.1	35.8	50.9
Bolungarvík		20.0	196.4	216.4
Ísafjörður	9.7	14.1	46.5	70.3
Súðavík	13.5	8.0		21.5
Norðurfjörður		2.9		2.9
Drangsnes		7.4	3.5	10.9
Hólmavík		16.5	8.0	24.5
	59.9	122.8	406.4	589.1
Norðurland vestra				
Hvammstangi	9.1		10.5	19.6
Blönduós	9.2	22.0	103.0	134.2
Skagaströnd	9.1	12.8	38.5	60.4
Sauðárkrókur		24.5	50.9	75.4
Hofsós			2.0	2.0
Haganesvík				
Siglufjörður	18.4	12.0	22.0	52.4
	45.8	71.3	226.9	344.0
Norðurland eystra				
Ólafsfjörður		15.6	65.2	80.8
Dalvík	9.3	26.2	8.2	43.7
Hrísey			20.0	20.0
Árskógssandur/Hauganes			32.1	32.1
Hjalteyri			4.0	4.0
Akureyri		15.0	36.0	51.0
Svalbarðseyri		1.2	0.6	1.8
Grenivík		9.0	15.0	24.0
Grímsey	13.9	70.0	5.0	88.9
Húsavík	31.7	18.8	72.1	122.6
Tjörneshöfn				
Kópasker	4.0	9.4	5.8	19.2
Raufarhöfn		9.2	2.4	11.6
Þórshöfn		4.2	18.0	22.2
	58.9	178.6	284.4	521.9

Höfn	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Austurland				
Bakkafjörður		12.0	14.0	26.0
Vopnafjörður	29.9	10.0	15.8	55.7
Borgafjörður eystri	9.5	2.3	4.0	15.8
Seyðisfjörður		20.3	74.2	94.5
Neskaupstaður		19.8	29.8	49.6
Eskifjörður		13.8	23.2	37.0
Reyðarfjörður	8.7	23.6	25.4	57.7
Fáskrúðsfjörður	20.7	6.5	3.0	30.2
Stöðvarfjörður		7.4	14.0	21.4
Breiðdalsvík	1.7	10.0	40.0	51.7
Djúpivogur		6.0	5.3	11.3
Höfn í Hornafirði	4.1	15.1	16.7	35.9
	74.6	146.8	265.4	486.8
Suðurland				
Vestmannaeyjar	24.1	30.7	76.3	131.1
Stokkseyri				
Eyrarbakki				
Þorlákshöfn (landshöfn)				
	24.1	30.7	76.3	131.1
Reykjanes				
Grindavík	11.5	15.0	23.1	49.6
Hafnir				
Sandgerði	3.1	85.0	109.0	197.1
Garður				
Keflavík/Njarðvík (landshöfn)				
Vogar	6.9	10.0	2.0	18.9
Hafnarfjörður	10.0	3.0	50.0	63.0
Garðabær	5.1		5.7	10.8
	36.6	113.0	189.8	339.4

3. KJÖRDÆMI, YFIRLIT YFIR RÍKISHLUTA FRAMKVÆMDAKOSTNAÐAR ÁRIN 1989–1992

Kjördæmi	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Vesturland	38.3	43.2	106.1	187.6
Vestfirðir	44.9	91.5	297.3	433.7
Norðurland vestra	34.4	52.3	168.0	254.6
Norðurland eystra	44.2	129.8	206.1	380.1
Austurland	54.4	103.8	181.4	339.6
Suðurland	17.4	20.6	53.1	91.1
Reykjanes	25.4	96.6	143.1	265.1
Samtals	**258.9**	**537.7**	**1155.1**	**1951.8**
Landshafnir: [1]				
Rifshöfn	7.0	21.5	23.2	51.7
Þorlákshöfn	4.0	15.0	110.0	129.0
Keflavík/Njarðvík	4.0	23.6	38.5	66.1
	15.0	60.1	171.7	246.8

1) Sjá niðurlag kafla I í athugasemdum.

4. HAFNIR, YFIRLIT YFIR RÍKISHLUTA FRAMKVÆMDAKOSTNAÐAÐAR ÁRIN 1989–1992

Höfn	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Vesturland				
Grundartangi				
Akranes	4.7	20.8	42.9	68.4
Borgarnes				
Arnarstapi	0.9		10.5	11.4
Rif (landshöfn)				
Ólafsvík	10.0	4.3	15.8	30.1
Grundarfjörður	4.0	0.7	12.5	17.2
Stykkishólmur	18.8	17.4	24.3	60.5
	38.3	43.2	106.1	187.6
Vestfirðir				
Reykhólahöfn (Karlsey)				
Brjánslækur	13.5	3.0		16.5
Patreksfjörður	9.5	13.4	17.8	40.7
Tálknafjörður		5.7	2.0	7.7
Bíldudalur	1.5		52.9	54.4
Þingeyri	3.0	3.8	5.5	12.2
Flateyri		2.7	9.2	11.9
Suðureyri		11.3	28.5	39.8
Bolungarvík		15.0	147.3	162.3
Ísafjörður	7.3	10.6	25.6	43.4
Súðavík	10.1	6.0		16.1
Norðurfjörður		2.2		2.2
Drangsnes		5.6	2.6	8.2
Hólmavík		12.4	6.0	18.4
	44.9	91.5	297.3	433.7
Norðurland vestra				
Hvammstangi	6.8		7.9	14.7
Blönduós	6.9	16.5	77.3	100.7
Skagaströnd	6.8	9.6	28.9	45.3
Sauðárkrókur		18.4	38.2	56.6
Hofsós			1.5	1.5
Haganesvík				
Siglufjörður	13.8	7.8	14.3	35.9
	34.4	52.3	168.0	254.6
Norðurland eystra				
Ólafsfjörður		11.7	48.9	60.6
Dalvík	7.0	19.7	6.2	32.8
Hrísey			15.0	15.0
Árskógssandur/Hauganes			24.1	24.1
Hjalteyri			3.0	3.0
Akureyri		7.5	19.8	27.3
Svalbarðseyri		0.9	0.5	1.4
Grenivík		6.8	11.3	18.0
Grímsey	10.4	52.5	3.8	66.7
Húsavík	23.8	14.1	54.1	92.0
Tjörneshöfn				
Kópasker	3.0	7.1	4.4	14.4
Raufarhöfn		6.9	1.8	8.7
Þórshöfn	2.7	13.5	16.2	
	44.2	129.8	206.1	380.1

Höfn	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Samtals m.kr.
Austurland				
Bakkafjörður		9.0	10.5	19.5
Vopnafjörður	22.4	7.5	11.9	41.8
Borgafjörður eystri	7.1	1.7	3.0	11.9
Seyðisfjörður		8.9	39.9	48.8
Neskaupstaður		14.9	20.5	35.3
Eskifjörður		10.4	17.4	27.8
Reyðarfjörður	4.9	17.7	19.1	41.7
Fáskrúðsfjörður	15.5	4.9	2.3	22.7
Stöðvarfjörður		5.6	10.5	16.1
Breiðdalsvík	1.3	7.5	30.0	38.8
Djúpivogur		4.5	4.0	8.5
Höfn í Hornafirði	3.1	11.3	12.5	26.9
	54.4	103.8	181.4	339.6
Suðurland				
Vestmannaeyjar	17.4	20.6	53.1	91.1
Stokkseyri				
Eyrarbakki				
Þorlákshöfn (landshöfn)				
	17.4	20.6	53.1	91.1
Reykjanes				
Grindavík	8.6	11.3	17.3	37.2
Hafnir				
Sandgerði	2.8	76.5	97.5	176.8
Garður				
Keflavík/Njarðvík (landshöfn)				
Vogar	5.2	7.5	1.5	14.2
Hafnarfjörður	5.0	1.4	22.5	28.9
Garðabær	3.8		4.3	8.1
	25.4	96.6	143.1	265.1

5. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA Í HÖFNUM Í EIGU SVEITARFÉLAGA ÁRIN 1989–1992

Skýringar við sundurliðun:

* Táknar að endanleg útfærsla mannvirkja verður ákveðin út frá niðurstöðum tilrauna í rannsóknastöð Hafnamálastofnunar.

** Táknar að hafnarstjórn áformar að ljúka framkvæmdum við verkáfanga á árinu 1989.

*** Táknar stórframkvæmd, sem erfitt er að áfangaskipta. Reiknað með að a.m.k. hlutur hafnarsjóðs verði að verulegu leyti fjármagnaður með lánsfé. Lán vegna Bolungarvíkur og Sandgerðis nái út yfir áætlunartímabilið.

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND				
Grundartangi				
Engar framkvæmdir				
Akranes				
Smábátahöfn, dýpkun	3.6			75%
** Dýpkun hafnar	2.7	1.3		75%
** Lóðsbátur		11.5		40%
Grjótfylling við þrær S.F.A (6700m3)		4.3		55%
Aðalhafnargarður – brimvörn (verkþ. 1–3)		23.4	7.0	55%
Endurnýjun rafkerfis (Faxag. – Lambhs.)			2.0	55%
Endurnýjun SR. bryggju vesturk. (50m)			14.0	55%
SR. bryggja austurk. (130m) 1. áf			55.0	55%
Borgarnes				
Engar framkvæmdir				
Arnarstapi				
Innsiglingarmerki	1.2			75%
* Stækkun hafnar; spr. sker og dýpkun			14.0	75%
Rifshöfn (landshöfn)				
Ólafsvík				
Dýpkun við stálþil við Norðurt.	9.3			75%
Lagnir og lýsing við stálþil Norðurtanga	4.0			75%
Þekja á stálþil við Norðurtanga		5.7		75%
Harðviðarbryggja endurbygging			7.0	75%
Smábátaaðstaða			2.3	75%
Endurbyggð þekja Norðurgarði			1.8	75%
Styrking Suður- og Norðurgarðs			10.0	75%
Grundarfjörður				
Frág. lagna, ljósam. og þekju Norðurg.	5.3			75%
Löndunarkrani		1.8		40%
Viðlegukantur við innri garð (25m)			11.7	75%
Dýpkun			2.3	75%
Viðlega við innri garð, lokafrágangur			2.7	75%
Stykkishólmur				
** Ferjuaðstaða:				
Dýpkun, harðvbr., ferjubrú og lýsing	25.0	15.0		75%
Flotbryggja (42m) og dýpkun		3.5		75%
Innsiglingarljós, þekja o.fl. Skipavík		4.7		75%
Fylling milli bryggja			9.7	75%
Endurb. trébr. við Stykkið			9.7	75%
Trébryggja við Súgandisey (40m)			13.0	75%
Samtals	**51.1**	**71.2**	**162.2**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
VESTFIRÐIR				
Brjánslækur				
Kantbiti, lagnir, lýsing og inns.merki	6.0			75%
Ferjubrú og brúarbás	12.0			75%
Þekja		3.0		75%
Löndunarkrani		1.8		40%
Patreksfjörður				
Smábátaaðstaða 1. áf.	12.7			75%
Dýpkun í innsiglingar rennu og höfn		12.0		75%
Smábátaaðstaða 2. og 3. áf.		5.8	8.6	75%
Lenging stálþils við hafnarmynni (30m)			15.0	75%
Tálknafjörður				
Fyllingargarður (50m)		3.5		75%
Smábátaaðstaða dýpkun		2.7		75%
Flotbryggja (20m)		1.5		75%
Raflögn á stálþil			2.7	75%
Bíldudalur				
* Grjótgarður	2.0		35.0	75%
Stálþilsbakki (70m) 1. áf.			28.9	75%
Stálþilsbakki frágangur			6.5	75%
Þingeyri				
Endurb. lagnir, þekja á gl. stálþili	4.0	5.0		75%
Steypt slitlag á tengibraut			7.3	75%
Flateyri				
Grjótgarður lengdur (40m)		3.6		75%
Lagnir og þekja stálþilsbakka			5.7	75%
Flotbryggja (30m)			2.1	75%
Dýpkun			4.4	75%
Suðureyri				
Grjótvörn og styrking á Brjót		15.1		75%
Fyrirstöðugarður			9.3	50%
Dýpkun innsiglingar			26.4	90%
Bolungarvík				
Dýpkun við Grundargarð og víðar		20.0		75%
*** Brimvarnarg. við enda Brjóts (90m)			130.8	75%
*** Brimvörn og fylling utan Brjóts			65.6	75%
Ísafjörður				
Stálþil Sundahöfn lagnir og lýsing	6.6			75%
** Þekja (2300m2) og 1.áf gámapl.(3500m2)	3.1	10.8		75%
** Aðstaða fyrir björgunarbát		0.6		75%
** Endurn. kants og þekju bátahöfn verklok		2.7		75%
Gámaplan Sundahöfn 2. áf. (3500 m^2)			6.1	55%
Endurn. á stálþ. Olíumúla (95m) 1. áf.			28.8	55%
Olíumúli lagnir og þekja			6.6	55%
Endurb. þekja Ásgeirsbakka			5.0	55%
Súðavík				
** Löndunarbryggja (45m)	13.5	2.5		75%
Dýpkun		3.4		75%
Lagnir og lýsing löndunarbr.		2.0		75%
Norðurfjörður				
Frágangur stálþilsbakka		2.9		75%
Drangsnes				
Löndunarbryggja Skipavík (20m)		7.4		75%
Endurb. gl. Steinbryggja Drangsnesi			3.5	75%
Hólmavík				
Stálþilsbakki frágangur		4.5		75%
Skjólgarður vestan hafnar (12000m3)		12.0		75%
Viðlegukantur við skjólgarð (40m)			8.0	75%
Samtals	**59.9**	**122.8**	**406.4**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA				
Hvammstangi				
Endurb. á Norðurgarði (50m)	9.1			75%
Endurb. á Norðurgarði (60m)			10.5	75%
Blönduós				
*** Brimvarnargarður (220m)	9.2	22.0	103.0	75%
Skagaströnd				
Smábátaaðstaða, harðviðarbr.(20m)	5.0			75%
Dýpkun, endurb. raflögn ofl.	4.1			75%
Skipulag hafnarsvæðis		0.8		75%
Viðleguk. við Skúffugarð (2x60m áf.)		12.0	12.0	75%
Skúffugarður, lagnir,lýsing,þekja (120m)			11.5	75%
* Vesturgarður, löndunarbr. endurb.(1.áf.)			15.0	75%
Sauðárkrókur				
Smábátah.; 90m lenging grjótgarðs og dýpkun		12.0		75%
Léttbyggð timburbr. smábátah. (70m)		12.5		75%
Malbik á gámasvæði Norðurgarði			10.0	75%
Lenging Suðurgarðs			2.3	75%
Dýpkun hafnar			12.9	75%
* Lenging sandfangara (55m)			25.7	75%
Hofsós				
Ljósamastur og endurb. raflögn Norðurg.			2.0	75%
Haganesvík				
Engar framkvæmdir				
Siglufjörður				
Flotbryggja	2.9			75%
Jarðvegsskipti vestan Togarabryggju	8.4			75%
Lýsing á Hafnarbr. (3 ljm.)	3.1			75%
Dýpkun, lokið verki frá 1988	4.0			75%
Stálþil vestan Togarabr. (60+20m)		12.0	22.0	65%
Samtals	**45.8**	**71.3**	**226.9**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
NORÐURLAND EYSTRA				
Ólafsfjörður				
* Innsigling í Vesturhöfn, suðurendi		15.0		75%
Skipulag hafnarsvæðis		0.6		75%
Innsigling í Vesturhöfn, norðurendi			5.2	75%
Ytri hafnarmannvirki/dýpkun			60.0	75%
Dalvík				
** Dýpkun við Norðurgarð og víðar	9.3	11.0		75%
Grjótv. og breikkun Norðurgarðs 1. áf.		15.2		75%
Grjótv. og breikkun Norðurgarðs 2. áf.			8.2	75%
Hrísey				
* Lenging Norðurgarðs			20.0	75%
Árskógssandur og Hauganes				
Stálþil Ársk.s. (60m) 1.áf.			25.7	75%
Lokafrágangur stálþil			6.4	75%
Hjalteyri				
Sandfangari			4.0	75%
Akureyri				
** Fiskihöfn, dýpkun		15.0		50%
** Fiskihöfn, frágangur stálþils (170m)				
St.kantur, lagnir, lýsing og þekja			24.0	55%
Vöruhöfn, hönnun og undirb. (70m bakki)			12.0	55%
Svalbarðseyri				
Raflögn og lýsing		1.2		75%
Dýpkun hafnar			0.6	75%
Grenivík				
Stálþilsbakki (50m) 1.áf.		9.0	10.0	75%
Stálþilsbakki frágangur			5.0	75%
Grímsey				
Smábátahöfn, byrjunarfrkv. (grjótv. ofl.)	13.9			75%
*** Lokið grjótgarði, spr. og gr.bátadokk		55.0		75%
*** Viðlegubryggja (60m léttb. harðv.)		15.0		75%
Frág. lagnir, lýsing ofl. viðlegubr.			5.0	75%
Húsavík				
** Breikkun og grjótvörn Norðurgarðs 2. áf.	31.7	12.3		75%
Innsiglingarmerki		1.8		75%
Þekja á breikkun Norðurgarðs		4.7		75%
Dýpkun			25.1	75%
Endurb. bryggja Norðurgarði (170m stþ.)			47.0	75%
Tjörneshöfn				
Engar framkvæmdir				
Kópasker				
Skjólgarður smábátahöfn	4.0	7.0		75%
Flotbryggja smábátahöfn		2.4		75%
Dýpkun í smábátah. og við bryggju			5.8	75%
Raufarhöfn				
Endurbygging hafskipabryggju		8.2		75%
Skipulag hafnarsvæðis		1.0		75%
Flotbryggja			1.2	75%
Endurbætur á skjólgarði í bátahöfn			1.2	75%
Þórshöfn				
Endurb. rafl. og lýsing Norðurgarði		3.0		75%
Löndunarkrani		1.2		40%
* Viðlegukantur (45m)			18.0	75%
Samtals		**58.9**	**178.6**	**284.4**

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
AUSTURLAND				
* Bakkafjörður				
** Skjólgarður og bryggja (20m)		12.0	14.0	75%
Vopnafjörður				
** Innri brimvarnargarður	29.9	10.0		75%
Lagnir og þekja á stálþilsbakka			5.8	75%
Innri brimvarnargarður; hækkun styrking			10.0	75%
Borgarfj. eystri				
Viðleguk. bátakví Hafnarhólma (24+15m)	9.5			75%
Innsiglingarmerki		2.3		75%
* Brimvarnargarður við Hafnarhólma, ubfr.			4.0	75%
Seyðisfjörður				
Innrétt. smábátahöfn		2.3	1.2	75%
** Dráttarbraut 1.áf		18.0	40.0	40%
Dýpkun Fjarðarhöfn			26.0	75%
Fyrirstöðugarður (400m)			7.0	50%
Neskaupstaður				
** Dýpkun hafnar		14.6		75%
** Bryggja við Netagerð (30m)		5.2		75%
Hafnarvog (50t)			5.3	40%
Slitlag á hafnarsvæði			3.5	75%
Leng. stálþ. við fiskmótt. (60m) 1.áf.			21.0	75%
Eskifjörður				
** Löndunarbryggja frágangur		8.8		75%
Smábátahöfn, viðlegubryggja (50m)		5.0		75%
Stálþil við hraðfr.h. lenging (70m) 1.áf.			23.2	75%
Reyðarfjörður				
Smábátahöfn, flotbryggja	2.3			75%
Fyrirstöðugarður	6.4			50%
** Dýpkun		10.6		75%
Stálþilsbakki (80m) 1.áf.		13.0	17.8	75%
Stálþilsbakki frágangur			7.6	75%
Fáskrúðsfjörður				
Stálþilsbakki við frystih. (70m) 2.áf.	20.7			75%
Stálþilsbakki lagnir, lýsing, þekja		6.5		75%
Smábátahöfn innrétting			3.0	75%
Stöðvarfjörður				
Dýpkun verklok		7.4		75%
Stálþilsgarður, lagnir og þekja			11.7	75%
Endurbyggð brimvörn á gl. bryggju.			2.3	75%
Breiðdalsvík				
Smábátaaðstaða, flotbryggja (20m)	1.7			75%
Dýpkun og viðlegukantur		10.0	40.0	75%
Djúpivogur				
** Flotbryggja (30m) uppsetning		0.7		75%
Dýpkun við stálþil og í smábátahöfn		5.3		75%
* Skjólgarður fyrir smábáta (70m)			5.3	75%
Hornafjörður				
Endurb. á innsigl.merk. rafm. Hellisvita	4.1			75%
þekja Krosseyjarbakka		5.8		75%
Dýpkun hafnar		7.0	8.0	75%
Endurb. á innsigl.merk. rafm. Suðurfj.		2.3		75%
Þekja á Óslandsbryggju			2.9	75%
Smábátaaðstaða			5.8	75%
Samtals	**74.6**	**146.8**	**265.4**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
SUÐURLAND				
Vestmannaeyjar				
Dýpkun hafnar	5.0	5.0	10.0	75%
Stálþil við Nótastöð, lagnir og þekja	0.5	5.5		75%
Stálþil Binnabr./viðgerðak.(100m)	16.6	11.4	9.3	75%
Skipalyfta, skorður v/upptöku	2.0			40%
— vagnar		7.0		40%
— styrking lyftupalls			11.7	40%
Innsiglingarmerki		1.8		75%
Smábátaaðstaða			2.0	75%
Ferjulægi austan Básaskersbryggju			19.3	75%
* Úrbætur v/farmskipa			24.0	75%
Stokkseyri				
Engar framkvæmdir				
Eyrarbakki				
Engar framkvæmdir				
Þorlákshöfn (landshöfn)				
Samtals	**24.1**	**30.7**	**76.3**	
REYKJANES				
Grindavík				
Bryggja við Miðgarð, lagnir o.fl. (75m)	3.5			75%
Eyjabakki, endurbygging (65m)	8.0	15.0		75%
Dýpkun hafnar			23.1	75%
Hafnir Höfnum				
Engar framkvæmdir				
Sandgerði				
*** Dýpkun innsiglingar	3.1	85.0	105.0	90%
Smábátaaðstaða, lýsing o.fl.			4.0	75%
Garður				
Engar framkvæmdir				
Keflavík/Njarðvík (landshöfn)				
Vogar				
Smábátahöfn skjólgarður (120m)	6.9	4.0		75%
Flotbryggja, lýsing o.fl.		6.0	2.0	75%
Hafnarfjörður				
Dýpkun við Suðurbakka og Óseyrarbr.	10.0			50%
Norðurbakki, endurb. rafdreifikerfi		3.0		45%
Suðurbakki/Háibakki 1.áf (140m)			50.0	45%
Garðabær				
Dýpkun	5.1			75%
Stálþilsbakki, lagnir og þekja			4.5	75%
Innsiglingarmerki			1.2	75%
Samtals	**36.6**	**113.0**	**189.8**	

6. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA Í LANDSHÖFNUM ÁRIN 1989–1992

Höfn Lýsing framkvæmda	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991–92 m.kr.	hlutur ríkissj.
LANDSHAFNIR				
Rifshöfn				
** Dýpkun í innsiglingu og höfn	7.0	5.0		100%
Dýpkun innan hafnar		15.0		100%
Löndunarkrani		1.5		100%
Innsiglingar merki			1.8	100%
Sandfangari			9.4	100%
Endurbygging trébryggju			5.4	100%
Frágangur stálþilsbakka			3.0	100%
Þekja á timburkistu			1.6	100%
Flotbryggja (20m)			2.0	100%
	7.0	21.5	23.2	
Þorlákshöfn				
Dýpkun í innsiglingu og höfn (80.000 m^3)	4.0	15.0		100%
Ferjulægi á Miðbakkasvæði:				100%
(85m stálþilsb., dýpk. klöpp, ferjubrú)			110.0	100%
	4.0	15.0	110.0	
Keflavík/Njarðvík				
** Hafnsögubátur	4.0	8.6		100%
Samtenging hafna Keflav./Njarðv. (40%)		7.0		100%
Innsigling Njarðvík, dýpkun og merking		8.0		100%
Viðgerð á keri Keflavík			3.5	100%
Grjótf. við aðalhafnarg. Keflavík 1. áf.			35.0	100%
	4.0	23.6	38.5	
Landshafnir alls	**15.0**	**60.1**	**171.7**	

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. INNGANGUR

Samkvæmt hafnalögum skal Hafnamálastofnun vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Í febrúar 1987 var síðasta hafnaáætlun, fyrir árin 1987–1990, lögð fyrir 109. löggjafarþing í formi þingsályktunartillögu.

Ári síðar, 25. febrúar 1988, var hafinn undirbúningur að gerð hafnaáætlunar er ná skyldi yfir tímabilið 1989–1992.

Þá var sent dreifibréf til allra hafnastjórna og þær beðnar að skrá í forgangsröð þau verkefni, sem brýnust væru talin.

Svör bárust frá 51 höfn af 67. Lauslega áætlað var kostnaður við þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlanatímabilinu, um 5090 m.kr. (verðlag maí 1988)

Hafnamálastofnun gerði síðan, í samræmi við 29. gr. hafnalaga, tillögur um framkvæmdir á áætlanatímabilinu. Tillögur að framkvæmdum í hverri höfn voru sendar viðkomandi hafnarstjórn til umsagnar 24. ágúst 1988. Jafnframt var tillagan lögð fram í heild í hafnaráði og dreift á 19. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga, sem haldin var á Ísafirði 29.–30. sept. 1988. Í tillögunni var gert ráð fyrir heildarframkvæmdakostnaði árin 1989–1992 3032 m.kr. (verðlag maí 1988). Þar af var kostnaður 1989 áætlaður 827 m.kr. og hluti ríkissjóðs það ár 592 m.kr. Svör með athugasemdum bárust frá 52 höfnum og allflestar fólu þær í sér óskir um meiri framkvæmdir.

Við gerð fjárlaga fyrir 1989 var framlag ríkisins til almennra hafna ákveðið 400 m.kr. Þar af fór 141 m.kr. til að gera upp eldri framkvæmdir og voru þá eftir 259 m.kr. til nýframkvæmda. Með mótframlagi hafnasjóðanna var því aðeins hægt að reikna með heildarframkvæmdakostnaði um 351 m.kr. árið 1989. Þetta var innan við 50% af því sem Hafnamálastofnun gerði ráð fyrir í upphaflegum tillögum sínum og því ljóst að þeim varð verulega að breyta.

Sú tillaga, sem hér er lögð fram, gerir ráð fyrir að framlag ríkisins til nýframkvæmda í 55 almennum höfnum árin 1989–1992 verði sem hér segir:

1989	259	m.kr.	(Hafnasjóðirnir	92	m.kr.	Alls	351 m.kr.)
1990	538	m.kr.	(Hafnasjóðirnir	196	m.kr.	Alls	734 m.kr.)
1991–92	1155	m.kr.	(Hafnasjóðirnir	457	m.kr.	Alls	1612 m.kr.)
Samtals	1952	m.kr.	(Hafnasjóðirnir	795	m.kr.	Alls	2697 m.kr.)

Til framkvæmda í landshöfnum er framlag ríkisins áætlað:

1989	15	m.kr.
1990	60	m.kr.
1991–92	172	m.kr.
Samtals	247	m.kr.

Þessar tölur miðast við að kostnaður sé að fullu greiddur úr ríkissjóði.

Stefnt er að því að landshafnirnar verði afhentar viðkomandi sveitarfélögum á þessu ári og breytist þá framlag ríkisins til þeirra í samræmi við hafnalög.

Allar kostnaðartölur eru á verðlagi febrúarmánaðar 1989 (byggingarvísitala 129,5 stig).

II. YFIRLIT YFIR RÁÐSTÖFUN FJÁRVEITINGA 1989

Höfn:	Fjárlög 1989 (1)	Fjárv. frá f. ári. (2)	Til uppgj. v/eldri frkv. (3)	Ríkishl. í fjárm. k. 1989 (4)	Ríkishl. til frkv. 1989. (1+2-3-4)
Akranes	13,1		8,4		4,7
Arnarstapi		0,9			0,9
Ólafsvík	8,0	2,0			10,0
Grundarfjörður	4,9		0,9		4,0
Stykkishólmur	30,0		8,2	3,0	18,8
Brjánslækur	14,1		0,6		13,5
Patreksfjörður	10,5		1,0		9,5
Tálknafjörður	0,9		0,9		0,0
Bíldudalur	1,5				1,5
Þingeyri	3,0				3,0
Suðureyri	1,2		1,2		0,0
Bolungarvík	1,0		1,0		0,0
Ísafjörður	26,5		17,2	2,0	7,3
Súðavík	10,1				10,1
Norðurfjörður	3,3		0,9	2,4	0,0
Hvammstangi	3,5	3,3			6,8
Blönduós	6,0	0,9			6,9
Skagaströnd	8,0		1,2		6,8
Sauðárkrókur	4,5		4,5		0,0
Hofsós	0,2		0,2		0,0
Siglufjörður	20,8		7,0		13,8
Ólafsfjörður	4,1		4,1		0,0
Dalvík	10,8		3,8		7,0
Árskógssandur	3,3		3,3		0,0
Akureyri	14,4		12,0	2,4	0,0
Grímsey	5,0	5,4			10,4
Húsavík	30,6		4,9	1,9	23,8
Tjörneshöfn	0,6		0,6		0,0
Kópasker	1,0	2,0			3,0
Raufarhöfn	11,2		7,9	3,3	0,0
Þórshöfn	8,4		8,0	0,4	0,0
Bakkafjörður	5,6		2,0	3,6	0,0
Vopnafjörður	22,4				22,4
Borgarfj.eystri	4,9	2,2			7,1
Seyðisfjörður	4,5		4,5		0,0
Eskifjörður	7,8		7,8		0,0
Reyðarfjörður	8,9		4,0		4,9
Fáskrúðsfjörður	14,6	0,9			15,5
Breiðdalsvík	1,3				1,3
Djúpivogur	1,2		1,2		0,0
Höfn - Hornaf.	4,8		1,7		3,1
Vestmannaeyjar	17,5		0,1		17,4
Grindavík	15,2		6,6		8,6
Sandgerði	3,8		1,0		2,8
Vogar	5,0	0,2			5,2
Hafnarfjörður	18,2		13,2	5,0	
Garðabær	3,8				3,8
Samtals	400,0	17,8	139,9	19,0	258,9

III. UPPGJÖR ELDRI FRAMKVÆMDA

Eftirfarandi skrá er yfir óuppgerðan framkvæmdakostnað vegna framkvæmda á árinu 1988 eða fyrr er kemur til greiðslu af fjárveitingum 1990 eða síðar. Tölurnar eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri Hafnamálastofnunar ríkisins í nóvember 1988 að frádregnum þeim hluta sem gerist upp af fjárveitingu 1989.

Hér er í öllum tilfellum nema á Akureyri að hluta (4,8 millj. kr.) um að ræða lán vegna ríkishluta sem samþykkt hafa verið með styrkhæfan fjármagnskostnað. Neðangreindar upphæðir eru án fjármagnskostnaðar.

1. Stykkishólmur	10,0	millj. kr.
2. Ísafjörður	9,0	millj. kr.
3. Norðurfjörður	4,4	millj. kr.
4. Akureyri	17,6	millj. kr.
5. Húsavík	6,8	millj. kr.
6. Raufarhöfn	7,8	millj. kr.
7. Bakkafjörður	4,5	millj. kr.
Samtals	60,1	millj. kr.

Í töflu 5 (sundurliðun framkvæmda í höfnum í eigu sveitarfélaga) eru merktar sérstaklega (**) þær framkvæmdir, sem vitað er um að sveitarfélögin hyggjast ljúka í ár (1989) þó ekki sé fjárveiting til þess á fjárlögum. Alls er um að ræða 14 hafnir og áætlaður hluti ríkissjóðs í þessum framkvæmdum er 132 m. kr.

Samtals er því gert ráð fyrir að 192 m.kr komi til greiðslu af fjárveitingum 1990 eða síðar vegna eldri framkvæmda. Þá er reyndar ótalinn fjármagnskostnaður sem kemur til greiðslu árið 1990 og síðar.

IV. SÉRSTÖK VERKEFNI

Í töflu 5 eru merktar sérstaklega (***) stórar framkvæmdir, sem tæknilega séð er erfitt, auk þess mjög óhagkvæmt að vinna í minni áföngum.

Til að komast hjá frestun á öðrum brýnum framkvæmdum er nauðsynlegt að gert sé ráð fyrir lántöku til þessara verkefna sem dreifir kostnaði við þau á nokkur ár.

Um er að ræða verkefni í eftirtöldum höfnum:

		Heildarkostnaður m.kr.
Bolungarvík	brimvörn við Brjót	196
Blönduósi	brimvarnargarður	134
Grímsey	bátahöfn	89
Sandgerði	dýpkun innsiglingar	193

V. FRUMRANNSÓKNIR

Með frumrannsóknum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, rannsóknir á byggingarefnum (t.d. á grjóti í brimvarnargarða), öldurannsóknir, straumfræðirannsóknir, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir. Þegar rannsóknir eru komnar á það stig að unnt sé að taka ákvörðun um staðsetningu mannvirkis, gerð og byggingarefni telst frumrannsóknum lokið.

Niðurstöður rannsókna eru gefnar út í skýrsluformi og er þar jafnframt að finna tillögur um hvernig hægt er að bæta hafnarskilyrði á viðkomandi stöðum.

Öldumælingar eru yfirleitt tímafrekasti þáttur frumrannsóknanna en þær geta tekið 2–5 ár allt eftir veðurfari. Veturinn 1989 til 1990 er áætlað að hefja öldumælingar á Skagaströnd en haldið verður áfram mælingum á Grenivík, Djúpavogi og í Vestmannaeyjum. Úthafsöldumælingar eru undirstaða öldumælinga við hafnir og er ráðgert að halda áfram mælingum á Grímseyjarsundi við Suðurland og út af Garðskaga.

Líkantilraunir hófust í nýrri rannsóknastöð Hafnamálastofnunar á miðju ári 1988, og er gert ráð fyrir að rannsóknum ljúki á eftirtöldum höfnum sem hér segir: Ólafsfjörður (1989), Bakkafjörður (1989), Sauðárkrókur (1989), Borgarfjörður eystri (1990), Bíldudalur (1990), Arnarstapi (1990), Hrísey (1991), Þórshöfn (1991), Vestmannaeyjar (1991), Skagaströnd (1992) og Djúpivogur (1992). Þá verður unnið að nauðsynlegum rannsóknum í öðrum höfnum eftir því sem áætlaðar framkvæmdir gefa tilefni til.

Ríkissjóður greiðir að fullu kostnað við frumrannsóknir og er til þeirra ætlað fjármagn á sérstökum lið fjárlaga er nemur 17,8 millj. kr. árið 1989.

VI. UMSKERÐINGU Á KOSTNAÐARÞÁTTTÖKU RÍKISSJÓÐS

Fjallað er um meðferð umsókna um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda í 27 gr. hafnalaga, nr. 69/1984. Greinin er svohljóðandi:

> „Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.
>
> Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið, að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26.gr. verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hætti kostnaðarþáttöku.
>
> Mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2.tl. 31. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar."

Í reglugerð um hafnamál (nr. 494/1986) er kveðið nánar á um kostnaðarskiptingu milli ríkis og hafnarsjóðs í 8. gr. og 17. gr. Þar kemur fram að í hafnaáætlun skuli, auk áætlunar um stofnkostnað mannvirkja, sett fram tillaga um kostnaðarskiptinguna og hvað framlag ríkissjóðs skuli skert frá almennu reglunni. Þessa tillögu skal byggja á verklagsreglum sem hafnaráð hefur samþykkt.

Á fundi sínum 21. mars 1989 samþykkti hafnaráð verklagsreglur er skyldu hafðar til viðmiðunar við tillögugerð um styrkhæfni. Reglurnar grundvallast á því að geta hafnarsjóð-

anna til framkvæmda er metin út frá afkomu þriggja síðustu ára. Við matið er tekið tillit til almennra tekna hafnarsjóðanna (lestargjöld, bryggjugjöld, vörugjöld og aflagjöld) og rekstrarkostnaður metinn sem ákveðið hlutfall af þeim. Rekstrarkostnaður er áætlaður 42% af öðrum tekjum en aflagjaldi, en af því 75%. Reynslan sýnir að hafnirnar verða að leggja í hlutfallslega meiri kostnað við að þjónusta fiskiskip en vöruflutningaskip ef tekið er mið af þeim tekjum sem höfnin fær af umferðinni. Áætlað er að hafnirnar hafi síðan mismuninn á þessum reiknuðu tekjum og gjöldum til nýframkvæmda. Sé áætlað framlag hafnarsjóðs til nýframkvæmda undir 30 millj. kr. yfir áætlunartímabilið (fjögur ár) kemur ekki til skerðingar á ríkisframlagi. Fari áætlað framlag hafnarsjóðs hins vega yfir 30 millj. kr. skerðist ríkisframlagið í 10% þrepum, þó þannig að heildarframkvæmdagetan á fjórum árum verði aldrei minni en 120 millj. kr. (ríkisframlag meðtalið).

Þessar reglur leiða til þess að gerð er tillaga um að hlutur ríkissjóðs verði skertur hjá eftirtöldum höfnum frá því sem segir í 26. gr. hafnalaga.

	Lækkun um prósentustig
Akranes	20
Ísafjörður	20
Siglufjörður	10
Akureyri	20
Hafnarfjörður	30

Ekki er gert ráð fyrir að greiðsluþáttaka ríkissjóðs breytist fyrr en árið 1990, enda hafa fjárlög 1989 þegar verið samþykkt.

HAFNAÁÆTLUN 1989–1992

HAFNAMÁLASTOFNUN RÍKISINS
Mars 1989.

Fylgiskjal.

Tekjur og gjöld allra hafna 1987.
(Heimild: Skýrsla Hafnasambands sveitarfélaga).

68 hafnir árið 1987	0,85% aflagj. þ.kr.	1 Tekjur þ.kr.	2 Gjöld þ.kr.	3=1-2 Framlegð þ.kr.	4 Vex+afb. þ.kr.[1])	5=3-4 Afgangur þ.kr.
1. Akranes	(5.974)	27.627	10.879	16.748	650	16.098
2. Akureyri	(7.057)	32.725	15.296	17.429	2.110	15.319
3. Bolungarvík	(3.404)	7.673	5.011	2.662	2.460	202
4. Dalvík	(3.454)	8.473	4.939	3.534	1.600	1.934
5. Eskifjörður	(4.105)	11.467	5.270	6.197	740	5.457
6. Grundarfjörður	(2.703)	5.251	2.947	2.304	400	1.904
7. Hafnarfjörður	(8.489)	49.374	22.627	26.747	4.070	22.677
8. Húsavík	(2.914)	9.926	6.538	3.388	3.020	368
9. Höfn	(5.328)	14.243	8.546	5.697	2.600	3.097
10. Ísafjörður	(7.887)	24.416	11.818	12.598	1.600	10.998
11. Ólafsvík	(4.367)	11.830	7.973	3.857	1.000	2.857
12. Sandgerði	(5.721)	11.130	9.670	1.460	1.900	-440
13. Sauðárkrókur	(2.115)	6.921	4.513	2.408	1.230	1.178
14. Vopnafjörður	(1.804)	3.671	1.861	1.810	500	1.310
15. Þingeyri	(1.157)	2.823	772	2.051	800	1.251
1.-15. samtals	(66.479)	227.550	118.660	108.890	24.680	84.210
16. Arnarst.Breiðav.	(320)	321	141	180	30	150
17. Árskógs., Hauganes	(688)	848	480	368	200	168
18. Bakkafjörður	(450)	763	459	304	600	-296
19. Bíldudalur	(1.186)	1.942	917	1.025	30	995
20. Blönduós	(607)	1.087	787	300	200	100
21. Borgarfj(eystri)	(250)	407	200	207	50	157
22. Borgarnes	(0)	179	475	-296	400	-696
23. Breiðdalsvík	(817)	1.944	661	1.283	480	803
24. Djúpivogur	(1.100)	2.436	1.153	1.283	300	983
25. Eyrarbakki	(123)	123	346	-223	13	-236
26. Fáskrúðsfjörður	(1.598)	5.323	2.549	2.774	1.000	1.774
27. Flateyri	(866)	1.805	1.046	759	280	479
28. Grenivík	(934)	992	560	432	400	32
29. Grindavík	(7.588)	16.913	13.568	3.345	8.540	-5.195
30. Grímsey	(445)	685	123	562	12	550
31. Grundartangi	(0)	11.197	502	10.695	6.900	3.795
32. Hjalteyri	(23)	59	20	39	60	-21
33. Hofsós	(124)	348	315	33	200	-167
34. Hólmavík	(1.400)	1.516	1.016	500	250	250
35. Hrísey	(878)	2.597	1.686	911	200	711
36. Hvammstangi	(808)	1.449	1.045	404	250	154
37. Kópasker	(356)	435	275	160	100	60
38. Kópavogur	(0)	762	391	371	0	371
39. Neskaupstaður	(5.130)	12.120	4.895	7.225	1.500	5.725
40. Ólafsfjörður	(3.461)	6.183	3.408	2.775	600	2.175
41. Patreksfjörður	(1.598)	5.791	5.028	763	300	463
42. Raufarhöfn	(1.800)	4.774	2.167	2.607	700	1.907
43. Reyðarfjörður	(1.021)	7.409	2.818	4.591	0	4.591
44. Reykhólahöfn	(0)	170	146	24	0	24
45. Seyðisfjörður	(2.850)	9.779	5.888	3.891	210	3.681
46. Siglufjörður	(5.550)	13.300	7.429	5.871	400	5.471

Skýringar
[1]) Sbr. lánaskrá Hafnamálastofnunar og ársreikn. hafnarsjóða +1.702 (0,425% viðbótaraflagjald)

68 hafnir árið 1987	0,85% aflagj. þ.kr.	1 Tekjur þ.kr.	2 Gjöld þ.kr.	3=1–2 Framlegð þ.kr.	4 Vex+afb. þ.kr.[1])	5=3–4 Afgangur þ.kr.	
47. Skagaströnd	(2.630)	4.010	2.058	1.952	2.300	–348	
48. Stokkseyri	(120)	130	130	0	10	–10	*(áætl.)
49. Stykkishólmur	(2.710)	7.433	3.117	4.316	1.275	3.041	
50. Stöðvarfjörður	(1.000)	1.684	1.241	443	400	43	
51. Suðureyri	(1.100)	2.485	941	1.544	670	874	
52. Súðavík	(1.100)	1.665	303	1.362	200	1.162	
53. Svalbarðseyri	(0)	121	228	–107	0	–107	
54. Tálknafjörður	(1.172)	1.860	1.024	836	450	386	
55. Vestmannaeyjar	(12.247)	48.013	23.970	24.043	10.000	14.043	
56. Vogahöfn	(0)	3	179	–176	150	–326	
57. Þórshöfn	(1.779)	3.368	1.397	1.971	1.600	371	
1.–57. alls	(132.308)	411.979	213.742	198.237	65.940	132.297	
58. Reykjavíkurhöfn	(8.918)	336.480	185.455	151.025	46.180	104.845	
59. Keflavík/Njarðv.	(7.068)	29.464	20.692	8.772	900	7.872	[2]) Ríkissj. hefur
60. Rifshöfn	(2.200)	4.655	3.695	960	500	460	greitt vexti og afb.
61. Þorlákshöfn	(6.202)	17.017	17.069	–52	1.700	–1.752	af föstum lánum hjá landshöfnum. Hluti
62. Drangsnes	(400)	573	176	397	10	387	vaxta og afb. er af
63. Garðabær	(0)	0	0	0	0	0	föstum lánum
64. Garður	(0)	22	379	–357	100	–457	
65. Hafnir	(0)	1	1.000	–999	0	–999	
66. Norðurfjörður	(22)	129	46	83	0	83	
67. Tjörneshöfn	(38)	64	19	45	0	45	
68. Örlygshöfn	(0)	1	6	–5	0	–5	
1.–68. alls = Allar hafnir 1987	(157.156)	800.385	442.279	358.106	115.330	242.776	
Allar hafnir 1986	(118.553)	608.257	341.243	267.014	125.548	141.466	

Ath. Niðurstöðutölur sumra hafnarsjóða eru fengnar símleiðis eða skv. bráðabirgðauppgjöri.

Nd. 801. Frumvarp til laga [441. mál]

um verslunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

ALmenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

Lög þessi taka þó ekki til:

1. Sölu einstaklings, eða skylduliðs hans, á búsafurðum, fiskfangi eða öðrum náttúruafurðum er einstaklingur hefur sjálfur aflað, svo og framleiðsluvörur hvers konar iðju og iðnaðar sem einstaklingur sjálfur stundar.
2. Torgsölu, svo sem á dagblöðum, vikublöðum og tímaritum að því leyti sem slík sala fer ekki fram á fastri starfsstöð og samrýmst getur reglum sveitarstjórna.

3. Sérákvæði annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

Verði ágreiningur um hvort verslunarleyfi þurfi samkvæmt lögum þessum til tiltekinnar tegundar verslunar sker ráðherra úr.

2. gr.

Verslun skv. 1. gr. er óheimilt að reka á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema uppfyllt séu skilyrði laga þessara og til komi útgáfa firmaskrár á verslunarleyfi eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Verslun, sem leyfð er samkvæmt lögum þessum, skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi.

3. gr.

Með fastri starfsstöð er í lögum þessum átt við húsnæði eða aðstöðu þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni, þar með taldir sjálfsalar.

II. KAFLI

Almenn skilyrði verslunaratvinnuréttinda.

4. gr.

Verslunarleyfi skal ávallt skráð á nafn þess einstaklings eða félags sem verslunaratvinnu stundar. Skylt er að skrá firmanafn verslunaratvinnu er verslunarleyfi einstaklings skal taka til.

Verslunarleyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Skráð einstaklingsfyrirtæki ef eigandinn er:
   a. lögráða eða hefur rétt til þess að reka atvinnu samkvæmt lögræðislögum,
   b. ekki undir gjaldþrotaskiptum og ekki félagsmaður í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð sem er undir gjaldþrotaskiptum. Þó er unnt að öðlast rétt til þess að reka verslun ef lengri tími en tvö ár er liðinn frá uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar,
   c. búsettur í ríkinu og verið þar búsettur undanfarin tvö ár. Krafan um búsetu í tvö ár tekur ekki til ríkisborgara annars staðar á Norðurlöndum. Þegar sérstaklega stendur á getur ráðuneytið veitt undanþágu frá kröfunum um búsetu og búsetutíma.
2. Skráð félag, stofnun eða önnur samtök, ef:
   a. allir stjórnarmenn í hlutafélagi eða öðrum samtökum með takmarkaða ábyrgð fullnægja skilyrði a-liðar 1. tölul. og allir félagsmenn er bera ótakmarkaða ábyrgð í félagi fullnægja skilyrðum a- og b-liða 1. tölul.,
   b. minnst helmingur stjórnarmanna í félagi eða félagsmanna er bera ótakmarkaða ábyrgð í félagi fullnægja skilyrðum skv. c-lið 1. tölul.

   Réttur félags með ótakmarkaðri ábyrgð til verslunar fellur ekki niður enda þótt bú einhvers félagsmanna sé tekið til gjaldþrotaskipta.
3. Framkvæmdastjóri:

   Hafi fyrirtæki sem 1. og 2. tölul. taka til framkvæmdastjóra er annast daglegan rekstur verður hann einnig að fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. tölul.
4. Skráð erlend fyrirtæki:
   a. Hafi erlent fyrirtæki skráð útibú í landinu skal útibúið hafa framkvæmdastjóra sem fullnægir skilyrðum a- og c-liða 1. tölul. Ef útibúið í landinu hefur eigin stjórn skulu allir stjórnarmennirnir fullnægja skilyrðum a-liðar 1. tölul. og minnst helmingur stjórnarmanna skilyrði c-liðar 1. tölul.

b. Erlent fyrirtæki, sem safnar einungis kauptilboðum hér á landi frá aðilum sem skráðir eru í verslunarréttindaskrána, þarf ekki að hafa framkvæmdastjóra sem fullnægir skilyrðum c-liðar 1. tölul. Firmaskrá skal útbúa sérstök eyðublöð til skráningar þeirra aðila er þessi töluliður tekur til.

5. Bú er undir umsjón skiptaréttar:

Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslunaratvinnu uns henta þykir með tillitai til skipta eða yfirtöku nýs eiganda, eða nýrra eigenda, þó ekki lengur en eitt ár án sérstaks leyfis ráðherra.

Ráðherra getur þegar sérstaklega stendur á í tengslum við gjaldþrot gert undantekningu varðandi þær sérstöku reglur er um getur í liðum nr. 1, 2, 3 og 4.

III. KAFLI

Útgáfa verslunarleyfa og skráning.

5. gr.

Firmaskrárritari annast útgáfu verslunarleyfa samkvæmt lögum þessum og útbýr nauðsynleg skráningargögn fyrir umsækjendur um verslunarleyfi. Verslunarleyfi skal firmaskrárritari veita ef fullnægt er skilyrðum sem sett eru um skráninguna.

Hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verslunaratvinnu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar sem ávallt skal getið í firmaskrá, sbr. þó ákvæði 6. gr. og 10. gr. laga þessara.

Til að öðlast verslunarleyfi samkvæmt lögum þessum ber umsækjanda um verslunarleyfi að skrá verslunaratvinnuna í firmaskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, eða í hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978, svo og breytingar á áður tilkynntum atriðum.

Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með tilkynntu vistfangi (nafni og heimilisfangi aðalskrifstofu) rétthafa verslunarleyfis, sbr. 3. mgr. laga þessara til hagsbóta fyrir viðsemjendur rétthafa verslunarleyfis. Sjálfsalar skulu einnig merktir með vistfangi hins skráða leyfishafa.

Firmaskrárritari skal innan árs frá því að krafa kemur fram afmá verslunarleyfi ef skilyrði 3. mgr. þessarar greinar er ekki uppfyllt, upplýsingar er þar er byggt á varðandi aðalskrifstofu eða fyrirsvarsmenn verslunaratvinnunar reynast rangar, eða skilyrðum laga þessara fyrir útgáfu verslunarleyfis eru að öðru leyti ekki uppfyllt. Rétt er firmaskrárritara að tilkynna leyfishafa um slíka beiðni um afmáningu leyfisins, ef unnt er, svo og að geta þess í verslunarréttindaskránni að slík beiðni hafi komið fram.

Verslun án fastrar starfsstöðvar er þó heimil skv. 1. gr., 1. og 2. tölul. eða samkvæmt nánari reglum er sveitarfélög setja að fenginni umsögn firmaskrárritara, sbr. ákvæði IV. kafla laga þessara.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn, persónu eða firma.

Dánarbúi, eftirlifandi maki sem situr í óskiptu búi, gjaldþrotabúi eða fjárhaldsmanni ófjárráða manns, er heimilt að halda áfram starfseminni þar til að skiptum er lokið, sala eða afhending starfseminnar hefur farið fram. Heimild samkvæmt þessari málsgrein gildir þó aðeins í eitt ár frá andláti maka, uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar eða sviptingu lögræðis. Í sérstökum tilfellum getur þó skiptaréttur framlengt þennan frest.

7. gr.

Verslunarleyfi skal gefið út fyrir landið allt í lögsagnarumdæmi aðalskrifstofu hins skráða firma eða þar sem hlutafélag hefur sitt varnarþing. Leyfið veitir rétt til smásöluverslunar innan þess lögsagnarumdæmis svo og til umboðs- og heildverslunarréttinda fyrir landið allt.

Verslunarleyfishafa er þó heimilt að stunda smásölu utan hins skráða lögsagnarumdæmis skv. 1. mgr. þessarar greinar enda er þá skylt að tilkynna firmaskrárritara, þar sem verslunarleyfið er skráð, um fastar starfsstöðvar þar sem verslun fer fram, svo og heimilisfang. Firmaskrá skal útbúa sérstök eyðublöð í þessu skyni.

8. gr.

Firmaskrá heldur verslunarréttindasskrá um þá aðila sem á hverjum tíma hafa leyfi til verslunarrekstrar innan viðkomandi lögsagnarumdæmis. Firmaskráningar landsins, ásamt hlutafélagaskrá samkvæmt nánari ákvörðun firmaskrár, sbr. 2. mgr. 9. gr., skulu samtengdar í því skyni að veita almenningi upplýsingar um rétthafa verslunarleyfis hverju sinni samkvæmt lögum þessum.

Opinberum aðilum er heimill aðgangur að verslunarréttindaskránni eftir því sem nauðsynlegt getur talist.

9. gr.

Firmaskrárritari, í Reykjavík borgarfógetaembættið, eða sýslumaður í umdæmi, þar sem aðili hefur skráð firma, hlutafélagaskrá eftir ákvörðun firmaskrárritara, lætur í té staðfestingu fyrir verslunarleyfi samkvæmt lögum þessum og skráir það í verslunarréttindaskrána.

Hlutafélagaskrá skal annast, í samráði við firmaskrárritara á varnarþingi hins skráða hlutafélags, skráningu á verslunarleyfum vegna hlutafélaga og útibúa sem þar eru skráð og sem eiga sitt varnarþing innan lögsagnarumdæmis viðkomandi firmaskrár. Hlutafélagaskráin skal tilkynna til viðkomandi firmaskrár um þau félög er leyfi hafa á hverjum tíma, sbr. 8. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Smásöluverslun utan fastrar starfsstöðvar — farandsala.

10. gr.

Þeir sem óska eftir að starfrækja smásöluverslun án eða utan fastrar starfsstöðvar (farandsölu) skulu tilkynna um það til firmaskrárritara í því umdæmi er þeir hafa skráð verslunarleyfi. Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði í lögum þessum skulu ákvæði staðbundinna sveitarstjórna, er sett kunna að verða, gilda um réttindi og skyldur farandsölumanna.

Í aukatilkynningu skv. 1. mgr. skal greina þær vörutegundir sem selja á.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu tilkynntar firmaskrárritara. Firmaskrárritari skal gefa út staðfestingu sína um tilkynntar upplýsingar.

Hverjum þeim, er stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim, ber að afhenda kaupanda nafnspjald með vistfangi rétthafa verslunarleyfisins og fer afhendingin fram er kaup eru gerð eða kauptilboð er gert.

11. gr.

Smásöluverslun utan fastrar starfsstöðvar með matvæli er bönnuð, sbr. þó 1. tölul. 1. gr. laga þessara.

Í hverju sveitarfélagi er þó heimilt, með sérstakri samþykkt sem staðfest skal af viðskiptaráðherra, að leyfa slíka verslun sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að öllu leyti eða að hluta, enda sé það að öðru leyti í samræmi við lög.

Sveitarstjórnir geta einnig með samþykktum sínum bannað farandsölu með aðrar vörur en um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef sérstakar ástæður er varða hina staðbundnu verslun mæla með því.

Sveitarstjórnir geta einnig sett samþykktir um smásöluverslun utan fastrar starfsstöðvar sem fram á að fara á markaði, félagsheimilum, á torgum og strætum, eða sambærilegum stöðum. Slíkar reglur geta einnig tekið til sölu úr farartækjum, inngöngum til húsa eða öðrum þess háttar stöðum.

Samþykktir sveitarfélaga öðlast gildi við staðfestingu viðskiptaráðherra.

V. KAFLI

Frjáls uppboð.

12. gr.

Rétt til þess að stunda frjáls uppboð á lausafjármunum, sbr. 1. gr. laga þessara, hafa skráðir rétthafar að verslunarleyfi samkvæmt lögum þessum, nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Frjáls uppboð eru háð leyfi lögreglustjóra í umdæmi því er uppboð skal haldið hverju sinni. Rétt er lögreglustjóra að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt.

Ráðherra ákveður upphæð leyfisgjalds samkvæmt þessari grein. Heimilt er sveitarstjórn að setja nánari reglur um frjálst uppboðshald á grundvelli laga þessara með sérstakri samþykkt er ráðherra staðfestir.

13. gr.

Leyfishafi til frjálsra uppboðshalda skv. 9. gr. er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

14. gr.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

15. gr.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppboðs.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum er uppboðshaldara er skylt að geta, og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Þegar uppboð er opið almenningi skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

VI. KAFLI

Viðurlög við brotum.

16. gr.

Verslunarleyfishafi samkvæmt lögum þessum fyrirgerir leyfi sínu ef hann fullnægir ekki lengur einhverjum þeirra skilyrða sem lögin setja fyrir verslunarleyfi, sbr. þó ákvæði 5. gr., eða ef réttur til verslunar er af honum dæmdur. Sé hæfismissir einstaklings, sem í hlut á, þannig vaxinn að úr honum verði bætt eða stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags eða stofnunar eigi í hlut eða slíkt félag fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum, sem sett eru í 4. gr., skal aðili hafa komið þessum atriðum í löglegt horf innan þriggja mánaða frá því að breytingin varð. Að þeim fresti liðnum skal verslunarréttindskrá afmá verslunarleyfi af sjálfsdáðum ef upplýsingar um það berast ella eftir kröfu þar um.

Rétt er firmaskrá að gefa leyfishafa stuttan frest til úrbóta samkvæmt þessari grein áður en afmáning fer fram.

17. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og gjaldtöku vegna útgefinna verslunarleyfa.

18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

19. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt lögum nr. 7/1970, lögum nr. 27/1972, lögum nr. 50/1980, um breytingu á þeim lögum, svo og lög nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna.

20. gr.

2. málsl. 1. gr. tilskipunar 19. desember 1693, um uppboðsþing í Danmörku og Noregi, falli brott.

5. gr. tilskipunar 19. desember 1693, um uppboðsþing í Danmörku og Noregi, falli brott.

21. gr.

Lög þessi öðlist gildi hinn 1. janúar 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fimm árum frá gildistöku laga þessara eru öll verslunarleyfi úr gildi fallin sem veitt voru til fimm ára á grundvelli eldri laga um verslunaratvinnu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú er unnið hefur frumvarp þetta var skipuð af þáverandi viðskiptaráðherra Matthíasi Bjarnasyni með bréfi dags. 27. apríl 1987 þar sem óskað var eftir því að nefndin tæki til endurskoðunar lög nr. 41/1968 um verslunaratvinnu ásamt síðari breytingum.

Nefndina skipuðu: Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, hann var jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, af hálfu Félags íslenskra stórkaupmanna, Ásdís Rafnar hdl., af hálfu Neytendasamtakanna, Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóri, af hálfu Kaupmannasamtaka Íslands, og Sigurður Jónsson verslunarráðgjafi, af hálfu Sambands ísl. samvinnufélaga.

Frumvarp það er hér liggur fyrir er árangur starfs nefndarinnar. Viðskiptaráðuneytið hefur aðeins lagt til þá breytingu sem kveðið er á um í 20. gr. þessa frumvarps og er það gert vegna þeirra ákvæða sem nefndin hefur lagt til að gilda skuli um frjáls uppboð, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Meginmarkmið nefndarinnar með frumvarpi þessu er að færa löggjöf um verslunaratvinnu til nútímalegs horfs. Jafnframt er reynt að mæta þeim auknu kröfum sem viðskiptalífið gerir um skráningu og upplýsingar varðandi þá er verslunaratvinnu stunda hverju sinni. Skilyrði einstaklinga og félaga til að mega stunda verslunaratvinnu eru verulega rýmkuð án þess að skertir séu hinu opinberu hagsmunir er skilyrði þessi snerta. Rýmkun sú er hér um ræðir hefur þó í reynd þegar átt sér stað við veitingu undanþáguheimildar frá ákvæðum gildandi laga og frjálslegri framkvæmd við beitingu þeirrar heimildar. Segja má að frumvarp það er hér liggur nú fyrir staðfesti í orðanna hljóðan þá réttarframkvæmd sem ríkt hefur við

útgáfu verslunarleyfa um allangt skeið og þá stefnu að rétturinn til að stunda verslun verði ekki gerður að eins konar sérréttindum. Rétt er að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjáls að stunda verslun um landið allt eins og frekast er kostur, enda séu ákvæði frumvarpsins uppfyllt varðandi lágmarks skilyrði til að mega reka verslunaratvinnu eins og hér er gert ráð fyrir.

Meginatriði er að verslunarleyfishafar uppfylli þau grundvallar hæfisskilyrði sem hér er gerð tillaga um en ævinlega hlýtur þó margvísleg menntun og starfsreynslu þeirra er verslun vilja stunda að ráða nokkru um getu verslunarinnar til að standast í slíkri samkeppni sem nú viðgengst innan verslunaratvinnugeirans. Nefndin telur það þó ekki vera á verksviði löggjafans að setja nánari skilyrði hvað þetta varðar en hér er gerð tillaga um, enda væri erfitt að meta hvaða nám yrði að setja sem skilyrði eða starfsreynslu. Auk þess verður framhaldsskólamenntun æ algengari og eru því öll skilyrði um tiltekna menntun óþörf og fljót að úreldast.

Loks verður að geta þess að nefnd sú er unnið hefur frumvarp þetta var á einu máli að þau grundvallar markmið sem stefna bæri að við setningu laga um verslunaratvinnu væru nú sem fyrr:

- að borgararnir eigi völ á sem bestri verslunarþjónustu á hverjum stað og tíma,
- að leitast sé við að skapa með frumvarpi þessu nokkurn ramma fyrir verslunaratvinnu sem atvinnugrein, þannig að ekki kreppi um of að henni, en atvinnugreininni sé gefið gott svigrúm til að þróast í samræmi við þær kröfur sem borgarnir gera á hendur henni á hverjum tíma.

Verslunarleyfi verður samkvæmt frumvarpinu aðeins eitt og veitir rétt til smásölu-, jafnt sem heild- og umboðssöluleyfis, um landið allt samkvæmt nánari skilyrðum laganna.

Frumvarpið tekur einnig mið af því að skráning verslunarleyfishafa fari fram á tölvum þannig að skráin verði aðgengileg og hagnýt. Þess háttar uppbygging skrárinnar veitir einnig aukna möguleika til að unnt verði að framfylgja þeim ákvæðum sem tillaga er gerð um að gilda skuli um verslunaratvinnu og mundi þar af leiðandi stuðla að því að tilgangi laga þessara yrði náð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint til hvaða verslunaratvinnu frumvarpi þessu er ætlað að taka til.

Í fyrstu málsgrein kemur fram að lögunum er ætlað að ná jafnt til smásölu- og heildsöluverslunar sem og umboðssöluverslunar. Þegar rætt er um verslun í lögum þessum er átt við þá þjónustu sem veitt er við kaup og endursölu á hvers kyns lausafé. Með lögum þessum er enn fremur numin úr gildi lög nr. 61/1979 um sölu notaðra lausafjármuna og taka því ákvæði frumvarps þessa til sölu slíkra lausafjármuna samkvæmt orðanna hljóðan.

Í 1.–3. tölul. 3. mgr. er afmarkað til hvaða verslunaratvinnu frumvarp þetta tekur þó ekki til. Samkvæmt eldri lögum um verslunaratvinnu hefur tíðkast að undanþiggja sölu á búsafurðum, fiskfangi og öðrum þess háttar framleiðsluvörum þeirra er slíka sölu stunda. Í 1. tölul. þessarar málsgreinar er undanþága þessi takmörkuð við verslun einstaklinga með slíkar framleiðsluvörur sínar. Nefndin var sammála um að engin efnisleg rök stæðu í vegi fyrir þeirri niðurstöðu en hins vegar bæri að fella heildsölu og aðra verslunarstarfsemi iðnfyrirtækja undir löggjöf um verslunaratvinnu.

Torgsala á dagblöðum fellur með sama hætti utan ramma þessa frumvarps sem og önnur verslun sem starfrækt er samkvæmt sérstökum lögum, t.a.m. löggjöf um áfengi, tóbak og lyf.

Loks er í grein þessari lagt til að úrskurðarvald um hvaða starfsemi lög þessi taki til verði í höndum viðskiptaráðherra er fer með málefni verslunarinnar. Bera má þann úrskurð undir dómstóla.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsins er kveðið á um þá skyldu að afla verði verslunarleyfis firmaskrár til að heimilt sé að stunda verslunarrekstur á Íslandi eða í íslenskri landhelgi.

Í 2. mgr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem efnislega er samhljóða ákvæði í 26. gr. laga nr. 56/1978 um samkeppnishömlur, verðlag og ólögmæta viðskiptahætti. Vísa má í heild til greinargerðar með þeirri grein í frumvarpi því er síðar varð að fyrrgreindum lögum nr. 56/1978 og fylgir hún frumvarpi þessu, sbr. fylgiskjal nr. 1. Rétt er þó að geta þess að hér er um almenna reglu að ræða sem ætlað er að ná til ýmissa tilvika er aðrar sérreglur í löggjöf taka ekki til.

Almenn regla eins og hér um rætt hefur þann megintilgang að stuðla að því að beina síbreytilegum viðskiptaháttum í þann farveg sem eðlilegastur er á hverjum tíma. Nefndin telur að regla þessi sé vel við hæfi í sérstakri löggjöf um verslunaratvinnu og hafi þar áhrif á þróun viðskiptahátta í þjóðlífinu án þess að gripið sé til sérstakrar löggjafar hverju sinni.

Endanlegt mat á því til hvaða verknaða greinin teljist taka til hlýtur þó ávallt að vera hjá dómstólunum í hverju einstöku tilviki sem upp kann að koma.

Um 3. gr.

Grein þessi skilgreinir hvað átt er við með „fastri starfsstöð" samkvæmt frumvarpinu. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verslun í landinu verði hér eftir sem hingað til stunduð í staðbundnum föstum starfsstöðvum. Nauðsynlegt þótti þó vegna síðari ákvæða að skilgreina í eitt skipti fyrir öll hvað við væri átt með hugtakinu.

Sjálfsalar hafa ekki verið eins algengir hér á landi og víða í nágrannalöndum okkar. Engu að síður taldi nefndin eðlilegt að áskilið yrði að svipuð skilyrði mundu gilda um þá söluaðferð og gilda á um annars konar verslunaraðferðir.

Um 4. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar setur fram það grundvallarskilyrði er verslunarleyfi skuli byggð á.

Verslunarleyfi skulu einungis útgefin ef umsækjandi hefur **skráð** atvinnufyrirtækið í firmaskrá eða eftir atvikum í hlutafélagaskrá. Nefndin telur að með því móti verði betur tryggt það eftirlit og aðhald sem nauðsynlegt er í atvinnugrein þessari. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að verslunarleyfi verði annað tveggja gefin út til einstaklinga er skráð hafa einkafyrirtæki sín eða til félaga er hafa fengið skráningu í firmaskrá eða hlutafélagaskrá. Af ákvæðum frumvarpsins er jafnframt ljóst að ekki verður framvegis unnt að stunda verslunaratvinnu án þess að hafa til þess verslunarleyfi. Þannig verður hlutafélagi óheimilt að stunda verslunaratvinnu í nafni félagsins nema það hafi verslunarleyfi. Í því sambandi nægir ekki að einstaklingur í fyrirsvari fyrir félagið hafi verslunarleyfi svo sem tíðkast hefur ef menn hafa kosið svo. Félagið sjálft verður að vera skráð í firmaskrá og uppfylla að öðru leyti skilyrði þessarar greinar fyrir skráningunni. Hið sama gildir um sameignarfélög og samvinnufélög.

Í fyrstu málsgrein er auk þess gert ráð fyrir að ef skráð einstaklingsfyrirtæki starfar ekki undir nafni eigandans heldur sérstöku firmanafni þá skuli jafnframt geta firmanafnsins í skráningunni þegar svo stendur á.

Í 1.–5. tölul. annarrar málsgreinar eru rakin þau almennu skilyrði er þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að öðlast verslunaratvinnuréttindi. Greint er á milli einstaklingsfyrirtækja annars vegar og félaga, stofnana eða annarra samtaka hins vegar.

Af samanburði við ákvæði fyrri laga um verslunaratvinnu er ljóst að skilyrði til að öðlast verslunarréttindi eru rýmkuð mjög verulega án þess þó að skertir séu hinir opinberu hagsmunir er skilyrði þessi snerta, eins og áður var nefnt í almennum athugasemdum hér að

framan. Þannig er nú t.d. fallið frá öllum sérstökum menntunarskilyrðum sem krafist var í lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu. Reyndar höfðu þau ákvæði í reynd litla þýðingu þar sem sú undanþáguheimild er þau lög höfðu að geyma var afar rúmlega beitt hin seinni ár. Mikil nauðsyn var því til þess að breyta gildandi ákvæðum þannig að þau endurspegli það ástand sem í framkvæmdinni ríkir og enn fremur að minnka skriffinnsku vegna umsókna um slíkar undanþágur.

Í 1. tölul. er rætt um þau skilyrði er einstaklingur þarf að uppfylla til þess að geta leyst til sín verslunarleyfi. Af ákvæðunum má ljóst vera að skilyrði til verslunaratvinnuréttinda eru samkvæmt frumvarpi þessu rúm og til þess fallin að verslunarstéttin verði, hér eftir sem hingað til, opin mönnum óháð menntun eða annarri þess konar sérþekkingu sem skólaganga býður upp á.

Skilyrðin endurspegla þá heildarafstöðu nefndarinnar að til þess að frjáls verslun geti blómstrað og leitt til þeirrar samkeppni sem nauðsynleg er, beri að haga skilyrðum þannig að ríkari áhersla sé lögð á almennari hæfnisskilyrði til að mega stunda verslunaratvinnu, svo sem full lögráð, (þ.e. sjálfræði og fjárræði). Einnig er hér gerð krafa um að einstaklingur er óskar eftir verslunarleyfi sé ekki undir gjaldþrotaskiptum og er það nýmæli. Nefndin telur eðlilegt að ekki sé unnt á sama tíma og bú er undir gjaldþrotaskiptum að fá útgefið verslunarleyfi. Verslunarrekstri fylgja ávallt talsverð umsvif og nauðsynlegt er að stofna til ýmissa skuldbindinga innan verslunarstéttarinnar sem utan hennar. Á þeim tveimur árum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að líða þurfi þar til að verslunarleyfi verður útgefið að nýju má ætla að umsækjandi hafi aflað sér nægilegs viðskiptatrausts að nýju.

Í greininni er jafnframt sett það skilyrði að einstaklingar séu búsettir hér á landi til að geta leyst til sín verslunarleyfi. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að heimila öðrum en þeim er hér á landi eru búsettir að fá útgefið verslunarleyfi og stunda hér verslunaratvinnu. Ákvæði þetta girðir einnig fyrir að erlendir farandsalar komi hér um stuttan tíma til að selja ýmis konar varning beint til neytenda. Rétt er þó að athuga að skilyrði þetta tekur ekki til erlendra fyrirtækja sem skráð eru hér á landi og einungis stunda hér heildsölu stuttan tíma ársins t.d. er sölumenn þeirra eiga hér stutta viðdvöl eins og nánar er getið um hér á eftir í aths. um 4. tölul.

Í 2. tölul. er að finna þau skilyrði sem lagt er til að gildi varðandi félög með takmarkaðri ábyrgð svo og önnur þau félagsform er verslunaratvinnu stunda og löggjöfin heimilar.

Í þessum tölulið eru sett fram þau meginskilyrði varðandi stjórn slíkra félaga er greinin getur um og nefndin telur að þurfi að vera fyrir hendi. Af ákvæðum þessa töluliðs sést að ef einn sameigandi í sameignarfélagi er undir gjaldþrotaskiptum þá girðir það fyrir að félagið geti öðlast verslunarleyfi. Hafi hinsvegar slíkt félag fengið útgefið verslunarleyfi og einhver félagsmanna þess er lýstur gjaldþrota leiðir það ekki til þess að verslunarleyfi félagsins falli niður. Gjaldþrot beggja (allra) eigendanna er nauðsynlegt til þess að sú aðstaða verði fyrir hendi.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að verslunarfyrirtæki sem um ræðir í 1. og 2. tölul. kunni að ráða til sín eða hafa starfandi á sínum vegum framkvæmdastjóra. Í því tilfelli þykir rétt að hann uppfylli sömu kröfur og einstaklingar almennt þurfa samkvæmt frumvarpi þessu.

Í a-lið 4. tölul. er fjallað um hversu með skuli fara þegar um er að ræða erlend fyrirtæki sem skráð eru hér á landi. Erlend fyrirtæki geta skráð útibúið hér á landi t.d. á grundvelli 17. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og verða þau að sæta þeim reglum er þar eru settar varðandi skráningu. Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki í erlendri eigu sem hér eru skrásett og leysa vilja til sín verslunarleyfi hafi framkvæmdastjóra í sinni þjónustu er uppfylli skilyrði þau er greinin setur.

Í b-lið 4. tölul. er kveðið á um rétt erlendra fyrirtækja til þess að senda hingað til lands sölumenn til að kynna og selja íslenskum innflytjendum vörur sem áhugi er á að selja hér innan lands. Þannig felur ákvæði þetta í sér verulegt hagræði fyrir innlenda verslunarrekend-

ur, sparar bæði fé og fyrirhöfn, sem fylgja kann viðskiptaferðum til annarra landa. Ákvæði þetta tryggir, ef að lögum verður, að erlendum aðilum verði heimilt að taka við slíkum pöntunum hér innanlands, og er það nýmæli.

Skilyrði þess er þó eins og greinir í ákvæðinu, að tilkynnt sé um slíka starfsemi til verslunarréttindaskrárinnar. Firmaskrá er falið að útbúa eyðublöð til þeirrar skráningar en væntanlega tækju þau mið af lögum þessum svo og lögum um eftirlit með útlendingum, eftir því sem við getur átt. Skráning samkvæmt þessum lið getur því farið fram samkvæmt sérstakri tilkynningu sem útfyllt er við komu farþega til landsins og send firmaskrá til skráningar. Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd þessa töluliðs með reglugerð er ráðherra setur skv. 17. gr. frv. ef henta þykir.

Í 5. tölul. er fjallað um þá aðstöðu er verslunarfyrirtæki fellur undir umsjón skiptaréttar við gjaldþrotaskipti eða andlát. Samkvæmt greininni er búi undir umsjón skiptaréttar heimilt að stunda verslunaratvinnu fyrst um sinn, þó aldrei lengur en eitt ár án sérstaks leyfis er skiptaréttur aflar frá ráðherra. Heimild ráðherra til að víkja frá settum skilyrðum samkvæmt þessari grein verður að túlka þröngt og einungis koma til álita þegar sérstakar ástæður mæla með því, t.d. er lok skipta dragast vegna málaferla, er rétt þykir að niðurstaða fáist um, eða annað þess háttar.

Um 5. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgáfa verslunarleyfa verði áfram í höndum firmaskrárritara enda eru ýmis réttarleg atriði er þýðingu hafa við skráninguna ekki á færi annarra en slíkra aðila að gæta. Jafnframt er áætlað að firmaskrár landsins haldi utan um verslunarréttindaskrána, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. þessarar greinar er sett sú meginregla að verslun í landinu skuli nú, sem fyrr, rekin á fastri starfsstöð eins og hún er nánar skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að um svonefnda farandsölu gildi sérstök ákvæði, sbr. IV. kafla frumvarpsins.

Eins og getið var um í athugasemdunum með 4. gr. frumvarpsins og nánar greinir hér á eftir þá er það skilyrði sett samkvæmt frumvarpi þessu að til þess að geta leyst til sín verslunarleyfi verði verslunaratvinnan að vera skráð í firmaskrá eða eftir atvikum í hlutafélagaskrá.

Til þess að full yfirsýn fáist yfir rekstur þess er verslunarleyfi hefur og að fullnægjandi upplýsingar liggi ávallt fyrir hjá verslunarréttindaskránni þá er lagt til að þar skuli getið um þær föstu starfsstöðvar er leyfishafi rekur verslun í hverju sinni.

Í 3. mgr. er sett það skilyrði fyrir útgáfu verslunarleyfis að verslunaratvinnan sé **skráð** í samræmi við gildandi lög um firmu og hlutafélög. Einnig er sett hér það skilyrði að skrásetja þurfi breytingar á þeim atriðum er upphaflega voru sett sem skilyrði fyrir verslunarleyfinu. Einn megin tilgangur verslunarréttindaskrárinnar hlýtur ávallt að vera sá að gefa viðsemjendum nægilegar upplýsingar varðandi verslunarleyfishafa, er viðsemjandi kann að þurfa á að halda, vegna viðskipta þeirra á milli. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að lögfesta þá skyldu að breytingar séu jafnframt tilkynntar eftir því sem þær kunna að verða.

Í 4. mgr. er sett sú regla, til hagsbóta fyrir þá er viðskipti kunna að eiga við verslunarleyfishafa, að hann setji upp nafnspjald með vistfangi sínu, sem svo er nefnt, þ.e. nafni og heimilisfangi á aðalskrifstofu verslunaratvinnunnar samkvæmt skráningu hjá firmaskránni.

Algengt er að t.d. félag sem verslun stundar og aflar sér verslunarleyfis selji vörur sínar undir vöruheiti sem með öllu er óskylt heiti félagsins. Erfitt er þá fyrir viðsemjendur að sjá hvaða aðili hafi verslunarréttindi þegar svo stendur á. Regla þessi á að koma til móts við þau sjónarmið er hér eru rakin og eru slík ákvæði t.d. í löggjöf á Norðurlöndum.

Nauðsynlegt er að tryggja með einhverjum hætti einhvern þrýsting til þess að ákvæðum laga um verslunarleyfi sé framfylgt. Liður í þeirri viðleitni er ákvæði 5. mgr. þessarar greinar.

Lagt er til að lögfest verði heimild til þess að afmáð verði áður útgefið verslunarleyfi ef krafa kemur fram þar að lútandi, t.d. frá viðsemjanda eða samkeppnisaðila, enda hafi ákvæðum laganna ekki verið sinnt. Jafnframt stuðlar slík tilhögun að því að skráin geti gegnt hlutverki sínu og verið áreiðanleg á hverjum tíma og komið að þeim notum sem frumvarp þetta stefnir að.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er nærri samhljóða ákvæði 5. tölul. 4. gr. Rétt er þó að gera hér greinarmun á útgefnum leyfum og þeim skilyrðum er fyrir hendi þurfa að vera til útgáfu verslunarleyfa almennt. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins hér að framan.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um það að verslunarleyfi skuli gefin út í lögsagnarumdæmi hins skráða firma og heldur sú firmaskráning skrá yfir þá einstaklinga og félög er verslunarréttindi hafa hverju sinni. Ákvæðið felur í sér að útgefið verslunarleyfi veitir leyfishafa rétt til verslunar í landinu öllu en skráningarskyldan helst hjá þeirri firmaskrá þar sem verslunarfyrirtækið er skráð. Um hlutafélög sem öll eru skráð hjá hlutafélagaskrá gildir hins vegar hið skráða varnarþing.

Skráningarskylda hlutafélaga varðandi atriði er heyra undir verslunarréttindaskrána telst því samkvæmt frumvarpinu vera í lögsagnarumdæmi þeirrar firmaskrár er félagið á sitt varnarþing. Verslunarfyrirtæki sem rekið er með hlutafélagsformi er því skylt að skrásetja það í Verslunarréttindaskrá á varnarþingi félagsins. Þó þetta kunni að virðast flókið er það þó ekki svo í reynd. Þannig mundi hlutafélagaskrá annast skráningu fyrir viðkomandi firmaskrá svo og útgáfu verslunarleyfa til handa hlutafélögum, sbr. 9. gr. frv. Firmaskrá á skráðu varnarþingi hlutafélagsins væri hins vegar ætið tilkynnt um útgáfu verslunarleyfisins og hún mundi geta þess í verslunarréttindaskránni. Tölvusamtenging firmaskráningar í öllum lögsagnarumdæmum eins og mælt er fyrir um í 8. gr. frv. leiðir til þess að heildstæð mynd fæst af tilgangi þeirra verslunarleyfaskráningar sem hér er kveðið á um. Verslunarréttindaskráin myndar þá eina heildstæða skrá, á ábyrgð hvers firmaskrárritara fyrir sig, svo og hlutafélagaskrárinnar. Óski menn eftir þeim upplýsingum varðandi hlutafélög sem í verslunarréttindaskrána eru skráð þá geta þeir snúið sér til hlutafélagaskrárinnar eða beint til viðkomandi firmaskrár ef þeim er kunnugt um varnarþing hlutafélagsins.

Samtenging þessara skráningaraðila með tölvutækni mundi einnig gera þau atriði sem hér að framan er rætt um afar einföld í framkvæmd.

Réttaráhrif sem tengd eru við það að verslunarleyfi skulu útgefin í tilteknu umdæmi eru þau að leyfið veitir einungis sjálfkrafa rétt til smásöluverslunar innan þess umdæmis. Heildsölu- og umboðssöluréttindi öðlast hann hinsvegar fyrir landið allt, þegar við útgáfu verslunarleyfisins. Þau réttaráhrif sem hér er lýst eru þau sömu og gilt hafa hingað til. Hér er þó lagt til, eins og áður hefur komið fram, að verslunarleyfi verði aðeins eitt og veiti rétt til þess að stunda allar framangreindar tegundir verslunarþjónustu.

Í 2. mgr. þessarar greinar er þó lögð til sú breyting að verslunarleyfi samkvæmt frumvarpi þessu nái einnig til smásöluverslunar í öðrum lögsagnarumdæmum en að ofan greinir enda hafi firmaskrárritara þar sem verslunarleyfi er útgefið verið sérstaklega um það tilkynnt. Þannig verður verslunarleyfishafa heimilt að stunda smásöluverslun í öðrum lögsagnarumdæmum ef hann uppfyllir skilyrði þessa frumvarps um tilkynningar til firmaskrár. Firmaskrá gætir þess að lagaskilyrðum varðandi verslunarreksturinn sé fullnægt, t.d. ákvæðum um fasta starfsstöð o.fl. Samkvæmt framansögðu verður því ekki nauðsynlegt að fá útgefið sérstakt

leyfi í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig til þess að mega stunda smásöluverslun, eins og nú þarf samkvæmt gildandi lögum um verslunaratvinnu. Verslunarleyfishöfum er því búið talsvert hagræði í þeirri tilhögun sem hér er gerð tillaga um.

Um 8. gr.

Í þessari grein er skýrt tekið fram að einn aðili skuli annast verslunarréttindaskrá í hverju umdæmi landsins. Lagt er til að firmaskrár annist útgáfu og haldi utan um veitt verslunarleyfi til einstaklinga og félaga.

Firmaskrá er jafnframt falið að tryggja samstarf við hlutafélagaskrá sem skráir öll hlutafélög landsins til þess að framkvæmd verði auðveld og óþarfa fyrirhöfn létt af þeim umsækjendum um verslunarleyfi sem í hlutafélagaskrána eru skráðir.

Þá er lagt til að þær skráningar er útgáfu verslunarleyfa annast, þ.e. firmaskráningar landins, ásamt hlutafélagaskrá, verði samtengdar með tölvukerfi þannig að þær virki sem ein heildstæð verslunarréttindaskrá sem aðgengileg væri fyrir alla landsmenn, hvern í sínu umdæmi.

Ljóst er að slík skráning sem hér er um rætt og samtengd mundi hafa verulega hagnýtt gildi fyrir allan almenning svo og opinbera aðila. Auk þess skiptir miklu máli fyrir þarfir viðskiptalífsins að fyrir hendi sé áreiðanleg skrá yfir verslunarleyfishafa á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um hvaða embætti skuli annast og bera ábyrgð á útgefnum verslunarleyfum samkvæmt lögum þessum. Skráning fyrirtækja (sem og einstaklinga) í verslunarréttindaskrána hefur þá þýðingu að treysta megi því að gætt hafi verið þeirra skilyrða er frumvarp þetta setur varðandi skráningu. Þess ber þó að gæta að ávallt kunna aðstæður að breytast og skilyrði ekki að vera lengur fyrir hendi. Í því tilfelli getur viðsemjandi komið fram athugasemdum sínum, sbr. 5. gr. og þeir aðilar sem hér um getur hlutast til um afmáningu leyfisins.

Í 2. mgr. þessarar greinar er nánar kveðið á um verksvið hlutafélagaskrárinnar, varðandi útgáfu verslunarleyfa. Á engan hátt er þó vikið frá þeirri stefnu 8. gr. frumvarps þessa að hjá hverri firmaskrá landsins skuli vera fullkomin verslunarréttindaskrá er taki til hlutafélaga sem annarra félaga, svo og til einstaklinga.

Um 10. gr.

Í lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, var kveðið svo á að til svonefndrar farandsölu, þ.e. smásöluverslunar utan þess umdæmis er smásöluleyfi voru útgefin í, giltu svokölluð landssöluleyfi. Landssöluleyfi samkvæmt þeim lögum veita rétthafa leyfisins rétt til að stunda farandsölu í sveitum landsins svo og rétt til smásöluverslunar innan kaupstaða með þær vörur sem þar er ekki verslað með. Mat á því skilyrði laganna er lagt undir lögreglustjóra á hverjum stað. Í framkvæmd hefur beiting þessa ákvæðis verið afar erfið og jafnframt misjafnlega beitt eftir því í hvaða umdæmi aðili hefur viljað versla í.

Með hliðsjón af eldri réttarframkvæmd og ýmsum þeim vandkvæðum er henni voru bundin þá leggur nefndin hér til að verslunarleyfi taki jafnframt til smásöluverslunar utan umdæmis hinnar föstu starfsstöðvar. Tilkynna skuli þó þeir er slíka farandsölu vilja stunda um það til verslunarréttindaskrárinnar. Tilkynningu skal beint til firmaskrárritara þar sem verslunarleyfi viðkomandi er skráð. Tilgangur tilkynningarinnar er sá að ljóst sé af verslunar-

réttindaskránni hvaða verslunarrekstur viðkomandi verslunarleyfishafi stundi. Ekki þótti rétt að veita verslunarleyfishafa slíkan rétt án þess að til slíkrar tilkynningar komi. Um farandssölu hljóta ætíð að gilda sérstök sjónarmið þar sem sú söluaðferð hefur ýmis séreinkenni er aðrar aðferðir hafa ekki. Í því sambandi má nefna að viðsemjendur þeirra er farandsölu stunda verður að telja að hafi mun lakari samningsaðstöðu en þegar verslun er rekin í fastri starfsstöð. Jafnframt munu hinar sérstöku tilkynningar til að öðlast rétt til farandsölu vera til þess fallnar að beina athygli þeirra er slíka verslun stunda að þeim sérreglum er sveitarfélög kunna að setja um farandsölu, innan sinna umdæma, eins og nánar sést af öðrum ákvæðum þessa kafla frumvarpsins.

Ljóst er af greininni að hér er lagt til að afskipti lögreglustjóra í því umdæmi er farandsala skal stunduð hverju sinni verða, ef frumvarp þetta verður að lögum, takmörkuð við það að framfylgja ákvæðum laga þessara varðandi farandsölu svo og að framfylgja löglegum samþykktum sveitarstjórna er kunna að verða settar um farandsölu, t.d. um leyfisgöld er renna skuli í sveitarsjóð.

Loks er í grein þessari lagt til að þeir er stunda farandsölu skuli afhenda kaupendum vöru og þjónustu nafnspjöld. Ákvæði þetta byggir á neytendasjónarmiðum en eins og fyrr segir eru viðsemjendur farandsölumanna á margan hátt í lakari aðstöðu en við vörukaup frá smásala er hefur fasta starfsstöð. Ákvæði þetta þykir til þess fallið að veita neytendum aukna vernd er þeir versla vörur af farandsölum t.d. ef þær kunna að reynast gallaðar og koma þarf kvörtunum á framfæri við seljandann.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum hefur ekki verið takmarkaður réttur til að versla með matvörur í farandsölu. Nefndin telur þó rétt að leggja til að verslun með slíkan varning fari einungis fram á föstum starfsstöðvum, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Sú niðurstaða byggir á því að verslun með svo viðkvæma vöru sem matvæli eru sé vandmeðfarin og nægjanleg aðgætni með þá vöru verði ekki tryggð við þær söluaðferðir er farandsala byggir á. Í 2. mgr. er þó veitt svigrúm, einkum ef ofangreind sjónarmið eiga ekki við.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir, ef þær telja ástæðu vera til, taki ákvarðanir um hvaða reglum farandsala skuli lúta í umdæmi þeirra. Eins og fyrir segir hefur í gildandi lögum sú ákvörðun verið nánast undir frjálsu mati lögreglustjóra. Nefndin telur mun eðlilegra að sérhver sveitarstjórn, er gerþekkir þær staðbundnu aðstæður sem fyrir hendi eru hverju sinni, fjalli um farandsölu og setji um hana þær reglur er hún telur nauðsynlegar hverju sinni.

Í 4. mgr. er enn fremur mælt svo fyrir að sveitastjórnir setji nánari reglur varðandi tímabundna markaðsstarfsemi þeirra er í umdæminu búa eða aðra sambærilega farandsölu annarra landsmanna. Samþykktir sveitarfélaga öðlast gildi við staðfestingu viðskiptaráðherra er fer með yfirstjórn málefna er verslunina varða.

Ekki eru í frumvarpinu gerðir sérstakir fyrirvarar á staðfestingu ráðherra og gildir því um hana að staðfesta ber löglegar samþykktir sveitarfélaga nema lög eða sérstakar ástæður leiddu til annarrar niðurstöðu.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er lögð til sú grundvallarbreyting að heimild til uppboðshalds verði rýmkuð verulega.

Hingað til hefur verið litið svo á að einungis hefðu heimild til uppboðshalds sérstakir uppboðshaldarar samkvæmt sérákvæðum laga. Þannig hefur heimildin að mestu verið bundin við sýslumenn og fógeta.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að þau uppboð sem ekki er kveðið á um í sérstökum lögum geti skráðir verslunarleyfishafar stundað. Heimild þessi nær því ekki t.d. til nauðungaruppboðs til fullnustu dóma né heldur til listmunauppboðs eða fiskmarkaða, en um hvort tveggja gilda sérstök lög.

Þótt í 1. mgr. sé ákveðið að skráðir rétthafar að verslunarleyfi hafi rétt til að stunda frjálst uppboðshald þá er í 2. mgr. lagt til að þeir þurfi að sækja um heimild lögreglustjóra í því umdæmi er uppboðshald skal fara fram. Nefndin telur nauðsynlegt þrátt fyrir það að lögteknar yrðu frjálslegri reglur varðandi uppboð en hingað til hefur þekkst, verði ekki vikið frá því grundvallarsjónarmiði að uppboðshald fari fram á eins formbundinn hátt og unnt er. Í því sambandi verður að liggja fyrir að uppboðshaldið valdi ekki neinni röskun á almannafriði og nauðsynlegt er að lögreglustjóri fái tækifæri til að kanna hvort þær aðstæður geti skapast er ganga gegn því grundvallaratriði. Við uppboðshald er ljóst að ætíð safnast fyrir nokkur mannfjöldi og er því rétt að lögreglustjóra sé falið að hafa eftirlit með áformum um þá sérstöku söluaðferð sem frjálst uppboðshald er. Þá er sveitarstjórnum einnig í greininni gefinn kostur á að setja nánari reglur um slík uppboð er þær telja nauðsyn vera á.

Um 13.–15. gr.

Í greinum þessum er kveðið nánar á um skyldur þess er uppboð heldur, þ.e. uppboðsstjórans og hvernig hann skuli haga uppboðshaldinu í grundvallaratriðum.

Mikilvægt er að uppboðskilmálar séu hafðir skýrir þannig að þeir veiti uppboðsgestum fullnægjandi upplýsingar varðandi þau atriði sem upp eru talin í 15. gr. frumvarpsins. Í greininni er jafnframt kveðið á um rétt uppboðsgesta til að skoða þá hluti sem selja á og er mikilvægt að væntanlegir kaupendur kynni sér vel þá hluti sem seldir eru, því hæstbjóðandi verður eigandi hlutarins við hamarshögg nema uppboðskilmálar mæli á annan veg. Mótbárur er kaupandi getur haft vegna þeirrar vöru er hann kaupir á uppboði eru þrengri en almennt gerist við kaup og sölu, sbr. 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Samkvæmt henni getur seljandi ekki borið fyrir sig galla á seldum hlut nema hann svari alls ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með í uppboðskilmálum eða af uppboðsstjóra, seljandi hafi haft svik í frammi eða gerningurinn að öðru leyti talinn óheiðarlegur. Um hið síðast greinda verða ekki gefin nein dæmi, en endanlegt mat um þetta atriði er hjá dómstólum.

Um 16. gr.

Í grein þessari er kveðið á um viðurlög ef ekki er farið eftir ákvæðum laganna. Lagt er til að verslunarréttindaskrá hafi sjálfstæða heimild til að afmá úr skránni þau verslunarleyfi sem vitneskja liggur fyrir um að ekki eigi sér lengur stoð í lögum þessum. Jafnframt er lagt til að viðsemjendur verslunarleyfishafa geti gert kröfu um afmáningu verslunarleyfisins ef leyfishafi hirðir ekki um að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir því. T.d. gæti viðsemjandi sem kemur til hinnar skráðu aðalskrifstofu verlunarleyfishafa til að gera fjárnám á grundvelli aðfararhæfs dóms gert kröfu um afmáningu verslunarleyfisins ef skráningin reynist röng, sbr. hér einnig 5. gr. frumvarpsins og athugasemdir með henni.

Um 17. gr.

Ráðherra er í grein þessari veitt heimild til að setja nánari reglur um veitingu verslunarleyfa og framkvæmd firmaskrárritara við skráningu verslunarleyfa í verslunarréttindaskrána. Þá er og heimilt að ákveða í reglugerð upphæð þess gjalds er leyfisveiting og skráning leyfis er háð. Í framkvæmd yrði gjald þetta ákveðið í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

Mikilvægt er þó að gjaldtöku verði stillt í hóf og hún verði ekki hærri en sem nemur kostnaði við smásöluleyfi samkvæmt gildandi lögum. Ljóst er að verslunarleyfi verða mun fleiri en við núverandi aðstæður, verði frumvarp þetta að lögum. Með breikkuðum gjaldstofni samkvæmt þessu eru því veigamikil rök fyrir því að verslunarleyfi verði ekki bundin hárri gjaldtöku.

Um 18. gr.

Um brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot einungis sektar viðurlögum eins og núgildandi lög um verslunaratvinnu mæla fyrir um, sbr. einnig ákvæði 16. gr. um sviptingu starfsleyfis samkvæmt lögum þessum með dómi.

Um 19. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum svo og lög um sölu á notuðum lausafjármunum enda tekur frumvarp þetta til sölu slíkra lausafjármuna, sbr. ákvæði 1. gr. frumvarpsins og athugasemdir með þeirri grein.

Um 20. gr.

Í V. kafla frumvarpsins leggur nefnd sú, er samið hefur frumvarp þetta, til að heimild til frjáls uppboðshalds verði rýmkuð frá því sem áður hefur gilt. Í samræmi við það markmið leggur viðskiptaráðuneytið til að ákvæði tilskipunar 16. desember 1693, um uppboðsþing í Danmörku og Noregi, sem tilgreind eru í grein þessari falli brott. Samkvæmt tilsk. 16. desember 1693 hefur heimild til frjáls uppboðshalds verið bundin við lögskipaða uppboðshaldara, þ.e. sýslumenn í sýslum, bæjarfógeta í kaupstöðum og borgarfógeta í Reykjavík. Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild til frjáls uppboðshalds á lausafjármunum verði rýmkuð, þannig að ef frumvarp þetta verður að lögum, þá verði þeim er verslunarleyfi hafa samkvæmt lögum þessum heimilt að halda frjáls uppboð samkvæmt leyfi hverju sinni. Ákvæði 1. gr. og ákvæði 5. gr. tilsk. 16. desember 1693 eru í andstöðu við framangreind ákvæði þessa frumvarps og þykir því rétt að þau verði afnumin. Jafnframt þykir rétt að benda á að reynt hefur á ákvæðin í Hæstaréttardómi í tuttugasta og fimmta bindi bls. 494 í málinu ákæruvaldið gegn Sigurði Benediktssyni. Í dómi þessum var því slegið föstu að áðurnefnd tilskipun, 16. desember 1693, hefði fullt lagagildi hér á landi og takmarkaði rétt annarra en lögskipaðra uppboðshaldara til þess að halda frjáls uppboð.

Um 21. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, eru verslunarleyfi einungis veitt tímabundið til fimm ára í senn. Til að taka af öll tvímæli þótti nefndinni rétt að kveða svo á um í lögum þessum með ákvæði til bráðabirgða að öll eldri leyfi væru úr gildi fallin að fimm árum liðnum. Samkvæmt þessu skulu verslunarleyfishafar endurnýja leyfi sín í samræmi við ákvæði þessa frumvarps ef að lögum verður, jafnóðum og þau falla úr gildi.

Fylgiskjal I.

Nefnd sú er samið hefur frumvarp þetta hefur lagt til í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins komi ákvæði sem sé efnislega samhljóða 26. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en ákvæði 26. gr. laga nr. 56/1978 hljóðar svo:

„Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr. [laga nr. 56/1978], er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum".

Eins og fram kemur í athugasemdum með 2. gr. þessa frumvarps taldi nefndin rétt að birt yrði sem fylgiskjal þessa frumvarps athugasemdir þær sem fylgdu áðurnefndri 26. gr. í frumvarpi því er nú er orðið að lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Í athugasemdum með 26. grein núgildandi laga nr. 56/1978 sagði:

„Hér er um að ræða almenna reglu, sem ætlað er að ná til ýmissa tilvika, er aðrar greinar kaflans, sem fjalla um sérstök tilfelli eða sérstakar viðskiptaaðferðir, taka ekki til. Viðskiptahættir og aðferðir í viðskiptum eru margvíslegar og mjög breytilegar, þannig að hætta er á, að sérákvæðin nái ekki til ýmissa þeirra tilvika, sem ástæða væri til að snúast gegn.

Ólögmætir viðskiptahættir birtast í ýmsum myndum og nýjum aðferðum er sífellt beitt til þess að draga að viðskiptavini. Því er hætt við, ef látið er nægja að banna í lögum ákveðnar aðferðir, að slík löggjöf verði fljótlega úrelt, þar sem telja má víst, að fundnar verði leiðir og teknar upp aðferðir, sem lögin taka ekki til, en eru engu að síður ótilhlýðilegar, þannig að ástæða er til að banna þær. Nauðsyn er því á almennri grein sem þessari, til þess að unnt sé að fylgja breytingum í viðskiptaháttum og beina þeim á grundvelli löggjafar í þann farveg, sem heppilegastur telst á hverjum tíma. Spyrja mætti, hvort sérákvæðum væri ekki ofaukið, ef almenn regla af þessu tagi yrði lögtekin, þar sem ákveðið yrði í réttarframkvæmdinni, hvað telst brjóta í bága við góða viðskiptahætti eða skoðast óhæfilegt gagnvart neytendum. Því er til að svara, að sérákvæðin gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því, hvaða kröfur lögin gera til viðskiptahátta. Ennfremur hefur reynslan sýnt, að sumar aðferðir eða tegundir óréttmætra viðskiptahátta eru oftar tíðkaðar en aðrar og því árangursríkast að snúast gegn þeim með lagaákvæðum, þar sem verknaðarlýsingin er sem nákvæmust.

Þótt almenn regla um bann við óhæfilegum viðskiptaháttum hafi aldrei verið tekin í lög hér á landi, er Ísland samt sem áður aðili að alþjóðasamþykkt, þar sem kveðið er á um regluna. Er hér átt við svokallaða Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 20. mars 1883. Þessi samþykkt hefur nokkrum sinnum verið endurskoðuð, m.a. í Bruxelles 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934. Með lögum nr. 102 frá 28. desember 1961, var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta Parísarsamþykktina fyrir Íslands hönd eins og hún hafði verið endurskoðuð samkvæmt því, sem hér að framan segir. Var heimild þessi notuð og hefur samþykktin haft lagagildi hér á landi frá 5. mars 1962. Ákvæði það, sem hér skiptir máli, er í 10. gr. a samþykktarinnar, svohljóðandi:

„Sérhver samkeppni, sem brýtur í bága við heiðarlegar venjur í iðnaði og verslun, er álitin óréttmæt."

Á Haagráðstefnunni var talið, að aðild að samþykktinni, hefði ekki í för með sér skyldu fyrir aðildarríkin til þess að taka upp í löggjöf sína hliðstætt ákvæði, heldur væri hér einungis um að ræða stefnumið, er snerti þróun löggjafar í aðildarríkjunum.

Almennt ákvæði um bann við óréttmætum viðskiptaháttum er í löggjöf margra landa og hefur víða verið lengi í lögum, þannig að mikil reynsla hefur fengist við beitingu þess. Áður en ofannefnd breyting var gerð í Haag á Parísarsamþykktinni hafði slíkt ákvæði þegar verið tekið upp í norska, þýska og austurríska löggjöf. Í Danmörku var slíkt ákvæði tekið í samkeppnis-

löggjöf árið 1937 (lov nr. 79 31. mars 1937, konkurrenceloven). Ákvæði af þessu tagi er nú í löggjöf allra Norðurlandanna nema Íslands. Greinin er orðuð á mismunandi veg í löggjöf landanna, en megin efnisatriði eru svipuð. Nokkurs munar gætir í framkvæmd ákvæðisins eftir löndum, þ. e. a. s. mismunandi er, hversu víðtæk beiting ákvæðisins hefur verið. Slíkt er eðlilegt, þar sem svið það, sem hér um ræðir, er ekki einungis í örri þróun, heldur einnig mjög breytilegt eftir svæðum.

Hér er lagt til, að greinin verði orðuð á svipaðan hátt og hliðstætt ákvæði norsku laganna um „Kontroll med markedsföring" nr. 47 16. júní 1972.

Athöfn sú eða verknaður, sem greininni er ætlað að taka til, verður að vera unnin í atvinnustarfsemi. Vísað er til skilgreiningar á því hugtaki í 2. gr. frumvarpsins. Þess skal þó getið, að hér er um rúma skilgreiningu að ræða. Hvers konar atvinnustarfsemi fellur hér undir án tillits til þess, hvaða aðili stendur að henni. Ekki þarf starfsemi að vera rekin í beinu ágóðaskyni til þess, að hún falli hér undir.

Meginhugtak þessarar greinar er „góðir viðskiptahættir." Hugtak þetta er orðað í ýmsum blæbrigðum í löggjöf þeirra ríkja, sem upp hafa tekið slíkt ákvæði. Aðaleinkenni eru þó hin sömu. Nokkur munur er á orðum þessarar greinar í norrænni löggjöf, en ekki hefur verið stefnt að efnislegum mun í þeim efnum, fremur er hér um að ræða mismunandi málvenjur.

Mat á því, hvað telja beri góða viðskiptahætti, ræðst af atvikum á þeim stað og þeim tíma, þegar verknaður er unninn. Ekki er nægilegt að kanna, hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins, sem um er að tefla hverju sinni. Samkeppnisnefnd, jafnt sem dómstólar, verður að leggja sjálfstætt mat á það, hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í þeim löndum, þar sem þróun viðskipta er komin lengra á veg en hér á landi, starfa ýmsar nefndir eða stofnanir á vegum verslunar- og kaupsýslustétta, sem ætlað er að fylgjast með viðskiptaháttum og stuðla að góðum siðum í þeim efnum.

Ýmiss konar alþjóðasamvinna fer fram, sem snertir viðskiptahætti og ætlað er m. a. að vinna að samræmingu og umbótum á því sviði. Sem dæmi um slíka alþjóðlega samvinnu má nefna, að Alþjóðaverslunarráðið, sem Verslunarráð Íslands er aðili að, hefur sett reglur um auglýsingar (Reklame Kodex), sem ætlað er að hamla gegn því, að sú viðskiptaaðferð, sem felst í notkun auglýsinga, sé misnotuð. Reglur þessar voru samþykktar af Alþjóðaverslunarráðinu árið 1948 og endurskoðaðar árið 1955. Verslunarráð Íslands mun ekki eiga aðild að þessu samkomulagi um auglýsingar. Þau samtök erlendis, sem gengist hafa undir ofangreindar reglur, hafa sett á laggirnar sérstakar nefndir til að fylgjast með því, að reglurnar séu haldnar.

[Hér má þó geta þess að siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi frá árinu 1973 ásamt viðbót um auglýsingar og börn frá árinu 1974 er nú fylgt með frjálsu samkomulagi hér á landi og sérstök siðanefnd aðila starfar að því að tryggja framkvæmd reglnanna.

Í viðskiptaráðuneytinu er jafnframt í undirbúningi frumvarp til auglýsingalaga á grundvelli ályktunar Alþingis frá 18. mars 1987 um setningu heildarlöggjafar á þessu sviði. Innsk. viðskiptaráðuneytisins.].

Fátt er til leiðbeiningar hér á landi um það, hvað séu góðir viðskiptahættir. Er sannarlega ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnum. Hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar hafa sinnt þessum málum að ráði. Engin hefð hefur skapast á þessu sviði hér á landi og engin stefna hefur verið mörkuð. Ef frá er talin setning laga nr. 84/1933 og nokkur sundurleit mál, sem dómar hafa fallið í á þessu sviði á grundvelli þeirra laga, hefur lítil áhersla verið lögð á þessi efni hérlendis. Um eftirlit með auglýsingum er það eitt að segja, að það er nánast ekkert. Sumir fjölmiðlar hafa þó sett sér reglur til að fara eftir, en þær eru bæði ófullkomnar og mjög mismunandi.

Við framkvæmd frumvarps þessa, ef það verður að lögum, er því lítið til að byggja á við mat á því, hvað séu góðir viðskiptahættir. Eftirlits- og úrskurðaraðila bíður því erfitt hlutverk og munu að líkindum strax þurfa að taka stefnumarkandi ákvarðanir.

Samkvæmt greininni er ekki einungis óheimilt að hafast það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í viðkomandi greinum atvinnustarfsemi heldur verður einnig að gæta þess að beita engum þeim aðferðum, sem óhæfilegar teljast gagnvart neytendum. Rétt þykir að leggja þannig sérstaka áherslu á, að taka ber fullt tillit til neytendasjónarmiða í ákvörðunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Hliðstæð áhersla er lögð á neytendasjónarmið í norsku og sænsku lögunum, en annars er skírskotun til neytendasjónarmiða yfirleitt ekki orðuð í hliðstæðum ákvæðum í erlendri löggjöf. Þótt sérstök ákvæði séu ekki um þetta í almennu reglunni, svo sem er t.d. í dönsku lögunum, hefur í framkvæmd verið mjög tekið tillit til neytendasjónarmiða og er almennt litið svo á, að fullar heimildir séu til slíks, þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum. Með því að nefna neytendahagsmuni sérstaklega er greininni ætlað að leggja sérstaka áherslu á, að þeirra hagsmuna verði gætt við framkvæmd laganna.

Greinin tekur almennt til athafna, sem framkvæmdar eru við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Greinin beinist því að sölu og innkaupum fyrirtækjanna og annarrar ytri starfsemi þeirra. Ýmiss konar ráðstafanir, sem telja verður til hreinnar innri starfsemi, falla því utan ákvæðisins.

Greininni er ekki ætlað að veita heimild til að banna vörur sökum þess, að þær séu almennt lélegar að gæðum, standist ekki öryggiskröfur eða séu yfirleitt óæskilegar á markaði.

Unnt ætti að vera að nota greinina til þess að leiðrétta óhæfilega samningsskilmála, hvort sem um er að ræða einstök tilfelli eða almennt óhæfileg samningsform. Sérstaklega getur komið til kasta greinarinnar, þegar um er að ræða ranga eða villandi framsetningu samningsskilmála þeirra, sem í boði eru. Einnig ætti að vera unnt að banna samningsform, sem eru þannig úr garði gerð, að viðskiptavinir fá ranga eða ófullkomna hugmynd um efni þeirra. Tregða hefur verið víða erlendis að beita almennu reglunni um óhæfilega samningsskilmála, en síaukin áhersla á vernd neytenda hefur leitt til þess, að nauðsynlegt hefur verið talið að bera þar niður m. a. með stoð í almennu reglunni.

Grein þessi getur á ýmsan hátt snert svið laga um vörumerki, firmu, gæðamerki og löggjafar um verndun hugverka. Greinin getur skipt máli til fyllingar ákvæðum slíkra laga, t.d. þegar einkaréttur er tímatakmarkaður. Að sjálfsögðu er ekki unnt að nota greinina til að veita einkaréttarlega vernd, þegar skilyrði sérlaga eru ekki uppfyllt eða verndartími útrunninn. Hins vegar gæti greinin náð til ótilhlýðilegrar hagnýtingar þess, að eftirlíkingu svipar mjög til hinnar upprunalegu vöru. Af málum af þessu tagi yrðu það aðallega ýmiss konar óhæfilegar framleiðsluefirlíkingar, sem kæmu til kasta þessarar greinar, enda er ráð fyrir því gert í 30. gr. frumvarpsins, að 9. gr. gildandi laga, er fjallar um tiltekna vernd firmanafns, verslunarmerkis o. þ. h. verði haldið, enda hefur sú grein verið notuð í dómaframkvæmd samhliða ákvæðum sérlaga, svo sem firmalaga. Má því búast við því, að fremur lítið reyni á grein þessa í málum af þessu tagi.

Aðalaðgerðir gegn brotum á þessari grein munu felast í ákvörðunum samkeppnisnefndar um bönn við athöfnum. Um beitingu banna og málsmeðferð fyrir samkeppnisnefnd að því er þau snertir er fjallað í 38.—43. gr. frumvarpsins. Vísast til þeirra greina og athugasemda við þær. Þess ber að geta, að athöfn, sem brýtur gegn siðareglum á borð við þær, sem fjallað er um í grein þessari, á ekki út af fyrir sig að geta leitt til viðurlaga, hvorki einkaréttarlegra né refsiréttarlegra heldur aðeins til þess, að bann verði lagt við því, að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin. Sé hins vegar brotið gegn fyrirmælum samkeppnisnefndar um bann, er grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga samkvæmt IX. kafla.

Fylgiskjal II.

Drög að eyðublaði vegna skráningar í verslunarréttindaskrá skv. frv. til laga um verslunaratvinnu lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.

Firmaskrá

Umsókn þessi gildir sem verslunarleyfi ef hún er útgefin af firmaskrá.

EINSTAKLINGSBUNDIÐ VERSLUNARLEYFI.

I. Almenn skilyrði:

1. Nafn:
2. Firmanafn:
   Kennitala:
3. Heimilisfang aðalskrifstofu:
4. Er umsækjandi:
   a. Lögráða: Já ☐ Nei ☐.
   b. Einhvern tíma orðið gjaldþrota: Já ☐ Nei ☐.
   c. Búsettur hér á landi: Já ☐ Nei ☐.
5. Framkvæmdastjóri:
   Nafn:
   Heimili:
   Kennitala:

II. Fastar starfsstöðvar er leyfi þetta tekur til:

1. Firmanafn:
   Heimilisfang:
   Umdæmi:
2. Firmanafn:
   Heimilisfang:
   Umdæmi:

III. Farandsala er leyfi þetta skal taka til:

1. Vörutegundir sem versla skal með:
2. Lögsagnarumdæmi þar sem farandsala skal stunduð í:

IV. Réttar upplýsingar staðfestir umsækjandi um leyfi þetta:

undirskrift og dags.

Verslunarleyfi þetta er útgefið í dag með þeim réttindum og skyldum er því fylgja að lögum.

Uppfylli leyfishafi ekki lengur þau skilyrði sem leyfi þetta er háð fellur það úr gildi skv. nánari ákvörðun firmaskrárritara.

f. h.
Firmaskrár
e. u.
undirskrift, dags. og embættistimpill.

Fylgiskjal III.

Drög að eyðublaði vegna skráningar í verslunarréttindaskrá skv. frv. til laga um verslunaratvinnu lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988.

Firmaskrá
Umsókn þessi gildir sem verslunarleyfi ef hún er útgefin af firmaskrá.

FÉLAGSBUNDIÐ VERSLUNARLEYFI.

I. Almenn skilyrði:

1. Nafn félagsins(firma):
   Kennitala:
2. Heimilisfang aðalskrifstofu:
3. Ábyrgð félagsmanna: a. takmörkuð
   b. ótakmörkuð

4. Stjórn:	a. Búsettur hér á landi		b. Lögráða:		c. Einhvern tíma orðið gjaldþrota:	
1. Nafn:	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
2. Nafn:	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
3. Nafn:	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
4. Nafn:	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
5. Nafn:	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐

4. Framkvæmdastjóri:
   Nafn:
   Kennitala:
   Heimili:

II. Fastar starfsstöðvar félagsins er leyfi þetta tekur til:

1. Heimilisfang:
   Umdæmi:
2. Heimilisfang:
   Umdæmi:

III. Farandsala er leyfi þetta skal taka til:

1. Vörutegundir sem versla skal með:
2. Lögsagnarumdæmi þar sem farandsala skal stunduð í:

IV. Réttar upplýsingar staðfestir f.h. félagsins og stjórnar þess:
undirskrift og dags.

Verslunarleyfi þetta er útgefið í dag með þeim réttindum og skyldum er því fylgja að lögum.

Uppfylli leyfishafi ekki lengur þau skilyrði sem leyfi þetta er háð fellur það úr gildi skv. nánari ákvörðun firmaskrárritara.

f. h.
Firmaskrár
e. u.
undirskrift, dags. og embættistimpill.

Sþ. 802. Tillaga til þingsályktunar [442. mál]

um skógrækt á eyðijörðum í ríkiseign.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Árni Gunnarsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta kanna hvaða eyðijarðir í ríkiseign er hægt að afhenda Skógrækt ríkisins til að efla og styrkja skógrækt í landinu. Niðurstöður könnunarinnar skulu kynntar Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1989.

Greinargerð.

Ari fróði segir í Íslendingabók um aðkomu fyrstu landnámsmanna: „Í þann tíð var landið viði vaxið milli fjalls og fjöru.“ Þannig leit Ísland út í augum þeirra er fyrstir námu hér land. Nú er öldin önnur og má heita að Ísland sé allt að því skóglaust land, a.m.k. í samanburði við önnur Evrópulönd.

Það er skoðun flutningsmanna að Ísland þurfi ekki að vera eins nakið og bert og raun ber vitni.

Tillaga þessi er lögð fram sem liður í að efla skógrækt í landinu. Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðuneytið geri á því úttekt hvaða jarðir í eigu ríkisins, sem komnar eru í eyði, henti til skógræktar. Lögð skal á það áhersla að skógræktarfélög verði höfð með í ráðum, helst þó þannig að þar sem starfandi eru skógræktarfélög fari þau með málið.

Eðlilegt er þó að slíkt sé undir yfirstjórn Skógræktar ríkisins, enda segir í lögum um skógræktina frá 1907 að hlutverk hennar sé m.a. „að rækta nýjan skóg, þar sem henta þykir, að leiðbeina um meðferð skógar og hvaðeina er að skógrækt lýtur“. Því hlýtur það að teljast eðlilegt að Skógrækt ríkisins hafi yfirumsjón með þessum málaflokki.

Í fróðlegri grein sem Sigurður Blöndal skógræktarstjóri ritaði í Þjóðviljann 5. apríl sl. og bar yfirskriftina „Skógur og skógrækt á Íslandi“ segir m.a.: „Um síðustu aldamót hófu nokkrir Danir tilraunir í skógrækt á Íslandi með innfluttum trjátegundum. Í mörgum Evrópulöndum, m.a. Danmörku, hafði slíkt verið reynt lengi og víða með góðum árangri. Hér virtist þetta sérlega freistandi þar eð í landinu var aðeins ein tegund sem myndaði samfellda skóga. Þessar tilraunir stóðu í rúman áratug, en var þá hætt vegna þess að þær þóttu ekki bera nógu góðan árangur. Samt er það nú svo að núna standa einstök tré og litlar þyrpingar sem fögur minnismerki um þessa viðleitni hugsjónamanna og eru mikilsverðar fyrir þá sem fást við skógrækt nú. Þessi stefna var svo tekin upp aftur á fjórða áratug aldarinnar, eftir að Hákon Bjarnason varð skógræktarstjóri.

Síðar varð mönnum svo ljóst að íslenskt gróðurríki, sem hefur innan sinna vébanda ákaflega fáar tegundir, gefur ranga mynd af gróðurskilyrðum. Hér geta miklu fleiri tegundir vaxið en þær sem gátu borist til landsins af sjálfsdáðum. Auk þessa hafði um helmingur þeirra lifað af ísöld.

Eftir síðustu heimsstyrjöld hófst þessi innflutningur svo af miklum krafti og stendur enn.

Skógrækt ríkisins hefur flutt inn og reynt yfir 100 tegundir trjáa frá meira en 1000 stöðum víðs vegar á jörðinni. Um tíu þeirra eru nú ræktaðar í nokkrum mæli og fimm mynda stofninn í skógrækt á Íslandi í dag: lerki frá Rússlandi og Síberíu, sitkagreni og skyldar tegundir frá Alaska, stafafura frá Alaska, alaskaösp frá Alaska og blágreni úr Klettafjöllum Norður-Ameríku.“

Síðar í sömu grein skilgreinir skógræktarstjóri mismunandi tilgang skógræktar á eftirfarandi hátt: „Skógur er ræktaður í mismunandi tilgangi og eftir því eru honum gefin mismunandi heiti: verndarskógur, nytjaskógur, útivistarskógur, skjólbelti.

Auðvitað skarast þetta meira og minna. Þannig er allur skógur verndarskógur í þeim skilningi að hann er besta vernd jarðvegs fyrir vatns- og vindrofi. Allur skógur er einnig vernd fyrir þann undirgróður sem er hluti af vistkerfinu á hverjum stað. Nefna má það dæmi að ýmsar jurtir vaxa aðeins í skógi sem samsettur er af ákveðnum trjátegundum. Ef skógurinn hverfur hverfa þessar tegundir líka. Af því að skógurinn er efsta hæðin í margbrotnu vistkerfi ræður hann svo miklu um þýðingarmikla vaxtarþætti eins og skjól, loft- og jarðvegsraka, samsetningu jarðvegs og ljósmagn.

Þannig skapar allur skógur skjól, bæði utan skógar að vissu marki og alltaf innan hans.

Hins vegar er ekki allur skógur nytjaskógur. Með þessu hugtaki er átt við skóg sem framleiðir efnahagsleg verðmæti. Til þess eru sumar trjátegundir betri en aðrar. Ákveðnar kröfur eru gerðar um vöxt og vaxtarform eftir því hvaða afurðir á að fá úr skóginum. Þannig eru t.d. þær fimm trjátegundir, sem voru fyrr í þessari grein og nú eru mest ræktaðar hérlendis, heppilegastar í ræktun nytjaskógar.

Um útivistarskóg gegnir öðru máli. Í slíkum skógi eru litlar kröfur gerðar um vöxt og vaxtarform trjánna. Skógur, sem er ekki nema 4–5 metra hár, getur verið ágætur útivistarskógur og trén mega alveg eins vera bogin eða kræklótt eins og með þráðbeinan bol. Fjölbreytni í tegundum er þýðingarmikið atriði í útivistarskógi. Þangað sækja menn skjól, kyrrð, angan, litskrúð og einhverja stemningu sem allt þetta felur í sér. Óhætt er að fullyrða að víðast hvar á Íslandi, þar sem fólk býr, sé hægt að rækta skóg sem hefur gildi fyrir útivist. Sama verður ekki sagt um nytjaskóg. Aðeins lítill hluti landsins býður slík vaxtarskilyrði að ræktun hans sé fýsileg.

Skjólbelti eru svo enn ein tegund skógræktar sem hefur sérstaka þýðingu í landbúnaði fyrir grasrækt, akuryrkju, garðrækt og húsdýr. Ræktun skjólbelta er síðasta stig ræktunarbyltingarinnar í íslenskum landbúnaði sem enn er að mestu eftir að hrinda í framkvæmd."

Skógræktarstjóri endar síðan grein sína á eftirfarandi hátt:

„Skógrækt ríkisins er lögum samkvæmt ætlað að hafa yfirstjórn skógræktarmála svo sem tíðkast í flestum löndum. Á vegum þeirrar stofnunar hefur hingað til verið efnt til allvíðtækrar skógræktar á nokkrum stöðum á landinu og nokkur af kunnustu birkiskóglendum landsins eru í eigu eða umsjá hennar.

Skógræktarfélög landsins eru yfir 40 talsins og mynda landssambandið Skógræktarfélag Íslands. Til samans eru þau stærsti skógræktaraðili landsins og njóta sum þeirra verulegs stuðnings sveitarfélaga sem hafa falið þeim skógræktarstarfið innan sinna vébanda. Skógræktarfélög Reykjavíkur og Eyfirðinga eru langstærstu dæmin um þetta. Meginmarkmið skógræktarfélaganna er ræktun útivistarskóga.

Hafin er nú nokkur skógrækt á bújörðum bænda með styrk frá ríkinu og undir yfirstjórn Skógræktar ríkisins. Þetta er eingöngu nytjaskógrækt.

Margir einstaklingar stunda skógrækt sér til hugarhægðar, einkum við sumarbústaði. Margir þeirra ná undraverðum árangri og óvæntum, oft við skilyrði sem virðast öndverð. Nokkrir einstaklingar hafa lagt út í umfangsmikla skógrækt fyrir hugsjónina eina að fegra land sitt. Má sjá hjá þeim sumum glæsilegan árangur.

Loks er þess að geta að nokkur fyrirtæki hafa byrjað skógrækt á landi sem er ætlað starfsfólki þeirra til útivistar."

Á Alþingi 1983–1984 svaraði þáverandi landbúnaðarráðherra fyrirspurn Kristófers Más Kristinssonar um eyðijarðir. Í því svari kemur fram að ríkissjóður á mörg hundruð eyðijarðir um allt land. Flutningsmenn þessarar tillögu telja það vel þess virði að kannað verði hverjar af þessum eyðijörðum henta til skógræktar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hversu mikil prýði er af skógi vöxnu landi í samanburði við þær óhirtu eyðijarðir sem nú eru því miður orðnar allt of margar.

Ed. 803. Frumvarp til laga [443. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Karvel Pálmason, Guðrún Agnarsdóttir, Egill Jónsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Skúli Alexandersson, Júlíus Sólnes, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Verði maður fyrir varanlegu heilsutjóni, sem nemur a.m.k. 10% örorku samkvæmt læknisfræðilegu mati, vegna læknisaðgerðar eða vegna mistaka starfsfólks, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skal Tryggingastofnun ríkisins bæta það tjón á sama hátt og vinnuslys. Landlæknir og tryggingayfirlæknir skulu sameiginlega meta hvort um bótaskylt tilfelli er að ræða og ákveða örorkustigið. Leggja má úrskurð þeirra fyrir tryggingaráð samkvæmt ákvæði 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingu á almannatryggingalögum er flutt til þess að bæta að hluta úr brýnni þörf.

Alkunna er að einstaklingar geta orðið fyrir heilsutjóni af aðgerðum lækna, ýmist vegna bótaskyldra mistaka eða vegna þess að aðgerð hefur ekki heppnast nógu vel þótt eigi sé um að ræða bótaskylt atvik, eða vegna mistaka heilbrigðisstétta. Slíkt tjón hafa einstaklingar yfirleitt orðið að bera sjálfir óbætt hingað til.

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn frá fyrsta flutningsmanni þessa frumvarps á Alþingi 8. des. 1988 kemur fram að í ráðuneyti hans liggja drög að tillögum um tryggingasjóð sjúklinga en auðséð er að það mál nær ekki fram að ganga á þessu þingi enda um mjög viðamikið mál að ræða.

Með frumvarpinu, sem hér er flutt, er farin sú millileið að ætlast er til að Tryggingastofnun ríkisins greiði á sama hátt og hún bætir vinnuslys það tjón sem verður af læknisaðgerðum eða mistökum við læknisaðgerðir. Hér er ekki um að ræða bætur samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sem geta orðið mjög háar, heldur bætur eins og Tryggingastofnun ríkisins greiðir nú fyrir vinnuslys. Ekkert er því til fyrirstöðu að sjúklingur geti höfðað bótamál á hendur þeim sem ábyrgð bera á læknisaðgerð og fengið hærri bætur ef það mál vinnst. Fjárhæð sú, sem Tryggingastofnun mundi hafa greitt, kæmi þá til frádráttar og gæti Tryggingastofnun ríkisins endurkrafið hana. Ákvæði þessu er ætlað að standa þangað til viðameira frumvarp um tryggingasjóð sjúklinga verður tekið upp í almannatryggingalögin.

Landlækni og tryggingayfirlækni er sameiginlega falið að meta hvort um bótaskylt tilfelli er að ræða og eins að ákveða örorkustigið. Hvort tveggja má teljast eðlilegt þegar litið er til þess að úrskurð þeirra má leggja fyrir tryggingaráð skv. 7. gr. eins og hún verður ef samþykkt verður stjórnarfrumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi þar að lútandi.

Nd. 804. Frumvarp til laga [444. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts á árinu 1989 vegna eigna í lok ársins 1988.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að stíga skref til að draga úr því ranglæti sem hin nýju eignarskattsákvæði skattalaga hafa í för með sér. Samkvæmt lögunum, sem nú gilda og sett voru að tillögu ríkisstjórnarinnar í vetur, getur fráfall maka haft það í för með sér að ekkja eða ekkill þarf að greiða af sömu eign meira en tvisvar sinnum hærri eignarskatt en gert var fyrir andlát makans.

Ákvæðið um 2,7% eignarskatt af sjö millj. kr. eignarskattsstofni veldur því að fjöldi ekkna og ekkla, sem lenti neðar í skattstiganum áður, meðan eignin skiptist milli hjóna, þarf nú allt í einu að greiða af eignarskattsstofni sínum tvöföldum, t.d. ef viðkomandi situr í óskiptu búi. Þar við bætist hækkun á eignarskattsstofni um 2,5 millj. kr., en það er sú upphæð sem er eignarskattsfrjáls hjá hverjum greiðanda. Þessi frádráttur sem var tvöfaldur fyrir hjón verður nú allt í einu einfaldur og veldur því skyndihækkun skatts af sömu eign. Flutningsmenn telja brýnt að leiðrétta þetta.

Nd. 805. Frumvarp til laga [445. mál]

um Starfslaunasjóð leikhúslistafólks.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Starfslaunasjóður leikhúslistafólks. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og eflingu íslenskrar leiklistar með því að gera leikhúslistafólki kleift að helga sig eingöngu rannsóknum, skriftum og öðru því sem lýtur að undirbúningi leiksýninga áður en til uppsetningar kemur, hvort heldur er einum sér eða í samvinnu við aðra. Stofnfé sjóðsins skal vera 15 meðalárslaun lektors við Háskóla Íslands og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt á fjárlögum fyrir árið 1990. Í fjárlögum hvert ár skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri upphæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum háskólakennara.

3. gr.

Starfslaunin skulu vera minnst til eins árs en mest til þriggja ára.

4. gr.

Þeir einir eiga rétt á starfslaunum sem eru fullgildir félagar í Félagi íslenskra leikara eða Félagi leikstjóra á Íslandi og hafa unnið við fimm leiksýningar í viðurkenndu leikhúsi.

Undantekningar frá skilyrðum fyrri málsgreinar má þó gera ef um er að ræða fullgildan félaga í Bandalagi íslenskra listamanna og hann sækir um starfslaun í samvinnu við þann sem rétt á til þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Sá sem hlýtur starfslaun skal ekki gegna föstu starfi á meðan hann nýtur þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Starfslaunasjóðs leikhúslistafólks. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikara og Félags leikstjóra á Íslandi.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi og Bandalag íslenskra listamanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1975 var með lögum frá Alþingi stofnaður launasjóður rithöfunda. Árið 1987 var stofnaður vísir að starfslaunasjóði myndlistarmanna samkvæmt lögum um listmunauppboð o.fl. og fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um tónskáldasjóð. Þróunin er greinilega sú að sérgreina sjóði fyrir hverja stétt listamanna og því eðlilegt að stofnaður verði starfslaunasjóður leikhúslistafólks.

Oftar en ekki skiptir sköpum um hvernig til tekst við uppsetningu sýningar og árangur hvernig undirbúningi og forvinnu hefur verið háttað. Það stendur þróun íslenskrar leiklistar stórlega fyrir þrifum hve lítill tími gefst til rannsókna, skrifta og tilraunastarfsemi ýmiss konar áður en til þess kemur að ýta sýningu úr vör. Þessi vinna er oftar en ekki unnin í stopulum frístundum, en er nauðsynleg til að íslensk leikhús staðni ekki í einhvers konar endurtekningar- og eftiröpunarstíl. Íslensk nýsköpun er forsenda þess að íslensk leiklist nái að dafna og þjóna því hlutverki í íslenskri menningu sem henni ber.

Í Félagi íslenskra leikara eru nú 285 félagar. Innan vébanda þess eru leikarar, söngvarar, dansarar og leikmynda- og búningahönnuðir. Af þessum 285 félögum eru 73 fastráðnir við leiklistarstofnanir. Álíka fjöldi er lausráðinn við þessar sömu stofnanir í eitt eða fleiri verkefni. Í Félagi leikstjóra á Íslandi eru 68, þar af eru 2 fastráðnir sem leikstjórar.

Af ofangreindu má sjá að gífurlegt atvinnu- og öryggisleysi er hlutskipti mjög margra. Flestir hafa að baki langt nám og benda má á að kostnaður hins opinbera við menntun hvers einstaklings í leiklistarnámi er mjög mikill. Það er því eftirsjá í því að svo margir lendi utan garðs og fái e.t.v. aldrei tækifæri eða aðstöðu til að nýta menntun sína og krafta í þágu leiklistar.

Þeir sem starfa innan stofnana, fastráðnir eða lausráðnir, fá litlu sem engu ráðið um eigið starf og verkefni því að val verkefna og listamanna til að vinna þau eru á fárra hendi.

Sjóður eins og hér um ræðir mundi auðvelda nokkrum einstaklingum á ári að einbeita sér að verkefnum sem þeir gætu ekki sinnt ella, rannsóknum, skriftum, leikgerðum, formleit, tilraunum o.s.frv. Árangurinn yrði væntanlega betri og lífvænlegri leiklist og hæfari einstaklingar.

Nd. 806. Frumvarp til laga [446. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Benedikt Bogason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

2. tölul. 19. gr. laganna orðast svo:

Tollvarða og áhafna varðskipa og þeirra sem heyra undir lög nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 5. júlí 1986 var undirritaður nýr kjarasamningur Landssambands lögreglumanna, LL, og fjármálaráðherra. Samið var um nokkra leiðréttingu á launum lögreglumanna. Í sérstakri bókun var um það samið að verkfallsréttur lögreglumanna yrði afnuminn en staða þeirra fest með kauptryggingu sem miðuð væri við kjör fjögurra tilgreindra starfshópa. *Hagstofunni skyldi falið að reikna út þann samanburð á sex mánaða fresti.* (Sjá fskj. I.)

Aðdragandi samnings um afnám verkfallsréttar lögreglumanna.

Ný samningsréttarlög opinberra starfsmanna voru í deiglunni. Fram að þeim tíma hafði verkfallsréttur opinberra starfsmanna verið í höndum heildarsamtakanna, BSRB. Nú lá fyrir að sá réttur færðist úr höndum BSRB til hinna einstöku félaga. Sýnt var að þau félög, sem höfðu óskoraðan verkfallsrétt, mundu styrkjast sem einingar. Heilsugæslu- og öryggisstéttir höfðu búið við mjög takmarkaðan verkfallsrétt og ekki voru talin líkindi til að réttur þeirra yrði rýmkaður í væntanlegum lögum. Flest benti þá til þess að verkfallsréttur lögreglumanna yrði afnuminn með öllu. Verkfallsréttur þeirra var á þann veg að heildarsamtökunum gæti reynst hann notadrjúgur ef til átaka kæmi. Hins vegar var varla talið að óbreyttur réttur yrði öflugt baráttutæki þegar lögreglumenn væru orðnir einir á báti og því skynsamlegt að reyna að finna aðra leið sem tryggði stéttinni eðlileg kjör. Kom þá til álita að skipta á verkfallsrétti og kauptryggingu. Hlaut sú hugmynd talsvert fylgi meðal lögreglumanna enda margir á þeirri skoðun að skyldur þeirra við ríkisstjórnina, og þá ekki síður við borgarana, væru svo miklar að „alvöruverkfall“ væri nánast óhugsandi.

Niðurstaðan varð því sú að skipt var á verkfallsrétti og kauptryggingu. Samningurinn var staðfestur með naumum meiri hluta í allsherjaratkvæðagreiðslu innan stéttarinnar.

Framkvæmd samningsins.

Þann 27. febrúar 1987 var gengið frá viðbótarsamkomulagi um samningsréttarmálin milli fjármálaráðuneytis og LL (fskj. II). Í því fólust aðallega skýrari vinnureglur varðandi

framkvæmd samnings frá því í júlí 1986. Lögreglumenn kröfðust þess að réttum aðila, þ.e. Hagstofunni, yrði tafarlaust falið að reikna út upphæð kauptryggingar. Slíkur útreikningur hefði ekki verið gerður þrátt fyrir skýr ákvæði þar um í bókun í júlí 1986. Báru ráðuneytismenn ýmsum vandkvæðum við og var nú undirritað í annað sinn að útreikningur um upphæð kauptryggingar skyldi falinn Hagstofu Íslands tvisvar á ári. Lögreglumenn skyldu 1. janúar og 1. júlí ár hvert fá launahækkun samkvæmt meðalhækkun viðmiðunarhópa.

Opinberir starfsmenn gerðu nýja kjarasamninga á vordögum 1987. Samningur við LL var undirritaður 22. maí 1987. Í þeim samningaviðræðum kvörtuðu lögreglumenn undan vanefndum á ýmsum atriðum fyrri samnings. Bar þar einna hæst að útreikningur kauptryggingar hefði ekki enn farið fram. Fjármálaráðuneytið lagði þá fram „upplýsingar“ um kauptryggingu. Þar kom fram að lögreglumenn ættu inni 1,25% kauphækkun. Lögreglumenn kröfðust þess að Hagstofa Íslands annaðist útreikninga eins og um hefði verið samið. Var enn gert samkomulag um framkvæmd samnings og undirritað *í þriðja sinn* að Hagstofa Íslands skyldi annast útreikninga (fskj. III).

Niðurstaða.

Næsta hálfa árið gekk hvorki né rak í framkvæmd samningsins þrátt fyrir bréfaskriftir og fundahöld. Var þá lögmanni LL falið að leita til dómstóla. Í nóvember 1987 kærði hann vanefndir á kauptryggingarákvæði til Félagsdóms og var málið þingfest 15. desember 1987. Ríkislögmaður óskaði eftir dómsátt og féllst lögmaður LL á það. Var sáttin frágengin 17. desember 1987 (fskj. IV). Ríkið fékk frest til gagnaöflunar til 20. janúar 1988. Með bréfi til Hagstofunnar, dags. 19. janúar 1988, fór félagsmálaráðuneytið loks fram á að umræddir útreikningar færu fram. Engin gögn voru send með því bréfi.

Dómsmálaráðherra hlutaðist til um málið með bréfi til Hagstofunnar, dags. 14. febrúar 1988. Hagstofan bað fjármálaráðuneytið þá um gögn og upplýsingar málinu viðkomandi með bréfi, dags. 12. febrúar 1988. Hinn 25. febrúar 1988 liggja útreikningar kauptryggingar fyrir í fyrsta sinn, tæpum tveimur árum eftir undirskrift samnings. En jafnframt lýsti Hagstofan því yfir að samningar um að hún annaðist slíka útreikninga hefðu farið fram án samráðs við hana og ekki sé æskilegt að henni sé falið slíkt hlutverk (fskj. V.)

Í samningum frá 1986 eru skýr ákvæði um ótvíræða möguleika til endurskoðunar LL á kauptryggingarútreikningum. Tæpum tveimur árum eftir undirritun samnings hafa LL ekki borist nein gögn til endurskoðunar.

Landssamband lögreglumanna telur að öll samningsréttarákvæði í kjarasamningum frá 1986 séu brostin. Óskar sambandið eftir að samningum verði rift, ákvæðin um kauptryggingu verði úr gildi felld og að lögreglumenn fái verkfallsrétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni verður sú breyting á lögum nr. 94/1986 að um kjarasamninga lögreglumanna gilda sömu lagaákvæði og um aðra þá sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er gert ráð fyrir að birt verði skrá yfir þá lögreglumenn sem sinna þurfa nauðsynlegustu löggæslu þótt verkfall sé hafið, eins og kveðið er á um í síðari málsgrein 19. gr. laganna.

Fylgiskjal I.

Úr kjarasamningi LL og fjármálaráðherra 1986:

Bókun um samningsréttarmál.

Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi að í lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins.

Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því er varðar sérkjarasamninga lögreglumanna:

„Náist ekki samkomulag um sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna getur hvor aðili sem er í stað þess að vísa málinu til kjaranefndar krafist kjarabreytinga, sem samsvari því sem á vantar að lögreglumenn fái þá meðalhækkun sem eftirtaldir aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings Landssambands lögreglumanna:

1. BSRB.
2. BHMR.
3. Samband íslenskra bankamanna.
4. Bandalag kennarafélaga.

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar launabreytingar á sex mánaða fresti, talið frá júlí 1986."

(Undirskriftir.)

1. Fylgiskjal með bókun um samningsréttarmál.

Í tilefni af ósk yðar um staðfestingu á skilningi fjármálaráðuneytisins á tilteknu atriði í bókun um samningsréttarmál, sem fylgir sérkjarasamningi félagsins, skal eftirfarandi tekið fram:

Komi til þess, sbr. bókunina, að mat Hagstofu Íslands á launabreytingum ráði kjarabreytingum hjá Landssambandi lögreglumanna skal annars vegar miðað við launakjör þeirra stéttarsamtaka sem tilgreind eru í bókuninni eins og þau eru í júlí 1986 samkvæmt þeim samningum þeirra sem þá gilda og hins vegar við sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna eins og hann er þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda, þ.e. að meðtöldum þeim hækkunum sem gilda frá 1. september 1986.

2. Fylgiskjal með bókun um samningsréttarmál.
(21. júlí 1986.)

Enn fremur skal staðfest að fjármálaráðuneytið lítur svo á að með bókuninni sé réttur Landssambands lögreglumanna til að gera sérkjarasamning í engu skertur og að það geti þrátt fyrir bókunina verið aðili að aðalkjarasamningi með sama hætti og verið hefur.

Enn fremur er fjármálaráðuneytið reiðubúið til að vinna að því með Landssambandinu að finna annað verklag til að tryggja stöðu lögreglumanna í stað þeirrar viðmiðunar sem í bókuninni er.

I.H.Þ.

3. Fylgiskjal með bókun um samningsréttarmál.

Samkvæmt beiðni Landssambands lögreglumanna skal eftirfarandi upplýst varðandi túlkun fjármálaráðuneytisins á 2. tölul. bókunar um samningamál lögreglumanna frá 18. júlí sl.

Fjármálaráðuneytið hefur ætíð litið þannig á að með orðinu meðalhækkun í greindri bókun sé átt við hvers konar kjarabætur sem unnt er að meta til fjár (launahækkana) eða annarra hlunninda, t.d. í formi lengds orlofs, styttri vinnutíma, álagsgreiðslna, starfsaldurshækkana o.s.frv.

Ráðuneytið mun að sjálfsögðu láta Hagstofu Íslands og Landssambandi lögreglumanna í té öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að meta þær meðaltalskjarabætur sem kunna að verða hjá viðmiðunarhópunum.

Loks ítrekar ráðuneytið að það er reiðubúið til frekari viðræðna um nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

F.h.r.
Guðmundur Björnsson.

Fylgiskjal II.

Samkomulag milli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðuneytis.

1. gr.

Landssamband lögreglumanna gerir kjarasamning við fjármálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986.

2. gr.

Hagstofa Íslands meti breytingar á starfskjörum opinberra starfsmanna, þ.e. þeirra sem taka laun eftir kjarasamningum núverandi aðildarfélaga BSRB, BHMR, BK, svo og Sambandi ísl. bankamanna. Upplýsingar þessar skulu miðaðar við 1. janúar og 1. júlí ár hvert og breytingar á hverju slíku tímabili. Geti Hagstofa Íslands ekki metið einstaka kjarabreytingar hjá viðmiðunarhópunum skal upplýsingum um þau atriði komið til samningsaðila. Mat Hagstofu Íslands skal liggja fyrir innan 30 daga frá ofangreindum dagsetningum.

Lögreglumenn skulu 1. janúar og 1. júlí fá launahækkun samsvarandi meðalhækkun viðmiðunarhópanna síðasta viðmiðunartímabil.

Þrátt fyrir að Hagstofa Íslands vísi mati á einstökum kjarabreytingum hjá viðmiðunarhópunum til úrlausnar hjá samningsaðilum skulu lögreglumenn strax fá þær launahækkanir sem kjarabreytingar á viðmiðunartímabilinu gefa tilefni til.

3. gr.

Mat skv. 2. gr. skal m.a. taka til:

a. Breytinga á launatöxtum.
b. Breytinga á röðun í launaflokka.
c. Breytinga á einstökum kjaraatriðum, svo sem vinnutíma, orlofi, álagsgreiðslum, bótarétti, yfirvinnugreiðslum, hvíldartíma, fæðisfé og öllu öðru sem talist getur til launa og/eða starfskjara hverju nafni sem nefnast.
d. Við samanburð kjara skal tekið sérstakt tillit til áhrifa af breyttri samsetningu starfsaldurs.

4. gr.

Við samanburð kjara Landssambands lögreglumanna og viðmiðunarhópa skv. 3. gr. skal í upphafi miðað við laun samkvæmt kjarasamningi Landssambands lögreglumanna á árinu 1986 eins og þau voru þegar þeir voru að fullu komnir til framkvæmda annars vegar og kjör viðmiðunarhópanna eins og þau voru 1. júlí 1986.

5. gr.

Þriðja hvert ár, í fyrsta skipti í júlí 1988, skal fimm manna nefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila og einum tilnefndum af sáttasemjara ríkisins, taka til athugunar hvort samningur þessi hafi skilað þeim árangri sem til var ætlast og hvort félagar í Landssambandi lögreglumanna hafi haldið kjaralegri og faglegri stöðu sinni til jafns við aðrar stéttir. Verði það álit meiri hluta nefndarinnar að hallað hafi á félaga í Landssambandi lögreglumanna skal það að fullu bætt frá þeim tíma sem misvísunin varð.

Aðilar geta skipað í nefndina með öðrum hætti en að ofan greinir náist samkomulag um það.

6. gr.

Takist ekki samningar milli fjármálaráðuneytis og lögreglumanna, sbr. 1. gr., getur hvor aðili um sig skotið málinu til gerðardóms þegar 45 dagar eru liðnir frá því samningar voru lausir.

Kjaraatriðum, sem Hagstofa Íslands treystir sér ekki til að meta og samkomulag næst ekki um milli samningsaðila, má vísa til gerðardóms til úrlausnar.

7. gr.

Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum sem tilnefndir eru af Landssambandi lögreglumanna, fjármálaráðuneyti og sáttasemjara ríkisins og skal hann vera formaður dómsins.

Dóminn má skipa með öðrum hætti náist um það samkomulag milli samningsaðila.

Dómurinn skal skila úrskurði eigi síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hans.

Úrskurður skal gilda til loka yfirstandandi viðmiðunartímabils nema aðilar verði sammála um önnur tímamörk.

Reykjavík, 27. febr. 1987.

Indriði H. Þorláksson. *Einar Bjarnason.* *Guðmundur Björnsson.*

Eggert H. Bjarnason. *Geir H. Haarde.* *Jóhannes Jónsson.*

Þorsteinn Gunnarsson. *Jón Guðmundsson.*

Fylgiskjal III.

Landssamband lögreglumanna:

Samkomulag um framkvæmd á samningi frá 27. febrúar 1987.

1.

Aðilar eru sammála um að útreikningar þeir sem þegar hafa verið gerðir á breytingum launa lögreglumanna og viðmiðunarhópa þeirra, sbr. samninginn, gefi tilefni til að hækka launatöflu LL um 1,25% frá 1. janúar 1987. Tekur sú breyting til launatöflu þeirrar sem gilti fyrir janúar 1987 og þeirrar launatöflu sem tekur gildi 1. febrúar 1987 samkvæmt kjarasamningi undirrituðum í dag.

2.

Aðilar munu fyrir 5. júní 1987 semja í samráði við hagstofustjóra nánari reglur um hvernig framkvæma skuli reglulega útreikninga á launabreytingum samkvæmt samningnum þannig að þeir lýsi sem best þeim breytingum sem felast í samningum eða ígildi samninga sem gerðir eru eða koma til framkvæmda á hverju útreikningstímabili. Enn fremur reglur um mat á öðrum atriðum sem samningurinn tekur til eftir því sem unnt er.

3.

Fyrir 15. júní 1987 endurskoði og meti Hagstofa Íslands niðurstöðu skv. 1. tölul.

Reykjavík, 22. maí 1987.

Fyrir fjármálaráðuneytið,
Indriði H. Þorláksson.

Fyrir Landssamband lögreglumanna,
Einar Bjarnason.

Bókun með samkomulagi.

Samkomulag þetta er til bráðabirgða eins og fram kemur í 3. lið þess. LL vekur sérstaka athygli á því að þau 1,25% sem nefnd eru í texta eru, eins og reyndar kemur fram í textanum, byggð á bráðabirgðaútreikningum, en auk þess gera þau ekki ráð fyrir bótum fyrir þann tíma á árinu sem viðmiðunarhóparnir höfðu þessa hækkun en lögreglumenn ekki. Samþykkt þessa samkomulags byggist á því að endurskoðun Hagstofu Íslands muni einnig taka til þeirrar leiðréttingar sem hér er undanskilin.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssamband lögreglumanna hins vegar gera með sér svofellda

Dómsátt

Fjármálaráðuneytið mun fara þess á leit við Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. janúar 1988 að hún meti breytingar á starfskjörum opinberra starfsmanna sem taka laun eftir kjarasamningum aðildarfélaga BSRB (án Landssambands lögreglumanna), BHMR, BK og SÍB. Þessar breytingar verði metnar fyrir þrjú tímabil: 1. Frá 1. júlí 1986 til 31. desember 1986. 2. Frá 1. janúar 1987 til 30. júní 1987. 3. Frá 1. júlí 1987 til 31. desember 1987. Fundin verður út meðalbreyting kjara þessara heildarsamtaka hvers um sig á umræddum tímabilum. Síðan verði fundin út meðalbreyting kjara þessara samtaka í heild og vægi hvers hóps í því meðaltali miðað við félagsmannafjölda. Loks verði fundnar út með sama hætti breytingar á starfskjörum lögreglumanna miðað við ofangreind tímabil.

Matið verði unnið í samræmi við bókanir aðila frá 18. júlí 1986, dómskjal nr. 2 og fylgiskjöl með bókuninni á dómskjali nr. 3, samning frá 27. febr. 1987, dómskjal nr. 4 og bókun frá 22. maí 1987, dómskjal nr. 5.

Aðilar munu semja drög að bréfi til Hagstofu Íslands. Bréf þetta skal sent eigi síðar en 20. janúar 1988, sbr. að ofan, ásamt fylgigögnum. Hvor aðili skal eiga rétt á að láta erindinu fylgja hver þau gögn, kjarasamninga og aðrar upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir matið.

Geti Hagstofa Íslands ekki metið einstakar kjarabreytingar hjá viðmiðunarhópunum skal upplýsingum um þau efni komið til málsaðila.

Fjármálaráðuneytið mun sérstaklega óska eftir því að mat Hagstofu Íslands liggi fyrir innan 30 daga frá því að erindi málsaðila berst Hagstofunni.

Málskostnaður í þessu máli fellur niður.

F.h. fjármálaráðherra,
(Undirskriftir.)

F.h. Landssambands lögreglumanna,
(Undirskriftir.)

Fylgiskjal V.

Af hálfu Hagstofunnar skal það ítrekað að þær niðurstöður sem hér hafa verið settar fram hljóta ævinlega að vera umdeilanlegar og háðar ýmiss konar fyrirvörum. Auk þess skal á það bent að samningar aðila um hlutverk Hagstofunnar í launaákvörðunum þeirra hafa verið gerðir án samráðs við hana. Þótt Hagstofan hafi nú orðið við óskum aðila um mat á launabreytingum er það alla jafna ekki æskilegt, með hliðsjón af þeirri óhlutdrægnisstöðu sem henni er nauðsynleg, að hún gegni hlutverki einhvers konar kjaradóms eða takist á hendur launaúrskurði af því tagi sem hér um ræðir.

25. febrúar 1988.
Hallgrímur Snorrason
hagstofustjóri.

Sþ. 807. Tillaga til þingsályktunar [447. mál]

um kennslu í þjóðháttafræðum við Héraðsskólann í Skógum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jón Helgason, Guðni Ágústsson, Þorsteinn Pálsson, Eggert Haukdal, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að komið verði á reglubundinni kennslu í þjóðháttafræðum við Héraðsskólann í Skógum.

Greinargerð.

Þjóðháttafræði voru tekin upp sem námsgrein í framhaldsdeild Skógaskóla sl. haust samkvæmt heimild menntamálaráðuneytisins. Kennari var ráðinn í hálft starf. Notaði kennarinn tímann til jóla til að undirbúa námsefni og kennsluáætlun, bæði fræðilega og verklega, í tengslum við safnið í Skógum.

Áætlað er að halda þessu áfram næsta haust og taka þá líka þjóðháttafræði upp sem valgrein í 9. bekk skólans. Þá er ákveðið að halda í sumar eða haust námskeið í Skógum fyrir starfandi safnverði og fleiri aðila tengda byggðasöfnum.

Rætt er um að í Skógum megi síðar halda önnur námskeið í þjóðháttafræðum fyrir aðkomuhópa úr ýmsum skólum og reka þá starfsemi með skólabúðasniði.

Aðstaðan í Skógum, en þar er ágætt byggðasafn, býður upp á mikla möguleika á þessu sviði. Þar er líka gott rými í heimavist og mötuneyti.

Reynslan, sem fengist hefur af þessu starfi í vetur, lofar góðu og full ástæða er til þess að halda kennslu í þjóðháttafræðum áfram. Því er tillaga þessi flutt um að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að þessu starfi verði haldið áfram, það fest í sessi og heimild veitt til að vinna að áframhaldandi skipulagningu og þróun kennslunnar.

Sþ. 808. Fyrirspurn [448. mál]

til iðnaðarráðherra um sykurverksmiðju.

Frá Jóni Helgasyni.

1. Hvað hefur iðnaðarráðuneytið gert til að undirbúa byggingu sykurverksmiðju í Hveragerði síðan iðnaðarráðherra flutti frumvarp um það mál á Alþingi árið 1982?
2. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir í ráðuneytinu um framhald þess máls?

Sþ. 809. Fyrirspurn [449. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslu og sölu laxaseiða frá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvaðan og af hvaða stofni eru hrogn sem Laxeldisstöðin í Kollafirði hefur notað til klaks? Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.
2. Hver hefur framleiðsla seiða verið ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag?
3. Hvernig hefur seiðunum verið ráðstafað:
   a. til hafbeitar í Kollafirði,

b. til fiskeldisstöðva, hvaða stöðva og hve mikið til hverrar,
c. til sleppinga í ár, í hvaða ár og hve mikið í hverja?
Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 810. Fyrirspurn [450. mál]

til landbúnaðarráðherra um skyldleika allra íslenskra laxastofna.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hefur landbúnaðarráðuneytið eða Veiðimálastofnun látið fara fram, eða ráðgerir, vísindalegar rannsóknir á erfðafræðilegum mismun laxastofna í íslenskum ám?
2. Telja sérfræðingar landbúnaðarráðuneytis og Veiðimálastofnunar að erfðafræðilegur munur sé á íslenskum eldislaxi og íslenskum villtum laxastofnum?
3. Hvernig verður fylgst með hvort breytingar verða á erfðasamsetningu laxa í ám sem eldislax gengur í?

Sþ. 811. Fyrirspurn [451. mál]

til landbúnaðarráðherra um fiskeldisfyrirtæki.

Frá Agli Jónssyni og Halldóri Blöndal.

1. Hversu mörg fiskeldisfyrirtæki eru starfandi í landinu?
2. Njóta þau öll viðskipta í bönkum að því er varðar afurða- eða rekstrarlán?
3. Ef svo er ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin leysa rekstrarvanda þeirra fiskeldisfyrirtækja sem ekki njóta slíkra viðskipta?

Sþ. 812. Fyrirspurn [452. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvenær má vænta þess að lokið verði heildarendurskoðun laga um almannatryggingar?

Sþ. 813. Fyrirspurn [453. mál]

til samgönguráðherra um skip milli lands og Vestmannaeyja.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað líður athugun á kaupum á nýju skipi til ferða milli Vestmannaeyja og lands í stað Herjólfs?

Ed. 814. Frumvarp til laga [454. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

4. málsl. fyrri mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið hefur heimilað og mun heimila.

2. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.

b. 5. mgr. orðist svo:

Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

a. Síðari málsliður greinarinnar falli brott.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Nefndin skipuleggur samstarf framhaldsskóla og fjallar hún m.a. um verkaskiptingu, samvinnu um fagstjórn svo og önnur mál sem snerta samstarf skóla. Menntamálaráðherra getur skipt nefndinni í hópa til að fjalla um samstarf, verkaskiptingu og skipulag skóla í einstökum landshlutum eða um einstaka málaflokka.

Heimilt er menntamálaráðherra að skipta landinu í framhaldsskólasvæði að höfðu samráði við viðkomandi skólanefndir og skólastjórnir. Reglugerð samkvæmt þessari grein skal sett að höfðu samráði við sömu aðila.

Nánar skal kveðið á um verksvið og starfshætti samstarfsnefndar í reglugerð.

4. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn.

Tveir skólar eða fleiri í sama kjördæmi eða landshluta geta sameinast um eina skólanefnd.

5. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. orðist svo:

Skólastjórn skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra starfi þeir við skólann.

b. Í stað orðsins „skólaráðs“ í 3. mgr. komi: skólastjórnar.

6. gr.

a. 11. gr. laganna verði 10. gr. og orðist svo:

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun, um námsskipan, kennsluhætti og aðra starfsemi. Nánar skal ákvarðað um verksvið þeirra í reglugerð.

b. 10. gr. verði 11. gr.

7. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Menntamálaráðherra skipar kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara hlutaðeigandi skóla.

Skólameistari ræður að fengum tillögum skólanefndar kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði. Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal undanþágunefnd framhaldsskóla senda beiðni um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 48 1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, um að lausráða hann til bráðabirgða enda sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi.

Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Leggja skal þá ákvörðun fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

8. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað síðari málsliðar fyrri mgr. komi: Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

b. Síðari mgr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum, kennurum, námsráðgjöfum og skólasafnvörðum erindisbréf.

9. gr.

Síðari málsliður fyrri mgr. og 2. málsl. síðari mgr. 16. gr. laganna falli brott.

10. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar þar sem m.a. skal tilgreint hvaða kennslugreinar skuli teljast verknám og sérnám. Þá skulu settar viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir önnur störf en kennslu er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara.

11. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið getur heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstilhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntamálaráðuneytið ákveður.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsdeilda. Skal við það miðað að framlag á nemanda verði sem næst jafnhátt framlagi til þess skóla er hefur faglega stjórn námsins á hendi.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um lágmarksfjölda nemenda og önnur grundvallarskilyrði um stofnun framhaldsdeilda.

12. gr.

Í 41. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

5. gr. laga nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að heimild til að reka framhaldsdeildir við grunnskóla taki bæði ótvírætt til þeirra deilda sem heimilaðar hafa verið og þeirra sem munu verða heimilaðar.

Um 2. gr.

Í lögunum er ákvæðið um að ríkið greiði allan stofnkostnað við byggingu heimavistar ekki nógu ótvírætt. Þess vegna þótti rétt að hafa skýr ákvæði um þetta og var ákveðið að skerpa á texta enn frekar.

Ákvæði b-liðar heimila ríkissjóði með samþykki Alþingis að greiða hærra hlutfall stofnkostnaðar er í hlut eiga fámenn og févana byggðarlög, en ekki er gert ráð fyrir að slík undanþáguákvæði geti tekið til hinna stærstu og öflugustu sveitarfélaga.

Um 3. gr.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til á 6. gr. laganna, er kveðið nánar á um hlutverk samstarfsnefndar framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að nefndin skipuleggi samstarf framhaldsskóla og fjalli um ýmisleg sameiginleg málefni þeirra.

Þá er einnig gert ráð fyrir að menntamálaráðherra geti skipt nefndinni í hópa til að fjalla um samstarf, verkaskiptingu og skipulag skóla í einstökum landshlutum og einstökum málaflokkum sem tengjast þeim.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir breyttri skipan skólanefndar. Breytingin felur í sér að skólanefndin tengist skólanum nánar en nú er í lögunum.

Fjölgað er nefndarmönnum úr fimm í sjö. Inn í skólanefndir koma tveir fulltrúar starfsmanna skólans, nemandi og þrír fulltrúar sveitarfélags eða sveitarfélaga, sem að skólanum standa, og einn fulltrúi skipaður af ráðherra.

Sú breyting er einnig gerð að menntamálaráðherra skipar ekki formann nefndarinnar heldur velur nefndin sér formann til tveggja ára í senn. Þetta eykur á lýðræðislegan hátt sjálfstæði skólans. Þá er það einnig nýmæli að nú er gert ráð fyrir að tveir eða fleiri skólar í sama kjördæmi geti sameinast um eina skólanefnd sem stuðlað gæti að nánara samstarfi skóla en verið hefur.

Um 5. gr.

Sú breyting, sem hér er gerð, er að í stað skólaráðs komi skólastjórn og inn í hana komi áfangastjóri, starfi hann við skólann, til viðbótar þeim sem voru í skólaráði. Með þessari breytingu er lögð aukin áhersla á samvirka stjórn skólans.

Um 6. gr.

Ástæða þótti til að kveða nánar á í lögum um hlutdeild almenns kennarafundar í skólastarfi, stefnumörkun skólans og um námsskipan. Þá er einnig kveðið á um að í reglugerð verði verksvið þeirra ákvarðað nánar, en ekki settar um það reglur af menntamálaráðuneytinu eins og áður var.

Um 7. gr.

Þær breytingar eru gerðar við greinina að skólanefnd ræður kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði og felld er niður setning þessara starfsmanna eins og verið hefur til þessa. Hins vegar gengur menntamálaráðherra frá skipun þeirra þegar um það er að ræða. Þá er gert ráð fyrir að skólameistari einn ráði stundakennara og aðra starfsmenn. Einnig ræður skólameistari aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra að höfðu samráði við skólanefnd.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem hér er gerð, er að bætt er við ákvæði þess efnis að setja skuli í reglugerð ákvæði um menntun námsráðgjafa og skólasafnvarða og þeim skuli sett erindisbréf.

Um 9. gr.

Hér eru felld niður þau ákvæði sem eru í lagagreininni að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt námskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Þetta þótti vera í ósamræmi við ákvæði greinarinnar um að allir ættu rétt á að hefja nám í framhaldsskóla sem lokið hefðu grunnskólanámi. Þótti því sjálfsagt að fella þetta niður.

Enn fremur er fellt niður ákvæðið um heimild til að setja lágmarkskröfur til inngöngu í ákveðna námsáfanga. Það þótti ekki heldur í samræmi við rétt nemenda til náms og skólinn yrði að gefa nemendum kost á námi við hæfi hvers og eins eftir því sem tök eru á og námsráðgjöf ætti að beita fremur en að setja hömlur.

Um 10. gr.

Meginatriði 32. og 34. gr. gildandi laga eru hér sameinuð í eina grein. Brott eru felld ákvæði þess efnis að framlög á hvern nemanda skuli vera sem næst jafnhá hvar sem er á landinu og að framlagið skuli ákveða sem tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega. Rekstur framhaldsskólans er svo margvíslegur hvað varðar nemendafjölda, húsnæði, samsetningu náms og allar ytri aðstæður að jafnaðarframlag, eins og miðað hafði verið við, mundi koma afar illa niður á sumum skólum og valda stórfelldri röskun á skólstarfi.

Þá er sett inn ákvæði þess efnis að gerður skuli samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra.

Með þessari breytingu er að því stefnt að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð og að vaxandi hluti fjárveitinga verði greiddur beint til þeirra, eftir því sem aðstæður leyfa.

Í upphafi er stefnt að því að rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, verði greitt hverjum skóla fyrir fram. Loks er í greininni gert ráð fyrir að settar verði nýjar viðmiðunarreglur um kennslu og önnur störf.

Um 11. gr.

Meginefni 34. gr. laganna, sem hér er fellt brott, er tekið upp í 32. gr. og sameinað ákvæðum hennar.

Ný 34. gr. fjallar um starfrækslu framhaldsdeilda við grunnskóla og er helsta nýmælið í henni að ákveðið er að framhaldsdeildir skuli vera undir faglegri stjórn framhaldsskóla til þess að tryggja samræmingu á námsframboði og samstarf milli nálægra skóla.

Einnig er gerð sú breyting á rekstri framhaldsdeilda að ríkissjóður greiði rekstrarkostnað þeirra á sama hátt og þess skóla sem falin er fagleg forsjá námsins.

Um 12. gr.

Fellt er úr gildi ákvæði 5. gr. laga um heyrnleysingjaskóla þar sem kveðið er á um að við Heyrnleysingaskólann skuli starfa framhaldsdeild.

Sþ. 815. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að kveðja hið fyrsta saman alþjóðlega ráðstefnu til að ræða um afvopnun á höfunum og undirbúa samningaviðræður með sérstöku tilliti til kjarnorkuafvopnunar á norðurhöfum. Jafnframt verði leitað eftir því við ríki sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland og að aðrar tiltækar ráðstafanir verði gerðar til að bægja frá hættu af geislamengun vegna slysa og óhappa.

Greinargerð.

Eitt brýnasta verkefni á sviði afvopnunarmála er að samningaviðræður hefjist um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar og afvopnun á höfunum. Engar formlegar viðræður eiga sér nú stað um þetta efni og höfin eru þannig orðin eina sviðið sem ekki er fjallað um í afvopnunarviðræðum með þátttöku risaveldanna.

Eftir að Bandaríkin og Sovétríkin gerðu með sér samning um eyðingu skammdrægra og meðaldrægra eldflauga í Evrópu í desember 1987 hefur sú hætta blasað við að stórveldin ykju kjarnorkuvígbúnað í höfunum, ekki síst á norðurslóðum.

Nú er talið að til séu um 14.000 kjarnorkuvopn ætluð til notkunar í sjóhernaði og þeim fjölgar stöðugt. Stór hluti þessara vopna er tengdur kjarnorkuknúnum kafbátum og skipum sem sigla um norðurhöf.

Fjöldi slysa og hættulegra bilana hefur orðið í kjarnorkuherbúnaði á höfunum.

Skemmst er að minnast þess er sovéskur kjarnorkukafbátur fórst í Norður-Íshafinu suðvestur af Bjarnarey 7. apríl sl. og með honum yfir 40 sjóliðar. Það er þriðji sovéski kjarnorkukafbáturinn sem farist hefur frá 1983 að telja og árið 1970 fórst sovéskur kjarnorkukafbátur undan strönd Spánar vegna bilana í kjarnakljúf. Það er sérstök mildi að ekki hefur orðið meiri háttar geislamengun vegna þessara atburða.

Á árunum 1965–1977 er talið að orðið hafi 380 slys og hættuleg atvik sem tengdust kjarnorkuvopnum bandarískra sjóhersins. Helstu orsakir slíkra slysa og bilana eru rakin til mannlegra mistaka og bilana í tækjabúnaði.

Kjarnorkuvígbúnaðurinn á norðurhöfum felur ekki aðeins í sér stórfellda hættu fyrir heimsfriðinn heldur er í honum fólgin sérstök ógnun við efnahag þeirra þjóða sem mest eiga undir nýtingu sjávarauðlinda. Aukin geislavirkni í höfunum vegna bilana í kjarnorkukafbátum og skipum sem knúin eru með kjarnorku getur stofnað fiskistofnum og öðru lífríki hafsins í hættu. Jafnvel þótt aukin geislavirkni mælist ekki í kjölfar slysa getur umtalið eitt nægt til að skaða markaðsstöðu þeirra ríkja sem veiðar stunda í grennd við slysstað.

Íslenskir forsætis- og utanríkisráðherrar hafa lagt á það áherslu í ræðum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna mörg undanfarin ár að afvopnun á höfunum sé sérstakt áhugamál Íslendinga og hafa lýst áhyggjum yfir þróun í gagnstæða átt.

Hættan af geislavirkni í hafinu í kjölfar óhappa er ein út af fyrir sig næg ástæða til þess að Íslendingar hafi frumkvæði að því að reyna að koma af stað samningaviðræðum um afvopnun á höfunum og að dregið verði úr hættu á geislavirkni vegna bilana og leka í kjarnorkukafbátum. Íslendingar hafa þess utan gildar ástæður og góða stöðu til þess að knýja á um slíkar viðræður. Við erum smáþjóð sem engum ógnar og vill friðsamleg samskipti við aðrar þjóðir.

Leiðtogafundurinn í Reykjavík haustið 1986 markaði viss tímamót í sögu afvopnunarmála. Framkvæmd hans tókst vel og því væri vel til fallið að Ísland yrði á ný vettvangur afvopnunarviðræðna sem tengjast höfunum og norðurslóðum sérstaklega.

Í þingsályktunartillögunni er ekki kveðið á um það í einstökum atriðum hvernig standa skuli að undirbúningi alþjóðaráðstefnunnar eða hverjum skuli boðið að sækja hana. Eðlilegt er að ríkisstjórnin og utanríkisráðherra móti um það stefnu í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Sjálfsagt virðist þó að leitað verði m.a. eftir þátttöku þeirra ríkja sem halda úti kjarnorkukafbátum í norðurhöfum, en það eru Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland, einnig að öll Norðurlöndin, Kanada og Írland ættu hlut að ráðstefnunni, svo og Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið. Eðlilegt má og telja að leitað verði eftir stuðningi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna vegna undirbúnings ráðstefnunnar.

Rétt er að ríkisstjórnin í samvinnu við utanríkismálanefnd dragi ramma um verkefni og dagskrá ráðstefnunnar í einstökum atriðum eftir að hugmyndin hefur verið reifuð af utanríkisráðherra við væntanleg þátttökuríki. Meginverkefni ráðstefnunnar yrði augljóslega að fjalla um hætturnar af auknum kjarnorkuvígbúnaði á höfunum, takmörkun slíks vígbúnaðar og undirbúning samningaviðræðna um afvopnun á höfunum með sérstöku tilliti til norðurslóða.

Þá gerir tillagan ráð fyrir að ríkisstjórnin leiti eftir því við kjarnorkuveldin fjögur sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau dragi úr umferð þeirra við Ísland. Þeirri stefnu þarf að vinna fylgi að ekki verði farið inn í íslenska efnahagslögsögu með kjarnavopn og kjarnorkuknúin skip og kafbáta.

Nauðsynlegt er einnig að íslensk stjórnvöld séu við því búin að bregðast við geislamengun sem hlotist gæti m.a. af bilunum, leka eða öðrum óhöppum í kjarnorkuknúnum kafbátum og skipum og vegna kjarnorkuvopna, einnig frá flugvélum.

Í því sambandi er eðlilegt að koma á sem víðtækustu alþjóðlegu samstarfi til að draga með öllum tiltækum ráðum úr vá vegna geislamengunar.

Ed. 816. Frumvarp til laga [456. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr tölulíður er orðist svo:

23. Sérhæfðar vélar og tæki til garðyrkju eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir mikla aukningu í framleiðslu á afurðum frá gróðrarstöðvum stendur sú framleiðslugrein frammi fyrir vanda vegna aukinnar samkeppni frá innfluttri vöru. Má nefna að á árinu 1988 lækkuðu tollar verulega á innfluttu grænmeti, blómum, pottaplöntum og annarri sambærilegri vöru.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að styrkja stöðu búgreinarinnar með því að lækka gjöld af aðföngum og fjárfestingarvörum, jafnframt því að veita garðyrkju sem búgrein sambærilega fyrirgreiðslu og aðrar greinar landbúnaðar njóta.

Sþ. 817. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um endurbætur á flugvellinum á Bakka í Austur-Landeyjum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Þorsteinn Pálsson, Guðni Ágústsson,
Óli Þ. Guðbjartsson, Jón Helgason, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna þörf fyrir endurbætur á flugvellinum á Bakka í Austur-Landeyjum og gera kostnaðaráætlun með tilliti til flugöryggis og flugsamgangna við Vestmannaeyjar.

Greinargerð.

Á Bakka í Austur-Landeyjum er flugvöllur sem upphaflega var gerður af Landgræðslu ríkisins, Vestmannaeyjabæ og Austur-Landeyjahreppi. Upphaflega var völlurinn gerður fyrir áburðarflugvélar Landgræðslunnar og sem vara- og sjúkraflugvöllur fyrir Vestmannaeyjar. Völlurinn er ein austur/vesturbraut, 800 metra löng, og norður/suðurbraut, 300 metra löng. Völlurinn er á sandbornum bakka u.þ.b. 1 km frá sjó og er fær allt árið. Þannig voru 30–40 ferðir farnar milli lands og Vestmannaeyja í janúar og febrúar síðastliðnum.

Eins og áður sagði var þessi völlur upphaflega byggður fyrir flugvélar Landgræðslunnar og einnig notaður fyrir sjúkraflug. Nú hefur umferð hins vegar aukist verulega um flugvöllinn og felst sú viðbót aðallega í farþegaflugi milli lands og Vestmannaeyja.

Til að tryggja betur öryggi þeirra sem um flugvöllinn fara og mæta þeirri aukningu sem orðið hefur í notkun hans þarf að lengja og bæta þær brautir sem fyrir eru. Því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 818. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi.

Flm.: Geir H. Haarde, Halldór Blöndal, Ingi Björn Albertsson,
Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson, Pálmi Jónsson,
Kristinn Pétursson, Einar Kr. Guðfinnsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins að gera forkönnun á mögulegri staðsetningu og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Íslandi.

Greinargerð.

Hinn 20. febrúar sl. urðu langar umræður utan dagskrár í sameinuðu Alþingi um hugsanlegan alþjóðlegan varaflugvöll á Íslandi sem reistur yrði á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins.

Áður hafði utanríkisráðherra skýrt opinberlega frá bréfi Manfreds Wörner, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, er honum barst 10. febrúar varðandi þetta mannvirki. Í bréfinu kemur m.a. fram að „flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum“.

Fyrir liggur að ekkert verður aðhafst í máli þessu, hvorki af hálfu íslenskra stjórnvalda né Atlantshafsbandalagsins, fyrr en að lokinni forkönnun, „feasibility study", Mannvirkjasjóðsins, en sjóðurinn hefur samþykkt fjárveitingu til slíkrar könnunar á mögulegri staðsetningu og gerð varaflugvallar. Sambærileg könnun á mögulegri staðsetningu á Grænlandi mun þegar hafin. Endanleg ákvörðun um byggingu vallarins er að sjálfsögðu ekki á dagskrá fyrr en að fengnum niðurstöðum úr slíkri forkönnun.

Ákvörðun um að heimila umrædda forkönnun er formlega á valdi utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ráðherra hefur hins vegar ekki gefið ákveðin svör um það hvort hann hyggist heimila þessa könnun.

Flutningsmenn telja því rétt með tilliti til aðstæðna og vegna andstöðu við málið innan ríkisstjórnarinnar að vilji Alþingis komi þegar fram í máli þessu. Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að veita utanríkisráðherra ótvírætt umboð Alþingis til að heimila umrædda forkönnun og ganga til þeirra samninga sem henni kunna að vera samfara þannig að tryggt sé að ekki verði óeðlilegar tafir á því að könnunin geti farið fram.

Nd. 819. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og efri deild afgreiddi það.

Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er birt sem fylgiskjöl með þessu áliti.

Alþingi, 3. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Fylgiskjal I.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Umsögn um frumvarpið.
(14. febr. 1989.)

Ráðuneytið sendir hér með umbeðna umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, sbr. bréf yðar dags. 9. febrúar 1989.

Umrætt frumvarp felur ekki í sér veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, og þjónar í aðalatriðum þeim tilgangi að laga lögin að breyttum aðstæðum.

Frumvarpið felur ekki í sér auknar fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð, heldur einungis rýmri heimild námsstyrkjanefndar til úthlutunar styrkja. Styrkfjárhæðir munu eftir sem áður fara eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert (sbr. reglugerð nr. 528/1973).

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.
Guðmundur R. Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Kostnaðarmat.
(22. febr. 1989.)

Ráðuneytið sendir hér með umbeðið kostnaðarmat vegna frumvarps til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, sbr. bréf yðar dags. 9. febrúar 1989 og samtal okkar 21. febrúar. Árlegan kostnað ríkissjóðs vegna 3. gr. frumvarpsins má áætla 130 milljónir króna, miðað við eftirfarandi gefnar forsendur. Á fjárlögum fyrir árið 1989 er varið 50 milljónum króna til jöfnunar á námskostnaði, sem er tvöfalt hærri upphæð en árið áður.

Forsendur til grundvallar kostnaðarmati:

- Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins má áætla að u.þ.b. 2300 framhaldsskólanemar þiggi styrk á hverju ári og að sá fjöldi breytist lítið á næstu árum. Af þessum fjölda dvelja u.þ.b. 700 á heimavistum og njóta því ekki húsnæðisstyrks.
- Samkvæmt upplýsingum þriggja skólamötuneyta: Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans að Laugarvatni og Héraðsskólans í Reykholti, er fæðiskostnaður á nemanda 115.600 kr. að meðaltali fyrir skólaárið 1988/1989. Hlutur launa er áætlaður þriðjungur af heildarfæðiskostnaði á nemanda, þ.e. 38.170 kr. á ári.
- Áætlaður húsnæðiskostnaður er byggður á viðmiðun Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 5.397 kr. á mánuði á verðlagi í janúar 1989. Miðað við níu mánaða skólavist má áætla húsnæðiskostnað þeirra nemenda, sem ekki búa á heimavistum, 48.573 kr. á ári.

Að gefnum þessum forsendum má áætla árlegan kostnað vegna einstakra liða 3. gr. frumvarpsins eftirfarandi, miðað við óbreytt verðlag:

a. Ferðastyrkir: Óbreytt frá fyrra ári eða u.þ.b. 2,5 milljónir króna á ári.
b. Fæðisstyrkir: 2300 nemendur x 38.170 kr. = 87,8 milljónir króna á ári.
c. Húsnæðisstyrkir: 1600 nemendur x 50% af 48.573 kr. = 38,8 milljónir króna á ári.
d. Sérstakir styrkir: Kostnað er ekki hægt að áætla þar sem styrkupphæðir byggjast á fjárveitingu hvers árs.

Kostnaður samtals vegna a-, b- og c-liða er samkvæmt ofantöldu áætlaður 129,1 milljón króna á ári.

F.h.r.
Guðmundur R. Guðmundsson.

Ed. 820. Frumvarp til laga [459. mál]

um stjórn fiskveiða.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Júlíus Sólnes.

1. gr.

Fiskstofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Stjórn fiskveiða skal stuðla að verndun fiskstofnanna, hámarksnýtingu þeirra og hagkvæmum rekstri sjávarútvegs fyrir land og þjóð.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn fiskveiða eftir því sem kveðið er á í lögum þessum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða fyrir 15. nóvember ár hvert með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari grein sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, ef veitt eru skv. 6. gr., miðast við það magn.

Þá er ráðherra heimilt að kveða á í reglugerð um gerð skipa, útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

4. gr.

Hverju fiskiskipi, sem skráningarskylt er, skal ákveðin sóknargeta þannig að metið sé það aflamagn sem skipið hefur burði til að veiða á hverju ári.

Siglingamálastofnun ríkisins skal mæla sóknargetu fiskiskipa. Ráðherra setur reglur um mat á sóknargetu fiskiskipa í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, Landssamband íslenskra útvegsmanna, samtök sjómanna og Fiskifélag Íslands.

Sóknargeta hvers fiskiskips skal tilgreind í aðalskipaskrá með öðrum upplýsingum sem þar er að finna.

Siglingamálastofnun ríkisins skal birta með skipaskrá samanlagða sóknargetu fiskiskipastólsins.

5. gr.

Nú er sóknargeta fiskiskipastólsins meiri en þarf til hámarksnýtingar þess aflamagns sem heimiluð er veiði á, sbr. 3. gr., er þá óheimilt að auka sóknargetuna.

Nú er óheimilt að auka sóknargetuna, sbr. 1. mgr., en skip bætist við fiskiskipastólinn, hvort heldur smíðað eða keypt nýtt eða gamalt til landsins, eða endursmíðað skip svo að sóknargeta þess aukist, og skal útrýma á móti skráningarskyldu skipi í eigu sömu útgerðar, hvort heldur með úreldingu eða sölu úr landi, svo að sóknargeta þess sem kemur verði ekki meiri en sóknargeta þess sem lagt er.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur umsjón með að fullnægt sé fyrirmælum 2. mgr. Ef misbrestur verður þar á er óheimil veiði þess skips sem átti að bæta við fiskiskipastólinn.

6. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að enginn megi stunda veiðar á öðrum tegundum en botnfiski, svo sem rækju, humar, skelfiski, síld og loðnu, nema að fengnum sérstökum leyfum. Við úthlutun leyfanna getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa, einstakra skipa og vinnslustöðva. Getur ráðherra ákveðið skiptingu á hámarksafla milli skipa, m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð, og milli vinnslustöðva, m.a. með hliðsjón af fyrri framleiðslu og afkastagetu.

Við úthlutun leyfa til veiða á úthafsrækju samkvæmt skilgreiningu Hafrannsóknastofnunar getur ráðherra flokkað veiðiskip í sérstaka flokka með hliðsjón af öðrum veiðiheimildum þeirra og fyrri veiðum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Leyfisveitingar til sérveiða skv. 1. mgr. skulu miða að því að ekki sé fleiri skipum veitt veiðileyfi en sem nemur þörf til hagnýtingar leyfilegs aflamagns af hverri tegund sjávardýra skv. 2. mgr. 3. gr. Meðan ekki má auka sóknargetu, sbr. 1. mgr. 5. gr., er skipum, sem leyfi hafa til sérveiða, óheimil veiði botnfisktegunda nema til komi sérstakt veiðileyfi sem takmarka skal við ákveðinn hámarksafla á skip að teknu tilliti til veiðiþols fiskstofna og til hagnýtingar skipsins til sérveiða.

7. gr.

Stofna skal úreldingarsjóð fiskiskipa í því skyni að styrkja útgerðir til að taka af skipaskrá og úrelda skip sem ekki eru lengur hagkvæm til reksturs.

8. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu ókeypis í té og í því formi, sem óskað er eftir, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum fulltrúa tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi framkvæmd laga þessara og reglugerðar settar samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

10. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa, ef til koma, varðar sektum að upphæð 2.000–14.000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, ef til koma, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

13. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, og 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976.

Greinargerð.

Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og hlýtur svo að vera um ófyrirsjáanlega framtíð. Fiskimiðin umhverfis landið eru sú auðlind sem allt veltur á. Þessi fiskimið eru grundvöllur búsetu í landinu og fullveldis þjóðarinnar. Nauðsyn krefur að nýta þessa auðlind af kostgæfni og varúð. Óheft sókn í þessa auðlind leiðir, þegar til lengdar lætur, til ofnýtingar á fiskstofnunum. Það verður að stuðla að verndun fiskstofnanna, hámarksnýtingu þeirra og hagkvæmum rekstri sjávarútvegs fyrir land og þjóð. Til þess að svo megi verða þarf að stjórna fiskveiðum.

Undirrót vandans sem við hefur verið fengist á undanförnum árum er of mikil sóknargeta fiskiskipastólsins. Þessi sóknargeta hefur boðið heim ofnýtingu fiskstofnanna, einkum þorsks. Við þessu er ekki nema tvennt til. Annaðhvort verður að setja hömlur á hagnýtingu fiskiskipanna eða fækka þeim. Gefur auga leið að hagkvæmara er fyrir þjóðarbúið að binda ekki meiri verðmæti í fiskiskipum en nauðsyn krefur til fullnýtingar fiskstofnanna. Hagkvæmara er að fara þá leið að takmarka fjárfestingu við þörfina fremur en að takmarka not þeirrar fjárfestingar sem stofnað er til umfram þarfir.

Með lögum nr. 82 frá 28. desember 1983 urðu þáttaskil í stjórn fiskveiða. Áður hafði sjávarútvegsráðherra vald til þess að ákveða heildarkvóta ef fiskstofn var hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í yfirvofandi hættu. Með lögunum frá 1983 var ráðherra auk þess veitt heimild til að skipta heildarafla milli einstakra skipa og er það sú skipan sem nefnd hefur verið kvótakerfi. Þessi lög voru sett til bráðabirgða í tilraunaskyni og giltu árið 1984. Lögin voru síðan endurnýjuð fyrir árið 1985. Og enn var þessi nýskipan um aflatakmörk á einstök skip framlengd um tvö ár og síðan um þrjú ár og eiga nú samkvæmt þessu að gilda til ársloka 1990.

Tilgangur hinnar nýju skipunar um aflakvóta á skip var yfirlýstur sá að koma mætti við betri stjórn og takmörkunum á fiskveiðum. Reynslan sýnir nú ótvírætt hvaða árangri kvótakerfið hefur skilað.

Í stað þess að minnka sóknargetu fiskiskipastólsins hefur hún stórum aukist þann tíma sem kvótakerfið hefur verið við lýði. Á fylgiskjali I eru upplýsingar frá Siglingamálastofnun ríkisins fyrir tímabilið 1984 til 1988 sem greinir flokkun skipastólsins eftir stærð, breytingum, sem hafa orðið á tímabilinu, og varða fjölda skipa, rúmlestafjölda, nýsmíði, stækkun og endursmíði og úreldingu. Þar kemur í ljós að fiskiskipum hefur samtals fjölgað um 121 skip og

smálestatala aukist um 9879, auk þess sem opnum vélbátum fjölgaði um 162 og smálestatala þeirra jókst um 1725. Þannig hefur fiskiskipastóllinn aukist frá því að kvótakerfið kom til og afkastageta hans langt fram úr því sem aukning smálestatölu bendir til. Það hefur komið í ljós að í kvótakerfinu er innbyggður hvati til að halda á floti hverju fleyi því að hvert haffært skip á sinn útdeilda skammt af afla, hversu óhagkvæmur sem rekstur þess kann að vera, og ekki er svo hrörlegt skip að ekki gagnist til að hljóta úthlutun á veiðiheimild sem hagnýta má sem söluvöru, ef ekki vill betur til.

Þetta hefur leitt til þeirrar öfugþróunar að fiskiskipastóllinn hefur stöðugt orðið vannýttari. Blasir þetta hvarvetna við og kemur t.d. skýrt fram í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1989 þar sem úthaldsdagar togara á sóknarmarki eru ákveðnir 245 á árinu. Og vitað er að togarar á aflahámarki þurfi ekki svo marga daga til að ná sínum leyfilega afla. Hér er orðin mikil breyting til hins verra frá því sem áður var þegar úthaldsdagar togara voru að jafnaði 330 til 360 dagar á ári. Gefur auga leið að þetta ástand er óþolandi fyrir rekstur útgerðarinnar. Og þjóðhagslega er ástandið óviðunandi þegar svo er komið að framleiðslutæki, sem fjárfest hefur verið í, má ekki nota þriðjung úr ári.

Þá hefur aukin stjórn, sem ætlað var að tryggja framkvæmd fiskveiðistefnu til verndar fiskstofnunum, ekki skilað árangri heldur sýnt sig í fullkomnu haldleysi. Á fylgiskjali II er að finna upplýsingar frá Fiskifélagi Íslands um veiði helstu botnfisktegunda. Þar má sjá tillögur sem fiskifræðingar gerðu um veiði hvers árs, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og þá veiði sem raunverulega átti sér stað. Kemur þá í ljós að á kvótatímabilinu hefur stjórnunaraðferðin ekki dugað til að fylgt væri þeim veiðitakmörkunum sem stjórnvöld höfðu ákveðið. Á árunum 1984 til 1988 fór veiði þorsks árlega 54–73 þús. smálestir fram úr því sem stjórnvöld höfðu ákveðið. Þetta segir að veiðin hafi þessi ár farið 17,5% til 29,2% fram yfir það sem ákveðið hafði verið. Hér er um að ræða öll fimm árin sem kvótakerfinu hefur verið beitt.

Þessar upplýsingar segja sína sögu svo að ekki verður um villst. Kvótakerfið er ekki til þess fallið að koma í veg fyrir ofnýtingu fiskstofnanna, hvort heldur er með því að minnka sóknargetuna með fækkun skipa eða veiðitakmörkunum á hvert skip. Það orkar ekki tvímælis að kvótakerfið þjónar ekki þeim tilgangi sem því var ætlað. Heldur þvert á móti. Er þá ekki nema tvennt til, annaðhvort að stíga miðstýringarskrefið til fulls eða hverfa frá þessari skipan.

Fyrri kosturinn felur í sér að með stjórnvaldsráðstöfunum sé séð um að sóknargetan verði ekki meiri en þarf til að fullnýta fiskstofnana. Þetta merkir í framkvæmd að komið verði á ströngu skömmtunarkerfi þar sem stjórnvöld ákveði hvað fiskiskipastóllinn skuli vera stór, hvaða skip skuli úrelda, hve mörg ný skip megi koma til, hvaða skip skuli endurbyggð, hver skuli vera eigandi að hverju skipi og frá hvaða verstöð skuli gera það út. Með þannig framkvæmd kvótakerfis má hugsa sér að hægt sé að forðast ofnýtingu fiskstofnanna. En þessi leið er dýrkeypt. Þá væri ekki lengur fyrir hendi sú frjálsa samkeppni í fiskveiðum landsmanna sem skapaði þá eindæma framleiðni sem hefur verið undirstaða velmegunar þjóðarinnar. Fyrirmæli stjórnvalda fela ekki í sér neina tryggingu fyrir hagkvæmum rekstri sjávarútvegsins. Þvert á móti skortir þessa aðferð það sem nauðsyn krefur til að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni. Engin miðstýring eða ríkisforsjá getur í eðli sínu verið fær um að gæta þess. Samkvæmt eðli málsins hljóta ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum að vera að meira eða minna leyti geðþóttaákvarðanir.

Hinn kosturinn, að hverfa frá kvótakerfinu, er fólginn í því að aflatakmarkanir séu ekki bundnar við skip heldur sé hverju einstöku skipi frjálst að afla og flytja þá björg í bú sem það er fært um innan þeirra marka sem hámarksafli úr hverjum einstökum fiskstofni leyfir. Með þessum hætti verður sókn og keppni sjómanna komið við og heilbrigðri endurnýjun í stéttinni.

Afburðamennirnir fá að njóta sín. Skip með góðan rekstrargrundvöll fá að skila þeim arði í þjóðarbúið sem efni standa til. Úrelding bíður þeirra skipa sem haldið hefur verið á floti einungis vegna kvótakerfisins. Kaup og sala skipa verður óhindruð af kvótahagsmunum. Verstöðvar fá að njóta aðstöðu sinnar til fiskimiðanna þannig að stuðlað sé að hagkvæmri verkaskiptingu í atvinnulífi landsmanna eftir byggðarlögum og með því eflt þjóðhagslegt gildi og heildarafrakstur fiskveiða.

Þessi skipan felur í sér það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskipum og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskstofnana. Slíkt úrval geta engar stjórnvaldsákvarðanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka. Hinir falla út. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig gæti sóknargetunni miðað, þegar til lengdar lætur, í átt til jafnvægis við fiskstofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

Til að flýta fyrir þessari þróun og að fiskiskipaflotinn verði ekki stærri að sóknargetu en hámarksnýting fiskstofnanna krefur og stuðla að því að svo geti jafnan verið þarf að gera sérstakar ráðstafanir. Þess vegna er gert ráð fyrir að stofnaður verði úreldingarsjóður fiskiskipa til að styrkja útgerðina til að taka af skipaskrá skip sem ekki eru hagkvæm til reksturs. Tekjur úreldingarsjóðs mættu vera af gjaldi sem lagt væri á hverja útgerð í hlutfalli við aflahlut. En sú gjaldtaka væri léttbær útgerðinni borið saman við þá aflaskerðingu og kaup á veiðiheimildum sem hún þarf að búa við meðan kvótakerfið er við lýði. Þarf þá að vera skilyrði fyrir aðstoð úr úreldingarsjóði að ekki komi til ný skip í stað þeirra sem úrelt eru. Slíkur úreldingarsjóður nær tilgangi sínum þegar aflétt hefur verið tregðunni á samdrætti í fiskiskipastólnum sem fylgir kvótakerfinu. Þá eru sköpuð skilyrði til þess að gera myndarlegt átak sem fljótlega leiddi til verulegrar minnkunar sóknargetu fiskiskipastólsins.

En til frambúðar varðar mestu að ekki verði ótímabær aukning á sóknargetu fiskiskipastólsins. Verða því að vera fyrir hendi reglur um endurnýjun skipastólsins ef á þarf að halda. Til öryggis er því lagt til að komið verði á þeirri skipan að endurnýjun fiskiskipastólsins megi ekki leiða til stækkunar hans meðan sóknargetan er umfram það sem nægir til að tryggja hámarksnýtingu fiskstofnanna.

Samt sem áður verður ekki hjá því komist að beita áfram tímabundnum veiðibönnum. En það á að vera í stöðugt minnkandi mæli eftir því sem fiskiskipastóllinn minnkar og leitar jafnvægis við veiðiþol fiskstofnanna. Það er mælikvarði á góða fiskveiðistjórn að skipin þurfi ekki að vera bundin við landfestar langtímum saman og fjárfesting í þessum framleiðslutækjum megi verða sem arðbærust.

Hins vegar verður að gæta hagsmuna fiskvinnslunnar eftir því sem þörf krefur með því að beita sóknarbanni eftir veiðitímabilum til að stuðla að sem jafnastri hráefnisöflun og vinnslu fyrirtækjanna. Slíkt stjórnunarkerfi hefur stoð í gildandi lögum, en er óháð kvótakerfinu sem svarar ekki þessum þörfum.

Þá er aldrei of mikil áhersla lögð á þann þátt fiskveiðistjórnar sem varðar beinar ráðstafanir til verndar og friðunar hrygningar- og uppeldisstöðva með svæðisbundnum og tímabundnum veiðibönnum.

Núverandi kvótakerfi var sett til reynslu. Eftir fimm ár hefur það sýnt sig að megintilgangur þessa kerfis hefur ekki náðst. Það dugar ekki til að framkvæma þá fiskveiðistefnu sem

þörf krefur og stuðlar auk þess að minnkandi framleiðni í sjávarútvegi. Auk þess hafa komið í ljós margs konar erfiðleikar og vandamál í framkvæmd.

Kvótakerfinu var talið til gildis að það tryggði jafnvægi milli landshluta. Vísdómur ríkisforsjárinnar átti að sýna sig í svæðaskiptingunni og útreikningi þorskígildanna. En reynslan hefur sýnt að kvótakerfið hefur raskað stöðu einstakra byggðarlaga og stofnað til meiri metings og illdeilna milli verstöðva og landshluta en dæmi eru til. Eru það mikil viðbrigði frá því sem áður var þegar sjávarútvegurinn lagaði sig sem frjáls atvinnuvegur að rekstrargrundvelli eftir landsháttum og fiskimiðum. Hver landshluti gat notið sinna fiskimiða. Rekstrarhagkvæmni réð því í hve ríkum mæli og með hverjum hætti menn sóttu sjóinn. Það fór óhindrað eftir aðstæðum til hagnýtingar fiskimiða og fiskigengd.

Með kvótakerfinu fá hæfileikar og atgervi sjómanna og útgerðarmanna ekki að njóta sín nema til jafns við meðalmennskuna. Í nauðvörn gegn frelsisskerðingunni og viðleitni til að brjótast út úr hnappheldunni er ráðið fyrir þá, sem vilja lyfta sér yfir meðalmennskuna, að verða sér úti um viðbótarkvóta. Þá er stofnað til viðskipta sem ríkisvaldið býður upp á og gerir óhjákvæmileg til að gera ástandið bærilegra og halda kvótakerfinu gangandi. Þessi viðskipti eiga sér ekkert fordæmi meðal siðmenntaðra þjóða. Réttindi, sem veitt eru endurgjaldslaust með stjórnvaldsráðstöfunum, eru gerð að verslunarvöru. Hér er ekki einungis um að ræða beina verslun með kvótann heldur og óbeina í formi uppsprengds skipaverðs. Réttarvitund Íslendinga þolir ekki slíka ráðstöfun á almannaeign sem fiskurinn í sjónum er.

Grundvallargalli kvótakerfisins er að aflatakmörk eru sett á hvert einstakt skip. Það er ekki hægt að bæta þetta kerfi. Meiri miðstýring væri að fara úr öskunni í eldinn. Stjórnvöld standa ráðlaus gegn vandanum meðan þau ekki afnema kvótakerfið því að það er undirrót vandans.

Reynslutíma kvótakerfisins ætti nú að ljúka. Það er ekki að sakast um framkvæmdina. Kerfið er í eðli sínu óhæft. Öllum er fyrir bestu þegar til lengdar lætur að horfið verði frá kvótakerfinu áður en í meira óefni er komið. Þjóðarhagur krefst þess. Af þessum ástæðum er frumvarp þetta borið fram.

Meginbreytingar og nýmæli, sem frumvarp þetta felur í sér, eru eftirfarandi:

1. Horfið er frá núverandi kvótakerfi með skiptingu heildarafla og aflahámarki á hvert einstakt skip.
2. Í stað stjórnar með veiðileyfum kemur stjórn á stærð fiskiskipastólsins.
3. Fiskveiðar eru gerðar frjálsar innan þeirra marka sem hámarksafli á hverja fisktegund leyfir.
4. Ráðherra hefur heimild til að ákveða að áfram skuli gilda sama kerfi og verið hefur um veiði annarra sjávardýra en botnfisktegunda, svo sem rækju, humars, skelfisks, síldar og loðnu.
5. Sóknargeta fiskiskipastólsins er aðlöguð hámarksnýtingu fiskstofna með því að takmarka fjárfestingu í skipum við þörfina fremur en takmarka not þeirrar fjárfestingar sem stofnað er til umfram þarfir.
6. Sett eru fyrirmæli um mat á sóknargetu hvers og eins skips.
7. Samanlagðri sóknargetu fiskiskipastólsins eru sett mörk sem kveða á um hvernig skipastóllinn samsvarar veiðiþoli fiskstofnanna.
8. Settar eru reglur um endurnýjun fiskiskipastólsins þegar sóknargetan er meiri en þarf til hámarksnýtingar fiskstofnanna.
9. Gert er ráð fyrir úreldingarsjóði fiskiskipa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum um stjórn fiskveiða.

Um 2. gr.

Hér er beint tekið fram að framkvæmd laganna sé undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um heildarafla fisktegunda. Greinin samsvarar 2. gr. gildandi laga. Er engin breyting gerð, hvorki á ákvæðum sem skylda ráðherra til að ákveða heildarafla úr botnfisktegundum né heimildarákvæðum um aðra stofna sjávardýra. Hins vegar kemur hér fram sú grundvallarbreyting að ekki er gert ráð fyrir veiðileyfum og aflamörkum á einstök skip sem stunda botnfiskveiðar.

Þá er ráðherra heimilað að kveða á í reglugerð um gerð skipa, útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla, sbr. 3. gr. gildandi laga. Hér er um að ræða víðtækar heimildir til veiðistjórnar svo að nýta megi sem best leyfilegan hámarksafla hverrar fisktegundar svo sem með því að skipta árinu í veiðitímabil, banna veiðar á ákveðnum tímum og svæðum og eftir því hvers konar fiskiskip eiga í hlut, bátafloti eða togarafloti. Þessi ákvæði eru þeim mun mikilvægari fyrir stjórn fiskveiða þegar ekki er beitt veiðileyfum og aflamörkum á hvert skip. Þá er þetta stjórnkerfi ekki síður mikilvægt fyrir
fiskvinnsluna með því að gera mögulega sem jafnasta hráefnisöflun og þar með hagkvæman rekstur fyrirtækjanna.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða nýjung sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í gildandi lögum er snúist við of mikilli sóknargetu fiskiskipastólsins með því að takmarka veiði hvers skips. Í staðinn er frekar farin sú leið að takmarka stærð fiskiskipaflotans og stefna að því að fjárfesting þjóðarinnar í fiskiskipum nýtist sem best með því að takmarka ekki notin af skipunum.

Til þess að framkvæma þessa stefnu er nauðsynlegt að fyrir liggi sem gleggst hver sóknargeta fiskiskipastólsins er á hverjum tíma. Í þessari grein er kveðið á um mælingu á sóknargetu hvers skips. Til grundvallar þessu mati má leggja stærð skips, burðarmagn, vélarafl og annan útbúnað eftir því sem við á og varðar hæfni til veiða. Má þá hugsa sér að sá háttur sé hafður á að hverju skipi sé gefið stig eftir ákveðnum mælikvarða sem megi umreikna í smálestir af afla eftir fiskstofnum. Siglingamálastofnun ríkisins er ætluð framkvæmd þessa verks. Í samráði við Siglingamálastofnunina, Landssamband íslenskra útvegsmanna, samtök sjómanna og Fiskifélag Íslands skal sjávarútvegsráðherra setja reglur um staðal um mat á sóknargetu fiskiskipa.

Með þessum hætti eiga að geta legið fyrir á hverjum tíma sóknargeta hvers skips og hver samanlögð sóknargeta fiskiskipastólsins er. Þannig þjónar þessi grein þeim tilgangi að handhægar upplýsingar geti jafnan verið fyrir hendi þegar til þarf að taka við stjórn fiskveiða. Réttur útgerðar til endurnýjunar skips liggur þá ljós fyrir án þess að til þurfi að koma sérstök stjórnvaldsákvörðun. Ákvæði þessarar greinar miða þannig að því að tryggja, þegar kvótakerfið er aflagt, sem best stjórn á stærð fiskiskipastólsins meðan sóknargetan er of mikil í stað stjórnar með veiðileyfum.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði um framkvæmd þeirrar stefnu að takmarka fjárfestingu í skipum fremur en takmarka nýtingu þeirra skipa sem fjárfest hefur verið í.

Þegar sóknargeta er meiri en fiskstofnarnir þola þarf að takmarka fiskiskipastólinn. Hins vegar er nauðsynlegt að sóknargetan sé það mikil að jafnan sé mögulegt að fullnýta fiskstofnana. Og allur er varinn góður. Þess vegna verður sóknargetan að vera umfram það aflamagn sem heimiluð er veiði á. Er þá borð fyrir báru ef á þarf að halda, svo sem vegna hugsanlegrar aukningar aflaheimildar. Ef sóknargetunni er hins vegar ofgert má beita stjórnunaraðgerðum skv. 3. gr. eftir því sem þörf krefur, sbr. umsögn um þá grein.

Í 2. mgr. er sett fyrirmæli um þær reglur um endurnýjun skipastólsins sem beita skal þegar skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Er reglan sú að sóknargetu fiskiskipastólsins má þá ekki auka, sbr. 3. mgr. Ef útrýma þarf skipi til mótvægis við sóknargetu nýs skips verður að vera um að ræða skip sem skráningarskylt er og ekki hefur áður verið afmáð af skipaskrá. Siglingamálastofnun ríkisins er ætlað að hafa eftirlit með að þessum fyrirmælum sé fylgt.

Í 3. mgr. er Siglingamálastofnun ríkisins gert að hafa umsjón með að fullnægt sé fyrirmælum 2. mgr. Tekið er fram að óheimil sé veiði þess skips sem átti að bæta við fiskiskipastólinn ef út af bregður frá reglunni í 2. mgr.

Um 6. gr.

Hér er um að ræða heimildargrein. Ráðherra er heimilað að áskilja veiðileyfi til skipa sem stunda aðra veiði en á botnfisktegundum, svo sem rækju, humar, skelfiski, síld og loðnu. Þetta heimildarákvæði samsvarar heimildarákvæðinu um heildarafla þessara tegunda, sbr. umsögn um 3. gr.

Ef þessari heimild er beitt fer um framkvæmdina eins og verið hefur skv. 3. gr. og 2. mgr. 12. gr. gildandi laga, nema nú er ráðherra heimilað að auki að skipta hámarksafla milli vinnslustöðva.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli sem eiga að stuðla að sem bestri hagnýtingu þeirra skipa sem stunda þessar sérveiðar. Aftur á móti er skipum, sem leyfi hafa til þessara veiða, óheimil botnfiskveiði meðan ekki má auka stóknargetuna nema sérstakt veiðileyfi ráðherra komi til. Þó má aldrei veita slíkt leyfi nema takmarkað sé við aflahámark á hvert skip og fara skal eftir ástandi fiskstofna og nýtingartíma skipsins við hinar leyfðu sérveiðar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði sérlög um úreldingarsjóð fiskiskipa, tekjur hans og ráðstöfun fjármuna. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að beinu átaki til að minnka fiskiskipaflotann með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og beita ráðum til að selja skip úr landi. Skilyrði fyrir opinberri aðstoð í þessu skyni verður að vera að ekki komi ný skip í fiskiskipastólinn í stað þeirra sem hefur verið lagt.

Um 8. gr.

Grein þessi er samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Grein þessi er efnislega hliðstæð 15. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 18. gr. gildandi laga, nema 2. mgr. þeirrar greinar, sem fjallar um þorskaflahámark á einstök skip, er felld niður þar sem því er ekki til að dreifa í frumvarpi þessu.

Þá er þess að gæta að í 1. mgr. er ekki gert ráð fyrir leyfisbréfum nema beitt sér heimild 6. gr. Sama er að segja um 2. mgr.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 19. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er óbreytt frá 20. gr. gildandi laga, nema um er að ræða almenn leyfi en ekki sérstök leyfi.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Yfirlit um fiskiskipaflota Íslendinga.

	1. jan. 1984		1. jan. 1985		1. jan. 1986		1. jan. 1987		1. jan. 1988		1. jan. 1989	
	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.
Fiskiskip alls	836	111.772	834	112.847	832	112.594	822	112.391	899	117.452	957	121.651
Þar af skuttogarar	101	48.130	102	48.924	102	48.979	101	48.704	106	51.380	110	54.476
Önnur fiskiskip	227	50.570	228	51.002	227	50.719	230	51.507	233	53.378	233	53.564
100 og yfir og 99 og minni	508	13.072	504	12.921	503	12.896	491	12.180	560	12.694	614	13.611
Opnir vélbátar	1.461	4.835	1.503	5.035	1.646	5.524	1.329	4.943	1.486	5.481	1.623	6.560
Skipting í stærðarflokka												
Bátar 1–9 brl.	150		152		154		154		200		232	
Bátar 10–24 brl.	173		170		168		168		193		214	
Bátar 25–49 brl.	88		85		79		69		67		69	
Bátar 50–99 brl.	97		97		102		100		100		99	
Skip 100 brl. og yfir	328		330		329		331		339		343	

Fylgiskjal II.

Fiskifélag Íslands:

Yfirlit um veiði helstu botnfisktegunda.
(Afli í þús. tonna.)

1984

	Tillaga fiskifræðinga	Ákvörðun stjórnvalda	Veiði
Þorskur	200	220	282
Ýsa	55	60	47
Ufsi	65	70	60
Karfi	90	110	108
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	30
Skarkoli	10	17	11

1985

	Tillaga fiskifræðinga	Ákvörðun stjórnvalda	Veiði
Þorskur	200	250	323
Ýsa	45	60	50
Ufsi	60	70	55
Karfi	90	110	95
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	29
Skarkoli	10	17	14

1986

	Tillaga fiskifræðinga	Ákvörðun stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300	300	366
Ýsa	50	60	47
Ufsi	60	70	64
Karfi	85	100	86
Steinbítur	12		12
Grálúða	25	30	31
Skarkoli	10		13

1987

	Tillaga fiskifræðinga	Ákvörðun stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300	330	390
Ýsa	50	60	39
Ufsi	65	70	78
Karfi	75	95	88
Steinbítur	13		13
Grálúða	25	30	45
Skarkoli	10		11

1988

	Tillaga fiskifræðinga	Ákvörðun stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300	315	376
Ýsa	60	65	53
Ufsi	75	80	74
Karfi	75	85	94
Steinbítur	12		15
Grálúða	30	30	49
Skarkoli	10		14

Nd. 821. Frumvarp til laga [460. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, ásamt síðari breytingum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Alexander Stefánsson, Ingi Björn Albertsson, Hjörleifur Guttormsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

4. mgr. 65. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1988, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við slit á félaginu „Bifreiðaskoðun Íslands hf." skal dómsmálaráðherra heimilt að semja um kaup á þeim hluta af eignum félagsins sem henta þykir fyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru lögfestar breytingar á umferðarlögum sem fólu í sér tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að hætt skyldi að skrá ökutæki í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing. Í öðru lagi var ríkissjóði heimilað að taka þátt í hlutafélagi sem gæti tekið við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra. Þrátt fyrir þetta eru ákvæði umferðarlaga um Bifreiðaeftirlit ríkisins óskert í lögunum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að þær breytingar, sem gerðar voru á lögunum á síðasta Alþingi, hafi ekki verið til bóta, heldur þvert á móti. Látið var í veðri vaka af þeim sem knúðu breytingarnar fram að þeim mundi fylgja bætt þjónusta og hagkvæmni, sparnaður bæði fyrir almenning og hið opinbera. Þessu er að flestu leyti öfugt farið og kemur það flutningsmönnum ekki á óvart. Nægir í því efni að vitna til varnaðarorða af þeirra hálfu í umræðum um málið á síðasta Alþingi.

Með þessu frumvarpi leggja flutningsmenn til að felld verði niður úr umferðarlögum sú málsgrein sem upp var tekin í lögin á síðasta Alþingi og heimilar ríkissjóði að taka þátt í hlutafélagi sem tæki við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra, þ.e. 4. mgr. 65. gr. Þetta þýðir að ríkissjóður mundi draga sinn hlut út úr fyrirtækinu „Bifreiðaskoðun Íslands hf." og það síðan lagt niður. Í frumvarpinu er ákvæði til bráðabirgða þar sem dómsmálaráðherra er heimilað að semja um kaup á þeim hluta af eignum „Bifreiðaskoðunar Íslands hf." sem við slit þess félags mundu henta Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Þrátt fyrir að hið nýja skráningarkerfi hafi mikla galla í för með sér og nýjan kostnað líta flutningmenn svo á að það sé komið of langt til þess að frambærilegt sé að hverfa frá því. Með frumvarpinu er því ekki lagt til að því sé breytt.

Tilefni þess að flutningsmenn telja sig knúða til að flytja þetta frumvarp er einkum eftirfarandi:

1. Skráning, skoðun og eftirlit með ökutækjum, sem í eðli sínu er lögreglu- og öryggiseftirlit, á ekki heima í höndum einkaaðila.
2. Þjónusta „Bifreiðaskoðunar Íslands hf." virðist eiga að vera stórum lakari og handahófskenndari en var hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, enda í sumum atriðum háð geðþóttaákvörðunum fyrirtækisins.
3. Þjónustugjöld hafa verið hækkuð óhóflega, þvert ofan í boðaða hagkvæmni og sparnað.

4. Bílpróf, sem áður voru á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins, eru nú á vegum dómsmálaráðuneytisins og í algerum ólestri, þannig að ungmenni þurfa víða að leggja í stóraukinn kostnað og langferðir til að fá að gangast undir bílpróf.
5. Samtímis því að gjaldskrá fyrir veitta þjónustu hefur stórhækkað hefur ríkissjóður verið sviptur tekjustofni því flest ár skilaði Bifreiðaeftirlit ríkisins verulegum tekjum til ríkissjóðs. Þannig voru t.d. tekjur af þjónustugjöldum Bifreiðaeftirlitsins 1986 216 millj. kr., útgjöldin 109,8 millj. kr. og því skilað til ríkissjóðs 106,2 millj. kr.

Gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 2. júní 1988, er hér birt með sem fylgiskjal og enn fremur gjaldskrá „Bifreiðaskoðunar Íslands hf." sem gefin er út af dómsmálaráðuneytinu 2. jan. 1989. Við samanburð á gjaldskránum sést að ýmsir gjaldskrárliðir hafa hækkað óhóflega, þ.e. þrefaldast eða meira, og t.d. ógerlegt að vita hvaða breytingar ráða því að um sé að ræða það sem kallað er „breytt ökutæki", en þá kostar skoðun 10.000 kr.

Flutningsmenn telja að öll þessi skipulagsbreyting hafi farið af stað með þeim hætti að rétt sé að snúa við áður en lengra er haldið. Lagaákvæði um Bifreiðaeftirlitið eru enn í gildi. Starfsemi þess var að sjálfsögðu ekki óbreytanleg og eðlilegt að athuga af fullri alvöru að fela löggiltum verkstæðum hluta af því skoðunarstarfi sem fram þarf að fara. Það mun á hinn bóginn ekki vera á döfinni hjá hinu nýja fyrirtæki.

Fylgiskjal I.

Gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins frá 2. júní 1989.
(Upphæðir í kr.)

Skráningargjöld.

1.	Skráning bifreiðar, nýskráning	2.900
2.	Skráning bifreiðar, umskráning	4.300
3.	Skráning eigendaskipta að bifreið	1.500
4.	Skráning bifhjóls, nýskráning	2.900
5.	Skráning bifhjóls, umskráning	4.300
6.	Skráning eigendaskipta að bifhjóli	1.500
7.	Skráning og umskráning létts bifhjóls	1.100
8.	Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	1.100
9.	Skráning og umskráning torfærutækis	1.100
10.	Skráning og umskráning dráttarvélar	1.100
11.	Skráning og umskráning dráttarvélar	1.100
12.	Skráning eigendaskipta að dráttarvél	1.100
13.	Skráning og umskráning eftirvagns	1.500
14.	Skráning eigendaskipta að eftirvagni	1.500
15.	Skráning og umskráning tengitækis	1.500
16.	Skráning eigendaskipta að tengitæki	1.500

Skráningarmerki o.fl.

1.	Skráningarmerki á bifreið, tvö merki	1.500
	Endurskin á parið	1.200
2.	Skráningarmerki á eftirvagn/tengitæki, eitt merki	750
3.	Skráningarmerki á létt bifhjól, eitt merki	750
4.	Skráningarmerki á bifhjól, eitt merki	750
5.	Skráningarmerki á torfærutæki, eitt merki	750
6.	Skráningarmerki á dráttarvél, eitt merki	750
7.	CD-merki, eitt merki	1.500
8.	Kennslumerki, eitt merki	2.500
9.	Merki fyrir neyðarútgang, eitt merki	750
10.	Merki fyrir farþegafjölda, eitt merki	750

Skoðun ökutækja.

1.	Aðalskoðun eftirvagns	1.200
2.	Aðalskoðun létts bifhjóls	300
3.	Endurskoðun ökutækis nema létts bifhjóls	600
4.	Endurskoðun létts bifhjóls	200
5.	Skoðun endurskráðrar bifreiðar	1.500
6.	Skoðun innfluttrar notaðrar bifreiðar	1.500
7.	Skoðun breyttrar bifreiðar	3.000
8.	Skoðun bifreiðar fyrir aksturskeppni	600
9.	Skoðun bifreiðar 10 farþega og fleiri	3.000

Ath.: Samkvæmt reglugerð sem gilti á þessum tíma var gjald fyrir aðalskoðun bifreiðar eða bifhjóls 1200 kr. Ekkert gjald var greitt fyrir skoðun á innfluttri bifreið ef hún var hluti af búslóð eiganda.

Fylgiskjal II.

Stjórnartíðindi B 1 — 1989.

GJALDSKRÁ

fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Gjöld fyrir skráningu ökutækja og skráningarmerki, svo og fyrir skoðun ökutækja, sbr. 64. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, eru ákveðin sem hér segir:

1. gr.

Gjald fyrir skráningu ökutækja.

1. Nýskráning	3 600 kr.
2. Skráning eigendaskipta	1 500 kr.

2. gr.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 8000 kr. á ári. Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og lögmælta ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns 500 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi er hann hefur reynslumerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmerki ökutækja.

1. Skráningarmerki, hvert merki	1 900 kr.
2. Rammi fyrir skráningarmerki, hver rammi	625 kr.

4. gr.

Gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

1. Skoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	1 900 kr.
2. Skoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	3 800 kr.
3. Skoðun bifhjóls	1 900 kr.
4. Skoðun létts bifhjóls	600 kr.
5. Skoðun eftirvagns, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	1 900 kr.
6. Skoðun eftirvagns, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	3 800 kr.

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til almennrar skoðunar þegar liðnir eru fjórir mánuðir frá skoðunarmánuði skal vera 20% hærra.

5. gr.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækja.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækis í framhaldi af almennri skoðun er hálft gjald fyrir almenna skoðun. Ef liðinn er frestur sem veittur var til að færa ökutækið til endurskoðunar skal greiða fullt gjald.

6. gr.

Gjald fyrir sérskoðun ökutækja.

1.	Skráningarskoðun (sérviðurkenning)	4 500 kr.
2.	Skoðun innflutts notaðs ökutækis við skráningu	4 500 kr.
3.	Skoðun innflutts notaðs ökutækis við skráningu, ef ökutækið er hluti af búslóð eiganda	1 900 kr.
4.	Skoðun ökutækis við endurskráningu	4 500 kr.
5.	Skoðun breytts ökutækis	10 000 kr.
6.	Skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni	1 000 kr.

7. gr.

Gjald fyrir skoðun ökutækis sem að kröfu lögreglu er fært til sérstakrar skoðunar er hálft gjald fyrir almenna skoðun. Ef skráningarmerki hafa verið tekin af ökutæki vegna vanbúnaðar skal greiða fullt gjald.

8. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu greiðist gjald samkvæmt reikningi.

Nú er þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á ökutæki og er þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við þá skoðun samkvæmt reikningi.

9. gr.

Söluskattur er innifalinn í þeim gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari sem bera söluskatt.

10. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 586 23. desember 1987, svo og 10. gr. a í reglugerð um dómsmálagjöld o.fl., nr. 585 23. desember 1987, sbr. reglugerð um breytingu á þeirri reglugerð, nr. 271 31. maí 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1989.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Ed. 822. Frumvarp til laga [461. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

15. Egilsstaðir.

2. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrar-

flugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birgðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að Egilsstaðir verði aðaltollhöfn. Breyting þessi, sem er í samræmi við stefnumörkun samgönguráðherra í flugmálum og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar síðastliðnum, byggist á tillögum flugmálastjórnar um samræmingu á ákvæðum tollalaga við ákvarðanir um alþjóðlega flugvelli hérlendis. Enn fremur felur frumvarpið í sér að heimilt verði að reka tollfrjálsar verslanir á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli á sama hátt og gert er á Keflavíkurflugvelli.

Allar framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli eru við það miðaðar að flugvöllurinn geti í framtíðinni þjónað sem alþjóðaflugvöllur í millilandaflugi miðað við ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla flugvéla og almennt farþegaflug. Í stefnumörkun samgönguráðherra í flugmálum er einnig lagt til að athugað verði hvort rétt sé að bæta nokkrum mikilvægum héraðs- og landshlutaflugvöllum í flokk áætlunarflugvalla I. Þar á meðal er flugvöllur á Hornafirði og flugvöllur á Vesturlandi. Egilsstaðaflugvöllur er nú þegar í flokki I. Flokkun flugvalla í áætlunarflugvelli I–III er í samræmi við flokkun í flugmálaáætlun og skilgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og miðast við þær kröfur sem gera verður til íslenskra flugvalla þegar þeir hafa verið byggðir upp. Samkvæmt því eru áætlunarflugvellir I með 1800 metra flugrein eða lengri.

Loks skal þess getið að hugmyndir hafa einnig verið uppi um að gera Höfn í Hornafirði og Rif á Snæfellsnesi að aðaltollhöfnum. Ekki þykir að svo stöddu rétt að gera tillögu um slíkt. Í þessu sambandi má geta þess að Höfn er nú þegar tollhöfn og gera má Rif að tollhöfn með reglugerð ef þurfa þykir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Aðaltollhafnir eru nú 14 hér á landi. Með aðaltollhöfn er átt við stað þar sem för, þ.e. skip og flugvélar, í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Þessi grein gerir ráð fyrir að Egilsstaðir bætist í flokk þeirra 14 aðaltollhafna sem fyrir eru. Eftirtaldir staðir eru aðaltollhafnir fyrir: Reykjavík, Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörður, Neskaupsstaður, Eskifjörður, Vestmannaeyjar, Keflavík, Keflavíkurflugvöllur og Hafnarfjörður.

Um 2. gr.

Þar sem miklar líkur eru taldar á vaxandi millilandaflugi um Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll er hér lagt til að þeim verði bætt í flokk þeirra flugvalla þar sem reka má verslanir með tollfrjálsar vörur en fyrir í þeim flokki eru Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 823. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Við A-lið 6. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 1/1988) bætist nýr töluliður svohljóðandi:
23. Námsbækur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að draga úr þeim mikla kostnaði sem námsfólk hefur vegna kaupa á námsbókum.

Meginverkefni Námsgagnastofnunar er að semja námsefni og sjá nemendum á grunnskólastigi fyrir námsbókum. Sú stofnun hefur búið við mikið fjársvelti um áraraðir og hefur því reynst erfitt að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. Það gerist því æ algengara að nemendur, einkum í efri bekkjum grunnskólans, þurfi að kaupa bækur sínar sjálfir. Þess eru dæmi að grunnskólanemendur hafi keypt námsbækur fyrir allt að því 10 þús. kr. á yfirstandandi skólaári.

Í mörgum nágrannalanda okkar tíðkast það að nemendum er séð fyrir bókum þar til þeir ljúka prófum framhaldsskóla, enda eru stjórnvöld víða farin að líta svo á að nám á framhaldsskólastigi sé í raun skyldunám. Hér á landi nýtur útgáfa námsbóka fyrir framhaldsskólastigið engra styrkja af hálfu yfirvalda og er kostnaður nemenda við bókakaup því umtalsverður. Þess eru dæmi að námsbækur nemenda fyrir eina önn kosti allt að því 20 þús. kr. þetta skólaárið.

Það er nánast einsdæmi meðal þjóða að lagður sé söluskattur á námsbækur. Niðurfelling hans mundi draga verulega úr kostnaði nemenda við kaup á námsbókum, jafna möguleika þeirra til náms og lækka hlut bókakostnaðar við útreikninga á framfærslu þeirra nemenda sem njóta námslána.

Ed. 824. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Skilyrði þess að framkvæmd njóti framlags samkvæmt lögum þessum er að umsókn þar um ásamt framkvæmdaáætlun, sem samþykkt er af héraðsráðunaut, sé lögð inn hjá Búnaðarfélagi Íslands á árinu áður en verkið skal hafið. Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf vegna jarðræktarframlaga að þeim umsóknum fengnum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar næsta árs áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna bændum bréflega hvaða framkvæmdir á jörðum þeirra muni njóta framlags á árinu. Framlög skulu greidd eigi síðar en

sex vikum eftir að úttekt lýkur. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð tímamörk vegna umsókna, tilkynninga um væntanleg framlög og úttekta.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

a. Framræsla vegna endurræktunar, þar með talin hreinsun, sprenging berghafta og dýpkun skurða, 55% kostnaðar.
Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna endurræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

b. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi . . . . . 80 kr. á m

II. Til jarðræktar.

a. Endurræktun túna . . . . . 18 500 kr. á ha
b. Kýfing við endurræktun . . . . . 4 600 kr. á ha
c. Korn- og fræakrar, fyrsta ræktunarár . . . . . 12 300 kr. á ha
Korn- og fræakrar, síðari ræktunarár . . . . . 10 000 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

d. Grænfóðurrækt . . . . . 10 000 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er bundið því að grænfóðurræktun sé til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist hverju sinni.

III. Nýræsla og nýrækt.

Heimilt er að veita framlög til framræslu á ónunnu landi, svo og nýræktar, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Slík framlög skulu jafnhá og veitt eru skv. I. og II. lið þessarar greinar. Umsókn um framlög skv. þessum lið skal fylgja fimm ára áætlun um búrekstur á viðkomandi jörð ásamt rökstuddum meðmælum sveitarstjórnar og búnaðarsambands. Ráðherra ákveður, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands, sérstaklega framlög samkvæmt þessum lið.

IV. Til áburðargeymslna.

Áburðarhús og áburðarkjallarar að hámarki . . . . . 900 kr. á m^3

Heimilt er að greiða sambærileg framlög til áburðargeymslna eftir öðrum viðmiðunum en rúmmetrafjölda skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

V. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.

a. Votheyshlöður	700 kr. á m^3
b. Heygeymslur (þurrhey, rúllubaggar)	500 kr. á m^2
c. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöðu, súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél í garðávaxtageymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni, framlag 40% af verði tækja og búnaðar.	
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði	1 500 kr. á m^2
e. Verkfærageymslur	500 kr. á m^2

VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg.

VII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 3200 kr. á m^2, allt að 200 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í gróðurhúsum: Framlag 600 kr. á m^2, allt að 300 m^2 að flatarmáli á býli.
c. Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 40% af verði tækja og búnaðar.

VIII. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

IX. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar.

X. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1989 til 1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–IX. tölulið þessar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi jarðræktarlög, nr. 56/1987, voru samþykkt 30. mars 1987. Eftir reynslu af framkvæmd laganna og í ljósi breyttra aðstæðna þykir nauðsynlegt að leggja til breytingar á ákvæðum laganna um framlög ríkissjóðs til jarðabóta. Með frumvarpi þessu fylgir áætlun um breytingu á heildarframlögum ríkissjóð vegna jarðræktarlaga miðað við óbreytt lög og frumvarp þetta. Þar kemur fram að þær breytingar, sem nú eru lagðar til, hafa í för með sér um 44 millj. kr. lækkun á framlögum ríkissjóðs milli ára. Kostnaðartölur frumvarpsins eru miðaðar við verðlag ársins 1988, en allar samanburðartölur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eru á verðlagi ársins 1986 eins og í gildandi jarðræktarlögum til að sýna sem gleggst breytingu á framlögum ríkissjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að sækja þurfi fyrir fram um öll jarðræktarframlög og enginn geti reiknað með framlagi fyrr en hann hefur fengið skriflegt svar þar um. Loforð um framlög byggist á nýsamþykktum fjárlögum sem geri þar með kleift að greiða framlögin fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir talsverðum breytingum á ákvæðum 10. gr. núgildandi laga sem fjallar um ríkisframlag til jarðabóta. Eru breytingarnar þessar:

1. Felld eru niður framlög á vélgrafna skurði og plógræsi nema í tengslum við endurræktun. Sömuleiðis framlög á nýræktir, girðingar um ræktunarlönd og til kölkunar túna. Undantekning þar frá er heimild til framlaga vegna nýræslu og nýræktar þar sem sérstakar ástæður mæla með. Er þar fyrst og fremst átt við tilvik þar sem skilyrði til endurræktunar eru alls ekki fyrir hendi eða endurræktun er sannanlega óhagstæðari en nýrækt.
2. Þá lækkar framlag ríkissjóðs úr 70% kostnaðar í 55% kostnaðar við framræslu vegna endurræktunar og úr 80 kr. á m í 50 kr. á m á lokræsi.
3. Eftirfarandi breyting er gerð á framlagi til jarðræktar:
   a. Felld eru niður framlög til nýræktar en framlög til endurræktunar lækkuð. Framlög til endurræktunar voru áður 19.000 kr. á ha á þurrkuðu mýrlendi en 13.000 kr. á ha á þurrlendi en verða nú 12.000 kr. á ha án tillits til jarðvegsgerðar.
   b. Þar sem endurræktunarframlög eru ákveðin án tillits til jarðvegsgerðar er 3.000 kr. framlag á ha greitt sérstaklega ef spildur eru kýfðar þannig að hlutfall milli framlaga á þurrlendi og kýfðu mýrlendi helst óbreytt frá eldri lögum.
   c. Framlag til korn- og fræakra er hækkað úr 6500 kr. í 8000 kr. á ha þegar um frumræktun er að ræða en framlag helst óbreytt þar sem kornrækt hefur áður verið stunduð. Samkvæmt þessu fengi bóndi, sem hefði áður verið með korn- eða fræræktá tveimur hekturum en sáir nú í fjóra hektara, alls 29.000 kr. framlag.
4. Framlög til áburðargeymslna eru óbreytt, 600 kr. á m^3, en nýmæli er að heimilt er að greiða sambærileg framlög eftir öðrum viðmiðunum en rúmmetrafjölda samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Tilgangurinn er að gera ekki upp á milli mismunandi bygginga- eða tækniaðferða sem bændur nota til þess að varðveita búfjáráburð ef báðar skila jafngóðum árangri. Til dæmis yrði mögulegt að veita jafnt framlag til bónda sem byggir vélgengan kjallara og annars sem byggir þró með dælubúnaði ef báðar geymslurnar rúma ársáburð eftir 30 kýr þótt rúmmetrafjöldinn sé ekki sá sami.
5. Framlag til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.
   Lækkað er framlag til bygginga á votheyshlöðu, úr 670 kr. í 447 kr. á hvern m^3.
   Framlag til bygginga á þurrheyshlöðum og rúllubaggahlöðum verður 330 kr. á m^2 sem er óbreytt á rúllubaggageymslurnar en lækkun úr 1000 kr. á m^2 á þurrheyshlöðum. Þess ber að geta að súgþurrkunarkerfi voru áður talin með hlöðu en eru nú talin með tækjabúnaði í c-lið sem heldur óbreyttu framlagi, 40% kostnaðar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Áætlun um breytingu á heildarframlögum ríkissjóðs vegna jarðræktarlaga samkvæmt óbreyttum lögum og frumvarpi miðað við verðlag og magn 1988.

Tegund framkvæmdar	Magn 1988	þús.	Framlög samkvæmt gildandi lögum á einingu	þús. króna	Framlög samkvæmt gildandi lögum á einingu	þús. króna
I. Til undirbúnings ræktunar						
a. Skurðir, nýir	M^3	2.240	70%	2.675	0	0
Plógræsi	M	34.750	600	97	0	0
b. Hreinsun og dýpkun skurða	M^3	2.240	70%	24.075	55%	18.916
c. Lokræsi með pípum	M	5.818	80	717	50	448
II. Til jarðræktar						
a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi	HA	404	19.000	11.828	0	0
endurræktun — —	HA	370	19.000	7.408	15.000	5.848
b. Túnrækt á þurrlendi	HA	254	13.000	5.086	0	0
endurræktun —	HA	254	13.000	22.422	12.000	20.697
c. Korn og fræakrar	HA	463	6.500	4.632	8.000	5.701
d. Grænfóðurrækt, aðeins vegna sérstakra aðstæðna	HA		6.500	0	6.500	
III. Til girðinga um ræktunarlönd						
Fullgildar girðingar	M	112.187	16	2.763		
IV. Til áburðageymslna						
a. Áburðarhús	M^3	24.630	600	20.422	600	20.422
b. Áburðarkjallarar						
V. Til hey- og garðaávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa						
a. Votheyshlöður	M^3	14.230	670	13.175	447	8.790
b. Þurrheyshlöður	M^2	2.232	1.000	6.469	330	2.135
c. Súgþurrkunarblásari	KR	5.672		2.269		
súgþurrkunarkerfi í eldri hlöður	M^2	232	340	1.049	340	1.049
d. Garðávaxtageymslur	M^2	316	1.000	437	1.000	437
kælibúnaður	KR	2.702	1.000	1.080	1.000	
e. Geymsluhús	M^2	6.266	330	2.857	330	2.857
VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa	KR	24.266	50%	12.133	50%	12.133
VII. Til kölkunar á túnum	KR	4.209	heimild	2.105		
VIII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum						
Uppeldishús	M^2	850	2.100	2.467	2.100	2.467
Lýsingarbúnaður	M^2	876	420	508	420	508
Kolsýrubúnaður	KR	567	40%	223	40%	223
IX. Til loðdýrabygginga						
Loðdýrahús	KR	38.053	30%	11.416	30%	11.416
X. Til ræktunar skjólbelta						
Tjáplöntur í skjólbelti	KR	4.185	75%	3.139	75%	3.139
Girðingar við skjólbelti	KR	1.424	50%	712	50%	712
XI. Til sérstakra verkefna						
SAMTALS				162.164		117.898

Ed. 825. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89 17. desember 1966, sbr. lög nr. 77/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 89/1966, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1972, orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til fjögurra ára í senn, þrjá menn sem kosnir eru hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og einn eftir tilnefningu stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Byggðastofnun hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur eftir nánara samkomulagi við stjórn Framleiðnisjóðs.

3. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Byggðastofnunar fyrir störf hennar í þágu sjóðsins.

4. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Framleiðnisjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 89 17. desember 1966, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1972, tilnefna eftirtaldir aðilar einn mann í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins: Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar Íslands. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fjölgað verði um tvo fulltrúa í stjórn sjóðsins, þannig að sameinað Alþingi kjósi þrjá fulltrúa hlutbundinni kosningu, sem er nýmæli, stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins tilnefni einn fulltrúa í stað stjórnar Búnaðarbanka og Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefni hvort sinn fulltrúa. Þá hefur Framkvæmdastofnun ríkisins verið lögð niður og Byggðastofnun tekið við ýmsum verkefnum hennar.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er nú tryggt fjármagn úr ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, nú 4%, skv. 2. mgr. 37. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985. Er það breyting frá því sem gilti fyrir gildistöku búvörulaganna. Jafnframt hefur fjármálaráðuneytið tekið beinan þátt í gerð búvörusamninga ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda. Með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa frá gildistöku laga nr. 46/1985 og að framan er lýst, þykir rétt að sameinað Alþingi kjósi þrjá menn í stjórn sjóðsins. Þá þykir eðlilegt að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins tilnefni

fulltrúa í stjórn Framleiðnisjóðs í stað stjórnar Búnaðarbanka Íslands, m.a. vegna þeirra breytinga sem urðu á yfirstjórn bankans við gildistöku laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985.

Breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á 5. og 6. gr. núgildandi laga, að því er varðar umsjón með sjóðnum og endurskoðun reikninga hans, verður að telja eðlilegar í framhaldi af þeim breytingum sem lagðar eru til á skipan stjórnar sjóðsins, sbr. 2. gr. núgildandi laga og 1. gr. frumvarps þessa. Fordæmi er fyrir því að sjóðir, sem tengjast atvinnuvegunum, séu í umsjá Byggðastofnunar, sbr. ákvæði í bráðabirgðalögum nr. 83 28. september 1988, um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Telja verður því full rök fyrir því að tengja Framleiðnisjóð enn frekar Byggðastofnun en nú er.

Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar frumvarpsins ekki skýringar.

Ed. 826. Frumvarp til laga [465. mál]

um búfjárrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. KAFLI

Um tilgang laganna og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja framfarir við ræktun búfjár í landinu til hagsbóta fyrir bændur og neytendur búfjárafurða. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við ræktunarstarfið svo sem lögin tilgreina.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Búfjárræktarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem stofnað er um ræktun ákveðinnar búfjártegundar.

Búfjárræktarsamband er samtök búfjárræktarfélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinafélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem allir stunda sömu búgrein.

Búgreinasamband er samtök búgreinafélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinasamtök eru landssamtök búgreinafélaga eða búgreinasambanda í ákveðinni búgrein.

Búnaðarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði, oftast í einum hreppi, óháð hvers konar búrekstur þeir stunda.

Búnaðarsamband er samtök búfjárræktarfélaga/búgreinafélaga/búnaðarfélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Um skipan búfjárræktar.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með framkvæmd búfjárræktarmála svo sem segir í lögum þessum. Það hefur yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt sem styrkt er af opinberu fé, samræmir hana og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar samkvæmt ákvæðum laganna.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara að einhverju eða öllu leyti með þau verkefni sem ákveðin eru í lögum þessum og snerta viðkomandi búgrein.

5. gr.

Sérstakar búfjárræktarnefndir skulu skipuleggja og veita forustu ræktunarstarfi vegna einstakra búfjártegunda. Landbúnaðarráðherrra skipar búfjárræktarnefndir til tveggja ára í senn. Í búfjárræktarnefnd skulu sitja fimm menn og jafnmargir til vara. Af þeim skulu tveir vera úr hópi bænda í viðkomandi búgrein, kosnir af búgreinasamtökum hennar, séu þau fyrir hendi, en ella skulu Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna hvort sinn mann. Tveir skulu vera starfandi héraðsráðunautar, kosnir af búnaðarþingi. Fimmti fulltrúinn skal vera starfandi landsráðunautur í viðkomandi grein (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi), tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Búfjárræktarnefnd kýs sér formann úr sínum hópi.

Heimilt er að fulltrúar í búfjárræktarnefnd séu þrír eða sjö ef sérstakar ástæður mæla með, þó skulu bændur ætíð eiga þar minnst tvo fulltrúa.

Sé starfandi fagráð, sem bæði búgreinasamtök í viðkomandi búgrein og Búnaðarfélag Íslands eru aðilar að, getur ráðherra falið því verkefni búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein.

6. gr.

Hlutverk búfjárræktarnefnda eru m.a. eftirfarandi:

a. að móta ræktunarstarfið, þar með talið rekstur ræktunarstöðva, skýrsluhald, búfjár- og afurðadóma, val kynbótagripa og önnur viðfangsefni er stuðlað geta að framförum í viðkomandi grein,
b. að gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja,
c. að vera þeim, sem annast leiðbeiningar, rannsóknir, kennslu og búfjárvernd, til ráðuneytis um það sem lýtur að viðkomandi búfjártegund,
d. að vinna verk- og kostnaðaráætlanir vegna búfjárræktarstarfs búnaðarsambandanna í viðkomandi grein.

7. gr.

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt, búfjárræktarsamþykkt, um tilhögun búfjárræktar á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem vænlegast þykir til árangurs, taka fram:

a. að búfjárrækt á sambandssvæðinu lúti stjórn búnaðarsambandsins,
b. að verkefni búnaðarsambands á sviði ræktunar einstakra búfjártegunda séu falin búfjárræktarsamböndum eða búfjárræktarfélögum,
c. að framkvæmd búfjárræktarmála sé falin búgreinafélögum eða búgreinasamböndum enda hafi þau ræktun búfjár á stefnuskrá sinni.

Nánar skal kveðið á um búfjárræktarsamþykktir í reglugerð.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsambönd annast leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt.

Leiðbeiningarþjónusta í búfjárrækt, sem styrks nýtur af opinberu fé, skal vera svo sem hér segir:

a. Ráðunautar búnaðarsambanda (héraðsráðunautar). Stjórn Búnaðarfélags Íslands gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um skiptingu þeirra á milli búnaðarsambanda eða samtaka þeirra á grundvelli tillagna hinna einstöku búfjárræktarnefnda.

b. Landsráðunautar í búfjárrækt skulu vera í öllum búgreinum sem stundaðar eru af bændum í landinu. Enn fremur skal Búnaðarfélag Íslands veita leiðbeiningar í æðarrækt. Heimilt er að störf landsráðunauta séu hlutastörf ef umfang viðkomandi búgreinar krefst ekki heillar stöðu eða fjárveitingar eru takmarkaðar. Landbúnaðarráðherra ákvarðar fjölda landsráðunauta að fengum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Hlutverk ráðunauta er að veita faglegar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu búfjár og hvetja til framfara í framleiðslu búfjárafurða, m.a. með kynningu á niðurstöðum rannsókna og annarra nýjunga sem að gagni geta orðið í ræktunarstarfinu.

Ráðunautar skulu hafa kandídatspróf í búfræði eða sambærilega menntun.

Óheimilt er að fela landsráðunaut framkvæmdastjórn búfjárræktarsambands eða búgreinasamtaka eða önnur störf sem ekki teljast til faglegra leiðbeininga eða ráðgjafar fyrir viðkomandi bændur.

Ríkissjóður greiðir kostnað við störf landsráðunauta en 65% af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun og starfssvið ráðunauta, svo og um launakjör og ferðakostnað, sem þátttaka ríkissjóðs skal miðuð við, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé svo sem hér segir:

a. Með greiðslu allt að helmingi stofnkostnaðar einnar ræktunarstöðvar fyrir hverja búfjártegund enda þjóni hún öllum bændum í viðkomandi grein.

Með ræktunarstöð er átt við: sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi eða stofnræktarbú til ræktunar verðmætra búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.

Heimilt er að hafa ræktunarstöðvar fleiri en eina fyrir hverja grein, enda liggi fyrir sérstakar ástæður sem landbúnaðarráðherra metur gildar að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Nýta skal aðstöðu á búum ríkisins í þessum tilgangi eftir því sem hún leyfir.

b. Með greiðslu 65% af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, sambærileg við laun héraðsráðunauta, og 65% af launum fastráðins aðstoðarfólks, sambærileg við laun frjótækna.

c. Með greiðslu 65% af launum frjótækna. Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda þeirra og viðmiðun um launakjör með sama hætti og segir í 8. gr. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir varðandi greiðslur til afleysingarmanna frjótækna vegna orlofa og veikinda.

Til stofnunar ræktunarstöðvar þarf samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra setur reglugerð um hverja slíka stöð að fengnum tillögum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við stofnun og rekstur sóttvarnastöðva vegna innflutnings búfjár og erfðaefnis.

Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda slíkra stöðva, umfang í starfsemi þeirra og gerir áætlun um rekstur stöðvanna í samráði við búfjárræktarnefnd viðkomandi búgreinar.

11. gr.

Vegna sæðinga mjólkurkúa er búnaðarsamböndum eða öðrum, er reka sæðingarstöðvar heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbú. Gjaldið má að hámarki nema 0,7% af grundvallarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma

og ákvarðar stjórn hlutaðeigandi sambands upphæð gjaldsins hverju sinni. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa samböndum skil á því mánaðarlega, enda hafi stjórnir þeirra tilkynnt búunum fyrir 1. desember að hve miklu leyti þær óski að nota þessa heimild á næsta ári.

Greiða skal úr ríkissjóði styrk vegna sæðinga mjólkurkúa er nemur 95 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Skal styrk þessum varið til að jafna flutningskostnað sæðis og ferðakostnað frjótækna á milli sambandssvæða. Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands hvernig styrk þessum skuli ráðstafað, svo og hvernig árleg verðlagsuppbót á hann skuli ákveðin.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrslna búfjár að hámarki fimm ársverk. Búnaðarfélag Íslands ákveður skiptingu þessara ársverka milli búgreina ef þörf krefur.

Ríkissjóður greiðir eftir því sem fjárlög ákveða hverju sinni framlög til búfjárræktarstarfs á grundvelli búfjárræktarsamþykkta, sbr. 7. gr. Búfjárræktarnefndir skulu skila verk- og kostnaðaráætlun komandi árs til landbúnaðarráðherra fyrir gerð fjárlaga hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Landbúnaðarráðuneyti skal að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands tilkynna skiptingu framlaga milli búnaðarsambanda og búgreina í síðasta lagi sex vikum eftir samþykkt fjárlaga.

13. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að gefa búfjáreigendum kost á dómum á búfé og/eða sérstöku mati á búfjárafurðum eða úrvalsgripum með reglulegu millibili, þó eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Hlutaðeigandi búfjárræktarnefndir setja reglur um fyrirkomulag dóma og mats.

Ráðunautar skulu gegna dóms- og matsstörfum. Kostnaður að frátöldum launa- og ferðakostnaði ráðunauta skal greiddur af þeim samböndum eða félögum sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. Heimilt er þeim aðilum, sem standa fyrir sýningum, að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá samþykktri af ráðherra af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

III. KAFLI

Um verndun séreinkenna í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

14. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis. Áður en heimilaður er útflutningur samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið leita álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis á fyrirhuguðum útflutningi.

Sambönd og félög skv. 7. gr. skulu eiga forkaupsrétt á því verði, sem tilgreint er í umsókn um útflutningsleyfi að þeim kynbótadýrum sem Búnaðarfélag Íslands telur óæskilegt að flutt verði úr landi.

15. gr.

Mynda skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, er veiti styrki og lán til þess að kaupa kynbótagripi sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Kaupendur tímgunarhæfs búfjár, sæðis eða fósturvísa til útflutnings skulu greiða í sjóðinn allt að 20% af kaupverði þessa samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer búfjárræktarnefnd með stjórn hlutaðeigandi deildar.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um upphæð stofnverndargjalda, innheimtu, vörslu og ráðstöfun fjár stofnverndarsjóðs að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar genbankanefnd Íslands fyrir búfé að fengnum tilnefningum frá Búnaðarfélagi Íslands, búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun og Veiðimálastofnun. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni genbankanefndar skulu vera:

a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,
b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Kostnaður vegna verndunaraðgerða greiðist úr ríkissjóði.

Nánar skal kveðið á um starfsemi genbankanefndarinnar í reglugerð að fengnum tillögum þeirra stofnana sem aðild eiga að henni.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt, þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–12. gr., 14.–18. gr., 20.–30. gr., 34.–37. gr., 39.–47. gr. og 60.–63. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, með síðari breytingum, og lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um búfjárrækt eru nr. 31/1973 með síðari breytingum. Frumvarp það sem hér er lagt fram er með með talsvert ólíku sniði enda samið með tvö eftirfarandi meginmarkmið í huga.

1. Að sett verði sérstök lög um búfjárhald.
2. Að vera almenn löggjöf um búfjárræktina.

Því er ekki að finna í frumvarpinu sérstaka kafla um einstakar búfjártegundir. Hins vegar fjallar II. kafli þess um skipan búfjárræktar og tekur jafnt til allra búfjártegunda. Gert er ráð fyrir að ýmis ákvæði í frumvarpinu verði nánar útfærð í reglugerð.

Ætla má að ýmis þau ákvæði sem eru í gildandi lögum verði reglugerðarákvæði ef frumvarp þetta verður lögfest í því formi sem það liggur fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um tilgang laganna.

Um 1. gr.

Greinin er nýmæli. Hún kveður á um tilgang laganna sem er að tryggja framfarir við ræktun búfjár í landinu til hagsbóta fyrir bændur og neytendur búfjárafurða. Jafnframt kveður greinin á um það að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við ræktunarstarfið eftir því sem lögin tilgreina.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um að landbúnaðarráðherra hafi á hendi yfirstjórn þeirra mála er lögin taka til. Þessi grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. gildandi laga.

II. KAFLI

Um skipan búfjárræktar.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar kveður á um að Búnaðarfélag Íslands skuli fara með framkvæmd búfjárræktarmála, hafa yfirumsjón með leiðbeiningaþjónustu í búfjárrækt, sem styrkt er af opinberu fé, samræmi hana og móti heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar samkvæmt ákvæðum laganna.

Þessi málsgrein fellur efnislega að 2. mgr. 1. gr. gildandi laga nr. 31/1973 svo og fyrsta hluta 3. mgr. 1. gr. sömu laga varðandi mótun ræktunarstefnu hverrar búfjártegundar.

Önnur ákvæði 1. gr. gildandi laga koma fram í síðari greinum þessa frumvarps.

Síðari málsgrein þessarar greinar er nýmæli í búfjárræktarlögum. Hún kveður á um að ráðherra geti viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara með verkefni sem snerta viðkomandi búgrein sérstaklega. Greinin á sér hliðstæðu í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Hún veitir svigrúm til þess að framkvæmd búfjárræktarlaga geti fylgt þróun félagskerfis landbúnaðarins ef hún yrði sú að búgreinasamtök eflist á næstu árum og áhugi verði á því að þau taki aukinn þátt í búfjárræktarverkefnum.

Um 5. gr.

Í þessari grein kemur fram hvernig staðið skuli að því að skipuleggja ræktunarstarfið og veita því forustu. Í því sambandi eru eftirfarandi ákvæði sett:

Skipaðar verði búfjárræktarnefndir sem hafi það hlutverk að skipuleggja og veita forystu ræktunarstarfi vegna einstakra búfjártegunda. Gert er ráð fyrir að þessar nefndir séu skipaðar fimm mönnum hver. Þó er heimilt að þeir verði þrír eða sjö ef sérstakar ástæður mæla með. Þar gæti t.d. verið um að ræða þriggja manna nefndir vegna búgreina sem fáir bændur stunda eða sjö manna nefndir þar sem mikið starf væri lagt á herðar nefndanna og nefndarmenn teldu sig þurfa að skipta með sér verkefnum.

Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmanna séu bændur í viðkomandi grein og kosnir af sínum búgreinasamtökum, séu þau starfandi, en ella af búnaðarþingi og Stéttarsambandi bænda, einn maður af hvorum aðila. Tveir skulu vera starfandi héraðsráðunautar kosnir af búnaðarþingi, en einn starfandi landsráðunautur tilnefndur af stjórn búnaðarfélags Íslands. Þar sem áhersla er lögð á að ráðunautarnir séu starfandi í viðkomandi búgrein má búast við að öðru

hverju geti þurft að skipta um þá fulltrúa „á miðju kjörtímabili“. Ef landsráðunautur lætur af störfum við þær aðstæður er eðlilegt að arftaki hans í starfi komi í hans stað sé aðeins einn staða landsráðunautar fyrir hendi. Sömuleiðis má búast við að varamaður landsráðunautar verði oft á tíðum að vera héraðsráðunautur. Búfjárræktarnefndum er ætlað að kjósa sér formenn úr eigin röðum.

Þá er ákvæði sem gerir ráð fyrir að mynduð verði fagráð vegna einstakra búfjártegunda og að ráðherra geti falið þeim að taka við verkefnum sem búfjárræktarnefndum eru falin í þessu frumvarpi. Einu skilyrðin sem frumvarpið setur um aðila að fagráðum svo mögulegt sé að fela þeim verkefni búfjárræktarnefndanna er að bæði búgreinasamtök í viðkomandi grein og Búnaðarfélag Íslands séu aðilar að þeim.

Um þessar mundir er verið að vinna að myndun fagráða vegna tveggja eða þriggja búgreina og hugmyndir um þau hafa verið uppi meðal bænda og starfsmanna landbúnaðarins í nokkurn tíma. Þar sem aðstæður eru mjög mismunandi eftir búgreinum og málin í örri þróun er ekki talið kleift né eðlilegt að skilgreina þau nákvæmlega í lögum nú. Engu að síður er mikilvægt að möguleiki sé fyrir hendi að ætla þeim stað í búfjárræktarstarfinu ef þau ná að eflast og verða aðalvettvangur faglegs starfs innan hverrar búgreinar.

Fagráð eru mynduð með samkomulagi milli viðkomandi búgreinasamtaka, leiðbeininga-, kennslu- og rannsóknastofnana o.fl. aðila ef henta þykir. Við myndun þessara fagráða er gerður samstarfssamningur milli hlutaðeigandi stofnana og viðkomandi búgreinafélags. Þær stofnanir sem hér um ræðir eru Búnaðarfélag Íslands, bændaskólarnir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöðin á Keldum o.fl. stofnanir eftir því sem við á gagnvart hverri búfjártegund.

Tilgangurinn með myndun fagráða er sá að ná saman fulltrúum frá viðkomandi búgrein og þeim stofnunum sem fara með fagmál greinarinnar til þess að fjalla sæmeiginlega um fagsvið hennar og taka sameiginlegar ákvarðanir um stefnumótun og framkvæmd þeirra faglegu málaflokka sem tilheyra viðkomandi grein. Á þann hátt má ætla að best samstaða náist um skipan rannsókna, leiðbeininga og kennslu varðandi hverja búgrein og mannafli og fjármagn nýtist sem best til þess að ná auknum árangri í hverri búgrein.

Gert er ráð fyrir að störf í fagráði verði ólaunuð, en hver aðili beri kostnað af störfum síns/sinna fulltrúa í ráðinu. Gert er ráð fyrir að fagráð haldi fáa fundi á ári, en milli funda starfi fámennari framkvæmdanefndir sem ráðin kjósi eða kveðið verði á um í samstarfssamningum. Fjöldi fulltrúa í fagráðum getur orðið mjög mismunandi allt eftir því hvaða búgreinar eiga í hlut.

Ákvæðin um skipun búfjárræktarnefnda og heimild til myndunar fagráða eru nýmæli frá gildandi lögum nr. 31/1973. Með þessum nýmælum eru bein áhrif starfandi bænda í viðkomandi búgrein á mótun og framkvæmd ræktunarstarfsins verulega aukin frá því sem verið hefur.

Þessi nýmæli 4. gr. koma í reynd efnislega í stað þess ákvæðis í 1. gr. gildandi laga um búfjárrækt nr. 31/1973 þar sem kveðið er á um að Búnaðarfélag Íslands móti heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Stefnumörkunin færist því yfir á breiðari grunn og nánara samstarf verður á milli þeirra félaga og stofnana sem annast framkvæmd hinna ýmsu þátta þessara mála.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um hlutverk búfjárræktarnefnda. Hlutverkin eru tilgreind í fjórum liðum, þ.e. a–d-liðum.

a. Þessi liður kveður á um framkvæmd ræktunarstarfsins sem m.a. felst í mótun á rekstri ræktunarstöðva, sem nánar eru skilgreindar í 9. gr., skýrsluhaldi, mati á búfé og búfjárafurðum, vali á kynbótagripum og öðrum þeim viðfangsefnun sem stuðlað geta að ræktunarframförum.

Val kynbótagripa hefur verið í verkahring kynbótanefnda í nautgripa- og sauðfjárrækt og kynbótanefndar Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti varðandi hrossaræktina, svo langt sem valið á hestum inn á Stóðhestastöðina nær í heildarvali og notkun á kynbótahestum.

Ákvæði 5. gr. um búfjárræktarnefndir felur það í sér að störf kynbótanefnda, í því formi sem þau hafa verið, falla undir verksvið búfjárræktarnefndanna. Val á kynbótagripum er einn þáttur af mörgum sem ræktunarstarfið í hverri búgrein byggist á. Tilgreind ákvæði 5. gr. koma ekki í veg fyrir það að búfjárræktarnefndir (eða fagráð) geti falið kynbótanefndum að starfa áfram með líku sniði og þær hafa gert, og annast framkvæmd á þessum afmarkaða þætti í ræktunarstarfinu, sem er val á kynbótagripum, og þá fyrst og fremst á gripum til notkunar á ræktunarstöð sbr. 9. gr. Ákvörðun um störf kynbótanefnda yrði því tekin af búfjárræktarnefndum.

b. Þessi liður kveður á um að búfjárræktarnefndir geri tillögur um innflutning búfjár. Hann kemur að hluta til efnislega í stað IX. kafla laga nr. 31/1973, 48.–52. gr., að báðum meðtöldum. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að IX. kafli laganna verði í gildi áfram þar til fyrir liggur að innflutningi á gripum af Galloway-stofni sé lokið.

   Þá má í þessu sambandi benda á að frumvarp til laga um innflutning dýra, sem áætlað er að leggja fyrir Alþingi næsta haust, og m.a. hefur fengið umfjöllun búnaðarþings, kveður á um mörg atriði sem innflutning kynbótagripa varða og marka þeim málum ákveðinn farveg.

c. Þessi liður segir að búfjárræktarnefndir skuli vera þeim til ráðuneytis sem annast leiðbeiningar, rannsóknir, kennslu og búfjárvernd um það sem lýtur að viðkomandi búfjártegund. Þar er m.a. átt við Búnaðarfélag Íslands, búgreinasamtök, búnaðarsambönd, búfjárræktarsambönd og búgreinasambönd, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, bændaskólana og genbankanefnd um búfé, sbr. 16. gr. þessa frumvarps. Ráðgjöfin getur náð til skipulags, starfshátta, verkefnavals, kennsluefnis o.fl. allt eftir því sem þiggjendurnir óska eftir eða gefendurnir vilja leggja til.

   Þessi liður tekur efnislega yfir þau ákvæði í lögum nr. 31/1973 sem fjalla um leiðbeiningaþjónustu og í köflum um einstakar búgreinar.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um að hvert búnaðarsamband skuli setja sér búfjárræktarsamþykktir og fara með framkvæmd búfjárræktarmála á sínu svæði ellegar fela þau verkefni einstökum búfjárræktarfélögum, búfjárræktarsamböndum, búgreinafélögum eða búgreinasamböndum.

Með hliðsjón af þeirri þróun, sem verið hefur undanfarið varðandi félagskerfi bænda, þykir ástæða til að halda opnum sem flestum möguleikum varðandi fyrirkomulag eða félagsform þannig að hægt sé að mæta breytilegum aðstæðum og skoðunum varðandi félagsformið.

Þessi grein kemur efnislega í stað ákvæða í lögum nr. 31/1973, um tilhögun búfjárræktarmála hjá búnaðarsamböndum, hreppabúnaðarfélögum eða öðrum þeim sem þar eru tilgreindir.

Um 8. gr.

Í fyrstu málsgrein segir að Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsambönd annist leiðbeiningaþjónustu í búfjárrækt. Út frá því er gengið sem aðalreglu en 4. gr. og 7. gr. gefa heimildir til annars fyrirkomulags.

Að öðru leyti fjallar greinin um hvernig greiða skuli kostnað við leiðbeiningaþjónustuna og hvert umfang hennar skuli vera. Gert er ráð fyrir að starfandi séu héraðsráðunautar annars vegar og landsráðunautar hins vegar.

a. Héraðsráðunautar starfa hjá búnaðarsamböndum eða öðrum þeim aðilum sem fara með leiðbeiningaþjónustu í einstökum héruðum eða landssvæðum. Auk þeirra möguleika sem 7. gr. gerir ráð fyrir kemur hér fram að búnaðarsambönd geti myndað samtök og

sameinast um ráðunauta. Dæmi um slík samtök búnaðarsambanda eru Ræktunarfélag Norðurlands og Búnaðarsamtök Vesturlands. Búnaðarfélag Íslands gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjölda ráðunauta, starfssvið og starfssvæði á grundvelli tillagna einstakra búfjárræktarnefnda.

Vakin skal athygli á því að gera má ráð fyrir hlutfallslega meiri þörf fyrir leiðbeiningaþjónustu í búfjárrækt, og landbúnaði almennt séð, en verið hefur undanfarið. Það kemur einkum til af tveimur meginástæðum:

Í fyrsta lagi vegna nýgreina í búfjárrækt (loðdýraræktar, fiskeldis o.fl.) þar sem hlutaðeigandi bændur hafa ekki getað aflað sér viðunandi þekkingar á þeim skamma tíma sem ýmsar nýgreinar hafa orðið að þróast á. Ætla má að þessi aukna þörf fyrir leiðbeiningar geti verið tímabundin fyrir einstakar nýgreinar.

Í öðru lagi er ekki unnt að draga hlutfallslega úr leiðbeiningaþörf í hefðbundnum búgreinum, miðað við minnkandi framleiðslu eða umfang í þeim greinum. Sá vandi sem felst í því að þurfa að takmarka framleiðslu mjólkur og kindakjöts o.fl. afurða hefur oft skapað aukna þörf fyrir faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf.

b. Lagt er til að landsráðunautaþjónusta sé fyrir hendi vegna allra búfjártegunda af bændum í landinu. Mikilvægt er að í öllum búgreinum sé einhver aðili sem hefur forustu um faglegar leiðbeiningar, ekki síst í nýjum greinum sem bændur eru að taka upp því þá er oft í fá hús að venda að afla sér þekkingar, t.d. vegna fátæklegs lesefnis á íslensku. Heimild er til að störfin séu hlutastörf allt eftir umfangi greina og fjárveitingum. Landbúnaðarráðherra ákvarðar fjölda landsráðunauta.

Sérstaklega er tekið fram að Búnaðarfélag Íslands skuli veita leiðbeiningar í æðarrækt þar sem umdeilanlegt getur verið hvort æðarrækt teljist búfjárrækt þótt ákvæði um hana séu í 46.–47. gr. gildandi laga.

Kveðið er á um hlutverk ráðunauta og menntun. Um hlutverk þeirra segir að þeir skuli veita faglegar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu búfjár, hvetja til framfara í framleiðslu búvara m.a. með kynningu á nýjustu niðurstöðum rannsókna og annarra nýjunga sem að gagni mega koma. Um menntun segir að þeir skuli hafa lokið kandídatsprófi í búfræði.

Þá er ákvæði um að óheimilt sé að fela landsráðunaut önnur störf en teljast til faglegra leiðbeininga eða ráðgjafar. Tilgreind eru störf svo sem framkvæmdastjórn fyrir búfjárræktarsamband eða búgreinasamtök. Þetta ákvæði á að tryggja að þeir fjármunir sem ríkissjóður greiðir vegna starfa landsráðunauta verði í reynd til að greiða fyrir faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf, en ekki ýmiss konar stjórnunarstörf.

Ákvæði er um að ríkissjóður greiði kostnað við störf landsráðunauta, þ.e. laun, ferðakostnað, skrifstofukostnað, nauðsynleg áhöld og annað það sem starfið krefst til þess að ná tilgangi sínum.

Þá er ákvæði um að ríkissjóður greiði 65% af launum héraðsráðunauta og sama hlutfall af ferðakostnaði þeirra.

Loks er ákvæði um að landbúnaðarrráðherra setji nánari reglur um menntun og starfssvið ráðunauta, launakjör og ferðakostnað, sem þátttaka ríkisins skal miðuð við, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Þessi grein kemur í stað hliðstæðra ákvæða í gildandi lögum nr. 31/1973.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um stofnun og rekstur ræktunarstöðva og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri þeirra.

Kveðið er á um:

a. Greiðslu á allt að helmingi stofnkostnaðar einnar ræktunarstöðvar fyrir hverja búfjártegund, þó með þeim fyrirvara að hún þjóni öllum bændum í viðkomandi grein.

Heimilað er að hafa þessar stöðvar fleiri fyrir hverja grein ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi sem landbúnaðarráðherra metur gildar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Þar gæti t.d. verið um heilbrigðisástæður að ræða eða samninga sem þegar liggja fyrir.

Upp á lagt er að nýta aðstöðu á ríkisbúum í þessum tilgangi, eftir því sem tök eru á.

Ræktunarstöð er skilgreind með þrennu móti:

1. Sæðingastöð. Undir þessa skilgreiningu falla nautastöðin á Hvanneyri og dreifistöðvar tengdar henni. Einnig sauðfjársæðingastöðvarnar í Laugardælum, Borgarnesi og Möðruvöllum og refasæðingastöðvar sem starfræktar hafa verið við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og víðar á undanförnum árum. Refasæðingar hafa dregist verulega saman vegna fækkunar á refastofninum sem leitt hefur af verðfalli á afurðum o.fl.

   Ekki eru miklar líkur fyrir þörf á fleiri sæðingastöðvum í þeim búgreinum þar sem þessi starfsemi hefur verið á undanförnum árum, nema ef breyting yrði á varðandi refaræktina.

   Hins vegar má ætla að sæðingar verði teknar upp í öðrum búgreinum, t.d. svínarækt og hrossarækt. Sú starfsemi gæti hugsanlega tengst einhverjum þeirra stöðva eða ríkisbúum sem þegar eru fyrir hendi.
2. Uppeldisstöð fyrir kynbótagripi. Undir það hugtak fellur nautauppeldisstöðin í Þorleifskoti og stóðhestastöðin í Gunnarsholti. Ekki er ástæða til að ætla að fleiri slíkar stöðvar þurfi á næstu árum.
3. Stofnræktarbú. Undir stofnræktarbú fellur hrossakynbótabúið á Hólum. Ekki eru líkur fyrir fleiri slíkum búum í þeirri grein. Gera má ráð fyrir að stofnræktarbú og stofnræktarfélög í sauðfjárrækt verði ekki starfandi til frambúðar. Sama gildir varðandi mjólkurframleiðsluna.

   Til greina gæti hins vegar komið að slík bú þyrfti vegna kjötframleiðslu af nautgripum, alifuglaræktar eða svínaræktar svo og fiskeldis.

   Stofnræktarbú gætu eflaust verið í nánum tengslum við þau ríkisbú sem þegar eru starfrækt a.m.k. hvað varðar nautakjötsframleiðslu, alifuglarækt og svínarækt.

Til stofnunar ræktunarstöðva þarf samþykki landbúnaðarráðherra og reiknað er með sérstakri reglugerð fyrir hverja slíka stöð.

b. Greiðslu á 65% af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, reiknað á sama hátt og héraðsráðunauta og 65% af launum fastráðins aðstoðarfólks, reiknað á sama hátt og laun frjótækna. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim sem eru í 8. gr. laga nr. 31/1973. Hins vegar fellur þar út 2. tölul. sem kveður á um að ríkissjóður greiði allan aukakostnað sem leiðir á einangrun utan djúpfrystistöðvar er ákveðið kann að verða hverju sinni vegna sjúkdómahættu.

   Með þeirri skilgreiningu, sem gerð er hér að framan varðandi sæðingastöð og það sem henni tengist,er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar stöðvar, sem kynni að þurfa að stofna til af öryggisástæðum, umfram það sem þegar hefur verið byggt upp, svo og því sem kemur fram í upphafi þessa stafliðar varðandi launagreiðslu.

c. Greiðslu á 65% af launum frjótækna og afleysingamanna í orlofum og veikindaforföllum. Þetta er hliðstætt ákvæði og er 7. gr. 1. tölul. a-lið, laga nr. 31/1973.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um að ríkissjóður greiði kostnað við stofnun sóttvarnastöðva vegna innflutnings búfjár og/eða erfðaefnis (sæðis eða fósturvísa). Ákvæði er um að landbúnaðar-

ráðherra ákveði fjölda slíkra stöðva, umfang í starfsemi þeirra og geri áætlun um rekstur stöðvanna í samráði við búfjárræktarnefnd viðkomandi búgreinar.

Nú eru starfræktar tvær sóttvarnastöðvar, þ.e. sóttvarnastöðin í Hrísey og sóttvarnabúið á Möðruvöllum sem byggt var og rekið er vegna innflutnings á loðdýrum. Reynslan af stofnun og rekstri þessara sóttvarnabúa sýnir að ríkissjóður verður að standa að þessari uppbyggingu og aðstoða við rekstur. Það þýðir hins vegar ekki að rekstur þessara stöðva geti ekki skilað rekstrartekjum, sem gætu staðið undir rekstri og jafnvel stofnkostnaði, a.m.k. að hluta. Það byggist á því hvers eðlis þessar sóttvarnastöðvar eru og hvert umfang þeirra er í stofnkostnaði og rekstri miðað við hugsanlegar rekstrartekjur. Ákvæði greinarinnar útiloka heldur ekki að eitthvert fjármagn komi frá viðkomandi búgrein vegna stofnkostnaðar og reksturs sóttvarnastöðvar, t.d. gegnum kjarnfóðurgjald. Því er eðlilegt og nauðsyn að landbúnaðarráðherra ákveði framgang þessara mála hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi búfjárræktarnefnd og í samræmi við þau lagaákvæði sem gilda hverju sinni, varðandi þann innfluting sem hér um ræðir.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um heimild til handa búnaðarsamböndum og öðrum samtökum, sbr. 6. gr., að innheimta 0,7% gjald af grundvallarverði innveginnar mjólkur vegna kostnaðar við sæðingar mjólkurkúa.

Þetta ákvæði er óbreytt frá ákvæðum 7. gr. laga nr. 31/1973, a-lið 2. tölul. d-liðar greinarinnar.

Þá er ákvæði um að greiða skuli úr ríkissjóði styrk vegna sæðinga mjólkurkúa er nemur 95 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Verðuppbót á þennan styrk skal ákveðin af landbúnaðarráðherra. Þetta er hliðstætt ákvæði og í 7. gr. laga nr. 31/1973 b-lið 1. tölul. d-liðar greinarinnar en er lækkun á styrk um 88.07 kr. á sædda kú.

Efnisbreyting er þó sú að lög nr. 31/1973 kveða á um að hliðstætt gjald greiðist til rekstraraðila, þ.e. dreifistöðva, í beinu hlutfalli við fjölda sæddra kúa, en frumvarpið gerir ráð fyrir að þessum styrk verði varið til að jafna flutningskostnað á sæði, þ.e. ferðakostnað frjótækna á milli sambandssvæða.

Þar sem þetta er eina greinin í frumvarpinu sem tekur sérstaklega til einnar búfjártegundar skal vakin athygli á því að þetta er eina búfjártegundin þar sem tímgunin byggist nær algjörlega á sæðingum.

Um 12. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. kveður á um að ríkissjóður greiði laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarsskýrslna búfjár, þó að hámarki fimm ársverk.

Þetta ákvæði er nýmæli frá lögum nr. 31/1973 þótt ríkissjóður hafi greitt þessa vinnu að hluta gegnum fjárveitingar til Búnaðarfélags Íslands. Hinn hlutinn hefur verið greiddur af framlögum samkvæmt búfjárræktarlögum 3. tölul. 10 gr. og 2. tölul. 15. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli varðandi þessa greiðslu. Gert er ráð fyrir svipuðu formi og verið hefur undanfarið varðandi þetta uppgjör og úrvinnslu. Einnig er ákvæði um að Búnaðarfélag Íslands ákveði skiptingu þessara fimm ársverka milli búgreina ef þörf krefur.

Síðari mgr. 12. gr. er ákvæði þess efnis að ríkssjóður greiði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni, framlög til búfjárræktstarfs á grundvelli búfjárræktarsamþykkta, sbr. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að búfjárræktarnefndir geri verk- og kostnaðaráætlanir á grundvelli upplýsinga frá búnaðarsamböndunum. Þessar áætlanir verði lagðar fyrir landbúnaðarráð-

herra áður en að gerð fjárlaga kemur hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Fjárveitingar verði ákvarðaðar með hliðsjón af tillögum búfjárræktarnefndanna og þar með tekin afstaða til hvaða verkefni á sviði búfjárræktar verði unnin fyrir fé úr ríkissjóði á komandi ári. Þegar fjárlög liggja fyrir skal landbúnaðarráðuneytið greina frá hvernig búfjárræktarframlög komandi árs skiptast milli búnaðarsambanda og til hvaða starfsemi þau skulu renna. Þetta skal gert eigi síðar en sex vikum eftir samþykkt fjárlaga svo tími vinnist til að endurskoða áætlanir nýs árs ef þörf krefur.

Hér er um viðamikla efnisbreytingu að ræða frá lögum nr. 31/1973. Í þeim eru skýr ákvæði um greiðslur úr ríkissjóði til einstakra þátta búfjárræktarinnar. Þau ákvæði er að finna í flestum köflum laganna.

Þrátt fyrir þau ákvæði sem eru í lögum nr. 31/1973 um þessi framlög hafa þau ekki skilað sér sem skyldi vegna síðasta árs og á fjárlögum fyrir árið 1989 er einungis gert ráð fyrir greiðslu á launahluta ríkissjóðs til frjótækna af þeim greiðslum sem lögin kveða á um. Greiðsluskyldan er í sumum tilfellum tekin af, eða talin vera það, með öðrum lögum, auk þess sem þessi ákvæði laganna þykja ekki lengur falla að ríkjandi aðstæðum, og stundum vitnað til þess að verið sé að greiða framlög til einstaklinga vegna búfjárræktar þeirra. Þetta má til sanns vegar færa hvað varðar greiðslu verðlauna á búfjársýningum.

Tilgangurinn með búfjársýningum er m.a. sá að vekja athygli á bestu kynbótagripunum, sem völ er á hverju sinni, og veita eigendum þeirra viðurkenningu fyrir þeirra framlag til aukins árangurs í ræktunarstarfinu, sem oftast nýtist heildinni, miðað við það fyrirkomulag sem unnið er eftir.

Önnur framlög sem greidd hafa verið skv. lögum nr. 31/1973 hafa verið greidd til ýmissa félaga og sambanda þeirra sem staðið hafa fyrir og unnið að ræktunarstarfinu sem byggir fyrst og fremst á skýrsluhaldinu yfir ætterni og afurðir einstakra gripa innan hverrar búfjártegundar.

Í sambandi við skýrsluhaldið er ástæða til að taka fram og leggja sérstaka áherslu á að búfjáreigendur hér á landi leggja sjálfir af mörkum langt um meiri vinnu við skráningu á upplýsingum, en bændur í nálægum löndum. Greiðsla fyrir vinnu við skýrsluhald yfir búfé er því tiltölulega lág hér miðað við það sem annars staðar þekkist og einstaklingar fá ekki greiðslu í sinn hlut fyrir þá vinnu sem þeir leggja af mörkum.

Framlög þau sem greidd hafa verið samkvæmt búfjárræktarlögum eru því fyrst og fremst félagslegs eðlis og hafa runnið til þeirra félaga sem vinna að búfjárræktinni.

Þá skal sérstaklega bent á það að búnaðarsamböndin í landinu hafa haft verulegar tekjur af þeim framlögum sem greidd hafa verið samkvæmt búfjárræktar- lögum þar sem ákveðið hlutfall af þessum framlögum hefur gengið til sambandanna, m.a. til þess að standa að hluta undir þeim kostnaði sem búnaðarsamböndin hafa af vinnu við framkvæmd á þessum tilgreindu lögum.

Falli þessi framlög niður, og þar með sá hluti þeirra sem runnið hefur til búnaðarsambandanna, er vandséð hvernig þau geta mætt því tekjutapi og haldið uppi þeirri starfsemi sem þeim er ætluð.

Því er ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessu vandamáli og leggja áherslu á að það verði jafnan tekið til sérstakrar athugunar við framkvæmd á síðari mgr. 12. gr. þessa frumvarps og setningu reglugerðarákvæða varðandi hana.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um mat á búfé og búfjárafurðum. Þar er kveðið á um að skylt sé að gefa búfjáreigendum kost á mati á búfé og búfjárafurðum með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en fjórða hvert ár.

Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi búfjárræktarnefndir setji reglur um þetta mat sem nær til bæði búfjárins og afurða af því. Undir þetta mat falla afkvæmadómar, kjötsýningar, sýningar á loðskinnum o.fl.

Fram kemur að ráðunautar skuli annast matsstörf og kostnaður, annar en launa- og ferðakostnaður, greiðist af þeim búnaðarsamböndum (eða staðgenglum þeirra) sem í hlut eiga.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða í lögum nr. 31/1973 sem fjalla um búfjársýningar og afkvæmasýningar á búfé.

Þeim aðilum, sem fyrir sýningum standa, er nú heimilað að innheimta gjald af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru. Upphæð slíkra gjalda verður að vera samþykkt af ráðherra. Þessi grein er nýmæli en getur ráðið úrslitum um það hvort félítil samtök geta staðið fyrir myndarlegum búfjársýningum með tilheyrandi kostnaði, svo sem af tölvuskráningu og útgáfu sýningarskráa.

Loks eru ákvæði sem skylda sláturleyfishafa til að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í 25. gr. gildandi laga.

III. KAFLI

Um verndun séreinkenna í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytisins. Leita skal álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis áður en útflutningsleyfi eru veitt.

Þá er einnig þeim félögum og samböndum sem fara með búfjárræktarmál, sbr. 7. gr., ákveðin forkaupsréttur á kynbótagripum sem verðmætir þykja og fyrirhugað er að flytja úr landi af hvaða búfjártegund sem er. Slíkt ákvæði er nú aðeins í lögum um útflutning hrossa. Verði forkaupsréttar neytt er skilyrt að verð skuli það sama og tilgreint var þegar sótt var um útflutningsleyfi.

Þetta er nýtt ákvæði frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um sérstakan sjóð, „stofnverndarsjóð“ er veiti lán og styrki til kaupa á kynbótagripum sem annars kynnu að verða seldir úr landi. Ákvæði er um að kaupendur tímgunarhæfs búfjár eða erfðaefnis til útflutnings skulu greiða sjóðunum allt að 20% gjald af kaupverði þessa samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra. Lagt er til að sjóðnum sé skipt í deildir eftir búfjártegundum og búfjárræktarnefnd fari með stjórn hlutaðeigandi deildar. Efnislega kemur þessi grein í stað 37. gr. í gildandi búfjárræktarlögum.

Kveðið er á um að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um upphæð stofnverndargjalda, innheimtu, vörslu og ráðstöfun fjár stofnverndarsjóðs að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um skipun og hlutverk genbankanefndar Íslands fyrir búfé en hliðstæð nefnd hefur verið starfandi án sérstakrar stoðar í lögum. Ráðherra skipar nefndina til þriggja ára í senn eftir tilnefningum Búnaðarfélags Íslands, búvísindadeildar Bændaskólans á

Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnunar og Veiðimálastofnunar.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru skilgreind svo: a) Að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum og b) að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um séstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir kostnaður vegna verndunaraðgerða greiðist úr ríkissjóði.

Starfsemi genbankanefndarinnar skal nánar ákveðin í reglugerð.

IV KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 17. gr.

Uppbygging frumvarpsins gerir ráð fyrir að við þau verði sett ítarleg reglugerð auk sérstakra reglugerða í ákveðnum tilfellum, sbr. 9. gr.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Fram kemur í upphafi þessarar greinargerðar að frumvarp þetta er samið með það í huga að sett verði sérstök lög um búfjárhald. Því eru ekki tekin inn í frumvarpið þau ákvæði sem eru í lögunum nr. 31/1973 og kveða á um búfjárhald. Einnig halda gildi sínu ákvæði sem ræktun Galloway-nautgripa í Hrísey byggja á.

Ofangreind ákvæði eru:

1. Ákvæði í 13. gr. um vörslu nauta.
2. Ákvæði í 19. gr. um vörslu hrúta.
3. Ákvæði í 31. gr. um vörslu stóðhesta.
4. Ákvæði í 32. gr. um heimild til undanþágu frá vörslu stóðhesta.
5. Ákvæði í 33. gr. um skaðabótaskyldur vegna lausagöngu stóðhesta.
6. Ákvæði í 38. gr. um bann við lausagöngu hrossa.
7. Ákvæði IX kafla um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé, 48.–52. gr., báðar meðtaldar.
8. Ákvæði X kafla um forðagæslu, 53.–59. gr., báðar meðtaldar.

Fylgiskjal.

Áætlaður kostnaður ríkissjóðs við framkvæmd á frumvarpi til laga um búfjárrækt

A. Vegna 8. gr.

1. Kostnaður vegna landsráðunauta í búfjárrækt.

Samkvæmt reikningum Búnaðarfélags Íslands fyrir árið 1988 var kostnaður við störf landsráðunauta í búfjárrækt sem hér segir það ár.

Búfjárgrein	Laun kr.	Ferðakost. kr.	Annað kr.	Samtals kr.
Nautgriparækt	2.406.998	271.593	18.848	2.697.439
Sauðfjárrækt	777.667	380.904	30.037	1.188.608
Hrossarækt	2.547.394	941.434	289.184	3.778.012
Alifugal og Svínarækt	771.439	134.439	60.000	965.878
Fiskeldi	1.280.900	263.613	183.239	1.727.752
Loðdýrarækt	901.609	339.796	1.465	1.242.870
Fóðurfræði	1.437.090	410.805	41.428	1.889.323
Kanínurækt	387.046	132.168	0	519.214
Landnýting og Sauðfjárrækt	1.335.269	188.431	18.894	1.542.594
Samtals	11.845.412	3.063.183	643.095	15.551.690

Til frekari skýringar á þessum kostnaðarliðum skal tekið fram, að starf ráðunautar í fóðurfræði tengdist fyrst og fremst loðdýraræktinni og starf landnýtingarráðunauts er að hálfu í sauðfjárrækt.

Kostnaður við störf landssráðunauta hefur verið greiddur af fjárveitingum til Búnaðarfélags Íslands. Gera má ráð fyrir svipuðu umfangi í þessum störfum og verið hefur, þannig að kostnaðarlega séð er þessi liður í reynd óbreyttur frá því sem verið hefur.

2. Kostnaður vegna launahluta héraðsráðunauta.

Launahluti ríkisjóðs vegna launa héraðsráðunauta á árinu 1988 nam kr. 24.806 þús. Þetta er greiðsla vegna allra starfandi héraðsráðunauta. Ætla má að helmingur þessara upphæðar, eða a.m.k. 12,5 millj. króna, sé vegna launahluta héraðsráðunauta í búfjárrækt. Þó gæti þetta hlutfall verið eitthvað hærra vegna mikilla leiðbeininga í sumum héruðum á sviði loðdýraræktar, hin síðari ár.

Á fjárlögum hefur þessi kostnaðarliður í heild verið tengdur jarðræktarlögum og greiddar af því fjármagni sem veitt hefur verið samkv. þeim.

Gera má ráð fyrir svipaðri stöðu hvað þennan gjaldalið áhrærir á komandi árum, þannig að þessi liður er í reynd óbreyttur fá því sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1973.

3. Ferðakostnaður héraðsráðunauta.

Greiðsla vegna þessa liðar á árinu 1988 nam kr. 4.129. þús, en það er greiðsla vegna ferðakostnaðar sem féll til á árinu 1987. Kostnaðarreikningar fyrir árið 1988 liggja ekki enn fyrir hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Greiðsla þessi tekur til ferðakostnaðar allra héraðsráðunauta og má ætla a.m.k. helmingur þeirra upphæðar sem tilgreind er sé vegna starfa á sviði búfjárræktar.

Í reynd er þessi gjaldaliður óbreyttur frá því sem lög nr. 31/1973 kveða á um.

B. Vegna 9. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir eftirfarandi framlögum samkv. þessari grein:

a) Stofnkostnaði vegna ræktunarstöðva. Undir það fellur húsaleiga, sem greidd er til Búnaðarfélags Íslands vegna Nautauppeldisstöðvarinnar í Þorleifskoti, árið 1988 að upphæð **673.000 kr.**
Þessi kostnaður hefur verið greiddur skv. b-lið 7. gr. og 2. tölulið 8. gr. laga nr. 31/1973 og er því óbreyttur í frumvarpinu.

b) Greiðslu á 65% af launum forstöðumanna og fastráðins aðstoðarfólks ræktunarstöðva. Undir þennan lið falla greiðslur samkv. 8. gr. laga nr. 31/1973 2.166 þús. kr. Vegna launahluta forstöðumanna og aðstoðarmanna við Nautastöðina á Hvanneyri og Nautauppeldisstöðina í Þorleifskoti.
Greiðsla skv. 36. gr. laga nr. 31/1973 467 þús. kr. til Hrossakynbótabúsins á Hólum og skv. sömu gr. 311 þús. kr. til Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Samtals 2.944 þús. kr.
Þessir kostnaðarliðir standa því efnislega óbreyttir í frumvarpinu frá því sem er í lögum nr. 31/1973.

c) Greiðslu á 65% launum frjótækna. Þessi kostnaðarliður nam 14.117 þús. kr. á árinu 1988 og hefur verið greiddur skv. 7. gr. laga nr. 31/1973, og einungis tekið til greiðslu á launum frjótækna við sæðingar kúa. Frumvarpið gerir hinsvegar ráð fyrir að greiddur sé sama hlutfall af launum frjótækna við sauðfár- og refasæðingar o.fl. greina ef til kemur. Þessum viðbótarkostnaði má áætla 1.300 þús. kr. vegna sauðfjársæðinga, sem á móti því gerir frumvarpið ráð fyrir að greiðsla skv. 16. gr. laga nr. 31/1973 falli niður, þ.e. framlag á sæddar ær, sem áætla má næstum sömu upphæð og hér um ræðir. Hinsvegar kemur launahluti vegna refasæðinga sem viðbót og má áætla þá upphæð **1.000 kr.** eða samtals skv. c-lið **16.417 þús. kr.** miðað við launakostnað eins og hann reyndist vera á árinu 1988. Samtals skv. 8. gr. 20.035 þús. kr.
Hér er því gert ráð fyrir hækkun um 2,3 millj. kr. en á móti kemur lækkun á öðrum lið sem nemur 1,3 millj. kr. Þannig að nettó hækkun nemur **1 millj. kr.** eða sem svarar áætluðu launahlutfalli af launum frjótækna við refasæðingar.

C. Vegna 10. gr.

Greiðslur skv. þessari grein koma ekki til nema eftir ákvörðunum, sem teknar kunna að verða varðandi sóttvarnarstöðvar, og er það á valdi landbúnaðarráðherra.

D. Vegna 11. gr.

Greinin kveður á um greiðslu úr ríkissjóði sem nemur 95,00 kr. pr. sædda kú. Á árinu 1988 voru sæddar 28103 kýr. Skv. 7. gr. laga nr. 31/1973 nemur hliðstætt framlag pr. kú fyrir árið 1988 183,07 kr. eða í heild **5.145 þús. kr.** Framlag það sem frumvarpið gerir ráð fyrir er 48% lækkun frá því sem nú er og verður **2.670 þús. kr.** miðað við sama kúafjölda og sæddar voru árið 1988. Lækkun nemur því **2.475 þús. kr.** eða 48% eins og áður er sagt.

E. Vegna 12. gr.

Fyrri málsgrein:

Greiðslur aðstoðarfólks að uppgjöri og úrvinnslu ræktunarskýrslna að hámarki 5 ársverk má áætla á **5.000 þús. kr.** Þessi kostnaður hefur verið greiddur af fjárveitingu t.d. Búnaðarfélags Íslands að hluta til en að hinu leyti skv. 3. tölul. 10. gr. laga nr. 31/1973 þ.e. afkvæmarannsókna á grundvelli skýrsluhalds.

Fyrir árið 1988 nemur það 1.127 þús. kr. Einnig skv. 2. tölul. 15. gr. laga nr. 31/1973 þ.e. 10% af framlagi út á skýrslufærðar ær. Fyrir árið 1988 nemur sú upphæð **1.800 þús. kr.** Samtals nema þessir tveir liðir **2.927 þús. kr.** Gert er ráð fyrir að þeir falli báðir út, þannig að eftir stendur mismunur (5.000 ÷ 2.927) 2.073 þús. kr.

Síðari málsgrein:

2. mgr. 12. gr. kveður á um að ríkissjóður greiði, eftir því sem fjárlög ákveða hverju sinni framlög vegna skýrsluhalds í búfjárrækt.

Undir slíka fjárveitingu myndu falla eftirtaldar greiðslur skv. lögum nr. 31/1973

1. **Nautgriparækt**
   Framlag á skýrslufærðar kýr skv. 9. gr. laga nr. 31/1973 4.146 þús. kr.
2. **Sauðfjárrækt**
   Framlög til félaga og sambanda vegna Skýrsluhalds, 90% af greiðslu skv. 15. gr. laga nr. 31 1973 16.200 þús. kr.
3. **Hrossarækt**
   Framlög á skýrslufærðar hryssur skv. 29. gr. laga nr. 31/1973 633 þús. kr. Framlög á stóðhesta skv. 30. gr. laga nr. 31/1973 4.442 þús. kr. = **5.075.- Samtals 25.421 þús. kr.**

Skv. lögum nr. 31/1973 hafa greiðslur þær sem tilgreindar eru undir töluliðnum 1–3 verið greiddar til eftir talinna aðila.

Skv. 9. gr.	til búnaðarsambanda	50%
	til nautgriparæktar eða/búnaðarfélaga	50%
Skv. 15. gr.	til búnaðrasambanda	20%
	til sauðfjárræktarfélaga	70%
Skv. 29. gr.	til hrossaræktarsambanda	20%
	til hrossaræktarfélaga	80%
Skv. 30. gr.	til hrossaræktarsambanda	100%

F. Vegna 16. gr.

Greiðsla til verndunar búfjártegunda þ.e. geitfjárstofninum kr. 460 þús. Þetta er hliðstæð greiðsla og nú er skv. 26. gr. laga nr. 31/1973. Greitt til eigenda geitfjár, sem viðurkenning fyrir að halda stofninum við.

Framlög sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli út en kveðið er á um í lögum nr. 31/1973 eru þessi:

	þús. kr.
Afkvæmarannsóknir skv. 10. gr.	1.127
Framlag skv. 3. tölul. 15. gr.	1.800
Framlag á sæddar ær skv. 16. gr.	1.300
Framlög til stofnræktar skv. 18. gr.	268
Verðlaun skv. 23 gr.	31
Afkvæmarannsóknir skv. 24. gr.	1.261
Framlög á framtalin hross skv. 28. gr.	1.769
Framlag til stofnræktar skv. 36. gr.	45
Samtals	**7.628**

Nd. 827. Frumvarp til laga [466. mál]

um vörsluskyldu búfjár á Reykjanesskaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Öllum eigendum og forráðamönnum búfjár í landi Gullbringusýslu, kaupstöðum innan hennar svo og í landi Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps, sem er vestan girðingar sem lögð verður úr höfuðborgargirðingu við Kaldársel um Kleifarvatn og í sjó við Krísuvík, er skylt að hafa allt búfé á þessu svæði, sem ekki er geymt í húsum, í öruggri vörslu á landi sínu eða innan sérstakra beitarhólfa allt árið.

2. gr.

Girðingar skulu vera löggirðingar, sbr. lög nr. 10 25. mars 1965, eða annarrar gerðar, þannig að þær veiti fullnægjandi vörslu fyrir það búfé sem áformað er að geyma innan þeirra.

Með búfé er í lögum þessum átt við sauðfé, geitur, nautgripi og hross.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bann verði sett við lausagöngu búfjár í landi Gullbringusýslu, kaupstöðum innan hennar, svo og Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps, vestan girðingar sem ákveðið er að girða úr höfuðborgargirðingunni, eða svonefndri ofanbyggðargirðingu, við Kaldársel, um Slysadali, Breiðdal, Kleifarvatn og í sjó fram við Krísuvík niður af Stóru-Eldborg.

Vestan þessarar girðingar yrði öllum eigendum og forráðamönnum búfjár skylt að hafa allt búfé sem ekki er geymt í húsum í öruggri vörslu innan girðinga allt árið.

Margir aðilar og félagasamtök hafa hvatt til þess að lausaganga búfjár verði bönnuð í Gullbringusýslu.

Á aðalfundi sýslunefndar Gullbringusýslu hinn 7. júlí 1988 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Sýslunefnd Gullbringusýslu skorar ítrekað á stjórnvöld að beita sér fyrir því, að Gullbringusýsla verði friðuð fyrir lausagöngu búfjár. Sýslunefnd Gullbringusýslu vill vekja athygli á því, að skv. afsalsbréfi landbúnaðarráðherra dags. 29. september 1941 er sýslunefnd Gullbringusýslu eigandi að beitarrétti í landi Krísuvíkur."

Í samræmi við framangreinda tillögu sýslunefndar hefur landgræðslustjóri í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 27. júlí 1988, gefið eftirfarandi umsögn:

„Mál þetta er mjög athyglisvert og brýnt, þar sem ástand gróðurs á Reykjanesi er yfirleitt óviðunandi og þrátt fyrir verulega fækkun sauðfjár á þessu svæði kemur sauðfjárbeitin í veg fyrir að gróðri fari þar fram sem skyldi. Verst er ástandið í útlandi Krísuvíkur og þarfnast það svæði tafarlausrar friðunar. Ljóst er að ef unnt verður að framkvæma bann við lausagöngu búfjár á umræddu svæði væri það fordæmi fyrir fleiri slíkar aðgerðir, sem því miður er víða þörf á. Það er brýnt að taka mál þetta föstum tökum og ná víðtækri

samstöðu um aðgerðir. Starfsmenn stofnunarinnar eru reiðubúnir til þess að starfa með landbúnaðarráðuneytinu að framgangi þessa máls".

Búfjárhald, og þó einkum sauðfjárhald á Reykjanesskaga, hefur að mörgu leyti sérstöðu miðað við önnur landssvæði.

Til undantekninga heyrir að fjölskyldur hafi lífsviðurværi af sauðfjárbúskap og ljóst er að ekki væri um verulega byggðaröskun að ræða þótt fé fækkaði og sauðfjárbeit yrði takmörkuð við ákveðin svæði.

Gróðureyðing á sér stað á vissum svæðum í Gullbringusýslu sem mikilvægt er að stöðva og þá ber nauðsyn til að efla þann gróður sem eftir er. Það væri mikill ávinningur til eflingar gróðurs ef lausaganga búfjár yrði takmörkuð á þessu stóra en hrjóstruga landsvæði.

Fyrirbyggja þarf slys af völdum búfjár á Reykjanesbraut. Sveitarfélögin hafa ítrekað krafist girðingar sunnan við Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar að landgræðslugirðingunni í Vogum. Sú girðing yrði kostnaðarsöm auk þess sem hún veldur náttúruspjöllum. Þar að auki er fyllsta ástæða til að fækka girðingum sem mest.

Fullvirðisréttur bænda á því svæði sem fyrirhugað er að banna lausagöngu á er rúm 1300 ærgildi. Hins vegar eru á svæðinu um 2600 kindur samkvæmt forðagæsluskýrslu 1989.

Verði bústofn bænda í samræmi við fullvirðisrétt mun sauðfé fækka enn frekar frá því sem nú er og þar með verða léttara að hafa það innan girðingar allt árið.

Á þessu ári hefur verið unnið að þessu máli af hálfu landbúnaðarráðuneytisins, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins með það að markmiði að lausaganga búfjár í Gullbringusýslu verði bönnuð frá og með áramótum 1990.

Sl. sumar fóru fulltrúar ráðuneytisins og Landgræðslunnar á stjórnarfund hjá Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum og lýstu þar hugmyndum sínum. Þar var þessu máli vel tekið og lýsti stjórn samtakanna stuðningi sínum við þær.

Þann 25. nóvember var haldinn fundur þar sem fulltrúar allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum voru boðaðir, ásamt sýslumanni Gullbringusýslu, bæjarfógetanum í Hafnarfirði og framkvæmdastjórum SSS. Þar var markmiðið kynnt og rætt. Var ekki annað að heyra en fundarmenn væru sammála erindinu. Sérstaklega var undirstrikað að tíminn væri naumur í þessu máli og að krafa um girðingu meðfram Reykjanesbraut stæði óbreytt ef ekki tækist að koma á banni við lausagöngu búfjár á svæðinu frá ársbyrjun 1990.

Þann 1. desember var síðan haldinn annar fundur um sama efni. Á þann fund voru boðaðir fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi sauðfjárbænda, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráði, Búnaðarsambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu, Félagi sauðfjárbænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ráðunaut Búnaðarsambands Kjalarnesþings og félögum sauðfjárbænda af svæðinu. Alls mættu 18 aðilar á fundinn. Svo sem að líkum lætur voru skoðanir nokkuð skiptar, en umræður málefnalegar. Fram kom nauðsyn þess að fjárhólf væru undirbúin í tíma og að leitað yrði samninga við búfjáreigenda um þau.

Í janúar sl. skipaði landbúnaðarráðherra fjögurra manna nefnd til að vinna frekar að framgangi málsins. Í henni eiga sæti Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Ólafur R. Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Stefán H. Sigfússon landgræðslufulltrúi og Valur Þorvaldsson, ráðunautur Búnaðarsambands Kjalarnesþings.

Nefndin hitti að máli fulltrúa frá Grindavíkurbæ, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnarfjarðarbæ ásamt fulltrúum fjáreigenda og landeigenda á svæðinu, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, formann gróðurverndarnefndar Gullbringusýslu og fulltrúa frá stjórn Reykjanesfólksvangs. Á grundvelli þeirra viðræðna lagði nefndin fram ákveðna tillögu um beitarhólf innan friðaða svæðisins og kostnaðarskiptingu vegna girðingaframkvæmda.

Góðar vonir standa til að fullt samkomulag geti tekist um tilhögun búfjárhalds á svæðinu og gerð sérstakra beitarhólfa innan hins friðaða svæðis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um vörsluskyldu eigenda og forráðamanna búfjár. Rétt þykir að ákvæði þetta taki bæði til eigenda búfjár og forráðamanna ef þeir eru ekki eigendur. Nær vörsluskyldan til alls búfjár í því landi Gullbringusýslu, kaupstaða innan hennar, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps sem er vestan þeirrar girðingar sem fyrirhuguð er og gerð grein fyrir í lagagreininni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er vísað til girðingalaga nr. 10/1965, en þau lög hafa að geyma ákvæði um gerð og frágang girðinga. Hins vegar hefur 2. mgr. að geyma afmörkun á því til hvaða búfjártegunda lögin ná, þ.e. sauðfé, geitur, nautgripi og hross.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir gildistöku 1. janúar 1990, enda þykir eðlilegt að nokkur tími líði frá samþykkt laganna til gildistöku vegna þeirra ráðstafana sem eigendur og forráðamenn búfjár kunna að þurfa að gera.

Sþ. 828. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um takmörkun á sauðfjárbúskap í þéttbýli.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að setja reglur sem takmarka sauðfjárbúskap í þéttbýli.

Greinargerð.

Samdráttur í framleiðslu á kindakjöti hefur valdið sauðfjárbændum miklum erfiðleikum. Við gerð búvörusamninga milli ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda var stefnt að því að minnka framleiðsluna um 2000–2500 tonn. Til þess að gera þetta mögulegt hefur framleiðsluréttur verið keyptur upp eða leigður af opinberum aðilum, auk þess sem sauðfé hefur verið skorið niður vegna riðuveiki. Aðgerðir stjórnvalda til mótvægis, þar sem bændur hafa verið styrktir til að taka upp breytta búskaparhætti, hafa ekki vegið upp á móti samdrættinum.

Telja verður eðlilegt að við þessar aðstæður sé sauðfjárbúskapur takmarkaður við lögbýli og þá aðila eina sem sækja lífsviðurværi sitt í þessa atvinnugrein. Það hefur ekki verið gert. Þrátt fyrir mikinn samdrátt hjá þeim bændum, sem byggja afkomu sína á sauðfjárrækt og hafa fáa aðra möguleika til atvinnu, hefur lítið verið gert til að draga úr sauðfjárhaldi í þéttbýli. Þar stunda menn sauðfjárbúskap, aðallega sér til ánægju, og framleiða töluvert magn af kindakjöti til neyslu innan lands án fullvirðisréttar.

Óeðlilegt er að þessi búfjáreign frístundabænda skuli í raun skerða möguleika þeirra sem eru háðir sauðfjárrækt um lífsviðurværi og því rétt að tillit sé tekið til þess þegar ákvarðanir eru teknar um takmörkun á framleiðslu kindakjöts.

Ágangur af völdum búfjár í þéttbýli skapar einnig önnur vandamál víða um land. Má þar nefna skemmdir á görðum og lóðum, umferðarhættu og gróðurskemmdir vegna beitar. Þá takmarkar sauðfjárhald í þéttbýli aðra nýtingu lands, svo sem til skógræktar og útivistar.

Nd. 829. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [468. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson,
Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Í 1. og 2. málsl. 8. gr. falli brott orðin „sameinaðs".

2. gr.

Í 11. gr. falli brott í 3. mgr. orðin „í sameinuðu þingi".

3. gr.

24. gr. orðist svo:

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er það var rofið, enda komi þingið saman á ný eigi síðar en 4 mánuðum eftir þingrofið.

4. gr.

25. gr. falli brott.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti, að tillögu ráðherra, gefið út bráðabirgðalög milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi þegar er það er saman komið. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög einum mánuði eftir að þing er sett og falla þau þá úr gildi.

6. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

7. gr.

Í stað IV. kafla stjórnarskrárinnar, 35.–58. gr., komi nýr IV. kafli með eftirfarandi greinum:

a. (35. gr.)

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Breyta má þessu með lögum.

Sé ný ríkisstjórn mynduð meðan Alþingi situr ekki skal það kvatt saman innan þriggja vikna frá skipunardegi stjórnarinnar.

b. (36. gr.)

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

c. (37. gr.)

Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt getur forseti að tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

d. (38. gr.)
Alþingi sker sjálft úr hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

e. (39. gr.)
Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

f. (40. gr.)
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.

g. (41. gr.)
Alþingi kýs forseta sinn og stýrir hann störfum þess.

h. (42. gr.)
Alþingi kýs fastanefndir til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum.
Alþingi kýs stjórnsýslunefnd til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún rannsakar, en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka mál er það tiltekur. Nefndin hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum.

i. (43. gr.)
Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til þingsályktana hafa þingmenn, þingnefndir, þingflokkar, ráðherrar og ríkisstjórn.
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum á Alþingi. Meira en helmingur þingmanna þarf að vera á fundi til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál við hverja umræðu; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði og lagafrumvarpið í heild.

j. (44. gr.)
Heimilt er þingmönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

k. (45. gr.)
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.

l. (46. gr.)
Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum. Alþingi getur þó sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsárinu en jafnan skal leita samþykkis þess fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum.

m. (47. gr)
Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

n. (48. gr.)
Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.
Þeir sem endurskoðun annast skulu eiga aðgang að öllum skjölum og öðrum gögnum sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.
Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum.

o. (49. gr.)
Meðan Alþingi stendur yfir má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.
Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

p. (50. gr.)
Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er alþingiskosningin hafði veitt honum.

r. (51. gr.)
Þingmaður, sem skipaður er ráðherra, skal láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum en varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma.
Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

s. (52. gr.)
Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum og sker þá þingfundur úr.

t. (53. gr.)
Þingsköp Alþingis skulu sett með þingskapalögum.

8. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 79. gr. falli brott orðin „beggja deilda“. Í stað orðanna „báðar deildir“ í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. komi: Alþingi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands hefur tvenns konar megintilgang. Í fyrsta lagi er því ætlað að gera alla málsmeðferð á Alþingi nútímalegri og einfaldari, m.a. með því að þingið starfi í einni málstofu. Í öðru lagi er frumvarpinu ætlað að efla sjálfstæði og eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu, m.a. með stofnun sérstakrar stjórnsýslunefndar er hafi rétt til að rannsaka mál að eigin frumkvæði. Auk þessarar meginstefnu frumvarpsins hefur tækifærið verið notað til að endurskoða V. kafla stjórnarskrárinnar, um Alþingi, í heild og færa hann til nútímahorfs. Við þá endurskoðun hefur að verulegu leyti verið höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá því í janúar 1983. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu.

I. Lagt er til að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu. Rökin fyrir slíkri breytingu eru margvísleg og verða hér aðeins tínd til þau helstu:

1. Alþingi hefur síðan 1934 (er hið eldra landskjör var aflagt) verið kosið sem ein heild, þ.e. allir þingmenn hafa verið kjörnir á sama hátt og á sama tíma. Eðlilegast verður að telja að þing, sem kosið er sem ein heild, starfi í einni málstofu. Sameinað Alþingi skipar nú þingmönnum til starfa í tveimur þingdeildum og er það einungis arfur frá þeim tíma er skipting þingsins helgaðist af því að valið var til deildanna á mismunandi hátt, fyrst með konungskjöri 1874–1915 og síðan landskjöri 1915–34. Þar sem hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar eru nú horfnar og enginn munur hefur verið í langan tíma á kjöri til deildanna er að mörgu leyti eðlilegt að stigið verði það skref, er margir vildu taka 1934, og gera Alþingi að einni málstofu.

2. Ein málstofa mundi skapa meiri festu í störfum Alþingis. Núverandi deildaskipting hefur oftlega leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafa stuðnings meiri hluta þingmanna, hafa átt erfitt með að gegna hlutverki sínu vegna þess að þær hafa ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Það má færa að því rök að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum mála.

Til þess að hafa meiri hluta í báðum deildum þarf ríkisstjórn nú að njóta stuðnings 33 þingmanna hið minnsta, eða 22 þingmanna af 42 í neðri deild og 11 af 21 í efri deild. Í einni málstofu nægði ríkisstjórn hins vegar einfaldur meiri hluti eða stuðningur 32 þingmanna. Vandinn getur þó verið meiri en þessar tölur sýna því að sú staða gæti hæglega skapast að ríkisstjórn njóti stuðnings fleiri en 33 þingmanna en hafi samt ekki meiri hluta í annarri hvorri þingdeildinni. Þeir erfiðleikar, sem deildaskiptingin getur skapað, eru þó ekki bara fræðilegir heldur hefur tvískiptingin oftlega orðið til að veikja ríkisstjórnir og gera þær óstarfhæfar eins og eftirfarandi dæmi sýna:

a. Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna (eftir eldra kerfi) í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar hafði því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og fór fljótlega frá völdum.

b. Þegar minnihlutastjórn Emils Jónssonar var mynduð 1958 gat hún með hlutleysisstuðningi Sjálfstæðisflokksins treyst á 27 þingmenn gegn 25 þingmönnum Framsóknarflokks og Alþýðubandalags. Samt hafði stjórnarandstaðan meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins í gegn að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, en þingrof var framundan.

c. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf eins þingmanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1973 stuðnings meiri hluta þingmanna, eða 31 gegn 29. Ríkisstjórnin hafði þó ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum sínum í gegnum þingið. Þetta skapaði alvarlegt ástand fyrir ríkisstjórnina og leiddi til þingrofs og kosninga.

d. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens hafði ekki meiri hluta í neðri deild frá upphafi þings 1982 er einn þingmaður hætti stuðningi við stjórnina, en hún naut þó stuðnings meiri hluta þingmanna. Þetta ástand skapaði margvíslega erfiðleika fyrir ríkisstjórnina fram að þingrofi í mars 1983.

e. Sú staðreynd, að núverandi ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í neðri deild þrátt fyrir að hún hafi stuðning meiri hluta þingmanna, hefur valdið ýmsum erfiðleikum fyrir stjórnina og hún orðið að reiða sig á stuðning einstakra þingmanna, er standa utan ríkisstjórnarinnar, til að koma málum í höfn.

3. Með einni málstofu er hægt að endurbæta starf nefnda Alþingis. Fastanefndum (kjörbréfanefnd ekki meðtalin) mætti þá fækka úr 23 í 12, auk stjórnsýslunefndarinnar. Slíkt þyddi jafnframt að hver þingmaður þyrfti ekki að vera í nema u. þ. b. tveimur nefndum og gæti þar af leiðandi rækt mun betur nefndaskyldur sínar en nú er mögulegt. Nú þurfa sumir

þingmenn að sitja í allt að sex fastanefndum og því er mjög algengt á háannatíma þingsins fyrir jólahlé og þingslit að fundir í nefndum rekist á.

4. Mjög líklegt er að vinnubrögð í nefndum muni almennt batna með einni málstofu og öll málsmeðferð verða vandaðri. Ein málstofa gerir þá kröfu á hendur nefndarmönnum að þeir athugi mál gaumgæfilega og til fulls þar sem ekki er um það að ræða að hægt verði að koma við breytingum á frumvarpi í síðari nefnd eins og nú er. Eitthvað hefur borið á því, ekki síst þegar nefndarmenn eru undir þrýstingi að hraða afgreiðslu mála, að þeir afgreiði mál úr nefnd án þess að hafa athugað það eins vel og margir þeirra hefðu viljað og treysti þá á að síðari nefnd muni „lagfæra" þau atriði sem þeim í fyrri nefndinni kynni að hafa yfirsést. Hér er þó oft um mikla sjálfsblekkingu að ræða því að sjaldnast hefur síðari nefnd mikinn tíma til að athuga mál. Tvískiptingin hefur því að dómi margra þingmanna stundum skapað visst „kæruleysi" eða „agaleysi" í nefndastörfum.

5. Þá má telja fullvíst að ein málstofa muni einfalda alla málsmeðferð á Alþingi líkt og gerðist í Danmörku 1953 og Svíþjóð 1971 þegar deildaskipting var afnumin í þjóðþingum þessara ríkja. Afgreiðsla mála verður þó ekki bara einfaldari heldur mun hún ganga öllu hraðar en áður, en jafnframt ætti að vera tryggt að málsmeðferðin verði vandaðri, sbr. það sem áður er sagt um störf nefndanna.

6. Í einni málstofu mun tími ráðherra nýtast betur en áður þar sem þeir þurfa þá ekki lengur að taka þátt í umræðum um sín mál í tveim deildum.

7. Rök þeirra, er vilja viðhalda óbreyttri deildaskiptingu, hafa einkum verið þau að núverandi kerfi tryggi betri umfjöllun um löggjöf en væri möguleg í einni málstofu. Frumvarp þarf nú að fara í gegnum þrjár umræður og nefndaumfjöllun í tveim deildum og fyrirbyggi það frekar en einnardeildarkerfi vanhugsaðar ákvarðanir og auðveldi þingmönnum að íhuga breytingartillögur við frumvarp vandlega. Athuganir, sem gerðar hafa verið á störfum Alþingis, benda þó ekki til þess að þessi rök séu mjög sterk. Í reynd er það svo að umfjöllun um frumvarp fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni. Þegar mál kemur til seinni deildarinnar er yfirleitt ekki um að ræða sambærilega athugun og þá er fór fram í fyrri deildinni. Þegar mál kemur til seinni deildarinnar reiða þingmenn sig þar yfirleitt á að frumvarpið hafi fengið nákvæma athugun í fyrri deild og því síður þörf á eins nákvæmri athugun í seinni deildinni. Það er líka staðreynd að oft er ekki mikill tími til að ræða mál í seinni deildinni því að alloft eru stjórnarfrumvörp lögð fram með það litlum fyrirvara að þegar fyrri deildin er búin að ræða málið þá er lítill tími eftir fyrir seinni deildina til að fjalla um það. Þar sem athugun á frumvörpum fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni má með nokkrum sanni segja að þrátt fyrir deildaskiptinguna fari athugun á löggjafarmálum fram líkt og Alþingi starfi í einni löggjafardeild en ekki tveimur.

Það er að vísu hægt að benda á einstök dæmi þess að síðari deild hafi lagfært frumvarp þegar fyrri deild hefur yfirsést eitthvað sem betur mátti fara. Það verður þó að telja, eins og áður hefur verið bent á, að ef þingið starfar í einni málstofu þá sé líklegt að menn muni athuga mál betur því að þá er ekki hægt að skýla sér á bak við það að síðari deild eigi eftir að athuga málið.

II. Önnur meginbreyting frumvarpsins felst í því að lagt er til komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd er hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Ætlunin er að þessi nefnd, ásamt fjárveitinganefnd og ríkisendurskoðun, sem nú starfar á vegum Alþingis, sinni einkum eftirliti þingsins með störfum stjórnvalda. Í því skyni er nefndinni veitt vald til að rannsaka mál að eigin frumkvæði, en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka tiltekin mál. Nefndinni er í störfum sínum veitt sams konar vald og rannsóknarnefndir þingsins hafa samkvæmt gildandi stjórnarskrárákvæðum (og ákvæðið um rannsóknarnefndir fellur brott) og því er starfsemi hennar ekki bara bundin við eftirlit með opinberum aðilum heldur getur

nefndin tekið fyrir öll þau mál er hún telur að varði hagsmuni almennings, þ.e. hún hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum.

Í þingsköpum eru sett nánari ákvæði um störf stjórnsýslunefndar þar sem kveðið er á um að hún fjalli um tiltekin þingmál líkt og aðrar fastanefndir þingsins. Þannig er eðlilegt að til nefndarinnar sé vísað frumvörpum til stjórnarskipunarlaga, um kosningar til Alþingis og öðrum málum er varða stjórnarskipunar- og stjórnarfarsmálefni.

III. Þriðja meginbreyting frumvarpsins felur í sér að ríkisstjórn er veitt meira aðhald um útgáfu bráðabirgðalaga en nú er. Er í þessu frumvarpi að mestu leyti byggt á tillögu stjórnarskrárnefndar frá því í janúar 1983. Nýmæli er í fyrsta lagi að bráðabirgðalög skulu ætíð lögð fyrir næsta Alþingi þegar í upphafi þings. Ekki er nú um slíka skyldu að ræða heldur fer það eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvenær þingtímans bráðabirgðalögin eru lögð fram. Í öðru lagi felst veruleg takmörkun í því ákvæði að hafi Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalögin einum mánuði eftir þingsetningu falla þau úr gildi. Nú falla bráðabirgðalög ekki úr gildi fyrr en við þinglausnir hafi þau ekki áður verið felld. Vegna þessara þröngu tímamarka í frumvarpinu um staðfestingu bráðabirgðalaga er nauðsynlegt að setja í þingsköp ákvæði er tryggi að ríkisstjórn geti með skjótum hætti komið í gegnum þingið „brýnum málum“ sem ekki þola neina bið. Er gerð tillaga um slíkt ákvæði í 36. gr. þingskapa. Með því ákvæði er jafnframt vonast til að dragi úr tilhneigingu ríkisstjórna til þess að gera viðamiklar ráðstafanir með bráðabirgðalögum og án formlegs atbeina Alþingis. Þá er í þessari grein það nýmæli að ef grípa þarf til útgáfu bráðabirgðalaga skal kynna viðkomandi þingnefnd efni þeirra áður en þau eru sett. Stjórnarandstaðan fær þannig tækifæri til þess að taka afstöðu til laganna fyrir gildistöku þeirra og gera sjónarmið sín heyrinkunn.

IV. Fjórða meginbreytingin er að þingmaður, sem skipaður er ráðherra, skal láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum en varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma sem hann er ráðherra. Sams konar skipan mála gildir m.a. í Noregi. Þó að ráðherra láti af þingmennsku mundi hann hafa ýmsar skyldur gagnvart Alþingi. Þannig mundi ráðherra t.d. taka þátt í starfi þingflokkanna eins og verið hefur, svara fyrirspurnum, mæla fyrir þingmálum ríkisstjórnar og taka þátt í umræðum um mál eftir því sem hann hefði hug á. Hann hefði því fullt málfrelsi þótt eigi ætti hann atkvæðisrétt á þinginu.

Æskilegt er að sú venja haldist að ráðherrar séu valdir úr hópi þingmanna.

Meginrökin fyrir þessari breytingu eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru sköpuð gleggri skil en nú er milli þeirra sem fara með löggjafarvald og þeirra er fara með framkvæmdarvald. Í öðru lagi getur slíkt fyrirkomulag styrkt Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú eru að jafnaði 9–11 þingmenn bundnir við ráðherrastörf og hafa því ekki tækifæri nema að takmörkuðu leyti til að sinna eiginlegum þingstörfum. Með breytingunni verður „fullskipað lið“ til að sinna löggjafarstörfum og veita ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald hverju sinni. Í þriðja lagi mun þessi breyting verða til mikils hagræðis fyrir sjálfa ráðherrana því að með nokkrum rétti má segja að þingsetan sé ráðherrum byrði. Ráðherrastarfið er krefjandi og tímafrekt starf er gerir þá kröfu á hendur þeim er starfinu gegnir að hann helgi sig því óskiptu. Það mundi því t.d. létta allnokkuð á vinnu ráðherra og gera þeim fært að nýta tíma sinn betur ef þeir þyrftu ekki að sitja alla þingfundi (er oft geta staðið langt fram á nætur) eða vera bundnir á þingfundum við atkvæðagreiðslur.

V. Fimmta meginbreytingin, sem felst í frumvarpinu, er sú að þegar ný ríkisstjórn er mynduð milli þinga (t.d. eftir þingkosningar eða vegna stjórnarslita á yfirstandandi kjörtímabili) skuli þingið kvatt saman innan þriggja vikna frá skipunardegi stjórnarinnar. Rökin fyrir

þessari breytingu eru m.a. þau að það sé óeðlilegt að það líði t.d. nær fimm mánuðir frá kosningum í maí og þar til þingið kemur saman í október. Réttast sé, þegar ríkisstjórn hefur verið mynduð, að hún kynni þinginu stefnu sína og að þá sé jafnframt mögulegt að láta reyna á það hvort ríkisstjórnin og stefna hennar njóti trausts þingsins eða það sætti sig að minnsta kosti við hana um sinn. Þá gæti ríkisstjórn einnig lagt fyrir þingið þau mál sem brýnast væri að fá afgreidd.

VI. Sjötta meginbreytingin varðar svokallaðar aukafjárveitingar. Með tilvísun til ákvæða stjórnarskrárinnar um fjáraukalög hafa stjórnvöld verið talin hafa rétt til að heimila greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga. Ætlun stjórnarskrárgjafans hefur ugglaust verið sú upphaflega að heimildar til fjárveitingar væri aflað fyrir fram hverju sinni. Framkvæmdin hefur þó orðið önnur. Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á og eru þá teknar upp í þau fjárveitingar ríkisstjórnarinnar á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimildir. Þannig hefur sú venja myndast að það sé nægilegt fyrir stjórnvöld að leita heimilda eftir á fyrir fjárveitingum sem hafa verið umfram fjárlagaheimildir. Ýmsum hefur þótt sem ríkisstjórnir hafi farið fullfrjálslega með þetta vald sitt og því eru nú sett skýrari ákvæði um þessi efni. Það dregur enginn í efa að stjórnvöld þurfa að hafa heimild til aukafjárveitinga en hins vegar er nauðsynlegt að um slíkt gildi skýrar reglur. Í frumvarpinu er kveðið á um að Alþingi geti sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsárinu en jafnan skuli leitað samþykkis þess fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. Í þingsköp er svo kveðið á um skyldu ríkisstjórnar til að bera undir fjárveitinganefnd (eða undirnefnd hennar yfir sumarmánuðina) fyrirhugaðar aukafjárveitingar, jafnt milli þinga sem á þingtíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða. Í fyrsta lagi er sá tími styttur sem líða má frá þingrofi og þar til stofnað er til nýrra kosninga, úr tveimur mánuðum í 45 daga. Í öðru lagi er nú kveðið á um að þing skuli koma saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið, í stað átta mánuða áður. Loks er orðalagi hnikað til lítils háttar.

Þessar breytingar eru í samræmi við tillögur stjórnarskrárnefndar frá 1983 en auk þess lagði nefndin til að ekki væri hægt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs og að alþingismenn héldu þingmennskuumboði sínu til kjördags.

Um 4. gr.

Greinin er óþörf því að í nýrri 43. gr. felst að ríkisstjórn leggur fram stjórnarfrumvörp.

Um 5. gr.

Þessi breyting á ákvæðum stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög er í samræmi við tillögur stjórnarskrárnefndar nema að því leyti að gert er ráð fyrir að bráðabirgðalög falli úr gildi hafi þau ekki verið samþykkt mánuði eftir að þing er sett, en í tillögu stjórnarskrárnefndar var miðað við þrjá mánuði. Um frekari skýringar vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar. Um frekari útfærslu vísast til breytinga á þingsköpum Alþingis í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Um a-lið 7. gr. (ný 35. gr.).

Fyrri málsgrein er samhljóða tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983. Ákvæðið um samkomudag Alþingis 15. febrúar er löngu orðið úrelt. Hér er tekinn upp sá samkomudagur þess sem lengi hefur tíðkast og ráð er nú fyrir gert í lögum, sbr. lög nr. 3/1967, um samkomudag Alþingis.

Síðari málsgrein er nýmæli og vísast um það efni til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um b-lið 7. gr. (ný 36. gr.).

Greinin er samhljóða 36. gr. stjórnarskrárinnar.

Um c-lið 7. gr. (ný 37. gr.).

Greinin er efnislega samhljóða 37. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að forseti taki ákvörðun sína að tillögu forsætisráðherra.

Um d-lið 7. gr. (ný 38. gr.).

Greinin er samhljóða 46. gr. stjórnarskrárinnar.

Um e-lið 7. gr. (ný 39. gr.).

Greinin er samhljóða 47. gr. stjórnarskrárinnar nema hvað eiðvinning er felld brott.

Um f-lið 7. gr. (ný 40. gr.).

Greinin er samhljóða upphafi 48. gr. stjórnarskrárinnar. Óþarft þykir hins vegar að halda því ákvæði að þingmenn séu eigi bundnir við neinar reglur frá kjósendum sínum. Jafnframt er það ákvæði fellt niður að embættismenn, sem kosnir eru á þing, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna; liggur slíkt í hlutarins eðli.

Þessar breytingar eru samhljóða tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um g-lið 7. gr. (ný 41. gr.).

Grein þessi er að efni til hin sama og 52. gr. stjórnarskrárinnar með þeirri breytingu sem leiðir af afnámi deildaskiptingar.

Um h-lið 7. gr. (ný 42. gr.).

Í stjórnarskránni eru nú engin ákvæði um fastanefndir Alþingis þótt þær gegni mjög mikilvægu hlutverki í störfum þingsins. Þykir sjálfsagt að geta þeirra í stjórnarskrá, en nánar er fjallað um hlutverk þeirra og verksvið í þingskapalögum, svo sem að þær skuli starfa milli þinga.

Annað nýmæli er það í þessari grein að gert er ráð fyrir sérstakri stjórnsýslunefnd er hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Um þetta atriði vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um i-lið 7. gr. (ný 43. gr.)

Í þessari grein er að finna meginefni 38., 44., 45., 53. og 55. gr. stjórnarskrárinnar með þeim breytingum sem leiðir af því að lagt er til að Alþingi starfi í einni málstofu. Ákvæði 38. gr. og 55. gr. um frumkvæðisrétt deilda og þingmanna til þess að bera upp mál hafa verið sameinuð í þessari grein. Auk þess er lögfest sú venja að þingnefndir og ráðherrar geti borið

upp mál og jafnframt það nýmæli að þingflokkar geti sem slíkir staðið að flutningi mála. Um heimild ríkisstjórnar til að leggja fram mál vísast til athugasemda við 4. gr. Þá er hér upp tekið meginefni 44., 45. og 53. gr. stjórnarskrárinnar um meðferð mála og fullnaðarsamþykkt þeirra. Þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi starfi í einni málstofu er lagt til að þar fari fram þrjár umræður um hvert frumvarp, svo sem í deildum áður, og hlýtur það fullnaðarafgreiðslu að þeim loknum. Til afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga þarf þrjár umræður einnig og er það óbreytt frá því sem nú er.

Ákvæði 45. og 53. gr. stjórnarskrárinnar um tilskilinn fjölda þingmanna á fundi haldast óbreytt, en óþarft þykir að taka það sérstaklega fram að þeir skuli greiða atkvæði um þau mál sem á dagskrá eru.

Greinin er samhljóða tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um j-lið 7. gr. (ný 44. gr.).

Þessi grein er að efni til svipuð 54. gr. stjórnarskrárinnar en orðalagi hennar hefur verið breytt til að taka af öll tvímæli um rétt þingmanna til að bera fram fyrirspurn og beiðast skýrslu af ráðherra.

Um k-lið 7. gr. (ný 45. gr.).

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar, en við er bætt því ákvæði að í fjárlagafrumvarpi skuli einnig fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld stofnana ríkisins og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.

Greinin er samhljóða tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um l-lið 7. gr. (ný 46. gr.).

Fyrri málsliðurinn er samhljóða 41. gr. stjórnarskrárinnar. Síðari málsliðurinn er nýmæli og vísast um það atriði til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um m-lið 7. gr. (ný 47. gr.).

Greinin er samhljóða 40. gr. stjórnarskrárinnar, nema hér er rætt um fasteignir ríkisins í stað landsins.

Greinin er samhljóða tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um n-lið 7. gr. (ný 48. gr.).

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja er nú unnin af ríkisendurskoðun sem síðan 1987 hefur starfað undir yfirstjórn Alþingis. Með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um að endurskoðunin fari fram á vegum Alþingis og í umboði þess. Ákvæði 43. gr. stjórnarskrárinnar um yfirskoðunarmenn er fellt brott.

Greinin er samhljóða tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um o-lið 7. gr. (ný 49. gr.).

Greinin er efnislega samhljóða 49. gr. stjórnarskrárinnar, en fellt er niður það ákvæði að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Frelsissvipting sakir skulda hefur verið almennt óheimil hér á landi í tæpa öld, sbr. 18. gr. laga nr. 19/1887, um aðför. Með varðhaldi er hér átt við gæsluvarðhald sem er þáttur í rannsókn sakamáls.

Greinin er samhljóða tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um p-lið 7. gr. (ný 50. gr.).

Greinin er samhljóða 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Um r-lið 7. gr. (ný 51. gr.).
Greinin er nýmæli og vísast um hana til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um s-lið 7. gr. (ný 52. gr.).
Efnislega er hér um sömu ákvæði að ræða og í 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Um t-lið 7. gr. (ný 53. gr.).
Efnislega sama ákvæði og í 58. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 8. gr.
Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Greinargerð um breytingar á þingskapalögum.

Ef frumvarp þetta um breytingar á stjórnarskránni nær fram að ganga þarf að gera verulegar breytingar á þingsköpum Alþingis. Í þessu fylgiskjali er prentað nýtt frumvarp að þingsköpum sem flutningsmenn hafa samið. Til glöggvunar — og þar sem hér er aðeins um kynningu á frumvarpinu að ræða í fylgiskjali — er bæði prentaður texti frumvarpsins og gildandi laga. Leturbreytingar í frumvarpinu eiga að sýna nýmæli en í lagatextanum sýna þær þau ákvæði sem falla brott.

Breytingar á þingsköpum, sem hér er gerð tillaga um, stafa að mestu leyti af þeim nýju stjórnarskrárákvæðum um Alþingi sem eru í frumvarpinu til stjórnarskipunarlaga, en jafnframt eru gerðar ýmsar aðrar breytingar á þingsköpunum, einkum ýmsum úreltum ákvæðum frá eldri tímum.

Breytingunum má skipta í fimm liði:

I. **Afnám deildaskiptingarinnar.** Gera þarf breytingar á allmörgum greinum þingskapanna í tengslum við afnám deildaskiptingarinnar og nokkrar greinar falla brott, svo sem um meðferð frumvarpa sem deildirnar koma sér ekki saman um.

II. **Stjórn þingsins.** Með afnámi deildaskiptingar fækkar forsetum úr þremur í einn og varaforsetum úr sex í þrjá. Eðlilegt er því að mynda nýja fjölskipaða stjórn þingsins, **forsætisnefnd.** Jafnframt er þetta tilefni notað til þess að mynda formlegan vettvang fyrir skipulagningu þingstarfanna, bæði fyrir allan þingtímann og hverja viku. Lagt er til að forseti, varaforsetar og formenn þingflokka skipi forsætisnefnd. Nefndin á annars vegar að fjalla um hin mikilvægustu mál er varða stjórn þingsins og hins vegar að gera starfsáætlanir fyrir þingtímann. Með þessari skipan forsætisnefndar má vænta þess að víðtæk samstaða geti náðst, bæði um stjórn þingsins og afgreiðslu þingmála. — Nefndinni er sjálfri ætlað að setja sér starfsreglur en ljóst er að stjórnarflokkar verða að hafa meiri hluta í nefndinni ef til atkvæðagreiðslu kemur um ágreiningsmál.

Starf forseta er óbreytt að mestu leyti og hann fer áfram, ásamt varaforsetum, með daglega stjórn þingsins, en rækilegri ákvæði eru um umsjón hans með vinnu þingnefnda og samráð hans við formenn þeirra. Í frumvarpinu er staðfest sú venja að kosning forseta gildi til setningar næsta þings.

Í samræmi við almenn viðhorf nú um skipunartíma æðstu embættismanna er lagt til að skrifstofustjóri þingsins verði kjörinn af þinginu sjálfu og sú kosning gildi til fjögurra ára. Þessi háttur er hafður á sums staðar erlendis.

III. **Nefndir.** Nefndakerfi þingsins breytist verulega.

Fastanefndum fækkar úr 23 í 11, auk stjórnsýslunefndar og nýrrar umhverfisnefndar. Nefndasætum fækkar úr 163 í 117 og verða því tæplega tvö nefndasæti að jafnaði á hvern þingmann.

Ákvæði eru sett um stjórnsýslunefnd, að mestu samhljóða stjórnarskrárákvæðinu, en ítarlegra því að gert er ráð fyrir að til hennar sé vísað þingmálum sem varða stjórnskipun og stjórnarfar. Sett eru inn ákvæði um að fjárveitinganefnd skuli fjalla um fyrirhugaðar aukafjárveitingar. Enn fremur eru ákvæði um meðferð skýrslna frá þeim stofnunum sem undir Alþingi heyra, þ.e. ríkisendurskoðun og umboðsmanni.

Nefndum er ætlað að starfa milli þinga.

IV. **Önnur nýmæli.** Sérstök grein er um þingflokka og stjórn þeirra, en nú eru nálega engin ákvæði í þingsköpum um þá. Lagt er til að viðveruskylda þingmanna á fyrirspurnafundum verði afnumin.

Sett eru inn ný ákvæði um takmörkun ræðutíma „þegar brýna nauðsyn ber til“. Þetta ákvæði er í tengslum við stjórnarskrárákvæði í frumvarpinu, sem miðar að því að draga sem mest úr útgáfu bráðabirgðalaga, og er hugsað sem leið fyrir ríkisstjórnina til að koma í staðinn í gegnum þingið með skjótum hætti „brýnum málum“ sem ekki þola neina bið.

Lagt er til að tímamörk gildi um þingskapaumræður en á hinn bóginn geti forseti heimilað stuttar athugasemdir við einstakar ræður strax og flutningi þeirra er lokið.

Þingflokkum verður heimilað að flytja mál líkt og þingnefndum.

V. **Úreltar greinar.** Allnokkrum greinum er breytt til samræmis við nútímalegri vinnubrögð á Alþingi. Fyrirhugað er að setja upp rafbúnað við atkvæðagreiðslur og af þeirri ástæðu, og reyndar ýmsum öðrum, er ekki lengur þörf fyrir skrifara. Ósk um að útvarpa frá Alþingi verður ekki bundin við Ríkisútvarpið heldur heimil öllum útvarps- og sjónvarpsstöðvum.

Breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 52/1985.

I. ÞINGSKIPUN

Frumvarp:

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum, þangað til forseti er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir meðan til vinnst. Fyrsta deild fær annarri deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, *sbr. ... gr.*

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum ... *gr.*

2. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild, *sbr. ... gr.*

3. gr.

Þá skal kjósa forseta *Alþingis* og gengst hann fyrir kosningu *þriggja* varaforseta.

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði

Gildandi lög:

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum, þangað til forseti *sameinaðs þings* er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir meðan til vinnst. Fyrsta deild fær annarri deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, *sbr. 46. gr. stjskr.*

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum *36. og 38. gr.*

2. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna *eið eða* drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild, *skv. 47. gr. stjskr.*

3. gr.

Þá skal kjósa forseta *sameinaðs þings* og gengst hann fyrir kosningu *tveggja* varaforseta, *fyrsta og annars, og tveggja skrifara*.

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju óbundnum kosning-

Frumvarp:

við síðari óbundnu kosninguna; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna. [Áður síðari mgr. 7. gr.]

4. gr.

Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf er síðar koma fram en svo að þau verði prófuð eftir 1. gr. svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild. Í þessa nefnd kýs þingið sjö menn eftir reglum um nefndakosningar skv. ... *gr.*

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. ... *gr.* Ella fer um tillögur hennar eftir því sem ákveðið er um tillögur kjördeildanna í 1. gr.

5. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

Gildandi lög:

um. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Skrifarar skulu kosnir hlutbundinni kosningu, sbr. 49. gr.

4. gr.

Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf er síðar koma fram en svo að þau verði prófuð eftir 1. gr. svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild. Í þessa nefnd kýs þingið sjö menn eftir reglum um nefndakosningar skv. *16. og 49. gr.*

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. *21. gr.* Ella fer um tillögur hennar eftir því sem ákveðið er um tillögur kjördeildanna í 1. gr.

5. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

6. gr. [Fellur brott.]

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt

Frumvarp:

Gildandi lög:

að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal tala á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðila er jafnt við kosningu síðasta manns til efri deildar skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið en hlutkesti ráða úrslitum.

Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan hverjir þingmenn hafa þannig verið tilnefndir og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar, sbr. 32. gr. stjskr.

7. gr. [Fellur brott.]

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um sams konar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna, *annarra en forseta og ráðherra, nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.*

[Sætaskipun, sjá niðurlag 3. gr. frumvarps.]

8. gr.

Kosning forseta *og* varaforseta *gildir til setningar næsta þings*. Kosning kjörbréfanefnar er fyrir allt kjörtímabilið.

Heimilt er *forseta* þingsins að leggja niður starf sitt. Þingið getur vikið *forseta* frá en þó þarf til þess samatkvæði ⅔ þingmanna.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta *og skrifara, í sameinuðu þingi og báðum deildum,* er fyrir allt það þing. Kosning *til efri deildar* er fyrir allt kjörtímabilið. *Svo er og um kosningu* kjörbréfanefndar *samkv. 4. gr.*

Þó er *hverjum embættismanni þingsins* heimilt að leggja niður starf sitt, *ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi*; svo getur og *þingdeild eða sameinað Alþingi* vikið *hverjum embættismanni sínum* frá en þó þarf til þess samatkvæði ⅔ þingmanna *eða deildarmanna.*

9. gr. [Fellur brott.]

Nú losnar sæti þingmanns og skal þá varamaður, er í hans stað kemur, taka sæti í þeirri deild er hann var í.

Frumvarp:

10. gr.

Aldursforseti, sbr. 1. gr., hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

11. gr. A.

Forseti stjórnar umræðum og *sér* um að allt fari fram með góðri reglu. *Forseti tekur* við öllum erindum til *Alþingis* og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá *þinginu* eiga að fara. *Forseti skýrir* á fundi frá erindum sem send eru þinginu og því sem útbýtt er *á þingfundi.*

Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda, *sbr. 15. gr.*

Forseti, ásamt varaforsetum, fer með daglega stjórn Alþingis.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í *hans* stað.

11. gr. B.

Forseti, varaforsetar og formenn þingflokka mynda forsætisnefnd. Hún fjallar um stjórnsýslu Alþingis, framkvæmdir þess, fjárreiður og eignir. Forseti stjórnar fundum hennar. Forsætisnefnd skal gera starfsáætlun fyrir hvert þing og leitast við að skipuleggja nánar störf þess. Nefndin setur sér starfsreglur, þar á meðal um úrskurð ágreiningsmála.

11. gr. C.

Alþingi kýs skrifstofustjóra til fjögurra ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og hefur á hendi daglegan rekstur þingsins.

Skrifstofustjóri er *forseta og forsætisnefnd* til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.

Forseti skipar eða ræður aðra starfsmenn þingsins *að fengnum tillögum skrifstofustjóra.*

Gildandi lög:

10. gr.

Aldursforseti, *bæði í sameinuðu þingi,* sbr. 1. gr., *og í þingdeild, sbr. 7. gr.,* hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og *sjá* um að allt fari fram með góðri reglu. *Forsetar sameinaðs þings og hvorrar deildar fyrir sig taka* við öllum erindum til *sameinaðs þings og deilda* og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá *sameinuðu þingi og deildum* eiga að fara. *Forsetar skýra* á fundi frá erindum sem send eru *sameinuðu þingi og þingdeildum* og því sem útbýtt er *í þeim.* Nú vill forseti, *hvort heldur sameinaðs þings eða deildar,* taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víki þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forsetar hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. *Þeir skipa fyrir* um fasta fundatíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. *Þeir halda* skrá um þingmál, sem til nefndanna hefur verið vísað, og fylgjast með gangi mála *svo sem nauðsynlegt kann að vera* til þess að *geta skipað* málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð.

Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Þeir hafa umsjón með eignum þess og fjárreiðum.

Forsetar skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins. Skrifstofustjóri hefur á hendi daglegan rekstur þingsins og er *forsetum* til aðstoðar í öllu er varðar framkvæmdastjórn þingsins. Forsetar skulu setja skrifstofustjóra erindisbréf.

Forsetar skipa eða ráða aðra starfsmenn þingsins.

Frumvarp:

...[Færist í 11. gr.]

13. gr.

Skrifstofustjóri, eða fulltrúi hans, heldur gjörðabók, undir umsjón forsetans, og *getur* í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gjörðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Forseta er heimilt að kveðja til tvo þingmenn á fundi til að telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.

Skrifstofustjóri skal ásamt forseta sjá um að *samþykktir þingsins* séu skrásettar og rita forsetinn og *skrifstofustjórinn* undir þær.

Ný grein.

Skipi þingmenn sér í þingflokka skulu þeir velja sér formann er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart forseta og öðrum þingflokkum og þingmönnum.

Í þingflokki skulu vera a.m.k. tveir þingmenn.

Gildandi lög:

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í *þeirra* stað.

13. gr.

Skrifararnir halda gjörðabók, undir umsjón forsetans, og *geta* í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og *öðrum skrifaranum*. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gjörðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. *Sömuleiðis sjá þeir með forseta* um að *ályktanir* séu skrásettar og ritar forsetinn og *annar skrifarinn* undir þær. *Störfum skipta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.*

14. gr. [Fellur brott.]

Ákvæði 12. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildum.

Frumvarp:

Gildandi lög:

II. NEFNDIR

15. gr.

Á 2. fundi Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd,
2. utanríkismálanefnd,
3. *fjárhags- og viðskiptanefnd,*
4. *samgöngunefnd,*
5. *landbúnaðarnefnd,*
6. *sjávarútvegsnefnd,*
7. *iðnaðarnefnd,*
8. *félagsmálanefnd,*
9. *heilbrigðis- og tryggingnefnd,*
10. *menntamálanefnd,*
11. *allsherjarnefnd.*
12. *umhverfisnefnd.*

Auk þess kýs þingið á sama fundi stjórnsýslunefnd.

Til hverrar fastanefndar skulu kosnir níu þingmenn. Fastanefndir kjósa sér formann og varaformann.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga *og samþykkt á ríkisreikningi* og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. *Skylt er ríkisstjórninni að bera undir nefndina fyrirhugaðar aukafjárveitingar jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndin skal enn fremur leggja fyrir þingið skýrslu ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga þegar hún hefur fjallað um hana.*

Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. *Nefndin* er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

Stjórnsýslunefnd fjallar um frumvörp til stjórnarskipunarlaga, um kosningar til Alþingis og um önnur stjórnskipunar- og stjórnarfarsmálefni. Nefndin skal fjalla um skýrslu umboðsmanns Alþingis og leggja hana fyrir þingið til umræðu.

Stjórnsýslunefnd getur rannsakað mikilvæg mál er almenning varða. Hefur nefndin þá rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún rannsakar, en einnig getur Alþingi falið henni að rannsaka tiltekin mál.

15. gr.

Á 2. fundi *sameinaðs* Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, *skipuð níu mönnum,*
2. utanríkismálanefnd, *skipuð sjö mönnum og sjö til vara,*
3. *atvinnumálanefnd, skipuð sjö mönnum,*
4. *allsherjarnefnd, skipuð sjö mönnum,*
5. *félagsmálanefnd, skipuð sjö mönnum.*

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði.

Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. *Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og* er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á. *Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til félagsmálanefndar skal vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og trygginga- og menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa þeim málum sem þingið ákveður.*

Fjárveitinganefnd getur ákveðið að skipa úr sínum hópi undirnefnd til að starfa milli þinga að sérstökum verkefnum.

Frumvarp:

Til annarra nefnda skal vísa frumvörpum og þingsályktunartillögum eftir efni þeirra og hafa hliðsjón af skiptingu málefna í stjórnarráðinu. Til umhverfisnefndar skal vísa umhverfismálum. Til allsherjarnefndar skal, auk dóms- og kirkjumála, vísa þeim málum sem þingið ákveður.

Forseti skal kveðja saman til funda formenn þingnefnda, leggja fyrir þá tillögu um fasta fundatíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á *og semja með þeim áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum* þannig að unnt sé að skipa þeim niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann. *Skrifstofa þingsins heldur* skrá um þingmál, sem til nefndanna hefur verið vísað, og *veitir þingnefndum nauðsynlega aðstoð við athugun þeirra.*

Nú þykir nauðsyn til bera vegna vinnubragða að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og *skal forseti* þá hlutast til um að mannaskiptin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag *má forseti* skjóta ágreiningnum undir úrskurð *þingfundar.*

Til fastanefndanna getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi.

Heimilt er að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Hver slík nefnd kýs sér formann *og* varaformann.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál sem þær fjalla um.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

Gildandi lög:

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að sjö mönnum hver nefnd:

1. *fjárhags- og viðskiptanefnd,*
2. *samgöngunefnd,*
3. *landbúnaðarnefnd,*
4. *sjávarútvegsnefnd,*
5. *iðnaðarnefnd,*
6. *félagsmálanefnd,*
7. *heilbrigðis- og trygginganefnd,*
8. *menntamálanefnd,*
9. *allsherjarnefnd.*

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann, varaformann *og fundaskrifara.*

Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda *í sameinuðu þingi og þingdeildum* megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann.

Nú þykir nauðsyn til bera vegna vinnubragða að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og *skulu forsetar* þá hlutast til um að mannaskiptin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag *mega forsetar* skjóta ágreiningnum undir úrskurð *sameinaðs þings eða þingdeildar.*

Til fastanefndanna getur *sameinað þing og hvor þingdeild* vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. *Að jafnaði skal vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.*

Heimilt er *þó sameinuðu þingi eða hvorri deild* að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Hver slík nefnd kýs sér formann, varaformann *og fundaskrifara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.*

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál sem þær fjalla um.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

Frumvarp:

16. gr.

Nefndir skulu kosnar hlutbundnum kosningum, *sbr. ... gr.* Kosning fastanefnda gildir til upphafs næsta þings. *Nefndir skulu starfa milli þinga að þeim verkefnum sem þingið felur þeim eða þær sjálfar ákveða.*

17. gr.

Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn er fyrst var kosinn og lætur kjósa formann *og* varaformann.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

Gildandi lög:

16. gr.

Nefndir skulu kosnar hlutbundnum kosningum, *sbr. 49. gr.* Kosning fastanefnda gildir til upphafs næsta þings.

17. gr.

Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn er fyrst var kosinn og lætur kjósa formann, varaformann *og skrifara nefndarinnar.*

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

Frumvarp:

Gildandi lög:

III. ÞINGMÁL

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna samþykki það.

19. gr.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en *að loknum þremur umræðum.*

20. gr.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða *útbýtingu nefndarálits* og skal þá ræða greinar frumvarpsins hverja fyrir sig og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

Ef frumvarp breytist við aðra umræðu eða þörf þykir af öðrum ástæðum skal nefndin fjalla um það á ný fyrir þriðju umræðu.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

23. gr.

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður sendir forseti það *ríkisstjórninni.*

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna *í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í,* samþykki það.

19. gr.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum *í hvorri þingdeild eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga, sbr. 44. og 45. gr. stjskr.*

20. gr.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu og skal þá ræða greinar frumvarpsins hverja fyrir sig og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

23. gr.

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður *í deild* sendir forseti *hennar* það *forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um að*

Frumvarp:

Gildandi lög:

hann leggi það fyrir þá deild, sbr. 45. gr. stjskr., og sætir það síðan sömu meðferð þar sem í deild þeirri er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild sendir forseti hennar ríkisstjórninni það.

24. gr. [Fellur brott.]

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar, sbr. 45. gr. stjskr. Hafi nefnd fjallað um það þar sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það. Þá er liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu skv. 22. gr.

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt eins og það kom frá hinni deildinni sendir forseti ríkisstjórn það. En sé því breytt sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni, sbr. 45. gr. stjskr., og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt sendir forseti ríkisstjórn það. Nú breytir deildin því og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til að það verði lagt fyrir sameinað þing.

25. gr. [Fellur brott.]

Frumvarpinu, í þeirri mynd sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu minnst einni nóttu síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því sem fyrir er mælt í 22. gr. og er þeim lýkur skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 45. gr. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu, sbr. 45. gr. stjskr.

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi sendir forseti það ríkisstjórninni. Ella fellur það niður.

Frumvarp:

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

27. gr.

Lagafrumvarp, er hefur *verið* fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

28. gr.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. *Stutt greinargerð má fylgja tillögu til þingsályktunar.* Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði ... *gr.*

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga gilda ákvæði ... *gr.* við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti þings samþykki það.

Gildandi lög:

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

27. gr.

Lagafrumvarp, er *önnur deildin* hefur fellt má eigi bera upp aftur á sama þingi.

28. gr.

Tillögur til þingsályktunar *skal bera upp í sameinuðu þingi og* skulu *þær* vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði *36. gr.*

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga gilda ákvæði *36. gr.* við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti *sameinaðs* þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

Frumvarp:

29. gr.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherra, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Ef ekki verður komið við að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

30. gr.

Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta *þing*fundi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni skal skýrslan prentuð og *henni* útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

Ný grein.

Þegar nefnd leggur skýrslu fyrir þingið til umræðu skal framsögumaður nefndarinnar gera grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en mega ekki tala oftar en tvisvar. Framsögumaður og ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

Gildandi lög:

29. gr.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Ef ekki verður komið við að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

30. gr.

Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi *í sameinuðu þingi* ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjskr. um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Frumvarp:

31. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta *þing*fundi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum *þing*fundi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd.

Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

32. gr.

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar *til ráðherra*. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár.

Gildandi lög:

31. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn *í sameinuðu þingi* er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi *í sameinuðu þingi* skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd.

Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

32. gr.

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma *í sameinuðu þingi* geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár.

Frumvarp:

Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. ... *gr.* eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. ... *gr.* eftir því sem við á.

33. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við *upphaf* þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti en aðrir því aðeins að þingið samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella, má eigi bera upp aftur á sama þingi. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði er áður hefur verið fellt og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Gildandi lög:

Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. *31. gr.* eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. *36. gr.* eftir því sem við á.

33. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við *byrjun* þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti en aðrir því aðeins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella *í deild*, má eigi bera upp aftur *í sömu deild* á sama þingi, *en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum*. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði er áður hefur verið fellt *í sömu þingdeild* og er þing*deildar*mönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. *Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.*

Frumvarp:

Gildandi lög:

IV. FUNDARSKÖP

34. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. *Ákvæði þessarar málsgr. gilda þó ekki um fyrirspurnarfundi.*

Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir *þinginu* bréfið. Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.

Þegar fundur er settur skal samþykkja gjörðabók frá síðasta fundi, sbr. ... *gr.* Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

35. gr.

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

36. gr.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir. *Enginn má tala lengur en tvær mínútur í senn og hver þingskapaumræða má ekki taka lengri tíma en tíu mínútur.*

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó *síðari málsgreinar þessarar greinar* og *3. mgr. 28. gr.*

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsætisráðherra gert tillögu um að ræðutími þingmanna og annarra ráðherra en þess, sem mælir fyrir stjórnar-

34. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina.

Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir bréfið *viðkomandi þingdeild eða sameinuðu þingi.* Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.

Þegar fundur er settur skal samþykkja gjörðabók frá síðasta fundi, sbr. *13. gr.* Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

35. gr.

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

36. gr.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó *næstu málsgr. hér á eftir* og niðurlagsákvæði *38. gr.*

Frumvarp:

frumvarpi, sé takmarkaður við átta mínútur og ræðutími framsögumanna meiri og minni hluta nefnda við fimmtán mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu og framsögumanni tvisvar, en eigi fleiri en tveimur þingmönnum, að framsögumanni meðtöldum, frá hverjum þingflokki. Slík tillaga ráðherra skal borin undir atkvæði umræðulaust.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál skal farið eftir reglum V. kafla.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess *þá er dagskrármálið er tekið fyrir.* Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttting eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

Forseti getur leyft þingmönnum að gera stuttar athugasemdir við einstakar ræður strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill gera athugasemd bera fram ósk um það við forseta. Athugasemd má einungis gera við ræðu en ekki við athugasemd. Hver athugasemd má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara henni á tveimur mínútum. Enginn má gera athugasemdir oftar en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í athugasemdum mega ekki standa lengur en í fimmtán mínútur í einu.

38. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum.

Sömuleiðis geta níu *þingmenn* krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gjörðabókina.

Gildandi lög:

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál skal farið eftir reglum V. kafla.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttting eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

38. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði *í þingdeild þeirri sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi,* og ræður afl atkvæða úrslitum.

Sömuleiðis geta *þrír þingmenn í efri deild, sex í neðri deild og* níu *í sameinuðu þingi* krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gjörðabókina.

Frumvarp:

Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka ef hentara þykir.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

39. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

40. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum.

41. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

42. gr.

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur *þingið* vísað því til ríkisstjórnarinnar.

43. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert að ⅔ fundarmanna séu því samþykkir.

Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjali.

44. gr.

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun *þingsins.*

Gildandi lög:

Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka ef hentara þykir.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

39. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

40. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum.

41. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

42. gr.

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur *sameinað þing eða viðkomandi deild* vísað því til ríkisstjórnarinnar *eða einstakra ráðherra, sbr. 56. gr. stjskr.*

43. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert að ⅔ fundarmanna séu því samþykkir.

Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjali.

44. gr.

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun *sameinaðs þings og þingdeildar eftir því sem við á.*

Frumvarp:

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá.

45. gr.

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði, sbr. ... *gr.* stjskr. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem *atkvæði greiða*, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

46. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og hvernig hún fer fram. Þó getur *þingið*, ef *níu þingmenn* krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

47. gr.

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli má hann lýsa því yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. ... *gr.*

Forseti mælir fyrir um hvernig atkvæði skulu greidd og skýrir frá úrslitum eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Gildandi lög:

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá. *Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir að til þess fáist samþykki ¾ þeirra sem á fundi eru, sbr. 69. gr.*

45. gr.

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna *í sameinuðu þingi eða viðkomandi deild* sé á fundi og greiði þar atkvæði, sbr. *53. gr.* stjskr. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem *atkvæðisbærir eru*, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, *hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi*, að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

46. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og hvernig hún fer fram. Þó getur *þingdeild eða sameinað þing*, ef *þrír í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi* krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

47. gr.

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli má hann lýsa því yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. *20.–25. og 28. gr.*

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifarar telja atkvæðin en forseti skýrir frá úrslitum *atkvæðagreiðslunnar* eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Frumvarp:

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

48. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum.

49. gr.

Um kosningar fer eftir því sem fyrir er mælt í 3. gr. að því viðbættu að þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal forseti beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri er kennd er við de Hondt (listakosning). Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o.s.frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o.s.frv.) þess lista er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða en *teljarar* rita jafnóðum og telja saman hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o.s.frv. Tölu þeirri, sem hver listi fær þannig, er svo skipt, fyrst með 1, síðan 2, síðan með 3 o.s.frv. eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annarri og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosning fer eftir hlutatölunum þannig að sá listi fær fyrsta mann er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann er á næsthæsta hlutatölu o.s.frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista skal varpa hlutkesti um hvor eða hver listanna skuli koma að manni.

Gildandi lög:

Þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

48. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum, *sbr. 25. gr.*

49. gr.

Um kosningar fer eftir því sem fyrir er mælt í 3. gr. að því viðbættu að þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri *í sameinuðu þingi eða þingdeild,* hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal forseti beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri er kennd er við de Hondt (listakosning). Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o.s.frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o.s.frv.) þess lista er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða en *skrifararnir* rita jafnóðum og telja saman hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o.s.frv. Tölu þeirri, sem hver listi fær þannig, er svo skipt, fyrst með 1, síðan 2, síðan með 3 o.s.frv. eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annarri og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosning fer eftir hlutatölunum þannig að sá listi fær fyrsta mann er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann er á næsthæsta hlutatölu o.s.frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista skal varpa hlutkesti um hvor eða hver listanna skuli koma að manni.

Frumvarp:

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

Ef kjósa skal einnig varamenn skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

50. gr.

Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, sbr. ... *gr.* stjskr.

51. gr.

Forseti skipar fyrir um hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því getur forseti látið vísa honum á braut og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Gildandi lög:

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

Ef kjósa skal einnig varamenn skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

50. gr.

Fundir, bæði sameinaðs þings og þingdeilda, skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, sbr. *57. gr.* stjskr.

51. gr.

Forseti skipar fyrir um hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því getur forseti látið vísa honum á braut og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Frumvarp:

Gildandi lög:

V. ÚTVARP UMRÆÐU

52. gr.
Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

53. gr.
Útvarpa skal innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

54. gr.
Á síðari hluta þings skal útvarpa almennri stjórnmálaumræðu. Fer um þessa umræðu eins og þegar útvarpað er umræðu um þingmál, sbr. ... *gr.*

55. gr.
Útvarpa skal umræðu um vantraust ef níu þingmenn krefjast þess.

56. gr.
Nú óskar þingflokkur að umræðu um þingmál verði útvarpað og snýr þá formaður þingflokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. Sama gildir ef þingflokkur óskar að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

57. gr.
Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu og skal forseti þá tilkynna það þeim sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk sem sjaldnast hefur neytt þess réttar.

58. gr.
Þegar útvarpað er umræðu um þingmál skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsum-

52. gr.
Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

53. gr.
Útvarpa skal innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

54. gr.
Á síðari hluta þings skal útvarpa almennri stjórnmálaumræðu. Fer um þessa umræðu eins og þegar útvarpað er umræðu um þingmál, sbr. 59. gr.

55. gr.
Útvarpa skal umræðu um vantraust ef níu þingmenn krefjast þess.

56. gr.
Nú óskar þingflokkur að umræðu um þingmál verði útvarpað og snýr þá formaður þingflokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. Sama gildir ef þingflokkur óskar að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

57. gr.
Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu og skal forseti þá tilkynna það þeim sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk sem sjaldnast hefur neytt þess réttar.

58. gr.
Þegar útvarpað er umræðu um þingmál skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsum-

Frumvarp:

ræðu gilda ekki ákvæði 36. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess er hver þingflokkur hefur til umráða og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

59. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur. Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar.

Þegar útvarpi umræðu um þingmál er lokið getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

Forseti ákveður í samráði við þingflokka tölu umferða og ræðutíma í einstökum umferðum. Það er umferð þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka sem þátt taka í umræðum.

60. gr.

Nú óskar *útvarps- eða sjónvarpsstöð* að útvarpa umræðu um þingmál, þá beinir *hún* tilmælum sínum til forseta. Ef um er að ræða umræðu skv. 59. gr. ákveður forseti í samráði við þingflokkana hvort orðið skuli við tilmælunum.

Ef *útvarps- eða sjónvarpsstöð* óskar hins vegar að útvarpa venjubundinni umræðu eða hluta af umræðu tekur forseti þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild án umræðu hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt skal þess gætt að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

61. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

62. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð ef sérstakar ástæður liggja til.

Gildandi lög:

ræðu gilda ekki ákvæði 36. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess er hver þingflokkur hefur til umráða og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

59. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur. Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar.

Þegar útvarpi umræðu um þingmál er lokið getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

Forseti ákveður í samráði við þingflokka tölu umferða og ræðutíma í einstökum umferðum. Það er umferð þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka sem þátt taka í umræðum.

60. gr.

Nú óskar *Ríkisútvarpið* að útvarpa umræðu um þingmál, þá beinir *það* tilmælum sínum til *hlutaðeigandi* forseta. Ef um er að ræða umræðu skv. 59. gr. ákveður forseti í samráði við þingflokkana hvort orðið skuli við tilmælunum.

Ef *Ríkisútvarpið* óskar hins vegar að útvarpa venjubundinni umræðu eða hluta af umræðu tekur forseti þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild án umræðu hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt skal þess gætt að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

61. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

62. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð ef sérstakar ástæður liggja til.

Frumvarp:

63. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það er að útvarpi umræðu lýtur.

64. gr.

Forseti sker úr ágreiningi sem verður um skilning á reglum þessum um *útvarp umræðu* eða framkvæmd þeirra.

65. gr.

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp eftir því sem við á.

Þar sem segir að útvarpa skuli, sbr. ... *gr.*, er skyldan bundin við hljóðvarp.

Gildandi lög:

63. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það er að útvarpi umræðu lýtur.

64. gr.

Forseti sker úr ágreiningi sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

65. gr.

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp eftir því sem við á.

Þar sem segir að útvarpa skuli, sbr. 52. gr., 53. gr., 54. gr. og 55. gr., er skyldan bundin við hljóðvarp.

Frumvarp: *Gildandi lög:*

VI. ÝMISLEG ÁKVÆÐI

66. gr.

Alþingi má *ekki* taka við nokkru málefni nema einhver þingmanna, *þingnefnd, þingnefnd,* ráðherra eða *ríkisstjórn* taki það að sér til flutnings, sbr. ... *gr.* stjskr.

66. gr.

Hvorki sameinað þing né þingdeild má taka við nokkru málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings, sbr. *55. gr.* stjskr.

67. gr.

Umræður *á Alþingi*, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

67. gr.

Umræður *sameinaðs Alþingis og þingdeildanna*, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

68. gr.

Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

68. gr.

Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

69. gr.

Eftir uppástungu forseta eða *formanns þingflokks* má bregða út af þingsköpum þessum ef ¾ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.

69. gr.

Eftir uppástungu forseta eða *skriflegri uppástungu frá þrem þingmönnum í efri deild, sex þingmönnum í neðri deild og níu í sameinuðu þingi* má bregða út af þingsköpum þessum ef ¾ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, og lög um breytingar á þeim lögum.

Ed. 830. Frumvarp til laga [469. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 2. desember 1980, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Jón Helgason, Guðrún Agnarsdóttir, Karl Steinar Guðnason,
Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Afsali þingmaður sér þingmennsku og hverfi til annarra launaðra starfa fellur réttur hans til biðlauna niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna, nr. 75/1980, nýtur alþingismaður biðlauna er hann hættir þingmennsku, í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu en í sex mánuði eftir tíu ára eða lengri þingsetu. Lögin kveða hins vegar ekki sérstaklega á um það hvort alþingismaður skuli njóta biðlauna ef hann afsalar sér þingmennsku og tekur við öðru starfi. Eftir upphaflegum tilgangi laganna var ekki ætlunin að þingmenn, sem segja af sér þingmennsku og hverfa til annarra launaðra starfa, nytu biðlauna eins og fram kom í umræðum á Alþingi á sínum tíma. Tíðkast hvorki á almennum vinnumarkaði né hjá ríkinu að sá er segir upp störfum njóti launa eftir að hætt er störfum. Í frumvarpi þessu er því lagt til að kveðið sé skýrt á um að réttur til biðlauna falli niður afsali þingmaður sér þingmennsku fyrir lok kjörtímabils og taki við öðru starfi. Þessi breyting hefur hins vegar engin áhrif á rétt þingmanna til biðlauna að kjörtímabili loknu.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við þá þingforseta sem sæti eiga í neðri deild.

Sþ. 831. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jón Helgason, Kjartan Jóhannsson,
Salome Þorkelsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg og láta gera nauðsynlegar lagfæringar á húseigninni ef af kaupunum verður.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur Alþingi orðið að dreifa starfsemi sinni í æ fleiri húseignir í nágrenni Alþingishússins til að mæta aukinni þörf á þjónustu og húsrými. Starfsemin fer nú fram í sjö húsum utan Alþingishússins og það gefur auga leið að þessi þróun er afar óheppileg. Það nægir að nefna sívaxandi rekstrarkostnað og lélega nýtingu á mannafla. Meðan nýbyggingarmál Alþingis eru í biðstöðu vegna efnahagslegra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur athyglin beinst að öðrum úrræðum til að ráða bót á brýnustu þörfinni og koma skipulagsmálunum í betra horf. Í því skyni létu forsetar Alþingis kanna hvort kaup á Hótel Borg gætu reynst æskilegur kostur fyrir Alþingi. Könnunin leiddi í ljós að náist viðunandi samningar um kaup á húseigninni sé ráðin bót á brýnasta húsnæðisvanda Alþingis næstu árin en það auðveldar til mikilla muna þá endurskipulagningu á starfsemi Alþingis sem nú er unnið að.

Sþ. 832. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um heilsufarsbók.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun.

Greinargerð.

Skráning og varðveisla ýmissa upplýsinga um heilsufar einstaklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilis- eða heilsugæslulækni hvers einstaklings en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar fólks. Allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigið heilsufar, tímasetningu og niðurstöður rannsókna og læknismeðferðar sem hann hefur fengið (t.d. bólusetningar, lyfjagjöf, skurðaðgerðir o.fl.). Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin heilsugæslu. Til þess að svo geti orðið þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu. Einn þáttur þess að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd er að gefa fólki kost á því að skrá í eina bók allt það sem við kemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar.

Heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Slíkt skipulag eykur vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt til ábyrgðar og hvetur til þátttöku. Slík heilsufarsbók er því í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda.

Sþ. 833. Svar [352. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um ályktun Evrópuráðsins um baráttuna gegn eiturlyfjum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Mun heilbrigðisráðherra beita sér fyrir því að gerður verði sérstakur Evrópuráðssáttmáli um baráttuna gegn eiturlyfjum ef þingi Sameinuðu þjóðanna mistekst að koma sér saman um sáttmála, sbr. ályktun Evrópuráðsins nr. 1085/1988?

Í hvaða lögum og reglugerðum er kveðið á um eftirlit með útflutningi á efnasamböndum til framleiðslu á eiturlyfjum, þar með talin ávana- og fíknilyf?

Er í undirbúningi að lögleiða ákvæði um meðferð og sölu á sprautum til þess að koma í veg fyrir eyðnismit?

Er á döfinni hjá ríkisstjórninni að setja lög og reglugerðir sem auðvelda upptöku eigna og lausafjár eiturlyfjasala?

Er í undirbúningi að gefa fólki, sem hefur orðið eiturlyfjum að bráð, kost á félagslegri meðferð og sjúkrahúsvist í stað fangelsisafplánunar?

1. Þátttaka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í störfum Evrópuráðsins í sambandi við baráttuna gegn eiturlyfjum fer fram í stjórnarnefnd heilbrigðismála (CDSP). Á vegum þessarar nefndar er fyrst og fremst fjallað um heilsufarsleg áhrif eiturlyfjanotkunar, hvernig mat skuli lagt á hættuna, hvaða forvarnaraðferðum skuli beitt og hvaða eftirlit sé nauðsynlegt. Á vegum nefndarinnar hefur markvisst verið unnið að þessum málum og árið 1990 er ætlunin að kanna sérstaklega læknisfræðileg og félagsleg áhrif vímuefnanotkunar hjá börnum og unglingum. Þessi vinna fer fram í nánu samstarfi við og með þátttöku Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf sem ávallt hefur áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar hjá Evrópuráðinu. Þetta er gert vegna þess að það er til lítils að taka mið af ástandi mála í þátttökuríkjum Evrópuráðsins sem aðeins eru 21 að tölu. Það er því eðlilegt að Evrópuráðsríkin leggi áherslu á alþjóðlega lausn þessa vandamáls sem engin landamæri þekkir. Takist slík samvinna ekki er við því að búast að Evrópuráðslöndin hyggi að öðrum aðgerðum. Enn sem komið er er það almenn skoðun að þátttökuríki Sameinuðu þjóðanna nái saman í þessu máli. Ísland eins og aðrar þjóðir Evrópuráðsins hyggst bíða og sjá hverju fram vindur í þessu máli og heilbrigðisráðherra hefur ekki að svo komnu máli fyrirætlanir um að gera sérstakar tillögur í málinu.

2. Í lögum um ávana- og fíknilyf, nr. 65/1974, með áorðnum breytingum, og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, með áorðnum breytingum, er kveðið á um ávana- og fíknilyf. Í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, er að finna ákvæði um framleiðslu og dreifingu eiturefna og hættulegra efna sem gilda einnig um dreifingu úr landi. Um eftirlit fer auk þess samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Rétt er að benda á að samkvæmt þeim lögum tók til starfa 1. janúar sl., á vegum Hollustuverndar ríkisins, sérstök deild sem nefnd er eiturefnasvið og er meðal annars ætlað að hafa eftirlit með notkun eiturefna, þar á meðal útflutningi sé honum til að dreifa.

3. Það hefur ekki verið rætt um að lögleiða ákvæði um meðferð og sölu á sprautum til að koma í veg fyrir eyðnismit því að álitið er að takmörkun á sölu sprautna og nála auki útbreiðslu ýmissa sjúkdóma ef margir nota sömu tækin og er hér einkum átt við eyðni og lifrarbólgur.

4. Heilbrigðisráðherra er ekki kunnugt um að á döfinni sé hjá ríkisstjórninni að setja lög eða reglugerðir sem auðvelda upptöku eigna og lausafjár eiturlyfjasala, en yrði það gert hlyti laga- og reglugerðarsetning af því tagi að verða á vegum dómsmálaráðherra. Til greina kemur að fela hegningarlaganefnd, sem starfar á vegum dómsmálaráðuneytis, að skoða málið út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í fyrirspurninni með það fyrir augum að gera tillögur um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mundi þá flytja.

5. Sérstök nefnd á vegum ráðuneyta hefur á þessum vetri haft málefni ungra eiturlyfjaneytenda til sérstakrar athugunar, annars vegar til þess að bæta meðferðaraðstöðu vegna afeitrunar og bráðrar meðferðar og hins vegar með hverjum hætti hægt yrði að stofna til langvarandi uppeldislegrar meðferðar og skólavistunar. Málið er ekki enn komið á það stig að ákveðnar tillögur liggi fyrir um framkvæmd málsins, en sennilegt er ef tekst að hrinda í framkvæmd þeim tillögum, sem nú eru til umræðu, að annaðhvort yrði hægt að gefa fólki kost á slíkri meðferð eða að dæma það til vistunar og meðferðar af því tagi sem um er rætt í fyrirspurninni.

Ed. 834. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hér er um viðamikinn lagabálk að ræða sem ætlað er að leysa af hólmi tvenn lög um aðfarargerðir, annars vegar lög um aðför, nr. 19/1887, og hins vegar lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29/1885. Frumvarpið er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar á héraðsdómsstigi og tengist þannig frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en nefndin hefur nýlega afgreitt það frumvarp frá sér.

Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskólans, vann með nefndinni að athugun málsins, en auk þess komu lögfræðingarnir Viðar Már Matthíasson og Sigurður G. Guðjónsson til viðræðna við nefndina um ákveðna þætti frumvarpsins. Þá bárust nefndinni umsagnir um frumvarpið frá Dómarafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Má Péturssyni bæjarfógeta og réttarfarsnefnd.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi umsögnum leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Fyrri breytingartillagan felur í sér að felldur er brott 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. Sú breyting felur í sér að héraðsdómari þurfi ekki að fjalla um aðfararkröfu sem styðst við skuldabréf, víxil eða tékka. Þar sem dómari athugar fyrst og fremst hvort öllum formsatriðum er fullnægt en leggur ekki mat á efni málsins verður ekki séð að sérstök þörf sé á því að dómari kanni gildi aðfararheimilda til þess að rita á þær hvort aðför megi fara fram eða ekki. Sýslumenn gætu eins kannað gildi aðfararheimildanna með sama hætti og dómurum er ætlað að gera samkvæmt frumvarpinu. Ekki verður séð að réttaröryggi gerðarþola skerðist nokkuð þótt þessi háttur yrði hafður á, enda eru endurupptöku- og málskotsleiðir tiltölulega greiðar samkvæmt frumvarpinu. Þá er líka rétt að hafa í huga að í þeim tilvikum, sem skuldari mótmælir og kærir aðför, er óeðlilegt að sami aðili (þ.e. héraðsdómari) hafi áritað aðfararheimildina og úrskurði jafnframt síðar um kæru skuldara.

Síðari breytingartillagan varðar gildistökuákvæði frumvarpsins, en lagt er til að gildistöku laganna verði frestað um tvö ár, til 1. júlí 1992. Þessi breyting er til samræmis við frestun á gildistökuákvæði frumvarps um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 11. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Eiður Guðnason.	Skúli Alexandersson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Ed. 835. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 11. gr. 2. tölul. 1. mgr. falli brott.
2. Við 99. gr. Í stað „1990“ í 1. mgr., og hvarvetna annars staðar í 17. kafla, komi: 1992.

Ed. 836. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að afnumin verða ýmis lög á sviði menntamála sem ekki hafa lengur neinu hlutverki að gegna.

Guðmundur Ágústsson og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr. Jón Helgason.

Skúli Alexandersson. Valgerður Sverrisdóttir.

Sþ. 837. Svar [367. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar og Inga Björns Albertssonar um skatta á íbúðarhúsnæði í löndum OECD.

Hvaða skattar eru lagðir á íbúðarhúsnæði í löndum OECD, í hverju landi fyrir sig?

Þessari spurningu er erfitt að svara ítarlega þar sem ekki eru til nauðsynleg gögn til slíks. Hins vegar er hægt að svara henni almennt út frá skilgreiningu OECD á skatttekjum. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er *fasteignaskattur* lagður á annaðhvort notkun fasteignar eða eignarhald. Skatturinn er lagður á sem prósentuálagning á fasteignamat sem byggist á reiknuðum leigutekjum, söluverði fasteignar eða reiknuðum hagnaði. Skatturinn tekur einnig tillit til þátta eins og stærðar og staðsetningar fasteigna. Við þessa skattlagningu eru áhvílandi skuldir ekki dregnar frá fasteignamatinu. *Eignarskattar* eru aftur á móti lagðir á nettóeign, bæði fasteigna og annarra eigna, þó með margvíslegum undanþágum. Skuldir hafa því verið dregnar frá. Í meðfylgjandi töflum er að finna m.a. yfirlit um greiddan fasteigna- og eignarskatt einstaklinga í þeim OECD-löndum sem upplýsingar eru tiltækar fyrir.

Hve hátt hlutfall eru skattar þessir af verðmæti húseigna í þessum löndum?

Varðandi verðmæti húseigna í OECD-löndum er um sama vandamál að ræða og í fyrri spurningunni, að mjög erfitt er að nálgast nauðsynlegar upplýsingar. Auk þess er afar mismunandi aðferðum beitt við mat og afskriftir fasteigna í þessum löndum samkvæmt þeim upplýsingum sem fengist hafa. Því yrði allur samanburður milli landanna með miklum fyrirvara.

Í meðfylgjandi töflum er að finna yfirlit um fasteigna- og eignarskatta einstaklinga, annars vegar sem hlutfall af skatttekjum viðkomandi lands og hins vegar af vergri landsframleiðslu þeirra.

Í hvaða hlutföllum skiptast skattar þessir milli ríkissjóða og annarra stjórnvalda í hverju landi?

Því miður eru ekki tiltækar upplýsingar varðandi þessa spurningu. Þó má álykta almennt að fasteignaskattar renni frekar til sveitarsjóða en ríkissjóðs vegna eðlis skattsins og þar sem sveitarsjóðir þurfa meðal annars að standa að ýmsum kostnaði vegna fasteignanna. Um eignarskatta gildir annað og eru meiri líkur á að þeir renni í ríkissjóð svo að þeir auki ekki aðstöðumun milli landshluta eða sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Tafla 1.

Fasteignaskattar í OECD-ríkjunum 1986.

Gjaldmiðil viðkomandi lands.

	Heildar-skattar	Þar af:				Verg landframleiðsla VLF
		Skattar á eignir	Þar af:		Eigna-skattar einstakl.	
			Fast-eigna-skattar	Þar af: Fast-eigna-skattar einstakl.		
Ástralía	81.697	6.554	3.679	0	0	260.379
Austurríki	609.931	14.420	4.327	1.112	2.009	1.423.050
Bandaríkin	1.194.536	123.095	111.711	50.147	0	4.191.465
Belgía	2.335.530	43.680	520	0	0	4.982.380
Bretland	145.683	18.814	16.090	6.874	0	376.523
Danmörk	337.391	15.712	6.488	0	1.765	667.141
Finnland	137.127	4.225	326	228	129	360.319
Frakkland	2.225.229	106.312	49.347	33.115	5.996	5.034.930
Grikkland	2.039.603	55.337	2.885	2.885	0	5.543.207
Holland	195.640	7.070	3.260	0	970	429.880
Írland	7.335,69	282,80	180,80	?	0	18.543
Ítalía	324.024	8.778	0	0	0	902.238
Japan	96.105	10.441	5.607	?	0	330.116
Kanada	171.956	16.194	14.059	?	0	502.249
Luxemborg	107.216	6.638	521	?	241	220.539
Nýja Sjáland	17.408,2	297,9	63,6	?	0	52.879
Noregur	257.159	5.448	1.241	1.241	2.237	514.578
Portugal	1.407.201	26.985	0	0	0	4.403.400
Spánn	9.706,73	307,48	8,40	0	32	31.948
Svíþjóð	499.862	13.919	4.741	1.965	2.632	931.784
Sviss	79.143	6.659	358	358	1.752	243.350
Tyrkland	8.871.581	294.806	0	0	0	39.287.800
Vestur-Þýskaland	726.936	22.192	7.636	3.054	1.465	1.931.220
Ísland (1989)	63.582	4.745	1.898	687	660	207.464

Tafla 2.

Fasteignaskattar í OECD-ríkjunum 1986.

	Fast-eigna-skattar sem hlutf af heildar-sköttum %	Fast-eigna-skattar sem hlutf af vergri lands-fram-leiðslu %	Fast-eigna-skattar einstakl. sem hlutf af heildar-sköttum %	Fast-eigna-skattar einstakl. sem hlutf af vergri lands-fram-leiðslu	Eigna-skattar einstakl. sem hlutf af heildar-sköttum %	Eigna-skattar einstakl. sem hlutf. af vergri lands-fram-leiðslu %
Ástralía	4,50	1,41	0	0	0	0
Austurríki	0,71	0,30	0,18	0,08	0,33	0,14
Bandaríkin	9,35	2,67	4,20	1,20	0	0
Belgía	0,02	0,01	0	0	0	0
Bretland	11,04	4,27	4,72	1,83	0	0
Danmörk	1,92	0,97	0	0	0,52	0,26
Finnland	0,24	0,09	0,17	0,06	0,09	0,04
Frakkland	2,22	0,98	1,49	0,66	0,27	0,12
Grikkland	0,14	0,05	0,14	0,05	0	0
Holland	1,67	0,76	0	0	0,50	0,23
Írland	2,46	0,98	?	?	0	0
Ítalía	0	0	0	0	0	0
Japan	5,83	1,70	?	?	0	0
Kanada	8,18	2,80	?	?	0	0
Luxemborg	0,49	0,24	?	?	0,22	0,11
Nýja Sjáland	0,37	0,12	?	?	0	0
Noregur	0,48	0,24	0,48	0,24	0,87	0,43
Portugal	0	0	0	0	0	0
Spánn	0,09	0,03	0	0	0,33	0,10
Svíþjóð	0,95	0,51	0,39	0,21	0,53	0,28
Sviss	0,45	0,15	0,45	0,15	2,21	0,72
Tyrkland	0	0	0	0	0	0
Vestur-Þýskaland	1,05	0,40	0,42	0,16	0,20	0,08
Ísland (1987)	2,99	0,91	1,08	0,33	1,04	0,32

Ed. 838. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
c. Útsvör.
d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er.

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að ½% af álagningarstofni:
   Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
b. Allt að 1% af álagningarstofni:
   Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu skattsins sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs og skal sleppa því sem umfram er. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

Vangreiðsla að hluta veldur því að fasteignaskatturinn fellur allur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómstundaiðju sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 3. mgr. 3. gr. og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
b. Landsútsvör skv. 9. gr.
c. Vaxtatekjur.

9. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðja ríkisins, Sala varnaliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Enn fremur olíufélög sem flytja inn olíu, olíuvörur og annast sölu þessa og dreifingu innan lands, 1,3% af heildarsölu olíu og olíuvara annarra en gasolíu og svartolíu.
c. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

10. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara skv. 9. gr. Gjalddagi landsútsvara er 15. júlí ár hvert og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

11. gr.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags, þó með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið 9. gr. rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal að öðru leyti ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 12. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 13. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr.

12. gr.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

13. gr.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 15. gr.
d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 16. gr.
e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

14. gr.

Jöfnunarframlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna þeirra.

b. Til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. og 13. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

15. gr.

Framlögum skv. c-lið 13. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

16. gr.

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

17. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-liðum 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

18. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

IV. KAFLI

Um útsvör.

21. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

22. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

23. gr.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af útsvarsstofni.

26. gr.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundaðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

27. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars, þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar.

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

28. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtuaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

29. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. 7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

30. gr.

Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

Fjármálaráðuneytið sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launamanns til lúkningar útsvari þeirra aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um

tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 41. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtuaðila.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

31. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

32. gr.

Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

33. gr.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar.

V. KAFLI

Um aðstöðugjald.

34. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila, sem taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara.
c. Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa.

35. gr.

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en frá honum dregst tekjufærsla samkvæmt sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem

þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

36. gr.

Hámark aðstöðugjalds skal vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda eftir tegundum atvinnurekstrar innan framangreindra takmarka. Óheimilt er að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

37. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu aðstöðugjalda.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 29., 30., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

38. gr.

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur sinn ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar,
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 35. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans falli undir þá starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

39. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um álagningu aðstöðugjalds og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té uppýsingar um hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 36. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

40. gr.

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann hlutaðeigandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

41. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr., 3. og 5. mgr. 29. gr. og 2., 3. og 5. mgr. 37. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 37. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.

Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarstjórnar. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

42. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885.

43. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 21. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

44. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990, við álagningu aðstöðugjalds árið 1990 vegna reksturs á árinu 1989 og við álagningu fasteignaskatts á árinu 1990.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og eftirtalin lög um breytingu á þeim lögum: Lög nr. 47/1982, lög nr. 95/1982, lög nr. 75/1984, lög nr. 99/1985, lög nr. 38/1987 og lög nr. 33/1988, svo og 10. gr. laga nr. 9/1985, um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

Ed. 839. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Ríkið greiðir að fullu stofnkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr.

Um stofnkostnað við rými fyrir fötluð börn á almennum deildum dagvistarstofnana og skóladagheimilum fer í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr. Kostnaður skv. 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við rekstur stofnana skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Ríkissjóður greiðir þann rekstrarkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr. sem ekki er greiddur af sértekjum eða eigin fé.

Sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum skv. 9. og 10. gr., skal greiða úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

3. gr.

1.–7. og 9. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

1. tölul. 18. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og við aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva, greiðist 85% úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.

5. gr.

1. tölul. 20. gr. laganna orðast svo:

Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

6. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, þrjá er skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður og búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

7. gr.

3. og 4. tölul. 34. gr. laganna orðast svo:

Framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 2. tölul. 34. gr., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

8. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

9. gr.

2. og 3. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar slysatrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

10. gr.

37. og 38. gr. laganna falla brott.

11. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna meðfæddra galla, svo sem klofins góms eða meiri háttar tannvöntunar.
d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.

f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a-, b- og c-liðum 1. mgr. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

12. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir eigi þeir lögheimili hér á landi. Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett nánari ákvæði í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

13. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

14. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

15. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálp sem hér segir:

a. Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði hinn sjúkratryggði lækni það gjald er ákveða skal með reglugerð. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða

sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis hjá sérfræðingum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiðir sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveða skal með reglugerð.
c. Lyf sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður fyrstu 440 kr. en sjúkratryggingar það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra, en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það.
d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 550 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
e. Sjúkradagpeningar skv. 45. gr.
f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum í 10 daga frá því fæðing hefst.
g. Tannlækningar skv. 44. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 70 kr. fyrir hverja ferð.
i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkatryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 1.650 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist ⅞ af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

16. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6–15 ára 100% kostnaðar við tannlækningar aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar, en 50% af þessum aðgerðum. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.

3. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 50% kostnaðar við tannréttingarmeðferð sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára þar til meðferð er lokið. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerð á 17–18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda hafi tryggingayfirlækni þá verið gerð grein fyrir því eða að minnsta kosti áður en unglingurinn verður 17 ára að rétt sé að festa aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykkir það.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

17. gr.

1., 2. og 3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

18. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Takist samningar ekki ákveður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga annarra heilbrigðisstétta.

19. gr.

Upphaf 3. mgr. 46. gr. orðast svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir utansjúkrahússsjúklinga, skulu ákveðin af fimm manna nefnd, daggjaldanefnd.

20. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

21. gr.

48. gr. laganna fellur niður.

22. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggingarinnar greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

23. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlag“ kemur: sjúkratryggingar eða orðið falli brott eftir því sem við á.

24. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlagsstjórn“ kemur: Tryggingastofnun ríkisins eða orðið falli brott eftir því sem við á.

25. gr.

Hvarvetna þar sem stendur „samlagsmaður“ í öðrum greinum laganna kemur: sjúkratryggður.

26. gr.

Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990.

Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins og skulu þær nýttar fyrir umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingu.

27. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
b. Framlag ríkissjóðs skv. 14. gr.
c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

28. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

30. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara.

Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

31. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð skal vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans. Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir og samræmir störf þeirra í umdæminu. Það fer að öðru leyti með þau málefni sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela þeim eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytis um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðslusráðs, sé svo um samið, og forstöðumaður fræðsluskrifstofu, sbr. 12. og 15. gr.

3. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.

33. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Samtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Heimilt er fræðslustjóra að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

34. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

35. gr.

3.–6. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

36. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

37. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Eðlilegt viðhald skólahúsa og búnaðar, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

Viðhaldskostnaður greiðist af sveitarfélögum.

38. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða sveitarfélaga einna, skal vera í höndum skólastjóra og skólanefndar sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvergi brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs.

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

39. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga.

40. gr.

3.–5. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

41. gr.

Úr 1. mgr. 43. gr. laganna falla brott orðin „sbr. 77. gr.“

3. mgr. sömu greinar orðast svo:

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

42. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er heimilt að nýta þjónustu ráðgefandi læknis í þessum efnum.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

43. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Auk kostnaðar við kennslu skv. 76. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 61. gr., og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

44. gr.

Í stað 78.–80. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 78. gr. en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla, en laun vegna kennslu og stjórnunar, eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

45. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

46. gr.

84. gr. laganna, er verður 81. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga og skulu því afhentir ársreikningar skólanna.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

47. gr.

Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 82. gr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu við það miðaðar að unnt sé að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir samkvæmt þeim ákveða.

48. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 83. gr. og orðist svo:

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

VII. KAFLI

Um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

49. gr.

Í stað 5.–10. gr. í II. kafla laganna kemur ein ný grein, sem verði 5. gr., en töluröð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasambands eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Bygging íþróttamannvirkja fyrir íþróttafélög og félagasambönd innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands skal og vera í verkahring sveitarfélaga. Byggingarstyrkir skulu ákveðnir í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar um að mannvirki sé styrkhæft skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal m.a. ákveða nánar um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

50. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði: **Um byggingarstyrki.**

VIII. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað 2., 3. og 4. gr. laganna kemur ein ný grein, sem verði 2. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

52. gr.

5. gr. laganna, sem verði 3. gr., orðast svo:

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks frá ríki eða sveitarfélagi, er skylt að heimila öðrum félögum, sem falla undir 1. gr., afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi ef það fer ekki í bága við notkun þeirra sjálfra. Rísi ágreiningur um rétt til afnota af félagsheimili eða um eðlilegt leigugjald skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skera úr.

53. gr.

6. gr. laganna, sem verði 4. gr., orðast svo:

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi, án leyfis menntamálaráðherra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili sem styrkt hafa verið nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða til endurbóta á eigninni.

54. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

Í stað orðanna „styrk úr Félagsheimilasjóði“ í 8. gr. laganna, sem verður 5. gr., kemur: opinberum styrk.

55. gr.

9. gr. laganna, sem verði 6. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið með reglugerð nánari skilyrði til styrkveitinga og önnur atriði er snúa að framkvæmd laganna.

Ágreiningi, sem verða kann um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

56. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 7. gr. og orðast svo:

Til Menningarsjóðs félagsheimila skal renna hluti af skemmtanaskatti. Sjóðurinn skal verja tekjum sínum til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er einnig, ef sérstaklega stendur á, að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila.

Menntamálaráðuneytið skal fara með málefni sjóðsins.

IX. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, með síðari breytingu.

57. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Skemmtanaskattur rennur í ríkissjóð á árinu 1989, sbr. þó 7. gr. laganna. Eftir það skal skattinum ráðstafað, í samráði við fjármálaráðherra, til framkvæmda á sviði lista og menningarmála og til forvarnastarfa á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

58. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Af skemmtanaskatti skv. 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 10% til Menningarsjóðs félagsheimila.

X. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

59. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

60. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess.

Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs, eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

61. gr.

Í 1. mgr 4. gr. laganna falla brott orðin „úr ríkissjóði“.

62. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.

Nú hættir aðili, sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar dagvistarheimilis, rekstri þess og getur þá hlutaðeigandi sveitarfélag gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

63. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

64. gr.

9.–14. gr. laganna fellur brott, en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

XI. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

65. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

66. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.

67. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.

68. gr.

Síðasti málsliður 8. gr. laganna falli brott. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.

69. gr.

Í stað orðanna „fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera“ í 1. málsl. 9. gr. laganna kemur: launanefnd sveitarfélaga gerir.

70. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

71. gr.

21.–24. gr. og 26.–27. gr. laganna falla brott en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

72. gr.

28. gr. laganna, sem verði 22. gr., orðast svo:

Af tekjum til vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita ákveðna fjárhæð til sýsluvega. Vegamálastjóri annast skiptingu fjárins milli sýslna eftir reglugerð sem ráðherra setur. Við skiptingu skal aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu sem falla undir a–c-liði 2. mgr. 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

XIII. KAFLI

Um landshafnir.

73. gr.

Felld eru úr gildi lög nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lög nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og lög nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn, með síðari breytingum. Um hafnir þessar skulu gilda hafnalög, nr. 69/1984.

XIV. KAFLI

Um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

74. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó aðeins nema þeim framlögum sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndun af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

XV. KAFLI

Gildistaka.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Sþ. 840. Fyrirspurn [472. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 1988?

Sþ. 841. Fyrirspurn [473. mál]

til fjármálaráðherra um bókun í kjarasamningi ríkisins við Landssamband lögreglumanna.

Frá Guðmundi Ágústssyni og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur.

Hefur ríkissjóður staðið við bókun í samningi ríkisins við Landssamband lögreglumanna frá 22. maí 1987 er kveður á um að Hagstofa Íslands reikni út og endurskoði launakjör lögreglumanna?

Sþ. 842. Fyrirspurn [474. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu fasteignaskatta.

Frá Einari Kr. Guðfinnssyni.

1. Hverjir verða heildarfasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins árið 1989?
2. Hverjir verða heildarfasteignaskattar fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í?
3. Hvernig skiptast þessir fasteignaskattar eftir sveitarfélögum í landinu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 843. Fyrirspurn [475. mál]

til forsætisráðherra um þróun launa ríkisstarfsmanna miðað við laun á hinum almenna vinnumarkaði.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Hvernig hafa laun ríkisstarfsmanna þróast miðað við laun á hinum almenna vinnumarkaði síðan ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt?

1. Hver voru laun ríkisstarfsmanna í hlutfalli við laun á hinum almenna vinnumarkaði þegar ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt?
2. Hvert hefur þetta hlutfall verið á hverju ári síðan?

Sundurliðun óskast eftir helstu stéttarfélögum á hinum almenna vinnumarkaði og félögum ríkisstarfsmanna.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 844. Fyrirspurn [476. mál]

til menntamálaráðherra um breyttar reglur um inntöku nemenda í framhaldsskóla.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig mun menntamálaráðuneytið standa að undirbúningi kennara og stjórnenda framhaldsskóla til að gera þeim kleift að sinna öllum þeim nemendum sem æskja inngöngu í framhaldsskóla landsins í upphafi næsta skólaárs?
2. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á uppbyggingu náms á framhaldsskólastiginu nú þegar lágmarkseinkunn er ekki lengur sett sem skilyrði fyrir inngöngu?
3. Hver er áætluð fjölgun nemenda á fyrsta ári framhaldsskóla vegna þessarar breytingar og hver verður þörfin fyrir ný stöðugildi kennara?

Sþ. 845. Fyrirspurn [477. mál]

til forsætisráðherra um afkomu fiskvinnslunnar.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa þegar erlendu lánin, sem tekin voru til að fjármagna 5% verðuppbótina sem nú er greidd úr Verðjöfnunarsjóði frystra sjávarafurða, þrjóta í júní næstkomandi?
2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bæta fiskvinnslunni upp það tekjutap sem hún verður fyrir þegar endurgreiddur uppsafnaður söluskattur af útflutningsverðmæti frystingar og söltunar lækkar um 1% í júní næstkomandi?
3. Hver verður rekstarafkoma frystingar og söltunar að þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar loknum ef gert er ráð fyrir óbreyttum afurðaverðum?

Ed. 846. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 26. gr. Niðurlag greinarinnar, frá orðunum „til Tryggingastofnunar ríkisins“, falli brott.
2. Við 74. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.
3. Við 75. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Sþ. 847. Skýrsla [478. mál]

um norrænt samstarf frá mars 1988 til mars 1989.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og í fastanefndir Norðurlandaráðs.

Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fer fram í sameinuðu Alþingi og gildir frá kjördegi og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi. Þann 3. nóvember 1987 voru eftirtaldir þingmenn kosnir til setu í Norðurlandaráði: Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Óli Þ. Guðbjartsson, Sverrir Hermannsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn voru þá kjörnir Friðjón Þórðarson, Guðrún Agnarsdóttir, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir og Guðni Ágústsson.

Á fundi sama dag skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður deildarinnar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd. Páll Pétursson var endurkjörinn varaformaður deildarinnar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd og tilnefndur í forsætisnefnd. Guðrún Helgadóttir var kjörin í efnahagsmálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Eiður Guðnason var endurkjörinn í menningarmálanefnd og á auk þess sæti í fjárlaga- og eftirlitsnefnd sem formaður menningarmálanefndar. Óli Þ. Guðbjartsson var kjörinn í samgöngumálanefnd, Sverrir Hermannsson í laganefnd og Valgerður Sverrisdóttir í félags- og umhverfismálanefnd auk þess sem hún var tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Eiður Guðnason var tilnefndur aðalmaður í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins 1989–1990 og Guðrún Helgadóttir varamaður.

Að tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs kaus 36. þing Norðurlandaráðs Ólaf G. Einarsson og Pál Pétursson í forsætisnefnd, Guðrúnu Helgadóttur og Valgerði Sverrisdóttur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Eið Guðnason sem aðalmann og Guðrúnu Helgadóttur sem varamann í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins 1988 til 1989.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs ákvað á fundi 2. mars 1988 að Eiður Guðnason tæki sæti í laganefnd Norðurlandaráðs strax að loknu 36. þingi ráðsins, en Íslendingar áttu þá að taka við formennsku í nefndinni. Jafnframt var ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti Eiðs í menningarmálanefnd. Á fundi Íslandsdeildar 8. mars 1988 var nefndaskipan á ný á dagskrá og var þá ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti í félags- og umhverfismálanefnd og Valgerður Sverrisdóttir í menningarmálanefnd.

Sverrir Hermannsson sagði af sér þingmennsku vorið 1988 og tók þá Friðjón Þórðarson við störfum hans í Norðurlandaráði.

Þann 16. desember 1988 fór á ný fram í sameinuðu Alþingi kjör fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Eiður Guðnason, Þorsteinn Pálsson, Hjörleifur Guttormsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn voru þá kjörnir Guðni Ágústsson, Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Kristjánsson. Á fundi sama dag að loknu kjöri skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður deildarinnar fram yfir lok 37. þings Norðurlandaráðs og Páll Pétursson endurkjörinn varaformaður til sama tíma. Ólafur G. Einarsson var jafnframt endurkjörinn í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins og tilnefndur í forsætisnefnd á ný. Páll Pétursson var kjörinn í félags- og umhverfismálanefnd ráðsins og tilnefndur í forsætisnefnd á ný. Eiður Guðnason var endurkjörinn í laganefnd og hélt auk þess

sem formaður laganefndar sæti sínu í fjárlaga- og eftirlitsnefnd. Þorsteinn Pálsson og Hjörleifur Guttormsson voru kjörnir í efnahagsmálanefnd og Hjörleifur auk þess tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Óli Þ. Guðbjartsson var endurkjörinn í samgöngumálanefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Valgerður Sverrisdóttir var endurkjörin í menningarmálanefnd þar sem hún gegnir varaformennsku. Í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans 1989 til 1991 var Ólafur G. Einarsson tilnefndur.

Að tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs kaus 37. þing Norðurlandaráðs Pál Pétursson og Ólaf G. Einarsson í forsætisnefnd, Hjörleif Guttormsson og Óla Þ. Guðbjartsson í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Ólaf G. Einarsson í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans.

1.2. Fundir Íslandsdeildar og störf.

Ársskýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs var, þar til í fyrra, lögð fram í sameinuðu Alþingi með skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. Í fyrra lagði samstarfsráðherra í fyrsta sinn fram sérstaka skýrslu um Norðurlandasamstarfið og var skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs þá lögð fram með henni. Umræður fóru ekki fram um skýrslurnar á Alþingi þar sem komið var að þingslitum er hún var lögð fram. Markmið þessarar nýskipunar er að árlega verði á Alþingi sérstakar umræður um norrænt samstarf.

Á tímabilinu frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs og til loka 37. þings þess hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs 15 reglulega fundi, einn fund með samstarfsráðherra Norðurlanda, einn fund með sérfræðingum um mengunarmál, sjávarlíffræði o.fl. og þrjá fréttamannafundi.

Þegar á fyrsta fundi Íslandsdeildar að loknu 36. þingi Norðurlandaráðs varð ljóst að óvíst væri hvort unnt yrði að halda 38. þing ráðsins, sem haldið verður í Reykjavík 26. febrúar til 2. mars 1990, í Þjóðleikhúsinu vegna fyrirhugaðra viðgerða. Skrifstofustjóra Íslandsdeildar var því falið að kanna í samráði við formann deildarinnar möguleika á að leigja annað húsnæði og gera kostnaðarsamanburð. Kannaðir hafa verið möguleikar á að halda þingið í Háskólabíói og nýja Borgarleikhúsinu sem er í byggingu. Þegar skýrsla þessi er skrifuð er þeirri könnun ekki lokið, en líklegt að bæði húsin uppfylli nauðsynlegar kröfur. Ákvörðun byggð m.a. á samanburði áætlaðs kostnaðar verður væntanlega tekin í apríl.

Að tillögu Íslandsdeildar hlutu fréttamennirnir Elías Snæland Jónsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Ólafur K. Magnússon, Fríða Björnsdóttir, Björn Vignir Sigurpálsson, Óðinn Jónsson og Axel Ammendrup fréttamannastyrki Norðurlandaráðs 1988. Upphæðinni, 50.000 sænskum krónum, sem kom í hlut Íslands var skipt jafnt milli þeirra. Þeim var tilkynnt þessi ákvörðun á fundi með Íslandsdeild 12. maí 1988.

Við umfjöllun Íslandsdeildar um starfsemi tímaritsins Nordisk Kontakt kom fram ánægja með ritið en einnig óskir um að nánar yrði fjallað þar um löggjafarstörf þjóðþinganna á Norðurlöndum og að þingmenn væru í ríkari mæli fengnir til að skrifa í blaðið. Ákveðið var að senda tímaritið til bókasafna, héraðsblaða auk dagblaða, heilsugæslustöðva og framhaldsskóla í landinu. Einnig var ákveðið að senda til allra áskrifenda fyrirspurn um það hvort þeir óskuðu eftir áframhaldandi áskrift, en áskriftin er ókeypis. Þetta var gert haustið 1988. Kom þá í ljós að um 60% óskuðu eftir áframhaldandi áskrift. Tímaritið er nú sent til um 350 aðila hér á landi.

Deildin fjallaði um dreifingu á bæklingnum „Att flytta inom Norden" sem gefinn var út til reynslu af ráðherranefnd Norðurlanda. Talin var þörf á dreifingu slíks kynningarefnis víða innan lands, m.a. á flugvöllum, ferðaskrifstofum og hjá lögreglustjóraembættum.

Fjallað var um það hvort greiða ætti af fjárveitingu til Íslandsdeildar ferða- og dvalarkostnað íslenskra fulltrúa sem sækja ráðstefnur haldnar af flokkahópunum fyrir flokksmenn eingöngu. Það var skoðun deildarinnar að svo ætti ekki að vera heldur ætti að

vinna að því að fjárveitingar af sameiginlegum fjárlögum Norðurlandaráðs yrðu auknar, þannig að flokkahóparnir geti kostað þessa starfsemi sjálfir. Þessu var komið á framfæri og voru fjárveitingar til flokkahópanna rúmlega tvöfaldaðar með ákvörðun forsætisnefndar þann 21. október 1988 og eru samtals 2 milljónir sænskra króna fyrir árið 1989.

Á þingi Norðurlandaráðs 1988 var samþykkt þingmannatillaga frá Guðrúnu Helgadóttur um norræna samstarfsáætlun gegn mengun sjávar. Í tilefni af tillögum ráðherranefndar Norðurlanda um samstarfsáætlanir um umhverfismál og varnir gegn mengun sjávar, sem lagðar voru fram haustið 1988, boðaði Íslandsdeild til þriggja funda með sérfræðingum til að ræða um áætlanirnar, tilgang þeirra og hagsmuni Íslands af því að koma að breytingum á þeim. Þeir sem komu til funda með deildinni voru Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson, deildarstjóri í Siglingamálastofnun, Ólafur Pétursson, forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins, Sigurður Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, og Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti. Íslandsdeild ákvað að loknum þessum fundum að fela íslenska fulltrúanum í félags- og umhverfismálanefnd að koma sjónarmiðum deildarinnar á framfæri. Hann bar því fram tilmæli um, að í samstarfsáætluninni um varnir gegn mengun sjávar verði kveðið ákveðnar að orði um aðgerðir gegn mengun sjávar af geislavirkum efnum m.a. vegna flutninga þeirra með skipum um norðlæg hafsvæði; inn í hana verði bætt ákvæðum um að þeir, sem losa úrgangsefni í sjó, verði að sanna að frá þeim stafi ekki mengun; ákvæði um að brennsla mengandi efna úti á rúmsjó verði alfarið bönnuð; ákvæði um að það verði gert að skilyrði fyrir starfsleyfi nýrra atvinnufyrirtækja, að ekki verði leyfð nein losun lífrænna efna eða þungmálma í sjó, og með vísan til skýrslu Brundtlandsnefndarinnar verði komið inn í samstarfsáætlunina ábendingu um að sem flestar þjóðir staðfesti Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eins fljótt og unnt er. Í þessu sambandi er rétt að benda á að Guðrún Helgadóttir hafði á 36. þingi Norðurlandaráðs borið fram fyrirspurn til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um ástæður þess að þessi ríki hefðu ekki staðfest Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Farið var og fram á að kannaðir yrðu möguleikar á notkun gervihnatta til að fylgjast með að banni við losun úrgangsefna verði framfylgt.

Inn í samstarfsáætlunina um umhverfisvernd óskaði deildin eftir að bætt yrði tilmælum um að Norræni fjárfestingarbankinn láni eingöngu til verkefna sem hafi ekki umhverfismengandi áhrif umfram það sem eðlilegt getur talist; tilmælum um að löndin auki sameiginlegar rannsóknir á áhrifum tölva á fólk sem vinnur að staðaldri við þær; og að kröfur þær, sem settar verða fram í áætluninni um minnkaða notkun ósoneyðandi efna, gangi í engu skemur en kröfurnar í þeirri samnorrænu áætlun um þetta sem samþykkt var af umhverfisráðherrum 1987. Tillögur deildarinnar voru í stórum dráttum teknar til greina.

Deildin ræddi um það hvort vinna ætti að því að Íslendingar gætu talað íslensku á þingum og fundum Norðurlandaráðs. Fulltrúar í deildinni voru ekki á eitt sáttir og er umfjöllun um það mál ekki lokið.

Eins og fjallað er um í 2. kafla um störf forsætisnefndar skipaði hún sérstaka nefnd 9. des. 1987 til að kanna og gera tillögur um þróun norræns samstarfs á alþjóðavettvangi. Í henni sitja af hálfu Íslands Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson. Nefndin lauk störfum og skilaði lokaskýrslu 9. desember 1989. Stórum hluta tillagna nefndarinnar var fylgt eftir með tveimur þingmannatillögum A867/j um aukið norrænt samstarf um alþjóðamál og A866/e um að skipuð verði ný fastanefnd hjá Norðurlandaráði til að fjalla um alþjóðamál. Þessum tillögum var vísað til landsdeildanna til umsagnar og Íslandsdeild studdi þær báðar.

Eiður Guðnason kynnti á fundi deildarinnar tillögu, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um jafnréttismál. Hún hefur enn ekki hlotið afgreiðslu ráðsins.

2. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

2.1.

Á 36. þingi Norðurlandaráðs þann 7. mars 1988 í Ósló var norski þingmaðurinn Jan P. Syse kjörinn forseti ráðsins. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru kjörnir dönsku þingmennirnir Margrete Auken og Anker Jørgensen, finnsku þingmennirnir Ilkka-Christian Björklund og Elsi Hetemäki-Olander, íslensku þingmennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norski þingmaðurinn Kjell Magne Fredheim og sænsku þingmennirnir Grethe Lundblad og Karin Söder.

Á árinu 1988 hélt forsætisnefnd 12 fundi. Auk þess hélt hún einn fund með formönnum fastanefnda ráðsins, einn fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda og tvo sameiginlega fundi með samstarfsráðherrum og umhverfismálaráðherrum.

Á fundi forsætisnefndar með formönnum fastanefndanna var m.a. til umræðu skipulag og framkvæmd 37. þings ráðsins, túlkun á fundum og þingum ráðsins, málefni nefndanna og samskipti þeirra við alþjóðastofnanir.

Á fundi forsætisnefndar með samstarfsráðherrum voru m.a. eftirgreind mál til umræðu: ráðherranefndartillögur, sem lagðar yrðu fyrir 37. þing ráðsins, samstarf þjóðanna um þróunarmál, norræna menningarmálaáætlunin, norrænt samstarf stéttarfélaga, ferða- og samgöngumál, hagræðing samstarfsins, Evrópubandalagið og Norðurlönd, auk fyrirhugaðrar ráðstefnu um mengun sjávar.

Á fundi forsætisnefndar með samstarfs- og umhverfisráðherrum voru eingöngu rædd umhverfismál og aukaþing ráðsins í nóvember 1988.

2.2.

Eins og minnst var á í kafla 1.2. skilaði nefnd sú, sem forsætisnefnd skipaði til að kanna og gera tillögur um þróun norræns samstarfs á alþjóðavettvangi, lokaskýrslu til forsætisnefndar 9. desember sl. Hún lagði m.a. til að stofnuð yrði sérstök ráðherranefnd utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda og ný fastanefnd til að fjalla um utanríkismál. Nefnd Norðurlandaráðs um alþjóðamál lagði höfuðáherslu á mál er vörðuðu þróunina í Evrópu. Það er álit hennar að samræming á sem flestum sviðum á Norðurlöndum styrki þau í samskiptum við aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu. Það er yfirlýst stefna allra norrænu ríkjanna að samskipti þeirra við Evrópubandalagið skuli í fyrsta lagi fara fram á vettvangi EFTA, í öðru lagi skuli Norðurlandaríkin koma fram sameiginlega gagnvart Evrópubandalaginu og í þriðju lagi skuli koma til tvíhliða samninga. Nefnd Norðurlandaráðs um alþjóðamál leggur höfuðáherslu á að Norðurlandaríkin búi sig undir að geta hafið samstarf við Evrópubandalagið um afmörkuð málefni þegar forsendur eru fyrir hendi. Sem dæmi um slík málefni nefnir hún í lokaskýrslu sinni samstarfsáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, nemenda- og kennaraskiptaáætlunina og stöðlunarstarf Evrópubandalagsins auk starfs þess á sviði neytendamála.

Nefndin um alþjóðamál gerði víðtæka könnun á norrænu samstarfi í alþjóðastofnunum. Þar kom fram að samstarf norrænna fulltrúa í alþjóðastofnunum er lengst á veg komið í GATT og UNESCO. Nefndin um alþjóðamál lagði til að staða samstarfsráðherra Norðurlanda og staðgengla þeirra yrði styrkt til muna.

Formaður nefndarinnar var Karin Söder og fulltrúar Íslands, eins og áður sagði, þeir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson.

3. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

3.1. Laganefnd.

Laganefnd hélt níu fundi á tímabilinu frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs til upphafs þess 37. Þrír þessara funda voru með ráðherranefnd Norðurlanda, einn með ráðherrum þeim

sem fara með málefni flóttamanna, annar með dómsmálaráðherrum Norðurlanda og sá þriðji með ráðherrum þeim sem fara með jafnréttismál.

Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþm. og varaformaður Hagen Hagensen og frá 21. júní 1988 Helge Adam Møller.

Á 36. þingi Norðurlandaráðs var samþykkt tillaga laganefndar um nýja norræna áætlun um samstarf um löggjafarmálefni. Í áætluninni eru m.a. almennar tillögur um löggjafarstarfið, tillögur á sviði persónu-, fjölskyldu- og erfðaréttar, á sviði fjármunaréttar, samgangna, skaðabótaréttar, tölvumálefna, vinnuréttar og opinbers réttar.

Í samræmi við tilmæli til ráðherranefndar Norðurlanda, sem samþykkt voru á 35. þingi Norðurlandaráðs, hélt ráðherranefndin í samstarfi við forsætisnefnd Norðurlandaráðs norræna kvennaráðstefnu - Nordisk Forum - í Ósló sumarið 1988. Fulltrúi laganefndar ásamt ritara nefndarinnar tóku þátt í undirbúningi og skipulagningu Nordisk Forum.

Ráðstefnan stóð í átta daga og fjöldi þátttakenda var 10.000. Á ráðstefnunni var fjallað um margvísleg efni, svo sem friðar- og öryggismál, umhverfis- og húsnæðismál, stöðu kvenna í stjórnmálum og á vinnumarkaðnum, heilsu kvenna og völd þeirra. Samhliða ráðstefnu þessari var haldin opinber jafnréttisráðstefna. Að henni stóðu jafnréttisnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar og laganefnd. Þá ráðstefnu sóttu m.a. ráðherrar þeir sem fara með jafnréttismál, fulltrúar Norðurlandaráðs, þjóðþinganna á Norðurlöndum, aðila vinnumarkaðarins, kvenfélaga o.fl. Gefin var út skýrsla um ráðstefnuna.

Sjö þingmannatillögum var vísað til laganefndar og fjölluðu þær um málefni flóttamanna, vegabréfaskyldu erlendra borgara á Norðurlöndum, eftirlit með því að viðskiptabanni á Suður Afríku sé fylgt eftir, skipulag samstarfsins, stofnun alþjóðanefndar, aðild Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði, takmörkun útflutnings hættulegs varnings sem ekki er leyfð sala á á Norðurlöndum og jafnréttismál á alþjóðavettvangi. Var Eiður Guðnason fyrsti flutningsmaður tveggja síðastnefndu tillagnanna. Tillagan um takmörkun útflutnings hættulegs varnings var samþykkt á 37. þingi ráðsins en sú um jafnréttismál á alþjóðavettvangi kemur til atkvæða á næsta þingi.

Á sviði nefndarinnar voru samþykktar þrjár ráðherranefndartillögur. Þær voru um samstarfsáætlun um neytendamál, samstarfsáætlun um jafnréttismál og um gerð norræns milliríkjasamnings um þjóðskrá. Grundvöllur þeirra breytinga, sem milliríkjasamningurinn um þjóðskrá felur í sér, var lagður í þingmannatillögu frá Guðrúnu Helgadóttur sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs 1986.

3.2. Menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd hélt átta fundi á tímabilinu frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 37. Einn þessara funda var með menningar- og menntamálaráðherrum landanna.

Formaður nefndarinnar til 8. júní var danski þingmaðurinn Bernhard Tastesen, en þá tók danski þingmaðurinn J.K. Hansen við formennsku. Varaformaður var Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður.

Nefndin lagði í starfi sínu höfuðáherslu á framkvæmd norrænu samstarfsáætlunarinnar um menningarmál, aukið samstarf við Evrópubandalagið á sviði æðri menntunar og uppbyggingu sjónvarpssamstarfs á Norðurlöndum. NORDPLUS-áætlunin hefur verið til umfjöllunar og rætt var um hana við menntamálaráðherra landanna, við samtök stúdenta á Norðurlöndum og við þann embættismannahóp sem hefur með mál þetta að gera. Í nefndinni gætti óánægju með að fjárveitingar til menningarmála á norrænu fjárlögunum dygðu skammt til að ná markmiðum norrænu samstarfsáætlunarinnar um menningarmál.

Aukin samskipti á sviði æðri menntunar við ríkin á meginlandi Evrópu var efni námsstefnu sem menningarmálanefnd efndi til 26.–28. sept. 1988 í Sønderborg á Jótlandi.

Það var álit nefndarinnar að vinna bæri að því að Norðurlandaþjóðirnar gætu fylgst með sjónvarpssendingum hver frá annarri, en auk þess ætti að stofna sérstakan sjóð til að fjármagna gerð norræns sjónvarpsefnis.

Meðal þingmannatillagna, sem nefndin fjallaði um á árinu, var tillaga um að NORD-JOBB-samstarfinu yrði tryggður grundvöllur, en markmið þess er að gera ungu fólki kleift að stunda sumarvinnu annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Aðrar tillögur, sem nefndin fjallaði um, eru m.a. um notkun tölvutækni við verkfræði- og tækninám og um aukið samstarf milli ríkjanna um starfsþjálfun.

3.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd hélt frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 37. átta fundi og voru tveir þeirra með ráðherranefnd Norðurlanda, annar með ráðherrum þeim sem fara með umhverfismál og hinn með þeim sem fara með mál varðandi aðbúnað á vinnustöðum og vinnuvernd.

Formaður nefndarinnar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður norski þingmaðurinn Svein Alsaker.

Á aukaþingi því, sem Norðurlandaráð hélt 16. nóvember sl. á Helsingjaeyri, voru öll mál, sem á dagskrá voru, á sviði félags- og umhverfisnefndar, þrjár þingmannatillögur og tvær ráðherranefndartillögur auk fjárlaga ráðherranefndar Norðurlanda. Þetta voru norræna samstarfsáætlunin um umhverfismál, norræna samstarfsáætlunin gegn mengun sjávar og þingmannatillaga um stefnu Norðurlandaþjóðanna í umhverfismálum á alþjóðavettvangi. Í 4. kafla verður fjallað sérstaklega um aukaþingið.

Á árinu hafa, auk þessara þriggja umhverfisverndarmála, m.a. verið á dagskrá nefndarinnar norræn samstarfsáætlun gegn krabbameini, ráðherranefndartillaga um norrænan milliríkjasamning um aðbúnað á vinnustöðum og vinnuvernd, þingmannatillaga um menntun og starfsleyfi kírópraktora, um norrænan vinnumarkað fyrir landmælingamenn, um aðgerðir til að vinna gegn misnotkun áfengis, um norrænt giktarár 1991 og um norrænt líffræðiár 1990.

3.4. Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd hélt sex fundi frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 37. þings þess. Einn þessara funda var haldinn með samgöngumálaráðherrum og þeim ráðherrum sem fara með umferðaröryggismál.

Formaður nefndarinnar var sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður finnski þingmaðurinn Sakari Knuuttila.

Meðal þeirra átta þingmannatillagna, sem nefndin fjallaði um, voru tillögur um norrænan gagnabanka sem Óli Þ. Guðbjartsson og Guðrún Helgadóttir fluttu, um norrænt ferðakort fyrir ungt fólk, um norrænt samstarf um ferðamál, um norrænan ökukennaraskóla og um skattfrjálsa sölu áfengis o.fl. til flugfarþega á Norðurlöndum. Tillaga Óla Þ. Guðbjartssonar og Guðrúnar Helgadóttur var samþykkt á 37. þingi ráðsins. Markmið hennar er m.a. að kannaðir verði möguleikar á samnýtingu þeirra gagnabanka sem fyrir eru, að kannaðar verði forsendur stofnunar nýrra gagnabanka um afmörkuð svið, t.d. umhverfismál, ferðamál og umferðaröryggismál.

Formaður og varaformaður nefndarinnar heimsóttu ásamt ritara hennar eftirtaldar alþjóðastofnanir á árinu: Höfuðstöðvar EFTA í Genf, ECE (Efnahagsmálastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu), samgöngumálanefnd Evrópuþingsins og höfuðstöðvar OECD.

3.5. Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd hélt fjóra fundi frá lokum 36. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 37. Hún hélt auk þess tvo fundi með ráðherranefnd Norðurlanda, annan með fjármálaráðherrum landanna og hinn með orkuráðherrum.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Anders Talleraas og varaformaður sænski þingmaðurinn Arne Gadd. Nefndin fjallaði á starfsárinu m.a. um þingmannatillögur um norrænt samstarf stéttarfélaga í fjölþjóðlegum fyrirtækjum, um norrænt samstarf og heimamarkað Evrópubandalagsins og norrænt samstarf um alþjóðleg málefni. Nefndin hafði til meðferðar ráðherranefndartillögur um samstarfsáætlanir á sviði orkumála, sjávarútvegs- og efnahagsmála.

Á fundi nefndarinnar með fjármálaráðherrum var norræna samstarfsáætlunin um efnahagsmál sérstaklega til umræðu. Hún gildir fyrir árin 1989 til 1992 og fjárveitingar til starfsemi samkvæmt henni verða 250 millj. danskra króna yfir tímabilið. Hluti þeirra aðgerða, sem framkvæma á samkvæmt áætlunni, er þó ekki verðsettur, t.d. fyrirhugaðar breytingar á fjármagnsmarkaði ríkjanna.

Á vegum nefndarinnar verður í september námsstefna á Gotlandi um þróunina í Evrópubandalaginu.

Á fundi nefndarinnar með orkuráðherrum var norræna samstarfsáætlunin um orkumál rædd sérstaklega, fjármögnun starfsemi Norrænu kjarnorkumálastofnunarinnar og notkun kjarnorku á Norðurlöndum og hvernig dregið verði úr notkun hennar.

3.6. Fjárlaga- og eftirlitsnefnd.

Fjárlaga- og eftirlitsnefnd hélt á árinu 1988 átta fundi og þeir níu fulltrúar í nefndinni, sem ekki eiga sæti í öðrum nefndum, héldu auk þess sex fundi.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Ivar Hansen og varaformaður fram til september sænski þingmaðurinn Ingrid Sundberg og frá 14. nóvember sænski þingmaðurinn Wiggo Komstedt.

Nefndin fjallaði á starfsárinu um tvær tillögur frá ráðherranefnd Norðurlanda, annars vegar ársskýrsluna um starfsáætlun næsta árs og hins vegar um fjárlög ráðherranefndarinnar.

Ráðherranefndin reiknar með 3% árlegri raunaukningu fjárlaganna og nefndin er sátt við þá aukningu að því tilskildu að vikið verði frá henni ef á daginn kemur að mikilvæg verkefni verða ekki fjármögnuð innan þessa ramma.

Á aukaþingi því, sem Norðurlandaráð boðaði til 16. nóvember til að fjalla um umhverfismál, var tekin afstaða til fjárlaga ársins 1989. Er það undantekning að fjallað sé um fjárlagatillögurnar á þingi Norðurlandaráðs, enda gerir nýskipan sú, sem tók gildi við meðferð fjárlaga ársins 1988, ekki ráð fyrir því, heldur taki forsætisnefnd, fyrir hönd þingsins, sem venjulega situr ekki á þessum tíma, lokaafstöðu til fjárlaganna.

Fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda fyrir árið 1989 eru 610.868.000 danskar krónur.

Þeir níu fulltrúar í fjárlaga- og eftirlitsnefnd, sem ekki eiga sæti í öðrum nefndum, hafa á starfsárinu sinnt þremur eftirlitsverkefnum. Gerð var úttekt á starfsemi Norræna hússins í Reykjavík og Norðurlandahússins í Færeyjum, á starfsemi Nordtest og Norræna iðntæknisjóðsins og starfsemi NIOM (Norrænu rannsóknastofnunarinnar um efni sem notuð eru til tannviðgerða). Niðurstöðurnar birtust sem fylgirit með ársskýrslu forsætisnefndar 1989.

4. Aukaþing Norðurlandaráðs á Helsingjaeyri 16. nóvember 1989.

Eins og skýrt hefur verið frá fyrr í skýrslu þessari lágu fyrir aukaþinginu ráðherranefndartillögur um umhverfismál og varnir gegn mengun sjávar, þrjár þingmannatillögur um umhverfismál og fjárlagatillögur ársins 1989.

Um þingmannatillögurnar þrjár fjallaði félags- og umhverfismálanefnd í sama nefndaráliti og ráðherranefndartillöguna um umhverfismál. Ekki var ágreiningur um tillögur þessar og var því nefndarálitið samþykkt með 75 atkvæðum gegn 2, en 5 fulltrúar sátu hjá.

Um ráðherranefndartillöguna um samstarfsáætlun gegn mengun sjávar var hins vegar töluverður ágreiningur. Félags- og umhverfismálanefnd hafði lagt til að þeim tilmælum yrði

beint til ráðherranefndarinnar að samþykkja ekki drögin að samstarfsáætlun, heldur leggja fram nýja markvissari áætlun fyrir 37. þing ráðsins. Þessari afstöðu sinni breytti meiri hluti nefndarinnar ekki þó að ráðherranefndin legði fram breytingartillögu við upphaf aukaþingsins þar sem m.a. var boðið að lögð yrði fram endurskoðuð tillaga á þingi Norðurlandaráðs 1990. Aukaþingið felldi í atkvæðagreiðslu tillögu meiri hluta félags- og umhverfismálanefndar með 45 atkvæðum gegn 39 og féllst á tillögu minni hluta nefndarinnar um að beina þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar að staðfesta ráðherranefndartillöguna ásamt fram lagðri breytingartillögu. Um ráðherranefndartillöguna um umhverfismál tóku til máls Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og alþingismennirnir Friðjón Þórðarson og Óli Þ. Guðbjartsson.

Í máli *Jóhönnu Sigurðardóttur* kom m.a. fram að ákveðið hafi verið að Íslendingar gerðust aðilar að Vínarsáttmálanum um verndun ósonlagsins og gætu að því loknu einnig undirritað Montreal-bókunina um takmörkun framleiðslu ósoneyðandi efna. Fram kom í máli hennar að í undirbúningi er aðild Íslendinga að Kaupmannahafnarsáttmálanum og einnig er áhugi á aðild að samningi Dana, Finna, Norðmanna og Svía frá 1976 um umhverfismál. Ósk um aðild að síðastnefnda samningnum verður því lögð fram. Ráðherrann lýsti vonbrigðum yfir að hvergi í ráðherranefndartillögunni um umhverfismál væri getið mikilvægi þess að norrænu ríkin staðfestu hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ráðherrann lagði og ríka áherslu á að það væri ein aðalforsenda fyrir tilvist íslensku þjóðarinnar að hafið umhverfis Ísland væri hreint og ómengað.

Friðjón Þórðarson lýsti þeim aukna skilningi sem orðið hefði á umhverfismálum á síðastu árum á Íslandi, ekki síst vegna þess hve háðir Íslendingar væru fiskveiðum. Hann gerði grein fyrir sjónarmiðum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um æskileg áhersluatriði á sviði umhverfismála og óskum deildarinnar um að lögð yrði fram norræn samstarfsáætlun um náttúruvernd. Hann minnti og á hættu þá sem kjarnorkuslys til sjós mundi hafa á lífríki sjávar og á óskir Íslandsdeildar um að brennslu úrgangsefna á hafi úti yrði alfarið hætt fyrir 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson fjallaði í ræðu sinni m.a. um það hve íslenskt efnahagslíf væri háð sjávarfangi og minnti á að 80% af útflutningstekjum Íslendinga væru af fiski og fiskafurðum. Kjarnorkuslys á norðurslóðum gæti því valdið óbætanlegu tjóni. Að lokum lagði hann áherslu á að Norðurlandaþjóðirnar ynnu ötullega gegn notkun ósoneyðandi efna.

Um ráðherranefndartillöguna um varnir gegn mengun sjávar tóku til máls Jón Sigurðsson samstarfsráðherra Norðurlanda og Steingrímur J. Sigfússon, landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Jón Sigurðsson hélt í máli sínu fram mikilvægi þess að Norðurlandaþjóðirnar stæðu á alþjóðavettvangi saman um umhverfismál og kvað samþykkt tillögunnar um varnir gegn mengun sjávar mikilvægan þátt í því. Samþykkt hennar mætti því ekki dragast. Hann minnti á að ef þessi áætlun yrði samþykkt yrði endurskoðuð áætlun lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1990 og væri það tilhlökkunarefni. Hann hélt fram mikilvægi þess að öll norrænu ríkin staðfestu hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem væri afar mikilvægur í baráttunni gegn mengun sjávar.

Hann kvað norrænu þjóðirnar síðastliðna áratugi hafa barist ötullega gegn þeirri mengun sem sýnileg væri, en nú væri sú mengun, sem ekki væri sýnileg, stærsta vandamálið.

Steingrímur J. Sigfússon kvað það óraunhæft að búast við að unnt væri að leggja fram endurskoðaða áætlun fyrir Norðurlandaráðsþingið 1989 en vel mögulegt fyrir þingið í Reykjavík 1990. Hann kvað fyrirliggjandi áætlun mikilvægt tæki til að ná sameiginlegri norrænni stefnu í umhverfismálum. Hann taldi eins og fleiri Íslendingar að önnur norræn ríki ættu að staðfesta hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem hann væri án efa ein mikilvægasta alþjóðasamþykkt sem gerð hefði verið um verndun hafsins. Ráðherrann vakti athygli á þeim hugmyndum bresku ríkisstjórnarinnar að draga úr loftmengun á Bretlandseyj-

um með því að minnka notkun kola og olíu en auka í stað þess notkun kjarnorku. Í ljósi þess að allar nýjar hugmyndir um losun kjarnorkuúrgangs beindust að hafinu væri hugmyndin greinilega að minnka loftmengun en auka þess í stað hættu á mengun hafsins, sagði ráðherrann.

5. 37. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 27. febrúar til 3. mars.

5.1. Almennar umræður.

Umræður á þinginu hófust með stuttu ávarpi fráfarandi forseta, Jan P. Syse. Að lokinni kosningu í forsætisnefnd ráðsins ávarpaði nýkjörinn forseti, Karin Söder, þingið. Því næst fylgdi formaður ráðherranefndar Norðurlanda, *Mats Hellström*, úr hlaði skýrslum ráðherranefndarinnar um starfið á liðnu ári og starfsáætlun næsta árs, en skýrslur þessar liggja, ásamt ársskýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs, til grundvallar almennum umræðum. Hann benti m.a. á í ræðu sinni að sú þróun, sem á sér stað innan Evrópubandalagsins, geri miklar kröfur til norræns samstarfs eigi norræna samstarfið að standa samstarfinu í Evrópubandalaginu jafnfætis eða á sumum sviðum vera feti framar. Því hefði starf ráðherranefndarinnar á liðnu ári að miklu leyti snúist um málefni þessu tengd. Hann benti í því sambandi á skýrslurnar „Norden i Europa" I og II auk norrænu samstarfsáætlunarinnar um efnahagsmál, „Ett starkare Norden", og fór orðum um þau svið sem mest áhersla yrði lögð á. Hann fjallaði um mikilvægi þess að Norðurlandabúar gætu flutt óhindrað milli norrænu ríkjanna og mikilvægi norræns og annars alþjóðlegs samstarfs um umhverfismál, um norrænu samstarfsáætlunina um menningarmál og samstarf við Evrópubandalagið um menntamál.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra lagði í ræðu sinni höfuðáherslu á afstöðuna til Evrópubandalagsins og umhverfismál. Vegna sérstöðu Íslendinga kvað hann samstarf þeirra við Evrópubandalagið aðallega mundu takmarkast við samninga um fríverslun, samstarf á sviði vísinda, varnar- og öryggismála og í framtíðinni í auknum mæli um efnahagsmál, fjármagn og þjónustu. Hann kvað því þörf á að samræma íslenska stjórnsýslu þeirri þróun sem ætti sér stað í Vestur-Evrópu. Því væri höfuðáhersla lögð á samstarf við Norðurlönd og önnur EFTA-lönd. Forsætisráðherra kvað það hafa úrslitaþýðingu fyrir Íslendinga að fríverslun með fisk og fiskafurðir kæmist á. Ella hefðu þeir ekkert að gera í hinu vestur-evrópska fríverslunarbandalagi og gætu eins snúið sér eitthvað annað. Hann hvatti Finna til að fallast á fríverslun með fisk milli EFTA-ríkjanna. Hann lýsti áhyggjum vegna mengunarvandamála þeirra sem komið hafa upp vegna ofnotkunar ósoneyðandi efna og vegna eyðingar regnskóga Amasonsvæðisins. Í lok ræðu sinnar hvatti hann Norðurlandaþjóðirnar til að vera raunsæjar í afstöðu sinni gegn hvalveiðum Íslendinga, enda hefðu þeir fyrstir þjóða bannað hvalveiðar um 20 ára skeið í verndunarskyni og hefðu ekki síður en aðrir hag af verndun hvalastofnanna.

Páll Pétursson fjallaði í ræðu sinni m.a. um aðdraganda aukaþings Norðurlandaráðs á Helsingjaeyri og kvað fulltrúa miðflokkanna í Norðurlandaráði hafa, á þingi Norðurlandaráðs í Ósló, lagt fram beiðni um aukaþing um umhverfismál. Á aukaþinginu hafi svo verið fjallað um samstarfsáætlanir ráðherranefndarinnar um umhverfismál og varnir gegn mengun sjávar. Hann taldi það miður að þingfulltrúar hefðu látið sér nægja þá samstarfsáætlun um varnir gegn mengun sjávar sem lögð var fram. Hann kvað það mikilvægt að markið yrði sett mun hærra en nú væri gert í þeirri endurskoðuðu áætlun sem lögð mundi verða fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1990. Hann kvaðst binda vonir við þá alþjóðlegu þingmannaráðstefnu sem Norðurlandaráð hefði boðað til næsta haust í Kaupmannahöfn og lýsti ánægju yfir samstarfsáætlun þeirri um sjávarútvegsmál sem lögð væri fram fyrir þetta þing. Hann kvað EFTA-þjóðirnar hafa of miklar áhyggjur af áhrifum þróunarinnar í Evrópu. Þjóðir Evrópubandalagsins mundu ekki sætta sig við þau miklu áhrif á þjóðleg einkenni sem henni fylgdu nema að vissu marki. Vegna þeirrar auknu áherslu, sem Evrópubandalagið mundi á næstunni

leggja á her- og varnarmál, yrði ríkjum utan Atlantshafsbandalagsins ekki auðveld innganga. EFTA-ríkin ættu því að styrkja samstarf sitt.

Jón Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, fagnaði því að það viðfangsefni að bregðast við auknu samstarfi Evrópubandalagsríkjanna hefði reynst hvatning til endurnýjunar í norrænni samvinnu. Hann nefndi sérstaklega efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992, „Ett starkare Norden", og skýrslurnar tvær um Norðurlönd og Evrópu, „Norden i Europa" I og II, og skýrslu „Söder-nefndarinnar" um alþjóðamál. Hann nefndi m.a. að ríkisstjórn Íslands hefði nýlega ákveðið að endurskoða þær reglur sem giltu um flutninga fjármagns og fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa. Þessar reglur yrðu smám saman gerðar frjálslegri, m.a. á grundvelli norrænu samstarfsáætlunarinnar, „Ett starkare Norden", og með tilliti til hins íslenska efnahagskerfis. Hann benti á mikilvægi þess að á kæmist fríverslun með fisk og fiskafurðir í Evrópu. Fyrsta skref í þá átt væri slík fríverslun milli EFTA-ríkjanna, og því bæri að harma að ekki hefði fengist samþykki allra EFTA-ríkjanna fyrir henni. Ráðherrann kvað Ísland hafa sérstöðu hvað varðaði ónýtta vatnsorku og jarðhita, þetta væri grundvöllur hagvaxtar og iðnþróunar á komandi tímum. Samstarf á sviði iðnaðar við önnur norræn ríki, sem byggju við aðrar aðstæður á sviði orkumála, væri áhugavert.

Ráðherra benti á að aukið samstarf við Evrópubandalagið krefðist skilvirkara starfs á norrænum vettvangi, jafnframt því sem markið hlyti að verða sett hærra á sviði menntunar og umhverfisverndar.

Svavar Gestsson menntamálaráðherra fagnaði í ræðu sinni stofnun norræns kvikmynda- og sjónvarpssjóðs, en stofnun hans hafði verið hugmynd Eiðs Guðnasonar. Ráðherrann benti í ræðu sinni á mikilvægi samstarfs í menntamálum og þýðingu þess að íslenskir stúdentar njóti sömu möguleika til náms í norrænum háskólum og hingað til. Hann kvað raddir vera uppi um að stúdentum væri nú örðugra en oft áður að fá inngöngu í norræna háskóla. Það væri í ósamræmi við það markmið norrænu samstarfsáætlunarinnar um menningarmál að Norðurlönd verði sameiginlegt menntunarsvæði. Hann upplýsti að ráðherranefndin hefði í hyggju að leggja fram samstarfsáætlun um aukinn norrænan málskilning og minnti í því sambandi á þá kennslu í norrænum málum sem færi fram í íslenskum skólum. Hann fjallaði um kvennaráðstefnuna í Ósló í sumarið 1988, taldi hana hafa verið gagnlega og fagnaði ákvörðun ráðherra þeirra sem fara með jafnréttismál um að halda á ný slíka ráðstefnu. Hann lagði áherslu á að ríki Norðurlanda kæmu út á við fram sem ein heild og nefndi sem dæmi um framkomu stórveldis við smáríki beiðni Atlantshafsbandalagsins um að fram fari könnun á möguleikum þess að byggja varaflugvöll á Íslandi sem kostaði 11 miljarða íslenskra króna. Þannig væri smáríkis freistað á ögeðfelldan hátt með miklum fjármunum.

Þorsteinn Pálsson benti í ræðu sinni á þá þróun sem á sér stað í Austur-Evrópu í átt að vestrænu efnahagskerfi og Vestur-Evrópu í átt að sameiginlegum markaði. Hann kvað Íslendinga nú hugleiða á hvern hátt skuli bregðast við þróuninni innan Evrópubandalagsins og taldi þá hugmynd njóta fylgis að reyna að láta samskipti við Evrópubandalagið fara fram í samstarfi við Norðurlandaríkin og EFTA. Þegar til samninga við Evrópubandalagið kæmi yrðu þeir þó tvíhliða, ekki síst gilti það um Ísland vegna sérstöðu þess. Hann kvað mikilvægt að samræma íslenskt efnahagskerfi því kerfi sem verið er að koma á í Evrópubandalaginu og koma á frjálsum fjármagnsmarkaði, enda mundu þessar breytingar skila sér í bættum lífskjörum og sterkari Evrópu. Þó að Íslendingar viðurkenndu þýðingu ríkjabandalaga vildu þeir aldrei sogast inn í yfirþjóðleg bandalög þar sem hætta væri á að þjóðleg séreinkenni, menning og saga yrðu lítils metin. Hann fjallaði og um mikilvægi norræns samstarfs á sviði sjávarútvegs og umhverfisverndar. Hann mótmælti því að hugmyndir um framtíð Evrópu takmörkuðust við þau 18 lönd sem tilheyra EFTA og Evrópubandalaginu. Markmiðið ætti frekar að vera að allar þjóðir Evrópu verði frjálsar.

Hjörleifur Guttormsson alþingismaður kvað þrjú svið hafa skorið sig úr í starfsemi Norðurlandaráðs á liðnu ári, Evrópumálin, nefndarálit alþjóðanefndarinnar og aukaþing ráðsins á Helsingjaeyri um umhverfismál ásamt samstarfsáætluninni gegn mengun sjávar. Hann kvað þá athygli, sem umhverfismál nú hlytu, vera afar mikilvæga fyrir Íslendinga. Þjóðirnar þyrftu í sameiningu og hver fyrir sig að vernda náttúru landanna og nýta hana skynsamlega. Þetta gilti bæði um sjávarspendýr og fiskistofna, skóga og vötn. Rannsóknir hefðu hér úrslitaþýðingu. Kjarnorkan væri eitt af því sem ógnaði umhverfinu á Norðurlöndum. Sú staðreynd að afvopnunarsamningar hafa ekki tekið til flotastyrks skapar aukna hættu á kjarnorkuslysum á norrænum siglingaleiðum. Þetta á m.a. þátt í þeirri afstöðu norrænu þingmannanefndarinnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að þörfin á að gera Norðurlönd að kjarnorkuvopnalausu svæði aukist stöðugt. Hann kvað Evrópumálin vera í brennidepli, bæði vegna áforma Evrópubandalagsins og EFTA um „evrópskt efnahagssvæði" og vegna lýðræðislegrar þróunar í Austur-Evrópu. Hugmyndir um tollabandalag hefðu og komið fram í almennu umræðunum án þess að skýrt væri við hvað væri í raun átt. En afstaða stjórnvalda til alls þessa lýsti í senn von og efasemdum. Það væri vafalaust fyrst og fremst í þágu fjármagnsins og stórfyrirtækja sem verið væri að þróa fjármagnsmarkað Evrópubandalagsins, en félagslega hliðin skipti þar minna máli. Það sama væri uppi á teningnum hjá þeim sem vildu færa Norðurlönd nær Evrópubandalaginu og jafnvel sækja um inngöngu þar. Aðalmarkmið norræns samstarfs ætti hins vegar að vera að slá vörð um hið norræna velferðarsamfélag og lýðræðið.

Eiður Guðnason alþingismaður minnti í ræðu sinni á að gagnstætt margra ára venju væri nú ekkert talað í almennu umræðunum um norræna sjónvarpshnetti, hvorki NORDSAT né TELE-X, enda væri það nú orðið um seinan, en þeim merka áfanga hefðu samstarfsráðherrar Norðurlanda náð að ákveða stofnun norræns sjónvarps- og kvikmyndasjóðs með stofnfé að upphæð 30 miljónum danskra króna.

Hann benti á að íslenska þjóðin ætti allt sitt undir ómenguðu hafi og skynsamlegri nýtingu sjávarfangs. Hann styddi því heils hugar allar mengunarvarnir til lands og sjávar og aðrar aðgerðir sem stuðluðu að eðlilegu jafnvægi í náttúrunni. Vegna þess að Íslendingar lifa af fiskveiðum bentu allir þeir, sem tóku þátt í almennum umræðum, á mikilvægi fríverslunar með fisk og fiskafurðir.

Eiður kvað marga ræðumenn hafa fjallað um hið norræna málsamfélag, en í raun tæki það eingöngu til norsku, dönsku og sænsku, ekki íslensku, finnsku, færeysku, grænlensku og samísku. Þó hefði verið gerður norrænn samningur til að auka á jafnrétti á þessu sviði. Hann minnti á að það væri forsenda þess að íslenskir stjórnmálamenn gætu verið virkir í norrænu samstarfi og tekið þátt í umræðum á þeim vettvangi að þeir kynnu dönsku, norsku, finnsku eða sænsku. Finnskir stjórnmálamenn gætu talað finnsku á Norðurlandaráðsþingum og fundum, og ræður þeirra væru þýddar jafnóðum. Hann kvað tíma kominn til að láta sama gilda um Íslendinga. Það væri auðvitað kostnaðarsamt, en þann kostnað yrðum við að greiða. Hann minnti að lokum á að á Evrópuþinginu gætu allir talað eigin tungu, það væri jafnrétti í raun.

Óli Þ. Guðbjartsson alþingismaður minnti á að efnahagslegt samstarf ætti sér stað milli ríkja Norðurlanda þó að ekki hafi komið til stofnunar norræns efnahagsbandalags. Nú væri lögð fram norræn samstarfsáætlun um efnahagssamstarf sem sýndi að stöðugt væri unnið að nánara samstarfi á þessu sviði. Ekki mætti gleyma að grundvöllur alls norræns samstarfs væri menningarmálasamstarfið. Allt efnahagssamstarf hvíldi og á þeim grunni sem ómengað umhverfi væri. Þetta virtu allir, bæði einstaklingar og þjóðir. Verkefnin ykjust stöðugt og nú væri lögð fram samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál sem kvæði m.a. á um sameiginlegar rannsóknir á lífríki sjávar og verndun fiskistofna sem væru í útrýmingarhættu. Þetta væri verkefni sem bæri að gefa forgang og skipti það höfuðmáli fyrir ríkin í útnorðri. Hann óskaði að lokum eftir stuðningi þingheims við samstarfsáætlunina um sjávarútvegsmál.

5.2. Fyrirspurnir.

Á þinginu voru bornar fram 49 fyrirspurnir og voru 29 þeirra sendar inn þremur vikum fyrir þingið, en 20 lagðar fram á þinginu sjálfu.

Íslensku þingmennirnir Ólafur G. Einarsson og Valgerður Sverrisdóttir voru meðal þeirra sem lögðu fram fyrirspurnir.

Ólafur G. Einarsson alþingismaður spurði hvort ráðherranefnd Norðurlanda mundi vinna að því að norrænir stúdentar fengju sama rétt til náms í háskólum og þegnar þess ríkis þar sem viðkomandi háskóli er eða hvort ráðherranefndin mundi vinna að því að þeir fengju sama rétt og þeir erlendir borgarar sem samkvæmt þegar gerðum samningum nytu bestu kjara. Í svari *Bertels Haarder*, menntamálaráðherra Dana, kom m.a. fram að ráðherranefndin hefði mælst til þess árið 1977 að menntastofnanir, sem takmörkuðu aðgang stúdenta, veittu ákveðnum fjölda erlendra stúdenta inngöngu, þar á meðal norrænna, þó ekki fleirum en sem næmi 10%. Hann kvað það vera eitt af markmiðum samstarfsáætlunarinnar um menningarmál að gert yrði norrænt samkomulag um menntunarmál. Það væri eitt allra mikilvægasta verkefnið á menntunarmálasviðinu að gera norrænum stúdentum kleift að líta á Norðurlönd sem „heimamarkað“ þegar ákvörðun væri tekin um hvar háskólanám skyldi stundað. *Ólafur G. Einarsson* tók til máls á ný og vísaði þá til þess lokaskjals sem samþykkt var af Norðurlandaráði æskunnar í tengslum við þingið um að norrænir stúdentar ættu við umsókn um háskólavist að njóta sama réttar og innlendir stúdentar og kvað það skoðun sína að ráðherranefndin ætti að hafa þetta að leiðarljósi. Hann beindi og þeim tilmælum til dönsku ríkisstjórnarinnar að veita norrænum stúdentum til bráðabirgða sama rétt til náms í dönskum háskólum og stúdentum frá Evrópubandalagsríkjunum.

Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður spurði ríkisstjórnir Íslands og Noregs hvort það væri í samræmi við norræna sáttmálann um félagslegt öryggi að Íslendingur, sem flyttist frá Íslandi til Noregs, missti rétt til bóta frá tryggingastofnun fyrstu þrjú árin eftir búferlaflutninginn.

Tove Strand Gerhardsen félagsmálaráðherra Noregs kvað rétt til ákveðinna bóta, t.d. mæðralauna, ekki verða til fyrr en eftir þriggja ára búsetu þar í landi. Þetta gilti jafnt um Norðmenn sem aðra og væri því ekki í ósamræmi við sáttmálann. Hins vegar væri ráðherrann sammála Valgerði um að ástæða væri til að endurskoða þessar reglur.

5.3. Málafjöldi og afgreiðsla.

Að loknum almennum umræðum fóru fram umræður um málefni fastanefndanna og afgreiðsla tillagna.

Fyrir þingið voru lagðar 39 þingmannatillögur og 10 ráðherranefndartillögur. Þingið samþykkti allar ráðherranefndartillögurnar og 29 þingmannatillögur.

Skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sendi 37 þingmannatillagnanna til umsagnar íslenskra aðila. Fjöldi þeirra umsagnaraðila, sem fékk hverja tillögu, var á bilinu 1 til 8, en í allt voru umsagnarbeiðnirnar 130 og svörin 60. Svörin voru öll þýdd á skrifstofu deildarinnar og send viðkomandi nefndum.

Ed. 848. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu Bjarni Bragi Jónsson og Yngvi Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka, Sigurður Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Pétur Blöndal frá Kaupþingi.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 849. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, JE).

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna, er verði 20. gr. þeirra, komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

Ed. 850. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Karvel Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Valgerður Sverrisdóttir.		Jón Helgason.

Ed. 851. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ólaf Hauk Árnason áfengisvarnaráðunaut, Höskuld Jónsson, forstjóra ÁTVR, og Ólaf Ólafsson landlækni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 12. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Jóhann Einvarðsson.	Skúli Alexandersson.	Ey. Kon. Jónsson.

Eiður Guðnason.

Nd. 852. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 839 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:
Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990.
Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

74. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndun af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

75. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Sþ. 853. Skýrsla [76. mál]

menntamálaráðherra um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum, samkvæmt beiðni.

Hér fer á eftir skýrsla sem ráðuneytið hefur látið taka saman vegna beiðni níu alþingismanna á þskj. 78 um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í grunn- og framhaldsskólum. Skýrslunni er skipt í kafla eftir námsgreinum, heimilisfræði, mynd- og handmennt, tónmennt og íþróttir. Innan hvers kafla er leitast við að svara þeim spurningum sem fram koma í skýrslubeiðninni, en þær eru mjög ítarlegar.

I. KAFLI
Heimilisfræði.

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir heimilisfræði í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá (Auglýsing um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.–9. bekk grunnskóla. Stjtíð. B 212/1984.) ber nemendum eftirfarandi stundafjöldi á viku í heimilisfræði:

1. bekkur	½–1	stund á viku fyrir hverja 12 nemendur
2. bekkur	½–1	stund á viku fyrir hverja 12 nemendur
3. bekkur	1	stund á viku fyrir hverja 12 nemendur
4. bekkur	1	stund á viku fyrir hverja 12 nemendur
5. bekkur	1	stund á viku fyrir hverja 12 nemendur
6. bekkur	1½–2	stundir á viku fyrir hverja 12 nemendur
7. bekkur	2	stundir á viku fyrir hverja 12 nemendur
8. bekkur	1½–2	stundir á viku fyrir hverja 12 nemendur
9. bekkur	Val	

Samanlagt eru þetta 10–11 nemendastundir í 1.–8. bekk. Miðað er við að 12 nemendur séu í hverjum hópi. Í 9. bekk er heimilisfræði einungis valgrein og ekki í öllum skólum. Vanti kennslueldhús í skólann er fátítt að 9. bekkjar nemendum gefist kostur á að velja heimilisfræði þótt hægt sé að kenna ýmsa þætti, svo sem neytendafræði, án sérstakrar aðstöðu. Víða í skólum er „bundið val“. Nemendur eru þá skyldugir að velja milli tiltekinna námsgreina og geta að því loknu valið aðrar, m.a. heimilisfræði ef rými er í kennslueldhúsinu. Skólar með 500 nemendur þurfa tvö kennslueldhús til þess að anna kennslu í 1.–8. bekk og að tryggt sé að þeir nemendur í 9. bekk sem velja heimilisfræði komist að í kennslueldhúsi.

2. Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá. Hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?

Helstu ástæður þess að heimilisfræði er ekki kennd að því marki sem viðmiðunarstundaskrá kveður á um eru:

a. Viðkomandi skóla vantar kennslueldhús eða nemendur eru fleiri en rúmast í því kennslueldhúsi sem fyrir er. Samkvæmt könnun sem gerð var á stöðu heimilisfræðinnar í grunnskólum landsins 1984–1985 og endurmati 1986–1987 vantar 42 kennslueldhús og 105 „einingainnréttingar eða hliðstætt húsnæði". Meðal þeirra skóla sem ekki hafa fullnægjandi kennsluaðstöðu eru sjö stærstu skólar landsins (allir með yfir 700 nemendur). Tveir þessara skóla hafa ekkert kennslueldhús, aðeins takmarkaða aðstöðu. Hvor skóli um sig þarf tvö kennslueldhús. Fimm skólanna hafa eitt gott kennslueldhús, fjórir þeirra þurfa annað til viðbótar og einn þarf tvö kennslueldhús til viðbótar við það sem hann hefur eigi nemendur hans að fá þá kennslu sem þeir eiga rétt á.

   Vegna aðstöðuleysis er engin heimilisfræðikennsla í 45 skólum á landinu og í mörgum skólum er ófullnægjandi kennsla vegna slæmrar aðstöðu. Augljóst er að hér er rót vandans. Heimilisfræði er ekki kennd nema kennslueldhús eða jafngild aðstaða sé til staðar og kennarar fást ekki til starfa þar sem kennsluaðstaða er léleg.

   Í tillögum námsstjóra í heimilisfræði til „normanefndar" er gert ráð fyrir fullbúnu kennslueldhúsi, með vinnuaðstöðu fyrir tólf nemendur, í skólum með 200 nemendur eða fleiri. Séu nemendur 500 eða fleiri er talin full þörf fyrir tvö kennslueldhús og bent á þann möguleika að hanna annað í fullri stærð en hitt heldur minna, nota jafnvel einingainnréttingar ef skólinn er t.d. á mörkum þess að þurfa tvö kennslueldhús. Það lætur nærri að minni skólum nægi hins vegar að hafa einingainnréttingar eða hliðstæða aðstöðu sem rúmi færri nemendur en fullnægi þó þeim kröfum sem gerðar eru um kennsluaðstöðu og búnað fyrir alla þætti heimilisfræðinnar. Kjörið er að nota einingainnréttingar þegar sett er upp kennsluaðstaða til bráðabirgða, t.d. ef skóli er á mörkum þess að þurfa tvö kennslueldhús og fyrirsjáanlegt er að nemendum muni fækka fremur en fjölga með árunum. (Sjá nánar fylgiskjal 3.)

b. Heimilisfræðikennara vantar, sérstaklega þegar kemur út fyrir höfuðborgarsvæðið.

c. Almennir kennarar eru yfirleitt tregir að taka að sér að kenna heimilisfræði og telja sig illa undirbúna til að takast á við þá kennslu. Það er skiljanlegt þegar á það er litið að enginn þáttur heimilisfræðinnar er í kjarna kennaranáms, ekki einu sinni manneldisfræðin.

3. Hvernig er staða ofangreindra námsgreina miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?

Hlutfall stunda á viðmiðunarstundaskrá er heimilisfræði í óhag. Ásamt tónmennt hefur hún fæsta tíma af öllum greinum sem eru á viðmiðunarstundaskrá.

Eftirfarandi fjögur skífurit sýna skiptingu milli námsgreina í 1.–8. bekk, reiknað í hundraðshlutum. (Sjá nánar fylgiskjal 2.)

Tímaskipting 1960



- Íslenska
- Danska
- Enska
- Stærðfr.
- Samfélagsfr.
- Kristinfr.
- Raungreinar
- Mynd-hand
- Heimilisfr.
- Tónmennt
- Íþróttir

Tímaskipting 1974



- Íslenska
- Danska
- Enska
- Stærðfr.
- Samfélagsfr.
- Kristinfr.
- Raungreinar
- Mynd-hand
- Heimilisfr.
- Tónmennt
- Íþróttir

Tímaskipting 1977



Tímaskipting 1984



4. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í ofangreindum greinum, eru réttindalausir?

Svar við þessari spurningu er tvíþætt. Annars vegar eru það leiðbeinendur (réttindalausir kennarar) og hins vegar almennir kennarar. Það er ekki hægt að kalla almenna kennara réttindalausa, en því verður ekki á móti mælt að þá vantar fagþekkingu til að kenna heimilisfræði (sjá svar við 2. spurningu, c-lið).

Í töflu 1 er sundurgreindur fjöldi heimilisfræðikennara, almennra kennara og leiðbeinenda sem kenna heimilisfræði, hlutur þeirra í kennslunni í hverju fræðsluumdæmi og á landinu öllu.

Tafla 1.

A	B	C			D			E		
	Kennd	Heimilisfræðikennarar			Almennir kennarar			Leiðbeinendur		
Umdæmi	stöðugildi	fjöldi	st. g.%	heild %	fjöldi	stg.%	heild %	fjöldi	stg.%	heild %
1	24.41	33	22.31	91.38	27	2.10	8.62	0	0.00	0.00
2	19.86	23	15.83	79.69	39	3.21	16.15	9	0.83	4.17
3	5.22	3	3.02	57.76	3	1.07	20.46	4	1.14	21.78
4	2.57	1	0.48	18.79	5	0.52	20.13	10	1.57	61.07
5	3.78	6	2.81	74.43	0	0.00	0.00	4	0.97	25.57
6	9.07	9	4.45	49.05	10	1.86	20.53	11	2.76	30.42
7	3.21	5	1.55	48.39	0	0.00	0.00	6	1.66	51.61
8	6.84	11	5.38	78.59	4	0.33	4.79	9	1.14	16.62
	74.97	91	55.83	74.47	88	9.09	12.12	53	10.05	13.41

A. Umdæmi: 1. Reykjavík, 2. Reykjanes, 3. Vesturland, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland vestra, 6. Norðurland eystra, 7. Austurland, 8. Suðurland.
B. Kennd stöðugildi: Samanlagður kennslutími umreiknaður í stöðugildi.
C. Heimilisfræðikennarar:
   1. dálkur. Fjöldi heimilisfræðikennara sem kenna heimilisfræði.
   2. dálkur. Fjöldi stöðugilda þar sem heimilisfræðikennarar kenna.
   3. dálkur. Hlutur heimilisfræðikennara í heildarkennslunni.
D. Almennir kennarar:
   1. dálkur. Fjöldi almennra kennara sem kenna heimilisfræði.
   2. dálkur. Fjöldi stöðugilda þar sem almennir kennarar kenna heimilisfræði.
   3. dálkur. Hlutur almennra kennara í heimilisfræðikennslu.
E. Leiðbeinendur:
   1. dálkur. Fjöldi leiðbeinenda sem kenna heimilisfræði.
   2. dálkur. Fjöldi stöðugilda þar sem leiðbeinendur kenna heimilisfræði.
   3. dálkur. Hlutur leiðbeinenda í heimilisfræðikennslu.

5. Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í ofangreindum greinum? (Hér átt við heimilisfræði.)

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eru ætluð u.þ.b.120 stöðugildi til kennslu í heimilisfræði ef miðað er við lágmarkstíma en 130,6 stöðugildi ef miðað er við hámarkstíma á viðmiðunarstundaskrá.

6. Hve mörg stöðugildi eru ómönnuð í heimilisfræði? Svör þessi óskast sundurliðuð eftir: a. fræðsluumdæmum, b. greinum, c. aldri, d. grunnskólum, e. framhaldsskólum.

Samkvæmt niðurstöðum úr könnun, sem gerð var á vegum skólaþróunardeildar og byggðist á vinnuskýrslum kennara skólaárið 1987–1988, voru 45 stöðugildi ómönnuð á landinu öllu og skiptust þau eftir fræðsluumdæmum eins og tafla 2 sýnir.

Tafla 2.

Umdæmi	Fjöldi stöðugilda	Kennd stöðugildi	Ónýtt stöðugildi	Ónýtt stöðugildi í %
Reykjavík	36.62	24.41	12.20	33.33
Reykjanes	29.63	19.86	9.77	32.96
Vesturland	9.06	5.22	3.84	42.37
Vestfirðir	5.85	2.57	3.28	56.05
Norðurl. vestra	6.52	3.78	2.74	42.07
Norðurl. eystra	14.55	9.07	5.48	37.68
Austurland*	7.50	3.21	4.29	57.23
Suðurland	10.30	6.84	3.45	33.52
Samtals	120.02	74.97	45.06	37.54

(*Ellefu skólar á Austfjörðum senda nemendur sína í 7. bekk og í nokkrum tilvikum í 8. bekk á fimm daga heimilisfræðinámskeið að Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað og er það í flestum tilvikum eina heimilisfræðin sem viðkomandi nemendur fá. Ekki kom fram í þeim gögnum sem skýrslan er unnin úr hver kennslutími nemenda er. Ógerningur er að áætla hann og er hann því ekki tekinn með í þeim tölum sem fram koma í töflu 2.)

Samanlagt eru 45 stöðugildi af 120 stöðugildum ómönnuð í grunnskólum eða 37,54% ónotuð af þeim tíma sem heimilisfræðinni er ætlaður samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Mest bitnar þetta á nemendum í 1.–6. bekk (og 9. bekk). Sem dæmi má nefna að algengast er að nemendur í 1.–6. bekk í grunnskólum Reykjavíkur fái ekki nema 2x2 stundir á vetri eða u.þ.b. 15% þess tíma sem þeim ber. Það er einfaldlega ekki rúm fyrir þá í kennslueldhúsunum.

Í töflu 3 sést hvernig tími skiptist á milli 1.–6. bekkjar annars vegar og 7.–8. bekkjar hins vegar. Athyglisvert er að Reykjavík er eini staðurinn þar sem kennsla nær viðmiðun í 7.–8. bekk. Samt sem áður fá nemendur eins skólans enga heimilisfræðikennslu í þessum bekkjum.

Tafla 3.

A	B Stöðugildi	C 1.–6. b.	D 1.–6. b.	E 1.–6. b.	F 1.–6. b.	G 7.–8. b.	H 7.–8. b.	I 7.–8. b.	J 7.–8. b.
1	36.62	21.97	9.72	12.25	55.74	14.65	14.69	−0.04	−0.29
2	29.63	17.78	13.00	4.78	26.87	11.85	6.86	4.99	42.10
3	9.06	5.44	2.59	2.85	52.45	3.63	2.64	0.99	27.25
4	5.85	3.51	1.26	2.25	64.11	2.34	1.31	1.03	43.96
5	6.52	3.91	1.93	1.98	50.63	2.61	1.84	0.76	29.24
6	14.55	8.73	5.12	3.61	41.35	5.82	3.95	1.87	32.17
7	7.50	4.50	2.00	2.50	55.55	3.00	1.21	1.79	59.76
8	10.30	6.18	3.64	2.54	41.11	4.12	3.21	0.91	22.14
Samtals	120.02	72.01	39.26	32.75	45.48	48.01	35.71	12.30	25.62

A: Umdæmi: 1. Reykjavík, 2. Reykjanes, 3. Vesturland, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland vestra, 6. Norðurland eystra, 7. Austurland, 8. Suðurland.
B: Stöðugildi í heimilisfræði samkvæmt viðmiðunarstundaskrá fyrir 1.–8. bekk.
C: Viðmiðunarstundir fyrir 1.–6. bekk, reiknaðar í stöðugildum.
D: Kennsla sem nemendur í 1.–6. bekk fá, reiknuð í stöðugildum.
E: Mismunur á lið C og D, þ.e. ónýtt stöðugildi fyrir 1.–6. bekk.
F: Mismunur á lið C og D í prósentum.
G: Viðmiðunarstundir fyrir 7.–8. bekk, reiknaðar í stöðugildum.
H: Kennsla sem nemendur í 7.–8. bekk fá, reiknuð í stöðugildum.
I: Mismunur á lið G og H, þ.e. ónýtt stöðugildi fyrir 7.–8. bekk.
J: Mismunur á lið G og H í prósentum.

Svar við e-lið 7. spurningar verður ekki tæmandi vegna ónógra upplýsinga. Bent skal á að heimilisfræðinám er hvergi skylda í skólakjarna í fjölbrauta- eða menntaskólum. Af 22 fjölbrauta- og menntaskólum bjóða aðeins 6 skólar nemendum valnám í matreiðslu og næringar- og neytendafræði. Námstími er 4–6 vikustundir í eina eða tvær annir. Námið er tvíþætt. Annars vegar fræðilegur þáttur um samsetningu matvæla, hollustugildi, meðferð, verðlag og næringarþörf. Hins vegar verklegur þáttur, matreiðsla og önnur heimilisstörf.

Námið er góður undirbúningur fyrir stofnun heimilis og fyrir þá sem hyggja á framhaldsnám, t.d. kennaranám eða nám í næringar- og matvælafræði. Nám í næringarfræði er skylda á ýmsum námsbrautum framhaldsskóla og nokkrir skólar bjóða fram valnám. Stúdentspróf á matvælasviði veitir m.a. hagnýtan undirbúning fyrir kennaranám í sérgrein (heimilisfræðivali), næringarfræði, sjúkrafæði, matvælafræði og matvælaverkfræði.

Á árunum 1950–1970 voru starfandi 11 húsmæðraskólar. 26–27% af stúlkum í landinu sóttu sjö til níu mánaða húsmæðraskóla. Í skólunum var einnig gefinn kostur á mislöngum námskeiðum í matreiðslu og framreiðslu ásamt öðrum húsmæðragreinum. Þegar nemendafjöldinn var mestur stunduðu allt að 700 nemendur nám í húsmæðraskólum á ári, þar með talin námskeið.

Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknu námsframboði á framhaldsskólastigi og þar með réttindanámi minnkaði aðsókn að húsmæðraskólum. Nú eru aðeins þrír húsmæðraskólar starfandi, þ.e. á Hallormsstað, Ísafirði og í Reykjavík. Námsframboð er þriggja til fimm mánaða skóli og mislöng námskeið. Skólarnir eru þarfir í íslensku skólakerfi, bæði fyrir þá sem kjósa ekki samræmdan skólakjarna framhaldsskólanna og einnig fyrir þá sem vilja sækja fjölbreytt námskeið í húsmæðragreinum.

Menntunin sem fram fór/fer í húsmæðraskólunum átti að færast inn í samræmdan framhaldsskóla, fjölbrautaskóla, en ekki hefur fengist nein aukafjárveiting til að efla menntunina þar og námsskrárgerð er aðeins á byrjunarstigi. Við erum langt á eftir öðrum Norðurlöndum í námsframboði í matreiðslu, næringar- og neytendafræði og tengslum skólakerfis við atvinnulíf.

7. Einnig komi fram í skýrslunni hvernig menntun kennara í fyrrgreindum greinum er háttað,

a. hvaða skólar annast þá menntun,

b. hverjar breytingar hafa orðið sl. 10 ár (m.a. menntun flust milli skóla, breytingar á námsskrá, undirbúningsmenntun eða aðrar breytingar á námstilhögun),

c. hve margir kennarar hafa útskrifast á sl. 10 árum, sundurliðað eftir greinum og árum.

a. Húsmæðrakennaraskóli Íslands menntaði heimilisfræðikennara fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig frá 1944 til 1977. Inntökuskilyrði í skólann voru þau sömu og í Kennaraskóla Íslands að viðbættu níu mánaða húsmæðranámi. Námið var fimm annir til ársins 1966 en þá bættust við tvær annir til samræmis við lengingu á öðru kennaranámi.

b. Árið 1977 varð sú breyting á að Kennaraháskóli Íslands (KHÍ), í samvinnu við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, bauð heimilisfræði sem val í kennaranámi. Þess hefur aldrei verið krafist að þeir nemendur sem hefja nám í heimilisfræðivali í KHÍ hafi undirbúningsmenntun í heimilisfræðigreinum, svo sem næringarfræði, neytendafræði, vörufræði, hreinlætisfræði, híbýlafræði, matreiðslu eða framreiðslu. Þetta vandamál er reynt að leysa með nokkurra vikna aðfaranámi í þessum fræðum jafnframt öðru námi í Kennaraháskóla Íslands.

Með nýjum lögum um Kennaraháskóla Íslands 1987 var Húsmæðrakennaraskóli Íslands lagður niður og Kennaraháskólinn tekur við því hlutverki að mennta heimilisfræðikennara fyrir grunnskólastigið. En með því að Húsmæðrakennaraskóli Íslands hverfur af sjónarsvið-

inu er enginn skóli hér á landi sem býður framhaldsmenntun fyrir heimilisfræðikennara. Við stöndum að því leyti í sömu sporum og fyrir 44 árum.

Nokkrir hússtjórnarkennarar sem kenna við grunnskóla hafa numið erlendis.

c. Árið 1980 útskrifuðust fyrstu kennararnir frá Kennaraháskóla Íslands með heimilisfræði sem valgrein og síðan á hverju ári sem hér segir:

1980: 4
1981: 4
1982: 3
1983: 3
1984: 2
1985: 5
1986: 10
1987: 8
1988: 3

Samtals 42 kennarar með heimilisfræði sem valgrein.

42 kennarar hafa útskrifast úr heimilisfræðivali í KHÍ síðustu 10 árin. Mikill meiri hluti kennir heimilisfræði við grunnskóla ásamt almennri kennslu.

Tilfinnanlega vantar framhaldsnám fyrir heimilisfræðikennara sem brautskráðir eru frá Kennaraháskóla Íslands svo að þeir öðlist starfsréttindi á framhaldsskólastigi. Engir heimilisfræðikennarar hafa útskrifast fyrir framhaldsskólastigið síðastliðin 10 ár og er það mikið áhyggjuefni. Skortur er á kennurum við þær námsbrautir í hússtjórnarfræðum sem þegar eru starfræktar í framhalds- og menntaskólum. Þar er aðeins boðið upp á valnám í matreiðslu og næringar- og neytendafræði í 6 af 22 skólum.

Núverandi og fyrrverandi námsstjórar í heimilisfræði hafa margoft bent á nauðsyn þess að gerð verði krafa um undirbúningsnám í hússtjórnargreinum á framhaldsskólastigi fyrir kennaranám í heimilisfræði. Enn fremur að í almennu kennaranámi skipi heimilisfræðigreinar, svo sem kennsla í næringar- og hollustuháttum og neytendafræði, sama sess í skólakjarna og mynd- og handmenntagreinar.

Aðkallandi er að sem fyrst verði mótað heildarskipulag í kennslu hússtjórnargreina í skólakerfinu til hagsbóta fyrir einstakling og þjóðfélag. (Sjá nánar fylgiskjöl 4 og 5.)

II. KAFLI

Mynd- og handmennt.

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir þessar greinar í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?

Samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá er eftirtalinn fjöldi kennslustunda ætlaður til mynd- og handmenntarkennslu í grunnskólanámi.

Í 1. bekk 2–3 vikustundir, í 2. bekk 2–3 vikustundir, í 3.–6. bekk 4–5 vikustundir í hverjum bekk. Lágmarksvikustundafjöldi í mynd- og handmennt í 1.–6. bekk er 22 stundir, hámarksfjöldi er 24 stundir.

Í 7. og 8. bekk eru 3–4 vikustundir ætlaðar til mynd- og handmenntarnáms í hvorum bekk eða samtals 6–8 vikustundir.

Á 9. skólaári er mynd- og handmennt valgrein. Samkvæmt skýrslum er greinin víða kennd í 9. bekk og tími til hennar virðist þá svipaður og í 7. og 8. bekk.

Samanlagður tími til mynd- og handmenntarnáms, samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá, er því 28–32 vikustundir í 1–8. bekk. Í raun er réttara að tala um 28 vikustundir

þar sem möguleikinn á að bæta þarna 4 stundum við lágmarkið er afar sjaldan nýttur. Helmingur þess tíma sem hér hefur verið nefndur fer til myndmenntarnáms, hinn helmingurinn fer til handavinnunáms og skiptist þá jafnt milli hannyrða og smíðanáms.

2. **Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá. Hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?**

Samkvæmt skólahaldsskýrslum virðist svo að flestir grunnskólar bjóði nemendum sínum þann tímafjölda sem viðmiðunarstundaskrá mælir fyrir um. Ef tíminn er minni eða kennsla fellur niður í einstökum þáttum greinarinnar er orsökin oftast talin kennaraskortur og aðstöðuleysi. Í fámennum skólum þar sem einn til tveir kennarar sinna allri kennslu verður mynd- og handmenntarnámið stundum út undan að meira eða minna leyti. Ef grunnskólinn er t.d. í félagsheimili, en það er á nokkrum stöðum á landinu, vantar oft húsnæði og allan aðbúnað til smíðakennslu. Það þarf síður sérhúsnæði til hannyrða- og myndmenntarkennslu þó alltaf þurfi einhverja séraðstöðu til þess að hægt sé að kenna þessa námsþætti eins og lagt er fyrir í námsskrá.

3. **Hvernig er staða ofangreindra námsgreina miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?**

Eftirfarandi fjögur skífurit sýna skiptingu milli námsgreina í 1.–8. bekk, reiknað í hundraðshlutum.

Tímaskipting 1960



Tímaskipting 1974



Tímaskipting 1977



Tímaskipting 1984



Í 1. og 2. bekk eru heilir og óskiptir bekkir í mynd- og handmenntarnáminu. Sú tilhögun er oft vafasöm. Gerð hefur verið úttekt vegna fjölmennra námshópa enda er það svo að víðast hvar er fjölmennum bekkjum skipt í þessu námi. Það þýðir aftur á móti það að hver nemandi fær aðeins helming þess tíma sem honum er ætlaður samkvæmt viðmiðunarstundaskrá til mynd- og handmenntarnámsins. Þarna vantar skiptitíma, þ.e. fleiri kennarastundir, svo að nemendur fái þann tímafjölda sem þeim ber og til að kennsla í greininni komi að þeim notum sem til er ætlast.

Þegar komið er upp í 3. bekk skiptist mynd- og handmenntargreinin í þrjá þætti: myndmennt, hannyrðir og smíði. Skipting námstíma milli þessara þátta er eins og fyrr er getið. Myndmennt er kennd í óskiptum bekkjardeildum. Hluti þessarar kennslu er einstaklingskennsla og vegna fjölmennra bekkjardeilda hefur mörgum kennurum reynst um megn að sinna hverju barni eins og þeir telja nauðsynlegt. Hefur þá verið gripið til þess ráðs að skipta fjölmennum bekkjardeildum án þess að skiptitímar væru fyrir hendi. Það hefur haft í för með sér að námstímum í myndmennt hefur fækkað um helming. Þessi tilhögun er óviðunandi en erfitt að koma í veg fyrir að slíkt gerist þegar bekkjardeildir eru mjög fjölmennar. Hannyrðir og smíði eru kenndar í skiptum bekkjardeildum. Hámarksfjöldi nemenda hvers námshóps í handmennt er 15.

4. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í fyrrnefndum greinum, eru réttindalausir?

Handmennt:	54 leiðbeinendur
Hannyrðir:	83 leiðbeinendur
Smíði:	88 leiðbeinendur

Almennir kennarar hafa víða tekið að sér að kenna mynd- og handmenntargreinar í grunnskólanum. Algengust er sú tilhögun hvað varðar myndmenntarkennslu. Ekki eru fyrir hendi nákvæmar tölur um fjölda almennra kennara sem kenna myndmennt, hannyrðir og smíði í grunnskólum.

5. Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í fyrrnefndum greinum?

Stöðugildi í mynd- og handmennt samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá:

Myndmennt	105,3 stöðugildi
Hannyrðir	105,3 stöðugildi
Smíði	105,3 stöðugildi

6. Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum eru ómönnuð?

Eftirfarandi upplýsingar eru miðaðar við gildandi viðmiðunarstundaskrá og fjölda nemendahópa samkvæmt haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987. Það vantar 12,66 stöðugildi eða 12,02% upp á að fullmannað hafi verið í stöður myndmenntarkennara. Stöður hannyrðakennara voru 15,37 fleiri, eða 14,6%, en þær hefðu átt að vera. Stöður smíðakennara voru 12,56 fleiri, eða 11,93%, en þær hefðu átt að vera miðað við sömu forsendur. Þessar tölur eru miðaðar við *lægri viðmiðunartölu* í núgildandi viðmiðunarstundaskrá eða *samtals 28 vikustundir* í 1.–8. bekk. Umframstöður í handmennt svara til ½ vikustundar yfir lágmarki viðmiðunarstundaskrár.

Sérstaklega ber að athuga að í þessum útreikningum um fjölda stöðugilda er öll kennsla í þessum greinum tekin saman, sama hvort hún er kennd af mynd- og handmenntarkennurum með fagréttindi, almennum kennurum eða leiðbeinendum.

7. Einnig komi fram í skýrslunni hvernig menntun kennara í fyrrnefndum greinum er háttað.

Um menntun mynd- og handmenntarkennara.

Frá árinu 1952 hafa hannyrðakennarar og smíðakennarar hlotið kennaramenntun sína við Kennaraskóla Íslands og síðar Kennaraháskóla Íslands. Áður hafði Handíða- og myndlistaskólinn annast menntun þessara fagkennara. Fram til ársins 1974 var um að ræða sérmenntun í þessum greinum og kennsluréttindi afmörkuð við hannyrðir og smíðar. Þetta breyttist þegar kennaramenntun komst á háskólastig, en þá urðu þessar greinar að valgreinum í almennu kennaranámi.

Frá árinu 1940 og fram til þessa hafa flestir íslenskir myndmenntarkennarar hlotið kennaramenntun sína við Handíða- og myndlistaskólann og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Námið var sérkennaranám í myndmennt og kennsluréttindi afmörkuð við myndmenntarkennslu. Fyrir rúmu ári fluttist kennaranám í myndmennt til Kennaraháskóla Íslands og varð þar að valþætti í almennu kennaranámi alveg á sömu nótum og hannyrða- og smíðakennaranámið í KHÍ.

Tala list- og verkgreinakennara sem hafa útskrifast frá MHÍ á síðustu árum.

Á síðustu 10 árum hefur 71 myndmenntarkennari útskrifast frá MHÍ. Á síðastliðnu vori tók Edda Óskarsdóttir, deildarstjóri við kennaradeild MHÍ, saman yfirlit um fjölda þeirra myndmenntarkennara sem hafa útskrifast þaðan á síðustu 10 árum og einnig um hve margir þeirra störfuðu við myndmenntarkennslu – eftir því sem næst verður komist. Edda segir m.a.:

Flestallir myndmenntarkennarar sem hafa útskrifast á þessum tíma hafa verið meira eða minna við kennslu. Þar sem „minna“ á við hafa yfirleitt allir farið í framhaldsnám í myndlist og starfa þá sem myndlistarmenn og kenna oft jafnframt við myndlistarskóla. Vegna láglaunastefnu þeirrar sem ríkt hefur um kaup og kjör kennara á undanförnum árum þykir nú ekki fýsilegt að vera kennari og á tveim undanförnum árum hafa engir nemendur haft áhuga á að setjast í kennaradeild MHÍ. Skólaárið 1987–1988 voru aðeins 20 myndmenntarkennarar við kennslu í grunnskólum af þeim 71 sem útskrifuðust á árunum 1978–1987.

Á árunum 1978–1987 hafa 205 kennarar með hannyrðir sem valþátt útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands og 70 kennarar með smíði sem valþátt.

Ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um hve margir þeirra stunda nú kennslu í handmennt í grunnskólum.

Fræðsluumdæmi: Allt landið

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	92.64		12.66
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	105.3		12.02%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	120.67	15.37	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	105.3	14.60%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	117.86	12.56	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	105.3	11.93%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Reykjavík

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	24.83		4.34
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	29.17		14.88%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	33.07	3.90	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	29.17	13.37%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	31.79	2.62	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	29.17	8.98%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Reykjanes

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	21.72		1.59
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	23.31		6.82%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	25.45	2.14	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	23.31	9.18%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	25.24	1.93	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	23.31	8.28%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Vesturland

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	7.47		0.91
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	8.38		10.86%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	12.66	4.28	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	8.38	51.07%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	11.72	3.34	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	8.38	39.86%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1978.

Fræðsluumdæmi: Vestfirðir

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	4.5		2.33
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.83		34.11%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	6.86	0.03	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.83	0.44%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	6.59		0.24
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.83		3.51%

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Norðurland vestra

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	5.62		0.79
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.41		12.32%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	5.97		0.44
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.41		6.86%
Smíði:			
Kennd stöðugildi	5.97		0.44
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	6.41		6.86%

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Norðurland eystra

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	12.34		0.07
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	12.41		0.56%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	13.45	1.04	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	12.41	8.38%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	13.34	0.93	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	12.45	7.74%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Austurland

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	6.38		1.03
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	7.41		13.77%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	9.93	2.52	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	7.41	34,01%	
Smíði			
Kennd stöðugildi	9.93	2.52	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	7.41	34.01%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fræðsluumdæmi: Suðurland

	Stöðugildi	Stöðugildi umfram viðmstundaskrá	Stöðugildi undir viðmstundaskrá
Myndmennt:			
Kennd stöðugildi	9.78		1.6
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	11.38		14.06%
Hannyrðir:			
Kennd stöðugildi	13.28	1.90	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	11.38	16.70%	
Smíði:			
Kennd stöðugildi	13.28	1.90	
Stöðugildi skv. viðmiðunarstundaskrá	11.38	16.70%	

Upplýsingar úr haustskýrslum grunnskóla 1. okt. 1987.

Fjöldi kennslustunda í mynd- og handmennt í einstökum aldurshópum grunnskólans reiknaður í prósentum miðað við fjölda grunnskóla. (Samkvæmt könnun skólaþróunardeildar vorið 1988.)

Hannyrðir

	0 v/st. %	½ v/st %	1 v/st %	1½ v/st. %	2 v/st. %	3 v/st. %	Meira %
1. bekkur	59.09	1.30	26.62	2.60	9.74		0.65
2. bekkur	50.63	1.88	31.88	3.75	11.25		0.63
3. bekkur	11.95		53.46	4.40	28.93	0.63	0.63
4. bekkur	9.20		53.99	4.91	26.38	3.07	2.45
5. bekkur	9.05		42.21	4.52	40.20	2.51	1.51
6. bekkur	8.70		49.07	8.07	27.95	3.11	3.11
7. bekkur	14.41		45.76	3.39	29.66	5.93	0.85
8. bekkur	12.15		43.93	2.80	31.78	7.48	1.87
9. bekkur	37.62		11.88	1.98	30.69	12.87	4.95

Smíði

	0 v/st. %	½ v/st %	1 v/st %	1½ v/st. %	2 v/st. %	3 v/st. %	Meira %
1. bekkur	71.15	0.64	21.79	1.28	3.85	0.64	0.64
2. bekkur	59.18	1.36	29.25	1.36	7.48	0.68	0.68
3. bekkur	23.57		55.41	3.82	17.20		
4. bekkur	23.57		50.37	6.37	17.20	1.91	0.64
5. bekkur	22.44		51.92	5.77	17.95	1.92	
6. bekkur	20.78		48.70	9.09	18.83	1.95	0.65
7. bekkur	15.38		42.74	6.84	31.62	3.42	
8. bekkur	14.75		36.89	5.74	34.43	6.56	1.64
9. bekkur	41.75		8.74	2.91	27.18	13.59	5.83

Myndmennt

	0 v/st. %	½ v/st %	1 v/st %	1½ v/st. %	2 v/st. %	3 v/st. %	Meira %
1. bekkur	30.61	1.36	27.89		38.78		1.36
2. bekkur	24.31	1.39	30.56		42.36		1.39
3. bekkur	13.84		22.01	1.26	61.64	1.26	
4. bekkur	11.80		21.74	1.24	62.73	2.48	
5. bekkur	11.80		20.75	2.52	62.26	1.89	0.63
6. bekkur	11.46		21.02	2.55	63.06	1.27	0.64
7. bekkur	17.39		24.35	1.74	54.78	1.74	
8. bekkur	21.90		29.52	1.90	42.86	3.81	
9. bekkur	51.43		10.48	0.95	30.48	4.76	1.90

III. KAFLI
Tónmennt.

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir tónmenntarfræðslu í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?

Vísað er til *Auglýsingar um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.–9. bekk grunnskóla* (Stjtíð. B 212/1984). Samkvæmt þessari auglýsingu (sem í daglegu tali er nefnd viðmiðunarstundarskrá) eru ætlaðar til tónmenntarfræðslu í grunnskólum 1–2 stundir á viku í 1.–8. bekk. Í 9. bekk er tónmennt einungis valgrein. Nánari ákvæði um vikustundafjölda í tónmennt eru þessi samkvæmt viðmiðunarstundaskránni:

1.1. Í 1.–6. bekk skulu tónmenntarstundir alls vera 6 að lágmarki en 8 að hámarki.
1.2. Í 7.–9. bekk (í raun 7.–8. bekk) skulu tónmenntarstundir vera 2 að lágmarki en 4 að hámarki.
1.3. Í 1.–9. bekk (í raun 1.–8. bekk) skulu tónmenntarstundir vera 8 að lágmarki en 12 að hámarki.

Samkvæmt þessum ákvæðum skulu allir nemendur skyldunáms hljóta 1 vikustund í tónmennt að lágmarki. Ef farið er eftir ákvæðum um hámarksfjölda vikustunda í tónmennt skiptast grunnskólar í þrjá flokka.

1. Skólar með 1.–6. bekk geta þá mest haft 2 tónmenntarstundir í tveimur aldursflokkum (t.d. 1. og 2. bekk) en einungis 1 stund í öðrum (t.d. 3.–6. bekk).
2. Skólar með 7.–9. bekk (áður nefndir gagnfræðaskólar) geta mest haft 2 tónmenntarstundir í 7. og 8. bekk. Í 9. bekk er tónmennt einungis valgrein.
3. Skólar með 1.–9. bekk geta mest haft 2 tónmenntarstundir í fjórum aldursflokkum (t.d. 1.–4. bekk) en einungis 1 stund í öðrum (t.d. 5.–8. bekk). Í 9. bekk er tónmennt eins og áður segir einungis valgrein.

2. Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá. Hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?

Helsta orsök þess að í mörgum grunnskólum er tónmennt ekki kennd að því marki sem tilgreint er í viðmiðunarstundaskrá er *mikill skortur á sérmenntuðum kennurum.* Af öðrum orsökum má nefna *tilfinnanlegan skort á námsgögnum til tónmenntarkennslu.* Jafnframt má benda á þá ástæðu að fjölmargir grunnskólar eru svo smáir að *hvorki er hægt að ráða til þeirra sérmenntaða kennara í tónmennt né í öðrum list- og verkgreinum.* Síðast en ekki síst skal nefnd sú orsök að *margir almennir kennarar treysta sér ekki til að kenna tónmennt* (m.a. í áðurnefndum fámennum skólum) vegna þess að þeir hafa litla eða alls enga menntun í þeirri grein. Tónmennt hefur um langt skeið staðið höllum fæti í grunnskólum og í framhaldsskólum er vart hægt að tala um að tónmennt sé meðal námsgreina og í kennaramenntun almennra grunnskólakennara hefur tónmennt lengi verið mjög veikur hlekkur. Afleiðing af öllum þessum orsökum er sú að tónmennt í grunnskólum hefur einangrast í höndum tiltölulega mjög fárra sérmenntaðra kennara, svo fárra að einungis lítill hluti grunnskólanemenda á skyldunámsaldri getur hlotið lögbundna fræðslu í þessari námsgrein.

3. Hvernig er staða ofangreindra námsgreina miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?

Hér er spurt um stöðu list- og verkgreina (í þessu tilviki tónmennt) „miðað við aðrar helstu námsgreinar“. Í því sambandi skal vísað til athugunar skólaþróunardeildar á stöðu einstakra námsgreina varðandi vikustundafjölda og áfangaskýrslu um þá athugun (Nýting

tíma í íslenskum grunnskólum, Menntamálaráðuneytið, skólaþróunardeild, 1987. Fylgirit 2). Í skýrslunni kemur greinilega fram hver staða tónmenntar hefur verið samkvæmt viðmiðunarstundaskrá undanfarna áratugi eða frá 1960 (sjá töflur á bls. 10 og 11). Á þessum töflum sést að *tónmennt er ein þeirra námsgreina sem minnstur tími er ætlaður í skólastarfi grunnskólanna.* Sé litið á raunverulega stöðu tónmenntar í skólastarfinu (í skýrslunni eru 5. og 8. bekkur teknir sem dæmi) kemur þar á ofan mjög skýrt í ljós að *tónmennt er sú námsgrein grunnskólans sem mest er skorin niður miðað við þær vikustundir sem tilgreindar eru í viðmiðunarstundaskrá* (sjá töflur á bls. 15, 17 og 18 um frávik frá viðmiðunarstundaskrá).

Auk þess sem hér hefur komið fram skulu nefndar nokkrar tölur sem sýna enn frekar hvernig staða tónmenntar er í grunnskólum landsins samkvæmt haustskýrslum skólanna fyrir skólaárið 1987–1988.

Tafla 1. Grunnskólar þar sem tónmennt var kennd 1987–1988, eftir umdæmum.

	Skólar	Engin tónmennt	Tónmennt kennd
Reykjavík	26	6	20
Reykjanes	27	5	22
Vesturland	16	7	9
Vestfirðir	24	13	11
Norðurland vestra	20	9	11
Norðurland eystra	36	11	25
Austurland	29	12	17
Suðurland	33	8	25
Einkaskólar	5	4	1
Samtals	216	75	141

Tafla 2. Grunnskólanemendur sem nutu tónmenntarfræðslu 1987–1988, eftir fræðsluumdæmum. Forskóli – 9. bekkur.

	Engin tm.	%	Tm. kennd	%	Samtals	Sérdeildir	Alls
Reykjavík	6885	52,4	6250	47,6	13135	186	13321
Reykjanes	4790	43,9	6114	56,1	10904	45	10949
Vesturland	1535	53,0	1362	47,0	2897	10	2907
Vestfirði	930	51,2	885	48,8	1815	6	1821
Norðurland vestra	1391	68,4	644	31,6	2035	14	2049
Norðurland eystra	2355	49,8	2376	50,2	4731	5	4736
Austurland	1362	59,4	932	40,6	2294	8	2302
Suðurland	2323	62,8	1374	37,2	3697	46	3743
Einkaskólar	718	98,9	8	1,1	726	0	726
Samtals	22289	52,8	19945	47,2	42234	320	42554

Tafla 3. Grunnskólanemendur sem nutu tónmenntarfræðslu 1987–1988, eftir aldursflokkum og fjölda vikustunda. Forskóli – 9. bekkur.

	Nemendur	Engin tm.	%	1 vst.	%	2 vst.	%
Forskóli	4426	2820	63,7	1382	31,2	224	5,1
1. bekkur	4470	1162	26,0	1593	35,6	1715	38,4
2. bekkur	4418	1136	25,7	1652	37,4	1630	36,9
3. bekkur	4069	939	23,1	1750	43,0	1380	33,9
4. bekkur	3884	1129	29,1	2025	52,1	730	18,8
5. bekkur	4120	1771	43,0	1904	46,2	445	10,8
6. bekkur	4147	2192	52,9	1651	39,8	304	7,3
7. bekkur	4027	3272	81,3	680	16,9	75	1,9
8. bekkur	4348	3548	81,6	509	11,7	291	6,7
9. bekkur	4325	4320	99,9	5	0,1	0	0,0
Samtals	42234	22289	52,8	13151	31,1	6794	16,1
Sérdeildir	320						
Alls	42554						

Tafla 4. Grunnskólanemendur sem nutu tónmenntarfræðslu 1987–1988, eftir aldursflokkum og fjölda vikustunda. 1.–8. bekkur.

	Nemendur	Engin tm.	%	1 vst.	%	2 vst.	%
1. bekkur	4470	1162	26,0	1593	35,6	1715	38,4
2. bekkur	4418	1136	25,7	1652	37,4	1630	36,9
3. bekkur	4069	939	23,1	1750	43,0	1380	33,9
4. bekkur	3884	1129	29,1	2025	52,1	730	18,8
5. bekkur	4120	1771	43,0	1904	46,2	445	10,8
6. bekkur	4147	2192	52,9	1651	39,8	304	7,3
7. bekkur	4027	3272	81,3	680	16,9	75	1,9
8. bekkur	4348	3548	81,6	509	11,7	291	6,7
Samtals	33483	15149	45,2	11764	35,1	6570	19,6

4. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í fyrrgreindum greinum, eru réttindalausir?

Þessari spurningu er ekki auðvelt að svara. Skrá menntamálaráðuneytisins yfir starfandi kennara og skólastjóra í grunnskólum gefur ekki í öllum tilvikum nákvæmar upplýsingar um hvaða kennari annast kennslu einnar tiltekinnar námsgreinar, í þessu tilviki tónmenntar. Til þess að ganga úr skugga um það þyrfti að fara yfir allar vinnuskýrslur kennara og það er mikið og seinlegt verk. Eigi að síður var gerð tilraun til að taka saman yfirlit yfir menntun og ráðningarform þeirra kennara sem önnuðust tónmenntarkennslu í grunnskólum veturinn 1987–1988. Ljóst er að þetta yfirlit er ekki nákvæmlega rétt en gefur samt nokkra hugmynd um hvernig menntun og ráðningarformi þessara kennara er háttað.

Tafla 5. Kennarar, ráðningarform og menntun, eftir fræðsluumdæmum.

Umdæmi	Tónmenntar-kennarar	Fastráðnir kennarar	Stunda-kennarar	Grunnskóla-kennarar og leiðb.	Réttinda-kennarar
Reykjavík	28	20	7	1	25
Reykjanes	29	13	5	6	16
Vesturland	10	3	4	2	6
Vestfirðir	11	1	6	4	1
Norðurland vestra	13	1	10	2	0
Norðurland eystra	29	9	10	10	14
Austurland	20	1	9	10	4
Suðurland	27	1	14	12	4
Einkaskólar	1	0	0	1	0
Samtals, landið allt	168	49	65	48	70

5. Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í fyrrgreindum greinum (í þessu tilviki tónmennt)?

Eftir athugun á haustskýrslum grunnskóla fyrir skólaárið 1987–1988 var gerð tilraun til að reikna út fyrir hvern einstakan skóla hver þörfin væri fyrir kennslu í tónmennt. Út frá þeim tölum var síðan tekið saman yfirlit yfir heildarkennsluþörf í þessari námsgrein fyrir hvert fræðsluumdæmi og landið allt. Kennsluþörfin var talin í vikustundum og umreiknuð í heilar kennarastöður eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Tafla 6. Kennsluþörf í tónmennt, talin í vikustundum og heilum kennarastöðum eftir umdæmum.

Umdæmi	Nh. 1.–8.	Kþ. 1 vst	Kþ. 2 vst	Vst. hám.
Reykjavík	476	476	952	711
Reykjanes	386	386	772	583
Vesturland	137	137	274	205
Vestfirðir	120	120	240	180
Norðurland vestra	105	105	210	156
Norðurland eystra	219	219	438	325
Austurland	132	132	264	198
Suðurland	183	183	366	276
Einkaskólar	19	19	38	29
Samtals	1777	1777	3554	2663
Kennarastöður alls		70,5	140,9	105,6

Skýringar:
Nh. 1.–8.: Heildarfjöldi námshópa í tónmennt í 1.–8. bekk.
Kþ. 1. vst.: Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við 1 vikustund (þ.e. lágmark viðmiðunarstundaskrár).
Kþ. 2 vst.: Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við 2 vikustundir.
Vst. hám.: Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við hámarksþörf hvers skóla samkvæmt ákvæðum viðmiðunarstundaskrár.

6. Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum (í þessu tilviki tónmennt) eru ómönnuð?

Með sama hætti og áður var lýst í svari við 5. spurningu var reynt að reikna saman tölur um heildarkennslumagn í tónmennt veturinn 1987–1988 og þær tölur bornar saman við kennsluþörfina samkvæmt ákvæðum viðmiðunarstundaskrár. Í eftirfarandi töflu kemur fram hversu mikið vantar á að ákvæðum viðmiðunarstundaskrár sé framfylgt.

Tafla 7. Kennsla í tónmennt borin saman við kennsluþörf í greininni samkvæmt ákvæðum viðmiðunarstundaskrár.

Umdæmi	Nh. 1.–8.	Kþ. 1 vst.	Kþ. 2 vst.	Vst. hám.	Vst.	Ón.	Ón. u. í st.	Ón. %
Reykjavík	476	476	952	711	491,5	219,5	8,7	30,9
Reykjanes	386	386	772	583	368,0	215,0	8,5	36,9
Vesturland	137	137	274	205	97,5	107,5	4,3	52,4
Vestfirðir	120	120	240	180	75,0	105,0	4,2	58,3
Norðurland vestra	105	105	210	156	67,0	89,0	3,5	57,1
Norðurland eystra	219	219	438	325	188,0	137,0	5,4	42,2
Austurland	132	132	264	198	76,0	122,0	4,8	61,6
Suðurland	183	183	366	276	122,0	154,0	6,1	55,8
Einkaskólar	19	19	38	29	1,0	28,0	1,1	96,6
Samtals	1777	1777	3554	2663	1486,0	1177,0	46,7	44,2
Kennarastöður alls		70,5	140,9	105,6	58,9	46,7		

Skýringar:

Nh. 1.–8.:	Heildarfjöldi námshópa í tónmennt í 1.–8. bekk.
Kþ. 1 vst.:	Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við 1 vikustund (þ.e. lágmark viðmiðunarstundaskrár).
Kþ. 2 vst.:	Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við 2 vikustundir.
Vst. hám.:	Heildarkennsluþörf í tónmennt, miðuð við hámarksþörf hvers skóla samkvæmt ákvæðum viðmiðunarstundaskrár.
Vst.:	Heildarfjöldi vikustunda, þ.e. raunveruleg kennsla í tónmennt veturinn 1987–1988.
Ón.:	Mismunur, þ.e. sá hluti af hámarksþörf sem ekki er notaður til tónmenntarkennslu.
Ón. u. í st.:	Sami mismunur umreiknaður í heilar kennarastöður.
Ón. %:	Sami mismunur sem hundraðshlutfall af hámarksþörf.

7. Kennaramenntun í tónmennt.

Fram til ársins 1959 fór menntun tónmenntarkennara (sem á þeim tíma kölluðust söngkennarar) fram í Kennaraskóla Íslands. Árið 1959 var sett reglugerð sem veitti Tónlistarskólanum í Reykjavík rétt til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara við almenna skóla í landinu. Sama ár var gefið út ráðherrabréf þar sem nánar var kveðið á um tilhögun námsins. Í raun var þetta ráðherrabréf jafnframt námsskrá fyrir kennaranámið. Samkvæmt reglugerðinni og bréfinu var námstíminn tvö ár og þeir sem luku brottfararprófi úr kennaradeildinni höfðu réttindi til söng- eða tónlistarkennslu í barna-, unglinga- og framhaldsskólum landsins og höfðu starfsheitið tónlistarkennarar.

Kennaraskóla Íslands var breytt í háskóla með lögum sem sett voru árið 1971. Árið 1981 var lögum og reglugerð um Kennaraháskóla Íslands breytt og kveðið á um að kennaranemum gæfist kostur á að taka tvær bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein, þar með talda tónmennt, sem ⅓ hluta kennaranáms, eða 30 einingar af samtals 90. Sama ár, 1981, var á vegum menntamálaráðuneytisins tekin saman álitsgerð um inntak tónmenntarkennaranáms í Kennaraháskóla Íslands og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Fyrstu kennarar með tónmennt sem valgrein útskrifuðust úr Kennaraháskóla Íslands vorið 1982.

Eins og nú er háttað er menntun þeirra kennara sem annast tónmenntarkennslu í grunnskólum þannig:

Frá Tónlistarskólanum í Reykjavík útskrifast tónmenntakennarar sem hafa lokið 60 einingum í sérgrein (tónmennt og tónlist) af samtals 90 einingum.

Frá Kennaraháskóla Íslands útskrifast grunnskólakennarar með tónmennt sem valgrein og hafa lokið 30 einingum í sérgrein (tónmennt og tónlist) af samtals 90 einingum.

Fjöldi þeirra sem útskrifast hafa frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands á árunum 1979–1988 er sem hér segir:

Tafla 8.

Ár	Tónlistarskólinn í Reykjavík	Kennaraháskóli Íslands	Samtals
1979	3		3
1980	5		5
1981*			
1982	7	3	10
1983	8	3	11
1984	7	5	12
1985	2	6	8
1986	5	4	9
1987	6	3	9
1988	4	4	8
Alls	47	28	75

* Vegna lengingar náms.
Af 4 nemendum sem luku tónmennt sem valgrein frá Kennaraháskóla Íslands 1988 eiga 3 eftir ólokið hluta náms til B.Ed.-prófs.

IV. KAFLI
Íþróttir.

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir þessar greinar í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?

Almenn íþróttakennsla í grunnskóla.

1.–2. bekkur: 2 nemendastundir
3.–9. bekkur: 2–3 nemendastundir.

Sundnám í grunnskóla.

1.–9. bekkur: 1 nemendastund (ef sundlaug er svo nærri skólanum að sundiðkunum verði komið við með öðru námi).

Þar sem eigi háttar svo til, sem um getur hér að ofan, skal kenna sund í námskeiðum. Skal hver nemandi grunnskóla eiga kost á 180 kennslustundum í sundi, þar af 120 í 1.–6. bekk, en 60 í 7.–9. bekk. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði vegna framkvæmdar sundskyldunnar samkvæmt reglugerð um sundnám í grunnskóla.

Almenn íþróttakennsla í framhaldsskóla.

Samkvæmt reglugerð um iðkun leikfimi og annarra íþrótta í skólum segir í II. kafla, íþróttakennslu, 11. gr.:

„Fjöldi leikfimitíma hjá piltum og stúlkum í framhaldsskólum skal vera hið minnsta 3 stundir á viku.“

2. **Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá. Hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?**
   a. Aðstaða er víða ófullnægjandi, en hún á þó ekki að hindra iðkun íþrótta að öllu leyti.
   b. Kennaraskortur er stór þáttur í því að skólar geta ekki haldið uppi hefðbundinni íþróttakennslu. Fámennur skóli rúmar ekki marga sérkennara, þannig að það kemur oft niður á íþróttakennslunni eða list- og verkgreinum.
   c. Afstaða skólastjórnenda til íþróttaiðkana getur verið einn þáttur í því að sumir skólar ná ekki tilskildum stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá. Hugmyndir um gildi hreyfináms og þann styrk sem það veitir varðandi aðstoð við þroskaþætti í öðru námi hefur eflaust ekki komist nógu vel til skila til hins almenna kennara.
      Einnig má vel vera að skólastjórnendur hafi ekki fylgst nógu vel með breytingum á íþróttakennslu undanfarin ár sem og starfandi kennarar, bæði hinir almennu sem og sérgreinakennarinn í íþróttum. Breyttir áhersluþættir hafa átt sér stað varðandi íþróttakennsluna sem sjá má m.a. í drögum að nýrri námsskrá í grunnskóla, kafla um skólaíþróttir.

3. **Hvernig er staða ofangreindra námsgreina (hér skólaíþrótta) miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?**
   Staða skólaíþrótta í grunnskóla er ekki viðunandi og hefur versnað frá því að ný auglýsing leit dagsins ljós árið 1984 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.–9. bekk. Fyrir 1984 var um að ræða 3 nemendastundir auk sundnáms en þeim var fækkað í 2–3 nemendastundir. Samkvæmt skýrslum er áberandi hve mjög heimildin um lágmarkið, þ.e. tvær stundir, er nýtt (sjá nánar svar við 5. spurningu). Benda má á að þjóðfélagsaðstæður kalla á aukna hreyfingu vegna mikillar kyrrsetu fólks, bæði við nám og störf. Þetta á einnig við um skólabörnin. Því má segja að sú ákvörðun sem tekin var 1984 varðandi fækkun kennslustunda í íþróttum í grunnskóla hafi ekki átt við nein rök að styðjast.

4. **Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í íþróttum, eru réttindalausir?**
   A. Réttindalausir kennarar við grunnskóla landsins samkvæmt skýrslu frá fræðslustjórum eru samtals 85. Þeim má skipta í tvo hópa:
      1. Almennir kennarar sem starfa við íþróttakennslu eru samtals 25.
      2. Leiðbeinendur sem starfa við íþróttakennslu eru samtals 60.

   Meiri hluti þeirra sem hér eru nefndir eru í hlutastarfi eða kenna einungis 15 kennslustundir eða minna.
   B. Ekki eru starfandi réttindalausir kennarar við framhaldsskóla landsins svo vitað sé.

5. **Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í fyrrgreindum greinum (hér skólaíþróttum)?**
   A. Samkvæmt haustskýrslum grunnskóla 1988–1989 eru ætluð stöðugildi *út frá lágmarki 134,57.*
   B. Samkvæmt haustskýrslum grunnskóla 1988–1989 eru ætluð stöðugildi *út frá hámarki 185,05.*

Sjá nánar svar við 1. spurningu varðandi viðmiðunarstundir. Skólasund í grunnskóla er ekki inni í þessum stöðugildum, heldur er nánar gerð grein fyrir því hér á eftir.

   C. Sundnám í grunnskóla:
      Í nýgerðum athugunum á heimtum nemenda í grunnskólum til sundnáms og sundprófa á 6 ára tímabili, þ.e. 1982–1987, kemur eftirfarandi fram:

81% nemenda 9. bekkjar og 90% nemenda 6. bekkjar mæta til sundnáms samkvæmt skýrslum og/eða nafnaskrám sem berast frá skólastjórum eða sundkennurum (íþróttakennurum).

Þetta sýnir að 19% nemenda 9. bekkjar og 10% nemenda 6. bekkjar koma ekki til sundnáms eða skýrslur og nafnaskrár hafa ekki borist um sundnám þeirra.

Niðurstöður úr sundprófum þeirra nemenda sem um er vitað urðu þessar:

9. bekkjar nemendur:
þeir sem luku 9. sundstigi: 81,17%
þeir sem ekki luku 9. sundstigi: 14,14%
þeir sem höfðu undanþágu: 4,69%

6. bekkjar nemendur:
þeir sem luku 6. stundstigi 86,74%
þeir sem ekki luku 6. sundstigi: 11,29%
þeir sem höfðu undanþágu: 1,98%

D. Samkvæmt skýrslum frá framhaldsskólum (skólaárið 1988–1989) eru áætluð stöðugildi vegna almennrar íþróttakennslu við framhaldsskóla 58,71.

6. Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum (hér skólaíþróttum) eru ómönnuð?

6.1. Svar við 6. spurningu er að finna í eftirfarandi töflu og fylgiskjölum. *Taflan á við grunnskóla.*

	Áætluð stöðugildi skv. haustskýrslum		Stöðugildi skv. haustskýrslum 1988–1989	Ómönnuð stöðugildi skv. haustskýrslum	
	Lágmark	Hámark		Lágmark	Hámark
Reykjavík	37.51	52.28	35.35	–2.16	–16.93
Reykjanes	31.03	42.31	33.91	+2.88	–8.40
Vesturland	11.06	15.24	12.45	+1.39	–2.79
Vestfirðir	7.66	10.68	5.93	–1.73	–4.75
Norðurland vestra	7.55	10.73	7.14	–0.41	–3.59
Norðurland eystra	16.51	22.57	18.74	+2.23	–3.83
Austurland	9.49	12.04	9.99	+0.50	–2.05
Suðurland	13.90	19.41	13.83	–0.07	–5.58
				–4.37	
Samtals	134.71	185.26	137.34	+7.00	–47.92

6.2. Svar við 6. spurningu má sjá hér að neðan, en tölurnar eiga við um stöðugildi í framhaldsskólum. Sjá nánar einstaka skóla og töflu í fylgiriti.

	Áætluð stöðugildi skv. skýrslum (viðmiðunarstundir)	Stöðugildi skv. skýrslum 1989	Ómönnuð stöðugildi skv. skýrslum
Framhaldsskólar	58.71	41.71	–17.00

Spurningar varðandi menntun kennara í fyrrgreindum greinum (hér íþróttakennaramenntun).

a. Hvaða skólar annast menntun íþróttakennara?

Íþróttakennaraskóli Íslands, Laugarvatni.

b. Hverjar breytingar hafa orðið sl. 10 ár (m.a. menntun flust milli skóla, breytingar á námsskrá, undirbúningsmenntun eða aðrar breytingar á námstilhögun)?

Frá því að Íþróttakennaraskóli Íslands var gerður að tveggja ára skóla árið 1972 hafa ekki orðið stórvægilegar breytingar á náminu sem slíku. Þó ber að nefna það að frá árinu 1972 til ársins 1987 hefur verið tekið inn í skólann á tveggja ára fresti, en breyting hefur orðið á og frá 1987 hefur verið tekið árlega inn í skólann.

Einnig ber að nefna að aðstæður við skólann hafa batnað til muna frá því sem áður var, og ber helst að nefna nýtt íþróttahús. Kennslustofum hefur fjölgað með tilkomu þess að skólinn hefur yfir að ráða fyrrverandi húsnæði Hússtjórnarskóla Suðurlands. Með tilkomu sama húsnæðis hefur önnur aðstaða skólans batnað til muna frá því sem áður var, og má þar m.a. nefna heimavist nemenda, kennslustofur og kennarastofu, bókasafn skólans hefur komist undir nýtt þak, og fleira mætti nefna.

Starfandi er nefnd sem vinnur að endurskoðun laga um Íþróttakennaraskóla Íslands.

c. Hve margir kennarar hafa útskrifast á sl. 10 árum, sundurliðað eftir greinum (hér íþróttum) og árum?

Frá árinu 1978 til ársins 1988 hafa útskrifast frá Íþróttakennaraskóla Íslands 264 nemendur. Nánari sundurliðun á þeim fjölda er eftirfarandi:

1978:	33 nemendur.
1980:	49 nemendur.
1982:	45 nemendur.
1984:	47 nemendur.
1986:	45 nemendur.
1988:	45 nemendur.
Samt.:	264 nemendur.

Fylgirit varðandi sundnám í grunnskóla:

Niðurstaðan úr könnun sem gerð var á 6 ára tímabili, 1982–1987, varðandi sundnámið í 6. og 9. bekk grunnskóla hlýtur að kalla á eftirfarandi:

1. Betri skil frá skólunum og/eða sundkennurum (íþróttakennurum) varðandi sundnámið.
2. Bætt eftirlit með sundnámi grunnskólanema þar sem skýrslugerð vegna sundnáms gæti færst að hluta til fræðslustjóra en þó með góðum tengslum við menntamálaráðuneyti.
3. Að nemendur nái betri tökum á sundfærninni þannig að það heyri til undantekninga að þeir ljúki ekki sundstigi úr 9. bekk grunnskóla.

Sund og sundnám.

Efla þarf sundkennslu í skólum landsins. Kveða þarf fastar á um gildi og nauðsyn sundiðkunar og kappkosta að fá stjórnendur skóla jákvæða gagnvart greininni.

Rök.

Sundið á að hafa sterkari stöðu í skólum á Íslandi en í flestum öðrum löndum í heiminum. Fyrir utan það að Íslendingar voru önnur af tveimur fyrstu þjóðum í heiminum sem komu á sundskyldu hefur sundið bjargað lífi fjölda manna, bæði úr sjó og vötnum. Hvert mannslíf er fámennri þjóð dýrmætt.

Sundið hefur auk þess fært mörgum manninum heilsu á ný eftir áföll og sjúkralegu. Það er ein af árangursríkustu leiðunum til að vinna upp þrótt sem glatast hefur vegna áfalla eða veikinda.

Sundið er öllum holl og þroskandi hreyfing sem og alhliða þjálfun. Hún skilar oft meiri vellíðan og hreysti en margan grunar og gefur kyrrsetufólki nauðsynlegt mótvægi við hreyfingarleysi.

Fylgirit varðandi 6. spurningu um stöðugildi í íþróttakennslu í framhaldsskólum.

Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum (hér skólaíþróttum) eru ómönnuð?

6.2. Svar við 6. spurningu er að finna í eftirfarandi töflu. *Taflan á við framhaldsskóla.*

	Áætluð stöðugildi skv. skýrslum (Viðmiðunarstundir)	Skv. skýrslum 1989	Ómönnuð stöðugildi Skv. skýrslum
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2.44	1.22	-1.22
Flensborgarskóli, Hafnarfirði	2.55	1.28	-1.27
Fjölbrautaskóli Vesturlands	1.78	1.78	0.00
Menntaskólinn á Ísafirði	1.22	0.81	-0.41
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1.89	1.26	-0.63
Menntaskólinn á Akureyri	2.89	2.67	-0.22
Fjölbrautaskólinn Ármúla	2.78	1.96	-0.82
Fjölbrautaskólinn Breiðholti	3.33	2.30	-1.03
Iðnskólinn í Reykjavík	6.33	4.22	-2.11
Kvennaskólinn í Reykjavík	1.22	0.81	-0.41
Menntaskólinn við Hamrahlíð	2.22	1.48	-0.74
Menntaskólinn í Reykjavík	4.11	2.74	-1.37
Menntaskólinn við Sund	3.78	2.60	-1.18
Menntaskólinn í Kópavogi	1.78	1.19	-0.59
Framhaldsskólinn á Húsavík	0.67	0.67	0.00
Menntaskólinn á Egilsstöðum	0.89	0.89	0.00
Verkmenntaskóli Austurlands	1.00	0.44	-0.56
Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu	0.22	0.15	-0.07
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	3.78	1.89	-1.89
Verkmenntaskólinn á Akureyri	4.40	4.40	0.00
Framhaldsskólinn að Laugum	0.44	0.44	0.00
Menntaskólinn á Laugarvatni	1.00	1.00	0.00
Fjölbrautaskóli Suðurlands	2.11	1.40	-0.71
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.22	1.00	-0.22
Verslunarskóli Íslands	4.00	2.67	-1.33
Bændaskólinn á Hólum	0.44	0.30	-0.14
Samvinnuskólinn í Reykjavík og á Bifröst	0.22	0.14	-0.08
Samtals	58.71	41.71	-17.00

Fylgirit varðandi 4. spurningu. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í íþróttum, eru réttindalausir. Taflan á við íþróttakennslu í grunnskólum.

Spurningar til fræðslustjóra:

A 1: Hvað starfa margir íþróttakennarar við íþróttakennslu eingöngu?
A 2: Hvað starfa margir íþróttakennarar við íþróttakennslu og aðra kennslu?
A 3: Hvað starfa margir íþróttakennarar við aðra kennslu (ekki íþróttakennslu) og skólastjórn?
B 1: Hvað starfa margir almennir kennarar við íþróttakennslu?
B 2: Hvað starfa margir leiðbeinendur við íþróttakennslu?

	A 1	A 2	A 3	B 1	B 2
Reykjavík	48	6	1	0	1
Reykjanes	42	19	10	1 (1)	1 (24)
Vesturland	10 (267)	(167 Í) 11 (177 A)	*(40 Í) 4 (66 A)	0	(39 Í) 2 (25 A)
Vestfirðir	6	4	3	7	9
Norðurland vestra	3 (51)	12 (253)	3	6 (28)	4 (29)
Norðurland eystra	20	16	13	?	15
Austurland	5	8	5	4	13
Suðurland	14 (327)	(232 Í) 13 (174 A)	1 (34)	7 (24) 0 (Í ei)	(48 Í) 13 (268 A) 2 (110 Í ei)

(tala): Stundir.
(21 Í): Íþróttir, 21 stund.
(2 Í ei): Íþróttir eingöngu, 2 stundir.
*(40 Í): Vesturland hefur svarað lið A 3 á eftirfarandi hátt:
„Við skólastjórn (skólastjórar og yfirkennarar) eru 4 og kenna 40 stundir í íþróttum en 66 í öðrum greinum.“
Það má því flytja þessar 40 stundir í íþróttum yfir í A 2.

Sþ. 854. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um gjafsóknarreglur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum, en hún er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Samtökum gjaldþrota einstaklinga.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Karl Steinar Guðnason.

Alþingi, 13. apríl 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Eggert Haukdal.	Guðmundur Ágústsson.

Sþ. 855. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum. Umsögn barst frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Tillagan er endurflutt frá síðasta þingi.

Nefndin er sammála um að afgreiða tillöguna með eftirfarandi

BREYTINGU:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili tillögum eigi síðar en 15. október 1989.

Karl Steinar Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Eggert Haukdal.	Guðmundur Ágústsson.

Sþ. 856. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum, en hún er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum á fyrra þingi: Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum og Sjóvátryggingarfélagi Íslands.

Nefndin er sammála um að afgreiða tillöguna með eftirfarandi

BREYTINGU:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi, þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum.

Karl Steinar Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Eggert Haukdal.	Guðmundur Ágústsson.

Sþ. 857. Þingsályktun [42. mál]

um sveigjanleg starfslok.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Sþ. 858. Þingsályktun [48. mál]

um að efla kjararannsóknir.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði efldar og samræmdar. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum sem öruggastar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum.

Sþ. 859. Fyrirspurn [479. mál]

til samgönguráðherra um flugöryggi í verkfalli veðurfræðinga.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um veðurupplýsingar fyrir flug hér á landi?
2. Er fyllsta öryggis gætt að mati loftferðaeftirlitsins þegar engar flugveðurspár eru gerðar í verkfalli veðurfræðinga? Á hvaða hátt er það öryggi tryggt?
3. Hver er ábyrgur ef óhöpp verða í flugi sem rekja má til þess að veðurspár eru ekki gerðar?
4. Er veðurstofu flotans á Keflavíkurflugvelli heimilt að sinna flugveðurþjónustu fyrir annað flug en það sem henni við kemur?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 860. Fyrirspurn [480. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast er að auðvelda öllum skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum eins og segir í þingályktun þeirri er samþykkt var á Alþingi 13. júní 1985?

Sþ. 861. Fyrirspurn [481. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð?
2. Hefur verið tekið tillit til breyttra þarfa vegna vaxandi atvinnuleysis við þessa endurskoðun, t.d. hve lengi skuli greiða bætur?

Sþ. **862. Skýrsla** [482. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. Yfirlit.

I. Ný ríkisstjórn.

Hinn 28. september 1988 tók ný ríkisstjórn við völdum undir forsæti Steingríms Hermannssonar, samsteypustjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags með aðild Samtaka um jafnrétti og félagshyggju.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er fjallað um stefnu stjórnarinnar í utanríkismálum á eftirfarandi hátt:

> Markmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þessu markmiði verður meðal annars náð:
>
> - Með aukinni aðstoð og samvinnu við þróunarríki.
> - Með stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð.
> - Með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða.
> - Með virkri þátttöku í umræðum um afvopnunarmál og kjarnorkuvopnalaus svæði í okkar heimshluta. Áhersla verður lögð á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum, sérstaklega á hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi, til þess að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins og nálægra svæða.
> - Með því að hvetja til og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, sérstaklega um mengunarvarnir á Norður-Atlantshafi.
> - Með því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi, án aðildar að bandalaginu.
> - Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis að hér á landi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð.

II. Samskipti austurs og vesturs.

Á síðustu tólf mánuðum hefur ástandið í alþjóðamálum einkum mótast af batnandi samskiptum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Fundur Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna og aðalritara sovéska kommúnistaflokksins, í Moskvu, dagana 29. maí – 1. júní sl., endurspeglaði með eftirminnilegum hætti þau straumhvörf sem orðið hafa almennt í samskiptum austurs og vesturs frá því að fyrsti leiðtogafundurinn var haldinn í Genf í nóvember 1985.

Þíðunnar í samskiptum stórveldanna hefur gætt um víða veröld. Hún hefur auðveldað lausn svæðisbundinna deilumála og glætt starfsemi Sameinuðu þjóðanna nýju lífi. Væntanlegur leiðtogafundur Sovétmanna og Kínverja mun vafalítið verða til að örva þessa friðvænlegu þróun enn frekar.

Hættan á vopnuðum átökum austurs og vesturs er nú e.t.v. minni en hún hefur nokkru sinni verið frá stríðslokum. Aukið traust í samskiptum ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins hefur þegar borið ávöxt í afvopnunarmálunum. Framkvæmd fyrsta afvopnunarsamningsins á sviði kjarnavopna, samningsins um útrýmingu meðaldrægra kjarnavopna, miðar samkvæmt áætlun. Árangur hefur náðst í viðræðum um helmings fækkun langdrægra kjarnavopna. Unnið er að allsherjarbanni við efnavopnum og vonir við það bundnar að samningar frá miðjum áttunda áratugnum um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn taki gildi innan tíðar. Viðræður eru nýlega hafnar annars vegar um niðurskurð hefðbundinna herja á svæðinu frá Atlantshafi til Úralfjalla og hins vegar um frekari traustvekjandi aðgerðir. Fyrri viðræðurnar verða öðru fremur prófsteinninn á raunverulegan friðarvilja Sovétmanna í næstu framtíð, en allt frá stríðslokum hefur ójafnvægi á sviði hefðbundinna herja í Evrópu, Sovétmönnum í vil, verið ein helsta undirrót erfiðleika í samskiptum austurs og vesturs. Ég hef áður lýst áhuga á því að gengið verði til samninga um afvopnun á höfunum þegar viðræður um niðurskurð hefðbundinna herja og traustvekjandi aðgerðir á landi hafa borið tilætlaðan árangur.

Ástæðan fyrir að skriður er nú kominn á afvopnunarmálin er ekki síst að innan varnarbandalags vestrænna ríkja, Atlantshafsbandalagsins, hefur ríkt einhugur um þá tvíþættu stefnu bandalagsins, sem byggir á festu og árvekni á sviði varna annars vegar og vilja til að draga úr tortryggni og leysa ágreining með pólitískum samningum hins vegar. Aukinn sveigjanleiki Varsjárbandalagsins hefur einnig átt sinn hlut að máli, en umbótastefna Gorbatsjovs, Sovétleiðtoga hefur orðið til þess að sovésk utanríkisstefna hefur tekið verulegum stakkaskiptum á síðustu fjórum árum.

Innan Sovétríkjanna hefur Gorbatsjov unnið áfram að úrbótum í frjálsræðisátt. Honum hefur þegar orðið nokkuð ágengt við að losa stjórnkerfið úr viðjum stalínískra stjórnarhátta og mannréttindi eru nú virt í ríkari mæli en áður. Nítjánda flokksráðstefna kommúnistaflokksins í lok júní, ásamt fundum miðnefndar í lok september og æðstaráðsins í byrjun október, virðist hafa orðið til að efla áhrif leiðtogans og völd innan kommúnistaflokksins. Opnari kosningar til æðstaráðsins en áður hafa tíðkast í mars sl. eru til merkis um að hin pólitíska umbótastefna Gorbatsjovs er síður en svo orðin tóm. Umbætur í efnahagslífi hafa hins vegar ekki skilað tilætluðum árangri. Þrátt fyrir að svigrúm til athafna hafi verið aukið, er framleiðsla neysluvarnings ófullnægjandi og fjárlagahalli, ásamt erlendri skuldasöfnun, fer vaxandi.

Enginn vafi leikur á að náin tengsl eru milli umbótaviðleitni Sovétleiðtogans innanlands og þeirrar „nýju hugsunar“ sem sett hefur svip sinn á sovéska utanríkisstefnu. Sterk staða Gorbatsjovs heima fyrir var þannig vafalítið ein af forsendunum fyrir þeim djarflegu hugmyndum, sem hann setti fram í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 7. desember sl., en í ræðunni lýsti Sovétleiðtoginn m.a. yfir umtalsverðum einhliða niðurskurði hefðbundinna vopna í Evrópu og Asíu. Ákvörðunin er tvímælalaust skref í rétta átt, þrátt fyrir að hún breyti ekki í grundvallaratriðum því ójafnvægi á sviði hefðbundinna vopna, sem ég gat um hér að framan (sjá fylgiskjal I). Sérstök ástæða er einnig til að fagna yfirlýsingum Sovétmanna um að í framtíðinni muni vígbúnaður þeirra einungis miðast við varnarþarfir og að dregið verði úr útgjöldum til hermála.

Nýbreytni í sovéskum utanríkismálum hefur hins vegar ekki orðið vart á sviði vígbúnaðarmála einvörðungu. Frjálsræði, sem virtist óhugsandi fyrir aðeins fáeinum árum, blómstrar nú í ýmsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, einkum Ungverjalandi og Póllandi, þar sem stjórnvöld hafa loks látið undan pólitískum þrýstingi og fallist á lögmæti verkalýðssamtakanna Samstöðu. Í opinberri heimsókn minni til Póllands í desember sl. vakti það athygli mína hversu opinskátt ráðamenn játtu því að miðstýrt hagkerfi marx-lenínismans, sem þröngvað var upp á Pólverja á árunum eftir stríð, væri höfuðástæðan fyrir efnahagslegum ógöngum þeirra nú. Í öðrum ríkjum gætir þó meiri íhaldssemi. Í Þýska alþýðulýðveldinu og Tékkóslóvakíu hefur ekki orðið sú breyting á stjórnarháttum sem orðið hefur í Póllandi og Ungverjalandi. Í Rúmeníu ríkir enn harðstjórn Ceausescus, sem hefur leitt yfir þjóðina hörmungar og eymd.

vakíu hefur lítið miðað í átt til aukins frjálsræðis og í Rúmeníu hefur almenningur orðið að sæta aukinni kúgun og harðræði. Í ræðu minni undir lok Vínarfundar Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hinn 17. janúar sl. mótmælti ég sérstaklega ítrekuðum mannréttindarbrotum í síðasttöldum tveimur ríkjum.

Þrátt fyrir að horfur í Austur-Evrópu lofi að mörgu leyti góðu, er ástæða til að vara við óraunsæjum væntingum. Þjóðernisátök í ríkjunum sunnan Kákasusfjalla og auknar kröfur um sjálfstæði í ríkjunum við Eystrasalt hafa skapað óvissu um hvort Gorbatsjov muni takist að stjórna þeim öflum, sem „glasnost" og „perestrojka" hafa leyst úr læðingi. Þróun sovéskra efnahagsmála kann einnig að ráða úrslitum um hvort haldið verður áfram á braut til aukins frjálsræðis og vinsamlegra samskipta við vestræn ríki. Ég tel því ástæðu til hóflegrar bjartsýni um framhaldið og áframhaldandi varfærni af hálfu vestrænna ríkja enn um sinn.

III. Önnur alþjóðamál.

Síðasta árs verður öðru fremur minnst sem árs Sameinuðu þjóðanna, sem loks hefur tekist að uppfylla að nokkru þær vonir sem við þær voru bundnar á sviði alþjóðlegrar friðargæslu í upphafi.

Á árinu tókust samningar um vopnahlé í stríði Íran og Írak og voru stofnaðar sérstakar eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna á svæðinu við Persaflóa. Undir merkjum Sameinuðu þjóðanna náðist einnig samkomulag í Genf um brottflutning sovésks herliðs frá Afghanistan og er herliðið nú á brott frá landinu.

Í Namibíu urðu þáttaskil undir lok ársins, er deiluaðilar féllust á framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 435. Þrátt fyrir að snurða hafi hlaupið á þráðinn nýlega eru vonir við það bundnar að friður haldist og að Namibía öðlist sjálfstæði innan tíðar.

Mikilvægum áfanga var náð í deilunni fyrir botni Miðjarðarhafs á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í Genf í desember sl., er Jassir Arafat, leiðtogi Palestínumanna, lýsti yfir samþykki samtakanna við ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 og 338, sem m.a. viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis. Ísraelsk stjórnvöld hafa þó enn ekki fallist á beinar viðræður við samtök Palestínumanna. Ég hef litið svo á að stefna ætti að því að kölluð yrði saman alþjóðaráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna, þar sem samið yrði um lausn með beinni þátttöku deiluaðila (sjá fylgiskjal II).

Á liðnu ári voru liðin fjörutíu ár frá því Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþinginu, en allir helstu alþjóðasamningar um mannréttindi, sem gerðir hafa verið eftir stríð, byggjast á þeirri yfirlýsingu. Baráttan fyrir auknum mannréttindum hefur ætíð verið snar þáttur íslenskrar utanríkisstefnu. Hefur Ísland, ásamt öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, lagt á það höfuðáherslu á fundum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu að ekki beri að aðskilja öryggismál og aðra þætti í samskiptum austurs og vesturs, þ.m.t. mannréttindamál.

Þriðja framhaldsfundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu lauk í Vín 19. janúar sl. með samþykkt ítarlegs lokaskjals. Í því eru m.a. áréttaðar ýmsar grundvallareglur mannréttinda og kveðið á um sérfræðingafundi fram að næsta framhaldsfundi, sem hefst í Helsinki 1992. Á Vínarfundinum var einnig lagður grundvöllur að viðræðum þeim um traustvekjandi aðgerðir og niðurskurð hefðbundinna vopna sem ég gat um hér að framan.

IV. Nýjar áherslur.

Á því tímabili, sem liðið er frá lokum seinni heimsstyrjaldar, hefur Íslendingum tekist að byggja upp nútímaþjóðfélag þar sem þjóðartekjur á mann eru með því hæsta sem gerist í heiminum. Þrátt fyrir efnahagslega velsæld eru Íslendingar enn fjarri því markmiði Efnahags-

og framfarastofnunar Evrópu (OECD) að veita þróunarhjálp sem nemi a.m.k. 0,7% af þjóðarframleiðslu. Þó hefur fjárveiting til þessa málaflokks verið aukin um 50% á þessu ári í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár verður lögð áhersla á myndarlega aukningu svo að styttist í að þessu lágmarks markmiði verði náð.

Utanríkisstefna sú, sem fylgt hefur verið, hefur reynst þjóðinni farsæl og á það jafnt við um öryggis- og varnarmál sem viðskiptamál. Að frátöldum tímabundnum ágreiningi við aðrar þjóðir um landhelgi og efnahagslögsögu hafa samskipti við önnur ríki verið án teljandi ágreinings.

Á undanförnum árum hafa Íslendingar orðið vitni að því hvernig mál, sem þeir töldu fyrst og fremst vera sín eigin, hafa orðið fyrir vaxandi afskiptum utanlands frá. Á ég hér einkum við hvalamálið sem verið hefur mjög í brennidepli á síðustu mánuðum. Mál þetta er angi af almennri þróun í alþjóðamálum sem ég tel að Íslendingar verði að gefa vaxandi gaum í samskiptum sínum við umheiminn. Þar á ég við síaukin og sífellt flóknari gagnkvæm tengsl ríkja veraldar, sem gera að verkum að þau verða hvert öðru háðari. Þróun þessi á ekki síst rætur að rekja til þeirra framfara sem átt hafa sér stað á sviði fjarskipta- og flutningatækni. Annað dæmi um þessa þróun eru umhverfismálin sem verða æ mikilvægari þáttur alþjóðasamvinnu. Mengun þekkir engin landamæri og árangursrík barátta gegn umhverfisspjöllum útheimtir alþjóðlegt samstarf, þar sem Íslendingar vilja leggja sitt af mörkum.

Nú á tímum eru efnahagsmál í auknum mæli farin að hafa áhrif á varnarmál. Bandamenn í varnarmálum eru í vaxandi mæli orðnir keppinautar í viðskiptum. Vestur-Evrópa hefur styrkst og er nú farin að bjóða Bandaríkjunum byrginn á alþjóðamörkuðum, en innan Vestur-Evrópu hefur Evrópubandalagið á hinn bóginn markað skil milli þeirra sem eru innan vébanda þess og utan. Af þessum sökum er líklegt að samstaða samherja í varnarmálum verði að verulegu leyti undir því komin hvernig þau haga efnahagslegum viðskiptum sínum. Rétt eins og tryggar varnir vestrænna ríkja hafa stuðlað að efnahagslegri samvinnu er líklegt að ágreiningur um efnahagsstefnu og viðskipti dragi úr virkni sameiginlegra varna þeirra. Ég mun hér á eftir fara nokkrum orðum um íslensk öryggis- og viðskiptamál.

V. Öryggis- og varnarmál.

Lykilhlutverk Íslands í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins hefur löngum verið viðurkennt vegna landfræðilegrar legu landsins. Lega þess við nyrðri jaðar skipaleiða yfir Atlantshafið, sem skipta höfuðmáli fyrir Atlantshafsbandalagið, stuðlar að stöðugleika á friðartímum með því að veita aðstöðu til að fylgjast með staðsetningu flugvéla, skipa og kafbáta Sovétmanna á Norður-Atlantshafi. Á ófriðartímum væri Ísland nauðsynleg bækistöð til varnar birgðaflutningum og liðsflutningum til Evrópu – einkum á nyrðri væng.

Fyrirrennarar mínir í starfi hafa á undanförnum árum leitast við að auka hlutdeild Íslendinga við þróun áætlana varðandi varnir landsins, svo og við starfrækslu ratsjár- og fjarskiptastöðva. Samfara þessu hafa Íslendingar leitast við að gerast virkari aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Haldið verður áfram á sömu braut í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Eins og tekið er fram í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, verður unnið að endurskipulagningu á samskiptum Íslendinga við varnarliðið. Þetta felur m.a. í sér að starfi fyrrverandi utanríkisráðherra að athugun á tilhögun verktöku fyrir varnarliðið verður haldið áfram. Unnið verður að því að auka kaup varnarliðsins á íslenskum landbúnaðar- og iðnaðarvörum. Mengunarvarnir á varnarsvæðum verða efldar, en nú eru samningar um aðild varnarliðsins að nýjum vatnsbólum vegna mengunar eldri vatnsbóla á Suðurnesjum á lokastigi.

Áhugi er á því innan Atlantshafsbandalagsins að heimild verði veitt til forkönnunar á hugsanlegum varaflugvelli á Íslandi. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin. Í viðræðum

mínum við aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í Brussel í desember sl. óskaði ég eftir frekari upplýsingum um eðli slíks flugvallar. Formlegt svar við þeirri beiðni hefur borist þar sem staðfest er að slíkur flugvöllur myndi ekki gegna neinu hernaðarhlutverki á friðartímum (sjá fylgiskjal III).

VI. Utanríkisviðskipti.

Á sama tíma og Íslendingar hafa gert ráðstafanir til að efla samvinnu við bandamenn sína í varnarmálum hafa utanríkisviðskipti öðlast nýja hlutdeild í utanríkisstefnu Íslands.

Ísland hefur einhæft hagkerfi, sem byggist einkum á fiskveiðum og útflutningi sjávarafla, en efnahagsgrundvöllur vestrænna iðnríkja er í flestum tilvikum mun fjölbreyttari. Fiskur og fiskafurðir eru enn langstærstur hlutur útflutnings okkar og fer meiri hluti til ríkja Evrópubandalagsins. Hagkerfi Íslands er háð fiskveiðum og þess vegna er það afar viðkvæmt fyrir sveiflum í sjávarafla og á mörkuðum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er, eins og áður segir, sérstaklega vikið að því markmiði að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt atvinnulíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi, án aðildar að bandalaginu.

Í samræmi við það er gert ráð fyrir að sú þróun haldi áfram að viðskiptamál fái síaukið vægi í starfsemi utanríkisráðuneytisins.

Á fjárlögum ársins er gert ráð fyrir verulega auknum fjármunum til starfs í tengslum við samninga EFTA og Evrópubandalagsins og má gera ráð fyrir því, að þar til innri markaður EB er fullmótaður í árslok 1992, verði samningagerð við EB veigamikill þáttur í utanríkisstefnu Íslendinga. Jafnframt því að búa sig undir þær breytingar sem óhjákvæmilega leiða af innri markaði EB verður unnið að því að efla viðskiptatengsl við þjóðir utan Evrópubandalagsins.

Því hefur þegar verið hreyft að taka upp viðræður við Bandaríkjamenn um hugsanlegan fríverslunarsamning. Auk þess er mikill áhugi á því að efla viðskipti við Austurlönd fjær og þá sérstaklega við Japan, sem nú þegar er mjög mikilvægur markaður fyrir útflutningsvörur Íslendinga. Þá mun boðað viðskiptafrelsi ýmissa ríkja Austur-Evrópu koma til með að hafa mikil áhrif á utanríkisverslun og verður lögð áhersla á að fylgjast sem best með breytingum sem þar kunna að verða. Aðlögun viðskipta að nýjum verslunarháttum er mikilvæg, en eins og kunnugt er hefur verslun við ríki innan Efnahagsbandalags Austur-Evrópuríkja (COMECON) verið snar þáttur í utanríkisverslun okkar.

Á alþjóðlegum vettvangi munu Íslendingar taka þátt í samstarfi á ýmsum sviðum með það að markmiði að stuðla að auknu frelsi í viðskiptum hvar sem því verður við komið.

Það er ljóst að aukið vægi þessa málaflokks krefst áherslubreytinga í utanríkisþjónustunni og eflingar viðskiptatengdra starfa sendiráða.

Á þessu ári og hinum næstu verður unnið að endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar til að mæta nýjum viðhorfum. Hvað varðar viðskiptamál verður horft til þess einkum að tengja betur en nú er pólitískt starf við viðskiptamálin og starfsmenn fluttir til innan utanríkisþjónustunnar til að tryggja að þessum málaflokki verði sinnt eins vel og kostur er.

Vöruskiptajöfnuður á árinu 1988 var óhagstæður um 500 milljónir króna samanborið við 2,0 milljarða króna á árinu 1987. Þessi halli varð þrátt fyrir að aukning yrði á útflutningi um 1,8% samhliða því að innflutningur dróst saman um 1,0% reiknað á föstu gengi. Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 61,7 milljörðum króna, en vöruinnflutningur 62,2 milljörðum.

Vaxtajöfnuður var neikvæður um 8,2 milljarða króna og halli á þjónustuviðskiptum í heild um 9 milljarðar króna.

Þannig er áætlað að heildarviðskiptajöfnuður sem tekur til vöru og þjónustu hafi í árslok verið neikvæður um 9,5 milljarða króna eða u.þ.b. 3,7% af landsframleiðslu miðað við 3,5% árið 1987.

Útflutningur sjávarafurða og landbúnaðarvara dróst nokkuð saman á árinu, en talsverð aukning varð í útflutningi iðnaðarvara, sem aðallega stafar af mikilli framleiðslu áls og kísiljárns og verulegri verðhækkun þessara vara á erlendum mörkuðum. Í heild lækkaði verð útfluttra sjávarafurða lítillega á árinu, nema á mjöli og lýsi þar sem um talsverða verðhækkun var að ræða frá árinu á undan. Á undanförnum árum hefur æ stærri hluti útflutnings farið til Evrópubandalagsins og Japans, en dregið hefur úr útflutningi til Bandaríkjanna og Austur-Evrópulanda. Sérstaklega hafa viðskiptin við Japan aukist á undanförnum árum meðal annars vegna hagstæðrar gengisþróunar og verulegrar verðhækkunar á ýmsum sjávarafurðum þar í landi, svo og vegna þess að þar er að finna markað fyrir ýmsar sjávarafurðir sem lítið eða ekki hafa verið fluttar út áður. Jafnframt hefur þróun gengismála í Bandaríkjunum allt frá árinu 1985 verið mjög óhagstæð, auk þess sem verð á frystum fiskflökum þar í landi lækkaði verulega á árinu. Voru þessi atriði megin skýringarnar á minnkandi hlutdeild Bandaríkjanna í heildarútflutningi.

Á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Tampere, Finnlandi, var ákveðið að stofna nefnd háttsettra embættismanna til að undirbúa tillögur um fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA og mun hún skila lokaskýrslu á fundi ráðherranna í Noregi í júnímánuði næstkomandi (sjá fylgiskjal IV). Á fundi nefndarinnar í byrjun mars hafði samstaða náðst um flest atriði, nema kröfu Finna um ótímabundna undanþágu frá fríverslun fyrir Eystrasaltssíld og lax, sem er uppistaðan í veiðum þeirra. Sú krafa var óaðgengileg, ekki síst vegna þess að hún kallaði á kröfur annarra ríkja um undanþágur fyrir sig. Þessi deilumál voru tekin fyrir á leiðtogafundi EFTA í Ósló 14.–15. mars og tókst þar að ná samkomulagi, sem tryggir að fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir verði komið á 1. júlí 1990 með fáeinum tímabundnum undantekningum (sjá fylgiskjal V).

Í febrúar 1988 var efnt til sameiginlegs fundar ráðherra EFTA og EB þar sem ítrekaður var vilji ráðherranna til aukins samstarfs og næstu forgangsverkefni ákveðin, og var sú ákvörðun staðfest á ráðherrafundi EFTA í Tampere. Sem dæmi um þau verkefni má nefna evrópskt staðlasamstarf, einföldun upprunareglna, tæknilegar reglugerðir, höfundarétt á sviði hugverka, ríkisstyrki, opinber útboð, útflutningshömlur og verðbætur á unnum landbúnaðarvörum. Samstarfsverkefna EFTA og EB eru um þrjátíu talsins.

Vegna síaukinna verkefna sem tengjast samstarfi EFTA og EB var á árinu sett á fót samstarfsnefnd allra ráðuneyta undir forystu utanríkisráðuneytisins til að tryggja að þeim verkefnum sem upp koma í þessu samstarfi verði sinnt eins og þörf er á (sjá fylgiskjal VI.A). Hefur Útflutningsráð Íslands tekið að sér að vera tengiliður stjórnvalda við atvinnulífið í þessu efni. Einnig var stofnuð á árinu nefnd þingmanna til að gera tillögur til Alþingis um stefnumótun íslenskra stjórnvalda í málefnum EFTA og Evrópubandalagsins (sjá fylgiskjal VI.B). Hún hefur sent frá sér greinargerðir um ýmsa þætti þessara mála og er gert ráð fyrir lokaskýrslu í vor.

Í byrjun árs 1989 flutti forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Jacques Delors, ræðu á Evrópuþinginu þar sem hann vék að hugmyndum um frekara samstarf EFTA og EB og benti á að um tvo kosti væri að ræða. Annars vegar að halda sig við núverandi samskiptahætti, þ.e. tvíhliða samskipti EB við hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig, og hins vegar að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefur verið talið koma til greina. Í því efni verði lögð áhersla á hinn pólitíska þátt á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála, eða á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum. Þessar hugmyndir voru til umræðu á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna 14.–15. mars í Ósló.

Norðmenn höfðu á sl. ári boðað til leiðtogafundar EFTA í mars 1989 til þess að ræða framtíðarstarf þessara ríkja og samskiptin við Evrópubandalagið. Viljayfirlýsing leiðtogafundar Evrópubandalagsríkja á Rhodos í desember 1988 um nánara samstarf við EFTA-ríkin og síðan ræða Delors í janúar 1989 urðu til þess að leiðtogafundur EFTA fjallaði ítarlega um eflingu innviða EFTA og samskipti samtakanna við Evrópubandalagið. Þar var því lýst yfir að EFTA-ríkin væru reiðubúin að efna til könnunarviðræðna við EB um alla þætti innri markaðar bandalagsins, þ.e. óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og flutning fólks milli landa, að því marki sem unnt væri.

Í ræðu sinni á fundinum undirstrikaði Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra, að Íslendingar væru reiðubúnir að semja um fullt frelsi í vöruviðskiptum en hefðu ýmsa fyrirvara um hin atriðin þrjú vegna einhæfs efnahagslífs og fámennis þjóðarinnar. Hins vegar væru þeir reiðubúnir til fullrar þátttöku í ýmsum öðrum málaflokkum, sem stefnt væri að nánari samvinnu um, m.a. á sviði vísinda-, mennta-, og umhverfismála.

Hinn 20. mars var haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra EFTA-ríkja og EB-ríkja í Brussel. Þar kom fram almennur vilji til að efla samstarfið og hefja könnunarviðræður sem fyrst. Jafnframt var ákveðið að efna til nýs ráðherrafundar fyrir árslok til þess að fylgja þeim málum eftir.

Í ræðu minni á þessum fundi tók ég fram, að með fullu frelsi í viðskiptum milli ríkja EB og EFTA ættu Íslendingar að sjálfsögðu við að slík fríverslun næði einnig til allra sjávarafurða.

Á undanförnu ári miðuðu Uruguay-viðræðurnar innan GATT fyrst og fremst að því að leggja grunn að samningsgerð aðildaríkjanna, sem vonast er til að hefjist síðari hluta ársins 1989 og ljúki fyrir árslok 1990. Þar bíða mörg erfið mál úrlausnar, svo sem viðskipti með landbúnaðarvörur, eins og kom fram á ráðherrafundi GATT í Montreal í desember sl. Þar var m.a. rætt um að þrjár leiðir væru að því markmiði að draga úr viðskiptahindrunum með landbúnaðarvörur. Í fyrsta lagi skammtímaaðgerðir sem miða að því að „frysta" og jafnvel lækka styrki, í öðru lagi langtímaaðgerðir sem samkvæmt tillögum Bandaríkjamanna miða að því að fella niður innan ákveðins tíma alla beina styrki til landbúnaðar, og í þriðja lagi, að heilbrigðisreglugerðir verði samræmdar til að koma í veg fyrir að þær verði notaðar sem dulbúin viðskiptahindrun. Samkomulag náðist ekki um þessi atriði á fundinum í Montreal en formlegum samningaviðræðum var haldið áfram í Genf dagana 5.–9. apríl.

Skýrsla sú, er ég legg nú fyrir Alþingi, er með hefðbundum hætti, að öðru leyti en því að efni hennar er skipt þannig að gerð er grein fyrir höfuðatriðum utanríkisstefnunnar í yfirlitinu hér að framan, en nánar fjallað um einstök atriði í köflunum hér á eftir. Einnig fylgja skýrslunni fleiri fylgiskjöl en áður hefur tíðkast. Má því segja að skýrslan þjóni þeim tvíþætta tilgangi að vera annars vegar almennur inngangur og hins vegar uppflettirit fyrir þá sem kynna vilja sér einstaka þætti utanríkisstefnunnar.

II. Einstök alþjóðamál.

Atburðir á vettvangi alþjóðamála síðan síðasta skýrsla var lögð fram bera þess glöggt vitni að samfélag þjóðanna tengist nánari pólitískum, efnahagslegum og vistfræðilegum böndum með ári hverju. Samskipti austurs og vesturs gerast æ fjölþættari jafnframt því sem pólitísk viðleitni til að draga úr spennu og stuðla að auknum stöðugleika færist í aukana. Árangur á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar gefa fyllsta tilefni til áframhaldandi bjartsýni.

(1) Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Framhaldsfundir Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu eru haldnir með reglulegu millibili til að fjalla um framkvæmd þátttökuríkjanna á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar frá 1975 og gera tillögur til úrbóta. Milli framhaldsfundanna eru haldnir fundir sérfræðinga um ýmis sérhæfð atriði Helsinki-samþykktarinnar.

Á fyrsta framhaldsfundinum sem haldinn var í Belgrad 1977–1978 varð lítill árangur, en á öðrum fundinum, sem haldinn var í Madrid 1980–1983, tókst samkomulag um efnismikið lokaskjal. Þriðji framhaldsfundur ráðstefnunnar fór fram í Vínarborg frá nóvember 1986 til 19. janúar sl. Lauk honum með samþykkt lokaskjals, sem um margt markar tímamót.

Í fylgiskjali VII með skýrslu þessari er að finna skipurit yfir allar ráðstefnurnar um öryggi og samvinnu í Evrópu 1973–1988 og ennfremur skipurit yfir þá sérfræðingafundi, sem ákveðið hefur verið að halda fram að fjórða framhaldsfundinum sem hefst í Helsinki í mars 1992.

(1.1) Vínarfundurinn.

Ísland var meðflytjandi að sautján tillögum á Vínarfundi RÖSE og endurspeglast þær allar í lokaskjali fundarins. En „jafnvel hinn metnaðarfyllsti texti – þótt fullkominn væri – kemur að litlu haldi ef framkvæmdina vantar, ef orð leiða ekki til athafna", eins og ég benti á í ræðu minni í Vín 17. janúar sl. Textar, sem samþykktir eru á fundum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, hafa ekki lagagildi, en hafa pólitískt og siðferðilegt gildi. Ísland mun hér eftir sem hingað til stuðla að því að það aðhald sem dugir verði veitt. Fari einstök aðildarríki ráðstefnunnar ekki eftir þeim samþykktum, sem þau hafa staðið að síðan þau komu saman í Helsinki fyrir sextán árum, er hætt við að þau einangrist pólitískt og efnahagslega.

Í lokaskjali Vínarfundarins ber sérstaklega að fagna nýjum ákvæðum um réttindi einstaklinga, t.d. um ferðafrelsi, aðgang að upplýsingum, sameiningu fjölskyldna, útgáfu vegabréfsáritana, réttindi minnihlutahópa o.fl. Ennfremur er það merk nýjung í Vínarskjalinu, að þar er komið á eins konar eftirlitskerfi með mannréttindum og tengist það framhaldsfundum ráðstefnunnar um mannréttindi, sem haldnir verða í París á þessu ári, í Kaupmannahöfn árið 1990 og í Moskvu árið 1992. Sérhvert ríki hefur nú rétt til að ganga úr skugga um kvartanir um mannréttindabrot í öðru ríki, eitt eða í samvinnu við önnur ríki.

Ýmis áhugaverð ákvæði eru einnig í lokaskjali Vínarfundar um vísinda- og tæknisamvinnu, viðskiptamál og samvinnu á sviði umhverfismála.

(2) Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

(2.1) Hefðbundin vopn og traustvekjandi aðgerðir.

Á Vínarfundinum tókst samkomulag um erindisbréf fyrir tvennar samningaviðræður um vígbúnaðareftirlit innan ramma RÖSE og hófust þær í Vínarborg 9. mars sl. Annars vegar er um að ræða viðræður ríkjanna þrjátíu og fimm um traustvekjandi aðgerðir (CSBM) í framhaldi Stokkhólmsráðstefnunnar, sem lauk árið 1986, og hins vegar viðræður tuttugu og þriggja ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar frá Atlantshafi til Úralfjalla (CFE). Síðarnefndu viðræðurnar leystu af hólmi viðræður tólf ríkja Atlantshafsbandalagsins og sjö ríkja Varsjárbandalagsins um gagnkvæman niðurskurð og jafnvægi herja í Mið-Evrópu (MBFR), sem staðið höfðu yfir frá árinu 1973. Þrátt fyrir að viðræður þessar bæru ekki tilætlaðan árangur, kemur sú reynsla, sem aflað var í Vín á því fimmtán ára tímabili sem fundirnir stóðu yfir, vafalítið til með að nýtast vel á hinum nýja vettvangi.

Vert er að taka fram að Vínarfundirnir tveir taka einvörðungu til landherja og hernaðarumsvifa, sem beinlínis tengjast hernaði á landi. Þannig eru sprengjuflugvélar, skotbúnaður fyrir skammdrægar eldflaugar og sjóherir undanskildir í erindisbréfi viðræðna ríkjanna tuttugu og þriggja um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar. Af þessu leiðir m.a. að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli fellur utan ramma þessara viðræðna. Í ræðu minni, við upphaf Vínarfundanna 9. mars sl., lét ég hins vegar í ljós von um að viðræður um traustvekjandi aðgerðir myndu í framtíðinni einnig ná til herja á höfunum. Fyrst um sinn tel ég þó mikilvægt að árangur náist í viðræðum þeim sem þegar eru hafnar í Vín.

Miklar vonir eru nú bundnar við þessar viðræður, enda eru þær prófsteinn á raunverulegan friðarvilja austantjaldsríkjanna. Gagnkvæmum samanburði Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins á núverandi herafla ber saman um að Varsjárbandalagið njóti yfirburða með tilliti til mest ógnvekjandi árásarvopna, þ.e. skriðdreka, stórskotaliðs og brynvarðra farartækja, en tillögur Atlantshafsbandalagsins hafa fyrst og fremst miðað að því að uppræta möguleika á stórfelldri skyndiárás. Fyrstu tillögur Sovétmanna í tuttugu og þriggja ríkja hópnum benda einnig til að brúa megi bilið milli bandalaganna tveggja. Sýna þær að Varsjárbandalagið er loks að nálgast þau meginsjónarmið sem vestræn lýðræðisríki hafa haldið á lofti í viðræðum um hefðbundinn vígbúnað um margra ára skeið.

(2.2) Langdræg kjarnavopn og geimvopn.

Miðað hefur í samkomulagsátt í viðræðum Sovétmanna og Bandaríkjamanna í Genf um niðurskurð langdrægra kjarnaflauga (START). Hafa ber í huga að væntanlegur samningur um langdrægu flaugarnar yrði mun flóknari en samningurinn um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga á landi sem undirritaður var í desember 1987 (INF). Í síðarnefnda tilvikinu var heilum flokki vopna útrýmt en í því fyrrnefnda er einungis um að ræða samdrátt. Eftirlit með framkvæmd væntanlegs START-samnings kemur því til með að verða mun erfiðara. Ósamkomulag ríkir enn um mikilvæg atriði s.s. hreyfanlegar langdrægar flaugar á landi, hvernig taka eigi á stýriflaugum sem skotið er af hafi úti (SLCM), og talningarreglur fyrir stýriflaugar sem skjóta má úr lofti (ALCM). Einnig hafa Bandaríkjamenn lýst því yfir að þeir muni ekki skrifa undir samkomulag um langdrægar flaugar nema Sovétríkin taki niður ratsjána í Krasnojarsk sem þeir telja brot á ákvæðum gagneldflaugasamningsins (ABM-treaty) frá 1972. Stuttu eftir að Bush Bandaríkjaforseti tók við völdum í janúar sl. lýstu Bandaríkjamenn því yfir að þeir myndu taka þau drög að samkomulagi, sem þegar liggja fyrir, til gaumgæfilegrar athugunar.

Ég vil ítreka, í ljósi þeirra umræðna, sem átt hafa sér stað hérlendis um hættuna af kjarnavopnum á og í höfunum, að START-viðræðurnar taka einnig til stýriflauga á og í höfunum, sem flutt geta kjarnavopn. Það er því sérstakt hagsmunamál Íslendinga að viðræður þessar beri ávöxt.

Viðræður stórveldanna um varnir í geimnum hafa staðið yfir í Genf í nær fjögur ár. Það sem einkum hefur hamlað árangri, er sú afstaða Sovétmanna, að túlka megi geimvarnaráætlun Bandaríkjamanna sem brot á gagneldflaugasamningum frá 1972. Hins vegar þokaði málum í rétta átt á tímabilinu, er Sovétmenn gáfu eftir varðandi réttmæti rannsókna í geimnum. Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn, eins og áður segir, litið svo á að Sovétmenn hafi sjálfir brotið ákvæði samningsins með ratsjársmíði sinni í Krasnojarsk, en hafa þó ekki látið ágreininginn standa í vegi fyrir áframhaldandi viðræðum.

(2.3) Efnavopn.

Þrátt fyrir að einhugur hafi ríkt innan afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf um nauðsyn allsherjarbanns, undir ströngu eftirliti, við framleiðslu, birgðasöfnun og notkun efnavopna, eru enn mörg ljón í veginum fyrir slíku banni. Í fyrsta lagi óar mönnum við hinum flóknu vandamálum sem samfara eru raunhæfu eftirliti með framkvæmd allsherjarbanns. Í öðru lagi er óleyst hvernig tryggja eigi öryggi ríkja meðan á eyðingu vopnabirgða stendur og varðveislu iðnaðarleyndarmála. Samkomulag hefur heldur ekki náðst um eftirlit með fyrirtækjum í einkeign. Aukin hreinskilni Sovétmanna um þessi mál, þ.á m. sú ákvörðun þeirra að láta uppskátt um að þeir réðu yfir miklum birgðum efnavopna, ásamt sveigjanlegri afstöðu til ákvæða um eftirlit, þykir þó skref í rétta átt. Einnig ber að fagna tilkynningu Bandaríkjamanna um að flýta brottflutningi efnavopna frá meginlandi Evrópu, sem áætlað hafði verið að ljúka fyrir lok ársins 1992.

Niðurstöður efnavopnaráðstefnunnar í París 7.–11. janúar sl., munu vafalítið þoka málum áfram, en í ræðu minni á ráðstefnunni skoraði ég m.a. á þátttökuríkin að standa vörð um Genfarsáttmálann frá 1925. Á ráðstefnunni varð í fyrsta lagi samkomulag um að árétta mikilvægi þess að ákvæði sáttmálans, sem banna notkun efnavopna (en ekki framleiðslu og birgðasöfnun) yrðu virt í hvívetna, og í öðru lagi að glæða starfsemi afvopnunarstefnunnar nýju lífi á þessu sviði. Alls hafa um hundrað og þrjátíu ríki undirritað Genfarsáttmálann þ.á m. Íran og Írak, sem talið er að hafi ítrekað brotið hann. Talið er víst að um tuttugu ríki, auk Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, eigi nú efnavopn. Fregnir um að Líbíumenn séu að byggja framleiðsluver fyrir efnavopn hafa á undanförnum mánuðum valdið verulegum áhyggjum.

(2.4) Annað.

Framkvæmd samningsins frá 1987 um að útrýma meðaldrægum kjarnaflaugum á landi hefur gengið samkvæmt áætlun og hafa Sovétmenn nú eyðilagt um sex hundruð flaugar, en Bandaríkjamenn um tvö hundruð flaugar. Samningurinn tekur til eldflauga sem draga á bilinu fimm hundruð til fimm þúsund og fimm hundruð kílómetra, en eftir standa hins vegar skammdræg kjarnavopn, sem draga innan við fimm hundruð kílómetra.

Yfirburðir Varsjárbandalagsins yfir Atlantshafsbandalagið á sviði skammdrægra kjarnavopna eru gífurlegir. Skammdræg kjarnavopn Atlantshafsbandalagsins eru enn fremur talin verða úrelt um miðjan næsta áratug. Ég hef litið svo á að Atlantshafsbandalagið ætti ekki að útiloka möguleikann á að endurnýja birgðir skammdrægra kjarnavopna við núverandi aðstæður. Endanleg ákvörðun í því efni hljóti að ráðast af þeim árangri sem næst í Vínarsamningnum um niðurskurð hefðbundinna vopna og aukið jafnvægi á því sviði.

Á undanförnum árum hafa Íslendingar lagt á það áherslu, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að stefna bæri í áföngum að allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn. Fyrst

um sinn standa þó vonir til að stórveldin gangi frá viðbótarbókunum um eftirlit með efndum við samningana tvo frá miðjum áttunda áratugnum um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn (Threshold Test Ban Treaty (1974) og Peaceful Nuclear Explosions Treaty (1976)). Viðbótarbókanirnar myndu gera Bandaríkjamönnum kleift að staðfesta báða samningana og tækju þeir þá gildi.

(3) Kjarnavopnalaus svæði á norðurslóðum.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda í Reykjavík í mars 1987 var stofnaður vinnuhópur forstöðumanna stjórnmáladeilda norrænu utanríkisráðuneytanna. Skal vinnuhópurinn í störfum sínum kanna forsendur fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum, er væri liður í viðleitni til að draga úr spennu og vígbúnaði í Evrópu.

Í störfum sínum leggur vinnuhópurinn til grundvallar skuldbindingar þeirra þriggja ríkja, sem eru í Atlantshafsbandalaginu og stefnu hinna tveggja, sem hlutlaus eru. Einnig tekur hópurinn mið af samþykktum þjóðþinga Norðurlandanna í öryggis og afvopnunarmálum, skýrslum og greinargerðum.

Hópurinn hefur haldið átta fundi, þ.e. tvo í hverri höfuðborg hinna Norðurlandanna. Formaður vinnuhópsins hverju sinni er frá því landi þar sem næsti fundur utanríkisráðherranna verður haldinn. Haustfundur okkar verður á Íslandi og er því komið að íslenskri formennsku vinnuhópsins og í hópi norrænna afvopnunarsérfræðinga, sem einnig hefur starfað að þessu máli fyrir formenn stjórnmáladeildanna.

Niðurstöður könnunar vinnuhópsins á að leggja fyrir utanríkisráðherra Norðurlandanna með það fyrir augum að létta þeim frekara mat á málinu.

Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Þórshöfn í Færeyjum 30.–31. mars sl. var okkur gerð grein fyrir störfum vinnuhópsins, sem nú er gert reglubundið. Hann hefur lokið við fyrstu drög að kafla um herfræðilegt mikilvægi norðurslóða og aðliggjandi hafsvæða, haldið áfram umfjöllun um drög að kafla um skyldur ríkjanna á hugsanlegu kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum og byrjað umfjöllum um tengsl slíks svæðis við afvopnunarþróun í víðara evrópsku samhengi.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamvinna.

Allt frá stofnun lýðveldisins hafa Íslendingar lagt kapp á að eiga friðsamleg samskipti við aðrar þjóðir. Þátttaka okkar í starfi alþjóðastofnana og samvinna við nágrannaþjóðir er snar þáttur þessarar viðleitni. Með aðildinni að alþjóðastofnunum, ekki síst Sameinuðu þjóðunum og síðan Atlantshafsbandalaginu, var sá grunnur lagður að utanríkisstefnunni sem við byggjum á enn þann dag í dag.

(1) Atlantshafsbandalagið (NATO).

Hinn 4. apríl sl. voru liðin fjörtíu ár frá því Atlantshafssáttmálinn var undirritaður í Washington. Ísland var í hópi tólf ríkja sem undirrituðu sáttmálann og gerðist þannig eitt af stofnríkjum Atlantshafsbandalagsins.

Ákvörðun Íslands um að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu hefur reynst þjóðinni farsæl. Hún hefur stuðlað að því að varðveita frið og stöðugleika í okkar heimshluta í fjóra áratugi. Hún hefur einnig gert okkur kleift að hafa áhrif til góðs í samskiptum austurs og

vesturs. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins höfum við lagt okkar af mörkum til að ná fram raunhæfum samningum um afvopnunarmál og draga úr spennu þjóða í millum. Pólitísk samstaða aðildarríkjanna hefur þegar skilað umtalsverðum árangri í afvopnunarmálum og nægir í því efni að benda á samninginn um útrýmingu allra meðaldrægra kjarnaflauga á landi, sem upphaflega byggðist á tillögu Atlantshafsbandalagsins.

Starfsemi Atlantshafsbandalagsins er æði viðamikil og fjölbreytt. Skiptist hún í þrjá megin þætti: pólitísk samráð, varnarsamvinnu og vísindastarfsemi. Vikið er að varnarsamvinnunni í sérstökum kafla þessarar skýrslu, en hér á eftir verður einkum fjallað um hina tvo þætti starfseminnar.

(1.1) Pólitískt samráð.

Afvopnunarmálin voru sem fyrr mjög ofarlega á blaði innan Atlantshafsráðsins á tímabilinu. Ráðið lagði mikla vinnu í mótun og samræmingu tillagna Atlantshafsbandalagsins fyrir viðræður þær um hefðbundinn vígbúnað, sem hafnar eru í Vínarborg (sjá fylgiskjal VIII). Mótun allsherjarstefnu í afvopnunarmálum var annað höfuðverkefni ráðsins, en hugmyndin að allsherjarstefnunni á rætur að rekja til fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík vorið 1987. Eitt af markmiðum allsherjarstefnunnar er að meta verkefnaskrána í afvopnunarmálum með tilliti til varnaáætlana og öryggisþarfa bandalagsins í heild. Aðgæta þarf að vígbúnaðareftirlit verði ekki aðskilið mótun varnaáætlana, heldur fylgist þetta tvennt að við framkvæmd varnarstefnunnar.

Mótun allsherjarstefnunnar komst á nokkurn rekspöl síðari hluta ársins og var ákveðið á síðasta ráðherrafundi í desember að ljúka verkefninu fyrir næsta ráðherrafund. Skýrslan verður væntanlega lögð fyrir fund ríkisleiðtoga Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn verður í Brussel dagana 29.–30. maí nk.

Líflegar umræður áttu sér stað innan Atlantshafsbandalagsins á liðnu ári um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum vörnum bandalagsins. Umræðan á að verulegu leyti rætur að rekja til óánægju Bandaríkjamanna og sérstaklega fulltrúadeildar þingsins með skerf Evrópuþjóða, eftir að fjárlagahallinn fór að segja til sín. Umræðurnar hafa m.a. snúist um mikilvægi þess að nýta fjármagn, sem varið er til varnarmála, betur en gert er. Í umræðunum hefur komið skýrt í ljós að framlög til varnarmála verða ekki mæld í peningum einvörðungu og að aðildarríkin taka á sig ólíkar skuldbindingar og misjafna áhættu í þágu bandalagsins, sem ekki verður lögð á tölulega mælistiku.

Upplýsingamál bandalagsins hafa einnig verið í deiglunni á undanförnum mánuðum. Samkomulag er um að efla beri upplýsingastarfsemina og að veita þurfi auknum fjármunum til hennar. Hefur nú verið ákveðið að gera könnun á upplýsingamálum bandalagsins í heild og leita leiða til úrbóta. Í aðildarríkjum bandalagsins starfar fjöldi áhugafélaga sem vinna að því að kynna málstað bandalagsins og efla vestræna samvinnu. Á Íslandi starfa tvö slík félög. Auk þess starfrækir Atlantshafsbandalagið sérstaka upplýsingaskrifstofu í Reykjavík.

Sérstakur leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins var haldinn 2.–3. mars 1988 í Brussel og sóttu hann þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, ásamt fyrirrennara mínum, Steingrími Hermannssyni. Fundurinn endurspeglaði óskoraða einingu bandalagsríkjanna og voru sameiginleg markmið þeirra áréttuð. Gefin var út sérstök yfirlýsing um vígbúnaðareftirlit á sviði hefðbundinna vopna, þar sem lögð var áhersla á að útrýma þyrfti möguleikum á óvæntri skyndiárás með hefðbundnum herjum á meginlandi Evrópu. Vorfundur utanríkisráðherranna var að þessu sinni haldinn í Madrid 9.–10. júní sl.

Carrington lávarður lét af störfum sem aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagins á síðasta ári og kom hann til Íslands í kveðjuskyni í febrúar. Við starfi hans tók Manfred Wörner, varnarmálaráðherra Þýskalands, en hann kom í opinbera heimsókn til Íslands í nóvember sl.

Varnamatsnefnd Atlantshafsbandalagsins kom til Íslands í júní 1988 og Mannvirkjasjóðsnefnd í september sl. Olíuáætlananefnd, sem er undirnefnd Neyðarvarnarnefndar, hélt svokallaðan þjálfunarfund í Reykjavík í byrjun júní sl. Tveir aðstoðarframkvæmdastjórar Atlantshafsbandalagsins, yfirmenn varnaáætlanadeildar og pólitískrar deildar bandalagsins, komu til landsins á tímabilinu, hinn fyrri í maí, hinn síðari í febrúar sl.

(1.2) Vísindastarfsemi.

Samstarf bandalagsríkjanna hefur þróast á þann veg að þau hafa í auknum mæli látið sig varða samvinnu um önnur mál en varnir og pólitísk samráð. Vísindaráð Atlantshafsbandalagsins tók til starfa árið 1958. Var því ætlað að stuðla að framförum bandalagsríkjanna í vísindum og tækni, óháð hernaðar- og varnarmálum. Hefur ráðið og undirstofnanir þess verið bakhjarl vísindastarfsemi á vegum bandalagsins í þrjá áratugi og m.a. úthlutað styrkjum til vísindanáms í aðildarríkjunum.

Ísland hefur oft notið góðs af sjóðum vísindaráðs. Hafa um tvö hundruð og sjötíu Íslendingar hlotið námsstyrki síðan 1961 og eru þá ekki taldir með aðrir styrkir, svo sem til vinnu- og námsráðstefna, samvinnuverkefna o.fl. Á árinu 1986 var ákveðið að taka sérstakt tillit til þess að möguleikar til æðra vísindanáms á Íslandi væru tiltölulega takmarkaðir og að af þeim sökum þyrftu námsmenn að leita í æ ríkari mæli út fyrir landsteinana. Í ljósi þessa var ákveðið að hækka þann hundraðshluta sem liggur til grundvallar vísindastyrkjum Atlantshafsbandalagsins til Íslands, sem fær nú framlag sitt í vísindasjóðinn tólffalt til baka. Á árinu 1971 var sett á laggirnar sérstök umhverfismálanefnd (CCMS) sem ekki heyrir undir vísindaráðið. Er henni ætlað að skipuleggja rannsóknir á sviði umhverfismála og styrkja þær með fjárveitingum. Hafa tíu umhverfismálastyrkir verið veittir Íslendingum.

Auk ofangreindra styrkja er fjölda fræðimannastyrkja úthlutað á ári hverju og hlaut einn Íslendingur slíkan styrk á síðasta ári.

(2) Sameinuðu þjóðirnar og ýmsir þættir í starfsemi þeirra.

Á undanförnum árum hefur oft verið haft á orði að Sameinuðu þjóðunum hafi mistekist að uppfylla þær vonir sem við þær voru bundnar í upphafi. Víst er að sú framtíðarsýn um alþjóðaöryggi, er birtist í stofnskrá samtakanna, hefur ekki enn orðið að veruleika. En viðhorf manna til Sameinuðu þjóðanna virðast smám saman vera að breytast. Árangur sá sem orðið hefur nýlega á vettvangi svæðisbundinna deilumála hefur eflt trú manna á hlutverk samtakanna og glætt þau nýju lífi. Ánægju vekur að friðargæslusveitum Sameinuðu þjóðanna skuli á síðasta ári hafa verið veitt friðarverðlaun Nobels.

(2.1) Fertugasta og þriðja allsherjarþingið.

Allsherjarþingið var sett 20. september og starfaði til 22. desember, þegar gert var þinghlé.

Í ræðu minni á þinginu 11. október sl. gerði ég sérstaklega að umtalsefni framlag sérstofnana Sameinuðu þjóðanna til að draga úr orsökum ófriðar manna í millum. Með tilraunum sínum til að uppræta slíkar orsakir, hvort sem um er að ræða fátækt, sjúkdóma, fáfræði eða misrétti, hafa Sameinuðu þjóðirnar á undanförnum áratugum ekki einungis lagt af mörkum dýrmætan skerf til friðar um víða veröld, heldur einnig komið í veg fyrir að svæðisbundnir árekstrar breiddust út yfir orrustuvelli kaldastríðsins.

Þingið einkenndist að þessu sinni af bjartsýni um framtíð samtakanna og þann árangur sem í augsýn er við lausn margra þeirra heimsvandamála sem stofnunin hefur glímt við undanfarin ár. Má þar nefna vopnahlé í stríði Íran og Írak sem staðið hefur í 8 ár og stofnun sérstakra eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna (UNIIMOG) á svæðinu við Persaflóa; Genfar-

samkomulagið um friðsamlega lausn á ófriðnum í Afganistan og stofnun sérstakra friðarsveita Sameinuðu þjóðanna (UNGOMAP) sem þar munu starfa; samkomulag um brottflutning hermanna Kúbu frá Angóla; stofnun sérstakra eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna í Angóla (UNAVEM) og undirbúning undir sjálfstæði Namibíu. Unnið er að lausn á máli Vestur-Sahara. Fulltrúar þjóðarbrotanna á Kýpur hafa átt beinar viðræður sín á milli í haust undir forystu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Mál nýju Kaledóníu var leyst á farsælan hátt, en það var í nokkur ár eitt af hitamálum allsherjarþingsins. Atburðir fyrir botni Miðjarðarhafs hafa einnig vakið vonir um að takast megi að leysa deilumál Ísraels og Palestínu.

Almenna umræðan á þinginu einkenndist af hófsemi og heyrðust þar ekki sömu stóryrði og oft áður. Þróunarlöndin lögðu áherslu á efnahagsörðugleika sína og þá miklu skuldabyrði sem á þeim hvílir. Þingið kom saman á ný í febrúarlok til að taka ákvörðun um sérstakt aukaallsherjarþing um efnahagssamvinnu árið 1990.

Eins og undanfarin ár voru lagðar fram fjölmargar ályktunartillögur á þinginu. Var Ísland meðflytjandi að þrjátíu og fimm ályktunartillögum (sjá fylgiskjal IX). Fjölluðu þær m.a. um eftirlit með efndum afvopnunarsamninga, raunhæfar upplýsingar um hernaðarmátt, vígbúnað á hafi, ráðstefnu aðildarríkja að samningnum um bann við staðsetningu kjarnavopna á hafsbotni eða undir honum, samning um allsherjarbann við kjarnavopnatilraunum, efndir samninga um vígbúnað og afvopnun, efna- og sýklavopn, fjórðu ráðstefnu aðildarríkja að samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegan áratug til að draga úr afleiðingum náttúruhamfara, aðstoð við jaðarríki Suður-Afríku, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, hafréttarmál, aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði, mannréttindi í Íran, samning um afnám misréttis gegn konum og öryggi stjórnarerindreka.

Umræður um afvopnun og öryggismál báru vitni þeirra þíðu sem ríkt hefur í samskiptum stórveldanna. Samkomulag varð um að fella saman eða breyta gömlum ályktunum sem leiddi til þess að fleiri ályktunartillögur en áður voru samþykktar án atkvæðagreiðslu.

Bætt andrúmsloft í samskiptum stórveldanna kom einnig glöggt í ljós í mannréttindamálum. Bar hæst í því efni ræðu Mikhail Gorbatsjovs, forseta æðstaráðs Sovétríkjanna. Einnig vakti athygli afgreiðsla ályktunartillögu er Sovétríkin hafa flutt árlega síðan 1981 (43/111), um mannréttindi og hagnýtingu vísinda- og tækniþróunar. Vesturlönd hafa ekki greitt atkvæði með tillögunni m.a. vegna orðalags er lagði meiri áherslu á mannréttindi og lífsrétt þjóða en einstaklinga. Sovétríkin samþykktu verulegar breytingar á ályktuninni, þannig að full samstaða náðist. Enn fremur þótti tíðindum sæta að fastafulltrúi Írans lýsti því yfir að mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna yrði heimilað að koma til landsins og hann aðstoðaður við að kanna ástand mannréttindamála í landinu. Ákveðið var að halda sérstakt aukaþing í ár um kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku og afleiðingar hennar í sunnanverðri Afríku.

Umhverfismál voru ofarlega á baugi jafnt hjá iðnríkjum sem þróunarríkjum. Kom þar fram ótti þróunarríkjanna við losun eiturefna og geislavirks úrgangs í löndum þeirra. Samþykkt var samhljóða ályktun (43/196) um að halda, eigi síðar en árið 1992, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Fulltrúar Svíþjóðar og Brasilíu sögðust reiðubúnir að halda ráðstefnuna í löndum sínum.

Í framhaldi af alþjóðaári um húsaskjól fyrir heimilislausa árið 1987 var samþykkt ályktun (43/180) um áætlun um húsaskjól fyrir alla jarðarbúa árið 2000.

Ísland var eins og undanfarin ár meðflytjandi að ályktun um Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna (43/18), þar sem skorað er á ríki heims að fullgilda sáttmálann. Brasilía og Kýpur hafa bæst í hóp ríkja sem fullgilt hafa samninginn frá síðasta allsherjarþingi.

Sökum fjárhagserfiðleika samtakanna og nýrra og aukinna friðargæsluverkefna voru fjármál í brennidepli á þinginu. Almenn samstaða náðist að þessu sinni um fjármálin. Þannig

var framlagastiginn samþykktur án atkvæðagreiðslu og er það í fyrsta skipti í u.þ.b. tvo áratugi sem það gerist. Einnig náðist fullt samkomulag um breytta fjárhagsáætlun fyrir árin 1988–1989 og um fjárhagsáætlun fyrir árið 1990–1991. Slíkt samkomulag hefur ekki náðst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðan árið 1946.

Fjárhagsvandi samtakanna setti hins vegar minni svip á þingið að þessu sinni en undanfarin ár. Bandaríkin hafa lýst því yfir að þau muni greiða framlag sitt að fullu og leggja fram áætlun um greiðslu eftirstöðva frá fyrri árum. Þrátt fyrir þetta hefur óvissa um greiðslur gert samtökunum mjög erfitt fyrir um alla áætlanagerð. Fjárhagsvandinn er enn eitt stærsta viðfangsefnið er samtökin standa frammi fyrir. Eins og undanfarin ár greiddu Norðurlöndin framlög sín í ársbyrjun 1989.

Aukin samstaða Evrópubandalagsríkjanna vakti athygli á fertugasta og þriðja allsherjarþinginu og komu þau nú fram sem sterkasti samningsaðili vestræna hópsins.

Samvinna Norðurlandanna á þinginu var með svipuðu sniði og undanfarin ár og bar þeim oftar saman í atkvæðagreiðslum en á þinginu á undan.

(2.2) Þriðja aukaallsherjarþingið um afvopnun (UNSSOD III).

Þriðja aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um afvopnun var haldið í aðalstöðvum samtakanna í New York dagana 31. maí til 25. júní 1988. Þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, hélt ræðu fyrir Íslands hönd í almennu umræðunni. Aukaþingið starfaði í allsherjarnefnd og þremur vinnuhópum sem fjölluðu í fyrsta lagi um það sem áunnist hefur í afvopnunarmálum síðan 1982, þegar annað aukaallsherjarþingið um afvopnun var haldið, í öðru lagi hverju stefna bæri að í afvopnunarmálum og í þriðja lagi hlutverk samtakanna á sviði afvopnunar.

Fjallað var um alla þætti vígbúnaðarmála, kjarnavopn, hefðbundin vopn og efnavopn, en einnig um sannprófun samninga og eflingu gagnkvæms trausts. Upphaflega var stefnt að því að ná fullri samstöðu um lokaskjal þingsins, en það tókst ekki. Þrátt fyrir þessi vonbrigði, var það álit flestra að þýðingarmikil skoðanaskipti hefðu átt sér stað og að vænta mætti áframhaldandi árangurs á sviði afvopnunar á næstu árum.

(2.3) Mannréttindayfirlýsingin.

Í desember á síðasta ári, voru liðin fjörtíu ár frá því að allsherjarþingið samþykkti Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna mótatkvæðalaust.

Í upphafi var yfirlýsingunni ekki ætlað að vera bindandi, en í tímans rás hefur hún áunnið sér sess sem almennur mælikvarði, sem langflest ríki leitast við að hafa að leiðarljósi á sviði mannréttinda.

Þrátt fyrir að Mannréttindayfirlýsingin sem slík sé ekki bindandi eru viss mannréttindi sem hún kveður á um talin gildandi réttur samkvæmt réttarvenju. Dæmi um þetta eru rétturinn til lífs, bann við þrælahaldi og þrælaverslun, bann við pyntingum og ákvæði um sakleysi þar til sekt er sönnuð o.s.frv.

Helstu alþjóðasamningar sem gerðir hafa verið á sviði mannréttinda grundvallast á Mannréttindayfirlýsingunni. Nægir þar að nefna alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, og alþjóðasamninginn um afnám alls kynþáttamisréttis.

(2.4) Umhverfismálastofnunin (UNEP).

Árið 1972 setti allsherjarþingið á laggirnar Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), sem samanstendur af framkvæmdaráði, aðalskrifstofu, sjóði og samræmingarstjórn.

Í framkvæmdaráðinu sem heldur fundi annað hvert ár eiga sæti fimmtíu og átta ríki sem kosin eru til fjögurra ára í senn. Ísland hefur tvisvar átt sæti í ráðinu, árin 1973–1974 og

1981–1983. Stofnunin er staðsett í Nairobi og er markmið hennar að auðvelda alþjóðasamvinnu á sviði umhverfismála, auka þekkingu á umhverfismálum, fylgjast með þróun umhverfismála og vekja athygli ríkisstjórna á umhverfisvandamálum. Stofnunin er fjármögnuð með frjálsum framlögum aðildarríkja.

Á síðasta allsherjarþingi gætti aukinnar áherslu á umhverfismál, eins og áður segir, og kom þar fram tillaga, sem Ísland var meðflytjandi að, um að halda eigi síðar en árið 1992 ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og þróun. Umhverfismálastofnunin á að skila álitsgerð varðandi dagskrá ráðstefnunnar, hvar skuli halda hana og hvenær, og væntanlegan kostnað, fyrir næsta allsherjarþing. En endanleg ákvörðun um hvort halda skuli ráðstefnuna verður tekin á næsta þingi.

Á síðasta allsherjarþingi var einnig samþykkt önnur athyglisverð ályktun um umhverfismál að frumkvæði Möltu, ályktun um verndun veðurfars fyrir komandi kynslóðir. Leggur hún áherslu á nauðsyn þess að þjóðir heims vinni saman gegn öllum aðgerðum af manna völdum sem áhrif geta haft á veðurfar í heiminum og felur Umhverfismálastofnuninni og Alþjóðaveðurmálastofnuninni að fylgjast með veðurfarsbreytingum og gera tillögur til bóta.

(2.5) Barnahjálpin (UNICEF).

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna var upphaflega stofnuð 1946 til að veita börnum neyðarhjálp eftir seinni heimstyrjöldina. Árið 1953 var umboði stofnunarinnar breytt og henni falið að einbeita sér að því að vinna gegn vannæringu, sjúkdómum og ólæsi milljóna barna víða um heim. Árið 1965 fékk stofnunin friðarverðlaun Nóbels fyrir störf sín. Meginstarf stofnunarinnar er í þróunarlöndunum þar sem versnandi efnahagsástand hefur skapast í kjölfar lækkandi verðs á útflutningsvörum landanna og aukinnar skuldabyrði.

Heimildir Barnahjálparinnar herma að í þrjátíu og sjö fátækustu ríkjum heims hafi útgjöld til heilsugæslu hvers barns hækkað um 50% og útgjöld til menntunar um 25% á undanförnum árum. Stofnunin leggur áherslu á að efnahagskreppan í þróunarlöndum á þessum áratug hafi fyrst og fremst bitnað á börnum. Bent er á að hálf milljón barna undir fimm ára aldri hafa látið lífið á tólf mánaða tímabili af völdum hennar. Þrátt fyrir þetta hefur Barnahjálpin náð góðum árangri á þessum áratug með heilsuverndarstarfi. Er talið að hún komi árlega í veg fyrir dauða um 2,5 milljóna barna yngri en fimm ára með bólusetningum, vörnum gegn niðurgangi og leiðbeiningum um takmarkanir gegn barneignum.

Í skýrslu Barnahjálparinnar fyrir árið 1989 segir að hún hafi sett sér það markmið fyrir aldamót að ná dánartíðni barna niður í sjötíu dauðsföll fyrir fimm ára aldur af hverjum þúsund börnum. Einnig kemur fram að Íslendingar, ásamt Norðmönnum og Nýsjálendingum hafi verið búnir að ná þessu marki fyrstir allra þjóða árið 1930.

Störf Barnahjálparinnar eru fjármögnuð með frjálsum framlögum ríkja og einstaklinga. Framlag Íslands á árinu 1988 nam 920.000.00 kr.

(2.6) Menningarmálastofnunin (UNESCO).

Með nær einróma kjöri Spánverjans Federico Mayor Zaragoza í embætti aðalframkvæmdastjóra UNESCO í nóvember 1987, má fullyrða að dregið hafi verulega úr óeiningu aðildarríkja um starfsemi stofnunarinnar. Í ræðu sinni við embættistökuna lagði Mayor áherslu á aukna valddreifingu og grisjun verkefna, ásamt víðtæku endurmati á starfsháttum UNESCO. Þessi sjónarmið hlutu þegar jákvæðar undirtektir á Vesturlöndum, ekki síst á Norðurlöndunum.

Eftir fyrsta starfsár hins nýja aðalframkvæmdastjóra er ljóst að honum hefur tekist að verulegu leyti að framkvæma áform sín um að bæta rekstur stofnunarinnar. Skipulag er nú komið á fjármál UNESCO, eftir óstjórn og óráðsíu í tíð M'Bow sem aðalframkvæmdastjóra. Einnig er forgangsröðun verkefna og mannaráðningar í fastari skorðum en áður. Vegna

þröngrar fjárhagsstöðu UNESCO, svo og fjölmargra aðildarríkja, er mikilvægt að endurskoðun á starfi stofnunarinnar skili skjótum árangri. Hafa Norðurlönd, sem fyrr, haft náið samstarf um það endurmat er nú fer fram.

Bandaríkin, Bretland og Singapore sögðu skilið við stofnunina á valdatíma M'Bow sem aðalframkvæmdastjóra. Síðan þá hafa önnur aðildarríki ekki tilkynnt úrsögn.

Á árinu hófst alþjóðlegur áratugur menningarþróunar er stofnunin stendur að ásamt Sameinuðu þjóðunum. Ennfremur var haldið áfram undirbúningi alþjóðaárs til baráttu gegn ólæsi árið 1990.

Áframhaldandi undirbúningsvinna vegna starfsáætlunar UNESCO fyrir árin 1990–1995 setti mestan svip á starf framkvæmdastjórnar á árinu. Vesturlönd, þ.á m. Norðurlöndin, telja að samfara áformum um grisjun verkefna og fækkun helstu verkefnaflokka sé mikilvægt að raunverulegum samdrætti verði hrint í framkvæmd.

Í september var efnt til ráðstefnu í París um menntamál í Evrópu og boðið til hennar menntamálaráðherrum aðildarríkja UNESCO í Evrópu. Umfjöllun um áhrif upplýsingabyltingarinnar á þróun menntamála einkenndi störf ráðstefnunnar.

Ísland á ekki lengur fulltrúa í framkvæmdastjórn UNESCO. Af Norðurlöndum eiga nú Finnland og Svíþjóð sæti í stjórninni.

(2.7) Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO).

Þátttaka Íslands í störfum stofnunarinnar var með venjulegum hætti en ég tel ástæðu til að gera sérstaka grein fyrir þeim þætti hennar er lýtur að fiskimálanefndinni (COFI).

Fiskimálanefndin er sá starfsvettvangur FAO, sem fjallar um flest þau mál er tengjast sjávarútvegi. Að mörgu leyti eru verkefnin hliðstæð verkefnum Fiskifélags Íslands. Starf hennar beinist fyrst og fremst að aðstoð við að byggja upp sjávarútveg og fiskeldi, svo og vinnslu og sölu sjávarafurða þróunarríkjanna.

Auk ofangreindra atriða stuðlar nefndin m.a. að söfnun upplýsinga um flest það er snertir sjávarútveg í heiminum og miðlun þeirra til aðila sem þörf og áhuga hafa á þeim.

Íslendingar sinntu starfi fiskimálanefndar lítið um nokkurra ára skeið, en eftir fund Mr. Edouardo Saouma, aðalframkvæmdastjóra FAO og Halldórs Ásgrímssonar sjávarútvegsráðherra árið 1984 var ákveðið að Ísland skyldi aftur taka þátt í störfum nefndarinnar. Ákvörðunin var í beinum tengslum við kannanir á möguleikum Íslendinga á að hefja verkefnaútflutning. Meðal verkefna fiskimálanefndarinnar, sem Íslendingar vinna að, má nefna samræmingu á merkingum fiskiskipa. Einnig er enn unnið að mótun hugmynda um örvun verkefnaútflutnings á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og Útflutningsráðs Íslands. Á síðast ári sótti fulltrúi Ríkismats sjávarafurða tvo fundi nefndarinnar í Róm.

Margar þróunarþjóðir telja Íslendinga meðal bandamanna sinna sökum reynslu þeirra og þekkingar á sjávarútvegi. Ekki má þó líta á þátttöku okkar í störfum nefndarinnar sem framlag til þróunarmála eingöngu. Því má ekki gleyma að Íslendingar eiga margra sameiginlegra hagsmuna að gæta með öðrum þjóðum, t.d. í mengunarvörnum, hafréttar- og markaðsmálum, svo eitthvað sé nefnt. Við gætum því bæði haft gagn af þátttöku í almennum störfum fiskimálanefndarinnar og um leið orðið öðrum að liði, án þess að miklu sé til þess kostað.

(3) Evrópuráðið.

Starfsemi Evrópuráðsins var með hefðbundnum hætti á liðnu ári. Þó einkenndist umræðan í ráðherranefndinni í auknum mæli af undirbúningi vegna 40 ára afmælis Evrópuráðsins.

Að frumkvæði aðalframkvæmdastjórans voru gerð drög að því hvernig minnst skyldi undirritunar stofnskrár Evrópuráðsins í Lundúnum 5. maí 1949. Jafnframt skyldi litið yfir

farinn veg og metið hverju Evrópuráðið hefði áorkað síðustu fjörtíu ár og hvort meiri háttar breytinga kynni að vera þörf. Er þá einkum átt við þróun mála í Evrópubandalaginu, sem tólf af tuttugu og tveimur aðildarríkjum Evrópuráðsins eiga aðild að, en nokkurs ótta hefur gætt um að Evrópubandalagið fari æ meira inn á starfsvið Evrópuráðsins. Náin og mikil samvinna er milli þessara tveggja stofnana. Þrátt fyrir að störf Evrópuráðsins kunni að nokkru leyti að falla í skuggann af Evrópubandalaginu er óhætt að fullyrða að Evrópuráðið gegni enn veigamiklu hlutverki. Nægir þar að minna á störf ráðsins á sviði mannréttinda, mennta- og menningarmála, félagsmála, heilbrigðismála, lagamála, umhverfismála svo og fjölda samninga á þessum sviðum og stöðugri gerð nýrra samninga. Einnig ber að hafa hugfast að á pólitíska sviðinu starfa EB-ríkin ásamt öðrum lýðræðisríkjum Evrópu saman í Evrópuráðinu. Ráðgert er að utanríkisráðherrarnir láti fara frá sér yfirlýsingu á fundi ráðherranefndar 5. maí n.k., þar sem framtíðarhlutverk Evrópuráðsins verður skilgreint nánar í ljósi breyttra aðstæðna.

Á utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsríkjanna 16. nóvember sl. gerðist San Marino formlega aðili að Evrópuráðinu og á afmælisfundi utanríkisráðherrana 5. maí nk. mun Finnland gerast formlegur aðili. Verða þá öll lýðræðisríki Evrópu orðin aðilar að þessari elstu ríkjastofnun Evrópu. Evrópuráðið hefur síðustu tvö árin einnig aukið tengsl sín við nokkur ríki í Austur-Evrópu. Almenn samstaða ríkir innan ráðsins um að skynsamlegt sé að halda áfram á þessari braut, þrátt fyrir þann grundvallarmun sem sé á mannréttindum og rétti einstaklingsins í lýðræðisríkjum Evrópu og í ríkjum Austur-Evrópu. Rætt er m.a. um aðild ríkja í Austur-Evrópu að nokkrum samningum Evrópuráðsins, t.d. á sviði menningar-, umhverfis- og heilbrigðismála. Tengsl ráðsins við Júgóslavíu eru þegar all mikil.

Á sérstökum fundi utanríkisráðherra Evrópuráðsins, sem haldinn var í mars sl., lagði ég til að Evrópuráðið einskorðaði ekki samskipti sín við stjórnvöld í Austur-Evrópu heldur tæki upp samskipti við samtök almennings í ríkjunum og veitti þeim þannig þarfan stuðning til að knýja mætti fram breytingar innan frá.

Evrópuráðið hefur á síðastliðnu ári unnið ötullega að gerð samnings um sjónvarp landa á milli. Þrátt fyrir ýmiss konar ágreining, t.d. að því er varðar auglýsingar, er þess vænst að samningurinn verði tilbúinn til undirritunar á næstunni.

Ákveðið er að Ísland gerist á þessu ári aðili að kvikmynda- og sjónvarpssjóði Evrópuráðsins og mun menntamálaráðuneytið væntanlega eiga fulltrúa í sjóðnum. Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir fund ráðherra íþróttamála sem menntamálaráðherra býður til á Íslandi í sumar. Verður þetta fyrsti ráðherrafundur Evrópuráðsins á Íslandi.

Í júlí sl. kom Marcelino Oreja, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, í opinbera heimsókn til Íslands og átti viðræður við ýmsa ráðherra, þingmenn og embættismenn m.a. um þátt Íslands í Evrópuráðinu.

Loks skal þess getið að ég hef nýlega skipað nefnd sem annast á undirbúning að því hvernig 40 ára afmælis Evrópuráðsins verður minnst á Íslandi.

(4) Norðurlandasamvinna.

Norrænt samstarf er Íslendingum mjög mikilvægt enda á það sér langa sögu. Á síðari árum hefur samstarfið aukist hröðum skrefum, einkum eftir að Norðurlandaráð var stofnað 1952 og Norræna ráðherranefndin sett á laggirnar 1971.

Oft er litið á Norðurlönd sem eina heild, enda er samvinna þeirra nánari en dæmi eru til um meðal annarra ríkja. Þessari samvinnu ræður ekki eingöngu hin landfræðilega lega landanna heldur hefur menning, saga, tungumál þeirra og heföir sameinað þau. Þrátt fyrir hina nánu samvinnu Norðurlandanna hefur hvert þeirra sína sérstöðu, t.d. á sviði öryggismála og þá sérstöðu ber að varðveita.

Norræn samvinna á stundum undir högg að sækja og þá vill mikilvægi Norðurlandasamvinnunnar gleymast. Rétt er því að minna á nokkra mikilvæga þætti samvinnunnar svo sem gagnkvæman búseturétt og sameiginlegan vinnumarkað, sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námsréttindi, margvísleg gagnkvæm starfsréttindi og afnám vegabréfa og vegabréfsáritana vegna ferðalaga milli landanna. Jafnframt má minna á Norræna fjárfestingarbankann, Norrænu iðnþróunarstofnunina, Norræna þróunarsjóðinn, norrænu atvinnumiðlunina fyrir ungt fólk, norrænu samstarfsáætlunina á sviði tölvu- og upplýsingatækni, norrænu líftækniáætlunina og framkvæmdaáætlunina um norrænt menningarsamstarf svo fátt eitt sé nefnt. Í Reykjavík starfa auk þess Norræna húsið, Norræna eldfjallastöðin og Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd. Af þessari upptalningu má ljóst vera að norræn samvinna er ekki aðeins í orði heldur einnig á borði.

Norræna ráðherranefndin hefur látið framkvæma athugun á afstöðu Norðurlandanna til Evrópubandalagsins með sérstöku tilliti til þróunar innri markaðar þess. Skýrslan var lögð fyrir 37. þing Norðurlandaráðs, sem fram fór í Stokkhólmi 27. febrúar til 3. mars sl. Ráðherranefndin lagði enn fremur eftirfarandi 10 tillögur fyrir þingið:

1. Norrænan samning um þjóðskrá; 2. Norrænan samning um vinnuumhverfi; 3. Samstarfsáætlun á sviði neytendamála; 4. Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála; 5. Framkvæmdaáætlun gegn krabbameini; 6. Norræna ferðamálaáætlun; 7. Norræna efnahagáætlun 1989–1992; 8. Áætlun um norræna orkumálasamvinnu 1989–1992; 9. Samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál og 10. Breytingu á menningarmálasamningnum.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hittast reglulega tvisvar á ári, þar sem þeir bera saman bækur sínar um stöðu Norðurlandanna og alþjóðamálefni. Náið samstarf er auk þess milli embættismanna utanríkisráðuneyta landanna auk reglulegra samráða milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðastofnunum og margvísleg samvinna á sér stað milli starfsmanna sendiráða landanna. Þessi samvinna er íslensku utanríkisþjónustunni mjög mikilvæg. Norrænu utanríkisviðskiptaráðherrarnir hittast einnig árlega á óformlegum fundi.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í nóvember sl. var samþykkt tillaga ráðherranefndar Norðurlandanna um umhverfismál. Tillagan gerir ráð fyrir auknu samstarfi á milli Norðurlandanna á sviði umhverfismála og jafnframt að fjárveitingar til þessara mála verði auknar, bæði innan landanna og úr sameiginlegum sjóði þeirra.

Við gerð samstarfstillögunar byggði ráðherranefndin á niðurstöðum um stöðu umhverfismála í heiminum sem fram koma í skýrslu nefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Tillagan gerir ráð fyrir að á þessu ári verði m.a. lögð megin áhersla á vistfræði hafsins.

Norrænt samstarf er í dag orðið svo margslungið og fjölbreytilegt að það snertir í raun aðeins að litlu leyti starfsemi utanríkisráðuneytisins. Öll ráðuneytin eiga nú þar hlut að máli auk flestra íslenskra stofnana og margra félagssamtaka.

Íslandsdeild Norðurlandsráðs leggur árlega fyrir Alþingi skýrslu sína um störf ráðsins og þingmenn fá skýrslu samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar.

(4.1) Grænland.

Hinn 1. maí næstkomandi verða liðin 10 ár, síðan lögin um heimastjórn Grænlendinga tóku gildi og þeir fengu að miklu leyti yfirráð sinna mála. Þeir hafa fært mikið í fang þennan áratug, fullir gleði og þrótti sjálfstæðisins. Hefur þetta verið tímabil athafna og framfara, en ýmis vandamál eru þung í skauti og erfitt að glíma við kostnað svo lítils samfélags við svo erfiðar aðstæður af náttúrunnar hendi.

Grænlenska heimastjórnin hefur tekið hina ýmsu málaflokka í sínar hendur fyrr en áætlað hafði verið, en eftir eru dýr og erfið mál eins og heilbrigðisþjónustan. Mikil uppbygging hefur verið, sérstaklega fjölgun fiskiskipa og fiskiðjuvera og endurbætur á samgöngum, sem eru svo til allar á sjó eða í lofti.

Undir lok áratugarins komu í ljós fjárhagserfiðleikar. Stærsta útgerðarfélag landsins, sem er í ríkiseign, lenti í miklum hallarekstri og ríkissjóður varð að grípa til erlendrar lántöku til að halda sér á floti. Grænlensku bankarnir tveir gátu lítið hjálpað, en Danir leystu málið heima fyrir hjá sér, þótt rætt væri um lántöku á alþjóðlegum markaði. Danska þingið samþykkti lög um fjárstyrk til heimastjórnarinnar, og er upphæðin fyrir 1989 um 10,5 milljarðar íslenskra króna. Það skortir því mikið á að núverandi ríkistekjur í Grænlandi dugi til rekstrar hins opinbera.

Nokkur umbrot hafa verið í stjórnmálum á liðnu ári, en allan áratuginn hefur Jonathan Motzfeldt verið formaður heimastjórnar. Flokkur hans, Siumut, er skyldur sósíaldemókrötum í Danmörku. Hefur hann stjórnað með stuðningi lítils flokks lengra til vinstri, IA, en hægriflokkurinn Atassut verið í andstöðu. Eftir kosningar vorið 1988 tókst samstarf með stóru flokkunum, en Atassut lét sér nægja forseta þingsins, og Siumut skipar enn allt ráðuneytið.

Viðskipti Íslands og Grænlands hafa vaxið mikið, en aðeins á aðra hliðina. Íslendingar hafa tekið að sér verk við uppbyggingu fiskvinnslu, skinnaverksmiðju o.fl. og nam það um 250 milljónum króna á fyrra árshelmingi 1988. Hins vegar kaupa Íslendingar lítið sem ekkert af Grænlendingum, enda atvinnuvegir hinir sömu, og er þessi neikvæði viðskiptajöfnuður vandamál.

Mikilvægustu samskipti þjóðanna snerta þó fiskimið, mörk efnahagslögsögu, veiðikvóta og fleira á því sviði. Íslendingum er ekki aðeins annt um að leysa þessi vandamál, heldur vilja þeir ástunda góð og vaxandi samskipti í öllum greinum við Grænlendinga, næstu nágranna sína á jarðkringlunni.

(5) Málefni Norðurheimskautssvæðisins.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða, þ.e. svæðisins norðan heimskautsbaugar, hefur til þessa fyrst og fremst snúist um vísindalega samvinnu.

Mjög vaxandi áhugi er á þessu heimssvæði og hefur Múrmansk ræða Gorbatsjovs í október 1987 sannarlega ýtt þar við. Þróun í hernaðartækni og afvopnunarmálum virðist leggjast á eitt um að gera Íshafssvæðið að sífellt vænlegri kosti fyrir kafbáta búnum langdrægum eldflaugum og stýriflaugum.

Væntanleg iðnvæðing heimskautssvæðisins verður mjög ofarlega á baugi á komandi árum, því þar er að finna gífurlegt magn jarðgass og olíu, ásamt ýmsum málmum. Þrátt fyrir kostnað er líklegra en ekki að eftirsóknarvert verði að nýta þessar auðlindir, þar sem pólitísk upplausn eða átök munu ekki líkleg til að trufla vinnslu þar.

Mikilvægi fiskveiða og hafsbotnsréttinda á hafsvæðum Norðursins þarf vart að tíunda.

Loks má nefna að flutningar og samgöngur verða óhjákvæmilega eitt af meginatriðunum í hvers kyns samstarfi um norðurslóðir, sbr. umræðuna hér á landi um hugsanlega flutninga til Suðaustur-Asíu norður fyrir Sovétríkin.

Öllum þessum fjórum meginþáttum tengjast svo umhverfismál á einn eða annan hátt.

Í megindráttum hefur þátttaka Íslands verið tvíþætt. Annars vegar hafa verið haldnir reglulega samnorrænir fundir um málefni heimsskautasvæðisins, nú síðast á Íslandi 18. október 1988.

Í allmörg ár hefur verið rætt um samvinnu um vísindarannsóknir á norðurheimskautssvæðinu meðal þeirra þjóða, sem þessar rannsóknir stunda eða varða. Málinu hefur ekki þokað áfram fyrr en á síðustu tveimur árum, fyrst og fremst vegna afstöðu þeirra stórvelda, sem lönd eiga á eða við norðurheimskautssvæðið. Þau hafa sérstakra hagsmuna að gæta, efnahagslega, pólitískra og í varnarmálum, auk vísindalegra hagsmuna og áhuga.

Frá árinu 1986 hafa verið haldnir fjórir fundir um þetta mál. Á þremur síðustu fundunum, í Ósló í febrúar 1987, í Stokkhólmi í mars 1988 og í Leníngrad í desember 1988, voru aðeins

fulltrúar hinna svokölluðu Heimskautslanda, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Kanada, Danmerkur/Grænlands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Íslands. Sovétríkin hafa sýnt áhuga á samstarfi, sérstaklega eftir ræðu Gorbatsjov í Múrmansk í október 1987.

Á fundinum í Stokkhólmi voru menn sammála um, að stofnuð skyldi alþjóðleg vísindanefnd til að fjalla um rannsóknir á heimskautssvæðinu (IASC). Var fulltrúum fimm landa (Noregs, Svíþjóðar, Kanada, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna) falið að gera tillögur um skipulag hennar. Þessar tillögur voru ræddar á fundi heimskautslandanna í Leníngrad 10. og 11. desember 1988. Þar var einn fulltrúi frá hverju þessara landa.

Á fundi samstarfsnefndar Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 3. nóvember 1988 var samkomulag um, að Vísindaráð yrði samræmingaraðili fyrir þessa fyrirhuguðu vísindastarfsemi, enda er megin áhersla á grunnrannsóknir á breiðu sviði, frá náttúruvísindum til hug- og félagsvísinda. Ísland sendi síðast fulltrúa á fundinn í Leníngrad.

Í Leníngrad voru tillögur þær, sem fyrir lágu um skipulag IASC, endurskoðaðar og gengið frá tillögu um stofnskrá hennar. Þessi tillaga felur í sér, að heimskautslöndin átta hafi sérstöðu innan þessarar nefndar, sitji t.d. ein í stjórn, en önnur lönd, t.d. Vestur-Þýskaland, Bretland, Holland og Frakkland, sem stunda umfangsmiklar rannsóknir á þessu svæði, geti gerst aðilar að samstarfsverkefnum á vegum IASC.

Bein fjárhagsskuldbinding aðildarríkjanna er engin, en hvert þeirra stendur straum af kostnaði vegna ferða fulltrúa á fundi IASC og þátttöku í samstarfsverkefnum.

Í fylgiskjali X er listi yfir framlög Íslands til alþjóðastofnana á árinu 1989.

IV. Málefni fjarlægra heimshluta.

Bein stjórnmálaleg samskipti Íslands og ríkja í fjarlægum heimshlutum eru af skornum skammti. Í þessum kafla mun ég þó leitast við að gera grein fyrir helstu atburðum á tímabilinu í Afríku, Mið- og Suður-Ameríku og Austurlöndum nær og fjær.

(1) Afríka.

Kynþáttaaðskilnaðarstefna stjórnvalda í Suður-Afríku er enn í fullu gildi. Stjórnvöld þar í landi bönnuðu þann 24. febrúar 1988 alla starfsemi sautján félagasamtaka sem berjast gegn kynþáttaaðskilnaði og fyrir borgaralegum réttindum. Bann þetta var sett á grundvelli neyðarástandslaganna, en þau lög voru framlengd í eitt ár þann 10. júní 1988 á þeim forsendum að ekki væri að öðrum kosti unnt að tryggja öryggi almennings og halda uppi lögum og reglu.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda samþykktu endurskoðaða áætlun um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni á fundi sínum í Tromsö 23.–24. mars 1988. Endurskoðunin á rætur að rekja til viðskiptabanns sem Norðurlöndin hafa sett á Suður-Afríku og Namibíu. Er hún til merkis um að Norðurlöndin munu beita sér fyrir því að önnur ríki grípi til efnahagsþvingana gegn S-Afríku og Namibíu og að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki bindandi refsiaðgerðir gegn S-Afríku. Jafnframt er hún vísbending um að Norðurlöndin hyggist vinna að því að auka aðstoð við andstæðinga og fórnarlömb kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar, við frelsishreyfingar í S-Afríku og Namibíu og við grannríki S-Afríku og samstarfssamtök þeirra (SADCC).

Þann 20. maí 1988 tóku gildi hér á landi lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu. Samkvæmt lögunum er allur innflutningur á vörum sem upprunnar eru í þessum ríkjum bannaður. Útflutningur til þessara ríkja er einnig óheimill, jafnvel þótt ekki sé um

beinan útflutning að ræða, ef ljóst er að endanlegur áfangastaður vörunnar er annaðhvort Suður-Afríka eða Namibía.

Farið var að hilla undir lausn Namibíu-málsins, en þáttaskil urðu í því máli þann 22. desember 1988 þegar þríhliða samningur var undirritaður af Angóla, S-Afríku og Kúbu annars vegar og tvíhliða samningur á milli Angóla og Kúbu hins vegar. Samningsaðilar féllust á að framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 435 skyldi hefjast þann 1. apríl sl. Ályktunin felur í sér áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og að landið öðlist sjálfstæði með friðsamlegum hætti. Einnig sömdu ríkin um brottflutning kúbanskra hermanna frá Angóla. Sameinuðu þjóðirnar voru ekki aðilar að samningunum tveimur, þar sem þær hafa ekki viðurkennt þá kröfu Suður-Afríku að brottflutningur kúbanskra hermanna frá Angóla sé skilyrði fyrir sjálfstæði Namibíu.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti með ályktun 626 í fyrra að setja á laggirnar nefnd til að fylgjast með brottflutningi kúbanskra hermanna frá Angóla og með ályktun 628 fyrr á þessu ári lýsti ráðið yfir fullum stuðningi við samninga ríkjanna þriggja. Með ályktun nr. 629 staðfesti öryggisráðið síðan ábyrgð Sameinuðu þjóðanna á Namibíu.

Ástandið í Súdan hefur verið mjög slæmt á árinu. Þar hefur ríkt fæðuskortur vegna þurrka og borgarastyrjalda og að auki ollu flóð í ágúst gífurlegu tjóni. Stöðugur flóttamannastraumur er frá landinu. Samkvæmt skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá júní 1988 koma u.þ.b. tíu þúsund flóttamenn þaðan mánaðarlega yfir til Eþíópíu. Þar í landi ríkir jafnframt borgarastyrjöld og lýsti ríkisstjórn Eþíópíu yfir neyðarástandi í Erítreu og Tíger í maí sl.

Engissprettufaraldur geisaði í Afríku árið 1988 og olli gífurlegu tjóni, sérstaklega í Chad, Níger og Súdan. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að faraldurinn muni aukast á þessu ári og hætta talin á að hann breiðist út til svæða sem ekki höfðu orðið fyrir barðinu á honum í fyrra.

Efnahagsvandi er almennur í ríkjum Afríku og fléttast inn í hann háar erlendar skuldir og hröð fólksfjölgun í álfunni.

Í vestanverðri Afríku hefur eyðimerkurstríð milli Polisario-hreyfingarinnar og Marokkó staðið í þrettán ár. Hinn 30. ágúst sl. samþykktu fulltrúar beggja aðila í Genf áætlun aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um leiðir til að binda enda á „gleymda stríðið" í Vestur-Sahara, sem oft hefur verið svo nefnt vegna áhugaleysis fjölmiðla á því.

Liður í friðaráætluninni er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram í Vestur-Sahara um það, hvort íbúarnir vilji stofna sjálfstætt ríki eða sameinast Marokkó sem sjálfstjórnarsvæði. Mörg ljón eru þó enn á vegi varanlegs friðar á þessu svæði. Flækir óneitanlega málið að sjötíu og eitt erlent ríki hefur þegar viðurkennt „Arabíska alþýðulýðveldið í Sahara", sem Polisario-hreyfingin hefur stofnað og ágreiningur er um hverjir eigi að hafa rétt til þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Eigi að síður er nú friðvænlegra í Vestur-Sahara en verið hefur frá upptökum stríðsins.

(2) Mið- og Suður Ameríka.

Ástand mála í þessum heimshluta breyttist lítt til batnaðar á árinu 1988.

Í Mið-Ameríku setja ofbeldi og efnahagsörðugleikar svip sinn á ríki svæðisins. Þær vonir, sem bundnar hafa verið við Esquipulas-samkomulagið frá í ágúst 1987, öðru nafni Arias-áætlunina, hafa enn ekki ræst nema að mjög litlu leyti. Hins vegar virðast ríkin á svæðinu vera sammála um að samkomulagið sé eini vænlegi grundvöllurinn fyrir frekari þróun í átt til friðar og jafnvægis. Esquipulas-samkomulagið kveður m.a. á um lýðræðislega stjórnarhætti, frjálsar kosningar og stöðvun allrar hernaðaraðstoðar við skæruliða.

Talsvert hefur dregið úr átökum, sérstaklega í Nicaragúa, en stjórn sandinista hefur áfram virt að vettugi ýmsa þætti ofangreinds samkomulags. Samþykkt þeirra fimm Mið-Ameríkuríkja, sem að samkomulaginu standa (Costa Rica, El Salvador, Guatemala, Hondúras og Nicaragúa) á fundi í El Salvador um miðjan febrúar sl., um að búðir contra-skæruliða skuli upprættar gegn því að stjórn sandinista láti fara fram kosningar í landinu í febrúar á næsta ári, gæti orðið til að styrkja friðarviðleitni í Mið-Ameríku.

Bandaríkin eru mikill áhrifavaldur í málefnum Mið-Ameríku. Ástæða er til að fagna því að nýjum Bandaríkjaforseta hefur á stuttum tíma tekist að ná samkomulagi við bandaríska þingið um aðgerðir til að örva þróun í lýðræðisátt á grundvelli Esquipulas-samkomulagsins. Í sameiginlegri yfirlýsingu stjórnarinnar og þingsins frá í mars er áhersla lögð á friðsamlega lausn á ástandinu í Nicaragua og contra-skæruliðar hvattir til að snúa heim og taka þátt í stjórnmálastarfi. Skæruliðunum er hins vegar heitið fjárhagslegri aðstoð fram að kosningum á næsta ári. Bandaríkjaforseti hefur enn fremur skorað á Sovétmenn að taka þátt í friðarumleitunum í Nicaragua, en fyrir tilstuðlan Sovétmanna og Kúbumanna hafa stjórnvöld í landinu nú yfir stærri vígvél að ráða en öll hin Mið-Ameríkuríkin til samans.

Efnahagslegar framfarir hafa engar orðið á svæðinu. Engar fjárfestingar eiga sér stað og útflutningsverð er í lágmarki. Á meðan eykst skuldabyrði og almenn örbirgð, sem síðan leiðir óhjákvæmilega til frekari ofbeldisaðgerða og óstöðugleika. Aðstæður eru þó nokkuð mismunandi í ríkjunum átta sem gjarnan teljast til Mið-Ameríku. Einna verst er efnahagsástandið í Nicaragúa, þar sem verðbólga nemur nú um eitt þúsund prósentustigum.

Á þessu ári eru kosningar í vændum í þremur Mið-Ameríkuríkjum; El Salvador, Hondúras og Panama. Tilraunir Bandaríkjamanna til að koma Noriega hershöfðingja frá völdum í Panama hafa lítinn árangur borið. Hafa Bandaríkjamenn sakað Noriega um að áforma stórfelld kosningasvik í væntanlegum kosningum í maí og hafa neitað að eiga viðskipti við stjórnvöld í Panama meðan Noriega situr við völd.

Á Karíbahafi hefur verið gerð tilraun til að koma á fót efnahagsbandalagi eyríkjanna tólf (CARICOM) og skapa þannig fríverslunarsvæði. Einhver bið verður á að fríverslun komist að fullu í framkvæmd. Helsti dragbíturinn á þróun þessa samstarfs hefur verið óstöðugleikinn á Haiti, sem enn býr við upplausnarástand og herræði. Kúba hefur staðið utan við þetta samstarf. Castro heldur þar fast um stjórnartaumana og neitar jafnvel að innleiða „glasnost" eða „perestrojku" í ríki sitt, sem er skuldum vafið.

Ríki Suður-Ameríku standa frammi fyrir þremur meginvandamálum. Í fyrsta lagi þarf að finna leiðir til að stuðla að hagvexti þrátt fyrir hina sligandi skuldabyrði. Í öðru lagi er brýnt að festa í sessi þá lýðræðislegu þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Í þriðja lagi er síðan nauðsynlegt að útrýma þeirri hættu sem mörgum þessara ríkja stafar af útbreiðslu eiturlyfja.

Skuldavandamál þjaka ríki Suður-Ameríku sem fyrr. Tilraunir hinna stærri ríkja álfunnar til að treysta efnahag sinn hafa lítinn árangur borið. Hagvöxtur hefur verið lítill sem enginn, enda ekkert fjármagn fáanlegt til fjárfestinga. Heildarskuldir ríkja álfunnar nema yfir fjögur hundruð milljörðum Bandaríkjadala. Breytinga er því vart að vænta fyrr en einhvers konar uppgjöf skulda fer fram til að draga úr afborgunum.

Efnahagskreppunni er ekki síst um að kenna að eiturlyfjaviðskipti eru orðin arðbærasta atvinnugreinin í sumum þessara ríkja. Önnur ríki hafa þó reynt með öllum tiltækum ráðum að berjast gegn þessum ófögnuði og náð umtalsverðum árangri.

Fleiri ríki Suður-Ameríku búa nú við lýðræðislegt stjórnarfar en nokkru sinni fyrr. Í mörgum tilfellum byggir þó lýðræðið á ákaflega veikum stoðum. Kosningar sem fram munu fara í Brasilíu, Bólivíu, Uruguay, Chile og Argentínu í ár munu leiða í ljós hvort haldið verður áfram á braut til aukins lýðræðis eða ekki.

Margir óttast að Perú kunni að verða næsta óróasvæði álfunnar en þar eru skæruliðahreyfingar í uppvexti. Í Paraguay var Stroessner einræðisherra steypt af stóli fyrir skömmu.

Það ríki hefur ekki notið lýðræðislega kjörinnar forystu í 178 ára sögu sinni og er útlit fyrir að bið verði á því á næstunni. Borgaraleg yfirstjórn herja virðast hafa verið tryggð í einungis fáeinum ríkjum Rómönsku Ameríku, þ.á m. Mexíkó, Venesúela og Kólombíu.

Flest bendir því til að framundan séu erfiðir tímar fyrir meiri hluta ríkja Mið- og Suður-Ameríku. Skuldakreppa ríkjanna er slík að alþjóðlegar lánastofnanir treysta sér ekki til að ganga lengra í skuldbreytingum. Sú leið, að auka útflutningstekjur til að leysa vandann hefur brugðist vegna óhagstæðs verðlags. Nauðsynlegt virðist því að koma á einhvers konar alþjóðlegu hjálparstarfi til að snúa málum til betri vegar.

Ástand mála í þessum heimshluta er því að miklu leyti háð þeim stuðningi sem ríki utan svæðisins eru reiðubúin að veita. Ýmis jákvæð teikn eru þó á lofti innan álfunnar. Til dæmis má nefna að Contadora-ríkin svonefndu og stuðningshópur þeirra hefur þróast nokkuð í þá átt að verða samráðshópur um pólitísk og efnahagsleg málefni álfunnar og hefur hann t.d. hafið reglulegt samráð við Evrópubandalagið og Norðurlönd. Þannig var haldinn samráðsfundur utanríkisráðherra þessara ríkja og Norðurlandanna, meðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir á sl. hausti.

(3) Miðausturlönd og Suður-Asía.

Miðausturlönd og Suður-Asía hafa um árarаðir verið meðal helstu óróasvæða heims. Var svo einnig árið 1988, enda þótt byrjaði að rofa til, einkum síðari hluta ársins. Má þar nefna vopnahlé í styrjöld Írana og Íraka, nýjar samningaviðræður um lausn deilumála grískumælandi og tyrkneskumælandi Kýpurbúa, friðsamlegra ástand á landamærum Pakistan vegna vopnahlés í Afghanistan, samþykki fulltrúa Marokkó og Polisario hreyfingarinnar á tillögum Javier Perez de Cuellar, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um áætlun um frið í eyðimerkurstríðinu í Vestur-Sahara, friðvænlegri horfur í Suður Asíu vegna aðgerða indverska hersins til styrktar lögmætri stjórn á Sri Lanka og Maldíveyjum, svo fátt eitt sé nefnt. Eftir sem áður var þetta svæði heims með mestu óróa- og átakasvæðum í veröldinni og öryggismál þar í miklu óefni.

Hinn 18. ágúst sl. gerðust þau stórtíðindi í styrjöld Írana og Íraka, að íranska stjórnin tilkynnti, að hún hefði fallist án skilyrða á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 598 frá 20. júlí 1987 um vopnahlé í Persaflóastríðinu. Fram að þeim tíma höfðu friðarumleitanir engan árangur borið vegna þess, að Íranir settu alltaf það skilyrði fyrir friðarviðræðum, að Írakar yrðu fordæmdir og þeim refsað fyrir að eiga upptök að stríðinu.

Þótt Íranir séu um fimmtíu milljónir talsins, en Írakar ekki nema um sextán milljónir, jöfnuðust hernaðarmöguleikar ríkjanna með betri vopnabúnaði Íraka. Talið er, að hernaðarlegur árangur Íraka í stríðinu á árinu 1988 hafi verið meginorsök þess, að Íranir féllust loks skilyrðislaust á tillögu Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé. Fleira kom þó til. Afskipti Bandaríkjanna af stríðinu áttu t.d. vafalítið sinn þátt í því, að stjórn Khomeinis taldi tímabært að fallast á vopnahlé.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lagði stóran skerf af mörkum til að samningar tækjust um vopnahlé, en það hófst 20. ágúst sl. Friðarviðræður hófust svo í Genf fimm dögum síðar. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sendi þegar friðargæslusveitir á vettvang til að hafa eftirlit með vopnahléinu. Þrátt fyrir að vopnahlé hafi verið virt ríkir enn all mikil óvissa um árangur viðræðna um gerð friðarsamninga, sem geta tekið langan tíma.

Talið er að samtals um 1,5 milljónir manna hafi farist í þessari átta ára tilgangslausu styrjöld og að kostnaður beggja ríkjanna af stríðinu hafi verið á bilinu 186,5 til 203,6 milljarðar Bandaríkjadala.

Á Kýpur ríkti vopnaður friður árið 1988, eins og svo mörg undanfarin ár. Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna gæta vopnahléslínunnar á milli suðurhluta eyjarinnar, sem

grískumælandi Kýpurbúar byggja, og norðurhlutans, sem tyrkneskumælandi Kýpurbúar byggja.

Þau tíðindi gerðust í Kýpurmálinu 24. ágúst sl., að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, náði þeim árangri í friðarviðleitni sinni, að fá þá George Vassiliou, forseta grískumælandi Kýpurbúa, og Rauf Denktas, forseta tyrkneskumælandi klofningslýðveldisins á Kýpur, til sameiginlegs fundar í stöðvum Sameinuðu þjóðanna í Genf. Þar samþykktu deiluaðilar að setjast formlega að samningaborði um lausn Kýpurmálsins og hófust fundir þeirra á Kýpur í september. Undanfari þessara viðræðna voru forsetakosningar á suðurhluta Kýpur í febrúar þar sem George Vassiliou bar sigur úr býtum.

Undanfarna sextán mánuði hefur heimsbyggðin fylgst með þeim hörmulegu atburðum sem átt hafa sér stað í uppreisn Palestínumanna á hernumdu svæðunum. Uppreisnin (intifada) hófst á Gaza-svæðinu 9. desember 1987 og breiddist strax yfir á Vesturbakkann og leiddi til blóðbaða og fjöldahandtaka er ísraelskir hermenn reyndu að dreifa palestínskum íbúum svæðanna er efnt höfðu til mótmælaaðgerða gegn herliði Ísraelsmanna. Talið er að yfir 400 Palestínumenn hafi verið felldir af Ísraelsmönnum í þessum átökum. Viðbrögð Ísraelsmanna hafa verið harðlega fordæmd á alþjóðavettvangi og er áframhald uppreisnaraðgerðanna okkur stöðug áminning um hina brýnu nauðsyn þess að friðsamleg lausn finnist á þessum þrotlausu deilum Araba og Ísraela. Reyndar hafa ýmsir pólitískir atburðir og breytingar átt sér stað á undanförnum misserum sem vakið hafa vonir um að líklegra sé en oft áður að mögulegt sé að bera klæði á vopnin.

Hussein konungur Jórdaníu kunngerði 31. júlí á sl. ári þá ákvörðun að Jórdanía afsalaði sér Vesturbakkanum, sem síðan í sex daga stríðinu 1967 hefur verið hersetinn af Ísrael. Vesturbakkinn hafði verið umráðasvæði Jórdaníu síðan 1950. Þetta afsal Hussein leiddi síðan til yfirlýsingar þjóðarráðs Palestínumanna (PNC) í Alsír 12.–15. nóvember um stofnun nýs Palestínuríkis á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu. Ríki þetta fékk þegar í stað viðurkenningu flestra Arabaríkja, þótt fullyrða megi að slík viðurkenning sé í andstöðu við viðurkenndar reglur og venjur í þjóðarrétti.

Þingkosningar þær sem fram fóru í Ísrael 1. nóvember sl. leiddu til þess að ný ríkisstjórn, svokölluð þjóðleg einingarríkisstjórn var mynduð þann 23. desember undir forystu Yitzhak Shamir og Likudflokks hans. Shimon Peres formaður verkamannaflokksins varð fjármálaráðherra og varaforsætisráðherra landsins.

Jassir Arafat leiðtogi Samtaka Palestínumanna (PLO) lýsti í ræðu sinni í Genf þann 14. desember yfir samþykki samtakanna við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242/67 og 338/73. Arafat kvað PLO einnig reiðubúið að láta af hryðjuverkum. Yfirlýsing Arafats kom í kjölfar yfirlýsingar Palestínska þjóðarráðsins á fundi þess í Alsír 12.–15. nóvember.

Í ályktunum nr. 242 og 338 er lagður fræðilegur grundvöllur fyrir lausn deilumála Araba og Ísraelsmanna þar sem viðurkenndur er tilveruréttur Ísraelsríkis og réttur Palestínumanna til að stofna sitt eigið ríki á vesturbakka Jórdanárinnar.

Ákvörðun PLO er tímamótaákvörðun, en mestu máli skiptir þó að í reynd verði staðið við hana. Bandaríkin hafa síðan lýst sig reiðubúin til beinna viðræðna við PLO og hafa hvatt Ísraelsmenn til þess sama. Shamir forsætisráðherra hefur ekki til þessa fallist á beinar viðræður við PLO og hefur hann lýst því yfir að PLO muni áfram standa að hryðjuverkum og yfirlýsingar samtakanna séu aðeins stórkostlegar blekkingar er miði að eyðingu Ísraelsríkis. Mikil óeining ríkir í Ísrael í afstöðunni til PLO og hefur Peres meðal annarra hvatt til viðræðna við samtökin um mögulega lausn mála. Höfuðatriði málflutnings ríkisstjórnar Ísraels hefur verið að þeir séu reiðubúnir til viðræðna við þá fulltrúa Palestínumanna sem kosnir hafa verið í löglegum kosningum.

Ég hef nýlega á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Færeyjum 30.–31. mars áréttað þá grundvallarstefnu íslensku ríkisstjórnarinnar að vænlegasta leiðin til að koma á friði í Mið-

Austurlöndum sé að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu undir merki Sameinuðu þjóðanna þar sem samningaumleitanir verði grundvallaðar á ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og 338 frá 1973.

Síðasta ár var viðburðaríkt í Suður-Asíu. Hinn 14.apríl undirrituðu utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Pakistan og Afghanistan samkomulag í Genf, sem skuldbatt Sovétmenn til að draga herlið sitt frá Afghanistan ekki síðar en 15.febrúar sl. Brottflutningurinn hófst 15.maí og lauk fyrir tilsettan tíma. Fullyrða má að endalok hersetu Sovétmanna í landinu hafi orðið til að bæta andrúmsloftið í alþjóðamálum, sem spilltist mjög við innrás Sovétmanna 1979. Endi hefur hins vegar ekki verið bundinn á borgarastyrjöldina í landinu. Leppstjórn Sovétmanna í Kabúl stendur mjög höllum fæti og er talið líklegt að hersveitum Mujahedin takist áður en langt um líður að steypa henni af stóli og leiða íslamska stjórn til valda. Höfuðverkefnið í Afghanistan nú er að reisa landið úr rústum styrjaldarinnar. Talið er að sovéski herinn hafi skilið eftir sig um ótölulegum fjölda jarðsprengja í landinu. Ennfremur er brýnt að finna lausn á vanda afghanskra flóttamanna, en þeir eru um fimm milljónir, meirihlutinn í Pakistan. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að veita jafnvirði alls sex þúsund Bandaríkjadala til hjálparstarfs í Afghanistan á árinu.

Einn öflugasti stuðningsmaður andspyrnuhreyfingarinnar í Afghanistan, Zia-ul-Haq, forseti Pakistan, lét lífið, er sprengja sprakk um borð í flugvél hans í ágúst sl. Óttast var að fráfall leiðtogans kynni að verða til þess að skapa óvissu um þróun mála á svæðinu, en í ljós hefur komið að hinn nýi forsætisráðherra landsins, Benazir Bhutto, sem sigraði í fyrstu lýðræðislegu kosningunum í Pakistan í ellefu ár hinn 16. nóvember sl., hyggst framfylgja óbreyttri stefnu gagnvart Afghanistan. Einnig hefur Bhutto lagt áherslu á að draga úr spennu í samskiptum Pakistan og Indlands, en herir ríkjanna skiptust á skotum á landamærum þeirra í Jammu og Kashmir í september sl.

Indland hefur gegnt forustuhlutverki í Suður-Asíu, þ.á m. í öryggismálum svæðisins á árinu 1988. Indverski herinn hélt áfram lögregluaðgerðum sínum á Sri Lanka samkvæmt Colombo-sáttmála Indlands og Sri Lanka frá 29. júlí 1987. Aðgerðir þeirra gegn uppreisn og hryðjuverkum Tamíla á Sri Lanka hófust í október 1987, en í lok síðasta árs höfðu þær borið þann árangur, að nýkjörinn forseti Sri Lanka, óskaði eftir því, að indversku friðarsveitirnar yfirgæfu Sri Lanka í áföngum. Urðu Indverjar fúslega við þessari beiðni og hófu liðsflutninga frá norð-austursvæði Sri Lanka í janúar sl.

Indverjar brugðust líka skjótt við er þeim barst hjálparbeiðni forseta Maldív-eyja, vegna valdaránstilraunar þar í nóvember sl. og var byltingin brotin á bak aftur á sama sólarhring og hún hófst.

Opinber heimsókn Rajiv Gandhis, forsætisráðherra Indlands, til Kína, í desember sl. hlýtur einnig að teljast til stórviðburða ársins í Suður-Asíu, en þetta er í fyrsta sinn á þrjátíu og fjórum árum, að indverskur forsætisráðherra heimsækir Kína.

Báðir aðilar lýstu vilja sínum til þess að endurvekja, bæta og þróa góð nágrannasamskipti og vináttutengsl landanna, sem verið hafa stirð allt frá landamæraátökum þeirra á Himalajasvæðinu 1962.

(4) Asíu-Kyrrahafslönd.

Sú þíða, sem verið hefur í alþjóðamálum síðustu ár hefur einnig náð til Asíu-Kyrrahafssvæðisins, þrátt fyrir að leiðtogafundur Sovétmanna og Kínverja hafi enn ekki verið haldinn. Gorbatsjov gerði sér ferð til Vladivostok 1986 til að flytja ræðu, þar sem hann minnti á, að Sovétríkin væru Kyrrahafsveldi og mæltist til þess að undirbúningur yrði hafinn að leiðtogafundi. Frumkvæði þessu fylgdi hann m.a. eftir með ræðu sinni í Krasnojarsk í september sl. þar sem hann skýrði frá Asíu-áætlunum Sovétmanna í sjö liðum.

Kínverjar hafa á undanförnum árum látið sér fátt um þessar hugmyndir Sovétmanna finnast og hafa ítrekað að þrjár hindranir væru í vegi fyrir vinsamlegri sambúð, Afganistan, sovét-kínversku landamærin og Kampútsea. Sovétmenn hafa nú lokið brottflutningi herliðs frá Afganistan, betur horfir um landamæramál og Víetnam er byrjað að flytja her sinn frá Kampútseu. Hefur Deng Xiaoping því ákveðið að hitta Gorbatsjov í maí á þessu ári. Leggi leiðtogarnir sig fram um að leysa Kampútseumálið, gæti gróið það sár, sem hefur haft verst áhrif á samskipti ríkja í Suðaustur-Asíu undanfarin ár, og mundi hagur þeirra þá vænkast. Vandinn er nú, hverjir eigi að taka við stjórn landsins eftir að Víetnamar hverfa þaðan. Óttast margir að Pol Pot komist aftur til áhrifa og minnast ógnarstjórnar hans áður fyrr.

Hins vegar er enn óvíst hvenær leiðtogar Japana telja tímabært að ræða við Gorbatsjov. Hráefni Síberíu og tækni Japans með fjármagni gætu sameiginlega mörgu breytt fyrir báða aðila, en Rússar halda enn nokkrum nyrstu eyjum Japans og veldur það tortryggni milli landanna.

Efnahagslegir yfirburðir Japana halda áfram að aukast, þrátt fyrir mikla gengishækkun yensins og andóf keppinauta, er standa höllum fæti gagnvart þeim, til dæmis Bandaríkjanna og EB. Heimamarkaður og þar með innflutningur Japana hafa vaxið, en þeir hafa aukið fjárfestingu í öðrum Austur-Asíulöndum, þar sem vinnulaun er enn mjög lág, 150 kr. á dag í Thailandi, 450 kr. á dag í Hong Kong og Suður Kóreu.

Viðkvæmasta málið á Asíu-Kyrrahafssvæðinu er, hvort Bandaríkjamenn hvetja Japan til að bera stærri hlut af kostnaði varna og vígbúnaðar, og Japan gerist aftur voldugt herveldi. Það óttast önnur Asíuríki meir en flest annað.

Stjórnhættir hafa færst í lýðræðisátt á Filippseyjum, í Suður Kóreu og hræringar af því tagi verið í Thailandi og á Taiwan.

Kínverjar hófu fyrir áratug breytingar á efnahagskerfi sínu í markaðsátt, en hafa nú hemlað snögglega vegna verðbólgu, spillingar og annarra erfiðleika. Er ekki ljóst, hvort stöðvunin er varanleg eða aðeins tímabundin.

Varautanríkisráðherra Kína, Thou Nan, sem fer með málefni Vestur-Evrópu, heimsótti Ísland í ágúst sl. Á fundi hans með íslenskum ráðamönnum voru m.a. rædd tvíhliða viðskipti, aðallega á sviði jarðhita og orku, fiskveiða og ullarvinnslu.

Viðskipti Íslands við Asíu-Kyrrahafsríkin eru mikil og stöðugt vaxandi. Fyrri helming ársins 1988 nam útflutningur til þeirra liðlega þremur milljörðum króna, langmest til Japan og þarnæst til Taiwan. Innflutningur var yfir fimm milljarðar á sama tíma, einnig langmest frá Japan. Gæti stefnt í 15 milljarða króna viðskipti allt árið, nær 10% alls útflutnings og yfir 15% innflutnings.

Önnur samskipti Íslendinga við þessi lönd eru einnig vaxandi, sérstaklega við Ástralíu, en einnig við Japan og Kína. Ferðamannastraumur til Thailands hefur vaxið verulega.

V. Utanríkisviðskipti.

(1) Almenn viðskiptamál.

(1.1) Viðskiptajöfnuður.

Samtals nam heildarverðmæti vöruútflutnings 61.674 milljónum króna f.o.b. á árinu 1988 en heildarverðmæti vöruinnflutnings 62.234 milljónum króna f.o.b. og varð því halli á vöruviðskiptum 560 milljónir króna á árinu 1988 samanborið við 1.967 milljóna króna halla 1987.

Á árinu 1988 jókst verðmæti vöruútflutnings um 1,8% miðað við árið áður og hafa útflutningstölur ársins 1987 þá verið umreiknaðar til meðalgengis 1988. Verðmæti útfluttra sjávarafurða dróst saman um 5%. Verðmæti álútflutnings jókst um 14% og kísiljárns um 44%. Vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á flugvélaeign var um að ræða óvenju mikla sölu flugvéla úr landi á árinu þannig að útflutningsverðmæti skipa og flugvéla nam 2.457 milljónum króna á móti 643 milljónum króna árið áður. Verðmæti annars útflutnings en að framan greinir dróst saman um 1%.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 1%. Almennur innflutningur dróst saman um 4%, en innflutningur á olíuvörum dróst saman um 14%, þannig að almennur inn flutningur að frátöldum olíuvörum dróst saman um 4%. Verðmæti skipainnflutnings jókst um 45% en innflutningsverðmæti flugvéla dróst saman um 5%. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju jókst um 13% en innflutningur vegna álvers dróst saman um 9%. Innflutningur á vegum Landsvirkjunar var 115 milljónir króna, sem er óbreytt frá árinu áður.

Þjónustujöfnuður varð neikvæður um 8.915 milljónir króna þannig að viðskiptajöfnuður varð neikvæður um 9.475 milljónir króna eða 3,7% vergrar landsframleiðslu. Árið áður varð viðskiptajöfnuður neikvæður um 8.260 milljónir króna reiknað á gengi ársins 1988. Það svarar til 3,5% vergrar landsframleiðslu.

(1.2) Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

Sé litið á útflutning vara eftir vinnslugreinum á árinu 1988 kemur í ljós að samtals voru á þeim tíma fluttar út vörur fyrir um 61,7 milljarða króna og nam útflutningur sjávarafurða þar af 43,8 milljörðum króna, útflutningur iðnaðarvara nam um 13,8 milljörðum króna, útflutningur landbúnaðarvara um 1,1 milljarði króna og útflutningur annarra vara um 3,0 milljörðum króna. Í samanburði við útflutning ársins 1987 kemur í ljós á töflu 1 að hlutur annarra vara í útflutningi eykst talsvert milli ára. Skýrist sú aukning einkum af sölu Flugleiða á 5 þotum á árinu.

Meðalverð erlendra gjaldmiðla samkvæmt viðskiptavog hækkaði um 14,2% frá janúar-desember 1987 til sama tíma 1988. Sé tekið tillit til þessarar hækkunar dróst útflutningur sjávarafurða saman á þeim tíma um 5%, útflutningur landbúnaðarvara dróst saman um 7% en útflutningur iðnaðarvara jókst hins vegar um 14%. Aukið útflutningsverðmæti iðnaðarvara má fyrst og fremst skýra með verulegum verðhækkunum á erlendum mörkuðum, sérstaklega á kísiljárni en útflutningsverðmæti þess jókst um einn milljarð króna á árinu. Í magni dró talsvert úr útflutningi frystra fiskflaka og einnig dró nokkuð úr útflutningi á áli. Útflutningur á rækju, saltfiski, lagmeti og kísiljárni var hins vegar svipaður milli ára en aukning var í útflutningi á loðnulýsi, fiskimjöli og ferskum fiski, aðallega til bræðslu, en mest var aukning í útflutningi á heilfrystum fiski, aðallega til Japans. Í heild lækkaði verð útfluttra sjávarafurða lítillega frá árinu á undan mælt á markaðsverðlagi í SDR bæði árin. Eftir vinnslugreinum lækkaði verð um 6–7% á frystum afurðum og í söltun, verð hélst nokkuð óbreytt í herslu, saltsíld, ferskum fiski og öðrum sjávarafurðum nema mjöli og lýsi þar sem um verulega verðhækkun var að ræða á árinu og nam hækkunin um 48%. Hækkun á kísiljárni nam 35% og hækkun á áli um 25% (sjá fylgiskjal XI).

Tafla 1.

Útflutningur vara eftir vinnslugreinum.

	Millj. kr.	1988 %	1987 %
Sjávarafurðir	43 826	71,1	76,0
Iðnaðarvörur	13 822	22,4	20,1
Landbúnaðarvörur	1 069	1,7	1,9
Aðrar vörur	2 957	4,8	2,0
ALLS	**61 674**	**100,0**	**100,0**

Útflutningur frystra fiskflaka dróst saman í magni um 14% miðað við árið 1987, úr 105 þúsund tonnum í 90 þúsund tonn. Útflutningur þorskflaka, sem er um helmingur útflutnings frystra fiskflaka, dróst lítillega saman svo og útflutningur ufsaflaka og enn meiri samdráttur varð í sölu karfa- og flatfiskflaka. Sala ýsuflaka jókst hins vegar talsvert vegna mikillar ýsuveiði. Bandaríkjamenn voru sem fyrr stærstu kaupendur fiskflaka en salan þangað dróst þó verulega saman, eða úr um 51 þúsund tonnum 1987 í 34 þúsund tonn 1988. Þessi samdráttur á sér bæði skýringar í lítilli hækkun á gengi bandaríkjadals á árinu svo og vegna meiri sölu á karfa- og ufsaflökum til V-Þýskalands og Frakklands vegna hagstæðra verða og gengisþróunar þar. Veruleg verðlækkun varð á árinu og talið að verðið sé nú í lágmarki en líkur eru taldar á hækkandi verði á árinu 1989. Birgðastaða í lok ársins var eðlileg.

Útflutningur á saltfiski árið 1988 var um 61 þúsund tonn samanborið við 62 þúsund tonn árið áður. Selt var til 15 landa og sem fyrr mest til Portúgals. Önnur mikilvæg viðskiptalönd eru Spánn, Ítalía, Grikkland og V-Þýskaland. Blautverkaður saltfiskur var ásamt saltfiskflökum uppistaðan í saltfiskverkun, en þurrfiskverkun hefur aukist á nýjan leik á undanförnum tveimur árum enda þótt um lítið magn sé að ræða. Um 90% útflutnings saltfisks er saltaður þorskur. Samdráttur í útflutningi milli áranna 1987 og 1988 er fyrst og fremst sökum minni sölu saltfiskflaka, sem stafar af því að á árinu fékkst enginn tollfrjáls kvóti fyrir þorskflök á mörkuðum Evrópubandalagsins, en tollur á söltuðum þorskflökum er 20%. Af hálfu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda er nú unnið að tilraunavinnslu með saltfisk pökkuðum í neytendaumbúðir. Veruleg aukning varð á þessari vinnslu á árinu og flutt út rúmlega 300 tonn af niðurskornum saltfiski í lofttæmdum umbúðum.

Af framleiðslu áls, sem var um 82 þúsund tonn á árinu, voru rúmlega 81 þúsund tonn seld og afskipuð að söluverðmæti um 6,6 milljarðar króna. Til samanburðar má geta þess að sala ársins 1987 var um 89 þúsund tonn. Stærstu markaðslöndin voru sem fyrr Sviss, Bretland og V-Þýskaland. Til Sviss voru seld um 39% af magni, til Bretlands um 25% og til V-Þýskalands um 26%. Nær allt ál var selt til Alusuisse eða dótturfyrirtækja þess. Söluverð á tonn í erlendri mynt hækkaði um 25% og í krónum talið um 42% milli áranna 1987 og 1988.

Flutt voru út um 152 þúsund tonn af ferskum fiski samanborið við um 120 þúsund tonn árið 1987. Þriðjungur var seldur til bræðslu, aðallega til Færeyja, en stærsti hluti útflutningsins er þorskur og ýsa sem seldur er á uppboðsmörkuðum í Bretlandi, svo og ufsi og karfi sem aðallega er seldur til V-Þýskalands. Á undanförnum þremur árum hefur sala á ísuðum þorski til Bretlands nánast staðið í stað, en sala á ýsu nær tvöfaldast. Sala á karfa til V-Þýskalands hefur aukist lítillega, en sala á ufsa dregist saman. Aukin sala á ýsu er í beinu samhengi við aukinn ýsuafla á árinu. Meðalverð á þorski og ýsu í Bretlandi lækkaði lítillega í pundum frá árinu 1987 en hækkaði um 13–15% í krónum talið. Verð fyrir karfa í V-Þýskalandi hefur

hækkað lítillega í mörkum en um nær 20% í krónum talið og ufsaverð hefur lækkað í mörkum en hækkað örlítið í krónum talið.

Ekki urðu neinar verulegar breytingar á útflutningi frystrar rækju á árinu. Sem fyrr eru langstærstu kaupendur í Bretlandi, Japan og Danmörku. Eingöngu stærsta rækjan sem veidd er af frystitogurum er seld til Japans, ópilluð, en til Danmerkur og Bretlands er seld niðursoðin, lausfryst, pilluð rækja. Flutt voru út um 11 þúsund tonn sem er nokkru minna en árið á undan. Í heild var um lítils háttar verðhækkun að ræða á árinu og hækkaði rækjan sem seld var til Japans mun meira í verði en önnur rækja.

Talsverð aukning varð í sölu heilfrysts fisks og verðhækkanir verulegar. Var árið metár bæði í framleiðslu og útflutningsverðmæti. Japanir keyptu sem fyrr stærsta hluta þessa útflutnings, um 60%, sem nær eingöngu er flatfiskur og karfi. Voru seld til Japans um 24 þúsund tonn samanborið við um 16 þúsund tonn árið 1987. Stafar aukningin aðallega af stóraukinni sölu á karfa og af geysilegri verðhækkun fram eftir miðju ári, en síðan hefur verðið farið ört lækkandi. Af öðrum helstu kaupendum má nefna V-Þjóðverja, Sovétmenn, Breta og Hollendinga. Útflutningur til V-Þýskalands og Sovétríkjanna dróst talsvert saman á meðan útflutningur til Bretlands jókst talsvert og til Hollands var flutt út fjórum sinnum meira á árinu en árið 1987.

Miklar sveiflur eru jafnan á sölu fiskimjöls og verðbreytingar oft verulegar milli ára. Á undanförnum þremur árum hafa verið flutt út um 160–180 þúsund tonn árlega og voru árið 1988 flutt út um 176 þúsund tonn. Mest var flutt út til Bretlands og Póllands og aðrir helstu kaupendur voru í Alsír, Finnlandi og Frakklandi. Seld voru um 21 þúsund tonn til Alsír og hefur ekki áður tekist að selja fiskimjöl þangað. Eru bundnar vonir við að áframhald verði á þessum viðskiptum en þó ekki talið að svo geti orðið í eins miklum mæli og var á síðasta ári.

Metframleiðsla var á kísiljárni og árið það besta í sögu Íslenska járnblendifélagsins hf. frá upphafi. Framleidd voru um 70 þúsund tonn sem er rúmlega þremur þúsund tonnum meira en verksmiðjan framleiddi árið áður. Útflutt voru um 73 þúsund tonn sem aðallega voru seld til Japans, Bandaríkjanna og V-Þýskalands. Verð fór hækkandi þegar líða tók á árið og skilaði verksmiðjan verulegum tekjuafgangi á árinu. Horfur eru góðar á árinu 1989 og er gert ráð fyrir að framleiðsla þessa árs verði ívið meiri en á árinu 1988.

Útflutningur á lagmeti hefur að jafnaði aukist um 5–10% á ári undanfarin ár. Á árinu dróst salan hins vegar lítillega saman í magni en verðmæti útflutningsins jókst um 20% í íslenskum krónum. Samdrátturinn á sér aðallega skýringu í minni sölu til V-Þýskalands, en þangað er aðallega seld niðursoðin rækja og kavíar. Áróður þýskra Grænfriðunga gegn kaupum á íslenskum sjávarafurðum vegna stefnu Íslands í hvalveiðimálinu er eflaust hluti skýringarinnar á þessum samdrætti. Til Bandaríkjanna hefur einnig orðið nokkur samdráttur í sölu sem aðallega skýrist af tiltölulega lítilli hækkun Bandaríkjadals. Sala til annarra stærstu kaupenda svo sem Sovétmanna og Frakka stóð ýmist í stað eða jókst lítillega.

Framleiðsla saltsíldar á vertíðinni 1987–1988, sem að mestu kom til sölu á árinu 1988, var sú mesta í sögu Suðurlandssíldar. Nam framleiðslan á þeirri vertíð um 290 þúsund tunnum, og voru þar af seldar um 10–12 þúsund tunnur innanlands. Nokkur verðhækkun fékkst í sölu til Sovétríkjanna en á öðrum helstu mörkuðum, svo sem í Finnlandi og Svíþjóð stóð verðið í stað. Framleiðsla á nýafstaðinni vertíð var heldur minni en á síðustu vertíð en útflutningsverðmæti meira þar sem Sovétmenn kaupa nú alla síld hausskorna og slógdregna en keyptu áður eingöngu óverkaða síld.

Sala á loðnulýsi er háð sömu sveiflum í magni og verði og sala á fiskimjöli, sem aðallega er loðnumjöl. Rúmlega 80% útflutningsins er selt til Noregs, Bretlands og Hollands. Á árinu tvöfaldaðist útflutningur til Noregs og jókst einnig talsvert til Hollands, en verulegur samdráttur varð hins vegar í sölu til Bretlands. Verð hélst lágt á árinu en hafði þó hækkað

talsvert frá árinu 1987 þegar það var nánast í lágmarki. Horfur eru á því að verðið muni ekki hækka á næstunni og er verðið um þetta leyti einungis helmingur af því verði sem fékkst í kringum 1980 þegar það var sem hæst.

(1.3) Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði.

Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-löndin, Austur-Evrópulönd, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Á árunum 1985–1987 varð sú meginbreyting á hlutdeild þessara markaðssvæða í heildarútflutningi að útflutningur til Japans og Evrópubandalagsins jókst verulega, talsvert dró hins vegar úr útflutningi til landa Austur-Evrópu og til Bandaríkjanna, en hlutdeild EFTA-landanna var nokkuð stöðug. Á árinu 1988 var hlutur Evrópubandalagsins og Japans nær óbreyttur frá árinu á undan, en um nokkra aukningu var að ræða í útflutningi til landa Austur-Evrópu og EFTA. Samdrátturinn hélt hins vegar áfram í útflutningi til Bandaríkjanna (sjá fylgiskjal XI).

Tafla 2.

Útflutningur til helstu markaðssvæða.

	Millj. kr.	1988 %	1987 %
EFTA-lönd	6 195	10,1	8,2
EB-lönd	36 337	58,9	57,4
Austur-Evrópulönd	3 351	5,4	4,7
Bandaríkin	8 373	13,6	18,3
Japan	4 706	7,6	7,8
Önnur lönd	2 712	4,4	3,6
ALLS	**61 674**	**100,0**	**100,0**

Viðskipti Íslands og Evrópubandalagsins hafa aldrei verið meiri en á árinu 1988 og voru fluttar út vörur þangað fyrir rúmlega 36 milljarða króna sem svarar til um 59% af heildarútflutningi á því ári. Á undanförnum árum hefur útflutningur til bandalagsins aukist mikið og má geta þess að á árinu 1985 var innan við helmingur af útflutningsverðmæti þjóðarinnar flutt út til núverandi ríkja bandalagsins. Bretar voru sem fyrr stærstu kaupendur innan bandalagsins og fór um 40% af útflutningi til bandalagsins þangað. Fyrir utan Bretland var mest aukning í útflutningi til Hollands, Lúxemborgar og Spánar. Samdráttur var talsverður í sölu til Belgíu, Írlands og Grikklands en minni breytingar á útflutningi til annarra landa. Aukin sala á ferskum fiski, fiskimjöli, heilfrystum fiski og sérstaklega á kísiljárni skýra að mestu leyti aukinn útflutning til Bretlands og sala á ferskum fiski til Hollands rúmlega þrefaldaðist í verðmætum talið, úr um 70 milljónum króna í um 230 milljónir króna milli áranna 1987 og 1988. Útflutningur til Lúxemborgar er mjög lítill, en þangað var selt í meira mæli en áður kísiljárn, fryst rækja, ullarvörur og ferskur fiskur. Sala á blautverkuðum saltfiski til Spánar drósť lítillega saman en sala á saltfiskflökum þangað tvöfaldaðist. Minni útflutningur til Belgíu og Írlands á sér skýringar í verulegum samdrætti í sölu áls til Belgíu og til Írlands var ekkert selt af laxi og silungi á árinu en fyrir um 60 milljónir króna árið 1987. Í heild jókst útflutningur til bandalagsins um 20% frá árinu áður sem er heldur meiri aukning en varð í heildarútflutningi landsmanna á þeim tíma, mælt á gengi hvers tíma.

Útflutningur til EFTA-landanna hefur verið um 8–10% af heildarútflutningi undanfarin ár og nam um 6,2 milljörðum króna á árinu. Í krónum talið er hér um 42% aukningu að ræða frá árinu 1987, sem er jafnframt mesta aukning í útflutningi til einstakra viðskiptasvæða. Ástæður þessarar aukningar má fyrst og fremst rekja til aukinnar sölu á áli til Sviss, en á árinu tvöfaldaðist heildarverðmæti útflutnings þangað og nam um 2,8 milljörðum króna. Af einstökum aðildaríkjum EFTA eru Svisslendingar langstærstu kaupendur og keyptu á árinu tæplega helming þess sem flutt var út til EFTA-landanna. Af öðrum helstu vörutegundum sem seldar eru til EFTA-landanna má nefna fiskimjöl og saltsíld sem selt er til Finnlands og Svíþjóðar og loðnulýsi sem selt er til Noregs. Nokkuð dró úr útflutningi til Finnlands vegna minni sölu á loðsútuðum skinnum, útflutningur til Svíþjóðar var svipaður og árið áður en veruleg aukning varð hins vegar í útflutningi til Noregs vegna aukinnar sölu á loðnulýsi. Útflutningur til Austurríkis er óverulegur. Þar var um talsverða aukningu að ræða vegna meiri sölu á frystum humar.

Á undaförnum árum hefur hlutdeild Austur-Evrópulanda í heildarútflutningi farið lækkandi. Árið 1985 var þetta hlutfall tæplega 8%, en var þremur prósentustigum lægra árið 1987. Á síðasta ári varð hins vegar um nokkra aukningu að ræða í útflutningi frá árinu á undan sem stafar aðallega af meiri útflutningi til A-Þýskalands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu. Sovétríkin kaupa um ⅔ af útflutningi til landa Austur-Evrópu og Pólverjar um ¼ en það sem eftir er er flutt út til ofangreindra þriggja landa. Nánast enginn útflutningur hefur verið til Búlgaríu og Rúmeníu á undanförnum árum. Enda þótt samanlagður útflutningur til A-Þýskalands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu sé óverulegur og hafi aðeins numið rúmlega 290 milljónum króna er hér um talsverða aukningu að ræða frá árinu á undan, en þá nam útflutningur til þessara landa um 95 milljónum króna. Stafar þessi aukning af meiri sölu á fiskimjöli til Tékkóslóvakíu og Ungverjalands og aukinni sölu á heilfrystum flatfiski til A-Þýskalands.

Til Sovétríkjanna er fluttur út langstærstur hluti þeirrar saltsíldar sem hér er veidd og verkuð, og í Póllandi er einn af stærstu mörkuðum fyrir fiskimjöl héðan. Auk þess eru í Sovétríkjunum mikilvægir útflutningsmarkaðir fyrir freðfisk, ullarvörur og lagmeti. Á árinu fóru fram viðræður fulltrúa íslenskra og sovéskra stjórnvalda um framkvæmd viðskiptabókunar við viðskipta- og greiðslusamning landanna sem undirritaður var hinn 1. ágúst 1953. Viðskiptabókunin var undirrituð hinn 25. júní 1985 og gildir í fimm ár, frá ársbyrjun 1986 til ársloka 1990. Bókuninni fylgja tveir listar yfir þær íslensku og sovésku vörur sem gert er ráð fyrir að keyptar verði árlega á samningstímabilinu, en samningar um kaup og sölu eru gerðir árlega milli viðskiptaaðila. Framkvæmd viðskiptabókunarinnar gekk vel á árinu að öðru leyti en því að ekki tókst að selja freðfisk, ullarvörur og málningu að því marki sem getið er um í viðskiptabókuninni. Af Íslands hálfu var í viðræðunum lögð áhersla á að Sovétmenn keyptu það magn sem getið er um í bókuninni og minnkaður yrði sá viðskiptahalli sem verið hefur um árabil í viðskiptum landanna. Einnig var lögð áhersla á að samningar milli viðskiptaaðila verði gerðir fyrr á árinu en verið hefur.

Af framleiðslu saltsíldar vertíðina 1987–1988 tókust samningar um sölu á 180 þúsund tunnum og síðar á 19 þúsund tunnum til viðbótar vegna farms sem fór forgörðum þegar Ms. Suðurlandið fórst í desember 1987. Í viðskiptabókun landanna er gert ráð fyrir árlegum kaupum Sovétmanna á 200–250 þúsund tunnum (20–25 þúsund tonnum). Samningar tókust í haust sl. um sölu á um 150 þúsund tunnum af slógdreginni og hausskorinni síld til Sovétríkjanna, en hingað til hafa Sovétmenn eingöngu keypt heilsaltaða síld. Það magn sem hér um ræðir svarar til um 195 þúsund tunna af heilsaltaðri síld, en útflutningsverðmæti er meira og skapa þessar breyttu óskir Sovétmanna meiri verðmæti fyrir þá aðila sem stunda síldveiði og síldarverkun hér á landi.

Í viðskiptabókuninni er gert ráð fyrir árlegum kaupum Sovétmanna á 20–25 þúsund tonnum af frystum fiskflökum og 4–7 þúsund tonnum af heilfrystum fiski. Samningar tókust hins vegar aðeins um sölu á 1200 tonnum af heilfrystum fiski, aðallega karfa og ufsa, og 9500 tonnum af frystum fiskflökum að söluverðmæti samtals um 24,5 milljónir Bandaríkjadala. Sala á lagmeti til Sovétríkjanna gekk vel á árinu og samið var um sölu fyrir um 6 milljónir Bandaríkjadala sem er umfram viðmiðunarmörk viðskiptabókunarinnar sem nema 4–5,5 milljónum Bandaríkjadala. Sala á ullarvörum hefur hins vegar ekki gengið nógu vel og er áætlað að sala ársins hafi verið um 4,8 milljónir Bandaríkjadala, þar af 2,8 milljónir Bandaríkjadala vegna vöruskipta og er þar aðallega um að ræða gasolíu að verðmæti um 2,6 milljónir Bandaríkjadala. Í viðskiptabókuninni er gert ráð fyrir kaupum Sovétmanna árlega á ullarvörum fyrir um 5–6,5 milljónir Bandaríkjadala, en vöruskiptaverslun fyrirtækja á Íslandi og í Sovétríkjunum fellur þar ekki undir. Ekki tókust samningar um sölu á málningu á árinu frekar en undanfarin tvö ár, en í viðskiptabókuninni er gert ráð fyrir kaupum Sovétmanna á 1500–2000 tonnum af málningu árlega.

Á árinu fóru einnig fram í Reykjavík viðræður fulltrúa Íslands og Póllands og viðræður fulltrúa Íslands og A-Þýskalands í Berlín um framkvæmd viðskiptasamninga landanna. Viðskipti Íslands og Póllands byggjast á viðskiptasamningi landanna frá 30. apríl 1975. Þau fóru almennt vaxandi í byrjun en síðan dró úr þeim í kringum 1980 vegna versnandi efnahagsástands í Póllandi og minnkandi kaupa þeirra á fiskimjöli vegna minni loðnuveiði hér við land. Allt frá árinu 1984 hafa viðskipti landanna hins vegar aukist mjög með auknum kaupum þeirra á fiskimjöli og kaupum á fiskiskipum frá Póllandi og vaxandi viðgerðum á íslenskum skipum þar í landi. Pólverjar eru eins og kunnugt er meðal stærstu kaupenda fiskimjöls héðan og var á árinu gerður stærsti sölusamningur á fiskimjöli sem gerður hefur verið í einu lagi, um 50–55 þúsund tonn sem koma til afgreiðslu á árinu 1989. Í viðræðunum var lögð áhersla á að auka kaup á vörum af beggja hálfu, og því einnig fagnað að pólsk stjórnvöld hafi á ný eftir nokkurra ára hlé opnað sendiráð í Reykjavík sem án efa á eftir að liðka fyrir og auka viðskipti þjóðanna.

Í opinberri heimsókn minni til Póllands í desember sl. átti ég ítarlegar viðræður við Olechowski, utanríkisráðherra og Jastrzebski, utanríkisviðskiptaráðherra, um þróun efnahagsmála og möguleika á auknum viðskiptum Íslands og Póllands. Lýstu báðir aðilar áhuga á að auka viðskipti og töldu að möguleikar í þeim efnum væru ekki fullnýttir.

Þá fóru fram í Berlín viðræður fulltrúa Íslands og Austur-Þýskalands um viðskipti þjóðanna sem byggjast á viðskiptasamningi frá 6. febrúar 1973. Viðskipti landanna eru mjög lítil, útflutningur hefur aðeins verið um 0,1% af heildarútflutningi og innflutningur þaðan um 0,2–0,3% af heildarinnflutningi á undanförnum árum. Aðallega hefur verið flutt út fiskimjöl, en á undanförnum árum hefur aukist útflutningur á heilfrystum flatfiski og lagmeti. Helstu innflutningsvörur þaðan eru áburður og koks. Í viðræðum fulltrúa þjóðanna var lögð áhersla á aukin viðskipti og einnig lýstu aðilar yfir áhuga á stofnun samáhættufyrirtækja í hvoru landi, þátttöku í vörusýningum og auknum upplýsingaskiptum með aukin viðskipti í huga.

Verulegur samdráttur hefur verið í útflutningi til Bandaríkjanna undanfarin ár og hefur hlutdeild þeirra í heildarútflutningi farið ört lækkandi. Árið 1985 var um 27% af heildarútflutningi flutt út til Bandaríkjanna, 22% árið 1986, 18% árið 1987 og einungis um 14% á árinu 1988. Fryst fiskflök eru um 3/4 af útflutningi til Bandaríkjanna og hefur sala þeirra dregist verulega saman að undanförnu. Um helmingur frystra fiskflaka hefur að jafnaði verið fluttur út til Bandaríkjanna, en á síðasta ári fór einungis um þriðjungur útflutningsins þangað. Sala á frystum þorskflökum, sem er um helmingur alls útflutnings frystra fiskflaka, dróst þó einungis lítillega saman og sala á frystum ýsuflökum jókst talsvert, en verulegur samdráttur var í sölu karfa- og ufsaflaka sem í æ ríkara mæli hefur verið flutt út til Frakklands og V-Þýskalands þar sem hærri verð hafa fengist og gengisþróun verið hagstæðari. Aðrar helstu útflutningsvörur til

Bandaríkjanna eru kísiljárn, rækja, humar og hörpudiskur. Sala á kísiljárni jókst nokkuð milli áranna 1987–1988, en talsvert meira í verðmætum vegna verulegrar verðhækkunar á árinu. Sala á skelfiski dróst hins vegar verulega saman og var samdrátturinn langmestur í sölu á rækju. Bandaríkjamenn hafa ekki reynst samkeppnisfærir í verði við Evrópubúa, aðallega Breta og Dani, við kaup á rækju héðan. Því er hins vegar öfugt farið með humar þar sem hærra verð hefur fengist í Bandaríkjunum en annars staðar. Bandaríkjamenn kaupa langstærsta hluta þess humars og hörpudisks sem héðan er fluttur út en sala á hörpudiski til Bandaríkjanna hefur stórlega dregist saman þar sem markaðsverð hefur farið lækkandi að undanförnu og má geta þess að einungis voru flutt út tæplega 700 tonn af hörpudiski til Bandaríkjanna, en á árinu 1987 voru flutt út tæplega 1300 tonn og 2600 tonn næstu tvö ár þar á undan.

Í viðræðum mínum við George P. Shultz, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington í október sl. var m.a. rætt um hugsanlegan samning um fríverslun landanna, en eins og kunnugt er hafa Bandaríkin gert fríverslunarsamninga við Ísrael og nýverið við Kanada.

Útflutningur til Japans gekk vel á árinu og nam útflutningur þangað um 4,7 milljörðum króna sem er heldur meiri en á árinu 1987 sem þó var algjört metár fram að þeim tíma. Margs konar ástæður eru fyrir auknum viðskiptum við Japan og má þar m.a. nefna hagstæða gengisþróun, en japanska yenið hækkaði frá árinu áður um 37% en bandaríkjadalur hækkaði á sama tíma einungis um rúmlega 12%. Auk þess hefur gengið betur að selja þangað ýmsar fisktegundir eins og t.d. grálúðu og karfa en til annarra landa, auk þess sem verð á karfa var fram eftir árinu sérstaklega hátt eins og áður hefur komið fram. Útflutningur á rækju var svipaður og árið áður en verulega dró úr sölu á kísiljárni en sala frystrar loðnu og loðnuhrogna hefur hins vegar dregist stórlega saman svo og sala hvalafurða.

Seint á árinu opnuðust möguleikar á aukinni sölu á ferskum fiski til Japans þar sem bandarískt flugfélag hóf í byrjun þessa árs að millilenda hér á landi á leið sinni frá Bandaríkjunum til Japans. Heföbundnar fisktegundir, s.s. þorskur og ýsa falla Japönum trúlega ekki í geð en líklegt er að gott verð fáist þar í landi fyrir ferskan lax svo og þorsksvil, en þó er með öllu óvíst hver framvinda í þessum útflutningi verður á næstunni.

Af útflutningi til annarra landa var mest flutt út til Færeyja, Grænlands, Nígeríu, Taiwan og Alsír. Eins og áður hefur verið greint frá tókst að selja umtalsvert magn af fiskimjöli til Alsír og nam verðmæti þeirrar sölu á árinu rúmlega 400 milljónum króna. Til Taiwan voru seld tæplega 4200 tonn af heilfrystum flatfiski fyrir um 430 milljónir króna sem er rúmlega þrefalt meira en þeir keyptu árið áður. Sala á skreið og hertum þorskhausum til Nígeríu dróst hins vegar verulega saman og nam tæplega 200 milljónum króna en útflutningur til Færeyja og Grænlands jókst verulega frá árinu áður. Útflutningur íslenskra iðnaðarvara til sjávarútvegs er stór hluti útflutnings til Færeyja og Grænlands og hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár, en einnig er talsvert flutt út af ferskum fiski til bræðslu og kindakjöti til Færeyja.

(1.4) Útflutningsráð Íslands.

Árið 1988 var annað heila starfsár Útflutningsráðs Íslands. Þann 18. mars var haldinn aðalfundur ráðsins og var þá skipuð ný stjórn.

Á vegum Útflutningsráðs starfa þrír viðskiptafulltrúar, í New York, Kaupmannahöfn og Frankfurt. Undir lok árs 1988 var gerð könnun meðal stærstu útflytjenda um æskilega staðsetningu viðskiptafulltrúa með það í huga, að fyrirtæki tækju að einhverju leyti þátt í kostnaði vegna þeirra. Niðurstöður þeirrar könnunar liggja ekki fyrir, en mikill áhugi virðist vera á staðsetningu viðskiptafulltrúa í Tokyo, á Grænlandi og í Færeyjum. Gera má ráð fyrir, að starfsemi viðskiptafulltrúa verði endurskipulögð á árinu 1989. Viðskiptafulltrúarnir hafa unnið að öflun upplýsinga og aðstoðað við undirbúning og skipulagningu sýninga og

kynninga, en viðskiptafulltrúinn í New York hefur jafnframt verið starfsmaður „The Icelandic American Chamber of Commerce", sem hefur unnið mikið starf við að auka samskipti Íslendinga og Bandaríkjamanna í viðskiptamálum.

Á árinu 1988 skipulagði Útflutningsráð þátttöku íslenskra fyrirtækja í átta alþjóðlegum vörusýningum. Fjórar þeirra voru sýningar á vélum og tækjum fyrir sjávarútveg, en þær voru í Glasgow, Nuuk, Þrándheimi og Boston. Húsgagnaframleiðendur tóku þátt í sýningu í Kaupmannahöfn, ullarvöruframleiðendur í Dusseldorf og Brno í Tékkóslóvakíu. Stærsta íslenska sýningarsvæðið á árinu var hins vegar á alþjóðlegu matvælasýningunni SIAL í París, en í þeirri sýningu tóku þátt allir stærstu útflytjendur sjávarafurða frá Íslandi. Þá var í fyrsta skipti sýnt undir sameiginlegu merki og slagorði útflytjenda.

Markaðsátaki í Svíþjóð var haldið áfram og dagana 22.–27. febrúar var haldin Íslandsvika á Sheraton hótelinu í Gautaborg. Í framhaldi af Íslandsvikunni ákváðu nokkrir útflytjendur tilbúinna matvæla að reyna að koma afurðum sínum í verslanir í Svíþjóð og var haldin sérstök vörukynning í einni af stórverslunum ICA í Boras í nóvember sl.

Á árinu gaf Útflutningsráð út tæknivörubækling á ensku, „Cutting Edge", öðru sinni, en í honum eru kynntar ýmsar vélar og tæki fyrir sjávarútveg. Útflutningsráð gaf einnig út almennan bækling um ráðið og íslenska útflytjendur á ensku. Bæklingur þessi fékk heitið „Iceland – A Source of Quality" og var hann prentaður í 40 þúsund eintökum. Auk þess gaf ráðið út í samvinnu við Iðnþróunarsjóð handbók fyrir þá, sem eru að hefja útflutning. Handbók þessi fékk heitið „Til að byrja með". Útflutningsráð stóð einnig fyrir útgáfu sérrita með tveimur sjávarútvegstímaritum, „World Fishing" í Bretlandi og „National Fisherman" í Bandaríkjunum.

Á árinu stóð Útflutningsráð fyrir móttöku á nokkrum hópum erlendra blaðamanna. Í júní komu til Íslands fjórtán blaðamenn frá þekktum matvælatímaritum í Bandaríkjunum á vegum Útflutningsráðs, „Iceland Seafood Corporation" og „Coldwater Ltd." Nokkrir þýskir blaðamenn komu til Íslands vegna fyrirhugaðrar opinberrar heimsóknar forseta Íslands til V-Þýskalands og annaðist Útflutningsráð kynningu fyrir þá. Útflutningsráð fékk jafnframt tækifæri til að kynna íslenskar afurðir fyrir tuttugu og fimm finnskum blaðamönnum sem komu til Íslands á vegum Flugleiða hf. og fyrir hundrað og tuttugu blaðamönnum sem komu til Íslands í tengslum við frumkynningu Christian Dior á nýju ilmvatni á Íslandi.

Á árinu 1988 voru starfandi fjórir útflutningshópar fyrirtækja sem framleiða vélar og tæki fyrir sjávarútveg. Hópur 1, „Icelandic Export Group No 1", lagði áherslu á Grænland, Bandaríkin og Kanada. Hópur 2, „Icelandic Quality Export Group", lagði aðaláherslu á Færeyjar, Noreg, Skotland og Danmörku. Hópur 3, „Icepro Group", starfaði á austurströnd Bandaríkjanna. Á árinu var stofnaður fjórði hópurinn, „Marel Marketing Group", sem valdi sér Kanada sem markaðssvæði. Í hverjum hópi eru yfirleitt 4–6 fyrirtæki sem áhuga hafa á sama markaðssvæði. Þau ráða sér markaðsstjóra sem annaðhvort er staðsettur á Íslandi eða á markaðssvæðinu sjálfu. Hóparnir gefa út sameiginleg kynningargögn, fyrirtækin taka þátt í vörusýningum undir heiti hópsins og eiga náið samstarf á mörgum öðrum sviðum. Fyrirhugað er á árinu 1989 að fjölga útflutningshópunum, en þeir þykja hafa gefið mjög góða raun.

Á árinu voru haldnar sérstakar kynningar í tengslum við ferðir forseta Íslands erlendis. Íslandskynning var haldin á Ritz-Carlton hótelinu í Boston þann 23. maí og samsvarandi kynningar voru haldnar í Frankfurt og Hamborg dagana 7. og 8. júlí í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til V-Þýskalands.

Á haustfundum Útflutningsráðs í desember var lögð aðaláhersla á stefnumótandi markaðsáætlanir. Fengnir voru tveir Bandaríkjamenn til að kynna stefnumótandi markaðsáætlanir og hvetja íslensk fyrirtæki til að nýta sér þær betur í framtíðinni.

(2) Alþjóðlegt viðskiptasamstarf.

(2.1) Evrópubandalagið (EB).

(2.1.1) Sameiginlegur innri markaður.

Með ákvörðun Evrópubandalagsins að koma á sameiginlegum innri markaði árið 1992 tók allt starf innan bandalagsins mikinn fjörkipp. Einingarlögin, sem samþykkt voru 1985 en komu fyrst formlega til framkvæmda 1. júlí 1987 eru í raun forsenda þess að komið verði á sameiginlegum innri markaði. Strax var hafist handa við framkvæmdina á grundvelli sérstakrar starfsáætlunar (hvítbók). Í upphafi leit svo út að innri rekstrarvandamál bandalagsins myndu torvelda þessa áætlun og fjárkreppa fyrirsjáanlega lama bandalagið ef ekkert væri að gert. Sérstakur leiðtogafundur bandalagsins var kallaður saman 11.–12. febrúar 1988 til að ræða þessi mál og tók fundurinn á öllum helstu vandamálum. Settar voru skorður við sívaxandi útgjöldum vegna landbúnaðarstefnu bandalagsins, tekjustofn vegna stofnana bandalagsins var tryggður, framlög til byggða- og þróunarsjóða voru tvöfölduð og gengið var frá þrálátu vandamáli vegna endurgreiðslu til Breta.

Eftir leiðtogafundinn hófst framkvæmdastjórn bandalagsins handa að nýju við þau verkefni sem eru í starfsáætluninni, en ýmsar athuganir hafa leitt í ljós að með sameiginlegum innri markaði megi gera ráð fyrir framleiðsluaukningu, minnkandi atvinnuleysi og verðhjöðnun. Talið er að það starf sem unnið hefur verið vegna innri markaðarins eigi drjúgan þátt í hagstæðri efnahagsþróun í bandalaginu á árinu 1988.

Um miðjan mars, þegar þriðja áfangaskýrsla um innri markaðinn var gefin út hafði framkvæmdastjórnin lagt fram rúmlega tvo þriðju þeirra 279 tillagna, sem henni var gert að skila. Ráðið hafði hins vegar aðeins samþykkt um fjórðung og voru reglugerðir samþykktar um fjárfestingar verðbréfasjóða, opinber útboð, tryggingar, frjálsari fjármagnsflutninga, gagnkvæma viðurkenningu háskólaprófa svo nokkrar séu nefndar. En ýmis mál eru óleyst og enn ríkir ágreiningur um hversu langt eigi að ganga í gjaldmiðilssamstarfi og samræming skatta er viðkvæmt mál innan bandalagsins. Þá hefur reynst erfitt að afnema hindranir varðandi vegabréfaeftirlit og tollskoðun farangurs m.a. vegna ótta við eiturlyfjaverslun og hryðjuverk. Þá er ofarlega á dagskrá framkvæmdastjórnarinnar umræða um hagsmuni stéttarfélaga og félagsleg réttindi. Hefur efnahags- og félagsmálanefnd bandalagsins verið falið að gera drög að félagsréttindaskrá og skila þeim fyrir mitt ár 1989.

(2.1.2) Samskipti Íslands og EB.

Sjávarútvegsstefnu EB, sem ákveðin var árið 1983 er ætlað að tryggja skynsamlega nýtingu fiskistofna, réttláta dreifingu aflans með sérstöku tilliti til þeirra svæða sem háðust eru fiskveiðum, mannsæmandi kjör sjómanna og skipulag markaðarins. Margvíslegir styrkir og fiskverð virðast hafa tryggt sjómönnum góð kjör og sæmilega afkomu útgerðar, en fiskveiðifloti bandalagsins er of stór miðað við fiskimið EB-landanna. Er því reynt að minnka flotann. Gengur það hins vegar treglega enn sem komið er þrátt fyrir styrki sem veittir hafa verið til niðurrifs og breytinga. Annað markmið hefur verið að tryggja með samningum aðgang að miðum þriðju ríkja. Gengið hefur verið frá fjölda slíkra samninga, einkum við vanþróuð ríki en raunverulegur ávinningur EB hefur oft reynst minni en til var ætlast. Þannig seldu Grænlendingar EB kvóta sem aldrei hefur veiðst upp í til fulls. Yfirlýst stefna bandalagsins er að reyna að fá aðgang að fiskimiðum þriðju ríkja með því að bjóða á móti viðskiptaívilnanir. Gerður var slíkur samningur við Kanada, sem núna er útrunninn og hefur ekki verið framlengdur vegna sinnaskipta Kanada sem nú er andsnúið slíkum skiptum. Í flestum öðrum samningum EB er annað hvort greitt fyrir fiskveiðiréttindi með þróunaraðstoð eða með fiskveiðiréttindum á miðum EB.

Umræður eru hafnar um endurskipulagningu fiskveiðistefnunnar og hefur m.a. verið rætt um að leggja niður kvótakerfi en stjórna sókn í þess stað með veitingu leyfa til einstakra báta. Þeir sem lengst hafa viljað ganga í innri markaðsmálum hafa viljað leggja niður alla dreifingu kvóta á lönd og leyfa frjálsan aðgang að miðunum. Innan sjávarútvegsgeirans hafa þær hugmyndir ekki verið taldar raunhæfar. Evrópuþingið hefur og mælt með því að frelsi til þess að setja upp fyrirtæki innan innri markaðar verði takmarkað í sjávarútvegi.

Þeir þættir sem beinast snerta Ísland eru markaðsmálin. Verið er að vinna að allsherjar reglugerð um sjávarafurðir, sem mun samræma heilbrigðiskröfur innan bandalagsins. Ekki ættu þær kröfur að verða íslenskum útflutningi til trafala svo fremi sem íslenskt eftirlit og staðlar njóta viðurkenningar í EB. Sérstök reglugerð um hringorma er í vinnslu. Fyrsta útgáfa hennar, sem kom út fljótlega eftir hringormahneykslið í V-Þýskalandi, var mjög svo óraunsæ og vart framkvæmanleg en verið er að sníða af henni helstu vankantana.

Viðskiptin við Evrópubandalagið hvíla á grundvelli fríverslunarsamnings frá 1972, sem efnislega er svipaður EFTA-samningnum, sem Ísland gerðist aðili að tveimur árum áður. Fríverslun er með iðnaðarvörur og er það tollfrelsi reyndar skilyrði fyrir framleiðslu orkufreks iðnaðar á Íslandi, sem hefur sérstaklega þýðingarmikinn markað innan EB. Fríverslunarákvæðin taka einnig til frysts fisks, lýsis, mjöls og lagmetis, sem enginn tollur er á, og ísfisks, sem er lágt tollaður, og er dreift all víða innan EB. Viðskiptalegt hagræði fríverslunarsamningsins við EB og ávinningur fyrir þjóðarbúið allt, var í fyrra, svo sem á undangengnum árum, geysimikið.

Saltfiskur er ekki fríverslunarvara til EB, samkvæmt fríverslunarsamningi okkar, en á sl. ári var svipað fyrirkomulag um tolla og fyrri ár. Sérstakur tollfrjáls kvóti, 25.000 tonn, er samkvæmt samkomulagi í GATT, en að auki leyfði bandalagið 52.500 tonna innflutning á 5% tolli. Umfram þennan tollkvóta var 13% tollur á óverkuðum saltfiski, en engar magntakmarkanir. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hver meðaltollur útflutnings okkar á saltfiski til EB-landanna var, en hann var sem sagt háður 0 eða 5% tolli meðan tollkvótar hrukku til og loks 13% tolli síðla á árinu. Tollgreiðslur á blautverkuðum saltfiski jukust vafalaust á sl. ári m.a. vegna mikils útflutningsmagns, en þær hafa væntanlega verið að meðaltali innan við 5%. Við þetta bætast erfiðleikar vegna ónógra tollkvóta fyrir saltfiskflök en þar er fullur tollur 20%, (16% fyrir ufsa) og magntilfærsla milli ársfjórðunga á Spáni á aðlögunartíma þess. Væntanlega skipti tollurinn minna máli árin fyrir 1988, því um var að ræða miklar verðhækkanir á saltfiskmörkuðum og mætti ætla að kaupandinn hafi tekið á sig tollhækkun, a.m.k. að einhverju leyti. Á árinu sem leið breyttist þetta því markaðsaðstæður gerðust enn óhagstæðari og verð féllu miðað við árið áður. Þá ber einnig að geta þess, að framkvæmd þessa innflutningsfyrirkomulags fyrir blautfiskinn felur í sér erfiðleika fyrir útflytjendur utan bandalagsins. Á hverju ári ríkir nokkur óvissa um hver viðbótartollkvótinn verði, þ.e. bæði magnið og svo tollurinn. GATT-tollkvótanum var sagt upp eftir aðild Spánar og Portúgal en hann hefur verið framlengdur frá ári til árs meðan samningaviðræðum innan GATT um tollbreytingar vegna stækkunar bandalagsins er ólokið. Segir það sig sjálft, að staða seljandans í sölusamningum er hin erfiðasta miðað við varanlegt frjálslegt viðskiptasamkomulag.

Ekki hefur skort neitt á skilning íslenskra stjórnvalda á þessum vanda, tilrauna ráðherra né stöðugrar viðleitni sendiráðsins í Brussel til að leita lausna. Þó þessi viðleitni hafi enn komið fyrir ekki, má geta þess að engu einu hagsmunamáli Íslands hefur verið meira sinnt af hálfu sendiráðs okkar í Brussel á síðasta ári gagnvart framkvæmdastjórn EB eða aðildarríkjum þess en saltfiskinum.

Það verður þó að hafa hugfast að saltfiskútflutningur okkar til Suður-Evrópu hefur sjaldan verið meiri. Útflutningur blautverkaðs saltfisks var þannig 43.733 tonn árið 1985, árið áður en Spánn og Portúgal gengu í Evrópubandalagið, en var 53.015 tonn árið 1988. Hann

hefur því aukist um yfir 20%. Eflaust má rekja ákvörðun EB að setja aftur á 13% toll á saltfisk og 20% á flök til fiskveiðistefnu bandalagsins, en eins og skýrt var frá hér að ofan, gerir hún ráð fyrir því að bandalagið krefjist fiskveiðiréttinda í lögsögu annarra ríkja gegn því að veita tollívilnanir. Er því ljóst, að EB ætlaði sér að styrkja eigin samningsstöðu með því að taka upp þessa tolla.

Þegar ný og samræmd tollskrá var tekin í notkun innan bandalagsins var tekin upp ný og nákvæmari sundurliðun karfa, þ.e. þrír karfastofnar voru tilgreindir í stað eins áður. Vakti sjávarútvegsdeild bandalagsins máls á því að þær tollívilnanir sem Ísland hefði á karfa skv. bókun 6 í fríverslunarsamningum, ættu aðeins við eina af þessum þremur tegundum. Eftir mikinn eftirrekstur og eftir að bandalagsmenn höfðu gert sér grein fyrir því að tæpast væri framkvæmanlegt að sundurgreina þessar karfategundir við tollafgreiðslu, sættust þeir á að bókun 6 skyldi ná til allra tegundanna þriggja.

Um áramótin 1987/88 rann út sá frestur sem íslensk sláturhús höfðu haft til þess að uppfylla kröfur bandalagsins. Sótt var um frest sem ekki fékkst og var því ekki um að ræða neinn kjötútflutning frá Íslandi til bandalagsins á árinu.

Samkomulag náðist á árinu milli framkvæmdastjórnar og íslenskra stjórnvalda um texta rammasamnings um vísindi og tækni. Sá samningur hefur enn ekki hlotið fulla afgreiðslu í stjórnkerfi bandalagsins en vonir standa til þess að henni ljúki í vor. Forseti Evrópuþingsins Lord Plumb sótti Ísland heim á sl. vori svo og sú nefnd Evrópuþingsins, sem sér um tengsl við Norðurlönd. Auk þess sótti Narjes, varaforseti framkvæmdastjórnar og sá meðlimur í framkvæmdastjórn EB sem fór með iðnaðarmál Ísland heim á síðastliðnu vori. Þessar heimsóknir voru mjög gagnlegar til kynningar á íslenskum viðhorfum. Sjávarútvegsráðherra kynnti bandalaginu stöðu íslensks sjávarútvegs í viðræðum við Manuel Marin, yfirmann sjávarútvegsmála á fundi þeirra í Brussel hinn 7. mars sl.

(2.2) Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).

Fyrri hluta árs 1988 var af hálfu fastanefndar Íslands í Genf unnið að því að ná samstöðu meðal annarra fastanefnda um samningsgrundvöll, sem leitt gæti til ákvörðunar ráðherrafundarins í Tampere um fríverslun með sjávarafurðir. Á fundinum sjálfum urðu síðan langar og strangar óformlegar viðræður, sem lauk með því, að komið var á fót sérstakri nefnd háttsettra fulltrúa ráðherra til að undirbúa tillögur um fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA og jafnframt að leggja til áætlun um framkvæmd hennar. Nefndin fékk einnig það hlutverk að láta gera nákvæma úttekt á ríkisstyrkjum til sjávarútvegsins í EFTA-ríkjum. Á ráðherrafundinum í Tampere sagði þáverandi utanríkisráðherra, Steingrímur Hermannsson, að Ísland hefði að sjálfsögðu viljað, að þá hefði verið tekin ákvörðun um algera fríverslun með sjávarafurðir, en sagðist skilja þetta samkomulag þannig, að fríverslun með sjávarafurðir yrði ákveðin, þó að tímamörk væru ekki tilgreind sérstaklega. Fulltrúi Norðmanna tók undir þetta.

Ofangreind nefnd hefur haldið fjóra fundi og skilað áfangaskýrslu til ráðherra EFTA á fundi þeirra í Genf í nóvember sl. Lokaskýrslu á að skila til ráðherra á fundi þeirra í Noregi í júní nk. Af hálfu Íslands er ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fulltrúi í nefndinni.

Á fundi nefndarinnar 2.–3. mars 1989 hafði náðst samkomulag um flest atriði. Samkvæmt þeim drögum, sem þá lágu fyrir skyldi fríverslun taka gildi 1. júlí 1990 og jafnframt skyldu allir ríkisstyrkir til sjávarútvegs, sem áhrif hefðu á viðskipti, hafa verið felldir niður fyrir árslok 1993. Fallist hafði verið á, að Svíum skyldi heimilt að beita magntakmörkunum á innflutning á ferskum þorski og síld fram til ársloka 1993 ef hætta væri á verulegum truflunum á fiskmarkaði þeirra.

Á hinn bóginn stóð eitt veigamikið atriði óleyst. Finnar kröfðust þess, að Eystrasaltssíld og lax skyldu undanþegin fríverlsun án tímamarka, en þessar tvær fisktegundir eru yfir níutíu

af hundraði fiskveiða Finna. Á þessa undanþágu vildu Svíar ekki fallast og töldu að væri hún veitt yrði ógerlegt að fá sænska sjómenn til að fallast á að opna sænska fiskmarkaði fyrir samkeppni án ríkisstyrkja. Yrði Finnum veitt þessi undanþága yrðu Svíar að setja ýmsa fyrirvara til viðbótar.

Þegar þessi staða lá ljós fyrir ákváðu Íslendingar að setja fyrirvara við alla yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA, sem halda átti í Ósló síðar í mars. Þessum fyrirvara var haldið til streitu og á lokamínútum þess fundar samþykktu Finnar, að eftir undanþágu fram til ársloka 1992 skyldu þeir leggja fram raunhæfa tímaáætlun um afnám hindrana á innflutningi Eystrasaltssíldar og lax.

Með samkomulaginu í Ósló var ákveðið að fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir skyldi tekin upp innan EFTA. Hins vegar á enn eftir að semja um túlkun á einstökum ákvæðum EFTA-samningsins varðandi fisk, m.a. löndunarréttindi, innflutning og stofnun fyrirtækja. Þeim samningum skal lokið fyrir ráðherrafund EFTA, sem halda á í Kristiansand í Noregi um miðjan júní 1989.

Í öllum EFTA-ríkjunum hefur spurningin um það hvernig bregðast skuli við framþróun Evrópubandalagsins verið ofarlega á baugi. Í Austurríki virðast nú flestir ráðamenn og meirihluti kjósenda hallast að því að aðild að bandalaginu sé æskilegasti kosturinn. Sá hængur er þó á, að hlutleysisstefna Austurríkis, svo sem hún er skilgreind og framkvæmd, er slík, að þó Austurríkismenn telji sig geta gengið í EB og haldið hlutleysi sínu, er ekki víst að bandalagsríkin séu á sama máli. Í örri þróun bandalagsins til nánara pólitísks samstarfs mundi aðild hlutlauss ríkis vera dragbítur, en sömuleiðis má segja, að vangaveltur EFTA-ríkja um aðild að EB örvi ekki samstarfsvilja innan EFTA. Ekki er ástæða til í þessari skýrslu að fjölyrða um þá spurningu, sem oft er rædd, hvort og þá hvenær Norðmenn æskja aðildar að EB en innan bandalagsins telja flestir þá eiga greiðasta leið inn allra mögulegra umsækjenda. Svo virðist sem þeir hópar í Noregi sem helst voru andsnúnir aðild til sjávar og sveita séu nú að hugsa sitt ráð. Eftir bitrar deilur og þjóðaratkvæðagreiðslu sem skipti þjóðinni í tvennt var bandalagsaðild bannorð en hún er nú aftur til umræðu.

(2.3) Samstarf EFTA og EB.

Með Lúxemborgaryfirlýsingunni í apríl 1984 má segja að samskipti EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins hafi komist á nýtt stig (sjá fylgiskjal XII). Þar voru lögð drög að evrópsku efnahagssvæði (EES) með víðtæku samstarfi. Hafa síðan verið haldnir árlega fundir með þeim fulltrúa framkvæmdastjórnar EB, sem fer með utanríkismál og utanríkisviðskipti og ráðherrum EFTA, í sambandi við vorfundi hinna síðarnefndu. Þar til nú hefur sá fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, sem séð hefur um EFTA samskiptin, verið Belginn, Willy de Clercq, en við starfi hans tók um áramótin Hollendingurinn Frans Andriessen, sem áður fór með landbúnaðarmál í framkvæmdastjórninni. Í febrúar 1988 var að frumkvæði V-Þjóðverja efnt til nýs ráðherrafundar í Brussel þar sem saman komu allir ráðherrar EB og EFTA, sem fást við málefni innri markaðarins. Hefur þessi fundur verið nefndur Bangemann-fundurinn, eftir formanninum Martin Bangemann sem þá fór með málefni innri markaðarins í þýsku ríkisstjórninni en fer nú með þau mál í framkvæmdastjórn bandalagsins.

Á Bangemann-fundinum var ítrekaður vilji allra til að styrkja samstarf EB og EFTA og kveðið á um næstu forgangsverkefni sem ítrekuð voru á ráðherrafundi EFTA í Tampere í júní, s.s. um evrópskt staðlasamstarf, einföldun upprunareglna, tæknilegar reglugerðir, höfundarétt á sviði hugverka, ríkisstyrki, opinber útboð, útflutningshömlur og verðbætur á unnum landbúnaðarvörum. Önnur helstu samstarfsverkefnin sem starfað hefur verið að eru auðveldun viðskipta og undirbúningur þess að tollafgreiðsla verði tölvuvædd, vöruábyrgð, óbeinir skattar, menntamál, rannsóknir og þróun og umhverfismál. Unnið er að því nú að fjölga þessum verkefnum og ræða t.a.m. atvinnuleyfi fyrir lykilstarfsmenn fyrirtækja, nýtækni og

þjónustu, félagarétt, neytendamál, félagsleg málefni, fjarskipti, heilbrigðisreglugerðir í landbúnaði og sjávarútvegi og starfshópi um fjármagnsviðskipti hefur verið komið á fót.

Á árinu náðist þó nokkur árangur í samstarfsverkefnum EFTA og EB sem í lok ársins voru hátt á þriðja tug talsins, svo og í undirbúningsstarfi EFTA m.a.:

- Gagnkvæmt tilkynningakerfi milli EFTA og undirbúningur að gagnkvæmu tilkynningakerfi milli EFTA og EB um tæknilegar reglugerðir.
- EFTA-ráðherrar undirrituðu rammasamning um gagnkvæma viðurkenningu á prófunum og vottorðum, sem tekur gildi 1. janúar 1990. Hafnar voru viðræður við EB um gagnkvæma viðurkenningu á þessu sviði.
- Samkomulag náðist milli EFTA og EB um einföldun upprunareglna og tekur það gildi á næstunni. Tenging EFTA við kerfi EB um tölvuteknar viðskiptaupplýsingar (TEDIS-kerfið).
- Samkomulag sem undirritað verður á næstunni um afnám á útflutningstakmörkunum á vörum, er falla undir fríverslunarsamning EFTA-ríkja við EB.
- Samningur milli allra ríkja EFTA og EB um lögsögu dómstóla og fullnustu dóma í einkamálum var undirritaður í Lugano í september sl.
- Undirbúningur undir þátttöku EFTA-ríkja í upplýsingakerfi um opinber útboð er á lokastigi.
- Gagnkvæmum upplýsingaskiptum um ríkisstyrki í ríkjum EFTA og EB hefur verði komið á.
- Samkomulag um tilkynningaskyldu varðandi álagningu jöfnunargjalds á iðnaðarvörur sem innihalda hráefni úr landbúnaðarvörum.
- Áfram var unnið að ýmsum verkefnum, svo sem þáttum innan tæknilegra viðskiptahindrana, vöruábyrgð og varðandi óbeina skatta, eftirlíkingar á vörum, hugverkaréttindi, rannsóknir og þróunarsamvinnu, hálfleiðara og vissa þætti varðandi auðveldun viðskipta.

Til að bregðast við hinum auknu umsvifum sem fylgja ofangreindum samstarfsverkefnum var sett á fót sérstök samstarfsnefnd ráðuneytanna um samskipti Íslands við EFTA og EB, sem starfar undir forystu utanríkisráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja það að öllum þeim verkefnum sem upp koma í þessu samstarfi sé sinnt eins og þörf er á með hliðsjón af stefnumótun stjórnvalda.

Störf nefndarinnar hófust með því að utanríkisráðuneytið deildi niður verkefnum í samráði við einstök ráðuneyti og þau svið sem hvert ráðuneyti hefur umsjón með. Ráðuneytin tilnefndu fulltrúa til að vera tengiliðir við utanríkisráðuneytið og viðkomandi ráðuneyti og undirstofnanir þess. Með þessu móti fylgjast ráðuneytin betur með einstökum málum, þó vinna fari á sumum sviðum fram í sérstofnunum, sem undir þessi ráðuneyti heyra.

Hérna er um langtíma skipulagningu að ræða og stefnan er að byggja upp samskiptanet, til að stjórnvöld verði viðbúin þeim breytingum sem framundan eru í Evrópu. Það er verið að byggja upp sérþekkingu um einstaka málaflokka og með þátttöku í því starfi komast sjónarmið íslenskra stjórnvalda til skila. Þetta samstarf byggir á nánu samstarfi við hagsmunaaðila atvinnulífsins og til að auðvelda þau samskipti hefur Útflutningsráð Íslands tekið að sér það verkefni að vera tengiliður stjórnvalda við atvinnulífið.

Á undanförnu ári hefur einnig verið starfandi sérstök þingmannanefnd til að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem stendur fyrir dyrum í Evrópu og sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðs innri markaðar Evrópubandalagsins og áhrif þess á íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Ekki er ástæða til að fara ítarlega út í störf nefndarinnar hér. Nú þegar hefur verið unnið mikið starf á vegum nefndarinnar og hefur hún gefið út bæklinga um einstaka málaflokka, en ætlunin er að nefndin ljúki störfum með útgáfu heildarskýrslu á vordögum.

Við framkvæmd Lúxemborgaryfirlýsingarinnar hefur samstarfið við EB orðið æ nánara, sem þýðir í raun það, að starfsemi EFTA snýst að yfirgnæfandi leyti um það samstarf en ekki

innbyrðis fríverslun aðildarríkjanna. Sérstök EFTA skrifstofa var sett upp í Brussel á árinu til að auðvelda það starf og hefur hún strax komið að góðu gagni. Eitt af brýnustu verkefnum EFTA-ríkjanna er að breyta sínum vinnuaðferðum, ná samstöðu um samningsaðferðir gagnvart EB og taka til rækilegrar athugunar ýmsa framkvæmdaþætti. Má þar nefna framkvæmd og eftirlit með samningum, sem gerðir eru við EB. Takist EFTA-ríkjunum að ná samstöðu um lagalega samræmingu á þessu sviði, án þess að afsala sér sjálfsforræði, væri miklum áfanga náð í EFTA-samstarfinu og ekki síður gagnvart EB.

Í byrjun þessa árs flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB ræðu í Evrópuþinginu í Strasborg og boðaði þar helstu atriði í stefnu nýrrar framkvæmdastjórnar. Það þykir tíðindum sæta að Delors vék að sambandi EFTA og EB í alllöngu máli og braut þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Þar veltir Delors fyrir sér þeirri spurningu hvort nýtt skipulag þurfi að koma til í stað þess sem nú er milli EFTA og EB. Í raun væri þá um tvær leiðir að ræða:

Í fyrsta lagi að halda sig við núverandi samskiptahætti, sem væru í eðli sínu tvíhliða, þ.e. EB og hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig og stefna þannig að fríverslun sem nái til EFTA og EB.

Í öðru lagi að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefði verið talið koma til greina og gera samstarfið virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum, leggja áherslu á hinn pólitíska þátt á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Með öðrum orðum samvinna og samstarf á sem sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum.

Þessi ræða Delors og viljayfirlýsing um nánara samstarf við EFTA-ríkin, sem fram kom á leiðtogafundi Evrópubandalagsríkja á Rhodos í desember 1988, urðu tilefni þess að EFTA-ríkin settu fram ákveðnar hugmyndir um framhald þessa máls og samskipti sín innbyrðis á leiðtogafundi sínum í Ósló 14.–15. mars sl.

Á leiðtogafundi EFTA í Ósló var hápunkturinn, frá sjónarhóli Íslands, að lýst var yfir fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA frá 1. júlí 1990, eins og nánar er greint frá annars staðar í þessari skýrslu. Helstu atriði í yfirlýsingu fundarins eru annars þessi:

1. Ítrekað er að aukin samræming efnhagslífs EFTA-ríkjanna og EB styrki Evrópu og auki hagsæld hennar. Áfram beri að vinna að því að koma á evrópsku efnahagssvæði.
2. Lýst er yfir vilja til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri töku ákvarðana og stjórnarstofnunum til þess að gera samstarfið árangursríkara.
3. Gert er ráð fyrir að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki.
4. Lýst er vilja til nánara samstarfs um rannsóknir og iðnþróun, um umhverfismál, svo og á sviði menntamála til að auðvelda óhindrað skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum.
5. Bent er á, að í nánara samstarfi þurfi að gæta að félagslegum þáttum og efla vitund íbúa Evrópu um stöðu þeirra í þessari þróun.
6. Varðandi samstarf EFTA-ríkjanna sjálfra er undirstrikað í yfirlýsingunni, að samtökin séu meginvettvangur þeirra til fjölhliða samninga við EB og það samstarf skuli aukið innan EFTA á öllum sviðum tengdum evrópska efnahagssvæðinu. Nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og það kerfi sem samtökin hafa til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum sínum, til að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu evrópska efnahagssvæðinu.
7. Lögð er áhersla á að styrkja hið marghliða viðskiptakerfi, sem byggt er á reglum GATT og að berjast gegn hvers konar verndarstefnu í viðskiptum og jafnframt að styðja beri þróunarríkin og finna lausn á skuldavanda þeirra. Loks er í yfirlýsingunni fagnað árangursríkri niðurstöðu Vínarfundar RÖSE og áhuga lýst á pólitískum og efnahagsleg-

um umbótum í Austur-Evrópu, sem vonandi geti skapað grundvöll til nánari viðskipta og annara efnahagssamskipta.

Spánverjar, sem nú gegna formennsku í Evrópubandalaginu, höfðu frumkvæði að því að boða til sameiginlegs fundar utanríkisráðherra EB og EFTA-ríkja, hins fyrsta þessara ráðherra síðan Lúxemborgarfundurinn, sem tók ákvörðun um nánara samstarf EB og EFTA, var haldinn 1984. Þessi sameiginlegi fundur var haldinn í Brussel 20. mars sl., eða aðeins 5 dögum eftir leiðtogafund EFTA. Á honum kom fram mikill vilji til þess að efla samstarfið í Vestur-Evrópu, en of skammt var um liðið frá leiðtogafundi EFTA til þess að unnt væri að taka þar stefnumótandi ákvarðanir. Hins vegar var ákveðið að ráðherrarnir myndu hittast aftur fyrir lok þessa árs og meta þá stöðuna í ljósi þeirra athugana og frumviðræðna sem þá ættu að hafa farið fram um aukið samstarf EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins.

Í ræðu minni á ráðherrafundinum lýsti ég vilja Íslendinga til þátttöku í því samstarfi sem framundan er og benti jafnframt á, að frá sjónarhóli Íslands hlyti evrópskt efnahagssvæði að fela í sér afnám allra hafta í viðskiptum með sjávarafurðir.

(2.4) Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðlegar viðskiptaviðræður, sem hófust með ráðherrafundi GATT í Uruguay 1986 eru án efa ein umfangsmesta tilraun þeirra 96 ríkja sem aðild eiga að GATT til að ná verulegum árangri við að auðvelda milliríkjaviðskipti. Með markvissum aðgerðum til að lækka tollmúra og draga úr öðrum viðskiptahindrunum aukast viðskipti þjóða á milli öllum til hagsbóta.

Á árinu 1988 miðuðu Uruguay-viðræðurnar fyrst og fremst að því að leggja grunn að samningsgerð aðildarríkjanna, sem vonast er til að geti hafist síðari hluta 1989 og stefnt er að því að þeim ljúki fyrir árslok 1990. Mörg erfið mál bíða þó úrlausnar svo sem viðskipti með landbúnaðarvörur.

Dagana 5.–9. desember var efnt til ráðherrafundar GATT í Montreal í Kanada. Þar var rædd staða hinna ýmsu mála í viðræðunum og lokaáfanginn undirbúinn. Viðskiptaviðræðunum í GATT hefur verið skipt í þrjá megin málaflokka, þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og eftirlit. Varðandi vöruviðskiptin hefur umræðum verið skipt í fjórtán undirnefndir, sem hver um sig fjallar um afmarkaða þætti viðskiptanna. Fyrir fundinn í Montreal hafði tekist samkomulag í sjö nefndum um samningsaðferð næstu tvö árin og meðan á fundinum stóð tókst samkomulag um fimm málaflokka til viðbótar. Samkomulag tókst hins vegar ekki um landbúnaðarmál, höfundarétt á sviði hugverka, vefnaðarvörur og verndaraðgerðir. Landbúnaðarmálin eru án efa erfiðust viðfangs, en ágreiningur er líka mikill varðandi höfundarétt á sviði hugverka. Þess er vænst að hægt verði að leysa ágreining um þessi mál á næstu mánuðum, þannig að jákvæður árangur náist á næsta allsherjarfundi viðræðnanna í apríl n.k.

Varðandi stöðu einstakra mála má geta þess, að samkomulag hefur tekist um fyrirkomulag tollaviðræðna. Stefnt er að 30% lækkun tolla að meðaltali á iðnaðarvörum og að tollbindingum verði fjölgað. Gert er ráð fyrir því að formlegar samningaviðræður hefjist eigi síðar en 1. júlí 1989.

Nefndin sem fjallar um aðrar viðskiptahindranir en tolla, stefnir að því að ná samkomulagi sem fyrst um hvað skuli teljast viðskiptahindrun og eru komnar fram tillögur um að það skuli vera innflutningskvótar, upprunareglur, ýmis þjónustugjöld og mismunandi reglur og kröfur um eftirlit. Rætt er um að takist ekki að afnema þessar tæknilegu viðskiptahindranir megi breyta þeim í tolla.

Í náttúruauðlindanefndinni liggur fyrir samningsrammi þó samkomulag hafi ekki tekist um mikilvæga þætti, eins og hvaða vöruflokkar falli undir störf nefndarinnar eða hvaða tolllækkunaraðferðum skuli beita. Enginn ágreiningur er um að samningaviðræðurnar eigi að ná til fisks og fiskafurða, en um þessar vörur er fjallað í náttúruauðlindanefndinni. Þá er

samkomulag í nefndinni um viðskipti með skógafurðir, málma og málmleysingja. Nokkur ríki hafa krafist þess að orkugjafar og þættir tengdir orkuframleiðslu verði líka ræddir í nefndinni.

Evrópubandalagið ítrekaði þau sjónarmið sem bandalagið hefur áður kynnt á ráðherrafundinum í Punta del Este, að EB væri ekki til viðtals um samkomulag um fisk og fiskafurðir, nema allir þættir, sem eru sérstakir fyrir þessar afurðir og hafa viðskiptáhrif, verði dregnir inn í umræðuna. Hér á EB að sjálfsögðu við aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja. Norðurlöndin mótmæltu þessu á sínum tíma og hafa lagt mikla áherslu á að umræður um aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja eigi ekki heima í Uruguay-viðræðunum. Á árinu komu ekki fram nein ný sjónarmið um þetta. Vegna þessara sérsjónarmiða Evrópubandalagsins er því enn óvíst hvort sérstakar samningaviðræður verði um fisk og fiskafurðir.

Á fundinum í Montreal lögðu 29 iðnríki fram tilboð um lækkun tolla á hitabeltisafurðum frá þróunarríkjunum. Samtals er áætlað að tilboðið feli í sér um 25–30 milljarða dala tolllækkun. Þegar ljóst var að samkomulag myndi ekki nást um framhaldsmeðferð á öllum sviðum, m.a. varðandi landbúnað, gengu þróunarríkin hart fram í því að iðnríkin létu tilboð sín standa, en ýmis þeirra höfðu skilyrt sitt tilboð við væntanlegan árangur á öðrum sviðum. Niðurstaðan varð sú, að flest ríki gáfu slíkar yfirlýsingar, þar á meðal Svíþjóð, Finnland og Noregur, svo og EB-ríkin. Ísland hefur ekki enn lagt fram tilboð um tolllækkanir á þessu sviði til handa þróunarríkjunum.

Samkomulag hefur náðst um að styrkja aðferðir við lausn deilumála með því að gera núverandi fyrirkomulag GATT-samkomulagsins virkara í framkvæmd. Reglur um starfsemi úrskurðarnefnda hafa verið hertar og tímafrestir styttir, þannig að það ríki sem ber fram umkvörtun þarf ekki að bíða árum saman eftir úrskurði eins og dæmi er um. Reynt var að koma á þeirri reglu að aðilar umkvörtunarefnis gætu ekki komið í veg fyrir samþykki GATT-ráðsins á niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Þetta tókst ekki.

Samkomulag um samningsramma eða texta varðandi vefnaðarvörur náðist ekki í Montreal eins og áður sagði, þar sem Bandaríkin og fleiri iðnríki töldu ekki ástæðu til að koma til móts við þróunarríkin sem ekki hefðu sýnt neina viðleitni að vilja ganga frá texta og samningsgrunni hvað varðar höfundarétt á sviði hugverka. Í reynd er talið að hægt verði að ná samkomulagi um að „frysta" frekari innflutningstakmarkanir iðnríkjanna á vefnaðarvörum og jafnframt að MFA samningurinn (Multi-Fibre Arrangement) verði ekki endurnýjaður, en hann rennur út 1991. GATT-samningurinn yrði því lagður til grundvallar. Talið er að vefnaðarvöruviðskipti í heiminum séu nú um 162 milljarðar dala á ári.

Mikil andstaða kom líka frá þróunarríkjunum varðandi mótun nýrra reglna um höfundarétt á sviði hugverka. Indland hafði forystu um að tefja málið, en stefna sumra þróunarríkja hefur verið að Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) eigi áfram að hafa með þessi mál að gera. Afstaða Bandaríkjanna, Evrópubandalagsins, Sviss og Japans hefur verið sú, að höfundarétt-indi á sviði hugverka verði að ræða innan GATT, þar sem engin önnur leið sé fyrir hendi að ná einhverjum tökum á þeirri óstjórn sem ríkir í þessum málaflokki. Setja þurfi staðla og grunnreglur, til að koma í veg fyrir ólöglegar eftirlíkingar. Meðal annars hefur verið bent á að WIPO hafi ekki náð neinum árangri við að vernda þennan rétt á ýmsum sviðum, svo sem varðandi uppgötvanir á sviði lyfjaframleiðslu.

Samkomulag náðist um framhaldsvinnu á ýmsum tæknilegum sviðum GATT-samkomulagsins, þar á meðal endurskoðun einstakra ákvæða þess, athugun ýmissa sérsamninga innan GATT sem gerðir voru í Tokyó-viðræðunum, svo og endurbætur á núverandi ákvæðum um styrki og gagnaðgerðir, þ.e. undirboðs- og jöfnunartollar. Undantekning er þó varðandi vinnubrögð við endurskoðun á undanþáguákvæðum 19. gr. GATT-samkomulagsins, sem enn er óleyst. Ekki er þó talið að erfitt verði að ná samkomulagi um þetta þegar árangur næst á öðrum sviðum.

Þjónustuviðskipti er málaflokkur sem ekki hefur áður verið samið um innan GATT. Nú liggur fyrir samþykkt hvernig nálgast megi samkomulag um þjónustuviðskipti. Þetta er fyrsta skrefið til að ná fjölþjóðlegu samkomulagi um svið sem hingað til hefur ekki verið bundið neinum reglum í milliríkjaviðskiptum. Stefnt er að því að koma á svipuðum reglum og gilda um vöruviðskipti þannig að hægt verði að auka frjálsræði í þjónustuviðskiptum landa í milli á sviðum eins og banka- og tryggingastarfsemi, auglýsingastarfsemi, lögfræði- og verkfræðiþjónustu, flutningum, ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Hér hefur þó aðeins verið stigið fyrsta skrefið í átt að samkomulagi og er töluvert langt í land að varanlegir samningar um einstök svið náist.

Á fundinum í Montreal lýstu ráðherrar yfir mikilvægi þess að aðildarríki GATT setji ekki nýjar viðskiptahindranir meðan á Uruguay-viðræðunum stendur og þau leggi niður þær viðskiptahindranir sem samræmast ekki GATT-samningnum og túlkun á honum.

Þá hefur orðið samstaða um að athuga reglulega viðskiptastefnu einstakra aðildarríkja innan GATT á svipaðan hátt og ársyfirheyrslur OECD yfir einstökum löndum. Með þessu móti er vonast til að virkni GATT-kerfisins verði aukin. Viðskiptastefna Bandaríkjanna, Evrópubandalagsins, Japans og Kanada verði athuguð annað hvert ár og viðskiptastefna annara ríkja á fjögurra eða á sex ára fresti. Stefnt er að því að kanna með slíkri athugun áhrif viðskiptastefnu einstakra landa á alþjóðaviðskipti, þannig að önnur ríki geti komið athugasemdum að. Jafnframt var ákveðið að auka þátttöku ráðherra í starfsemi GATT, þannig að a.m.k. verði haldnir ráðherrafundir annað hvert ár. Auk þess er gert ráð fyrir nánara samstarfi GATT við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

Á ráðherrafundinum í Montreal kom greinilega fram að landbúnaður gegnir aðalhlutverki í Uruguay-viðræðunum. Náist árangur á þessu sviði mun árangur á mörgum fleiri þáttum viðræðnanna áreiðanlega fylgja á eftir. Þessi þáttur samningaviðræðnanna er í reynd mál Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins, en önnur ríki hafa takmarkaða möguleika á að hafa þar afgerandi áhrif. Afstaða Evrópubandalagsins í Montreal var mjög einörð og samstaða innan þess mjög góð og hafnaði það öllum langtímalausnum sem gengu lengra en Punta del Este-samkomulagið.

Í stuttu máli eru megin þættir á landbúnaðarsviðinu innan Uruguay-viðræðnanna þessir:

(a) Skammtímaákvarðanir til loka samningstímabils Uruguay-viðræðnanna 1990, sem grundvallist á „frystingu“ á núverandi styrkjafyrirkomulagi og e.t.v. lækkun um einhverja prósentutölu. Evrópubandalagið og væntanlega Norðurlöndin geta fallist á slíka stefnumörkun.

(b) Langtímaákvarðanir, þar sem Bandaríkin krefjast þess að felldir verði niður innan ákveðins tímaramma allir beinir styrkir sem valda mismunum í viðskiptum með landbúnaðarvörur.

(c) Samræming á heilbrigðisreglugerðum vegna landbúnaðarvara er miða að því að vísindalegur grunnur sé fyrir hendi við framkvæmd þeirra. Slíkar reglugerðir verði ekki notaðar sem dulbúin viðskiptahindrun.

Eins og áður hefur verið skýrt frá hafa Norðurlöndin, sem ekki eru í Evrópubandalaginu, þ.e. Ísland, Finnland, Noregur og Svíþjóð með sér samstarf í viðskiptaviðræðunum og koma fram sem einn aðili í samninganefndum þar sem löndin skipta með sér verkum. Þá er náið samstarf fastanefnda ríkjanna í Genf um alla þætti viðræðnanna. Hefur þetta fyrirkomulag auðveldað okkur Íslendingum að fylgjast með þróun mála í viðræðunum.

VI. Þróunarsamvinna.

Árið 1988 voru veittar á fjárlögum rúmlega eitt hundrað milljónir króna til verkefna sem flokkast undir opinbera þróunaraðstoð (*ODA-aðstoð, Official Development Assistance*). Þar með eru talin ýmis verkefni sem rekin eru af Sameinuðu þjóðunum og stofnunum þeirra og iðnríki heims greiða til samkvæmt ákveðnum reglum, oftast höfðatölu. Slík starfsemi er kölluð fjölhliða þróunaraðstoð (Multilateral Development Aid). Þessi skylduframlög hafa löngum verið mikill meirihluti þróunarfjárveitinga íslenska ríkisins, á árinu 1988 tæp 65% eða um sjötíu milljónir króna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) annast samkvæmt lögum þá tvíhliða þróunarsamvinnu sem íslenska ríkið stendur að. Til þróunarverkefna var veitt fjörtíu milljónum króna árið 1988. Meiri hluta þess fjár var varið til verkefna á Grænhöfðaeyjum, þar af um tuttugu milljónum til fiskveiðiverkefnisins, og um fjórum milljónum til heilsugæslu og ýmissa félagslegra verkefna á eyjunum. Verkefnum hefur miðað vel áfram og er reiknað með því að fiskveiðiverkefnum ljúki samkvæmt áætlun upp úr miðju yfirstandandi ári og R/S Fengur haldi á vit nýrra verkefna. Þó er áformað að halda áfram nokkurri sérfræðiaðstoð á sjávarútvegssviðinu þar til samvinnusamningur Íslands og Grænhöfðaeyja rennur út í árslok 1990. Þetta verður m.a. gert til að eiga síður á hættu, að sá góði árangur sem náðst hefur falli í gleymskunnar dá. Fiskveiðiverkefni Þróunarsamvinnustofnunar á Grænhöfðaeyjum hefur staðið með hléum í nær tíu ár og er langstærsta og þýðingarmesta verkefnið af þesssum toga sem Íslendingar hafa tekið að sér og því afar mikilvægt að ljúka við að festa hina hagnýtu þekkingu og reynslu betur í sessi.

Af öðrum verksviðum Þróunarsamvinnustofnunar var fyrirferðamest norrænt samstarf í suðurhluta Afríku. Nýtt er þar starf norræns fiskimálafulltrúa á þeirri skrifstofu „Þróunarbandalags Suðurhluta Afríku" (SADCC), sem fer með fiskimál og hefur aðsetur í Malavi. Þar tók til starfa síðastliðið sumar á vegum stofnunarinnar íslenskur sjávarútvegsfræðingur sem verður eins konar tengiliður á sviði fiskimála milli Norðurlanda og SADCC-ríkjanna. Íslendingar eru aftur á móti að draga sig út úr nokkrum gömlum verkefnum í þessum heimshluta. Þátttöku í verkefni um stofnun og rekstur samvinnufélaga í Kenía lauk um mitt ár 1988 og í sams konar verkefni í Tansaníu í árslok. Ísland greiðir til landbúnaðarverkefnis í Mosambik til áramóta 1989/1990. Heildarútgjöld til verkefna í þessum heimshluta námu á árinu 1988 um tíu milljónum króna.

Á fjárlögum fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir sextíu milljóna króna fjárveitingu til ÞSSÍ eða hækkun um 50%. Enn fremur samþykkti ríkisstjórn og Alþingi þátttöku í Þróunarsjóði Norðurlanda með fjárskuldbindingu upp á um ellefu milljónir króna á ári næstu fimm ár. Framlög til fjölhliða aðstoðar á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa aftur á móti hækkað mun minna eða að meðaltali um 14–15% eins og fjárveitingar til stofnana almennt milli áranna. Þetta þýðir að hlutfallið á milli tvíhliða þróunarsamvinnu og fjölhliða aðstoðar er farið að nálgast 1:1 í stað 1:2 eins og verið hefur. Þetta hlutfall er hjá Norðurlöndunum og öðrum vestrænum iðnríkjum oftast nær 2:1. Í fylgiskjali XIII með skýrslu þessari eru borin saman opinber framlög Íslands til þróunarsamvinnu og framlög nokkurra nágrannalanda bæði í tölum og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þjóðarframleiðslu þessara landa má aftur á móti í stórum dráttum miða við fólksfjölda.

VII. Varnarmál og starfsemi tengd varnarsvæðum.

Markmið Íslendinga í öryggis- og varnarmálum er að tryggja fullveldi, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Hornsteinn þessarar stefnu er þátttaka okkar í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, en tilgangur þess samstarfs hefur ætíð verið að tryggja frið í okkar heimshluta. Innan ramma varnarsamningsins við Bandaríkin frá 1951 höfum við lagt fram okkar skerf til varnarsamstarfs ríkja Atlantshafsbandalagsins.

(1) Varnarmálaskrifstofa.

Varnarmálaskrifstofa fer með málefni, er varða framkvæmd varnarsamningsins. Hlutverk hennar er einnig að leggja mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Skrifstofan hefur með höndum þátttöku Íslands í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins; samstarf við yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi og varnarmálaráðuneyti annarra ríkja bandalagsins.

Varnarmálaskrifstofan hefur yfirstjórn ríkisstofnana, sem starfa á eða eru í tengslum við varnarsvæðin og eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum, er starfa á varnarsvæðum.

(2) Ríkisstofnanir á varnarsvæðum.

(2.1) Lögreglustjóraembættið.

Engin breyting var á heimiluðum stöðugildum á árinu þannig að í árslok voru starfsmenn níutíu og þrír talsins, þar af tveir í hálfu starfi. Stöðugildi hjá lögreglu eru fimmtíu og eitt, en hjá tollgæslu þrjátíu og eitt. Varnarliðið endurgreiðir tólf stöðugildi í lögreglu, og Fríhöfnin og verktakar endurgreiða tvö stöðugildi í tollgæslu.

Nokkur endurnýjun varð á starfsliði embættisins á árinu, sem valdið hefur yngingu í liðinu og jafnframt aukningu á óskólagengnu starfsliði. Því voru nítján starfsmenn sendir í lögreglu- og tollskóla. Þá voru á árinu heimiluð sex ný stöðuheiti aðalvarðstjóra í lögreglunni.

Um síðastliðin áramót hætti embættið að sinna löggæslu á Stokksnesi.

Í framhaldi af athugasemdum Vinnueftirlits ríkisins voru framkvæmdar nokkrar lagfæringar á embættisbyggingu lögreglunnar, en fullnægjandi viðgerð hússins er ekki talin svara kostnaði. Nauðsynlegt er að byggja nýja lögreglustöð sem eðlilegast væri að reisa innan girðingar varnarsvæðis. Nú stendur yfir úttekt á rekstri embættisins í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Samkvæmt endanlegum tölum eru rekstrarútgjöld ársins nálægt hundrað og níutíu milljónum króna.

Innheimtar tekjur til ríkissjóðs eru nálægt fimm hundruð og þrettán milljónum króna eða liðlega 99% af tilfallandi tekjum.

(2.2) Flugmálastjórn.

Á árinu 1988 fóru samtals 736.199 farþegar um Keflavíkurflugvöll en 748.774 árið áður eða 1,68 af hundraði færri. Skiptingin var þannig, að úr landi fóru 266.264 eða 1,07 af hundraði fleiri en á árinu 1987, en þá fóru 263.441 farþegar úr landi. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 203.867 árið 1988 en voru 226.476 árið 1987, en það er fækkun um 11,09 af hundraði. Árið 1988 komu 266.077 farþegar til landsins eða 2,79 af hundraði fleiri en árið 1987 en þá komu 258.857 farþegar hingað.

Langtímaspá flugvallaryfirvalda gerir ráð fyrir sex af hundraði meðaltalsfjölgun milli ára. Á milli áranna 1986–1987 var heildarfjölgun farþega 24 af hundraði en 6,46 af hundraði fyrir tímabilið þar á undan.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru um 139 milljónir króna á árinu. Þar af námu lendingargjöld um 129 milljónum króna. Rekstrargjöld voru um áttatíu og átta milljónir króna, þar af launakostnaður um sjötíu og fjórar milljónir króna. Skil til ríkissjóðs voru um þrjátíu og sex milljónir króna.

Á árinu 1988 störfuðu um fimm hundruð fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímann var starfsmannafjöldi á níunda hundrað.

(2.3) Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Árið 1988 er fyrsta heila árið, sem flugstöðin er í rekstri. Byggingin hefur að flestu leyti reynst vel. Þeir annmarkar, sem fram komu á sl. vetri vegna dragsúgs og kulda hafa minnkað mikið við lagfæringar á hitakerfi. Varanleg hitaveitulögn mun leysa bráðabirgðalögn af hólmi á þessu ári. Unnið hefur verið að því að ljúka ýmsum öðrum verkum í samræmi við niðurstöður sameiginlegs starfshóps skipuðum af fjármála- og utanríkisráðherra sl. sumri. Vandræði vegna of fárra bílastæða voru enn meiri sl. sumar en árið áður. Gert er ráð fyrir að úr þessu verði bætt í ár. Allt húsnæði er nú leigt út nema um hundrað og fimmtíu fermetra geymslurými í kjallara.

Rekstrarafkoma ársins 1988 var þannig, að hægt hefur verið að standa við allar skuldbindingar um greiðslu tilfallinna vaxta og afborgana. Rekstrartekjur reyndust vera um 233 milljónir króna, rekstrargjöld um 205 milljónir króna og hagnaður um 28 milljónir króna.

Í fjárlögum fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að flugstöðin standi undir rekstrarkostnaði þar með töldum fjármagnskostnaði.

(2.4) Ráðningarskrifstofa.

Ráðningarskrifstofa varnarmálaskrifstofu hefur með höndum starfsmannamál, þar á meðal ráðningu starfsfólks til varnarliðsins.

Á árinu 1988 voru ráðnir 353 menn til starfa hjá varnarliðinu, en 352 hættu störfum.

Starfsmenn varnarliðsins voru 1103 hinn 1. janúar 1989 og hafði fjölgað um einn á árinu.

Starfsmenn ráðningarskrifstofu eru tveir.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins skiptast þannig:

	1.1.1986	1.1.1987	1.1.1988	1.1.1989
stjórnun	96	104	103	114
verkstjórn	82	82	81	99
slökkvilið og snjóruðningur	118	122	139	146
iðnaðarstörf	239	194	205	195
skrifstofu- og verslunarstörf	256	320	263	244
almennt verkafólk	271	224	260	256
verkfræði- og tæknistörf	39	43	43	41
símavarsla	11	8	8	8
Alls	1113	1097	1102	1103

(2.5) Fríhöfnin.

Heildarvelta Fríhafnarinnar á síðasta ári var um 1.100 milljónir króna og hafði þá aukist milli ára um 26 af hundraði.

Hreinn hagnaður Fríhafnar var um 290 milljónir króna og skil í ríkissjóð 215 milljónir króna, eða 25 milljónum króna meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Hagnaður ársins 1988 skiptist þannig, að skil í ríkissjóð námu 215 milljónum króna, vörubirgðaaukning varð um 40 milljónir, útistandandi skuldir vegna kreditkorta jukust um 20 milljónir króna og fjárfestingar námu um 15 milljónum króna. Ársuppgjöri er ekki lokið, þannig að tölur gætu breyst lítillega innbyrðis.

Fríhöfnin tók að sér nýtt verkefni 1. október sl., sem er endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna, og námu endurgreiðslur á síðustu þremur mánuðum ársins rúmum fimm milljónum króna.

(2.6) Sala varnarliðseigna.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1988 66.898.000 kr. án söluskatts. Alls var rekstrarhagnaður áætlaður 12.000.000 kr. Í ríkissjóð var skilað 12.000.000 kr. Álagður söluskattur var 15.522.000 kr. og var því samtals skilað í ríkissjóð 27.522.000 kr., auk landsútsvars og opinberra gjalda. Afskriftir eru áætlaðar 2.200.000 kr.

Ofangreindar tölur eru unnar upp úr bókhaldi Sölu varnarliðseigna fyrir 1988. Ársuppgjör er í vinnslu þannig að ofangreindar tölur gætu breyst lítillega.

Rétt er að benda á, að offramboð bifreiða hefur haft veruleg áhrif á afkomu Sölu varnarliðseigna til hins verra. Uppistaða í rekstri fyrirtækisins hefur verið innheimta aðflutningsgjalda í gegnum bifreiðaútboð sem hafa lækkað vegna lægra markaðsverðs á notuðum bifreiðum.

(3.) Varnarstöð Atlantshafsbandalagsins.

(3.1) Eftirlits- og varnarhlutverk.

Hlutverk Varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli er fyrst og fremst að tryggja varnir landsins og svæðanna umhverfis það, auk þess sem stöðin er mikilvægur hlekkur í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Helsti þáttur í starfsemi stöðvarinnar er eftirlit með ferðum herflugvéla, herskipa og kafbáta umhverfis landið. Nú er unnið að því að endurnýja ratsjárkerfið, sem mun styrkja eftirlitshlutverk stöðvarinnar verulega.

Tengsl aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins við varnarstöðina hafa verið treyst á undanförunum árum og starfa nú liðsforingjar frá Kanada, Danmörku, Hollandi, Noregi og Bretlandi við yfirstjórn stöðvarinnar. Hollensk flugsveit hefur starfað við hlið Bandaríkjamanna á þriðja ár og náin samskipti eru reglulega á milli liðsmanna á Keflavíkurflugvelli og bandalagsþjóða í Evrópu um kafbáta og herskipaeftirlit.

Á varnarsvæðinu umhverfis Keflavíkurflugvöll hafa reglulega farið fram æfingar þeirrar hersveitar í varaliði Bandaríkjanna, sem hefur verið þjálfuð og búin undir það að koma hingað til lands á hættutímum. Varnarmálaskrifstofa hefur fylgst með þessum æfingum. Fyrirhugað er að framhald verði á þeim. Ég tel nauðsynlegt, að hersveitin hljóti þjálfun við íslenskar aðstæður.

Til að efla öryggi lands og þjóðar á hættutímum er áfram unnið að gerð varnaráætlana, sem taka mið af íslenskum hagsmunum og staðháttum.

(3.2) Æfingar varaliðs bandaríska landhersins á Íslandi.

Í ljósi þeirra umræðna, sem orðið hafa á Alþingi um æfingar varaliðs bandaríska landhersins hér á landi, tel ég ástæðu til að gera ítarlega grein fyrir æfingum þessum.

Bandaríkin hafa með varnarsamningnum við Ísland, sem gerður var 1951 á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, skuldbundið sig til að annast varnir Íslands.

Fastaviðbúnaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er fyrst og fremst byggður upp til að gegna á skilvirkan hátt eftirlitshlutverki, þ.e. eftirliti með ferðum skipa og kafbáta umhverfis Ísland og á Norður-Atlantshafi og einnig að fylgjast með umferð flugvéla á þessu svæði og er þannig farið til móts við allar flugvélar, sem nálgast landið án þess að hafa gert grein fyrir sér og ferðum sínum.

Ekki hefur þótt nauðsynlegt að hafa hér á landi öflugan viðbúnað til varna á landi og hefur varnarliðið því mjög takmarkaðan fastaviðbúnað í þeim tilgangi, reyndar aðeins lágmarksmannafla til að tryggja öryggi varnarstöðvarinnar.

Ástæður þess hve takmarkaður viðbúnaður er til landvarna, er m.a. að áhersla hefur verið lögð á að takmarka eins og unnt er fjölda bandarískra hermanna hér á landi. Þetta markmið var sett þegar í upphafi við gerð varnarsamningsins, og við endurskoðun hans árið 1974 var fjölda hermanna enn frekari takmörk sett (fækkun um 420 hermenn).

Áætlanir um landvarnir hér á landi, ef til spennu- eða ófriðartíma kæmi hafa byggst á því að flytja hingað til lands með örskömmum fyrirvara stórfylki úr landher Bandaríkjanna.

Á þessu ári er fyrirhugað að flytja til Íslands sveit (battalion) úr varastórfylki „US Army Forces Iceland" (ARICE) auk aðstoðarliðs (um 1000 manns) í tengslum við æfinguna „Northern Viking". Til viðbótar myndu vera hér um 200–300 manns úr landher, flugher og flota vegna annarra þátta æfingarinnar og til að fylgjast með henni. Notuð verða um 45 ökutæki á hjólum (ekki beltum), þar á meðal fimm tonna flutningabílar og nýjasta gerð af herjeppum. Æfingar myndu fara fram á varnarsvæðum.

Fyrirhugað er að halda „Northern Viking" æfinguna í síðari hluta júní og fyrstu tvo dagana í júlí. Fyrstu sveitirnar koma til landsins eftir 17. júní. Hér er um að ræða venjubundna æfingu á flutningum liðsauka til Íslands. Á þessu ári felst æfingin aðallega í eftirfarandi:

- Æfingu, í smáum stíl þó, allra þriggja stiganna í framkvæmd fyrstu varna á landi. Fyrsta stig er það lið sem er nú þegar í Keflavík, annað stig sá liðsauki sem kemur strax frá Bandaríkjunum og þriðja og lokastigið varalið ARICE.
- Allra fyrstu varnir á landi. Um 500 liðsmenn á Keflavíkurvelli munu annast þær. Flestir þeirra hafa önnur föst verkefni, en hafa hlotið þjálfun til að annast fyrstu varnir á jörðu niðri.
- Aðstoð og liðsauki við liðsmennina sem annast fyrstu varnirnar. Í æfingunni verða það 240 manns úr stórfylki landhersins (Active Infantry Division) frá Kaliforníu (ekki varalið).
- Sveitir úr varastórliðsfylki ARICE frá Nýja Englandi, sem hafa aðalstöðvar í Massachusetts, munu leysa sveitir fastahersins (Active Infantry Division) af hólmi á þremur dögum, þótt í æfingunni sé látið svo sem það eigi að gerast á mun lengri tíma. Fastasveitin, sem er framvarðasveit, setur einnig á svið flutning til annars staðar og dregur sig síðan til baka.
- Auk þess verður æfð þjálfun sjúkraliðs og þar verða m.a. notaðar þrjár litlar sjúkraþyrlur.
- Nauðsynleg fjarskipti verða einnig æfð.

Vegna kostnaðarerfiðleika og annarra framkvæmdaatriða hefur hingað til þurft að leika eða sleppa öðru stigi heildaráætlunarinnar, sem er þátttaka sveita fastahersins. Það er þó nauðsynlegt fyrir kjarnann úr þessum sveitum að átta sig á aðstæðum á Íslandi, áætlunum og skipulagningu liðsaukaflutninga, og kynnast og leysa vandamál varðandi flutninga, framkvæmdir, tæki, umhverfi o.s.frv.

Flestir hinna 1000 liðsmanna munu aðeins verða á Íslandi í nokkra daga og aðeins til að æfa viðtöku varaliðssveita (reserve) af fastasveitum (active). Þann 22. júní munu fastasveitirn-

ar fara aftur til Bandaríkjanna en eftir verða um 800 manns úr varasveitunum til þátttöku í meginþætti æfingarinnar. 800 manns er mjög fámennt lið en það er venjuleg stærð sveitar (battalion). Erfitt er að gera breytingar á dagsetningum æfingarinnar vegna varaliðsins, því liðsmenn þess hafa þurft að gera ráðstafanir til að fá frí frá borgaralegum störfum sínum.

„Northern Viking" æfingin er mjög lítil æfing í samanburði við aðrar æfingar Atlantshafsbandalagsins. Til samanburðar má til dæmis nefna, að í Teamwork æfingunni, sem haldin var haustið 1988 í Noregi og á Noregshafi, tóku þátt um 45.000 manns. Notaðar voru um 500 flugvélar og 200 skip. Þá voru meðal annars æfðir umfangsmiklir liðsflutningar með landgönguprömmum og segja má, að herflutningar vegna hennar hafi sett mikinn svið á daglegt líf í Norður-Noregi þá daga sem hún fór fram. Þess má einnig geta, að í æfingum ARICE við Gagetown í Kanada 1987 tóku þátt um 4.400 menn, en sú æfing, eins og allar æfingar ARICE, er til að þjálfa liðsmennina til varna á Íslandi. Til þess að liðsmenn ARICE geti þjálfað sig sem best í að verja Ísland, er nauðsynlegt að þeim gefist tækifæri til æfinga hér á landi. Aðeins á þann hátt geta þeir kynnst staðháttum hérlendis og áttað sig á áhrifum veðurfars og landslags á varnaraðgerðir. Þessi atriði skipta miklu máli varðandi útbúnað liðsins, til dæmis fatnað, og fullur skilningur er á þeirri þörf, að liðsmenn ARICE fái tækifæri til að öðlast þjálfun hér á landi við mismunandi veðurskilyrði.

Northern Viking æfingin er venjubundin æfing og á engan hátt óvenjuleg. Lítið umfang hennar hennar og fámenni gerir það að verkum að Atlantshafbandalaginu ber ekki skylda til þess að upplýsa Varsjárbandalagið um hana samkvæmt Stokkhólmssamkomulagi RÖSE ríkjanna. Landher sem staðsettur er á eyju eins og Íslandi er eðli sínu samkvæmt eingöngu til varna og ónothæfur til árása á aðra aðila. Æfingin er ekki gerð í ögrunarskyni, en miðar að því að styrkja varnarhlutverk Ísland og tryggja að aldrei þurfi að koma til eiginlegra liðsaukaflutninga til Íslands.

Í fylgiskjali XIV er tímasett skrá yfir samskipti Íslands og Bandaríkjanna vegna æfinga varaliðsins.

(3.3) Björgunar- og leitarstarf.

Náin og góð samvinna er sem fyrr á milli björgunarsveitar varnarliðsins og landhelgisgæslunnar og íslenskra björgunar- og hjálparsveita.

Hér fylgir yfirlit yfir störf björgunar- og leitarsveitar varnarliðsins fyrir tímabilið sl. 5 ár.

Bjarganir		Útköll
19	1984	30
20	1985	4
5	1986	20
13	1987	27
6	1988	26

(3.4) Kostnaður við rekstur varnarliðsins.

Heildarupphæð greiðslna varnarliðsins til Íslendinga vegna rekstrar þess á árinu 1988 nam 167,6 milljónum Bandaríkjadala, eða 7.291 milljón króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 44,2 milljónum Bandaríkjadala eða 1.908 milljónum króna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1988 um 127 milljónir bandaríkjadala eða 5.475 milljónir króna, til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu. Áætlað er að eigin innkaup varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra á íslenskum landbúnaðarafurðum hafi numið 1,4 milljónum Bandaríkjadala eða 60,8 milljónum króna.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur verið sem hér segir:

	31.12.1985	31.12.1986	31.12.1987	31.12.1988
Varnarliðsmenn	3057	3104	3171	3213
Þar af konur í varnarliðinu	456	514	513	
Skyldulið varnarliðsmanna	2045	2054	2030	2087
Þar af börn	1230	1257	1113	1189

(3.5) Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða.

Hinn 31. desember 1988 voru búsettir utan varnarsvæða 49 menn sem starfa fyrir varnarliðið, þar af 5 hermenn. Af þessum 49 eiga 21 íslenskan maka. Af fyrrgreindum 44 borgaralegum starfsmönnum eru 12 við kennslu í gagnfræðaskóla og barnaskóla varnarliðsins. Aðrir erlendir starfsmenn vinna sérhæfð tæknistörf fyrir varnarliðið eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja sem annast viðhald og þjónustu á tækjabúnaði varnarliðsins.

(3.6) Mengunarmál.

Eins og fram kom í skýrslu forvera míns, hafa umhverfis- og vatnsverndarmál verið mjög til umfjöllunar í varnarmálaskrifstofu. Betur fór en á horfðist varðandi olíumengunarslysið árið 1987 í Ytri-Njarðvík, en olían náði ekki að menga vatnsból. Í kjölfar slyssins var hrundið í framkvæmd umfangsmikilli grunnvatnsrannsókn, sem hafði verið í undirbúningi árið áður. Í rannsókninni kom í ljós, að í vatnsbólum Keflavíkur og Njarðvíkur eru lífræn leysiefni, sem heilbrigðisyfirvöld telja óæskileg, þrátt fyrir að þau séu í litlu magni. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja lagði til að leitað yrði nýrra vatnsbóla fyrir Keflavík og Njarðvík og var strax hafist handa við það verk.

Miklar líkur eru á að mengunin sé af völdum starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Utanríkisráðuneytið bar því fram þá kröfu s.l. sumar að bandarísk yfirvöld kostuðu gerð nýrrar vatnsveitu. Varnarliðið hefur þurft að loka nokkrum vatnsbólum á Keflavíkurflugvelli vegna mengunar og hefur því þörf fyrir að fá vatn frá nýrri vatnsveitu.

Nú stendur yfir viðamikil rannsókn, kostuð af Bandaríkjamönnum, á grunnvatni á Rosmhvalanesi og er tilgangur hennar að fá yfirlit yfir grunnvatnsmengun á svæðinu og grafast fyrir um orsakir mengunar í vatnsbólum. Niðurstöðu er að vænta innan skamms og í kjölfar hennar munu hefjast viðræður við Bandaríkjamenn um gerð nýrrar vatnsveitu fyrir bæjarfélögin. Bandaríska fyrirtækið R.E. Wright Associates hefur gert grunnvatnsrannsóknina undir yfirumsjón vinnuhóps á vegum utanríkisráðuneytisins, sem í eiga sæti fulltrúar varnarmálaskrifstofu, Háskóla Íslands, Orkustofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, auk varnarliðsins.

Á vegum utanríkisráðuneytisins starfaði einnig vinnuhópur, sem hafði það verkefni að finna heppileg ný vatnsból fyrir Njarðvík og Keflavík. Niðurstaðan varð sú að hið svonefnda Lágasvæði norður af athafnasvæði Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi væri heppilegasti staðurinn fyrir ný vatnsból.

Í nóvember samþykktu Bandaríkjamenn að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp, sem hafði það verkefni að gera hönnunarforsendur fyrir nýja vatnsveitu fyrir Njarðvík, Keflavík og Keflavíkurflugvöll og skyldi það haft til hliðsjónar, að önnur sveitarfélög á Suðurnesjum gætu gerst aðilar að slíkri vatnsveitu, óskuðu þau eftir því. Í þessum vinnuhópi störfuðu, auk fulltrúa varnarmálaskrifstofu, varnarliðsins og bæjarfélaganna tveggja, fulltrúar Orkustofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins. Vinnuhópurinn skilaða ítarlegri skýrslu um verkefnið um miðjan desember sl., og var hún send öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum til umfjöllunar, en þau höfðu verið upplýst um störf hópsins á meðan frumhönnun fór fram og tæknifræðingar þeirra veitt þar aðstoð.

Fyrirhugað er, að ráðinn verði til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sérfræðingur í mengunarvörnum, sem hafa mun umsjón með mengunarvörnum á varnarsvæðum. Varnarliðið hefur lýst sig reiðubúið að kosta starf þessa sérfræðings. Vonir standa til að þetta fyrirkomulag muni styrkja verulega mengunareftirlit Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

(3.7) Sala landbúnaðarafurða.

Hinn 11. febrúar 1988 var að lokinni endurskoðun endurnýjaður samningur um kaup varnarliðsins á íslenskum landbúnaðarvörum og rennur hann út 31. mars n.k. Samkvæmt samningnum átti Varnarliðið að reyna að kaupa 35.000 pund af nautakjöti. Samkvæmt nýjustu tölum munu Bandaríkjamenn hafa keypt töluvert meira magn af nautakjöti á þessu samningstímabili en samningurinn segir til um. Varnarliðið hefur einnig staðið við það ákvæði samningsins, að það reyni að kaupa 110.000 pund af eggjum. Varðandi kjúklinga segir samningurinn, að stefna beri að kaupum á 75.000 pundum. Ekki er búist við því, að þessu marki verði náð til fullnustu, því kjúklingabændur telja sig ekki geta annað eftirspurninni. Einnig var samið um sölu á 10.000 pundum af svínarifjum, en þegar á reyndi, töldu kjötframleiðendur sig ekki geta annað þessu og féllu viðskiptin því niður.

Nú líður að lokum samningstímans og hafa fulltrúar Íslendinga átt viðræður við varnarliðið undanfarið um endurnýjun samningsins. Í þeim viðræðum hefur verið stefnt að því, að auka viðskiptin, bæði að magni og verðmæti.

(4) Ratsjárstofnun.

Í samræmi við samkomulag, sem gert var við Bandaríkin árið 1985, er nú unnið að endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins.

Byggingarframkvæmdum við stöðvarhús á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli lauk á haustmánuðum og eru þær nú tilbúnar fyrir uppsetningu ratsjár- og fjarskiptabúnaðar.

Ráðgert er að uppsetning ratsjárbúnaðar, sem er í framleiðslu hjá bandaríska fyrirtækinu General Electric, hefjist á þessu ári. Þá mun jafnframt verða hafin uppsetning á hluta þess fjarskiptabúnaðar sem verður í stöðvunum.

Áætlað er að starfræksla þessara tveggja nýju ratsjárstöðva hefjist á árinu 1990.

Byggingarframkvæmdir við nýja ratsjárstöð á Miðnesheiði hófust 1988 og verður þeim væntanlega lokið seint á þessu ári. Byggingarframkvæmdir við nýja ratsjárstöð á Stokksnesi eru að hefjast og er áætlað að þeim ljúki í byrjun árs 1990. Uppsetning nýs ratsjárbúnaðar og fjarskiptabúnaðar hefst væntanlega á árinu 1990. Starfræksla þessara tveggja ratsjárstöðva hefst væntanlega síðla árs 1990.

Rekstur hugbúnaðarmiðstöðvar sem reist verður á varnarsvæðinu verður í höndum íslenska fyrirtækisins Kögunar hf., sem stofnað var í desember 1988 til þess að annast viðhald og þróun hugbúnaðar ratsjárkerfisins sem verktaki hjá Ratsjárstofnun.

Meðan nýjar ratsjárstöðvar eru í byggingu mun Ratsjárstofnun annast rekstur og viðhald gömlu stöðvanna á Stokksnesi og Miðnesheiði.

Frá og með 1. október 1988 hefur ratsjárstöðin á Stokksnesi verið rekin með íslenskum starfsmönnum. Þann 1. apríl nk. munu íslenskir starfsmenn Ratsjárstofnunar taka rekstur ratsjárstöðvarinnar á Miðnesheiði í sínar hendur.

Í maí 1988 voru ráðnir fjórtán tæknimenn til Ratsjárstofnunar. Þjálfun þeirra lýkur í mars næstkomandi.

Ráðgert er að ráða fjórtán starfsmenn í ár jafnframt því að núverandi starfsmenn verði þjálfaðir í rekstri og viðhaldi á nýjum búnaði sem er í framleiðslu í Bandaríkjunum.

Rekstrarkostnaður Ratsjárstofnunar er áætlaður rúmar 326 milljónir króna á þessu ári. Bandaríkjamenn munu greiða allan kostnað af rekstrinum.

(5) Framkvæmdir á vegum varnarliðsins.

Á árlegum fundi með byggingardeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október sl., var verktaka ákveðin á eftirtöldum framkvæmdum sem hefjast á þessu ári. Allar höfðu framkvæmdirnar áður verið samþykktar:

1. Fjórði áfangi olíubirgðastöðvar í Helguvík, þ.e. þrír eldsneytisgeymar og olíuleiðslur.
2. Akstursbraut fyrir flugvélar samhliða flugbraut 02-20.
3. Holræsa-, vatns og rafmagnslagnir vegna aðstöðu fyrir kafbátaleitarsveit varnarliðsins.
4. Hundrað og tólf íbúðir í fjölbýlishúsum fyrir fjölskyldur varnarliðsmanna.
5. Viðbót við barnaskóla.
6. Vörugeymsla fyrir flugvélavarahluti.
7. Eldhús- og þjónustubygging, viðbygging við fjarskiptastöð.

Þrjár fyrst töldu framkvæmdirnar eru kostaðar af Atlantshafsbandalaginu en aðrar greiða Bandaríkin. Heildarverktaka Íslenskra Aðalverktaka á þessu ári, þ.e. byrjunarframkvæmdir vegna nýrra verka og áframhald yfirstandandi verka, auk viðhalds á flugbrautum o.fl. er áætlað að nemi rúmum 49 milljónum dala. Heildarverktaka fyrirtækisins á sl. ári nam um 65 milljónum dala og var nokkuð hærri en áætlað hafði verið í Bandaríkjadölum talið, m.a. vegna lágrar gengisskráningar Bandaríkjadals.

Auk þess var í október sl. gengið frá áætlun um viðhaldsverkefni sem Keflavíkurverktakar sinna, fyrir um 7,7 milljónir dala. Árið 1988 nam verktaka Keflavíkurverktaka rúmum 12 milljónum dala, sem var hærri upphæð en áætlað hafði verið, vegna áhrifa gengisskráningar Bandaríkjadals og kaupgjaldsþróunar hér á landi.

VIII. Hafréttarmál.

(1) Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af þrjátíu og átta aðilum, þar á meðal af þremur Evrópuríkjum, Íslandi, Júgóslavíu og Kýpur. Samningurinn öðlast gildi einu ári eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt hann.

Nefnd, sem vinnur að undirbúningi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstóls hefur haldið áfram athugun á tillögum sem miða að því að haga framkvæmd samningsins með þeim hætti að fleiri vestræn ríki geti gerst aðilar að honum. Í þessu skiptir miklu afstaða nýrrar ríkisstjórnar Bandaríkjanna en fyrri ríkisstjórn taldi ekki unnt að taka þátt í samningsumleitunum í þá veru.

(2) Hafsbotnsmálefni.

Unnið hefur verið áfram að því að ná samkomulagi við nágrannaþjóðir um hafsbotnsréttindi fyrir utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, sbr. reglugerð 196/1985 um afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

Deila milli Íslands, Danmerkur fyrir hönd Færeyja, Bretlands og Írlands um hafsbotnsréttindi á Hatton-Rockall svæðinu tók á sig nýja mynd er Bretland og Írland undirrituðu samning um skiptingu hafsbotnsins milli landanna. Samningurinn tekur til svæðis sem bæði Ísland og Danmörk fyrir hönd Færeyja gera tilkall til. Mótmæltu bæði löndin samningsgerðinni og gerðu fyrirvara um sinn rétt. Íslensk stjórnvöld telja enn rétt að leita samkomulags milli hlutaðeigandi ríkja um réttindi á svæðinu. Á fundi Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra og Margaret Thatcher forsætisráðherra Bretlands var staðfestur vilji stjórnvalda landanna til að leita samkomulagsleiða (sjá fylgiskjal XV).

Dagana 23. og 24. nóvember 1988 var haldinn fundur milli fulltrúa Íslands, Danmerkur og Færeyja um niðurstöður jarðeðlisfræðilegra rannsókna á Hatton-Rockall svæðinu sem löndin stóðu sameiginlega að. Hlutaðeigandi stjórnvöld munu taka afstöðu til tillagna um frekari samvinnu á grundvelli skýrslu fulltrúanna.

(3) Hvalamálið.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 1988 unnu íslenskir og bandarískir embættismenn að útfærslu Ottawa-samkomulagsins milli Íslands og Bandaríkjanna frá 9. september 1987, en þar var gert ráð fyrir athugun á málsmeðferð innan vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Í framhaldi af fundi Halldórs Ásgrímssonar og William Verity Jr, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, skiptust íslensk og bandarísk stjórnvöld á tillögum um bætt vinnubrögð vísindanefndarinnar og álitsgerð um hlut hvala í vistkerfi sjávar. Mál þessi voru til umræðu á fundi nefndarinnar í San Diego 6.–19. maí 1988.

Á vegum Alþjóðahvalveiðiráðsins var efnt til skriflegrar atkvæðagreiðslu um áætlun Japans að veiða hvali í vísindaskyni við Suðurskautslandið. Í bréfi 18. mars 1988 mótmæltu íslensk stjórnvöld málsmeðferð ráðsins. Þegar niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var tilkynnt lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að þau hygðust taka málið fyrir á næsta aðalfundi ráðsins, en við þá umræðu náðist samkomulag um túlkun á fundarsköpum ráðsins.

Sérstakur embættismannafundur var haldinn í Ósló 7. mars 1988 á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Fundinum var ætlað að samræma afstöðu Norðurlandanna til hvalveiða og hvalarannsókna.

Steingrímur Hermannsson, þáverandi utanríkisráðherra, ræddi hvalamálið á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Tromsö 23.–24. mars 1988 og lagði áherslu á nauðsyn þess að tryggja jafnvægi í vistkerfinu með því að stefna að nýtingu sjávarspendýra að því marki að langtímaaflahámarki sé náð með hliðsjón af bestu vísindalegum upplýsingum. Utanríkisráðherra átti einnig viðræður í Washington 14. apríl 1988 við John C. Whitehead settan utanríkisráðherra Bandaríkjanna þar sem hann útskýrði sjónarmið Íslendinga í hvalamálinu.

Samráðsfundur aðalfulltrúa Norðurlanda í Alþjóðahvalveiðiráðinu var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 19. apríl 1988.

Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra átti fund í París 19. maí 1988 með Verity viðskiptaráðherra. Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn góðrar samvinnu fulltrúa landanna á aðalfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Á fundi vísindanefndar ráðsins 6.–19. maí 1988 var rætt um vísindaáætlun Íslands. Íslensk stjórnvöld lýstu sig ánægð með umfjöllun nefndarinnar og ákváðu að fara að öllum tillögum hennar sem vörðuðu áætlunina.

Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Auckland á Nýja Sjálandi 30. maí til 3. júní 1988 voru gerðar ítarlegar tilraunir til að ná samkomulagi um ályktun ráðsins um vísindaáætlun Íslands, en á ársfundi ráðsins 1987 hafði sendinefnd Íslands harðlega mótmælt tillöguflutningi Bandaríkjamanna og annarra um áætlunina. Málamiðlun tókst og breytingartillöga Íslands var samþykkt.

Í framhaldi af fundinum fóru fram viðræður í Reykjavík 18. og 19. júní 1988 milli íslenskra og bandarískra embættismanna. Gengið var frá samkomulagi milli landanna sem undirritað var 22. júní 1988. Með samkomulaginu var tryggt að bandarísk stjórnvöld myndu ekki gefa út staðfestingarkæru á grundvelli svonefndra Pelly-viðaukalaga. Gengið var frá vissum breytingum á framkvæmd vísindaáætlunarinnar fyrir árið 1988, þar á meðal að í stað 80 langreyða yrðu einungis veiddar 68 og 10 sandreyðar í stað 20.

Umhverfisverndarsamtök í Bandaríkjunum höfðuðu mál fyrir dómstól í Washington D.C. gegn bandarískum stjórnvöldum til þess að hnekkja ákvörðun þeirra um að gefa ekki út

staðfestingarkæru vegna hvalveiða Íslendinga í vísindaskyni, en fyrr á árinu höfðu þau gefið út staðfestingarkæru vegna veiða Japana. Bandarísk stjórnvöld tóku þá ákvörðun að verja gerðir sínar til hins ítrasta.

Á fundi mínum með George P. Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington 19. október 1988 ræddum við m.a. hvalamálið. Lýsti Schultz fullum skilningi á afstöðu Íslands og kvað Bandaríkjastjórn mundu gera allt sem í hennar valdi stæði til að vinna málaferli við umhverfisverndarsamtökin. Þessi afstaða Bandaríkjastjórnar var staðfest á fundi mínum með James A. Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Keflavík 11. febrúar 1989.

Þótt samvinna Íslands og Bandaríkjanna í hvalamálinu hafi verið með ágætum á árinu gáfu ummæli dr. William Evans, aðstoðarviðskiptaráðherra Bandaríkjanna, í viðræðum við japönsk stjórnvöld tilefni til kvörtunar af hálfu Íslands, en hann hafði gert tillögu um framtíðarskipan hvalveiða Japana sem fól í sér að þeir hættu kaupum á hvalkjöti af Íslendingum. Tók ég málið því upp við Shultz utanríkisráðherra á fundi í Brussel 8. desember 1988.

Umhverfisverndarsamtök í Bandaríkjunum, Bretlandi og Vestur-Evrópu hafa í auknum mæli staðið fyrir mótmælaaðgerðum vegna stefnu Íslands í hvalamálinu. Má þar nefna tilraunir í Finnlandi til að koma í veg fyrir útflutning hvalkjöts til Japans. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og Vestur-Þýskalandi hafa samtökin beitt þrýstingi gegn fyrirtækjum sem selja íslenskar vörur. Hafa sum fyrirtæki hætt viðskiptum af þeim sökum, þrátt fyrir viðleitni íslenskra stjórnvalda til að sporna gegn þessu athæfi samtakanna. Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra átti fund í Hamborg 8. júlí 1988 með fulltrúum Grænfriðunga í Vestur-Þýskalandi. Á þeim fundi og í bréfaskiptum kynnti hann afstöðu íslenskra stjórnvalda til aðgerða samtakanna.

Í byrjun 111. löggjafarþings Alþingis lögðu tveir þingmenn fram frumvarp til laga um hvalveiðibann. Enn fremur lagði þingmaður fram tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga.

(4) Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).

Fimmti ársfundur NASCO var haldinn í Reykjavík 13. til 17. júní 1988. Var þetta í fyrsta skipti sem ársfundur stofnunarinnar var haldinn utan höfuðstöðvar hennar í Edinborg. Í því sambandi var þess minnst að íslensk stjórnvöld áttu stóran þátt í stofnun NASCO, en þau buðu til ráðstefnu árið 1982 þar sem stofnsamningurinn var gerður.

Á fundi Vestur-Grænlands nefndarinnar var ákveðin takmörkun laxveiða við Vestur-Grænland fyrir árin 1988, 1989 og 1990, en heildarafli á tímabilinu má ekki vera meiri en 2520 lestir. Veiðitakmarkanir eru einnig í gildi fyrir Norðaustur-Atlantshafssvæðið og Norður-Ameríkusvæðið.

Meðal annarra samþykkta fundarins má geta reglna um samræmingu merkinga á laxi, reglna um veitingu verðlauna fyrir skil á merkjum og ákvarðana um áframhaldandi könnun á þeirri hættu er villtum laxastofnum stafar af eldislaxi.

Fulltrúi Íslands, sem hefur verið forseti stofnunarinnar frá upphafi, lét af því starfi á ársfundinum.

Næsti ársfundur stofnunarinnar verður haldinn í Edinborg 13. til 16. júní 1989.

(5) Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975. Aðeins þrjú skip stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1988. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir. Heildarafli belgískra skipa á árinu 1988 var 1.680 lestir, þar af þorskur um 359 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 til að veiða hér við land, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 11.000 lestir, þar af allt að 2.000 lestir af þorski. Heildarveiði þeirra á árinu 1988 varð 10.861 lest og þar af var þorskur 1.968 lestir.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Afli Norðmanna á árinu 1988 var ákveðinn samkvæmt samkomulagi 400 lestir. Sex norsk línuskip stunduðu veiðar við Ísland á árinu, aðallega lúðuveiðar, og var afli þeirra 409 lestir.

Í desember 1987 var gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 60.000 lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988. Norðmenn veiddu á umræddu tímabili um 53.000 lestir.

Í desember 1988 var síðan aftur gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða 54 þús. lestir í íslenskri lögsögu frá 5. desember 1988 til 15. febrúar 1989. Var það hlutur þeirra úr þeim viðbótarkvóta sem ákveðinn var í desember 1988.

(6) Skipting loðnustofnsins.

Samningafundur milli fulltrúa Íslands, Grænlands og Noregs var haldinn í Reykjavík 14. maí 1988 um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum. Ekki náðist samkomulag á þeim fundi. Að því er Ísland og Noreg varðar gilti því áfram samkomulag frá 1980, en samkvæmt því skipta löndin veiðinni sín á milli þannig að 85 af hundraði falla í hlut Íslands og 15 af hundraði í hlut Noregs. Samkvæmt heimild grænlensku landsstjórnarinnar veiddu Færeyingar 48 þúsund lestir innan grænlenskrar lögsögu.

Annar samningafundur milli aðilanna var haldinn í Ósló 18.–20. janúar 1989. Á þeim fundi náðist samkomulag um skiptingu stofnsins, þannig að 78 af hundraði fellur í hlut Íslands, 11 af hundraði í hlut Grænlands og 11 af hundraði í hlut Noregs (sjá fylgiskjal XVI). Samkvæmt samkomulaginu er íslenskum og norskum skipum heimilt að veiða loðnu í lögsögu Grænlands og íslenskum skipum og skipum með leyfi grænlenskra stjórnvalda heimilt að veiða í lögsögu Jan Mayen. Enn fremur er norskum og grænlenskum skipum heimilt að veiða í íslenskri lögsögu innan vissra takmarkana, og gengið er út frá því að færeysk skip sem hafa leyfi grænlenskra stjórnvalda til veiða á þeirra hlut fái einnig sams konar heimild til veiða innan íslenskrar lögsögu. Samkomulagið er háð samþykki viðkomandi stjórnvalda og er ætlað að gilda til þriggja ára.

(7) Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES).

Alþjóðahafrannsóknaráðið var stofnað árið 1902. Segja má að þetta séu elstu samtök sem nú starfa í heiminum á sviði sjávarrannsókna. Höfuðstöðvarnar hafa alla tíð verið í Kaupmannahöfn. Allar helstu fiskveiðiþjóðir við norðanvert Atlantshaf eiga aðild að ráðinu: Bandaríkin, Kanada, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Sovétríkin, Pólland, Austur-Þýskaland, Danmörk, Holland, Belgía, Frakkland, Stóra-Bretland, Írland, Spánn og Portúgal. Á síðasta ári fengu Færeyjar og Grænland aukaaðild.

Aðalhlutverk ráðsins er að samræma hafrannsóknir á öllu Norður-Atlantshafi og stuðla að því að vísindalegar niðurstöður verði ræddar ítarlega á alþjóðlegum vettvangi. Á vegum ráðsins er gerð úttekt á langflestum fiskistofnum svo og öðrum sjávardýrum í Norður-Atlantshafi. Þá eru umhverfisrannsóknir hvers konar og úttekt á hinum ýmsu hafsvæðum með tilliti til mengunar ört vaxandi þáttur í störfum ráðsins. Sem dæmi um þessa starfsemi má nefna að á árinu 1989 verða haldnir sjötíu og sex vinnunefndarfundir á vegum ráðsins. Þar af er tæpur helmingur sem fjallar um umhverfisþætti og mengun í hafinu.

Niðurstöður vinnunefndanna eru ráðgefandi fyrir aðildarþjóðirnar og ýmis alþjóðleg samtök, svo sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina á sviði fiskveiða og Óslóar-, Parísar- og Helsinkisáttmálann á sviði mengunar.

Á hverju ári heldur Alþjóðahafrannsóknaráðið viðamikinn ársfund sem stendur í tæpar tvær vikur. Þátttakendur eru venjulega 350–400 manns og þarna eru lagðar fram álíka margar ritgerðir um hina margvíslegustu þætti hafrannsókna. Á ársfundinum fer fram vísindalega umræðan um niðurstöður ráðsins og hvert stefnir í þessum rannsóknum. Auk þessa stendur ráðið fyrir fjölmennum ráðstefnum um hin ýmsu vandamál hafrannsókna eftir því sem ástæða er til hverju sinni. Oftast er a.m.k. ein slík ráðstefna haldin á hverju ári og sem dæmi má nefna að á þessu ári verða sérstaklega tekin fyrir gagnvirk áhrif dýrategunda hver á aðra. Á þessari ráðstefnu verður fjallað um það sem nú er ofarlega á baugi, einkum hvernig unnt er að nýta auðlindir hafsins án þess að raska vistkerfinu.

IX. Utanríkisþjónustan.

Eftir þá breytingu, sem varð árið 1987, er yfirstjórn utanríkisviðskipta var flutt frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins, eru fimm skrifstofur í utanríkisráðuneytinu: skrifstofur alþjóðamála, utanríkisviðskipta, varnarmála, Norðurlandamála og almenn skrifstofa, en innan hennar starfar upplýsinga- og fjölmiðladeild. Auk þess starfa í ráðuneytinu prótókollstjóri og þjóðréttarfræðingur, og þar eru tveir heimasendiherrar, gagnvart ríkjum í Austur-Asíu og Eyjaálfu og Suðvestur-Asíu, Kýpur og Túnis. Í utanríkisráðuneytinu starfa nú tuttugu og þrír embættismenn og nítján aðrir starfsmenn, samtals fjörtíu og tveir.

Sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis eru nú alls tólf, auk þeirra tveggja heimasendiherra, sem getið var hér að framan. Í eftirfarandi sendiráðum eru sendiherra og einn fulltrúi: Bonn, Kaupmannahöfn, London, Moskvu, Ósló, Stokkhólmi og Genf. Sendiherra og tveir fulltrúar starfa í París, Washington og New York, en í Brussel er sami sendiherra yfir fastanefndinni hjá Atlantshafsbandalaginu og sendiráðskrifstofunni og tveir fulltrúar á hvorri skrifstofu. Í öllum skrifstofunum starfa einn eða tveir útsendir ritarar, jafnframt eru þar yfirleitt einn eða tveir aðrir starfsmenn, oftast ríkisborgarar þess ríkis þar sem sendiráðsskrifstofan er. Erlendis starfa samtals tuttugu og átta embættismenn, sautján útsendir ritarar, níu staðbundnir ritarar og tólf aðrir starfsmenn, samtals sextíu og sex manns. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru því alls hundrað og átta.

Þrír viðskiptafulltrúar starfa erlendis á vegum Útflutningsráðs Íslands. Tveir þeirra eru í sendiráðunum, annar í Kaupmannahöfn og hinn í New York. Sá þriðji er með skrifstofu í Frankfurt. Hann hefur nú verið lánaður til starfa í sendiráðinu í Brussel í eitt ár vegna formennsku Íslands í EFTA. Viðskiptafulltrúarnir hafa enn fremur aðstöðu í öðrum íslenskum sendiráðum á þeim markaðssvæðum þar sem þeir starfa.

Á vegum utanríkisþjónustunnar eru nú nær tvöhundruð ólaunaðir ræðismenn í fimmtíu og einu landi. Þeir starfa undir stjórn sendiherra Íslands í hlutaðeigandi ríki. Margir þeirra leysa af hendi mikil störf í þágu íslenskra hagsmuna. Má þar nefna viðskiptaþjónustu og aðstoð við Íslendinga sem lenda í erfiðleikum.

Fylgiskjal I.

Samanburður á styrk Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins á sviði hefðbundins herafla innan svæðisins frá Úralfjöllum til Atlantshafs.

Tegund	NATO	Varsjárbl.	Hlutfall
Skriðdrekar	16.424	51.500	1:3.1
Stórskotaliðseiningar	14.458	43.400	1:3.0
Brynvarðir vagnar fyrir fótgöngulið	4.153	22.400	1:5.4
Önnur brynvarin tæki	35.351	71.000	1:1.5
Þyrlur	2.419	3.700	1:1.5
Brúareiningar	454	2.550	1:5.6
Orrustuflugvélar	3.977	8.250	1:2.1

(Heimild: Úttekt bandaríska utanríkisráðuneytisins frá 23. desember sl.)

Samanburður á styrk Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins á sviði hefðbundins herafla innan svæðisins frá Úralfjöllum til Atlantshafs eftir að tilkynntur niðurskurður Gorbatsjovs hefur komið til framkvæmda.

Tegund	NATO	Varsjárbl.	Hlutfall
Skriðdrekar	16.424	41.500	1:2.5
Stórskotaliðseiningar	14.458	34.900	1:2.4
Orrustuflugvélar	3.977	7.450	1:1.9

(Heimild: Úttekt bandaríska utanríkisráðuneytisins frá 23. desember sl.)

Fylgiskjal II.

Fundur utanríkis- og þróunarmálaráðherra Norðurlandanna í Þórshöfn dagana 30. - 31. mars 1989.
(Úr fundargerð utanríkisráðuneytisins)

Helstu málin sem ráðherrarnir ræddu um á ofangreindum fundi var ástandið í Mið-Austurlöndum, ástandið í sunnanverðri Afríku og þróunaraðstoð.

Varðandi Mið-Austurlönd kváðu ráðherrarnir það vera jákvætt annars vegar, að Arafat leiðtogi PLO hefði á síðasta Allsherjarþingi samþykkt ályktanir öryggisráðsins nr. 242 og 338, viðurkennt tilverurétt Ísraelsríkis og hafnað hryðjuverkum alfarið og hins vegar, að skoðanaskipti væru hafin á milli Bandaríkjanna og PLO. Með þessu hefðu verið tekin skref í átt að friðsamlegri og réttlátri lausn á deilu Araba og Ísraela sem verðskuldaði jákvætt og skjótt svar af hálfu Ísraels.

Ráðherrarnir áréttuðu mikilvægi þess að stofnað yrði til beinna tengsla á milli Ísraels og PLO, og ítrekuðu stuðning sinn við þá hugmynd að haldin yrði alþjóðleg ráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að leysa deiluna í Mið- Austurlöndum. Þeir ítrekuðu áhyggjur sínar yfir aðgerðum ísraelskra stjórnvalda gegn Palestínumönnum á herteknu svæðunum og hvöttu deiluaðila til að sýna stillingu og komast hjá ofbeldisverkum. Samkvæmt áliti ráðherranna lítur meirihluti Palestínumanna í dag á PLO sem talsmann sinn.

Varðandi ástandið í sunnanverðri Afríku lýstu ráðherrarnir yfir ánægju sinni með að loks hefði tekist að ná samkomulagi um sjálfstæði Namibíu og sögðu að ríki heims ættu að setja efnahagslega og stjórnmálalega aðstoð við Namibíu á oddinn á meðan unnið væri að sjálfstæði hennar. Þeir ákváðu að hefja viðræður um samstarf við ríkisstjórn Namibíu þegar hún hefur verið kosin og samþykktu að samræma þróunaraðstoð Norðurlandanna við landið.

Ráðherrarnir lýstu því yfir að ástandið í S-Afríku gæfi ekki tilefni til bjartsýni varðandi afnám kynþáttaaðskilnaðar þar í landi og kváðust halda áfram að beita sér fyrir alþjóðlegum þvingunum gegn S-Afríku. Að frjáls og lýðræðisleg S-Afríka án alls kynþáttamisréttis héldi áfram að vera markmið Norðurlandanna.

Ráðherrarnir vilja beita sér fyrir aukinni alþjóðlegri þróunaraðstoð á níunda áratugnum og beindu athyglinni að því að eina leiðin til að vinna bug á fátæktinni í heiminum væri að gefa þeim fátækustu tækifæri til að auka framleiðni til lengri tíma. Þess vegna yrði á alþjóðavettvangi að leggja aðaláherslu á baráttu gegn fátækt og að tryggja félagslega þróun.

Koma yrði til sameiginlegt alþjóðlegt átak á sviði umhverfismála til að tryggja sameiginlega framtíð. Efnahagslegur vöxtur í þróunarlöndunum væri forsenda þess að jafnvægi og stöðugleiki ríkti í alþjóðlegum efnahagsmálum.

Ráðherrarnir kváðust vonsviknir yfir því að þróuðu ríkin eyði eingöngu 0,34% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar sem sé tæpur helmingur þeirrar prósentutölu, 0,7%, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt. Þeir skoruðu á þróuðu ríkin að uppfylla sem fyrst þau 0,7% sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt og að líta á það sem bindandi markmið. Stefna að því til að byrja með, að auka samanlagða þróunaraðstoð árlega að minnsta kosti um 10 milljarða USD, fyrir árið 1992.

Í þróunaráætlun fyrir níunda áratuginn væri nauðsynlegt að viðurkenna hversu ríki heims eru orðin háð hvert öðru.

Ráðherrunum var gerð grein fyrir störfum vinnuhóps forstöðumanna stjórnmáladeilda norrænu utanríkisráðuneytanna um kjarnavopnalaust svæði á norðurslóðum. Vinnuhópurinn hefur lokið við fyrstu drög að kafla um herfræðilegt mikilvægi norðurslóða og aðliggjandi hafsvæða, haldið áfram umfjöllun um drög að kafla um skyldur ríkjanna á hugsanlegu kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum og byrjað umfjöllun um tengsl slíks svæðis við afvopnunarþróun í víðara evrópsku samhengi.

Reykjavík, 3. apríl 1989.

Fylgiskjal III.

(Þýðing úr ensku)

ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ

Aðalframkvæmdastjóri
SG/89/006

10. janúar 1989.

Kæri ráðherra Hannibalsson,

Í viðræðum okkar 7. desember 1988 um möguleika á að byggja varaflugvöll fyrir Atlantshafsbandalagið á Íslandi óskuðuð þér eftir að ég léti yður í té upplýsingar um hugsanlegt hernaðarlegt hlutverk slíks flugvallar á friðartímum. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnunaraðila innan Atlantshafsbandalagsins, get ég staðfest að flugvöllur sá, sem tillaga liggur fyrir um, mun á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum. Flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum. Þannig yrði í öllu tilliti litið á þennan flugvöll sem borgaralegan flugvöll.

Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir að herflugvélum jafnt sem borgaralegum flugvélum yrði beint til þessa varaflugvallar þegar veður eða neyðarástand gerði slíkt óhjákvæmilegt. Til að tryggja öryggi í flugrekstri og að flugmenn kynnist staðháttum við flugvöllinn myndu herflugvélar stöku sinnum og í takmörkuðum mæli æfa þar aðflug og lendingu.

Yðar einlægur

M. Wörner (sign)

Hr. utanríkisráðherra,
Jón Baldvin Hannibalsson,
Reykjavík,
Ísland.

Fylgiskjal IV.

(15. júní, 1988)

Ráðherrafundur EFTA - ráðsins í Tampere 14.- 15. júní, 1988.
(Fréttatilkynning)

Ráðherrar EFTA hittust í Tampere, Finnlandi, 14. - 15. júní, 1988 undir formennsku Pertti Salolainen, utanríkisviðskiptaráðherra Finna.

Samvinnan við Evrópubandalagið heldur áfram að vera meginmálefni Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ráðherrar lýstu ánægju sinni með tilraunir Evrópubandalagsins til að koma á sameiginlegum innri markaði árið 1992 og þeir viðurkenndu mikilvægi hans fyrir EFTA-löndin sem lið í aukinni samvinnu innan Evrópu. Þeir lögðu áherslu á að þróa samstarf EFTA og EB samhliða myndun heimamarkaðar EB til að koma á einu evrópsku efnahafssvæði (EES), eins og drög voru lögð að í Lúxemborgaryfirlýsingunni árið 1984.

Ráðherrar fóru yfir niðurstöður EB-ráðsins frá 15. september 1986, yfirlýsingu EFTA-ráðherra 2. desember sama ár og sérstaklega yfirlýsingu sem ráðherrar EFTA og ráðherrar EB og framkvæmdastjórnar þess samþykktu í Brussel 2. febrúar 1988 um innri markað bandalagsins. Ráðherrar lýstu yfir ánægju með aukið pólitískt framlag til þróunar evrópska efnahagssvæðisins. Þeir undirstrikuðu mikilvægi fyrirhugaðra funda með fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem fer með málefni landa utan EB sem tákn um pólitískan vilja aðila til að viðhalda áhuga á frekari framþróun.

Ráðherrar ítrekuðu ákvörðun EFTA-landanna að takast á við ný verkefni varðandi samruna Evrópu. Þeir undirstrikuðu mikilvægi EFTA sem sameiginlegan vettvang til samstarfs og samninga við Evrópubandalagið. Þeir lögðu áherslu á marghliða aðgerðir til að ná árangri fyrir allt evrópska efnahagssvæðið.

Ráðherrar viðurkenndu að samráð og samningar við Evrópubandalagið miði áfram á mörgum sviðum. Þó að þeir lýsi yfir ánægju sinni með árangur á nokkrum þeirra, er þeim ljóst að enn er margt ógert. Þeir lögðu áherslu á að ekkert svið skuli fyrirfram vera undanskilið frá samstarfinu við EB í framtíðinni. EFTA-löndin munu því hraða undirbúningi og reyna að finna sameiginleg forgangsverkefni EFTA-landanna í samningum í framtíðinni við EB.

Ráðherrar viðurkenna mikilvægi þess að stefna að samrýmanlegri löggjöf á milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna á enn fleiri sviðum en nú er. Þeir staðfestu álit sitt á því að víðtækari notkun hugmyndarinnar um gagnkvæma viðurkenningu laga, reglugerða og staðla geti verið mikilvæg leið til frekara samstarfs.

Ráðherrar lögðu einnig mikla áherslu á að lokið yrði viðræðum um samning um fullnustu dóma samhliða Brusselsamningnum frá 1968. Samþykkt þessa samnings á ráðstefnu í september 1988 verði þýðingarmikið framlag til samruna Evrópu.

Ráðherrar undirrituðu samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottun gæðakerfa innan EFTA. Þessi samningur mun auðvelda að koma nýjum vörum á markað innan EFTA með því að gera endurtekningu prófana óþarfa. Ráðherrar eru sannfærðir um að samningurinn verði grundvöllur að samkomulagi við bandalagið.

Ráðherrar lýstu ánægju sinni með, að frá og með 1. júlí 1988, ganga í gildi nýjar reglur innan EFTA um upplýsingaskipti á drögum að tæknilegum reglugerðum. Með þessu nýja tilkynningakerfi er EFTA-löndum gert kleift að greina mögulegar viðskiptahindranir og koma í veg fyrir þær.

Bæði samningurinn um gagnkvæma viðurkenningu prófana vottun gæðakerfa og nýtt tilkynningakerfi um tæknilegar reglugerðir eru hugsaðir sem mikilvægir liðir að samningi við EB þar sem stefnt er að afnámi viðskiptahindrana innan alls evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðherrar lögðu áherslu á mikilvægi þess að koma á virkri gagnkvæmri opnun markaðar opinberra innkaupa á EFTA-EB-svæðinu. Þeir samþykktu að ný og bætt drög innan EFTA á reglum og túlkun á opinberum innkaupum yrðu lagðar fram á næsta ráðherrafundi.

Ráðherrar samþykktu að ný skref þyrfti að taka til að koma í veg fyrir að ríkisstyrkir trufli samkeppni. Þeir mæltust til þess að sérfræðingar lykju innan árs starfi sínu varðandi skilgreiningu sameiginlegra forsenda til að meta viðskiptatruflandi áhrif slíkra aðgerða. EFTA-löndin munu halda áfram að undirbúa samkomulag við EB í þessu skyni.

Með hliðsjón af grundvallarmarkmiðum samtakanna, mikilvægi þess að tryggja gagnkvæmni fyrir þau aðildarríki, sem eru að verulegu leyti háð útflutningi á fiski og öðrum sjávarafurðum og á grundvelli einróma meðmæla þingmannanefndar EFTA, sem studd er af ráðgjafanefnd samtakanna, tóku ráðherrarnir þá ávkörðun að stofna vinnuhóp ráðuneytisstjóra, sem ætlað er að kanna ákveðnar tillögur um aukið viðskiptafrelsi á þessu sviði og tímaáætlun sem síðan verði fylgt um framkvæmd þessara tillagna. Ráðherrarnir fólu vinnuhópnum að skila áfangaskýrslu um störf sín til næsta fundar ráðherranna og síðan lokaskýrslu til ráðherrafundarins, sem haldinn verður í júní 1989.

Enn fremur óskuðu ráðherrarnir eftir því að þegar yrði hafist handa um nákvæma athugun á öllum atriðum, sem máli skipta, á sviði opinberrar aðstoðar til fiskiðnaðar. Þeirri athugun skal lokið í tæka tíð fyrir næsta ráðherrafund þannig að vinnuhópurinn geti metið hver skaðvænleg viðskiptaáhrif þessi atriði geta haft.

Ráðherrarnir samþykktu að hvert EFTA-land, felldi niður tolla af innflutningi frá Spáni þegar þeir ná því að verða 2% í fríverslunarsamningi EFTA-landanna og EB. Hliðstæð ákvörðun hefur þegar verið tekin af hálfu EB. Ráðherrarnir samþykktu einnig að efla Iðnþróunarsjóð EFTA fyrir Portúgal með því að fresta endurgreiðslu höfuðstóls framlags EFTA-landanna og Portúgals. Ráðherrar könnuðu samskipti EFTA-landanna og Júgóslavíu. Þeir staðfestu vilja sinn til að leita nýrra leiða og ráða í samstarfi sínu við Júgóslavíu. Þeir samþykktu að allra ráða yrði leitað til að halda áfram að framkvæma Beregnyfirlýsinguna og að undirbúinn yrði fundur sameiginlegu EFTA- og Júgóslavíunefndarinnar í Graz í september í þessu skyni.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni yfir þeim áföngum sem náðst hefðu til að auka afköst og hagkvæmni starfsliðs EFTA í því skyni að geta betur sinnt þeim nýju verkefnum sem samtökin þurfa að takast á við. Þeir samþykktu að aðlaga störf stjórnsýslu aðildarríkjanna og vinnuaðferðir EFTA til að halda í við þróunina innan evrópska efnahagssvæðisins.

Næsti fundur EFTA-ráðherra verði haldinn í Genf 28. til 29. nóvember 1988.

Fylgiskjal V.

A. Yfirlýsing æðstu manna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), í Ósló 14. - 15. mars 1989.

1. Við, forsætisráðherrar ríkisstjórna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hittumst í Ósló 14. og 15. mars 1989 til að ræða framlag EFTA til samruna Evrópu, samskipti EFTA-ríkjanna og aðildarríkja Evrópubandalagsins og markmið EFTA í heimsviðskiptum.
2. Við ítrekum skuldbindingar ríkja okkar varðandi samruna Evrópu. Við teljum að stefna og samvinna EFTA-ríkjanna á alþjóðavettvangi stuðli að pólitísku og félagslegu jafnvægi í Evrópu. Við erum þar af leiðandi sannfærð um að meiri samræming efnahagslífs EFTA-landanna og Evrópubandalagsins styrki Evrópu og auki hagsæld hennar.
3. Við lýsum ánægju okkar með framlag Evrópubandalagsins til meiri samræmingar með því að koma á einum innri markaði árið 1992. Grundvöllur að samvinnu okkar við Evrópubandalagið er sameiginlegur menningararfur, sameiginlegar hugmyndir um grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda, landfræðileg nálægð og hversu háðar þjóðirnar eru hver annarri á sviði iðnaðar, viðskipta og tæknilegrar þróunar. Við erum sammála um að óhindruð viðskipti og opnir markaðir séu mikilvægir til að stuðla að efnahagsþróun og fullri atvinnu. Við erum reiðubúin til að taka höndum saman við ríki Evrópubandalagsins til að bæta velferð ríkisborgara okkar.
4. Við ítrekum markmið Stokkhólmssáttmálans og fríverslunarsamninganna við EB svo og sameiginleg markmið með Evrópubandalaginu eins og þau birtast í Lúxemborgaryfirlýsingunni árið 1984 um að koma á fót samræmdu og virku evrópsku efnahagssvæði (EES), sem nær til allra aðildarríkja EFTA og EB.
5. Við lýsum ánægju með þann árangur sem náðst hefur í að afnema hindranir í vöruviðskiptum með iðnaðarvörur. Tollar og magntakmarkanir hafa verið felldar niður og uppruna- og tollmeðferð hefur verið einfölduð. Verulegur árangur hefur náðst á sviði tæknilegra reglugerða svo og varðandi öryggisog heilbrigðiskröfur. Þessi þróun hefur styrkt tengsl EFTA og EB enn frekar og stöðu EFTA og EB sem mikilvægustu viðskiptaaðila hvors annars.
6. Samstarf okkar hefur aukist á sviði rannsókna og þróunar og samningar eru fyrirhugaðir til að auðvelda hvers konar þjónustuviðskipti. Á sviði menntamála og umhverfisverndar miðar starfinu áfram og hefur smám saman náð til fjármagnshreyfinga og nokkurra þátta er snerta óhindraðan flutning fólks á milli landa. Á vissan hátt hefur þessi víði samstarfsvettvangur þó ekki að öllu leyti verið í samræmi við metnað okkar og væntingar.
7. Við þurfum að takast á við sömu hindranir og EB í uppbyggingu hins evrópska efnahagssvæðis. Sú leið sem við ákváðum að fara í hinni sameiginlegu Lúxemborgaryfirlýsingu skilar okkur á rétta leið. Við stefnum hins vegar að því að styrkja okkar sérstæða samband við EB á grundvelli jafnvægis á milli réttinda og skuldbindinga. Með hliðsjón af því viðurkennum við að leggja þarf fram aukið starf og nýjar hugmyndir og viljum þannig kanna þá möguleika sem við höfum til að ná þessu markmiði.
8. Í þessu sambandi lýsum við ánægju okkar með yfirlýsingu frá fundi æðstu manna Evrópubandalagsins sem haldinn var á Rhódos þar sem bandalagið óskaði eftir nánari og auknum samskiptum við ríki EFTA og yfirlýsingu Spánverja, sem nú fara með formennsku í EB-ráðinu þess efnis að þeir líti á samskipti EFTA og EB sem helsta forgangsverkefni sitt. Á sama hátt lýsum við ánægju okkar yfir frumkvæði forseta framkvæmdastjórnar bandalagsins, Jacques Delors á Evrópuþinginu þann 17. janúar þar

sem hann lagði til að teknar yrðu upp ítarlegar viðræður um umfang og stofnanlegan ramma nánari samvinnu við EFTA-ríkin.

9. Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.
10. Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.
11. Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB.
12. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum, en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:
    - víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem stunda rannsóknir og iðnþróun í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar.
    - auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina.
    - finna lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari.
    - auka samráð um efnahags- og peningamálastefnu.
13. Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu ríkisborgaranna" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins.
14. Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan hins evrópska efnahagssvæðis gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafastarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála.
15. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.
16. Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra.
17. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega samningamöguleika. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu evrópska efnahagssvæðinu.
18. Það er enn fremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir * (sjá neðanmálsgrein).

19. Við lýsum ánægju með yfirlýsingar þingmannanefndar EFTAlandanna og ráðgjafanefndar EFTA sem eru þýðingarmikið framlag til umræðu okkar.
20. Við ítrekum ákvörðun okkar að styrkja og bæta frekar hið marghliða viðskiptakerfi og berjast gegn hvers konar verndarstefnu. Með hliðsjón af þessu markmiði heitum við öflugum stuðningi við það starf sem unnið er í GATT og leggjum áherslu á það samband sem er á milli sameiningar Evrópu og þess að ná fram óhindruðum viðskiptum um allan heim, eins og stefnt er að í Uruguay-viðræðunum. Við lýsum áhyggjum yfir gangi GATT-samningaviðræðnanna og vonum að þær hindranir sem nú standa í vegi fyrir því að ná fram nýjum og ákveðnari reglum í heimsviðskiptum verði fljótlega rutt úr vegi.
21. Við leggjum áfram áherslu á hversu nauðsynlegt það er fyrir þróunarlöndin að sameinast hinu opna fjölþjóðakerfi, en jafnframt viðurkennum við ábyrgð okkar á að leggja okkar skerf til þróunar í þessum ríkjum, þar með talið að finna lausn á skuldavanda þeirra. Við lofum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda, og hvenær sem mögulegt er, að bæta aðgang innfluttra vara frá þróunarlöndunum að mörkuðum okkar og sérstaklega frá vanþróuðustu ríkjunum.
22. Við leggjum mikla áherslu á mikilvægi starfs Evrópuráðsins til að efla nánara samstarf innan Evrópu sérstaklega á sviði mannréttinda, menntunar, menningar og félagsmála.
23. Við metum einnig mikils samstarf iðnríkja innan OECD, sem hefur lagt stóran skerf til stefnumótunar efnahagslegs stöðugleika og hagsældar.
24. Við lýsum yfir fullum stuðningi við endurskipulagningu og opnun hagkerfis Júgóslavíu og bjóðum fulltrúum þess að kanna leiðir til að þróa samstarf okkar.
25. Við lýsum yfir ánægju með árangursríka niðurstöðu Vínarfundar Ráðstefnu um samvinnu og öryggi í Evrópu (RÖSE), og heitum fullum stuðningi við áframhaldandi starf hennar. Við lýsum jafnframt yfir áhuga á pólitískum og efnahagslegum umbótum í Austur-Evrópu og vonum að sú þróun muni skapa grundvöll til nánari viðskipta- og annara efnahagssamskipta. Við leggjum áherslu á hlutverk efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu þar sem hún er fjölþjóðlegur vettvangur til viðræðna við lönd Austur-Evrópu um þýðingarmikil, sameiginleg hagsmunamál.

* Fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir tekur gildi 1. júlí árið 1990.

Finnland má tímabundið halda núverandi innflutningsfyrirkomulagi á Eystrasaltssíld og laxi. Fyrir 1. janúar 1993 skal Finnland leggja fram tímaáætlun, um afnám þessara undanþága.

B. Ræða forsætisráðherra Steingríms Hermannssonar í upphafi fundar leiðtoga EFTA-ríkjanna í Ósló 14.-15. mars 1989.

Frú formaður,

Leyfist mér, frú forsætisráðherra, að hefja mál mitt með því að þakka fyrir Íslands hönd það frumkvæði yðar að kveðja saman þennan fund. Fundur í þessu fagra umhverfi hér á Holmenkollen í Ósló hvetur til jákvæðrar niðurstöðu af viðræðum okkar.

Við höfum kosið að koma saman til fundar á mjög mikilvægum tímamótum í sögu samstarfs okkar innan EFTA. Á þessum fundi höldum við áfram þeirri viðleitni að samræma skoðanir okkar og aðlögun að þróun mála í Evrópu. Það er ekki nýtt. Þetta hefur verið samfelld þróun margra ára, mörg mikilvæg skref hafa verið stigin til þess að styrkja innra samstarf EFTA-ríkjanna.

EFTA hófst sem fríverslunarsvæði fyrir iðnaðarframleiðslu eingöngu. Nú er EFTA samstarfsvettvangur meðlimaríkjanna á fjölmörgum sviðum. Öll þessi starfsemi er í þeim yfirlýsta tilgangi að undirbúa EFTA-löndin fyrir náið samstarf við Evrópubandalagið.

Tíminn hefur liðið hratt. Við nálgumst það óðfluga að innri markaður Evrópubandalagsins verði að raunveruleika. Enginn virðist efast um að þessu markmiði verði náð í lok ársins 1992. Auk þess hefur töluvert áunnist á hinum þremur svonefndu frelsissviðum, fjármagnsins, þjónustunnar og vinnuaflsins.

Með víðtækan samruna Evrópu á næsta leiti, geta mikilvægar ákvarðanir ekki lengur beðið. Sérhvert land verður að taka sínar ákvarðanir.

Við erum öll Evrópubúar. Við viljum samvinnu Evrópuþjóðar, efnahagslega sterka sameinaða Evrópu, Evrópu sem afl jafnvægis og friðar í heiminum. En við erum vissulega einnig, og e.t.v. fyrst og fremst, skulum við viðurkenna, í leit að betri lífskjörum fyrir eigin þjóð. *Það er óbifanleg sannfæring mín að aðeins sterk, sjálfstæð og fullvalda þjóð fái þjónað* bæði hinu sameiginlega Evrópska markmiði og sínu svo að vel megi fara. Því verður sérhvert land að meta sjálft hverju það getur fórnað og hvað það muni fá. Í fáum orðum mun ég leitast við að lýsa stöðu Íslands.

Eins og þið vitið, er mannfjöldi á Íslandi aðeins 250 þúsund manns. Landið er því það langminnsta að fólksfjölda af EFTA-löndunum.

Auk þess, þó að Ísland tilheyri vissulega Evrópu, er það staðsett fjær meginlandinu en nokkur annar meðlimur. Fjarlægðin gerir fámennri þjóð erfitt að taka af krafti þátt í hraðvaxandi samstarfi og ákvörðunum.

Íslenska efnahagslífið er langtum fábreyttara en efnahagslíf nokkurs annars lands í Evrópu, nema Færeyja. Útgerð og fiskiðnaður nema nálægt 20 af hundraði af þjóðarframleiðslu Íslands. Ekkert annað land í Evrópu, nema Færeyjar, nálgast að vera svo háð einni atvinnugrein. Sjávarafurðir eru u.þ.b. 75 af hundraði af útflutningi landsins. Að vera svo háður einni uppsprettu auðs gerir hið íslenska efnahagslíf óstöðugt. Þrátt fyrir háþróaðar stjórnunarleiðir valda óviðráðanlegar breytingar í náttúrunni tímabundnum sveiflum í fiskstofnum, sem hafa strax áhrif á efnahagslífið allt. Sveiflur í hinu íslenska efnahagslífi eru því langtum meiri en hjá nokkurri annarri þjóð innan EFTA eða EB. Af þessari ástæðu m.a. er fullur samruni við háþróuð Evrópulönd útilokaður.

Þrátt fyrir fábreytt efnahagslíf hefur okkur tekist að skapa góð lífskjör og vel viðunandi velferðarkerfi.

Yfir 40 af hundraði af þjóðarframleiðslu Íslands er byggt á innflutningi og útflutningi. Við erum þannig mjög háð erlendum viðskiptum. Af þessari ástæðu styðjum við af heilum hug frjálsa verslun.

Síðan Ísland gerðist aðili að EFTA árið 1970 og náði vel viðunandi viðskiptasamningum við Evrópubandalagið árið 1972, hafa utanríkisviðskipti okkar færst í vaxandi mæli til Evrópu, sérstaklega til Bandalagsins. Nú nálgast það að 60 af hundraði af útflutningi og innflutningi landsins sé við Vestur-Evrópu.

Með tilvísun til þessarar lauslegu lýsingar á stöðu Íslands, leyfi ég mér að treysta því að ykkur megi vera ljóst að full aðild að Evrópubandalaginu er ekki í myndinni fyrir okkur. Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti okkar til þess að taka eigin ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði. Við verðum ætíð að hafa sjálfir stjórn á náttúruauðlindum Íslands, sem eru grundvöllur tilveru okkar. Við teljum ekki að fjarlægt vald muni nokkru sinni geta haft þá stjórn á viðkvæmum náttúruauðlindum að okkar hagsmuna sé gætt. Slíkar grundvallarstaðreyndir munu ráða ákvörðunum okkar með tilliti til náins samstarfs við Evrópubandalagið eða innan hinnar evrópsku efnahagsheildar.

Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú, áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnshreyfinga.

Hið sama á við um frelsi á sviði þjónustu og vinnuaflsflutninga. Við erum að sjálfsögðu fúsir að kanna þessi atriði, en aðlögun verður að gerast smám saman og byggjast á vandlegu mati á áhrifum slíks á íslenskt fullveldi.

Hins vegar er okkur kappsmál að taka án tafar þátt í samstarfi á sviði rannsókna og vísinda, á sviði menntamála og í öflugu og sameinuðu átaki gegn hinni alvarlegu staðbundnu og alþjóðlegu eyðingu umhverfisins.

Okkur er einnig ánægja að leggja það litla sem við getum af mörkum til aukinnar velferðar íbúa Evrópu. Við leggjum eins og aðrar EFTA-þjóðir áherslu á mikilvægi bættrar sambúðar austurs og vesturs og við teljum að lönd Vestur-Evrópu eigi að gera það sem þau megna til þess að tryggja framgang hinna stjórnmálalegu og efnahagslegu breytinga sem nú eiga sér stað í Austur-Evrópu. Við viljum einnig leggja áherslu á mikilvægi Vínarfundarins fyrir öryggi og mannréttindi og nauðsyn þess að halda áfram á sömu braut.

Þrátt fyrir þær takmarkanir, sem ég hef talið nauðsynlegt að leggja áherslu á, treysti ég því að Ísland teljist mikilvægur þátttakandi í samruna Evrópu og í þróun hins evrópska efnahagssvæðis. Við teljum sjálfir að við getum lagt töluvert til mála með því að sjá Evrópu fyrir hágæðaframleiðslu úr sjónum, framleiðslu sem nýtur vaxandi eftirspurnar, og t.d. með því að virkja okkar hreina vatnsafl til orkufrekrar iðnaðarframleiðslu, sem mikil þörf er fyrir í evrópskum iðnaði.

Frú formaður,

Ég hef forðast að ræða einstök málefni, sem enn eru óleyst í drögum að fréttatilkynningu frá fundinum. Meðal þeirra er spurningin um frjálsa verslun með sjávarafurðir innan EFTA, málefni sem við Íslendingar höfum stöðugt barist fyrir í mörg ár.

Ég hef þegar lýst því hve mjög við erum háð sjávarafurðum. Án frjálsrar verslunar með slíkar afurðir er þátttaka okkar í evrópskum frjálsum markaði, svo ekki sé minnst á enn nánari samruna, í raun þýðingarlaus. Þá getum við eins snúið okkur annað. Frá fundinum í Tampere hefur ýtarlega verið fjallað um þetta atriði, og ég hef talið fulla ástæðu til bjartsýni. Því miður er málið þó enn óleyst. Af þeirri ástæðu getum við Íslendingar því miður ekki talið okkur eiga annan kost en að lýsa yfir fyrirvara við alla fréttatilkynninguna.

Ég þarf ekki að taka það fram, frú formaður, að við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að leysa þetta atriði, bæði á formlegum og óformlegum fundum okkar. Í ljósi þeirra mikilvægu hagsmuna, sem eru í húfi, vona ég vissulega að við náum samkomulagi um frjálsa verslun með sjávarafurðir, sem komi til framkvæmda þrep af þrepi innan fyrirfram ákveðins tíma. Í því sambandi getum við verið sveigjanlegir. Þannig tryggjum við viðunandi niðurstöðu þessa fundar. Þá hefur mikilvægt og ef til vill sögulegt skref verið stigið í samvinnu Evrópuþjóða.

Fylgiskjal VI.

A. Yfirumsjón með samstarfsverkefnum EFTA og EB.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Hannes Hafstein
Valgeir Ársælsson
Sveinn Á. Björnsson
Lilja Viðarsdóttir

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**Ólafur W. Stefánsson** **Jón Thors**
Eftirlit með flutningi fólks á milli landa	Ólafur W. Stefánsson
Lögsaga og fullnusta dóma	Ólafur W. Stefánsson
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**Gylfi Kristinsson** **Húnbogi Þorsteinsson**
Félagsmál (Social dimension)	
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**Guðrún Ásta Sigurðardóttir** **Bjarnveig Eiríksdóttir**
Eftirlíkingar vöru	Guðrún Á. Sigurðardóttir
Skattlagning einstaklinga	Snorri Olsen
Opinber innkaup	Björn Hafsteinsson
Óbeinir skattar	Lárus Ögmundsson
Auðveldari viðskipti	Sverrir Júlíusson
Endurbætur og einföldun upprunareglna	Sverrir Júlíusson
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**Dögg Pálsdóttir**
Lyfjavörur	Ingólfur Petersen
Tryggingar	
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	**Guðmundur Sigþórsson** **Jóhann Guðmundsson**
Heilbrigðiseftirlit dýra	Halldór Runólfsson (Hollustuv.ríkisins)
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**Sólrún Jensdóttir** **Erlingur Bertelsson**
Menntamál	Sólrún Jensdóttir
Rannsóknir og þróun	Stefán Stefánsson
Hálfleiðarar (tölvukubbar)	Þórunn Hafstein
Höfundaréttur á sviði hugverka	Þórunn Hafstein

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	**Halldór Kristánsson** **Baldur Pétursson**
Tæknilegar viðskiptahindranir	Halldór Kristjánsson
Gagnkvæm viðurkenning á vottun gæðakerfa	Halldór Kristjánsson
Höfundaréttur á sviði iðnaðar m.a. hálfleiðar	Rán Tryggvadóttir
Vörur með hráefnum úr landbúnaði	Baldur Pétursson
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**Ólafur S. Valdimarsson** **Halldór Kristjánsson**
Loftferðamál	Halldór Kristánsson Pétur Einarsson Þórður Örn Sigurðsson (Flugmálastjórn)
Fjarskipti	Ragnhildur Hjaltadóttir
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**Arndís Steinþórsdóttir** **Gylfi Gautur Pétursson**
Heilbrigðiseftirlit í sjávarútvegi	Halldór Árnason (Ríkismat sjávarafurða)
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	**Hannes Hafstein** **Valgeir Ársælsson**
Nefnd viðskiptasérfræðinga	Sveinn Á. Björnsson Ólafur Sigurðsson
Ríkisstyrkir	Sveinn Á. Björnsson
Útflutningstakmarkanir	Sveinn Á. Björnsson
Umhverfismál	Gréta Gunnarsdóttir
Loftferðamál	Gréta Gunnarsdóttir
Tilkynning á tæknilegum reglugerðum	Lilja Viðarsdóttir
Tæknilegar viðskiptahindranir	Lilja Viðarsdóttir
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ	**Jón Ögmundur Þormóðsson** **Atli Freyr Guðmundsson**
Fyrirtækjalöggjöf	Jón Ögmundur Þormóðsson
Fjármagnsþjónusta	Tryggvi Axelsson
Fjármagnshreyfingar	Kjartan Gunnarsson
Neytendamál	Atli Freyr Guðmundsson

B. Nefnd Alþingis um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu:

Kjartan Jóhannsson, formaður
Eyjólfur Konráð Jónsson, varaformaður
Kristín Einarsdóttir, ritari
Guðmundur H. Garðarsson
Guðmundur G. Þórarinsson
Hjörleifur Guttormsson
Júlíus Sólnes
Páll Pétursson
Ragnhildur Helgadóttir

Fylgiskjal VII.




Þriðji framhaldsfundurinn,
Vín, 4. nóv. '86-19. jan. '89
Upplýsingaþing,
London, 18. apríl - 12. maí 1989
Traustvekjandi aðgerðir
Vín, 6. mars 1989-
Upplýsinga-
fundir
35 - 23
Viðræður tuttugu
og þriggja ríkja
NATO og
Varsjárbandalagsins
um jafnvægi
heraflans
í Evrópu, Vín
6. mars 1989 -
Umhverfisvernd,
Sófía, 16. okt. - 3. nóv. 1989
1. fundur
um mannúðarþátt
RÖSE, París
30. maí - 23. júní 1989
Efnahagsþing,
Bonn, 19. mars - 11. apríl 1990
2. fundur
um mannúðarþátt
RÖSE, Kaupmannahöfn
5. - 29. júní 1990
Fundur um Miðjarðarhafsmálefni,
Palma de Mallorca, 24. sept. - 19. okt. 1990
3. fundur
um mannúðarþátt
RÖSE, Moskvu
10. sept. - 4. okt. 1991
Friðsamlegar lausnir
deilumála, La Valletta
15. jan. - 8. feb. 1991
Menningararfleifð
RÖSE - ríkjanna, Kraká
28. maí - 7. júní 1991.
Undirbúningsfundur
Helsinki 10. - 24. mars 1992
Fjórði framhaldsfundurinn
Helsinki, 24. mars 1992 -

Fylgiskjal VIII.

Tilkynning utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Brussel 8. - 9. desember sl. um takmarkanir hefðbundins herafla í Evrópu.

1. Í tilkynningu sinni „Takmarkanir á hefðbundnum vígbúnaði: Leiðin framundan", sem samþykkt var á fundi leiðtoga aðildarríkjanna í mars 1988, var lögð áhersla á að misvægið í hefðbundnum herafla væri meginháyggjuefnið í öryggismálum Evrópu. Við munum leggja fram sérstakar tillögur, sem taka á þessu misvægi, við samningaborðið.
2. Það er von okkar að þær tvær samningaviðræður, sem við höfum lagt til, hefjist sem fyrst; þ.e. annars vegar viðræðurnar um jafnvægi á sviði hefðbundins herafla ríkjanna 23 í hernaðarbandalögunum tveimur í Evrópu og hins vegar viðræðurnar um að efla traust og öryggi meðal allra 35 ríkjanna, sem undirrituðu Helsinkisáttmálann.
3. Í þessum viðræðum munum við taka mið af eftirfarandi:
   - sannfæringunni um að núverandi hervæðing sé afleiðingin, en ekki orsök hinnar tilfinnanlegu skiptingar Evrópu;
   - þeirri meginreglu að öryggi eins aðildarríkis sé óaðskiljanlegt öryggi allra. Við höfnum öllum kröfum um sérstakt öryggisfyrirkomulag fyrir sérstök svæði innan bandalagsins eða tillögum er miða að slíkum svæðisbundnum samningum;
   - voninni um að breytt hugarfar í Sovétríkjunum ryðji braut fyrir samkomulagi um raunhæft, hernaðarlega mikilvægt og sannprófanlegt fyrirkomulag sem eykur öryggi við minni vígbúnað.

Til meiri stöðugleika.

4. Helsta ögrunin við stöðugleika í Evrópu er sá vopnabúnaður, sem nota má til stórfelldra sóknaraðgerða og jafnframt til að hertaka landsvæði með skyndiárás og halda því. Þetta eru fyrst og fremst stórir skriðdrekar, stórskotalið og brynvarin liðsflutningatæki. Það er einmitt með tilliti til þessa vígbúnaðar sem ríki Austur-Evrópu hafa gífurlega yfirburði. Til dæmis búa Sovétríkin ein yfir fleiri skriðdrekum og stórskotaliðsvopnum en önnur aðildarríki Varsjárbandalagsins og Atlantshafbandalagsið samanlagt. Skipulag og staðsetning þessara sovésku vopna vekja alvarlegar áhyggjur um þá hernaðarstefnu, sem þeim er ætlað að þjóna sem og hlutverki þeirra í að viðhalda skiptingu Evrópu.
5. Yfirlýsing Sovétríkjanna um niðurskurð í hefðbundnum vígbúnaði er skref í þá átt að leiðrétta þetta misvægi. Niðurskurðurinn er vísbending um að sovésk stjórnvöld hyggist taka á þessu misvægi í hefðbundnum vígbúnaði, sem við höfum ítrekað bent á sem meginvandamálið í öryggismálum Evrópu, á raunhæfan hátt. Við fögnum einnig yfirlýstum vilja Sovétríkjanna til að aðlaga herskipulag sitt að breyttum aðstæðum. Mestu skiptir nú að nýta þessa vænlegu þróun við samningaborðið til að leiðrétta það mikla misvægi sem eftir stendur og tryggja jafnvægi í krafti minni herafla. Til að af því geti orðið er nauðsynlegt að fjalla um staðsetningu, þjóðerni og viðbragðsstig herjanna, auk fjölda þeirra. Tillögur okkar taka til þessara atriða á eftirfarandi hátt:
   - Við munum gera tillögu um heildarmörk fjölda vopna í Evrópu. Þessi mörk ættu að vera mun lægri en nú tíðkast, t.d. allt að helmingi færri skriðdrekar. Það myndi leiða til þess að hámarksfjöldi skriðdreka yrði um 40.000.
   - Okkar hugmynd um stöðugleika felur í sér að ekkert eitt ríki geti drottnað yfir Evrópu í krafti herstyrks. Því munum við einnig leggja til að ekkert ríkjanna 23 geti eitt og sér

haft nema ákveðinn hundraðshluta, t.d. 30%, tiltekins vígbúnaðar í Evrópu í vopnabúri sínu. Ef tekið er mið af skriðdrekum, þá gæti ekkert eitt ríki haft yfir að ráða fleiri en u.þ.b. 12.000 skriðdrekum.
- Takmarkanir varðandi fjölda eða þjóðernislega samsetningu herafla myndu ekki sem slíkar hafa áhrif á staðsetningu herafla á landssvæði annars ríkis. Erlent setulið, sérstaklega ef um er að ræða virka orrustuherflokka getur haft afgerandi áhrif á hvort ákveðið ríki er í aðstöðu til skyndiárásar. Við munum leggja til takmarkanir á slíkan herafla.
- Tillaga okkar mun ná til allrar Evrópu. Til að forðast óréttlætanlega samþjöppun ofangreindra tegunda vígbúnaðar á tilteknum svæðum í Evrópu munum við leggja til viðeigandi undirmörk.

6. Til áréttingar þeim niðurskurði á herafla í Evrópu sem af þessu hlýst, munum við leggja til aðgerðir til að auka stöðugleika. Þessar aðgerðir fela meðal annars í sér ráðstafanir til að koma á auknu gagnkvæmu upplýsingaflæði, tilkynningar og reglur um staðsetningu, flutninga og viðbragðsstig hefðbundinna herja, þ.m.t. vopn og útbúnað.
7. Loks munum við krefjast víðtækra og áreiðanlegra ráðstafana varðandi eftirlit og sannprófun. Slíkt kerfi myndi fela í sér reglubundin skipti á ítarlegum upplýsingum um herji og staðsetningu þeirra og rétt til að framkvæma vettvangskönnun.

Í átt til aukins, gagnkvæms upplýsingaflæðis.

8. Aukið upplýsingaflæði er grundvallarforsenda raunverulegs stöðugleika. Þess vegna eru samningaviðræðurnar um aðgerðir til að efla traust og öryggi, sem fram fara innan ramma RÖSE, nauðsynleg viðbót við viðræðurnar um jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar. Við erum ánægðir með efndir Stokkhólmsskjalsins til þessa og erum þeirrar skoðunar að fylgja verði eftir þeim árangri sem náðst hefur.
9. Til að auka gagnkvæmt upplýsingaflæði um herskipulag höfum við í hyggju að leggja fram tillögu um víðtæk skipti á upplýsingum um herskipulag, mannafla og tæki, ásamt áætlunum um að koma fyrir nýjum tegundum vopna. Til að ákvarða áreiðanleika þessara upplýsinga munum við gera tillögur um aðferðir til að vinna úr og meta úrtaksupplýsingar.
10. Til að byggja á árangrinum sem náðist með Stokkhólmsskjalinu og til að skapa aukið gagnkvæmt upplýsingaflæði um hernaðarlegar aðgerðir munum við einnig leggja til aðgerðir á einstökum sviðum, s.s:
    - nákvæmari upplýsingar varðandi tilkynningar heræfinga,
    - bætt fyrirkomulag til að fylgjast með æfingum,
    - meiri opnun og minni óvissu varðandi hernaðarlegar aðgerðir,
    - auknum ráðstöfunum til að tryggja efndir og sannprófun.
11. Loks munum við leggja til viðbótaraðgerðir í því augnmiði að bæta tengsl og samskipti þátttökuríkjanna á hernaðarlega sviðinu; auðvelda aðgang starfsmanna herráða og fulltrúa fjölmiðla; og efla gagnkvæman skilning á hernaðarmætti, starfsháttum og herskipulagi. Við munum einnig gera tillögu um ramma fyrir skipuleg skoðanaskipti um herfræðikenningar sem tengjast raunverulegri uppbyggingu, mætti og niðurröðun herafla í Evrópu.

Framtíðarsýn fyrir Evrópu.

12. Við munum taka þátt í þessum tveimur aðgreindu samningaviðræðum innan ramma RÖSE þar eð við teljum að varanlegum friði verði ekki komið á nema varðandi alla þætti þeirra deilumála sem haldið hafa Evrópu sundraðri í meira en fjóra áratugi. Að auki

myndi leiðrétting misvægis í hefðbundnum vígbúnaði í Evrópu eyða einni hindruninni í vegi þess að skapa þau bættu pólitísku tengsl milli allra ríkja Evrópu, svo sem við stefnum að.

Því verður að líta á takmarkanir í hefðbundnum vígbúnaði sem hluta heildaraðgerða sem taka jafnt til hernaðarlegra, pólitískra og mannlegra afleiðinga skiptingar Evrópu.

13. Framkvæmd þeirra tillagna okkar, sem nú liggja fyrir, og þeirra sem við unnum að varðandi frekari aðgerðir til eflingar trausts og öryggis munu skila sér í stórkostlegum umbótum í öryggismálum í Evrópu. Við munum óska þess að ná um þær samkomulagi og framkvæma þær hið fyrsta. Verði þær framkvæmdar, erum við reiðubúnir að íhuga frekari skref til að efla stöðugleika og öryggi í Evrópu, t.d. með:
    - frekari niðurskurði og takmörkunum á hefðbundnum vopnum og vígbúnaði,
    - endurskipulagningu herja í því augnmiði að efla varnarstyrk þeirra og draga frekar úr árásargetu.

Framtíðarsýn okkar er sem fyrr heimsálfa þar sem herir verði aðeins til að hindra vopnuð átök og til að tryggja sjálfsvarnir, en ekki til að hafa frumkvæði að árásum eða til að ógna öðrum pólitískt eða hernaðarlega.

Fylgiskjal IX.

Ályktanir á 43. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Allsherjarþingið:

1. Ályktun	Kjörbréf Ísrael
2. Ályktun 43/19	Ástandið í Kampútseu
3. Ályktun 43/18	Hafréttarmál
4. Ályktun 43/15	Alnæmi
5. Ályktun 43/50I	Suður-Afríkusjóður Sþ.
6. Ályktun 43/50K	Aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði

Fyrsta nefnd:

7. Ályktun 43/64	Bann við kjarnavopnatilraunum.
8. Ályktun 43/74A	Genfarsamningurinn frá 1925.
9. Ályktun 43/74C	Efna- og sýklavopn.
10. Ályktun 43/75G	Raunhæfar upplýsingar um hermál.
11. Ályktun 43/75L	Vígbúnaður á hafi.
12. Ályktun 43/75M	Bann við gereyðingarvopnum á hafsbotni.
13. Ályktun 43/78I	Skýrsla afvopnunarnefndar.
14. Ályktun 43/81A	Efndir afvopnunarsamninga.
15. Ályktun 43/81B	Sannprófun á vegum Sþ.
16. Ályktun 43/82	Samn. gegn útbreiðslu kjarnavopna.

Önnur nefnd:

17. Ályktun 43/196	Ráðstefna Sþ. um umhverfi og þróun.
18. Ályktun 43/200	Háskóli Sþ.
19. Ályktun 43/202	Áratugur v/náttúruhamfara.
20. Ályktun 43/209	Aðstoð við jarðarríki Suður-Afríku.

Þriðja nefnd:

21. Ályktun 43/100	Misrétti gegn konum.
22. Ályktun 43/114	Mannréttindasáttmálarnir.
23. Ályktun 43/117	Skýrsla flóttamannafulltrúa Sþ.
24. Ályktun 43/118	Flóttafólk í Mið-Ameríku.
25. Ályktun 43/119	Flóttafólk í Indókína.
26. Ályktun 43/133	Fórnarlömb pyntinga.
27. Ályktun 43/137	Mannréttindi í Íran.
28. Ályktun 43/151	Skyndiaftökur.
29. Ályktun 43/153	Mannréttindi í réttarfarskerfinu.

Fjórða nefnd:

30. Ályktun 43/31	Menntun og þjálfun fyrir suðlægari Afríku

Fimmta nefnd:

31. Ályktun 43/229	Fjármögnun UNIFIL

Sjötta nefnd:

32. Ályktun 43/161	Staða viðbótarbókana við Genfarsamningana frá 1949.
33. Ályktun 43/167	Öryggi stjórnarerindreka.
34. Ályktun 43/169	Alþjóðalaganefndin.
35. Ályktun 43/171A	Góð samskipti grannríkja.

Fylgiskjal X.

Framlög Íslands til alþjóðastofnana á árinu 1989.

Allar upphæðir í þús.kr.

Alþjóðastofnanir	Gjöld samtals
Sameinuðu þjóðirnar (UN)	10 620
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)	4 660
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO)	2 420
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	3 660
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA)	3 080
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)	2 370
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO)	760
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMCO)	580
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur (UNFICYP)	530
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki (FAO)	40
Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10
Tollasamvinnuráðið (CCC)	730
Alþjóðasjómælingastofnunin (IHB)	310
Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC)	1 340
Alþjóðahafrannsóknir(ICES,ICNAF,NEAFC)	3 300
Alþjóðastofnunin til útgáfu tollalaga	70
Alþjóðalandfræðisambandið (IGU)	20
Alþjóðajarðfræðisambandið (IUGS)	20
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	700
Bernarsambandið	410
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (INTERPOL)	1 210
Evrópuráðið	4 440
Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)	5 910
Atlantshafsbandalagið (NATO)	17 320
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)	8 370
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	240
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	560
Alþjóðasamband um byggingaskipulag	30
Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	260
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	50
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon (UNIFIL)	3 220
Sameindalíffræðiþing Evrópu	200
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 480
Parísarsamningur um varnir gegn mengun	260
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA)	120
Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	110
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin (NASCO)	1 230
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Namibíu (UNTAG)	6 432
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Angóla (UNAVEM)	141
Samtals	87 213

Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands	60 000
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	11 540
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO)	3 660
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	10 760
Alþjóðabarnahjálparstofnunin (UNICEF)	1 550
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	680
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	1 690
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn (UNRWA)	460
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	530
Alþjóðaráð Rauða krossins	1 370
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)	290
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)	280
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNCHR), sérstakt framlag vegna aðstoðar við Namibíska flóttamenn	158
Alþjóðaráð Rauða Krossins vegna hjálparstarfs í Afganistan	158
Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna sem samræmir efnahagslega og aðra aðstoð Sþ. og sérstofnana þeirra við afgönsku þjóðina	158
Samtals	93 284

Fylgiskjal XI.

TÍU HELSTU ÚTFLUTNINGSLÖNDIN.
Upphæðir í millj. kr. (fob).

Lönd	1988
1. Bretland	14 341
2. Bandaríkin	8 373
3. V-Þýskaland	6 367
4. Portúgal	5 240
5. Japan	4 706
6. Frakkland	2 979
7. Sviss	2 784
8. Sovétríkin	2 194
9. Spánn	2 113
10. Danmörk	**2 033**
Samtals	**51 130**
Önnur lönd	**10 544**
Útflutningur alls	**61 674**

TÍU HELSTU ÚTFLUTNINGSLÖNDIN.
Upphæðir í millj. kr. (cif).

Lönd	1988
1. V-Þýskaland	9 781
2. Danmörk	6 370
3. Noregur	6 273
4. Svíþjóð	6 028
5. Bretland	5 626
6. Holland	5 607
7. Bandaríkin	5 186
8. Japan	4 746
9. Sovétríkin	2 385
10. Frakkland	**2 151**
Samtals	**54 153**
Önnur lönd	**14 818**
Innflutningur alls	**68 971**

Fylgiskjal XII.

(9. apríl 1984)

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Lúxemborg 9. apríl 1984.

Ráðherrafundur Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu var haldinn mánudaginn 9. apríl 1984 í Kirchberg European Centre í Lúxemborg.

Fundinum var stjórnað af Claud Cheysson, utanríkisráðherra Frakka og formanni EB-ráðsins og Mats Hellström, utanríkisviðskiptaráðherra Svía og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Wilhelm Haferkamp, varaforseti hennar.

Þátttakendur samþykktu eftirfarandi sameiginlega yfirlýsingu í lok fundarins:

1. Í því skyni að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi samskiptanna sem komið var á með fríverslunarsamningnum milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna, hittust ráðherrar aðildarríkja Evrópubandalagsins, ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til að meta áratuga árangur fríverslunar og til að gera tillögur um nánari og aukna samvinnu innan ramma fríverslunarsamninganna og utan þeirra.

2. Með afnámi síðustu tolla og magntakmarkana í tvíhliða viðskiptum með iðnaðarvörur, snemma árs 1984, náðu bandalagið og EFTA-löndin því markmiði sem sett var fyrir meira en tíu árum.

Það hefur því verið komið á stærsta fríverslunarsvæði heims, þar sem fjórðungur heimsviðskipta á sér stað, með yfir 300 milljónir neytenda og sem mun stækka enn frekar með fjölgun aðildarríkja bandalagsins í framtíðinni. Þetta hefur átt ríkan þátt í verulega auknum viðskiptum milli þessara Evrópulanda. Árangurinn sem náðst hefur í evrópskri samvinnu er verulegur, sérstaklega þegar tekið er tillit til efnahagslegra erfiðleika og þrýstings til að taka upp verndarstefnu sem við höfum staðið andspænis frá því í byrjun 7. áratugarins.

Þessi þróun hefur lagt verulegan skerf til efnahagsbata, og ætti jafnvel að leiða til enn frekari eflingar viðskipta.

Ráðherrarnir voru því sannfærðir um mikilvægi frekari aðgerða til að efla og styrkja samstarfið með það að markmiði að koma á einu evrópsku efnahagssvæði til hagsbóta fyrir lönd þeirra.

3. Með það í huga, álitu ráðherrarnir nauðsynlegt að halda áfram að spyrna gegn þrýstingi til að taka upp verndarstefnu og að fylgja eftir viðleitni sinni til að bæta óhindrað flæði iðnnaðarvara í löndum sínum sérstaklega með: samræmingu staðla, afnámi tæknilegra hindrana, einföldun landamæraeftirlits og upprunareglna, afnámi óheiðarlegra viðskiptahátta, ríkisstyrkja er brjóta í bága við fríverslunarsamninga og aðgang að opinberum innkaupum. Í þessu tilliti eru tilraunir bandalagsins til að styrkja innri markað sinn mjög mikilvægar. Ráðherrar treysta á, eins og áður, að það reynist mögulegt að finna heppilegar lausnir byggðar á gagnkvæmni í anda fríverslunarsamninganna.

4. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að viðhalda raunsæju og sveigjanlegu samstarfi sem er utan ákvæða fríverslunarsamninganna, milli bandalagsins og aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna. Slík samvinna hefur þróast á undanförnum árum á fjölda sameiginlegra áhugasviða, sem eðlilegur viðauki sívaxandi viðskiptatengsla.

Ráðherrarnir ákváðu að breikka og efla slíkt samstarf milli bandalagsins og aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna. Aukin efnahagsleg tengsl milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna

krefjast sérstaklega samvinnu á sviði rannsókna og þróunar. Ráðherrarnir lögðu áherslu á þörfina til að auka þessa starfsemi t.d. í sambandi við COST og innan samtaka sem sum landanna eru aðilar að, sérstaklega í því skyni að stuðla að flutningsmöguleikum evrópskra rannsóknarmanna. Þeir vildu að vissum iðnaðar- og tæknisviðum framtíðarinnar yrði gefinn sérstakur gaumur s.s. fjarskiptum, upplýsingakerfum eða hinni nýju myndbandafjölmiðlun.

5. Samstarf og/eða samráð á sviði samgangna, landbúnaðar, sjávarútvegs og orkumála yrði eflt.

Samráð, tengsl eða upplýsingaviðskipti um vinnuaðstöðu, félagslega vernd, menningu, neytendavernd, umhverfismál, ferðamál og höfunda- og einkaleyfisrétt væri fyrirhuguð, með hliðsjón af því starfi sem unnið væri á öðrum alþjóðlegum vettvangi, sérstaklega innan Evrópuráðsins og með tilliti til möguleika hvers lands fyrir sig.

6. Ráðherrarnir ítrekuðu nauðsyn á að viðhalda og tryggja efnahagsbatann og draga úr óviðunandi miklu atvinnuleysi – sem kemur sérstaklega niður á ungu fólki og skapar verulegt vandamál fyrir efnahagskerfi og þjóðfélög þeirra – án þess þó að endurvekja verðbólguna. Þeir munu reyna að samræma aðgerðir sínar á þessu sviði. Það er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins að vera virkir þátttakendur í þessu átaki.

7. Loks, með nánari samvinnu, verður Evrópa í betri aðstöðu til að skapa skilyrði til hagvaxtar og hafa mikilvægara hlutverki að gegna í heiminum, sérstaklega með því að auka tengsl á sviðum efnahags- og peningamálastefnu.

Með þetta í huga, voru ráðherrarnir sammála um að auka samráð og upplýsingaskipti um efnahagsleg vandamál og viðskiptaerfiðleika líðandi stundar í því skyni að finna sanngjarnar lausnir, sérstaklega í félagi við helstu viðskiptaaðila sína, með það að markmiði að styrkja hið opna marghliða viðskiptakerfi. Í þessu sambandi ítrekuðu þeir skuldbindingar sem gefnar hafa verið innan OECD, GATT og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Þeir samþykktu einnig að auka samráð um þróunarmál, sérstaklega í tengslum við Norður-Suður viðræðurnar, til að efla nánari samvinnu við þróunarlöndin. Þeir lögðu sérstaka áherslu á aukna þátttöku þróunarlandanna í marghliða viðskiptasamstarfi og tekist verði á við skuldavanda þeirra á skipulagðan hátt.

Ráðherrarnir samþykktu að vinna að þessum markmiðum saman á alþjóðlegum vettvangi s.s. innan OECD, GATT, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans og einnig á tvíhliða grundvelli.

8. Ráðherrarnir lýstu yfir pólitískum vilja til að ná þessum markmiðum.

Fylgiskjal XIII.

Opinber framlög til þróunarsamvinnu 1987 (OECD)*

	Framlög millj. Bandaríkjad.	Prósent af alls	Þjóðarframl. tvíhliða verkefni	Árleg aukning minnkun í prósentum frá 1981/1982
Danmörk	859	0,88	0,55	6,3
Finnland	433	0,50	0,30	14,5
Noregur	890	1,09	0,64	7,9
Svíþjóð	1.377	0,88	0,58	3,3
England	1.865	0,28	0,21	-2,9
Írland	51	0,20	0,17	2,8
Holland	2.094	0,98	0,74	0,1
V-Þýskaland	4.391	0,39	0,32	10,6
Kanada	1.885	0,47	0,32	6,2
Bandaríkin	8.945	0,47	0,20	2,2
Meðaltal OECD =	**0,35**	**0,27**	**2,6**	
Ísland '87	2,6	0,06	0,02	-4
Ísland '89 [1])	4,0	0,09	0,03	-1

* Tölur fyrir lönd, önnur en Ísland, eru úr skýrslu OECD frá árinu 1987.

[1]) Áætlað: Innifalið er aukið framlag til þróunarstofnunar alþjóðabankans (IDA) og gæsluliðs Sþ. í Namibíu.

Fylgiskjal XIV.

ÆFINGAR VARALIÐS BANDARÍSKA LANDHERSINS Á ÍSLANDI

FORSAGA

Í byrjun þessa áratugar var ákveðin veruleg fækkun í fastaherjum Bandaríkjanna og fjöldi atvinnuhermanna landhersins samanlagður takmarkaður við 780.000 hermenn. Jafnframt var aukin áhersla lögð á skipulagningu varaliðssveita.

Upphaf ARICE, eða „U.S. Army Forces Iceland", sem er opinbert heiti þess stórfylkis varaliðs bandaríska landhersins sem stofnað var árið 1984, má rekja til þessarar ákvörðunar.

Ef spennu eða hættuástand skapaðist og íslensk stjórnvöld óskuðu eftir eða samþykktu, er gert ráð fyrir að stórfylki landhers Bandaríkjanna, sem ávallt er í viðbragðsstöðu, yrði fyrst sent á vettvang til Íslands, en yrði hér á landi tiltölulega skamman tíma, eða þar til varaliðsstórfylkið kæmi til landsins. Einnig gæti sú staða komið upp, ef hægur stígandi yrði á spennuástandi, að tími gæfist til að kalla saman og flytja ARICE hingað til lands án þess að sveitir fastahersins þyrftu að koma á vettvang.

Samráð var haft við íslensk stjórnvöld þegar varalið fékk aukin verkefni miðað við fastaher og hefur skipulag og þjálfun þessa liðs farið fram með vitund íslenskra stjórnvalda. Enginn formlegur samningur var hins vegar gerður, enda hefur engin breyting verið gerð á skuldbindingum Bandaríkjanna skv. varnarsamningnum.

Þótt ekkert verði fullyrt, er líklegt að aukin afskipti íslenskra stjórnvalda af skipulagi varna, sem boðuð voru í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í apríl 1984 hafi verið hvatning til betra skipulags og þjálfunar á þeim herafla sem ætlað er að annast varnir Íslands. Í skýrslunni segir orðrétt: „grundvöllurinn að virkri þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að við öðlumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum, er geri okkur betur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu, sem þjóð okkar býr við. Með þeim hætti verðum við í stakk búnir til þess að taka fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins. Með slíka þekkingu að bakhjarli hljótum við að óska úrbóta, ef við teljum vörnunum að einhverju leyti áfátt – eða hafna hugmyndum og fyrirætlunum á þessu sviði, er við teljum að séu ekki í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum".

Yfirmaður landhers Bandaríkjanna kom hingað til lands árið 1984 til viðræðna við yfirmenn varnarliðsins og íslensk stjórnvöld um hlutverk ARICE.

Í desember 1984 voru umræður í varnarmálanefnd um æfingar varaliðsins sumarið 1985 og var þá af hálfu íslenskra stjórnvalda lýst áhuga á nánara samstarfi og atbeina íslenskra stjórnvalda við skipulag varnaráætlana ARICE og að fylgjast með æfingum.

Sumarið 1985 var fyrsta æfing ARICE hér á landi og komu þá um 150 varaliðsmenn hingað, en auk þess tók varnarliðið að sjálfsögðu þátt í æfingunni.

Sumarið 1986 kom Thomas Stones, hershöfðingi, sem hefur verið yfirmaður ARICE hingað til lands og ræddi við varnarmálaskrifstofu um varnaráætlanir og var m.a. farið yfir skrá yfir mikilvæga staði, mannvirki o.fl., sem sérstök ástæða þykir að hafa í huga við gerð varnaráætlana.

Í október 1986 átti skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu fund í Norfolk með yfirmönnum Atlantshafsflota NATO, þar sem æfingar ARICE 1989 og 1991 voru ræddar. Þá þegar var áætlað að um 1000 hermenn tækju þátt í æfingum sumarið 1989.

Í nóvember 1986 var æfingaáætlun ARICE árin 1987 til 1993 rædd í varnarmálanefnd og íslenskum stjórnvöldum boðið að taka þátt í undirbúningsfundum fyrir æfinguna sumarið 1987.

Í æfingu ARICE á Íslandi í júní 1987 tóku 320 varaliðsmenn þátt og fylgdist varnarmálafulltrúi frá varnarmálaskrifstofu með þeirri æfingu.

Í ágúst 1987 kom utanríkisráðherra í heimsókn til varnarliðsins og var honum gerð grein fyrir æfingunni, umfangi hennar og markmiðum, þar með taldar allar trúnaðarupplýsingar. Einnig var ráðherranum skýrt frá áformum um næstu æfingu ARICE sumarið 1989, þar sem um 1000 hermenn myndu taka þátt.

Í sama mánuði fóru báðir varnarmálafulltrúarnir, þeir Arnór Sigurjónsson frá Brussel og Magnús Bjarnason frá varnarmálaskrifstofu til Kanada til að fylgjast með einni af umfangsmestu æfingum ARICE sem haldnar hafa verið, en hún fór fram í Kanada. Sú æfing vakti athygli fjölmiðla og birtist m.a. ítarleg frásögn um hana í Morgunblaðinu.

Í janúar 1988 var forsætisráðherra boðið í heimsókn til varnarliðsins og var honum m.a. gerð grein fyrir æfingum ARICE.

Í mars 1988 kom dómsmálaráðherra í heimsókn til varnarliðsins og var þá m.a. rætt um aukna samvinnu landhelgisgæslu, almannavarna og lögreglustjórnarinnar við varnarliðið og ARICE. Í framhaldi af þessum fundi var haldinn fundur Stones hershöfðingja, með ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu, lögreglustjóranum í Reykjavík og formanni og framkvæmdastjóra Almannavarnaráðs. Þar var farið yfir hlutverk ARICE og reifaðir möguleikar á frekari samvinnu við þessi íslensku stjórnvöld undir forystu varnarmálaskrifstofu. Í framhaldi af því hafa samskipti varnarliðsins við Landhelgisgæsluna verið endurskoðuð, Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur tilnefnt samstarfsaðila og umræður um aukin tengsl við Almannavarnir eru í gangi.

Í maí 1988 komu um 30 yfirmenn landhers og varaliðssveita Bandaríkjanna í kynnisferð til Íslands til að kynnast staðháttum millilíðalaust.

30. ágúst 1988 var fyrirhuguð æfing ARICE nú í sumar formlega tilkynnt á fundi varnarmálanefndar.

25. október var utanríkisráðherra og íslenskum embættismönnum m.a. gerð ítarleg grein fyrir fyrirhugaðri æfingu nú í sumar í aðalstöðvum Atlantshafsherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (SACLANT) í Norfolk.

27. desember 1988 var utanríkisráðherra og aðstoðarmanni hans auk skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu gerð ítarleg grein fyrir fyrirhugaðri æfingu ARICE í kynnisferð til varnarliðsins.

Fylgiskjal XV.

(Þýðing úr ensku)

FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSLANDS

24. febrúar 1989.

Frú Margaret Thatcher forsætisráðherra
10 Downing Street
London S.W.1.
England.

Kæri forsætisráðherra.

Ég vil færa yður þakkir mínar vegna fundar þess sem við áttum að Downingstræti 10 hinn 6. desember. Mér þótti vænt um að fá tækifæri til að ræða við yður allmörg mál sem varða sameiginlega hagsmuni landa okkar, og einkum að huga með yður að afstöðu Íslands hvað snertir þróun mála innan Efnahagsbandalags Evrópu og í Evrópu almennt.

Mér þótti afar mikilsvert að finna skilning yðar á vilja okkar til að tryggja frjálsa verslun og samvinnu við bandalagið á ýmsum öðrum sviðum, án fullrar aðildar.

Á fundi okkar ræddum við landgrunnsafmörkun á svæðinu milli Íslands, Danmerkur, Stóra-Bretlands og lýðveldisins Írlands, og lögðuð þér til að ég ritaði yður um það mál.

Ég vísa því til hjálagðs minnisblaðs, þar sem þessu álitaefni er lýst. Eins og þar kemur fram legg ég til að hið fyrsta verði hafnar viðræður hátt settra embættismanna í því skyni að ná samkomulagi um málið.

Ég vil að lokum endurtaka boð mitt til yðar um að sækja Ísland heim. Okkur væri það mikil ánægja að taka á móti yður í landi okkar.

Virðingarfyllst,
Steingrímur Hermannsson.
(undirskrift)

(Þýðing úr ensku)

Minnisblað.

Til Margaret Thatcher forsætisráðherra
Frá Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra

Efni: Afmörkun landgrunns.

Á nýlegum fundi okkar að Downingstræti 10 lögðuð þér til að ég skrifaði yður um þá ósk Alþingis og ríkisstjórnar minnar að sem fyrst verði leyst úr álitaefnum varðandi landgrunnsafmörkun á hafsvæðinu milli Íslands, Danmerkur (Færeyja), Stóra-Bretlands, og lýðveldisins Írlands.

Nauðsynlegt er að fjalla um og sætta kröfur þær, sem öll strandríkin fjögur hafa nú sett fram. Það er álit Íslendinga að strandríkin ættu að sinna málefni þessu í sameiningu, meðal annars frá sjónarmiði þjóðaröryggis, en einnig til að útiloka að það geti orðið tilefni

djúpstæðari ágreinings síðar meir. Með afstöðu þessari er tekið tillit til þess hversu mjög það er æskilegt að leysa úr ágreiningi okkar áður en Alþjóðahafsbotnsstofnunin, sem ráð er fyrir gert í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, tekur til starfa. Að öðrum kosti gæti stofnunin með tímanum öðlast réttindi á svæðinu og tekist á hendur eða gert samninga um rannsóknir eða nýtingu þar þannig að hagsmunir strandríkjanna fjögurra skertust, en látið önnur ríki eða utanaðkomandi fyrirtæki taka þátt í þeirri starfsemi. Alvarlegur ágreiningur milli strandríkjanna fjögurra eða verulegur dráttur á að leysa málið þeirra á meðal kynni að auka líkur á að þetta gerðist, og slíkt ber því að forðast.

Svo sem við ræddum um til bráðabirgða á fundi okkar yfir korti af Hatton-Rockall svæðinu, er krafa Islendinga byggð á 76. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

1. mgr. 76. gr. er svohljóðandi:

> Landgrunn strandríkis tekur yfir hafsbotn og botnlög neðansjávarsvæðanna sem ná utan landhelgi þess til allrar eðlilegrar og óslitinnar framlengingar á landsvæði þess allt að ytri brún landgrunnssvæðisins eða allt að 200 sjómílum frá grunnlínum sem víðátta landhelginnar er mæld frá þar sem ytri brún landgrunnssvæðisins nær ekki svo langt út.

Hvað Ísland snertir nær hin „eðlilega og óslitna framlenging“ frá austanverðu landinu um óvenju grunna hluta austanverðs Norður-Atlantshafs til sunnanverðs Hatton-Rockall svæðisins. Frá landmótunarfræðilegu sjónarmiði kemur þetta til dæmis í ljós með því að gera dýptarsnið af hafsbotninum eftir 16° vestlægrar lengdar. „Ytri brún landgrunnssvæðisins“, þ.e. suður- og vesturmörk landgrunns Íslands á því svæði sem hér um ræðir, eru þá dregin, eins og segir í 4. mgr. 76. gr., „ekki lengra en 60 sjómílur frá rótum landgrunnshlíðarinnar“, en rætur landgrunnshlíðarinnar eru skilgreindar sem „mesti hallabreytingarstaðurinn á lægsta hluta hennar“. Að austanverðu eru mörkin að mestu ákvörðuð með tilliti til 200 sjómílna lögsögu Færeyja, Stóra-Bretlands og lýðveldisins Írlands.

Krafa Íslendingana, sem sett var fram í kjölfar krafna hinna annarra þriggja strandríkja, kemur öll fram í reglugerð varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suðri og til austurs, sem útgefin var hinn 9. maí 1985, en eintak af henni fylgir hjálagt (sjá 3. gr.).

Að áliti sérfræðinga okkar endar „eðlileg og óslitin framlenging“ til vesturs frá landi Stóra-Bretlands og sérstaklega lýðveldisins Írlands í raun innan 200 sjómílna lögsögu þeirra, hvers um sig. Þetta stafar af tilvist Rockall-dýpisins, sem er meira en 2500 metrar á dýpt. Á grundvelli 121. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna myndi Rockall sjálfur þó veita Stóra-Bretlandi rétt til 12 sjómílna landhelgi umhverfis klettinn.

Í reglugerð þeirri um afmörkun landgrunnsins sem áður var til vitnað kemur í 5. gr. fram sá vilji og ásetningur lands míns að leita samkomulags við önnur lönd sem hagsmuna hafa að gæta „um endanlega afmörkun landgrunnsins í samræmi við almennar reglur þjóðaréttar“. Þessi afstaða kom þegar fram í ályktun Alþingis hinn 14. mars 1983, þar sem hvatt var til samvinnu strandríkjanna fjögurra í þessu efni.

Vegna þess hve efnahagur Íslendinga hvílir á óvissum grunni hlýtur hver og ein íslensk ríkisstjórn að fylgja eftir kröfum til sérhverra réttinda sem Íslendingum kann að bera að alþjóðalögum og sem orðið geta til gagns komandi kynslóðum. En jafnframt er þjóð mín staðráðin í að leysa í vinsemd ágreining við grannþjóðir sem komið getur upp í þessu sambandi, grannþjóðir sem við leitum nánara samstarfs við.

Það er skoðun mín, forsætisráðherra, að stundum hafi komið fyrir áður að ágreiningur landa okkar yrði óþarflega harður og erfiður til lausnar vegna þess að ekki hafi verið fjallað um hann nægilega snemma af nægilega hátt settum mönnum beggja aðila. Erfiðleikar fyrri tíma hafa nú verið farsællega leystir. Viðskipti með fisk, sem eru báðum aðilum til gagns, hafa komið í stað langvarandi fiskveiðideilna. Fyrir mitt leyti er það einlæg von mín að okkur muni

takast að láta samskipti landa okkar, sem einnig dafna t.d. á vettvangi varnarmála og menningarmála, þróast áfram hnökralaust.

Það viðfangsefni sem nú liggur fyrir okkur er að því leyti verulega frábrugðið fyrri ágreiningsmálum okkar á hafréttarsviðinu að lausn þess mun ekki hafa nein áhrif á núverandi ástand hvað snertir lífsviðurværi og atvinnumál þjóða okkar. Þetta ætti að auðvelda okkur verkið.

Þótt helst hafi verið lögð áhersla á að ná samkomulagi um fullnaðarafmörkun landgrunnssvæðanna gæti lausn einnig fundist í formi samkomulags um að skipta í ákveðnum hlutföllum tekjum þeim, sem fengjust af sameiginlegri nýtingu auðlinda á svæðinu. Ég tel að það sé vert gaumgæfilegrar athugunar að nálgast málið á þann hátt.

Að lokum vil ég leggja til að bráðlega verði hafnar viðræður hátt settra embættismanna með það að markmiði að ná samkomulagi um endanlega afmörkun landgrunns á Hatton-Rockallsvæðinu, svo og að hefja nána samvinnu um vísindarannsóknir og nýtingu auðlinda sem þar kunna að finnast.

Fylgiskjal XVI.

SAMNINGUR
milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun, sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland:	11 af hundraði.
Ísland:	78 af hundraði.
Noregur:	11 af hundraði.

4. gr.

Ef aðili ákveður að framselja sína aflahlutdeild að fullu eða hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

5. gr.

1. Ef Noregur eða Grænland veiða ekki sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skal Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur á næstu vertíð sem nema sama magni, enda hafi ástæður, sem hlutaðeigandi aðili réði ekki við, legið til þes að hann veiddi ekki sína hlutdeild á vertíðinni.

2. Ef bætur samkvæmt 1. tölul. leiða til þess á einhverri vertíð að skiptingin er bersýnilega ósanngjörn, skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

6. gr.

1. Grænlenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64°30' N til 15. febrúar. Ísland mun einnig leyfa þessum veiðiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um borð vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlenskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlenskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Íslan sem gildi fyrir eina vertíð í senn.

2. „Grænlenskt fiskiskip" merkir í 1. tölul. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilega um eignaraðild.

7. gr.

Íslenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í grænlenskri fiskveiðilögsögu norðan 64°30'.

8. gr.

Fiskiskipum með grænlenskt fiskveiðileyfi og íslenskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen, og einnig til að landa afla sínum í norskum höfnum.

9. gr.

Með vísan til veiðiheimilda í lögsögu skv. 6., 7. og 8. gr. getur hver aðili fyrir sig sett takmarkanir í sinni lögsögu með tilliti til stærðar fiskiskipa, fjölda þeirra og gerðar.

10. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfræðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

11. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

13. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1989 til og með 30. apríl 1992.

Fylgiskjal XVII.

Listi yfir helstu skammstafanir.

ABM: Anti-Ballistic Missile.
ALCM: Air-launched Cruise Missile.
ARICE: US Army Forces Iceland.
CARICOM: Caribbean Community and Common Market.
CCMS: Committee on the Challenges to Modern Society.
CFE: Conventional Forces in Europe.
COFI: Committee on Fisheries.
CSBM: Confidence- and Security-building Measures.
EFTA: European Free Trade Association.
GATT: General Agreement on Tariffs and Trade.
IASC: International Arctic Science Committee.
INF: Intermediate Nuclear Forces.
MBFR: Mutual and Balanced Force Reductions.
NATO: North Atlantic Treaty Organization.
OECD: Organization for Economic Co-operation and Development.
SADCC: Southern African Development Co-ordination Conference.
SLCM: Sea-launched Cruise Missile.
START: Strategic Arms Limitation Talks.
UNAVEM: United Nations Angola Verification Mission.
UNEP: United Nations Environment Programme.
UNESCO: United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.
UNGOMAP: United Nations Good Offices Mission in Afghanistan.
UNICEF: United Nations Childrens Emergency Fund.
UNIIMOG: United Nations Iran Iraq Military Observer Group.
UNSSOD: United Nations Special Session on Disarmament.

Ed. 863. Frumvarp til laga [111. mál]

um aðför.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 114 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara, ef eitthvað eftirtalinna atriða varðar aðfararheimildina:

1. ef krafa styðst við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.
2. ef um kröfu er að ræða, sem lögtaksréttur er fyrir og 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til.
3. ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.
4. ef krafist er aðfarar á grundvelli ábyrgðar, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til.
5. ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamál um viðkomandi kröfu, nema fyrirmæli laga áskilji annað. Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara í tvíriti.

Heimilt er gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómara, ef hann svo kýs, þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hana.

99. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um aðför, nr. 19 4. nóvember 1887.
2. 8. og 9. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 1. gr. og 2.–16. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29 16. desember 1885.
3. Í norskum lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók, 22. kap.; 19., 22., 23., 24., 28., 39., 40. og 56. gr.
4. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
5. Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum, 13. janúar 1792.
6. Tilskipun um aðför eftir dómum er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið, 14. september 1792.
7. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
8. Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs, 21. maí 1829.
9. Opið bréf handa Íslandi er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu, 11. desember 1869.
10. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32 11. júlí 1911.

100. gr. hljóðar svo:

Aðfarargerðir skulu ekki fara fram og ekki skal tekið við nýjum aðfararbeiðnum frá og með 15. júní 1992 til og með 30. júní 1992 nema brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjist þess að mati fógeta. Heimilt er þó á framangreindu tímabili að ljúka gerð sem byrjað hefur fyrir 15. júní 1992.

101. gr. hljóðar svo:

Beiðnir um aðfarargerðir, sem ekki hefur verið sinnt þann 15. júní 1992 og liggja fyrir við borgarfógetaembættið í Reykjavík, embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og embætti bæjarfógeta og sýslumanna, skulu endursendar hlutaðeigandi gerðarbeiðendum nema þeir hafi áður óskað bréflega eftir framsendingu tiltekinna beiðna til héraðsdóms eða embættis sýslumanns, eftir því sem leiðir af fyrirmælum 11. og 16. gr.

Beiðnir, sem framsendar eru samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., skulu skráðar skv. 1. mgr. 15. eða 18. gr. og njóta stöðu skv. 1. mgr. 19. gr. í samræmi við þann dag sem þær bárust borgarfógeta, lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumanni ef þær bera móttökudaginn með sér. Teljast þær ella mótteknar 1. júlí 1992.

Beiðnir, sem endursendar eru gerðarbeiðendum samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., glata þeirri réttarvernd sem þær kunna að njóta samkvæmt gildandi lögum 15. júní 1992.

102. gr. hljóðar svo:

Aðför má gera samkvæmt fyrirmælum laga þessara til fullnustu kröfu þótt hún hafi ekki verið aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum eldri laga og þótt gjalddagi hennar eða efndatími hafi verið fyrir 1. júlí 1992. Þetta tekur þó ekki til krafna sem nutu lögtaksréttar ef sá réttur er fyrndur samkvæmt eldri lögum við gildistöku þessara laga.

Ekki er þörf birtingar áskorunar áður en aðför fer fram samkvæmt lögum þessum þótt svo hafi staðið á um kröfu fyrir gildistöku laganna sem segir í 9. gr. laga nr. 19/1887.

104. gr. hljóðar svo:

Um heimildir til umráðasviptingar eigna, sem fjárnám eða lögtak hefur verið gert í fyrir 1. júlí 1992, fer eftir 7. kafla frá þeim degi.

Fyrirmæli 54., 58. og 60. gr. taka ekki til aðfarargerða sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992.

105. gr. hljóðar svo:

Um heimildir til endurupptöku fjárnáms- eða lögtaksgerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir reglum eldri laga þótt komið sé fram yfir þann dag. Um framkvæmd við endurupptöku skal farið eftir fyrirmælum 68. gr., eftir því sem við getur átt.

106. gr. hljóðar svo:

Fyrirmæli 10. kafla taka ekki til dagsekta, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 1. júlí 1992.

107. gr. hljóðar svo:

Ef rekstur sérstaks ágreiningsmáls hefur byrjað fyrir fógetarétti eða ákvörðun verið tekin um hann fyrir 1. júlí 1992, en málinu hefur ekki verið lokið fyrir þann dag, skal það sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem þá tekur við lögsögu í viðkomandi umdæmi. Meðferð slíks máls skal lokið samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Aðfarargerð, sem lokið hefur verið fyrir 1. júlí 1992, verður ekki borin undir héraðsdóm skv. 15. kafla.

108. gr. hljóðar svo:

Fyrirmæli 16. kafla taka ekki til athafna sem eiga sér stað fyrir 1. júlí 1992, þótt aðfarargerð sé lokið eftir þann tíma.

Nd. 864. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Árni Gunnarsson.	Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 865. Breytingartillaga [414. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

1. gr. orðist svo:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir er annast þar eftirlit og fræðslu. Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.

Sþ. 866. Skýrsla [483. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1988.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit.

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármála á árinu 1988 samkvæmt niðurstöðutölum ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni. Hins vegar að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar 1988 í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að sýna og skýra niðurstöðutölur ársins 1988 samanborið við áætlanir fyrir það ár, og með hliðsjón af efnahagsþróun og þróun ríkisfjármála undanfarin ár.

Niðurstöðutölur ríkisbókhalds fyrir árið 1988 lágu fyrir í lok janúarmánaðar og sýna mikinn halla á ríkissjóði. Rekstrarafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 7,2 milljarða króna, en greiðsluafkoman, þ.e. að meðtöldum lánahreyfingum, varð nokkuð hagstæðari, eða neikvæð um 4,2 milljarða króna. Þetta er fjórða árið í röð sem ríkissjóður er rekinn með halla, og hefur rekstrarhallinn aukist verulega, eða frá jafnvirði 1,3% af vergri landsframleiðslu árið 1987 í u.þ.b. 2,8% árið 1988.

Uppgjör ríkisbókhalds fyrir árið 1988 byggist í megindráttum á greiðslugrunni. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggist á rekstrargrunni, verður frábrugðinn m.a. að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Hins vegar eru fjárlög ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við niðurstöður ríkisreiknings á sama grundvelli því raunhæfa viðmiðun.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs með tekjuafgangi að upphæð 52 milljónir króna. Hinn mikli munur, sem er á útkomu ársins og upphaflegri áætlun fjárlaga, á sér ýmsar orsakir og endurspeglar þau miklu umskipti, sem urðu í íslensku efnahagslífi á árinu 1988. Framvinda ríkisfjármála á fyrstu mánuðum ársins var í samræmi við áætlanir, sem gerðar voru í ársbyrjun, en um og upp úr miðju ári fór að gæta samdráttar í efnahagslífinu. Kom það m.a. fram í minnkandi tekjum ríkissjóðs af veltusköttum og tregari innheimtu. Jafnframt fóru ýmsir útgjaldaliðir fram úr fyrri áætlunum, fyrst og fremst vaxtagjöld og niðurgreiðslur og verðuppfærsla rekstrarliða. Af þessum ástæðum varð afkoma ríkissjóðs mun verri á síðari hluta ársins en áætlað hafði verið.

Tekjusamdráttinn má fyrst og fremst rekja til samdráttar í innlendri eftirspurn á síðari hluta ársins í kjölfar versnandi ytri skilyrða þjóðarbúsins, minnkandi aflaverðmætis og lækkunar afurðaverðs á erlendum mörkuðum.

Ástæður aukinna útgjalda umfram verðlagsbreytingar, svo sem hækkun vaxtagjalda, er vegna meiri skulda við Seðlabankann en áætlað var og að öðrum hluta er um að ræða ákvarðanir stjórnvalda vegna efnahagsaðgerða o.fl.

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á síðasta ári, samanborið við áætlun fjárlaga og tölur ríkisreiknings fyrir árið 1987 (m.kr.).

Yfirlit I. **Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1988.**

Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
1. Tekjur	48.963	63.579	64.382
2. Gjöld	51.688	63.527	71.583
3. Tekjuafgangur	-2.725	52	-7.201
4. Lánahreyfingar, nettó	3.829	390	3.183
5. Viðskiptareikningar, nettó	-1.824	-400	-211
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	-720	42	-4.229

Heimild: Ríkisbókhald. Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Yfirlitið sýnir hin verulegu frávik á milli fjárlaga og niðurstöðu ársins 1988. Við samanburð ber að hafa í huga þau umskipti sem urðu í efnahagsmálum á Íslandi á árinu, tíðra efnahagsaðgerðum stjórnvalda og sérstakra aðgerða nýrrar ríkisstjórnar, sem tók við stjórnvöldum í lok september.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur einnig ákveðna vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1988 (m.kr.):

Yfirlit II. **Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1988.**

Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
6. Greiðsluafgangur/halli	-720	42	-4.229
7. Afborganir af lánum í Seðlabanka	60	640	706
8. - Lántaka í Seðlabanka	-892	-	-60
9. Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu (6+7+8)	-1.552	682	-3.583
10. - Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-402	-	-266
11. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (9+10)	-1.954	682	-3.849

Heimild: Ríkisbókhald. Fjárlaga- og hagsýslustofnun

2. Ríkisfjármál.

Það var tvennt sem öðru fremur setti svip á framvindu efnahagsmála og ríkisfjármála á síðasta ári. Eftir eitthvert mesta hagvaxtarskeið, sem gengið hefur yfir íslenskt efnahagslíf, ekki síst vegna mikillar velgengni í sjávarútvegi, snerist þróunin við á síðasta ári. Fór saman minnkandi verðmæti fiskafla og lækkandi afurðaverð á erlendum mörkuðum.

Í öðru lagi höfðu tíðar aðgerðir stjórnvalda, meðal annars til þess að bregðast við versnandi horfum, áhrif á efnahagsþróunina, ekki síst þá þætti hennar sem snúa að afkomu ríkissjóðs. Breytt efnahagsástand sést glöggt með því að bera saman nokkrar hagtölur fyrir árin 1987 og 1988.

- **Aflaverðmæti** hafði aukist að meðaltali um 8-9% á ári undanfarin ár, en í fyrra varð samdráttur - í fyrsta sinn síðan 1983 - um 2-3% að raungildi.
- **Heildarútflutningur** minnkaði um 4% árið 1988, en hafði aukist um 4% árið 1987.
- **Heildarinnflutningur** dróst saman um 2-3% í fyrra, en hafði aukist um 22% árið 1987.
- **Ráðstöfunartekjur heimilanna** hækkuðu um 43% árið 1987, en um innan við 20% árið 1988. Þar sem almennar verðbreytingar voru um 20% 1987 og 25% 1988, jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um rúmlega 20% að raungildi árið 1987, en dróst saman um 4-5% árið 1988.
- **Einkaneysluútgjöld**, sem höfðu vaxið um 16% árið 1987, minnkuðu um 2-3% árið 1988.
- **Fjárfestingarútgjöld** jukust um 19% árið 1987 en minnkuðu um 2-3% árið 1988.

Þessir mælikvarðar sýna mjög ákveðna breytingu, sem jafnvel á íslenskan mælikvarða verður að teljast óvenju snörp veðrabrigði í efnahagslífinu.

Þessi þróun efnahagsmála ásamt viðbrögðum stjórnvalda með efnahagsaðgerðum á árinu, hafði m.a. þau áhrif, að forsendur fjárlaga fyrir árið 1988 um breytingar á launum, verðlagi og gengisskráningu reyndust óraunhæfar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 í desemberlok 1987 var tekið mið af efnahagshorfunum eins og þær voru þá metnar af Þjóðhagsstofnun. Á þeim tíma lá þó ekki fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá í heild sinni, heldur aðeins vísbendingar um helstu frávik frá þjóðhagsáætlun. Með hliðsjón af þessu var tekjuáætlun fjárlaga byggð á þeirri meginforsendu, að útgjöld heimilanna yrðu svipuð að raungildi og árið 1987, en tekjuáætlun fjárlaga er að miklu leyti háð þeirri stærð.

Í því fólst í reynd sú grundvallarforsenda, að kaupmáttur heimilanna héldist því sem næst óbreyttur milli áranna 1987 og 1988. Eins og kemur fram hér átti þessi forsenda eftir að breytast í mjög veigamiklum atriðum og skýrir það að verulegum hluta þann samdrátt ríkistekna, sem varð síðar á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar helstu vísitalna 1987-1988 eins og þær urðu í raun samanborið við forsendur fjárlaga.

Yfirlit III. Hækkun launa, verðlags og gengis 1987-1988.

	Meðalhækkun milli ára		Hækkun frá ársbyrjun til ársloka	
	Fjárlög 1988	Útkoma 1988	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
1. Framfærsluvísitala	18,0	25,4	7,0	20,6
2. Byggingavísitala	14,5	17,9	7,0	16,2
3. Lánskjaravísitala	17,5	23,4	7,0	20,6
4. Meðalverð erlends gjaldeyris	0,0	14,2	0,0	21,8

Heimild: Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

2.1. Áhrif efnahagsþróunar og aðgerða stjórnvalda.

Í lok febrúar 1988 var í fyrsta sinn á því ári gripið til sérstakra efnahagsaðgerða. Markmið þessara aðgerða - sem og raunar þeirra aðgerða, sem komu síðar á árinu - var annars vegar að rétta við stöðu útflutningsgreinanna og hins vegar að draga úr innlendri eftirspurn og viðskiptahalla. Til að ná þessum markmiðum var meðal annars gripið til 6% gengisfellingar, niðurfellingar skatta á útflutningsgreinar, aukinnar endurgreiðslu söluskatts til atvinnuveganna o.fl. Til þess að bæta ríkissjóði beint tekjutap vegna þessara aðgerða var tekjuskattur félaga hækkaður og erlendur lántökuskattur sömuleiðis.

Í maímánuði var aftur gripið til efnahagsaðgerða. Markmiðin voru hin sömu og fyrr, að bæta stöðu útflutningsgreinanna, draga úr viðskiptahalla og hamla gegn verðbólgu. Í þetta skiptið var gengi krónunnar fellt um 10%. Jafnframt voru launahækkanir takmarkaðar með bráðabirgðalögum við það sem samið hafði verið um í kjarasamningum Verkamannasambandsins og ýmissa annarra aðildarfélaga Alþýðusambandsins fram á árið 1989.

Þegar hér var komið sögu, þ.e. um mánaðamótin maí/júní, var þó orðið ljóst, að afkomuhorfur ríkissjóðs höfðu breyst í ýmsum veigamiklum atriðum, sem kallaði óhjákvæmilega á endurskoðun frá fjárlagaáætlun. Þar að auki er venja að endurmeta stöðu ríkissjóðs að minnsta kosti tvisvar á ári, þ.e. um mitt ár, þegar fjárlagaundirbúningur næsta árs er að hefjast, og aftur á haustin, áður en fjárlagafrumvarpið er lagt fram.

Niðurstaða þessa endurmats kom í sjálfu sér ekki á óvart, því að það hafði legið fyrir frá því fyrr um vorið, að forsendur fyrir hallalausum ríkisbúskap árið 1988 voru brostnar. Bæði höfðu verðlags- og launaforsendur breyst verulega og eins höfðu verið teknar ákvarðanir um aukin útgjöld og skerðingu á tekjustofnum ríkissjóðs, án þess að grípa til aðgerða á móti til að tryggja afkomu ríkissjóðs. Á þessum tíma var talið, að hallinn á ríkissjóði stefndi í að minnsta kosti 700 m.kr. Jafnframt var þó lögð á það áhersla, að það væru ýmsar blikur á lofti, sem gætu leitt til enn lakari niðurstöðu.

Á haustmánuðum, þ.e. í ágúst og september, fóru að berast upplýsingar, sem sýndu greinileg merki um samdrátt í efnahagslífinu eftir því sem líða tók á árið. Þannig sýndu tölur um innheimtu ýmissa veltuskatta, að verulega hafði dregið úr veltu á öðrum ársfjórðungi. Innheimtar tekjur ríkissjóðs reyndust um hálfum milljarði króna undir áætlun á þessu tímabili. það stefndi því í mun meiri rekstrarhalla á ríkissjóði en reiknað hafði verið með nokkrum mánuðum fyrr.

Í lok september urðu stjórnarskipti. Ný ríkisstjórn greip þegar í stað til efnahagsaðgerða í því skyni að bæta stöðu útflutningsgreina og hamla gegn verðbólgu. Meðal annars var ákveðið að framlengja verðstöðvun, sem hafði gilt frá því í ágúst, til febrúarloka 1989, þó þannig að verðhækkanir vegna erlendrar kostnaðarhækkunar voru leyfðar. Jafnframt skyldu laun haldast óbreytt til 15. febrúar 1989. Til þess að milda áhrif launastöðvunar á kaupmátt voru niðurgreiðslur auknar og lífeyrisgreiðslur hækkaðar. Enn fremur fólu þessar aðgerðir í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, meðal annars til endurgreiðslu söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt, skuldbreytingar húsnæðislána o.fl.

Þegar tölur um afkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins lágu fyrir í lok október, var orðið ljóst, að halli ríkissjóðs stefndi í að minnsta kosti 3 milljarða á árinu 1988. Við þá tölu var miðað við undirbúning fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1989. Á þeim tíma var afkoma ríkissjóðs rúmlega 3 milljörðum króna lakari en gert var ráð fyrir í upphaflegri fjárlagaáætlun og skiptist þetta frávik nokkurn veginn jafnt á milli minni tekna og aukinna útgjalda.

Ástæðan fyrir því, að ekki var gert ráð fyrir, að staða ríkissjóðs versnaði enn frekar á síðasta ársfjórðungi, var tvíþætt. Annars vegar hafa síðustu mánuðir ársins yfirleitt verið mjög drjúgir í innheimtu álagðra gjalda. Það var talið koma á móti samdrætti í innheimtu veltuskatta á síðasta ársfjórðungi. Hins vegar var ekki reiknað með verulegum breytingum á gjaldahlið ríkisfjármálanna.

Þessar forsendur stóðust þó ekki. Veltutölur fyrir síðari hluta ársins sýndu ekki aðeins áframhaldandi heldur ört vaxandi samdrátt í eftirspurn og þar með í tekjum ríkissjóðs. Til marks um hve umskiptin í eftirspurn voru snörp er að veltubreytingar í smásöluverslun milli áranna 1987 og 1988, sem voru 33% á fyrsta ársfjórðungi og 20% á öðrum fjórðungi, voru komnar niður í 9% fyrir tímabilið júlí til nóvember. Almennar verðhækkanir voru hins vegar enn um 25%, þannig að veltusamdrátturinn nam 10-12% að raungildi.

Enda þótt reiknað hafi verið með umtalsverðum samdrætti á þessum tíma í áætlunum fjármálaráðuneytisins, var alls ekki gert ráð fyrir, að samdrátturinn yrði svo mikill sem raun varð á. Niðurstaðan fyrir árið í heild varð sú, að heildartekjur ríkissjóðs urðu 64 milljarður króna, heildarútgjöld rúmlega 71 milljarður og hallinn þar með rúmlega 7 milljarðar króna.

2.2. Tekjuhlið ríkissjóðs.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 námu alls 64.382 m.kr. samanborið við 48.957 m.kr. á árinu 1987. Hækkun milli ára nemur 31,5%. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 24-25% þannig að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað um 5-6% að raungildi. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu helstu tekjustofna ríkissjóðs á árunum 1987 og 1988 (í m.kr.):

Yfirlit IV. **Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1987 og 1988.**

Í milljónum króna.

	Innheimt 1987	Innheimt 1988	Breyting %
1. Tekjuskattur	4.716	7.927	68.1
2. Eignaskattur	1.387	1.510	8.9
3. Aðflutningsgjald, vörugjöld	9.367	7.298	-22,1
4. Söluskattur	19.971	29.522	47.8
5. Hagnaður ÁTVR	3.200	4.275	33.6
6. Launatengd gjöld	3.543	4.908	38.5
7. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	533	1.051	97.2
8. Aðrir óbeinir skattar	3.306	4.201	27.1
9. Aðrar tekjur, þ.m.t. vaxtatekjur	2.934	3.690	25.8
10. Heildartekjur (1+.....+9)	48.957	64.382	31.5

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Í upphafi árs 1988 urðu verulegar breytingar á tekjustofnum ríkissjóðs. Tekin var upp staðgreiðsla á tekjusköttum einstaklinga, lög um nýja tollskrá og breytta álagningu vörugjalds tóku gildi og söluskattsstofninn var hækkaður með niðurfellingu undanþágu á matvæli o.fl. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingum og helstu tekjustofnum ríkissjóðs.

Innheimta ríkissjóðs á tekjusköttum nam 7.927 m.kr. sem er 68,1% aukning frá árinu 1987. Miklar vonir voru bundnar við hið nýja staðgreiðslukerfi tekjuskatta. Gert var ráð fyrir að með þessu fyrirkomulagi myndi innheimta batna. Þetta virðist hafa gengið eftir auk þess

sem innheimta tekjuskatta af tekjum frá 1987, sem ekki falla undir staðgreiðslukerfið, var verulega meiri en gert var ráð fyrir. Versnandi innheimta varð aftur á móti á tekjuskatti fyrirtækja. Innheimta eignarskatta varð 8,9% minni en árið áður og er það minna en gert hafði verið ráð fyrir.

Með nýrri tollskrá og nýjum lögum um álagningu vörugjalds, sem tóku gildi í upphafi árs 1988, varð verulega breyting á innheimtu þessara gjalda. Innheimta þeirra dróst saman um 22,1% frá því sem var á árinu 1987. Nýju lögin fólu m.a. í sér verulega lækkun á tolltöxtum, niðurfellingu ýmissa smærri aðflutningsgjalda og einföldun og samræmingu á vörugjaldskerfinu. Þessi kerfisbreyting skapaði mikla óvissu um innheimtu tekna af þessum gjaldstofnum. Á áætluðu meðalverðlagi ársins 1988 hefðu tekur ríkissjóðs af þessum skattstofnum átt að vera u.þ.b. 8 milljarður króna, en raunin varð sú, að þær urðu tæplega 7 milljarður á árinu öllu. Frávikið, sem nemur um einum milljarði króna, skýrist af tvennu; verulegum samdrætti í almennum vöruinnflutningi, auk þess sem áhrif af breyttu tekjuöflunarkerfi virðast hafa verið ofmetin.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á söluskattskerfinu á síðustu tveimur árum. Þessar breytingar felast fyrst og fremst í breikkun skattstofnsins með niðurfellingu undanþága. Lætur nærri, að stofninn hafi breikkað um þriðjung við þessar breytingar.

Árið 1988 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs af söluskatti 29.522 m.kr. eða tæplega 48% meiri en árið 1987. Á sama tíma hækkaði verðlag á mælikvarða framfærsluvísitölu um 25%. Þrátt fyrir það urðu söluskattstekjurnar allnokkru minni en áætlað hafði verið. Ástæður samdráttarins eru einkum þrjár:

Í fyrsta lagi og það sem vegur þyngst er almennur veltusamdráttur í þjóðarbúskapnum í kjölfar lægri þjóðartekna og minni kaupmáttar. Í öðru lagi virðist árangur af innheimtu hafa versnað, einkum á síðari hluta ársins, samfara vaxandi greiðsluerfiðleikum hjá atvinnufyrirtækjum. Í því sambandi má benda á, að 1% lækkun á innheimtuhlutfalli söluskattstekna skerðir afkomu ríkissjóðs um 300 - 400 m.kr. á heilu ári. Í þriðja lagi hefur gætt ofmats í upphaflegri áætlun um söluskattstekjur af breiðari gjaldstofni. Sú áætlun var byggð á framreikningi bráðabirgðatalna úr þjóðhagsreikningum frá árunum 1985/1986, en þær tölur voru raunar endurskoðaðar nú nýverið.

Á móti þessum samdráttaráhrifum og erfiðari innheimtu kemur að skil á söluskatti virðast hafa batnað í kjölfar fækkunar á undanþágum eins og vonir stóðu til. Þetta kemur meðal annars fram í því, að fyrirtækjum sem skila veltuskýrslum hefur fjölgað verulega, ekki aðeins í greinum sem áður voru undanþegnar söluskatti heldur einnig í öðrum greinum. Auk þess virðist framtalin söluskattsskyld velta einstakra verslunargreina, sem ekki voru undanþegnar söluskatti, hafa aukist nokkru meira en heildarvelta sömu greina. Hluta af þeim mismun má vafalaust skýra með batnandi skilum.

Af öðrum sköttum má nefna að skattur af erlendum lánum var 579 m.kr., en í fjárlögum var gert ráð fyrir að hann næmi 390 m.kr. Launaskattar voru áætlaðir 4.473 m.kr. í fjárlögum, en útkoma ársins var 4.908 m.kr. eða tæpum 10% hærri.

Aðrar tekjur ríkissjóðs, þ.e. vaxtatekjur, arðgreiðslur og fleira voru 3.690 m.kr., en voru í fjárlögum áætlaðar 3.240 m.kr.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs hafa ekki verið jafnháar, sem hlutfall vergrar landsframleiðslu, nokkur undanfarin ár eða sem nemur 25,4% vergrar landsframleiðslu.

Mynd 1. **Skipting innheimtra tekna ríkissjóðs árið 1988.**
Tölur innan sviga sýna skiptinguna 1987.



Í töflu 1 í tölfuviðauka er sýnd frekari skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1987 og 1988.

2.3. Gjaldahlið ríkissjóðs.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1988 voru samtals 71.583 m.kr. Samanborið við árið 1987 nemur hækkunin 38%, en þá voru útgjöld alls 51.688 m.kr. Þessi hækkun er talsvert meiri en hækkun almenns verðlags, sem nemur um 24-25%. Af þessari umframhækkun útgjalda vegur þyngst hækkun rekstrar- og neyslutilfærslna, sérstaklega niðurgreiðslna, sem skýrir tæplega helming hækkunarinnar. Að öðru leyti skiptist hækkunin jafnt á vaxtagjöld, kostnað vegna fjárfestingar og almenn rekstrargjöld.

Allmiklar breytingar urðu á gjaldahlið fjárlaga frá því sem áætlað var við afgreiðslu fjárlaga. Bæði urðu verðhækkanir meiri ásamt því að teknar voru ákvarðanir um ný verkefni. Breyting á gjaldahlið frá fjárlögum er rúmlega 8 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð má rekja um helming til verðlagsbreytinga, en að öðru leyti er um að ræða raunaukningu útgjalda frá fjárlagaáætlun. Þessa raunaukningu má að mestu leyti rekja til ákvarðana stjórnvalda tengdar efnahagsaðgerðum, meiri skulda við Seðlabanka en fjárlög gerðu ráð fyrir, hækkunar almennra rekstrargjalda umfram áætlun fjárlaga og verðlagsbreytinga.

Eftirfarandi yfirlit sýnir útgjöld ríkissjóðs á árinu 1988 samanborið við áætlun fjárlaga og niðurstöðutölur ríkisreiknings fyrir árið 1987 (m.kr.).

Yfirlit V. **Útgjöld ríkissjóðs 1988.**

Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988	Breyting milli ára %
1. Rekstrarliðir	22.146	25.211	28.364	28,1%
Laun	17.800	20.418	22.400	25,8%
Önnur gjöld - sértekjur	4.346	4.793	5.964	37,2%
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur	18.303	24.281	26.471	44,6%
Lífeyristryggingar	7.151	8.949	9.000	25,9%
Sjúkratryggingar	4.325	5.049	5.848	35,2%
Niðurgreiðslur á vöruverði	1.544	3.037	3.513	127,5%
Kjarnfóðurgjald	-	295	315	-
Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna	927	1.478	1.607	73,4%
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	700	937	930	32,9%
Útflutningsuppbætur	978	956	1.292	32,1%
Annað	2.678	3.580	3.966	48,1%
3. Vaxtagjöld	4.289	4.800	6.864	60,0%
4. Viðhald	1.200	1.507	1.475	22,9%
Vegagerð ríkisins	875	1.202	1.202	37,4%
Annað	325	305	273	-16,0%
5. Fjárfesting	5.750	7.728	8.409	46,2%
Stofnkostnaður	2.723	3.859	4.282	57,3%
Fjármagnstilfærslur	3.027	3.869	4.127	36,3%
6. Heildargjöld (1+.....+5)	51.688	63.527	71.583	38,5%

Heimild: Ríkisbókhald. Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld vegna launa og rekstrargjalda stofnana námu 28.364 m.kr. Áætlað er, að bein launagjöld hafi numið 22.400 m.kr., en önnur rekstrargjöld 5.964 m.kr. Heildarútgjöld rekstrarliða voru í fjárlögum 25.211 m.kr., en ef sú tala er færð upp til meðalverðlags á árinu 1988 svarar það til 26.700 m.kr. Ef tekið er tillit til samþykktra aukafjárveitinga á árinu, sem urðu tæpar 800 m.kr., er hækkun raunverulegra útgjalda umfram verðlag og samþykktar heimildir um 880 m.kr. Af þeirri upphæð má rekja 60 m.kr. til aukinna greiðslna uppbóta á lífeyri opinberra starfsmanna, en 800 m.kr. er halli á rekstrargjöldum stofnana.

Rekstrar- og neyslutilfærslur námu 26.471 m.kr. og hækka um 8.168 m.kr. frá fyrra ári, eða um tæplega 45%. Þar vegur þyngst hækkun á lífeyristryggingum, sjúkratryggingum og niðurgreiðslum á matvælum, sem ákveðin var við upptöku söluskatts á matvæli til að bæta neytendum hækkun vöruverðs. Hækkun rekstrar- og neyslutilfærslna frá fjárlögum nam 2.190 m.kr. Sú hækkun skiptist þannig, að lífeyris- og sjúkratryggingar hækka um 850 m.kr., en það má að stærstum hluta rekja til almennra verðlagsbreytinga. Þá eru um 200 m.kr. vegna vanáætlunar á endurgreiðsluhlutfalli sveitarfélaga til sjúkratrygginga. Niðurgreiðslur land-

búnaðarvara hækkuðu um 610 m.kr. Af þeirri fjárhæð má áætla, að um 250 m.kr. séu vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um sérstaka niðurgreiðslu búvara síðast liðið haust. Að öðru leyti eru 210 m.kr. vegna niðurgreiðslna á söluskattsáhrifum búvöruhækkana innan ársins, en fyrir þeirri hækkun var ekki áætlað í fjárlögum. Þá er hækkun vaxta og geymslugjalds um 130 m.kr. Útflutningsbætur hækka um 327 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Af öðrum einstökum smærri liðum má nefna, að útgjöld ríkissjóðs vegna ábyrgðar á launum starfsmanna hjá gjaldþrotafyrirtækjum hækkuðu um 57 m.kr. umfram fjárlög og endurgreiðsla gjalda í landbúnaði og iðnaði um 74 m.kr.

Veruleg hækkun varð á vaxtagjöldum frá áætlun fjárlaga. Raunveruleg útgjöld urðu 6.864 m.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 4.800 m.kr. vaxtagreiðslum og nemur hækkunin því rúmlega tveimur milljörðum króna. Þyngst vega aukin vaxtagjöld vegna yfirdráttarskuldar í Seðlabankanum, en hún hækkaði um tæpar 1.500 m.kr. frá áætlun fjárlaga og skýrist af hærri skuldastöðu við Seðlabanka og hærra vaxtastigi en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Innlausn spariskírteina var auk þess heldur meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þannig að vaxtagreiðslur vegna þeirra eru um 240 m.kr. hærri. Að öðru leyti skýrist hækkun vaxtagreiðslna af verð- og gengisbreytingum.

Á árinu 1988 voru heimilaðar aukafjárveitingar að upphæð rúmlega 2.566 m.kr. og skiptast þær eftirfarandi eftir ástæðum (þús.kr.):

Yfirlit VI. Skipting aukafjárveitinga 1988 eftir ástæðum og flokkum.
Í milljónum króna.

	Alls	Rekstur	Rekstrartilf.	Viðhald	Fjárfesting	Fjármagnstilfærslur
1. Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga	39	-	-	-	17	22
2. Ónotaðar fjárveitingar frá 1987	-	-	-	-	-	-
3. Lög frá Alþingi	-	-	-	-	-	-
4. Ályktanir Alþingis	6	-	6	-	-	-
5. Uppgjör frá fyrra ári	344	300	31	-	-	13
6. Magnbreytingar vegna samninga	577	52	430	-	95	-
7. Aukaútgjöld í rekstri	413	264	43	10	83	13
8. Ný verkefni	157	30	83	10	20	14
9. Verðlagsuppfærsla	337	148	189	-	-	-
10. Sérstakar ákvarðanir ríkisstjórnar	694	-	619	-	-	75
Aukafjárveitingar samtals	2.567	794	1.401	20	215	137

*) Auk þessara fjárveitinga námu geymdar fjárheimildir frá árinu 1987 130 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Til skýringar á miklum útgjöldum umfram áætlun fjárlaga má nefna, að útgjöld til rekstrarliða og tilfærslna lúta sveiflum í launum og verðlagi. Því eru frávik frá fjárlögum mikil ef verðlagsforsendur fjárlaga standast ekki. Sama á við um vaxtagjöld. Á móti kemur, að áhrif verðlagsbreytinga á tekjur ríkissjóðs eru almennt jákvæðar vegna meiri veltu og hærri tekna einstaklinga og fyrirtækja. Árið 1988 var undantekning að þessu leyti vegna samdráttar efnahagslífsins. Útgjöld til viðhalds og fjárfestinga eru hins vegar oft fastákveðnar fjárhæðir, sem ekki breytast samhliða breytingum á verðlagi.

Algengt er að skipta ríkisútgjöldum eftir hagrænu eðli eins og fram kemur í mynd 2.

Mynd 2. **Skipting útgjalda ríkissjóðs árið 1988.**
Tölur innan sviga tákna skiptinguna 1987.



Í töflu 3 í töfluviðauka kemur fram frekari skipting útgjalda ríkissjóðs 1987 og 1988 eftir málaflokkum og tafla 4 sýnir þróun útgjalda til einstakra málaflokka, sem hlutfall vergrar landsframleiðslu á árunum 1984-1988.

2.4 Lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Fram hefur komið að tekjuhalli ríkissjóðs reyndist vera 7.200 m.kr. en í fjárlögum fyrir árið 1988 og lögum nr. 10/1988 um aðgerðir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, var gert ráð fyrir minniháttar tekjuafgangi. Ástæður þess að fjárlög stóðust ekki hafa verið raktar hér að framan. Eftirfarandi yfirlit sýnir afkomu ríkissjóðs á árinu 1988 samanborið við fjárlög 1988 og með breytingum skv. lögum nr. 10/1988 (m.kr.):

Yfirlit VII. **Afkoma ríkissjóðs 1988.**
Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
1. Tekjur	48.963	63.579	64.382
2. Gjöld	51.688	63.527	71.583
3. Tekjuafgangur/halli (1-2)	-2.725	52	-7.201
4. Veitt lán, nettó	-99	-60	-779
5. Hlutafé og stofnframlög	-873	-80	-116
6. Viðskiptareikningar, nettó	-1.824	-400	-211
7. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, nettó (3+....+6)	-5.521	-488	-8.307
8. Afborganir af teknum lánum	-2.877	-4.635	-5.094
9. Lánsfjárþörf ríkisins, brúttó (7+8)	-8.398	-5.123	-13.401
10. Tekin lán, brúttó	7.678	5.165	9.172
11. Greiðsluafgangur halli (9+10)	-720	42	-4.229

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér mun hins vegar athyglinni verða beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1988.

Veitt lán, nettó. Í fjárlögum voru lánveitingar alls áætlaðar 2.600 m.kr. Endanlegar lánveitingar urðu 2.863 m.kr. Innheimtar afborganir af veittum lánum voru í fjárlögum áætlaðar 2.540 m.kr. en urðu 2.084 m.kr. Þannig varð útsteymi á veittum lánum ríkissjóðs 719 m.kr. umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Eftirfarandi yfirlit sýnir þetta nánar (m.kr.):

Yfirlit VIII. **Veitt lán ríkissjóðs, nettó 1988.**
Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
1. Innheimtar afborganir	1.873	2.540	2.084
2. - Veitt ný lán	-1.972	-2.600	-2.863
3. Veitt lán, nettó (1+2)	-99	-60	-779

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Að því er varðar lakari innheimtu afborgana af veittum lánum munar mestu að með efnahagsráðstöfunum í febrúar var samþykkt að skuldbreyta lánum fiskvinnslufyrirtækja sem frestaði afborgunum á þeim lánum, alls að fjárhæð 150 m.kr. Þá var einnig frestað afborgunum lána vegna orkufyrirtækja að fjárhæð um 100 m.kr. Af stórum lánum sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1988 má nefna eftirfarandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna 690 m.kr., Flugstöð Leifs Eiríkssonar 822 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 345 m.kr. og raðsmíðaskip 670 m.kr. Frávik frá lánsfjárlögum koma fram í milligöngu ríkissjóðs um 100 m.kr. lán til Flóabátsins Baldurs hf. og ýmsum lántökum að fjárhæð 236 m.kr., sem einkum eru tilkomnar vegna fasteignaviðskipta ríkissjóðs. Loks var á lánsfjárlögum ætlað fyrir lánveitingu vegna togarans Mánabergs að fjárhæð 180 m.kr. en hún var ekki afgreidd á árinu.

Hlutafjár- og stofnframlög. Til þeirra var áætlað 80 m.kr., en greiðslur urðu 116 m.kr. og skiptast þannig (m.kr.):

Útvegsbanki Íslands hf.	8
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	7
Steinullarverksmiðjan hf.	16
Þrúnarfélag Íslands hf.	25
Alþjóðabankinn og IDA	59
Annað, nettó	1
Samtals	116

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur af viðskiptareikningi urðu 211 m.kr. í stað 400 m.kr. eins og áætlað var í fjárlögum.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 4.078 m.kr. Heildarlántökur urðu 9.172 m.kr., þar af voru teknar 60 m.kr. að láni hjá Seðlabanka, 4.882 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum og 4.230 m.kr. erlendis. Afborganir námu alls 5.094 m.kr., þar af runnu 706 m.kr. til Seðlabanka, 3.356 m.kr. til ýmissa innlendra aðila og 1.032 m.kr. til erlendra. Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1988 (m.kr.):

Yfirlit IX. **Tekin lán ríkissjóðs, nettó 1987.**

Í milljónum króna.

	Útkoma 1987	Fjárlög 1988	Útkoma 1988
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó	3.847	1.170	4.724
1.1. Sala spariskírteina	2.144	3.000	4.841
1.2. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna	157	-	-
1.3. Verðbréfakaup bankakerfis	1.216	1.260	-
1.4. Ríkisvíxlar	934	-	-207
1.5. Aðrar innlendar lántökur	34	-	248
1.6. Erlendar lántökur	2.155	905	4.230
1.7. -Innlausn spariskírteina	-805	-2.130	-2.520
1.8. -Afborganir af öðrum innlendum lánum	-952	-1.015	-836
1.9. -Afborganir af erlendum lánum	-1.036	-850	-1.032
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó	954	-640	-646
2.1. Tekin ný lán	1.038	-	60
2.2. -Afborganir	-84	-640	-706
3. Tekin lán, nettó (1+2)	4.801	530	4.078

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Innlendar lántökur námu alls 4.942 m.kr. en voru áætlaðar 4.260 m.kr. í fjárlögum. Af þeirri fjárhæð voru 1.260 m.kr. verðbréfakaup banka og sparisjóða. Í ágúst náðist hins vegar samkomulag við banka, sparisjóði og verðbréfasala að í stað skuldabréfakaupa að fjárhæð 1.260 m.kr. tryggðu þeir sölu á 2.970 m.kr. af spariskírteinum. Samkvæmt þessu samkomulagi varð innlend fjáröflun 600 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Söluaðilum spariskírteina tókst ekki að selja öll þessi bréf fyrir áramót og áttu í lok árs spariskírteini fyrir um 600 m.kr. en það er svipuð fjárhæð og ætlað var að þeir keyptu af lífeyrissjóðunum á árinu.

Útistandandi ríkisvíxlar í árslok 1987 voru að fjárhæð 934 m.kr. á fjárlögum 1988 var gert ráð fyrir að halda sömu fjárhæð útistandandi í lok árs 1988. Innlausn umfram sölu varð hins vegar 207 m.kr. Við uppgjör á skammtímafyrirgreiðslu Seðlabanka í lok árs 1987 var hluti þeirrar skuldar fjármagnaður með löngu láni frá Seðlabankanum að upphæð 60 m.kr. Aðrar innlendar lántökur skýrast að stærstum hluta af fasteignaviðskiptum ríkissjóðs.

Alls varð innlausn spariskírteina 2.520 m.kr. og er það um 300 m.kr. umfram áætlanir. Mestu munar um meiri innlausn síðastliðið haust en ráð var fyrir gert. Afborganir annarra innlendra lána urðu 1.542 m.kr. en voru áætlaðar 1.655 m.kr. í fjárlögum. Mismunur skýrist af ofáætlun í fjárlögum, skuldbreytingu eldri lána á árinu og hækkun á lánskjaravísitölu umfram forsendur fjárlaga.

Erlendar lántökur urðu alls 4.230 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru 942 m.kr. endurlánaðar til annarra aðila (Rarik 160 m.kr., raðsmíðaskip 670 m.kr., Flóabáturinn Baldur h.f. 100 m.kr. og hitaveitur 12 m.kr.) í stað 905 m.kr. sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá tók ríkissjóður rétt fyrir áramót lán að fjárhæð 3.290 m.kr., sem notað var til að greiða niður hluta af halla ríkissjóðs hjá Seðlabanka. Heimild til þeirrar lántöku var veitt í lögum nr. 94/1988 um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.

Afborganir af erlendum lánum urðu 1.032 m.kr. í stað 850 m.kr. í fjárlögum og er hækkunin í samræmi við gengisbreytingar.

Staðan gagnvart Seðlabanka. Skuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabanka nam 8.177 m.kr. um síðustu áramót. Skuldastaðan er í reynd tvíþætt. Annars vegar eru löng lán, en það er umsamin fyrirgreiðsla Seðlabankans til lengri tíma. Sú skuld nam 3.185 m.kr. í árslok. Hins vegar er skammtímaskuld, en hún er til komin vegna fjármagnsfyrirgreiðslu Seðlabanka við ríkissjóð innan ársins og á samkvæmt lögum að vera uppgerð fyrir lok mars næsta ár á eftir. Skammtímaskuldin nam 4.992 m.kr. í árslok.

Ástæður aukins yfirdráttar á árinu 1988 eru að stærstum hluta skýrðar af hallarekstri ríkissjóðs að frádreginni sérstakri lántöku í árslok, að fjárhæð 3.290 m.kr., sem nefnd var að framan. Þar til viðbótar kemur aukið útstreymi á veittum lánum ríkissjóðs umfram það sem áætlað var sem nemur rúmlega 700 m.kr. Loks má nefna að kaup á ríkisvíxlum urðu rúmlega 200 m.kr. minni en áætlað var.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1988 nam að jafnaði rúmlega 7 milljörðum kr. og er það langtum hærri upphæð en á árinu 1987 þegar hún nam um 1,9 milljarði kr. að meðaltali.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar.

Á árinu 1987 urðu erlendar lántökur þjóðarbúsins verulega meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegri lánsfjáráætlun. Því hafði Fjárlaga- og hagsýslustofnun í byrjun árs 1988 frumkvæði að tilraun til að efla eftirlit með framkvæmd lánsfjáráætlunar í samvinnu við Seðlabanka Íslands, viðskiptaráðuneytið og greiðslusvið fjármálaráðuneytisins. Með fastákveðinni verkaskiptingu milli þessara aðila var leitast við að afla með reglubundnum hætti haldgóðra upplýsinga um erlendar lántökur hinna ýmsu aðila í landinu. Talið var að reglubundið eftirlit með framkvæmd lánsfjáráætlunar ætti að auðvelda stjórnvöldum stjórn peningamála.

Engu að síður urðu erlendar lántökur á árinu 1988 verulega meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegri lánsfjáráætlun. Ekki verður upplýsingaskorti kennt þar um, en vafalaust má nýta fengna reynslu til að koma á markvissara eftirliti með framkvæmd lánsfjáráætlunar.

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1988. Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (m.kr.):

Yfirlit X. Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987.

Í milljónum króna.

	Sala spariskírt.	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Opinberir aðilar	4.841	-	-	101	4.942	5.177	10.119
Ríkissjóður, A-hluti	4.841	-	-	101	4.942	4.230	9.172
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	-	-	-	-	-	-	-
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	-	695	695
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	252	252
2. Húsbyggingarsjóðir	-	-	7.124	15	7.139	-	7.139
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	5.684	15	5.699	-	5.699
Byggingarsjóður verkmanna	-	-	1.440	-	1.440	-	1.440
3. Lánastofnanir	-	182	469	347	998	3.467	4.465
Byggðastofnun	-	-	152	-	152	1.254	1.406
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	-	516	516
Framkvæmdasjóður	-	182	-	-	182	258	440
Iðnlánasjóður	-	-	15	296	311	767	1.078
Iðnþróunarsjóður	-	-	88	51	139	354	493
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	-	214	-	214	-	214
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	-	63	63
Atvinnutryggingarsjóður	-	-	-	-	-	255	255
4. Atvinnufyrirtæki	-	-	-	265	265	7.572	7.837
Fjármögnunarleigur	-	-	-	265	265	759	1.024
Aðrir	-	-	-	-	-	6.813	6.813
5. Heildarlántökur (1+.....+4)	4.841	182	7.593	728	13.344	16.216	29.560

1) Þar af hjá Seðlabanka 60 m.kr., ríkisvíxlar -207 m.kr., og önnur innlend lántaka 248 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 29.560 m.kr. á árinu 1988, þar af var aflað 13.344 m.kr. innan lands og 16.216 m.kr. með erlendum lántökum. Í töflum 9 og 10 í töfluviðaukanum eru sýndar lántökuheimildir ársins samanborið við raunverulegar lántökur sömu aðila. Þar kemur meðal annars fram að lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 31.097 m.kr. á árinu 1988, þar af til innlendrar lántöku 12.518 m.kr. og til erlendrar lántöku 18.579 m.kr.

Í upphaflegum lánsfjárlögum fyrir árið 1988, sem afgreidd voru frá Alþingi í janúar 1988, var gert ráð fyrir heildarlántökum að fjárhæð 21.484 m.kr. Þar af var áætlað að afla 12.210 m.kr. eða 57% innanlands og 9.274 m.kr. erlendis.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um verga landsframleiðslu á þeim tíma jafngiltu lántökuheimildirnar alls um 9% af vergri landsframleiðslu, þar af innlendar 5,1% og erlendar 3,9%. Niðurstöður um innlendar og erlendar lántökur ársins, sem hlutföll af vergri landsframleiðslu, reyndust hins vegar eftirfarandi:

Yfirlit XI. **Innlendar og erlendar lántökur 1988 sem hlutföll af vergri landsframleiðslu.**

	Innlend lán	Erlend lán	Samtals
1. Opinberir aðilar	1,9	2,0	4,0
þ.a. A-hluti ríkissjóðs	1,9	1,7	3,6
2. Húsbyggingasjóðir	2,8	-	2,8
3. Lánastofnanir	0,4	1,4	1,8
4. Atvinnufyrirtæki	0,1	3,0	3,1
þ.a. fjármögnunarleigur	0,1	0,3	0,4
5. Heildarlántökur (1+.....+4)	5,2	6,4	11,6

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útkoman sýnir að lántökurnar reyndust hærri sem nemur 2,6% af vergri landsframleiðslu en upphaflegar áætlanir ársins miðuðust við. Jafnframt reyndist innlend lánsfjármögnun aðeins um 45% af heildarfjármögnun og endurspeglast það í erlendum lántökum umfram lánsfjárlög.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins 1988 og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum. Heimildir til lántöku á árinu 1988 eru í höfuðatriðum þríþættar. Í fyrsta lagi eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu á Alþingi í janúar 1988. Í öðru lagi heimilar auglýsing viðskiptaráðuneytisins nr. 49/1988 um erlendar lántökur til vélakaupa. Í þriðja lagi eru heimildir veittar af ríkisstjórn eftir samþykkt lánsfjárlaga. Töflur 9 og 10 sýna samanburð á lántökuheimildum og lántökum 1988. Auk þess sýna töflur 11-13 í töfluviðaukanum greiðsluyfirlit húsbyggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands.

3.1 Lánsfjáröflun.

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var ráðgert að afla alls 11.810 m.kr. innan lands fyrir ríkissjóð, húsbyggingarsjóði og opinberar lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 3.000 m.kr. og kaup bankakerfis á ríkisvíxlum og verðbréfum af ríkissjóði fyrir alls 1.260 m.kr. Þá var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir myndu kaupa skuldabréf af húsbyggingasjóðum fyrir um 55% af eigin ráðstöfunarfé, eða sem svaraði til 6,110 m.kr. og að auki af Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir 60 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð áætlunar ársins við útkomu einstakra þátta innlendrar lánsfjáröflunar á árinu 1988 (m.kr.):

Yfirlit XII. **Innlend lánsfjáröflun 1988.**

Í milljónum króna.

	Lánsfjár-áætlun 1988	Útkoma 1988
1. Ríkissjóður	4.260	4.942
Sala spariskírteina	3.000	4.841
Seðlabanki Íslands	-	60
Verðbréfakaup bankakerfis	1.260	-
Ríkisvíxlar	-	-207
Önnur innlend lánsfjáröflun	-	248
2. Húsbyggingarsjóðir	6.160	7.139
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	6.110	7.124
Skyldusparnaður, nettó	50	15
3. Lánastofnanir	1.390	998
Verðbréfakaup bankakerfis	280	182
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	60	469
Önnur innlend fjáröflun	1.050	347
4. Innlend lánsfjáröflun (1+2+3)	11.810	13.079

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 13.079 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en að var stefnt. Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs varð um 700 m.kr. meiri en var ráðgerð í fjárlögum og skýrist af meiri sölu á spariskírteinum. Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1988 er gerð frekari skil í kafla 2.4.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1988, en talið er að það hafi verið um 13,4 milljarðar kr. Kaup sjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar námu 7.124 m.kr. á árinu, eða einum milljarði umfram það sem ætlað var í upphafi árs.

Innlend lánsfjáröflun annarra opinberra lánastofnana var 998 m.kr. eða um 400 m.kr. lægri en að var stefnt í áætlun ársins. Mestu munaði að Fiskveiðasjóður tók engin lán innanlands en hafði heimild til innlendrar lántöku að fjárhæð 400 m.kr. Framkvæmdasjóður og Byggðastofnun nýttu ekki um 200 m.kr. af innlendum lántökuheimildum. Af þeim sem tóku meira en ætlað var í upphafi má nefna að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði 60 m.kr. heimild en tók 214 m.kr. og Iðnþróunarsjóður hafði heimild að fjárhæð 50 m.kr. en tók að láni 139 m.kr.

Erlendar lántökur til langs tíma. Erlend lán sem ráðstafað var innan lands á árinu 1988 námu alls 16.216 m.kr. sem er 6.942 m.kr. umfram heimildir lánsfjárlaga 1988. Afborganir af löngum erlendum lánum námu alls 6.427 m.kr. og skiptust þær þannig: opinberir aðilar 1.986 m.kr., lánastofnanir 451 m.kr. og einkaaðilar 3.990 m.kr. Hreint innstreymi langra erlendra lán varð því 9.789 m.kr. eða sem svarar til 3,9% af vergri landsframleiðslu.

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánamörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur ýmissa aðila.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs erlendis. Því fé sem aflast er ýmist ráðstafað til eigin þarfa ríkissjóðs eða endurlánað, einkum ríkisaðilum, í samræmi við heimildir í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands hefur á undanförnum árum annast erlenda lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóðanna að stórum hluta og endurlánað þeim í samræmi við lánsfjáráætlun. Eftir því sem eiginfjárstaða sjóðanna hefur styrkst hafa þeir í auknum mæli annast sínar lántökur sjálfir og umfang Framkvæmdasjóðs á erlendum lánamarkaði minnkað að sama skapi.

Beinar lántökur eiga við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innan lands á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit XIII. Erlendar lántökur eftir lántakendum og lánnotendum 1988.

Í milljónum króna.

	Upprunalegur lántaki			
Lánnotendur	Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmdasjóður Íslands	Beinar lántökur erlendis	Erlend lánsfjár-ráðstöfun
1. Opinberir aðilar	3.440	89	858	4.387
Ríkissjóður, A-hluti	3.268	-	-	3.268
Ríkissjóður, B-hluti	160	-	-	160
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	695	695
Sveitarfélög	12	89	163	264
2. Lánastofnanir	-	903	2.306	3.209
Byggðastofnun	-	648	606	1.254
Fiskveiðasjóður	-	-	516	516
Iðnlánasjóður	-	-	767	767
Iðnþróunarsjóður	-	-	354	354
Útflutningslánasjóður	-	-	63	63
Atvinnutryggingarsjóður	-	255	-	255
3. Atvinnufyrirtæki	790	258	7.572	8.620
Fjármögnunarleigur	-	-	759	759
Annað	790	258	6.813	7.861
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	4.230	1.250	10.736	16.216

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Erlend lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs árið 1988 nam alls 4.230 m.kr. eða 26,1% af erlendu lánsfé sem ráðstafað var innan lands á árinu. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1987 nam þessi fjárhæð 2.155 m.kr. eða 17,5% af erlendu lánsfé þess árs og 5.004 m.kr. á árinu 1986 eða um 43,3% af erlendu lánsfé.

Innkomin erlend lán Framkvæmdasjóðs námu alls 1.250 m.kr. eða 7,7% af erlendum lántökum á árinu 1988. Rúmlega helmingur þess fjár var vegna milligöngu um lántökur fyrir Byggðastofnun.

Að lokum námu beinar erlendar lántökur annarra aðila 10.736 m.kr. eða 66,2% af erlendri lánsfjárráðstöfun innan lands á árinu 1988. Af þeirri fjárhæð námu beinar lántökur opinberra aðila 858 m.kr. Þar af nam lántaka Landsvirkjunar 575 m.kr., lántaka Þróunarfélags Íslands h.f. 120 m.kr. og lántökur ýmissa hitaveitna og sveitarfélaga 163 m.kr.

Beinar lántökur fjárfestingarlánasjóða námu alls 2.306 m.kr. á árinu 1988. Að stærstum hluta voru lánin tekin hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Lántökur Byggðastofnunar að fjárhæð 606 m.kr. og Fiskveiðasjóðs að fjárhæð 516 m.kr. hjá Norræna fjárfestingarbankanum voru þær fyrstu sem þessir aðilar taka á eigin vegum.

Beinar lántökur atvinnufyrirtækja námu 7.572 m.kr., þar af voru lántökur fjármögnunarleiga 759 m.kr. Lán atvinnufyrirtækja eru mörg tekin fyrir milligöngu opinberra lánastofnanna. Í lánsfjárlögum eru þessi lán sýnd sem heimild atvinnufyrirtækja til að taka lán, en í framkvæmd eru það oft opinberir sjóðir sem annast lántökurnar. Þetta verður að hafa í huga þegar frávik frá heimildum eru skoðuð. Lántökur atvinnufyrirtækja og opinberra fjárfestingarlánasjóða reyndust um 3.660 m.kr. hærri en upphafleg lánsfjárlög gerðu ráð fyrir.
Í eftirfarandi töflu er löngum erlendum lánum skipt eftir notendum lánanna (m.kr.):

Yfirlit XIV. **Löng erlend lán.**

Í milljónum króna.

	Láns-fjárlög 1988	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1988	Tekin lán 1988	Mis-munur
1. Opinberir aðilar	1.104	6.620	7.724	4.387	-3.337
2. Opinberar lánastofnanir	1.625	1.685	3.310	3.209	-101
3. Atvinnufyrirtæki	6.545	1.000	7.545	8.620	1.075
Fjármögnunarleigur	800	-	800	759	-41
Aðrir	5.745	1.000	6.745	7.861	1.116
4. Samtals (1+2+3)	9.274	9.305	18.579	16.216	-2.363

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Framangreindar tölur lýsa ráðstöfun innkominna erlendra lána á árinu 1988. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir ýmsum erlendum lánssamningum sem opinberir aðilar og fjárfestingarlánasjóðir áttu aðild að á árinu 1988. Að auki voru talsverðar erlendar lántökur í því augnamiði að greiða upp eldri lán með óhagstæðari kjörum en buðust á erlendum lánamörkuðum á árinu 1988.

Í árslok 1988 námu erlendar skuldir ríkissjóðs 40.081 m.kr. samanborið við 29.784 m.kr. í árslok 1987. Ríkissjóður tók fjögur erlend lán á árinu 1988. Hið fyrsta að fjárhæð 14 milljónir svissneskra franka var tekið í mars hjá Daiwa Bank í London. Lánið er til tíu ára og ber 5,05% vexti á ári. Í maí var tekið 3 milljarða yena lán hjá Mitsui Trust and Banking Company í Japan. Lánið er til tíu ára og ber 5,5% vexti á ári. Að síðustu voru undirritaðir tveir lánssamningar við Norræna fjárfestingarbankann í júlí. Annar þeirra var vegna láns að fjárhæð 13 milljónir svissneskra franka og hinn að fjárhæð 54 milljónir franskra franka. Báðir samningarnir eru til fimmtán ára og vextir af fyrra láninu eru breytilegir með 0,15% álagi ofan á millibankavexti í London (LIBORvexti) en vextir af síðara láninu eru 9,65% á ári.

Auk þessa var um nokkra breytingu að ræða á stöðu sveigjanlegra skuldbindinga ríkissjóðs þar sem staða veltilána hækkaði úr 25 milljónum dala í árslok 1987 í 90 milljónir dala í árslok 1988 og á sama tíma lækkaði útistandandi fjárhæð skammtímavíxla úr 141 milljónum dala í 127 milljónir dala. Samtals hækkaði staða sveigjanlegra skuldbindinga því úr 166 milljónum dala í 217 milljónir dala á árinu 1988, eða um 51 milljón dala. Staða sveigjanlegra skuldbindinga var lækkuð strax á fyrstu mánuðum 1989 þegar ríkissjóður tók hefðbundin langtímalán erlendis.

Andvirði tekinna lán var ráðstafað til endurfjármögnunar eldri lána og nýrra þarfa í samræmi við ákvæði lánsfjárlaga fyrir árið 1988 og ákvæði laga nr. 94/1988 sem samþykkt voru síðla árs og heimiluðu ríkissjóði að taka lán erlendis að fjárhæð 6.500 m.kr. til að greiða upp skammtímaskuldir sínar í Seðlabankanum. Sú heimild var ekki nýtt að fullu.

Á árinu var eitt lán frá 1977 endurgreitt að fullu fyrir gjalddaga, en það var á sínum tíma endurlánað til Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja. Samtals var hér um tæplega 10 milljónir dala að ræða.

Við val á gjaldmiðlum, fyrirkomulagi vaxtaákvarðana, lánstíma og annarra atriða sem skipta máli við skuldastýringu hjá ríkissjóði var fylgt svipuðum sjónarmiðum og undanfarin ár. Vegna minnkandi mikilvægis utanríkisviðskipta við Bandaríkin hefur verið stefnt að því að draga úr mikilvægi skulda í bandarískum dölum í heildarskuldum ríkissjóðs enda er það í samræmi við þá stefnu að draga úr áhættu sem fylgir innbyrðis sveiflum á gengi gjaldmiðla með því að haga gjaldmiðlasamsetningu erlendra skulda ríkissjóðs með hliðsjón af erlendum viðskiptum þjóðarinnar. Því voru öll hefðbundin langtímalán tekin í öðrum gjaldmiðlum en dölum á árinu. Gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda ríkissjóðs í árslok 1987 og 1988 kemur fram á meðfylgjandi töflu. Eins og sjá má hefur hlutur skulda í bandarískum dölum vaxið milli ára en það stafar eingöngu af því að sveigjanleg skuldbinding sem stofnað var til í árslok 1988 til að greiða hluta af skuld ríkissjóðs við Seðlabankann var í bandarískum dölum. Þessi skuldbinding var endurgreidd með öðrum lánum snemma árs 1989. Þá var hlutur veikari Evrópugjaldmiðla aukinn lítillega þegar tekið var lán í frönskum frönkum. Jafnframt var fjölbreytileiki á vaxtakjörum erlendra skulda ríkissjóðs aukinn með því að taka lán í svissneskum frönkum með breytilegum vöxtum. Er nú svo komið að breytilegir vextir eru á skuldum í bandarískum dölum, þýskum mörkum og svissneskum frönkum en fyrir tveimur árum voru breytilegir vextir einungis á skuldum í bandarískum dölum.

Yfirlit XV. Hlutfallsleg skipting erlendra lána eftir gjaldmiðlum.

	Árslok 1987	Árslok 1988
Bandaríkjadalir	39,0	40,6
Sterlingspund	9,3	8,4
Svissneskir frankar	7,8	8,4
Franskir frankar	0,0	1,0
Vestur-þýsk mörk	17,8	15,2
Japönsk yen	14,7	16,7
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU)	7,8	6,7
Hollenskar flórínum	3,4	2,9
Aðrir gjaldmiðlar	0,2	0,1
Samtals	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Innlendar og erlendar lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 31.097 m.kr. á árinu 1988. Af þeirri fjárhæð námu veittar lántökuheimildir umfram heimildir lánsfjárlaga 9.613 m.kr. Eins og fram hefur komið reyndist lánsfjárráðstöfunin 29.558 m.kr. eða 1.539 m.kr. lægri en heimildirnar.

Ríkissjóður, A-hluti. Lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs hefur þegar fengið ítarlega umfjöllun. Heimildir til lánsfjárráðstöfunar námu alls 11.973 m.kr. en hún reyndist 9.172 m.kr. eða 2.801 m.kr. undir heimildum. Þar munar mestu að af 6.500 m.kr. heimild til erlendrar lántöku sem fékkst með lögum nr. 94/1988 voru einungis 3.290 m.kr. nýttar. Þá var heimiluð lánveiting vegna togarans Mánabergs að fjárhæð 180 m.kr. ekki afgreidd á árinu. Á móti kemur að innlend lánsfjáröflun varð nálægt 600 m.kr. meiri en lánsfjárlög gerðu ráð fyrir. Af lánsfjárráðstöfuninni fóru 1.857 m.kr. til B-hluta, 12 m.kr. til hitaveitna og 790 m.kr. til atvinnufyrirtækja.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða nam alls 1.857 m.kr. Lántökurnar sem fóru fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig að Lánasjóður íslenskra námsmanna fékk 690 m.kr., 345 m.kr. runnu til Rafmagnsveitna ríkisins og 822 m.kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Í lánsfjárlögum 1988 hafði Landsvirkjun heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 600 m.kr. og Þróunarfélag Íslands 50 m.kr. heimild. Með lögum nr. 10/1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum var heimild Landsvirkjunar lækkuð um 75 m.kr. eða niður í 525 m.kr. og heimild Þróunarfélagsins lækkuð um 25 m.kr. eða niður í 25 m.kr. Um mitt ár veitti fjármálaráðuneytið Þróunarfélaginu heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 120 m.kr. til að fjármagna fóðurkaup fiskeldisstöðva.

Lántökur Landsvirkjunar urðu 575 m.kr. og skýrast þær 50 m.kr. umfram heimild af breytingu á gengi frá því heimild var gefin þar til lán var tekið. Að auki skuldbreytti Landsvirkjun 168 m.kr. erlendu láni sem upphaflega var tekið gegnum Endurlán ríkissjóðs. Lántökur Þróunarfélagsins urðu 120 m.kr. og nýtti félagið því ekki upphaflega heimild sína.

Sveitarfélög. Innkomin erlend lán sveitarfélaga námu alls 252 m.kr sem er 142 m.kr. lægri upphæð en gildandi lántökuheimildir. Hitaveita Akureyrar tók lán að fjárhæð 115 m.kr., Hitaveita Suðurnesja 43 m.kr. og Fjarhitun Vestmannaeyja 40 m.kr. Aðrar smærri lántökur námu 54 m.kr.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna námu 7.139 m.kr. en lántökuheimildir voru samtals 6.160 m.kr. Af lántökunum runnu 5.699 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 1.440 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Lántökur umfram það sem ráðgert var í lánsfjáráætlun skýrast af meira ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og þar með auknum skuldabréfakaupum af þeirra byggingarsjóðunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu tölur um fjármál sjóðanna á árinu 1988 en í töflum 11 og 12 í töfluviðauka eru sýnd sundurliðuð greiðsluyfirlit þeirra (m.kr.):

Yfirlit XVI. **Húsbyggingarsjóðir.**

Í milljónum króna.

	Byggingar-sjóður ríkisins	Byggingar-sjóður verkamanna
Innstreymi	7.083	2.363
Framlag ríkisins	1.125	600
Framlag sveitarfélaga	-	102
Lántökur	5.699	1.563
Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar	79	-
Annað	180	98
Útstreymi	7.083	2.363
Rekstrarkostnaður, nettó	188	60
Greiddar afborganir og vextir umfram innheimtar	-	254
Sjóðsaukning	914	5
Veitt lán til Byggingarsjóðs verkamanna	123	-
Annað	-	175
Veitt lán	5.858	1.869

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins

Af lántökum Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1988 námu skuldabréfakaup lífeyrissjóða 5.684 m.kr. og innstreymi umfram útstreymi á skyldusparnaði ungmenna 15 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 1.125 m.kr. Innheimta umfram greiðslur afborgana og vaxta með verðbótum nam 79 m.kr. Þá námu rekstrarútgjöld sjóðsins 245 m.kr. á móti 57 m.kr. tekjum. Lánveitingar námu alls 5.858 m.kr. á árinu 1988, en í töflu 12 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins eftir verkefnum. Sjóðurinn lánaði einnig til Byggingarsjóðs verkamanna 123 m.kr. Sjóðsstaðan batnaði á árinu um 914 m.kr.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði alls 1.563 m.kr. lánsfjár innan lands á árinu 1988, þar af 1.440 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 123 m.kr. með láni frá Byggingarsjóði

ríkisins. Framlag ríkissjóðs nam 600 m.kr. og framlag sveitarfélaga 102 m.kr. Að auki námu framlög frá kaupendum eldri íbúða 35 m.kr. Þá námu verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör 61 m.kr. Greiðslur vaxta og afborgana af áhvílandi skuldum sjóðsins reyndust 254 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Rekstrarkostnaður o.fl. nettó var 60 m.kr. Lánveitingar sjóðsins námu alls 1.869 m.kr., þar af 395 m.kr. til endursöluíbúða og 1.474 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða. Sjóðsstaðan batnaði um 5 m.kr.

Opinberar lánastofnanir. Lánsfjárráðstöfun opinberra fjárfestingarlánasjóða nam alls 4.463 m.kr. á árinu 1988, þar af var aflað 996 m.kr. innan lands og 3.467 m.kr. erlendis. Í lánsfjáráætlun 1988 var gert ráð fyrir innlendri lánsfjáröflun opinberra fjárfestingarlánasjóða að fjárhæð 1.390 m.kr. og nýjum erlendum lántökum að fjárhæð 1.625 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi stærstu sjóðanna á árinu 1988 (m.kr.):

Yfirlit XVII. Bráðabirgðatölur nokkurra fjárfestingarlánasjóða 1988.
Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Framkv.-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlána-deild	Útflutnings-sjóður
Innstreymi	2.745	3.597	5.369	2.035	943	1.746	244
Afborganir og vextir	1.130	2.800	3.892	770	406	551	177
Framlag ríkissjóðs	125	-	-	107	-	35	-
Aðrar tekjur	3	167	18	7	7	386	4
Lántökur	1.406	516	1.432	1.078	493	774	63
Lífeyrissjóðir	152	-	-	15	88	214	-
Bankakerfi	-	-	182	-	-	-	-
Annað innlent	-	-	-	296	51	-	-
Lán Framkvæmdasjóðs	648	-	-	-	-	560	-
Erlend lán	606	516	1.250	767	354	-	63
Sjóðsminnkun	81	114	27	73	37	-	-
Útstreymi	2.745	3.597	5.369	2.035	943	1.746	244
Kostnaður	95	73	39	72	32	51	3
Annað, nettó	23	147	196	3	19	131	-
Afborganir og vextir	785	2.950	2.621	630	200	742	75
Lánveitingar	1.779	419	2.433	1.290	673	767	161
Styrkir	8	-	6	36	9	-	-
Sjóðsaukning	-	-	-	-	10	50	5
Hlutafé	55	8	74	4		5	-

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Skal nú gera grein fyrir hverjum sjóði.

Byggðastofnun. Heildarlántökur Byggðastofnunar námu 1.406 m.kr. Innlend lántaka nam 150 m.kr. Erlend lántaka varð 1.254 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru 648 m.kr. fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs og 606 m.kr. hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Í lánsfjárlögum 1988 hafði stofnunin heimild til 250 m.kr. innlendrar lántöku og 750 m.kr. erlendrar lántöku, þar af 200 m.kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum innan lands. Á vormánuðum heimilaði ríkisstjórnin Byggðastofnun að taka erlent lán að fjárhæð 280 m.kr. til að endurlána loðdýrafóðurstöðvum 80 m.kr. og 200 m.kr. til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja. Þá tók Byggðastofnun að sér milligöngu á 100 m.kr. lánveitingu til fiskeldisstöðva en ríkisstjórnin heimilaði Framkvæmdasjóði 300 m.kr. erlenda lántöku til að endurlána fiskeldisfyrirtækjum. Heimildir Byggðastofnunar til erlendrar lántöku námu því alls 1.130 m.kr.

Aðrar lántökur Byggðastofnunar umfram heimildir eru því 124 m.kr. og skýrast af 94 m.kr. uppbót á gengistap og 30 m.kr. lántöku um Framkvæmdasjóð til að endurlána fiskeldisfyrirtækjum, en Framkvæmdasjóður hafði heimild til innlendrar lántöku í þessu skyni. Loks er að geta þess að Byggðastofnun hafði heimild viðskiptaráðuneytisins til 180 m.kr. erlendrar lántöku til að greiða af áfallandi erlendum lánum, sbr. 33. gr. lánsfjárlaga 1988. Sú heimild var ekki nýtt á árinu.

Lánveitingar Byggðastofnunar námu alls 1.779 m.kr. og skiptust þær þannig: Sjávarútvegur 953 m.kr., iðnaður 172 m.kr., skipasmíðar 212 m.kr., sveitarfélög 114 m.kr., fiskeldi 140 m.kr., landbúnaður 54 m.kr. og ýmis þjónustustarfsemi 134 m.kr. Þá námu innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum 345 m.kr. umfram greiðslu af áhvílandi skuldum. Framlag ríkissjóðs nam 125 m.kr. á móti 95 m.kr. kostnaði af rekstri stofnunarinnar. Að lokum var 55 m.kr. varið til kaupa á hlutafé í ýmsum fyrirtækjum.

Framkvæmdasjóður Íslands. Í lánsfjárlögum 1988 var ekki gert ráð fyrir nýjum erlendum lántökum Framkvæmdasjóðs vegna lánveitinga sjóðsins á árinu 1988. Á fyrri hluta ársins heimilaði þáverandi ríkisstjórn Framkvæmdasjóði að taka erlent lán alls að fjárhæð 429 m.kr. og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi 300 m.kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. 129 m.kr. Reyndin varð sú að af 300 m.kr. lántöku vegna fiskeldisfyrirtækja þá hafði Byggðastofnun milligöngu um lánveitingu á 100 m.kr. Hins vegar notfærðu hluthafar Arnarflugs hf. sér ekki fyrrnefnda lántöku á árinu.

Framkvæmdasjóður yfirfærði í mars 1988 andvirði 15 millj. dala láns, sem tekið var í desember 1987 samkvæmt heimildum þess árs. Fjárhæðin var jafnvirði 563 m.kr. Að baki þessa láns var heimild til Þróunarfélags Íslands að fjárhæð 100 m.kr. og heimildir viðskiptaráðuneytisins fyrir ýmiss fyrirtæki til erlendrar lántöku, samtals að fjárhæð 463 m.kr. Þá tók Framkvæmdasjóður erlent lán vegna hagstæðra lánskjara að fjárhæð 349 m.kr. (7,5 millj. dala), en greiddi jafnframt niður veltilán um 433 m.kr.(10 millj. dala). Í nóvember samdi Framkvæmdasjóður síðan um erlent lán að jafnvirði um 1.650 m.kr. (35 millj. dala) og tók þar af inn í landið 705 m.kr. (15 millj. dala) í lok nóvember. Lán þetta var tekið samkvæmt lántökuheimildum Byggðastofnunar, hitaveitna, Þróunarfélags Íslands, hluthafa Arnarflugs, fiskeldisfyrirtækja og Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Innkomið fé vegna skuldaskipta á erlendum lánum, skv. heimild í lánsfjárlögum, nam 66 m.kr. á árinu.

Samtals hefur Framkvæmdasjóður tekið inn erlent fé á árinu 1988 að fjárhæð 1.250 m.kr. Af þeirri fjárhæð hefur sjóðurinn endurlánað m.a. Byggðastofnun 648 m.kr., Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina 255 m.kr. og ýmsum hitaveitum 89 m.kr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs námu alls 2.433 m.kr. samanborið við aðeins 680 m.kr. í lánsfjáráætlun ársins. Mismunurinn skýrist af því, auk áðurnefndrar milligöngu um erlendar lántökur fyrir aðra, að eigið ráðstöfunarfé sjóðsins reyndist um 600 m.kr. meira en búist var við í upphafi árs.

Fiskveiðasjóður Íslands. Fiskveiðasjóður tók í nóvember lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum að fjárhæð 516 m.kr. sem var í samræmi við heimildir sjóðsins samkvæmt lánsfjárlögum að viðbættum uppbótum vegna breytinga á gengi á árinu 1988. Lánveitingar sjóðsins námu 419 m.kr. og greiðslur umfram innheimtu af lánum námu alls 1.042 m.kr. Rekstarstaða sjóðsins rýrnaði um 114 m.kr. á árinu.

Iðnlánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 1.078 m.kr. á árinu 1988, þar af var aflað 311 m.kr. innan lands og 767 m.kr. erlendis. Af erlendum lántökum Iðnlánasjóðs áttu 325 m.kr. sér stoð í lánsfjáráætlun, 362 m.kr. með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytisins nr. 49/1988 til erlendrar lántöku í tengslum við vélakaup og 80 m.kr. út á sérstakar heimildir viðskiptaráðuneytisins að fjárhæð 80 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 107 m.kr. Lánveitingar sjóðsins og styrkir námu 1.296 m.kr. og kostnaður af rekstri um 72 m.kr. Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar námu 140 m.kr. Þá rýrnaði sjóðsstaðan um 73 m.kr.

Iðnþróunarsjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 493 m.kr. á árinu 1988, þar af var aflað 139 m.kr. innan lands og 354 m.kr. erlendis. Af erlendum lántökum Iðnþróunarsjóðs áttu 75 m.kr. sér stoð í lánsfjárláætlun og 279 m.kr. voru með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytisins nr. 49/1988 til erlendrar lántöku í tengslum við vélakaup. Lánveitingar sjóðsins og styrkir námu 683 m.kr. og kostnaður af rekstri um 32 m.kr. Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar námu 234 m.kr. Þá rýrnaði sjóðsstaðan um 37 m.kr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Heildarlántökur deildarinnar námu alls 774 m.kr. á árinu 1988. Þar af var 214 m.kr. aflað með sölu verðbréfa til Lífeyrissjóðs bænda og 560 m.kr með láni hjá Framkvæmdasjóði. Lánveitingar námu 767 m.kr. og rekstrarkostnaður o.fl. 182 m.kr. Greiðslur af áhvílandi skuldum deildarinnar námu 191 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Ýmsar tekjur Stofnlánadeildar námu 421 m.kr. og skiptast þannig: framlag ríkissjóðs 35 m.kr., framleiðendagjald 96 m.kr., neytendagjald 138 kr., lánajöfnunargjald 138 m.kr. og annað 14 m.kr. Sjóðsstaðan batnaði um 50 m.kr. á árinu.

Útflutningslánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins voru 63 m.kr. og var þeirra aflað erlendis. Um helmingur þess fjár var notaður til að greiða afborganir af eldri lánum.

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Sjóðurinn var stofnaður með bráðabirgðalögum nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, og er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Lögin heimila sjóðnum að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5.000 m.kr. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja á árunum 1988–1990 og að taka erlend lán að fjárhæð 1.000 m.kr. Þá er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs að fjárhæð 1.000 m.kr. yfir sama tímabil.

Sjóðurinn hafði til ráðstöfunar á árinu 1988 400 m.kr., þar af var framlag ríkissjóðs 150 m.kr. og 255 m.kr. lántaka um Framkvæmdasjóð. Í árslok hafði stjórn sjóðsins samþykkt lánveitingar að fjárhæð 849 m.kr. Af þeirri fjárhæð var búið að afgreiða 242 m.kr., þar af 171 m.kr. með skuldabréfum og 71 m.kr. með beinum lánveitingum.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun miðaði við að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja yrðu 5.800 m.kr. Bráðabirgðatölur gefa hins vegar til kynna að þær hafi orðið 7.572 m.kr., auk þess sem rúmlega 700 m.kr. af áætluðum erlendum lántökum atvinnufyrirtækja hafa farið um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Skýringa á lántökum umfram áætlun er að leita í vanmati á gengisbreytingum í lánsfjáráætlun og lánum út á heimildir viðskiptaráðuneytis til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja. Á síðastliðnu vori ákvað ríkisstjórnin að heimila erlendar lántökur í þessu skyni að fjárhæð um 1.000 m.kr. á árinu 1988. Reyndin varð hins vegar sú að lántökur til hagræðingar námu 2.319 m.kr.

Lántökur atvinnufyrirtækja skiptast þannig að fjármögnunarfyrirtæki tóku að láni 759 m.kr. og þar af voru 230 m.kr. notaðar til skuldbreytinga á áðurteknu erlendu skammtímaláni. Aðrar lántökur atvinnufyrirtækja að fjárhæð 6.813 m.kr. skiptast þannig að 3.143 m.kr. runnu til skipa og flugvéla, 1.351 m.kr. til kaupa á vélum og tækjum og 2.319 m.kr. fóru í áðurnefnd hagræðingarlán.

Töfluviðauki.

Tafla 1.

Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1987 og 1988.
Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Innheimt 1987	Innheimt 1988	Hækkun %	Fjárlög 1988
1. Beinir skattar samtals	6.103	9.437	54,6	8.385
Tekjuskattur	4.716	7.927	68,1	6.650
Eignarskattur	1.387	1.510	8,9	1.735
2. Óbeinir skattar samtals	39.920	51.255	28,4	51.954
Tollar og vörugjald	6.256	3.236	-48,3	4.000
Innflutningsgjald af bifreiðum	851	1.117	31,3	810
Innflutningsgjald af bensíni	1.603	2.081	29,8	2.000
Önnur gjöld af innflutningi	657	864	31,5	949
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	533	1.051	97,2	762
Söluskattur, nettó	19.971	29.522	47,8	30.725
Hagnaður ÁTVR	3.200	4.275	33,6	4.275
Launaskattur	1.984	2.817	42,0	2.400
Önnur launatengd gjöld	1.559	2.091	34,1	2.073
Þungaskattur, bifreiðagjald	887	1.421	60,2	1.550
Aðrir óbeinir skattar	2.419	2.780	14,9	2.410
3. Aðrar tekjur samtals	2.934	3.690	25,8	3.240
Vaxtatekjur	2.438	3.012	23,5	2.800
Arðgreiðslur	313	433	38,3	375
Aðrar tekjur	183	245	33,9	65
4 Tekjur samtals (1+2+3)	48.957	64.382	31,5	63.579

Heimild: Ríkisbókhald. Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 2.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1984–1988 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1985	1986	1987	1988
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	119.175	158.167	207.464	254.326
1. Beinir skattar samtals	2,8	3,4	2,9	3,7
Tekjuskattur	2,1	2,8	2,3	3,1
Eignarskattur	0,6	0,6	0,7	0,6
2. Óbeinir skattar samtals	19,1	18,6	19,2	20,2
Tollar og vörugjald	3,9	3,1	3,0	1,3
Innflutningsgjald af bifreiðum	0,1	0,2	0,4	0,4
Innflutningsgjald af bensíni	0,7	0,8	0,8	0,8
Önnur gjöld af innflutningi	0,3	0,2	0,3	0,3
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	0,2	0,2	0,3	0,4
Söluskattur, nettó	9,0	9,1	9,6	11,6
Hagnaður ÁTVR	1,6	1,5	1,5	1,7
Launaskattur	1,0	1,0	1,0	1,1
Önnur launatengd gjöld	0,7	0,7	0,8	0,8
Þungaskattur, bifreiðagjald	0,4	0,4	0,4	0,6
Aðrir óbeinir skattar	1,3	1,3	1,2	1,1
3. Aðrar tekjur samtals	0,9	2,0	1,4	1,5
Vaxtatekjur	0,7	1,6	1,2	1,2
Arðgreiðslur	0,1	0,2	0,2	0,2
Aðrar tekjur	0,1	0,2	0,1	0,1
4 Tekjur samtals (1+2+3)	22,7	24,0	23,6	25,3

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 3.

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1987 og 1988.
Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Útgjöld 1987	Útgjöld 1988	Hækkun %	Fjárlög 1988
1 Almenn mál	5.291	7.258	37,2	6.040
11 Almenn þjónusta og löggæsla	4.816	6.699	39,1	5.557
12 Utanríkisþjónusta	475	559	17,7	483
2 Félagsmál	31.576	41.941	32,8	38.841
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	8.572	11.816	37,8	10.637
22 Heilbrigðismál	8.256	11.129	34,8	10.071
23 Velferðarmál	14.748	18.996	28,8	18.133
3 Atvinnumál	9.459	14.056	48,6	12.687
31 Niðurgreiðslur	1.567	3.673	134,4	3.037
32 Landbúnaður	1.980	2.848	43,8	2.379
33 Sjávarútvegur	1.240	1.715	38,3	1.706
34 Iðnaðar- og orkumál	1.058	1.158	9,5	1.087
35 Samgöngur	3.614	4.662	29,0	4.478
4 Ýmis mál	5.362	8.328	55,3	5.959
41 Vextir	4.289	6.864	60,0	4.800
42 Annað	1.073	1.464	36,4	1.159
5 Gjöld samtals (1+.....+4)	51.688	71.583	38,5	63.527

Heimild: Ríkisbókhald. Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 4.

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1984–1988 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1984	1985	1986	1987	1988
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	87.719	119.175	158.167	207.464	254.326
1 Almenn mál	2,2	2,5	2,4	2,6	2,9
11 Almenn þjónusta og löggæsla	1,9	2,2	2,1	2,3	2,6
12 Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,2	0,2
2 Félagsmál	13,3	14,5	14,5	15,2	16,5
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	3,6	4,2	4,1	4,1	4,6
22 Heilbrigðismál	2,4	2,5	2,8	4,0	4,4
23 Velferðarmál	7,2	7,9	7,7	7,1	7,5
3 Atvinnumál	5,9	5,7	5,4	4,6	5,5
31 Niðurgreiðslur	0,9	0,8	0,8	0,8	1,4
32 Landbúnaður	1,0	1,1	1,0	1,0	1,1
33 Sjávarútvegur	0,5	0,8	0,7	0,6	0,7
34 Iðnaðar- og orkumál	1,2	0,9	0,8	0,5	0,5
35 Samgöngur	2,3	2,0	1,9	1,7	1,8
4 Ýmis mál	1,4	1,8	2,9	2,6	3,3
41 Vextir	0,8	1,3	2,5	2,1	2,7
42 Annað	0,6	0,6	0,5	0,5	0,6
5 Gjöld samtals (1+....+4)	22,8	24,6	25,2	24,9	28,1

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 5.

Fjárlög, greiðsluheimildir og raunveruleg útgjöld ríkissjóðs 1988.

Í milljónum króna.

	Fjárlög 1988	Verðlags-uppfærsla	Heim.skv. 6.gr. fjárl.	Geymdar fjárh. frá '87	Ályktanir Alþingis	Uppgjör frá 1987	Magnbr. v. samn.	Aukaútgj. í rekstri '88	Ný verkefni	Sérst. ákv. ríkisstj.	Heimildir samtals	Útkoma 1988	Greiðsl. um-fram heim.
1. Rekstrarliðir	25.211	1.678	-	4	-	300	52	264	30	-	27.539	28.364	825
Launagjöld	20.418	1.161	-	-	-	-	-	-	-	-	21.579	22.400	821
Rekstrargjöld	4.793	517	-	4	-	300	52	264	30	-	5.960	5.964	4
2. Rekstrartilfærslur	24.281	1.278	-	-	6	31	430	43	83	694	26.846	26.471	-375
Lífeyristryggingar	8.949	421	-	-	-	-	-	-	-	-	9.370	9.000	-370
Sjúkratryggingar	5.049	668	-	-	-	-	-	-	-	-	5.717	5.849	132
Atvinnuleysistr.sjóður	500	-	-	-	-	-	-	-	-	-	500	350	-150
Lánasjóður ísl. námsm.	1.478	132	-	-	-	-	-	-	-	-	1.610	1.607	-3
Endurgr. söluskattur	937	-	-	-	-	-	-	-	-	30	967	930	-37
Niðurgreiðslur	3.332	-	-	-	-	-	-	-	-	560	3.892	3.943	51
Útflutningsbætur	956	-	-	-	-	-	327	-	-	-	1.283	1.292	9
Sauðfjárveikivarnir	223	-	-	-	-	-	31	-	-	-	254	254	-
Niðurgr. á rafhitun	200	-	-	-	-	-	-	-	-	-	200	214	14
Annað	2.657	57	-	-	6	31	72	43	83	104	3.053	3.032	-21
			-	-	-								
3. Vaxtagjöld	4.800	1.700	-	-	-	-	-	-	-	-	6.500	6.864	364
4. Viðhald	1.507	-	-	3	-	-	-	10	10	-	1.530	1.475	-55
5. Fjárfesting	7.728	-	39	123	-	13	95	95	34	-	8.127	8.409	282
SAMTALS	63.527	4.656	39	130	6	344	577	412	157	694	70.542	71.583	1.041

Í þessari töflu eru meðtaldar aukafjárveitingar að fjárhæð samtals 2.566 milljónir króna, sem ákveðnar eru sérstaklega af fjármálaráðherra og formlega afgreiddar af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Af þeirri fjárhæð nema verðlagsuppfærslur 337 milljónum króna, en skipting annarra beinna aukafjárveitinga kemur fram í dálkum 3 og 5 til 10 í töflunni.

Tafla 6.

Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1984–1988.
Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	1984	1985	1986	1987	1988
I. Greiðsluafkoma					
Jöfnuður gjalda, tekna og lána utan Seðlabanka					
Tekjur	20.747	27.110	38.235	48.963	64.382
Gjöld	19.964	29.497	40.111	51.688	71.583
Tekjuafgangur/halli	783	-2.387	-1.876	-2.725	-7.201
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	-142	-34	4.355	1.173	3.618
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	641	-2.421	2.479	-1.552	-3.583
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka					
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	446	-2.478	2.271	-1.954	-3.849
Sjóður og bankareikningar utan Seðalabanka	19	57	-	7	6
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	465	-2.421	2.271	-1.947	-3.843
Ýmsir viðskiptamenn	176	-	208	395	260
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	641	-2.421	2.479	-1.552	-3.583
II. Rekstrargrunnur					
Tekjuagangur/halli	1.614	-1.871	-6.198	-1.258	--- [1]

1) Endanlegur ríkisreikningur fyrir 1988 liggur ekki fyrir.
Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 7.

Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1983–1987.
Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs.

	1983	1984	1985	1986	1987
1. Tekin lán	18.941	26.913	37.570	44.287	52.026
Seðlabanki Íslands	915	1.897	3.683	1.693	3.059
Spariskírteini	3.310	3.244	5.165	8.541	11.775
Lífeyrissjóðir	454	669	1.004	2.018	2.349
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931
Aðrir innlendir aðilar	1.780	1.606	2.088	2.731	3.957
Erlend lán	12.482	19.497	25.630	29.304	29.955
2. Lánveitingar	15.149	21.414	29.839	29.713	35.632
Veitt lán	13.048	18.182	24.737	22.985	24.182
Lán tengd innlendu verðlagi	3.114	4.168	6.798	11.897	13.476
Gengisbundin lán	9.934	14.014	17.939	11.088	10.706
Viðskiptareikningar, nettó inneign	2.101	3.232	5.102	6.728	11.450
3. Tekin lán umfram lánveitingar (1-2)	3.792	5.499	7.731	14.574	16.394
Lánveitingar í % af teknum lánum	80,0%	79,6%	79,4%	67,1%	68,5%
4. Hlutfall af VLF 1):					
Tekin lán	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1
þ.a. erlendar skuldir	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5
Veitt lán	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0
þ.a. gengisbundin lán	13,6	13,3	13,6	6,9	5,2
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0
Tekin lán umfram veitt lán	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0

1) Reiknað til meðalverðlags viðkomandi árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 8.

Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1983–1987.
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs og föstu verðlagi í árslok 1987.

	1983	1984	1985	1986	1987
Verðlag hvers árs:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	376	1.165	945	443	-467
2. Tekin lán	18.941	26.913	37.570	44.287	52.026
Seðlabanki Íslands	915	1.897	3.683	1.693	3.059
Spariskírteini	3.310	3.244	5.165	8.541	11.775
Lífeyrissjóðir	454	669	1.004	2.018	2.349
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931
Aðrir innlendir aðilar	1.780	1.606	2.088	2.731	3.957
Erlend lán	12.482	19.497	25.630	29.304	29.955
3. Veitt lán	13.048	18.182	23.894	22.985	24.182
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	2.101	3.209	5.102	6.729	11.450
5. Hlutafé og stofnfjárframlög	321	772	908	1.136	1.905
6. Eignir umfram skuldir (1-2+3+4+5)	-3.095	-3.585	-6.721	-12.994	-14.956
Fast verðlag í árslok 1988:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	1.023	2.762	1.607	653	-563
2. Tekin lán	51.521	63.817	63.900	65.310	62.729
Seðlabanki Íslands	2.489	4.498	6.264	2.497	3.688
Spariskírteini	9.004	7.692	8.785	12.595	14.197
Lífeyrissjóðir	1.235	1.586	1.708	2.976	2.832
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	1.123
Aðrir innlendir aðilar	4.842	3.808	3.551	4.027	4.771
Erlend lán	33.952	46.232	43.592	43.215	36.118
3. Veitt lán	35.492	43.114	40.639	33.896	29.157
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	5.715	7.609	8.678	9.923	13.806
5. Hlutafé og stofnfjárframlög	873	1.831	1.544	1.675	2.297
6. Eignir umfram skuldir (1-2+3+4+5)	-8.419	-8.501	-11.431	-19.162	-18.033

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988.
Milljónir króna.

	Lánsfjár-lög 1988	Aðrar lántöku heimildir	Lántöku-heimildir alls 1988	Tekin lán 1988	Mismunur
1. Ríkissjóður, A-hluti	5.165	6.920	12.085	9.172	-2.913
Þar af endurlánað til B-hluta	1.855	-	1.855	1.857	2
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	-	690	690	-
RARIK, almennar framkvæmdir	185	-	185	185	-
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	160	-	160	160	-
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	820	-	820	822	2
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	-	12 [1)]	12	12	-
Hitaveita Egilsstaða og Fella	-	7	7	7	-
Fjarhitun Vestmannaeyja	-	5	5	5	-
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	745	100	845	790	-55
Raðsmíðaskip	565	-	565	690	125
Bv. Mánaberg	180	-	180	-	-180 [3)]
Baldur hf	-	100 [4)]	100	100	-
2. Fyrirtæki með eignaraðlid ríkissjóðs	550	120	670	695	25
Landsvirkjun	525	-	525	575	50 [2)]
Þróunarfélag Íslands	25	120 [5)]	145	120	-25 [3)]
3. Sveitarfélög	394	-12	382	252	-130
Hitaveita Suðurnesja	150	-	150	43	-107 [3)]
Hitaveita Siglufjarðar	20	-	20	-	-20 [3)]
Hitaveita Akureyrar	120	-	120	115	-5
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	-7	1	8	7
Hitaveit Eyrar	10	-	10	10	-
Hitaveita Rangæinga	11	-	11	10	-1
Fjarhitun Vestmannaeyja	45	-5	40	40	-
Annað	30	-	30	26	-4
5. Ráðstöfun (1+2+3+4)=Fjáröflun (6+7)	6.109	7.040	13.149	10.119	-3.030

Tafla 9 frh.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988.
Milljónir króna.

	Lánsfjár-lög 1988	Aðrar lántöku heimildir	Lántöku-heimildir alls 1988	Tekin lán 1988	Mismunur
6. Innlend lánsfjáröflun	4.260	308	4.568	4.942	374
Útgáfa spariskírteina	3.000	-	3.000	4.841	1.841
Verðbréfakaup bankakerfis	1.260	-	1.260	-	-1.260
Seðlabanki Íslands	-	60	60	60	-
Ríkisvíxlar	-	-	-	-207	-207
Önnur lánsfjáröflun	-	248 [6)]	248	248	-
7. Erlendar lántökur	1.849	6.732	8.581	5.177	-3.404
Ríkissjóður, A-hluti	905	6.612 [7)]	7.517	4.230	-3.287
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	120	670	695	25
Sveitarfélög	394	-	394	252	-142

1) Heimildir fluttar af sveitarfélögum vegna milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir hitaveitur.

2) Mismunur orsakast af gengismun.

3) Heimild ekki nýtt á árinu 1988

4) Heimild flutt af atvinnufyrirtækjum vegna milligöngu ríkissjóðs um lántökuna.

5) Heimild fjármálaráðuneytis frá ágúst 1988

6) Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga.

7) Þar af 6.500 m.kr. heimild skv. lögum nr. 94/1988 um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10.

Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1988.
Bráðabirgðatölur.
Í milljónum króna.

	Lánsfjárlög 1988	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1988	Tekin lán 1988	Mismunur
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+....+4)	12.210	308	12.518	13.344	826
1. Sala spariskírteina	3.000	-	3.000	4.841	1.841
2. Verðbréfakaup lífeyrissjóða	6.170	-	6.170	7.593	1.423
af Byggingarsjóði ríkisins	4.750	-	4.750	5.684	934
af Byggingarsjóði verkamanna	1.360	-	1.360	1.440	80
af Byggðastofnun	-	-	-	152	152
af Iðnlánasjóði	-	-	-	15	15
af Iðnþróunarsjóði	-	-	-	88	88
af Stofnlánadeild landbúnaðarins	60	-	60	214	154
3. Verðbréfakaup bankakerfis	1.540	-	1.540	182	-1.358
af ríkissjóði	1.260	-	1.260	-	-1.260
af Framkvæmdasjóði Íslands	280	-	280	182	-98
4. Önnur innlend lánsfjáröflun	1.500	308	1.358	728	-895
Ríkissjóður, sala ríkisvíxla	-	-	-	-207	-207
Ríkissjóður, lántaka í Seðlabanka Íslands	-	60	60	60	-
Ríkissjóður vegna húsakaupa o.fl.	-	248	248	248	-
Byggingarsjóður ríkisins, skyldusparnaður nettó	50	-	50	15	-35
Byggðastofnun	250	-	250	-	-250
Fiskveiðasjóður	400	-	400	-	-400
Iðnlánasjóður	300	-	300	296	-4
Iðnþróunarsjóður	50	-	50	51	1
Útflutningslánasjóður	50	-	-	-	-
Fjármögnunarleigur	400	-	-	265	-

Tafla 10 frh.

Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1988.
Bráðabirgðatölur.
Í milljónum króna.

	Lánsfjárlög 1988	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1988	Tekin lán 1988	Mismunur
ERLENDAR LÁNTÖKUR	9.274	9.305	18.579	16.216	-2.363
5. Opinberir aðilar	1.849	6.720	8.569	5.177	-3.392
Ríkissjóður, A-hluti	905	6.612	7.517	4.230	-3.287
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	550	120	670	695	25
Sveitarfélög	394	-12	382	252 [1]	-130
6. Lánastofnanir	1.625	1.685	3.310	3.467	157
Framkvæmdasjóður Íslands	-	329 [2]	329	258	-71
Byggðastofnun	750	380 [2]	1.130	1.254 [1]	124
Atvinnutryggingarsjóður	-	255 [3]	-	255 [1]	-
Fiskveiðasjóður	425	-	425	516	91
Iðnlánasjóður	325	442 [4]	767	767	-
Iðnþróunarsjóður	75	279 [4]	354	354	-
Útflutningslánasjóður	50	-	50	63	13
7. Atvinnufyrirtæki	5.800	900	6.700	7.572	872
Fjármögnunarleigur	800	-	800	759	-41
Aðrir	5.000	900 [5]	5.900	6.813	913
HEILDARLÁNSFJÁRRÁÐSTÖFUN (1+....+7)	21.484	9.613	31.097	29.560	-1.537

1) Framkvæmdasjóður Íslands hafði milligöngu um erlendar lántökur Byggðastofnunar að fjárhæð 648 m.kr., Atvinnutryggingarsjóðs að fjárhæð 255 m.kr. og hitaveitna að fjárhæð 89 m.kr.

2) Heimildir veittar af ríkisstjórn á fyrri hluta árs 1988

3) Heimild skv. bráðabirgðalögum nr. 83/1988 um efnahagsaðgerðir.

4) Heimildir til lántöku samanber auglýsingu viðskiptaráðuneytis nr. 49/1988 um erlendar lántökur til vélakaupa.

5) Heimlid ríkisstjórnarinnar frá vormánuðum 1988 um 1.000 m.kr. erlenda lántöku til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja að frádreginni 100 m.kr. heimild Flóabátsins Baldurs h.f. sem flutt var í ríkissjóð.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 11.

Byggingarsjóður ríkisins 1988.
Í milljónum króna.

	Lánsfjár-áætlun 1988	Útkoma 1988
Innstreymi	8.381	9.697
Ríkissjóður	1.050	1.125
Lífeyrissjóðir	4.750	5.684
Skyldusparnaður, nettó	50	15
Afborgnair, vextir og verðbætur	1.800	2.495
Tekjur tæknideildar	16	57
Sjóðsminnkun	675	-
Annað	40	146
Byggingarsjóður verkam., endurgr. bráðab.láns	-	175
Útstreymi	8.381	9.697
Rekstrarkostnaður o.fl.	160	245
Afborganir, vextir og verðbætur	1.900	2.416
Bundið í sjóði í árslok 1988	500	-
Byggingarsjóður verkam., vegna endursöluíbúða	-	123
Fjárfesting	-	119
Sjóðshækkun	-	914
Annað	68	22
Veitt lán	5.753	5.858
Almenn lán	5.603	5.493
Lán vegna greiðsluerfiðleika	150	310
Kaupleiguíbúðir	-	55

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 12.

Byggingarsjóður verkamanna 1988.
Í milljónum króna.

	Lánsfjár-áætlun 1988	Útkoma 1988
Innstreymi	2.786	2.607
Ríkissjóður	600	600
Framlag sveitarfélaga	175	102
Lífeyrissjóðir	1.360	1.440
Afborganir, vextir og verðbætur	220	244
Kaupendur eldri íbúða	68	35
Annað	-	2
Sjóðsminnkun	-	-
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	180	61
Byggingarsj. ríkisins v/endursöluíbúða	183	123
Útstreymi	2.786	2.607
Rekstrarkostnaður o.fl.	48	60
Afborganir, vextir og verðbætur	400	498
Byggingarsjóður ríkisins, endurgr. láns	-	175
Sjóðsaukning	-	5
Veitt lán	2.338	1.869
Þegar gerðir samningar og nýjar framkvæmdir	1.615	1.136
Nýjar framkvæmdir	-	332
Endursöluíbúðir	450	395
Kaupleiguíbúðir	273	6

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Tafla 13.

Framkvæmdasjóður Íslands 1988.
Í milljónum króna.

	Lánsfjár-áætlun 1988	Útkoma 1988
Fjáröflun	680	2.433
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	400	1.001
Lán frá innlendum bönkum	280	182
Erlend lán	-	1.250
Ráðstöfun	680	2.433
Veitt lán	680	2.433
Stofnlánadeild landbúnaðarins	350	560
Atvinnutryggingarsj. útflutningsgreina	-	255
Lánasjóður sveitarfélaga	20	88
Ferðamálasjóður	110	125
Landflutningasjóður	10	15
Þróunarfélagið hf.	-	20
Fiskeldi	190	316
Byggðastofnun	-	648
Arnarflug	-	-
Hafnabótasjóður	-	59
Ýmsar lánveitingar	-	347

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Ed. 867. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta er felur í sér að landbúnaðarráðherra verði heimilt að leyfa flutning fósturvísa úr kúm í sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr í landi.

Nefndin fékk á sinn fund Pál A. Pálsson yfirdýralækni og mælti hann með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Karvel Pálmason.

Jón Helgason.

Sþ. 868. Skýrsla [484. mál]

um störf 40. þings Evrópuráðsins.

Frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Evrópuráðið í Strasborg verður 40 ára 5. maí næstkomandi. Verður þess minnst með margvíslegum hætti bæði í Strasborg og aðildarríkjunum. Finnland gengur formlega í ráðið þennan dag og eru þá öll lýðræðisríki álfunnar að fullu orðin þátttakendur í þessu samstarfi. Fyrir Norðurlandaríkin hefur þetta mikla þýðingu.

Evrópuráðið hefur haft mikil áhrif á löggjöf og stjórnsýslu aðildarríkjanna. Starf þess hefur miðast við ýmis þau svið sem heyra til daglegu lífi manna, mannréttindum, menningu og félagslegu öryggi.

Varnarmál hefur ráðið ekki fengist við. Hins vegar mynda þingmenn Evrópuráðsins frá nokkrum ríkjum ráðsins Vestur-Evrópubandalagið svonefnda, en það fjallar um varnar- og öryggismál. Ísland er ekki í því bandalagi, en telja má að Íslendingar hefðu gagn af að fylgjast þar með málum.

Þingmannanefnd Vestur-Evrópubandalagsins kom til Íslands í júní á liðnu ári og heimsótti m.a. varnarstöðina í Keflavík.

Forseti þings Evrópuráðsins, Louis Jung, var í för með þingmannanefndinni og heimsótti Evrópuráðsnefnd Alþingis.

Síðar um sumarið kom framkvæmdastjóri ráðsins, Marcelino Oreja, í opinbera heimsókn. Er það álit skýrsluhöfunda að heimsóknir þessara tveggja æðstu manna Evrópuráðsins hafi orðið til góðs.

Íslenska nefndin.

Í starfsreglum Evrópuráðsþingsins segir hve margir þingmenn séu í sendinefnd hvers lands. Fyrir Ísland eiga þrír þingmenn sæti á þingum ráðsins, en þrír eru til vara. Bæði aðal- og varamenn sitja í málefnanefndum ráðsins. Aðalmenn eru þingmennirnir Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson og varamenn Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson og Kristín Halldórsdóttir.

Formaður nefndarinnar er Ragnhildur Helgadóttir og varaformaður Kjartan Jóhannsson. Formaður íslensku nefndarinnar hefur þetta árið verið einn af varaforsetum Evrópuráðsþingsins og í stjórnarnefnd þess. Tvö Norðurlandanna hafa í senn átt sæti til skiptis í stjórnarnefndinni og þrjú í senn samkvæmt nýrri reglu eftir að Finnland gengur í ráðið.

Formenn sendinefnda allra landanna eiga sæti í svokallaðri fastanefnd (standing committee), en hún tekur, ef þurfa þykir, ákvarðanir og afgreiðir mál fyrir þingsins hönd þegar það situr ekki.

Aðalmenn og varamenn skipta með sér verkum í málefnanefndum þingsins með svofelldum hætti:

Efnahagsnefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Guðmundur G. Þórarinsson.
Laganefnd:	Kjartan Jóhannsson,
til vara:	Ragnhildur Helgadóttir.
Menntamálanefnd:	Guðmundur G. Þórarinsson,
til vara:	Ragnar Arnalds.
Landbúnaðarnefnd:	Kjartan Jóhannsson.
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Ragnhildur Helgadóttir,
til vara:	Kristín Halldórsdóttir.
Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Kristín Halldórsdóttir.
Nefnd um almannatengsl þingsins:	Hreggviður Jónsson.
Þingskapanefnd:	Ragnar Arnalds.
Fjárlaganefnd:	Ragnar Arnalds.
Stjórnmálanefnd:	Ragnhildur Helgadóttir.
Vísinda- og tækninefnd:	Kjartan Jóhannsson.
Skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Guðmundur G. Þórarinsson.
Flóttamannanefnd:	Guðmundur G. Þórarinsson.

Störf þingsins.

Fyrsti hluti 40. reglulegs þings Evrópuráðsins var haldinn í Strasborg 2.–6. maí 1988.

Fyrsta mál þingsins var *starfsskýrsla stjórnar* ráðsins flutt af Grikkjanum Cristos Markopoulos. Hann fagnaði bættum samskiptum við Evrópuþingið. Í ræðu hans kom eftirfarandi fram: Þing Evrópuráðsins og Evrópuþingið (Efnahagsbandalagið) vinna í sameiningu að ráðstefnunni um þingræði í lýðræðisríkjum. Ráðstefnur um það efni eru orðnar fastur liður í starfsemi Evrópuráðsins og eru þær haldnar á tveggja til þriggja ára fresti.

Aukin samskipti við Austur-Evrópu setja í vaxandi mæli svip á starfsemi Evrópuráðsins. Nefnd frá æðsta ráðinu í Sovétríkjunum sótti fund stjórnarnefndarinnar í apríl 1988 og forseti þingsins heimsótti Austur-Evrópu. Þessi samskipti fengu jákvæðar undirtektir í umræðum á þinginu. Fram kom að Evrópuráðið hefði mikilvægu hlutverki að gegna í þessum samskiptum, einkum á sviði umhverfismála og mannréttinda.

Svíinn Anders Björck hafði framsögu fyrir nefndaráliti um *Evrópustefnu í flugmálum*. Miðaðist hún við að gera fólki það auðveldara og öruggara að ferðast flugleiðis innan Evrópu. Áður hafði þingið markað þá stefnu að saman færi samkeppni, sveigjanleiki og góður árangur af flugsamgöngunum. Fjallað var um tölvuvæðingu farpantana og að um 80% farpantana væru gerðar á grundvelli fyrstu upplýsinganna sem birtust á skjánum. Þær upplýsingar væru ekki alltaf um hagstæðustu ferð fyrir neytandann, heldur þá ferð sem best hentaði flugfélaginu að selja. Stuðningur kom fram við hugmyndir ECAC um að setja siðareglur fyrir þessi kerfi.

Þá var vikið að vaxandi umferð um lofthelgi og flugvelli enda hefði enginn nýr meiri háttar flugvöllur verið byggður í Evrópu síðastliðin tíu ár. Hávaðamengun vegna flugs varð mönnum umræðuefni og loks árvissar aðfinnslur Breta um erfiðleika í flugsamgöngum við Strasborg. Telja þeir að ríkisstjórn Frakklands eigi að sýna hug sinn til Evrópusamstarfs í verki með því að bæta lendingarskilyrði í nánd við Strasborg.

Þingið ræddi nefndarálit um aðgang að *sjónvarpi í kosningabaráttu*. Byggðist nefndarálitið fyrst og fremst á athugunarefnum sem upp koma vegna sjónvarps í landamærahéruðum eða löndum sem liggja saman. Samþykkt var tillaga nefndarinnar um að skora á ráðherranefndina að móta Evrópureglur um rétt stjórnmálaflokka í þessu sambandi.

Nefndarálit um *vernd gegn mengun Norðursjávar* fékk góðar undirtektir. Kom fram hörð gagnrýni á þann skort á aðgæslu sem fælist í því að allt of miklu magni úrgangs og áburðar væri hleypt í stórár meginlandsins sem síðan hefði áhrif á lífríki Norðursjávar. Kom fram mikill stuðningur við meginregluna um greiðsluskyldu mengunarvaldsins.

Samþykkt var tillaga heilbrigðis- og félagsmálanefndar um *fjölskyldustefnu*. Var þar fjallað um tengsl fjölskyldunnar við eftirtalda þætti: löggjöf, atvinnulíf, skattamál, félagslegt öryggi, húsnæði, fræðslu, neytendaráðgjöf og fólksflutninga.

Ályktun var samþykkt í framhaldi af skýrslunni um *fræðslu og þjálfun*, svo og skýrslu um *menntun og menningu*.

Fyrri skýrslunni fylgdi framkvæmdastjóri ráðsins, Oreja, úr hlaði og voru aðalatriði hennar þessi:

1. Menntun og þjálfun þyrftu að fullnægja eftirspurn atvinnulífsins.
2. Menntun búi fólk undir þátttöku í þjóðfélagsstarfseminni.
3. Menntun stuðli að jafnrétti til tækifæra.
4. Fullorðinsmenntun. Annað tækifæri gefist fyrir þá sem gátu ekki nýtt skólanámið í æsku.
5. Menntun sem nær „evrópskri vídd“ (sem auðveldar framhald menntunar í öðru landi Evrópu).

Fram kom að allt frá því er menningarsáttmáli Evrópu var gerður 1953 hefði talsvert skort á sameiginlegar aðgerðir í þessum efnum.

Í umræðunum um skýrsluna um menntun og menningu var áhersla lögð á menntun kennara, varðveislu þjóðtungnanna og fjarkennslu.

Auk ályktana, sem hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um, ræddi þingið ítarlega um *ástandið í Ísrael*. Áheyrendur voru ýmsir sendiherrar Arabaríkjanna og áheyrnarfulltrúi Ísraels í ráðinu var meðal ræðumanna. Mikill stuðningur kom fram við hugmyndina um alþjóðlega ráðstefnu þar sem Ísraelsmenn og Palestínumenn hefðu tækifæri til að ræðast við til að undirbúa friðsamlega lausn.

Annar hluti 40. þingsins var haldinn í Strasborg 3.–8. október sl. Framsögu fyrir skýrslu stjórnarnefndar hafði Ragnhildur Helgadóttir. Ræddi hún um heimsókn páfa til þingsins þessa daga og ávarp hans. Hún fjallaði einnig um heimsókn framkvæmdastjóra OECD og taldi gagnlegt að komið yrði á þingmannasamstarfi milli OECD og Evrópuráðsins. Ragnhildur kvað Íslendinga fagna sérstaklega aðild Finna að Evrópuráðinu. Þá hvatti hún til að Frakkar afléttu hömlum á ferðafrelsi milli Evrópulanda. Bretar og Austurríkismenn gagnrýndu harðlega kröfu Frakka um vegabréfsáritun. Forseti þingsins kvaðst beita öllu afli til að telja frönsku ríkisstjórninni hughvarf. Nokkru eftir að þessi umræða fór fram féllu Frakkar frá kröfu um vegabréfsáritun fyrir borgara nokkurra ríkja, þar á meðal Íslands.

Hinn 6. október fór fram umræða um nefndarálit stjórnmálanefndarinnar um *viðhorf Evrópuráðs gagnvart samskiptum austurs og vesturs*. Framsögu höfðu þær Catharine Lalumiere frá Frakklandi og Loyola Palacio frá Spáni. Báðar hvöttu þær til aukinna samskipta við Sovétríkin en um leið til varfærni. Ýmsum spurningum væri ósvarað um stefnuna austur þar. Þrátt fyrir þíðuna væri ætlun Gorbatsjovs ekki augljós og grundvallarhugmyndir marx-

leninisma hefðu þar ekki verið dregnar í efa. Upplýsingar að austan væru hlutdrægar. Töldu þær að Evrópuráðið ætti á grundvelli meginhugmynda sinna um frelsi, lýðræði og mannréttindi að vinna að árvekni á þessum sviðum bæði í Vestur- og Austur-Evrópu.

Miklar umræður urðu um nefndarálitið og tillögur sem voru að lokum samþykktar þar sem Bandaríkin og Sovétríkin voru hvött til að draga verulega úr hefðbundnum vopnabúnaði. Í tillögunum var einnig fagnað auknu ferðafrelsi í Ungverjalandi en hörmuð meðferð minnihlutahópa í Rúmeníu.

Málefni *palestínskra flóttamanna* var efni skýrslu Bretans David Atkinsson sem hafði á vegum ráðsins gert sérstaka könnun á því máli. Var samþykkt að hvetja aðildarríkin til að auka fjárstuðning við flóttamannahjálpina UNRWA í flóttamannabúðum Líbanon, Vesturbakkans og Gaza.

Barátta gegn fíkniefnum var efni nefndarálita og tillagna sem tvær nefndir höfðu undirbúið, heilbrigðis- og félagsmálanefnd og laganefnd. Í umræðunum kom fram að rót vandans lægi í efnahagslegri þýðingu sem ræktun fíkniefna hefði fyrir sum lönd í heiminum. Yrði að beina ræktun inn á þær brautir sem hefðu jafnmikla efnahagsþýðingu, en væru ekki skaðlegar svo sem fíkniefnin væru. Fram kom að aðgát þyrfti að hafa í fræðslu og upplýsingum um fíkniefni svo að ekki yrði til að hvetja til neyslu í stað þess að fæla frá henni. Í tillögunum var lögð áhersla á að samræma þyrfti refsiviðurlög við fíkniefnabrotum og hafa samvinnu um fræðsluefni.

Samþykktar voru tillögur um *trúfrelsi í Austur-Evrópu*, og um *griðland fyrir flóttamenn*.

Tillaga, sem samþykkt var um meðferð mála fyrir *Mannréttindadómstólnum*, fól enn í sér að ráðherranefndin hraðaði viðurkenningu á rétti einstaklinga til að leggja mál sín fyrir dómstólinn.

Umræður fóru fram um starf ríkja Evrópuráðs í stofnunum *UNESCO*. Skorað var á Stóra-Bretland, Singapore og Bandaríkin að ganga á ný í UNESCO og styðja þar með viðleitni núverandi framkvæmdastjórnar til að draga úr skriffinnsku í þeirri stofnun.

Loks fóru fram ítarlegar umræður um áhrif *OECD* í Evrópu og umheiminum, svo og nefndarálit þar að lútandi.

Sérstakar umræður fóru fram um *eyðingu þorpa í Rúmeníu*. Einkenndust þær af harðri gagnrýni á Rúmeníu fyrir brot á lokasamþykkt Helsinkisáttmálans.

Samþykkt var tillaga um reglubundna endurskoðun *Evrópusáttmálans um félagslegt öryggi*, sérstaklega í ljósi breytinga sem kynnu að verða 1992.

Tillögur voru samþykktar um *sveitamenningu*, svo og stöðu *tungumála minnihlutahópa innan ríkja*.

Þriðji og síðasti hluti 40. þings Evrópuráðsins var 30. janúar til 3. febrúar á þessu ári.

Skýrslu stjórnarnefndar flutti forseti þingsins, Louis Jung, en þetta er síðasta starfsár hans sem forseta. Hann kvaðst, þau þrjú ár sem hann hefði verið forseti, hafa orðið var við vaxandi „Evrópubölsýni" þar sem gildi Evrópuráðs væri dregið í efa. Hefði ráðið þó gert mikið gagn og hefði miklu hlutverki að gegna til að styrkja undirstöður friðar í Evrópu. Í því sambandi lýsti hann stuðningi við samband ráðsins við Mið- og Austur-Evrópu. Hann fagnaði San Marino sem nýju aðildarríki og næst kæmi að Finnlandi. Hann minnti á nauðsyn þess að bæta samband þings Evrópuráðsins, ráðherranefndarinnar og Evrópubandalagsins.

Skýrsla um *norður–suður átakið* svonefnda var til umræðu 31. janúar. Framsögumennirnir, Aarts frá Hollandi og Uwe Holtz frá Þýskalandi, kváðu viðhorfið til þróunaraðstoðar vera að breytast í þá átt að nú legðu menn meira upp úr gæðum aðstoðarinnar en magni. Menn undirstrikuðu enn á ný hve hagsmunir norðurs og suðurs væru samantvinnaðir. Samþykkt var tillaga um að Evrópuríki þyrftu að samræma betur aðgerðir sínar til aðstoðar, efla fræðslu og koma á fót Evrópumiðstöð til að samræma verkefnin og stuðla að framkvæmd þeirra.

Hugmyndin um slíka miðstöð vakti nokkrar efasemdir, en menn sættust að lokum enda væri skilyrði að hér yrði ekki um nýtt skriffinnskubákn að ræða.

Samþykkt var tillaga um *verndun þeirra sem reykja ekki.* Tillagan miðar að samræmingu á reglum landanna að þessu leyti.

Rædd var og samþykkt tillaga um *landbúnaðarframleiðslu í þágu iðnaðar* á grundvelli nefndarálits sem hét „Landbúnaður Evrópu — leið út úr kreppunni". Var rætt bæði um framleiðslu á orku og hráefnum til iðnaðar. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að efla menntun og rannsóknir í þessu skyni.

Þá var rædd tillaga um *að endurbæta landbúnaðarstefnu* á grundvelli tveggja nefndarálita frá landbúnaðarnefnd og heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Megininntakið var hvatning til aðgerða sem drægju úr offramleiðslu.

Nefndarálit um *menntun barna innflytjenda* var rædd og snerist að mestu um það hvort menntunin ætti að öllu leyti að miðast við tungumál og menningu dvalarlandsins. Rætt var um samráð við foreldra í þessu sambandi og þörf á betri upplýsingum um fólksflutninga, svo og að upplýsingarnar væru sambærilegar.

Ályktun var samþykkt um aðstoð vegna *flótta íranskra og írakskra borgara til Tyrklands.*

Samþykkt var ályktun um *öryggi í flugi.* Anders Björck frá Svíþjóð hafði framsögu. Snerust umræðurnar mjög um hugsanlegar varnir gegn hryðjuverkum í flugvélum eða á flugvöllum. Eindregið var hvatt til þess að öll aðildarríkin staðfestu Evrópusáttmála um að hamla gegn hryðjuverkum.

Fyrir lágu álit frá þremur nefndum um undirbúning reglna um *rannsóknir á mannsfóstrum.* Vísinda- og tækninefnd, laganefnd og heilbrigðis- og félagsmálanefnd unnu málamiðlunartexta þar sem reynt var að sameina virðingu fyrir manninum og vísindalega arfleifð jafnframt því að skilgreina þau verk á þessu sviði sem aldrei mætti vinna. Ákveðið var að fylgja eftir þessu vandasama verki.

Loks var rætt um undirbúning *Evrópusáttmála um sjónvarp milli landa.* Vonuðust menn til að undirritun slíks sáttmála gæti orðið á 40 ára afmælisdegi ráðsins, 5. maí.

Um framtíð Evrópuráðsins.

Menn horfa með nokkurri óvissu til þess hvernig þremur Evrópustofnunum tekst í framtíðinni að skipta með sér verkum svo að sem mest gagn megi verða að. Þær eru auk Evrópuráðsins: Fríverslunarsamtök *EFTA*, en sú stofnun er einnig í nokkurri óvissu um það hvaða áhrif þróun EB hefur á starfsemi EFTA og aðildarríkja þess, og Efnahagsbandalagið, sem nú heitir *Evrópubandalagið*, og er því oft ruglað saman við Evrópuráðið, enda hefur það tekið upp ýmis tákn Evrópuráðsins og heldur öðru hverju fundi sína í Strasborg.

Munurinn er þó mikill á þessu tvennu:

Í Evrópubandalaginu eru 12 ríki.

Í Evrópuráðinu eru 23 ríki.

Á þing Evrópubandalagsins eru menn kosnir beinum kosningum og þurfa ekki að eiga einnig sæti á eigin þjóðþingi.

Á þing Evrópuráðsins eru þingmennirnir valdir úr hópi þingmanna í heimalandi sínu.

Hin víðtæka efnahagssamvinna Evrópubandalagsríkjanna (EB), sem verður æ nánari og stefnir að sameiginlegum markaði 1992, teygir sig inn á æ fleiri svið þjóðlífsins í þessum löndum. Þetta leiðir á sumum sviðum til tvíverknaðar. Það væri spor aftur á bak í samstarfi lýðræðisríkja álfunnar ef vinna Evrópuráðsins legðist af. Ýmis ríki mundu lenda utan við samstarfið. Nýstárlegust þeirra hugmynda, sem hreyft hefur verið til að forðast lélega nýtingu stofnana, ónauðsynlega spennu milli þeirra eða ný skrifstofubákn, er að í framtíðinni kynni

þing Evrópuráðsins að verða eins konar „efri deild“ Evrópuþingsins, öðruvísi saman sett og öðruvísi til hennar kosið, með lítið eitt önnur verkefni.

Í Evrópuráðinu sameinast fulltrúar ríkja EFTA og Evrópubandalagsins. Má vel hugsa sér að meiri gaum þyrfti að gefa en hingað til að því hvaða möguleika þessi staðreynd býður upp á.

Alþingi í apríl 1989.

Sþ. 869. Þingsályktun [25. mál]

um gjafsóknarreglur.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 25.

Sþ. 870. Þingsályktun [85. mál]

um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili tillögum eigi síðar en 15. október 1989.

Sþ. 871. Þingsályktun [112. mál]

um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi, þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum.

Sþ. 872. Fyrirspurn [485. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður endurskoðun laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna?

Sþ. 873. Fyrirspurn [486. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kvikmyndina „Lífsbjörg í norðurhöfum“.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hefur ríkisstjórnin eða sjávarútvegsráðuneytið styrkt eða boðist til að styrkja kvikmynd Magnúsar Guðmundssonar, „Lífsbjörg í norðurhöfum“? Ef svo er ekki, hyggst ríkisstjórn eða ráðuneyti gera það síðar?

Ed. 874. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem fyrir liggja ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Guðmundur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.
Eiður Guðnason.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 875. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.
4. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
5. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
6. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
7. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
8. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
9. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
10. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
11. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.
12. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
13. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
14. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
15. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
16. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
17. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
18. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
19. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
20. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
21. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
22. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
23. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.

24. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
25. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
26. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
27. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.
28. Pepito, Basilía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
29. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.
30. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
31. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
32. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.
33. Tumarao, Nelia, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
34. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.

Sþ. 876. Skýrsla [487. mál]

félagsmálaráðherra um 75. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1988.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. INNGANGUR

Árið 1988 var afmælisár í sögu Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar (ILO). Þess var minnst að 40 ár voru liðin frá því að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi eina af merkustu samþykktum stofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess. Þess var einnig minnst að 40 ár voru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðavinnumálastofnunin og vernd mannréttinda, einkum barátta fyrir auknu félagslegu réttlæti, hefur frá upphafi verið samofin starfsemi stofnunarinnar. Í þessu sambandi má minna á svonefnda Fíladelfíuyfirlýsingu 26. Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1944, um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar segir að stofnunin byggi starfsemi sína á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinna sé ekki verslunarvara, málfrelsi og félagafrelsi séu frumskilyrði framfara og að fátækt stofni hagsæld í voða. Enn fremur að baráttu gegn skorti þurfi að heyja innan sérhvers þjóðfélags með óbilandi þrótti og samræmdri alþjóðasamvinnu þar sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks eru jafnréttháir fulltrúum ríkisstjórna.

Þótt þess væri minnst á viðeigandi hátt að 40 ár eru liðin frá því að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sá dagsins ljós gerðist fleira á 75. Alþjóðavinnumálaþinginu. Þingið afgreiddi tvær merkar alþjóðasamþykktir. Önnur fjallar um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Markmið hennar er að draga úr fjölda slysa í byggingariðnaði með ýmsum verndar- og varnaraðgerðum, t.d. í sambandi við meðferð tækja og annars búnaðar sem notaður er á byggingarstað. Hér er um að ræða mjög áhugaverða alþjóðasamþykkt og verður það tekið til athugunar hvort ekki sé rétt að leitað verði eftir heimild til þess að hún verði fullgilt af hálfu Íslands.

Hin alþjóðasamþykktin er um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi. Samþykktinni er ætlað að koma í stað eldri samþykkta um atvinnuleysisbætur, m.a. samþykkt nr. 44, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og er hún frá árinu 1934. Eldri samþykktin er því komin til ára sinna og þótti á mörgum sviðum vera úrelt.

Þess skal getið að ekki er ólíklegt að árið 1989 marki tímamót í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar skipti ekki mestu að stofnunin verður 70 ára heldur hitt að á árinu lætur Francis Blanchard, forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, af starfi sínu eftir 15 ára farsæla þjónustu við aðildarríki ILO. Þegar þetta er skrifað hefur nýr forstjóri verið valinn. Nafn hans er Michel Hansenne, Belgíumaður, fæddur 23. mars 1940. Hann lauk doktorsprófi í lögum við Université de l' Etat de Liége. Hansenne hefur setið á belgíska þinginu frá árinu 1974 og verið ráðherra frá í apríl 1979. Meðal annars var hann vinnumálaráðherra á árunum 1981 til 1988.

2. 75. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1988

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

75. Alþjóðavinnumálaþingið var haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 1. til 22. júní. Þingforseti var kjörinn vinnumálaráðherra Þýska alþýðulýðveldisins, Wolfgang Beyreuther. Þetta var í fyrsta skipti í 60 ár að fulltrúi frá Austur-Evrópu var kosinn þingforseti. Þrír varaþingforsetar voru kjörnir, einn fulltrúi frá hverjum hópi sem situr þingið. Úr hópi fulltrúa ríkisstjórna var kjörinn Smith frá Jamaíku. Varaþingforseti úr hópi atvinnurekenda var kjörinn Tsujino frá Japan. Fulltrúi launafólks á stóli varaþingforseta var kjörinn Adiko frá Fílabeinsströndinni.

Fleiri tóku þátt í þessu þingi en í 73. þinginu. Samtals tóku þátt í þinginu um það bil 1900 fulltrúar, þar með taldir 117 ráðherrar. Alls sendu 141 aðildarríki af 157 fulltrúa til þingsins.

Gestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, voru að þessu sinni forseti Filippseyja, Corazon Aquino, forsætisráðherra Spánar, Felipe Gonzalez, og forseti SWAPO, Sam Nujoma.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Frá utanríkisráðuneyti: Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra. Varamaður var Kristinn F. Árnason sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Jón Magnússon, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúi launafólks: Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Félagsmálaráðherra flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins sem er birt í heild sem fylgiskjal V. Ráðherra átti einnig fundi með forsvarsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, þar á meðal forstjóranum, Francis Blanchard, og varaforstjóranum, Bertil Bolin.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Öryggi og hollustuhættir í byggingariðnaði (síðari umræða).
5. Aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi (síðari umræða).
6. Endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja (fyrri umræða).
7. Atvinna í dreifbýli (almenn umræða).
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
9. Tillögur til þingsályktunar.

Fjallað var um dagskrárliði 2–9 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf, þingsköp og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, er aðalumræðuefnið á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum. Skýrsla forstjórans er tvískipt. Í fyrri hluta skýrslunnar fjallar hann um málefni sem snertir afmarkað svið vinnumála. Í seinni hlutanum er gerð grein fyrir starfsemi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Sviss og skrifstofum stofnunarinnar í öðrum löndum.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar til 75. Alþjóðavinnumálaþingsins kaus forstjórinn að fjalla um þróun mannréttinda í heiminum. Aukin mannréttindi eru eitt þeirra málefna sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur frá upphafi beitt sér fyrir. Á þeim tæplega 70 starfsárum stofnunar-

innar hafa mannréttindi í víðum skilningi komið reglulega til umræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Við þau tækifæri hefur verið litið yfir sviðið og kannað hvernig hafi miðað í mannréttindamálum í heiminum. Að þessu sinni minntist hann þess að 40 ár voru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslunni gerir forstjórinn m.a. að umtalsefni mannréttindi í Suður-Afríku og á hernumdu svæðunum í Palestínu.

Einnig er fjallað í skýrslunni um nokkrar ILO samþykktir sem hafa afgerandi þýðingu á sviði mannréttinda. Meðal þeirra er samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess. Fram kemur að síðastliðin 10 ár hafa 22 ríki bæst í hóp þeirra sem áður höfðu fullgilt þessa grundvallarsamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Enn eiga rúmlega 50 aðildarríki eftir að fullgilda samþykktina 40 árum eftir að hún var afgreidd af Alþjóðavinnumálaþinginu.

Samtals tóku 285 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 117 ráðherrar. Í þeim hópi var félagsmálaráðherra Íslands.

Í ræðu sinni fagnar félagsmálaráðherra því að forstjórinn hafi gert mannréttindi að viðfangsefni skýrslu sinnar og með þeim hætti minnst 40 ára afmælis mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Ráðherra fjallaði um ástandið í Suður-Afríku og greindi frá því að íslenska ríkisstjórnin hafi tekið eindregna afstöðu gegn Apartheid-stefnunni og átt samvinnu við aðrar ríkisstjórnir Norðurlandanna um virka andstöðu gegn henni. Fram kom hjá félagsmálaráðherra að stjórnvöld hafi gripið til ýmissa aðgerða í þessu sambandi og benti sérstaklega á það að í apríl 1988 hafi Alþingi Íslendinga samþykkt að setja viðskiptabann á Suður-Afríku.

Fram kom í ræðunni að í þeim heimshluta sem Ísland tilheyrir hafi grundvallarmannréttindi eins og tjáningarfrelsi og félagafrelsi lengi verið í hávegum höfð. Við þær aðstæður væru áherslur nokkuð aðrar en meðal þjóða sem enn eiga eftir að innleiða þau réttindi. Ráðherra benti á baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna sem dæmi um þetta. Hún væri angi af mannréttindabaráttu. Á Íslandi snerist hún fyrst og fremst um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum hvað varðaði kaup og kjör.

Félagsmálaráðherra gerði einnig að umtalsefni nokkur þeirra málefna sem voru á dagskrá vinnumálaþingsins. Meðal annars fjallaði hann um drög að nýrri samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði. Ráðherra sagði að slys í byggingariðnaði væru allt of mörg á Íslandi. Íslensk stjórnvöld hafi með ýmsum hætti reynt að draga úr slysatíðni í þessari atvinnugrein. Í gildi væru ítarleg lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins hafi hert eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga, sérstaklega á vinnustöðum í byggingariðnaði. Ráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að á þessu sviði verði að leita nýrra leiða. Ný alþjóðasamþykkt og tillaga á þessu sviði yrði án efa mikilvægt framlag til slysavarna í byggingariðnaðinum.

Ráðherra lýsti áhyggjum sínum yfir fjárhagsmálum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Slæmur fjárhagur stofnunarinnar leiddi til þess að draga yrði úr aðstoð og þjónustu. Það kæmi fyrst og fremst niður á þeim sem síst skyldi, þjóðum sem annaðhvort eru fámennar eða fátækar en þær þurfa oftast á mestri aðstoð að halda. Ráðherra minnti á að þessar þjóðir bæru í mörgum tilvikum kostnað umfram önnur aðildarríki vegna þátttöku í ILO.

Ræða félagsmálaráðherra er birt í heild sinni sem fylgiskjal V með þessari skýrslu.

Á síðustu dögum þingsins heldur forstjórinn ræðu þar sem hann dregur saman helstu atriðin úr umræðum um skýrsluna. Að þessu sinni vísaði hann til þess sem hafði komið fram í ræðum Felipe Gonzales og Corazon Aquino en þau höfðu bæði lagt mikla áherslu á stuðning við starfsemi ILO. Forstjórinn vakti athygli á því að þau ættu það sameiginlegt að hafa tekið virkan þátt í að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum í löndum sínum. Hann lýsti ánægju sinni með það að ýmis lönd, sem ekki hefðu áður verið reiðubúin að taka þátt í umræðum um mannréttindamál, hefðu nú lýst sig tilbúin til slíkra umræðna.

Í ræðu sinni gat Blanchard þess að mannréttindamál hefðu ekki einungis verið rædd á allsherjarþingi vinnumálaþingsins. Þau hefðu einnig verði til umfjöllunar í þingnefndinni sem fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þess má geta að við almennar umræður í þeirri nefnd flutti fulltrúi Íslands ræðu fyrir hönd Norðurlandanna.

Blanchard gerði grein fyrir starfi annarra þingnefnda í ræðunni. Hann benti á að endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja, snerti hag um það bil 300 milljóna manna. Einnig fjallaði hann um nefnd varðandi aukna atvinnu í dreifbýli og nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Forstjórinn kvaðst vilja fullvissa þingheim um það að Alþjóðavinnumálastofnunin léti ekki deigan síga í baráttunni gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og Namibíu.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal kjósa við upphaf sérhvers vinnumálaþings nefnd sem fer yfir kjörbréf þingfulltrúa. Í nefndinni eiga einungis sæti þrír fulltrúar og er hún því fámennasta nefnd þingsins. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Japan, Nakamura. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Meðal þess sem nefndin vakti athygli á var að í sendinefndum tveggja aðildarríkja voru einungis ríkisstjórnarfulltrúar. Þessi lönd voru Kostaríka og Dóminíska lýðveldið. Að auki lét eitt aðildarríki, Saír, undir höfuð leggjast að hafa fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndinni. Í sendinefnd Lesótós vantaði hins vegar fulltrúa launafólks. Nefndin samþykkti að vekja athygli þessara ríkisstjórna á nauðsyn þess að senda fullskipaðar sendinefndir á Alþjóðavinnumálaþingið.

Fram komu nokkrar kærur um skipun sendinefnda. Fram kom kæra um skipun fulltrúa launafólks í sendinefndum Bahamaeyja og Filippseyja. Seta ráðgjafa atvinnurekenda í sendinefnd Perú var kærð. Einnig skipun fulltrúa launafólks í sendinefndum Grikklands, Nikaragva, Póllands og Síle. Enn fremur skipun fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Nikaragva.

Þegar nefndin er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu. Að þessu sinni varð nefndin sammála um að taka öll kjörbréf gild.

2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Aðalviðfangsefni nefndarinnar voru: 1) Réttur Póllands og Tsjad til að greiða atkvæði. 2) Kerfi sem felur í sér afslátt til þeirra aðildarríkja sem greiða árgjald á tilsettum tíma. 3) Breytingar á fjárhagssáætlun áranna 1988 og 1989. 4) Aukaframlag í vararekstrarsjóð.

Atkvæðisréttur Póllands og Tsjad.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar glatar aðildarríki atkvæðisrétti ef það skuldar árgjald í tvö ár eða meira. Ef Alþjóðavinnumálaþingið kemst að þeirri niðurstöðu að skuldin stafi af aðstæðum sem hlutaðeigandi aðildarríki gat ekki stjórnað er heimilt að veita aðildarríkinu engu að síður atkvæðisrétt enda sé það samþykkt af ⅔ hlutum atkvæða á allsherjarþinginu.

Tsjad skuldar Alþjóðavinnumálastofnuninni árgjald fyrir sl. 20 ár, samtals 98.000 bandaríkjadali. Árið 1983 gerði ríkisstjórn landsins samning við ILO um jafnar afborganir af skuldinni. Við þennan samning hefur verið staðið. Við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu var samþykkt með 384 atkvæðum gegn einu að veita Tsjad atkvæðisrétt.

Samskipti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Póllands hafa verið stirð undanfarin ár. Árið 1983 gaf ríkisstjórn Póllands til kynna úrsögn úr stofnuninni, m.a. vegna kröfu ILO um

að verkalýðshreyfingin Samstaða fengi að starfa óáreitt. Árið 1987 barst stofnuninni bréf frá pólsku ríkisstjórninni þar sem úrsögnin var dregin til baka. Hins vegar hefur landið vanrækt að greiða árgjald og skuldar rúmlega 9 milljónir bandaríkjadala. Í þessu tilviki hefur einnig verið gengið frá samningi um jafnar greiðslur af skuldinni á næstu 20 árum, þannig að fjárhagsnefndin mælti með því að Pólland fengi atkvæðisrétt á þinginu. Allsherjarþingið samþykkti tillögu þingnefndarinnar með 325 atkvæðum gegn einu. Jafnframt var ákveðið að árgjald Póllands verði 0,65% af fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Nýtt kerfi til innheimtu árgjalds.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fellur árgjald til stofnunarinnar í gjaldaga 1. janúar. Í raun greiða fá aðildarríki árgjaldið á tilsettum tíma. Í maílok 1988 höfðu einungis 43 aðildarríki greitt árgjaldið fyrir árið 1988 að fullu. Að auki höfðu 18 aðildarríki greitt hluta árgjalds. Á þessum tíma höfðu einungis borist 56% af heildarupphæð árgjaldanna eða rúmlega 66 milljónir bandaríkjadala. Öll Norðurlöndin voru í hópi þeirra sem höfðu að fullu staðið við skuldbindingar sínar að þessu leyti. Það sama átti við um flest önnur vestræn iðnríki. Nokkra athygli vakti að Sovétríkin höfðu greitt árgjaldið svo til að fullu. Hins vegar höfðu Bandaríkin ekkert greitt af þeim 40 milljónum dala sem þeim bar að greiða á árinu 1988 og skulduðu að auki 13 milljónir dala vegna ársins 1987. Japan hafði ekki greitt 17 milljónir dala á tilskildum tíma. Auk þessara aðildarríkja eru fátæk lönd að meiri hluta á skránni yfir skuldunauta ILO.

Dráttur á greiðslu árgjalds skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni margvísleg vandamál. Því er brýnt að leita leiða sem hvetja aðildarríkin til að greiða árgjaldið á réttum tíma. Fyrir þinginu lá tillaga frá stjórnarnefndinni, sem hafði þar verið flutt af fulltrúum atvinnurekenda, um leið úr þeim ógöngum sem við er að etja í þessum efnum. Samkvæmt tillögunni skulu 60% af þeim vaxtatekjum sem skapast vegna réttra skila á árgjaldi koma hlutaðeigandi aðildarríki til góða en 40% leggjast inn á vararekstrarsjóð stofnunarinnar. Samkvæmt tillögunni skyldi þetta kerfi reynt í tvö ár.

Tillagan olli miklum umræðum í fjárhagsnefndinni. Fulltrúi Frakklands lagði til að allar vaxtatekjurnar kæmu hlutaðeigandi aðildarríki til góða. Þessi hugmynd var felld. Tuttugu voru á móti en tíu með.

Margir ræðumenn bentu á ástæður þess að aðildarríki greiddi ekki árgjaldið á réttum tíma, m.a. slæman efnahag. Í þessum hópi voru einkum fulltrúar Suður-Ameríku og voru þeir mjög gagnrýnir á tillöguna. Fulltrúar annarra þróunarlanda tóku undir þessi sjónarmið en voru reiðubúnir að reyna nýtt fyrirkomulag.

Flest vestræn ríki studdu tillöguna, m.a. Norðurlöndin. Eftir að breytingartillaga Frakka hafði verið felld samþykkti fjárhagsnefndin tillögu stjórnarnefndar með 50 atkvæðum gegn átta. Bandaríkin greiddu atkvæði á móti. Á allsherjarþinginu var tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Breytingar á fjárhagsáætlun fyrir árin 1988 og 1989.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hafði lagt til nokkrar breytingar á gildandi fjárhagsáætlun. M.a. var lagt til að útgjöld samkvæmt heildarrekstraráætlun yrðu dregin saman um 1,9 milljónir bandaríkjadala, framlag úr vararekstrarsjóði aukið um 26 milljónir dala til að bæta upp samdrátt vegna óhagstæðs gengis dals í samanburði við svissneska frankann. Með þessum breytingum hefði niðurstöðutala fjárhagsáætlunarinnar fyrir árin 1988–1989 orðið 365 milljónir bandaríkjadala. Langar og harðar umræður urðu um tillögur stjórnarnefndarinnar sem náðu naumlega fram að ganga. Fulltrúi Svíþjóðar hafði orð fyrir ríkisstjórnarfulltrúum Norðurlandanna í nefndinni. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Í samræmi við stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á þeim alþjóðasamþykktum og tillögum sem vinnumálaþingin hafa afgreitt. Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd helmings fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Að þessu sinni áttu sæti samtals 184 fulltrúar í nefndinni, þar af 100 fulltrúar ríkisstjórna, 34 fulltrúar atvinnurekenda og 50 fulltrúar launafólks. Auk þessara fulltrúa sátu fundi nefndarinnar 121 áheyrnarfulltrúi og 28 fulltrúar alþjóðasamtaka.

Formaður nefndarinnar var kosinn El Assars ríkisstjórnarfulltrúi frá Egyptalandi. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu, voru kosnir varaformenn eins og mörg undanfarin ár. Ríkisstjórnarfulltrúi Sviss, Elmiger, var kosinn ritari. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Jón Magnússon, fulltrúi íslenskra atvinnurekenda á þinginu, sat einnig í nefndinni.

Samtals hélt nefndin 21 fund þann tíma sem þingið stóð. Sumir fundir voru nokkuð langir og stóðu jafnvel fram yfir miðnætti.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjá daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykkta eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðsamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og eins og áður sagði þarf oft að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Við upphaf almennra umræðna lýsti nefndin yfir ánægju sinni með ákvörðun pólsku ríkisstjórnarinnar um áframhaldandi aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Fullrúi pólsku ríkisstjórnarinnar greindi frá því að við ýmsa erfiðleika væri að etja í sambandi við framkvæmd á ákveðnum alþjóðasamþykktum, einkum þeirra sem snerta félagafrelsi. Hann kvað ríkisstjórn Póllands mundu vinna að því innan ekki allt of langs tíma að breyta löggjöf landsins á þann veg að hún bryti ekki í bága við alþjóðasamþykktir ILO.

Í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá afgreiðslu mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna var lögð sérstök áhersla á umfjöllun um þær alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem snerta mannréttindi. Þær eru alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, frá árinu 1948, og nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, frá árinu 1958.

Í ræðum flestra fulltrúa kom fram velþóknun á starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að því að koma á mannréttindum í heiminum og vernda þau. Sérstaklega var bent á vinnu sem lögð er í að skilgreina þessi réttindi og eftirlit með því að aðildarríkin uppfylli skyldur á þessu sviði. Margir ræðumanna vöktu athygli á þeim áhrifum sem þessar alþjóðasamþykktir hafa haft á löggjöf og venju í aðildarríkjunum, einkum að því er varðar félagafrelsi sem hafi stuðlað að betri aðbúnaði launafólks.

Nefndin var sammála um að mannréttindayfirlýsingin og samþykktir ILO á þessu sviði hefðu engu minni þýðingu nú á tímum og þegar þær voru afgreiddar. Hins vegar yrði að vera samræmi á milli orða og gerða. Það væri ekki nóg að semja texta um eflingu mannréttinda sem ekki væri farið eftir.

Í almennu umræðunum kom fram að 31. desember 1987 höfðu alþjóðavinnumálaskrifstofunni borist samtals 5.308 fullgildingar á ILO samþykktum. Á árinu 1987 bárust jafnmargar fullgildingar og árið á undan eða 35. Ýmsum ræðumönnum fannst þessi tala lág og beindu þeim tilmælum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að hún kannaði ástæður þessa.

Fulltrúi Íslands tók þátt í umræðum undir þessum dagskrárlið og hafði orð fyrir öðrum fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda. Í ræðunni fjallaði hann almennt um gildi samþykkta ILO og fagnaði þeirri ákvörðun forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að gera mannréttindi að viðfangsefni í ársskýrslu sinni til vinnumálaþingsins. Einnig lauk hann lofsorði á skýrslu sérfræðinganefndarinnar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og sagði hana einkennast af réttsýni og hlutlægum vinnubrögðum. Í ræðunni var lögð á það áhersla að sérfræðinganefndin héldi áfram að meta framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum með sama hætti óháð þjóðskipulagi þannig að hugtök hefðu sama inntak alls staðar í heiminum.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Eftir að þingnefndin hafði lokið umfjöllun um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykkta sem voru að þessu sinni til sérstakrar athugunar hófst umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum. Eins og áður sagði vann nefndin eftir skrá yfir 40 mál sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um.

Um tíma var nafn Íslands á drögum að þessari skrá vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérfræðinganefnd ILO hefur um árabil gert athugasemdir við 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, og telur að ákvæði greinarinnar sé ekki í samræmi við samþykktina. Í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, sem félagsmálaráðuneytið hafði tekið saman, er vísað til bréfs samgönguráðuneytisins og bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri (eða sá sem er í hans stað) geti komið skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjarga skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðra eða greinin felld úr lögunum eins og gert hafi verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafi verið í gildi. Það er ljóst að verði ekki gerð gangskör að því að breyta ákvæðinu mun þetta málefni koma til kasta þingnefndarinnar fyrr en síðar. Þess má geta að félagsmálaráðuneytið hefur gert samgönguráðuneytinu, sem fer með málefni sjómanna, grein fyrir framvindu þessa máls.

Samtals var þess farið á leit við 46 aðildarríki að þau gæfu nánari skýringar og mættu fulltrúar frá þeim öllum á fundi nefndarinnar. Til þess var tekið að 36 aðildarríki í samtals 76 tilvikum höfðu breytt lögum eða lagaframkvæmd í samræmi við ábendingar sérfræðinganefndarinnar. Hér var um að ræða lönd í öllum heimsálfum sem búa við ólíka þjóðfélagshætti. Fram kom að frá árinu 1964 hafa verið skráð 1730 tilvik þar sem aðildarríki hafa farið að ábendingum sérfræðinganefndarinnar. Þetta er vísbending um það að eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er virkt og aðildarríkin eru reiðubúin til samvinnu um umbætur.

Sérstakar ábendingar.

Tilvik sem talin eru sérstaklega alvarleg brot á framkvæmd samþykkta ILO eru rakin í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins. Nokkur aðildarríki hlutu þann vafasama heiður að vera getið í þessum hluta skýrslunnar. Í þeim hópi var Mið-Afríkulýðveldið vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nefndin minnti á að þetta málefni hafi komið margoft til umfjöllunar í nefndinni án sýnilegs árangurs. Fram kom að ríkisstjórnin er reiðubúin að taka á móti sendinefnd frá ILO og leita leiða til að bæta framkvæmd ákvæða samþykktarinnar. Dóminíska lýðveldið virðist vera búið að vinna sér fastan sess í þessum hluta skýrslunnar. Enn á ný fjallaði nefndin um framkvæmd lýðveldisins á samþykktum nr. 95, um verndun vinnulauna, nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, og nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Eins og á 73. Alþjóðavinnumálaþinginu komu málefni Ekvador til umfjöllunar. Það kom í ljós að ríkisstjórnin hafði tekið tillit til margra ábendinga sérfræðinganefndarinnar, einkum að því er varðaði framkvæmd á samþykkt nr. 87. Hins vegar er ríkisstjórnin ekki reiðubúin að gera breytingar vegna framkvæmdar samþykktar nr. 105. Pakistan fékk mesta rýmið í sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar eins og á 73. þinginu. Hér er um að ræða framkvæmd á fjölda ákvæða í samþykktum nr. 29 og 105, um afnám nauðungarvinnu, og í samþykkt nr. 87. Nefndin lýsti yfir miklum vonbrigðum með aðgerðaleysi ríkisstjórnar Pakistans sem um margra ára skeið hefur ekki sinnt ábendingum um umbætur. Sama á við um ríkisstjórn Írans að því er varðar framkvæmd samþykktar nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

2.6. ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Í BYGGINGARIÐNAÐI

Fjórða málefnið á dagskrá þingsins voru drög að nýrri alþjóðasamþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði. Þetta málefni var til síðari umræðu og var að því stefnt að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt og tillögu um þetta mikilvæga mál.

Samtals áttu 137 til 143 fulltrúar sæti í nefndinni. Þar af voru u.þ.b. 70 fulltrúar ríkisstjórna, tæplega 46 voru málsvarar launafólks og um 31 sat í nefndinni fyrir hönd atvinnurekenda.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ríkisstjórnarfulltrúi Pakistans, J.A. Mirza, kosinn formaður, fulltrúi launafólks frá Sambíu, F.J. Chiluba, og J. Halliwell kosnir varaformenn. Formaður nefndarinnar á 73. Alþjóðavinnumálaþinginu, dr. K.J. Panzke, var kosinn ritari og talsmaður á allsherjarþinginu. Nefndin hélt samtals 10 fundi. Þar til viðbótar héldu atvinnurekendur og fulltrúar launafólks nokkra fundi um einstök ágreiningsmál sem komu upp í nefndinni.

Skýrsla, sem hafði verið tekin saman af alþjóðavinnumálaskrifstofunni, *Safety and health in construction,* Report IV (2B) lá til grundvallar umræðum í nefndinni. Skýrslan hefur að geyma samantekt á umræðum á 73. vinnumálaþinginu og greinargerð um breytingartillögur sem gerðar voru á orðalagi alþjóðasamþykktar og tillögu sem var til umræðu á því þingi. Í nefndinni komu fram samtals 158 breytingartillögur við drög sem að þessu sinni voru til umræðu. Af þeim náði ein fram að ganga í atkvæðagreiðslu, sex voru dregnar til baka, 38 voru samþykktar einróma en 113 dregnar til baka við umræður. Fram komu 46 breytingartillögur við orðalag tillögunnar. Ein tillaga var samþykkt í atkvæðagreiðslu, þrjár voru felldar, 13 dregnar til baka og fjórar lagaðar að orðalagi tillögunnar. Samtals voru 25 tillögur dregnar til baka í umræðum.

Þess var getið í skýrslu félagsmálaráðherra um 73. Alþjóðavinnumálaþingið að nokkrar deilur hafi orðið innan nefndarinnar um skilgreiningu á hugtakinu „vinnustaður". Ýmsum fulltrúum, t.d. ríkisstjórnarfulltrúa Noregs, fannst skilgreiningin á hugtakinu sem notuð var á

því þingi of rúm og að hún gæti orðið þess valdandi að fá aðildarríki fullgiltu samþykktina. Deilurnar um þetta efni héldu áfram og um tíma var á því nokkur hætta að starf nefndarinnar sigldi í strand. Stofnað var til fjölda smærri óformlegra samráðsfunda til að forðast slíka niðurstöðu með þeim árangri að allsherjarþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Alþjóðasamþykkt nr. 167, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, er í fimm köflum. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið. Í 1. gr. er kveðið á um það að samþykktin nái til allrar starfsemi í byggingariðnaði, þ.e. byggingar, verkfræðivinnu, uppsetningar og niðurrifs, þar með talin hvers konar vinnsla, starfræksla eða flutningar á byggingarstað, frá því að undirbúningur er hafinn á byggingarstað og þar til byggingu er lokið. Í a-lið 2. gr. er hugtakið *byggingariðnaður* ítarlega skilgreint. Í b-lið greinarinnar er hugtakið *byggingarstaður* skilgreint og í því sambandi vísað til a-liðarins. Samkvæmt þessu er umfang hugtaksins allvíðtækt.

Almenn ákvæði eru í öðrum kaflanum. Þar er meðal annars kveðið á um skyldu til að hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks um ráðstafanir til að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd. Enn fremur að aðildarríki sem fullgildir samþykktina skuldbindur sig til þess að setja eða hafa í gildi lög eða reglugerðir sem tryggja að ákvæðum hennar verði framfylgt. Á fundi nefndarinnar kom fram að ýmis lönd munu væntanlega eiga í erfiðleikum með að uppfylla ákvæði 9. gr., en þar er kveðið á um það að þeir sem sjái um hönnun og undirbúning mannvirkja skuli taka tillit til öryggis og heilbrigðis byggingarstarfsmanna. Sama á við um d-lið 11. gr. Samkvæmt honum skulu vera ákvæði í landslögum eða reglugerðum þess efnis að starfsmönnum sé skylt að tilkynna þegar í stað næsta yfirmanni sínum, svo og öryggismálafulltrúa starfsmanna ef hann er fyrir hendi, um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að gætu valdið hættu og þeir valda ekki að ráða fram úr sjálfir.

Um aðgerðir til varnar og verndar er fjallað í þriðja kaflanum. Kveðið er almennt á um öryggi á vinnustöðum í 13. gr. Í eftirfarandi greinum er kveðið ítarlegar á um varnar- og verndaraðgerðir á einstökum sviðum byggingariðnaðar eða meðferð tækja og annars búnaðar. Til dæmis er yfirskrift 14. gr. Vinnupallar og stigar, 15. gr. Lyftitæki og lyftibúnaður o. s. frv. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á 24. gr. sem er um niðurrif byggingar eða mannvirkis. Samkvæmt henni skal viðhafa viðeigandi varnarráðstafanir, vinnuaðferðir og starfshætti, m.a. vegna brottflutnings rusls eða úrgangs. Þetta skal aðeins skipulagt og framkvæmt undir eftirliti hæfs manns.

Fjórði kafli er um framkvæmd og lokaákvæði eru í fimmta kafla.

Samþykkt nr. 167 og tillaga nr. 175, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði eru birtar sem fylgiskjöl merkt I og III.

2.7. AUKIN ATVINNA OG VERND GEGN ATVINNULEYSI

Fimmta málefnið á dagskrá vinnumálaþingsins var aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi. Það var til síðari umræðu og lágu fyrir þinginu drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta málefni.

Þingnefndin sem fjallaði um þetta viðfangsefni var samtals skipuð 184 fulltrúum, þar af voru 71 fulltrúi ríkisstjórna, 61 fulltrúi launafólks og 52 fulltrúar atvinnurekenda. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Hollandi, K. van den Berg. Varformenn voru B. Seidman frá Bandaríkjunum og Máritaninn F. Rey. Umræðan í nefndinni byggðist á skýrslunni, *Employment promotion and social security V (2A) og V (2B)*, sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið. Fyrri skýrslan hefur að geyma athugasemdir aðildarríkjanna við drög að alþjóðasamþykkt og tillögu eins og þau litu út eftir fyrri umræðu. Í seinni skýrslunni eru birt ný drög þar sem starfsfólk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur tekið tillit til athugasemda sem

komu fram við fyrri umræðu og á fundi sem haldinn var í nóvember 1987 í því skyni að finna lausnir á ýmsum álitamálum sem höfðu komið upp.

Þess má geta að þetta málefni, sem tekur m.a. til reglna um atvinnuleysisbætur, á sér nokkuð langa forsögu. Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta efni eru komnar til ára sinna og eru að ýmsu leyti ekki í hátt við aðstæður í nútímaþjóðfélagi. Hér er um að ræða samþykkt nr. 44 frá árinu 1934, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og fjórða hluta samþykktar nr. 102 frá árinu 1952, um lágmark félagslegs öryggis. Í þessum tveimur samþykktum er ekkert fjallað um atvinnuleysisbætur sem þætti í virkri vinnumálastefnu er hefur það að markmiði að stuðla að aukinni atvinnu. Þessu sambandi eru ekki heldur gerð skil í samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, né í tengdum tillögum en sú síðasta er frá árinu 1984. Þar af leiðandi hafa ýmsir talið tímabært að Alþjóðavinnumálastofnunin afgreiddi samþykkt um atvinnuleysisbætur sem jafnframt taki mið af öðrum atriðum sem geta aukið atvinnu.

Samþykkt nr. 168, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, er í átta köflum. Almenn ákvæði, meðal annars skilgreiningar á hugtökum, eru í fyrsta kafla. Ástæða er til að vekja athygli á 4. gr. en samkvæmt henni geta aðildarríki við fullgildingu undanskilið sjöunda kafla sem hefur að geyma sérákvæði um nýja umsækjendur um vinnu. Fimmta greinin í drögum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar varð tilefni til mikilla umræðna. Í drögunum var reynt að koma til móts við gagnrýni fulltrúa þróunarlandanna á 73. vinnumálaþinginu og orða greinina með þeim hætti að þau gætu fullgilt samþykktina. Fulltrúi Bandaríkjanna var þeirrar skoðunar að ákvæði greinarinnar um undanþágur og fresti á framkvæmd einstakra atriða samþykktarinnar ætti að miða við fleira en þróunarstig hlutaðeigandi aðildarríkis. Samstaða náðist um málamiðlun sem fólst í því að halda frumtextanum óbreyttum en heimila öðrum aðildarríkjum að nota mest tvær bráðabirgðaundanþágur sem tilgreindar eru í greininni.

Annar kaflinn ber yfirskriftina uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi. Í kaflanum, sem einungis telur tvær greinar, er kveðið á um það að aðildarríki samþykktarinnar skuli lýsa því sem forgangsverkefni að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu að frjálsu vali með öllum tiltækum ráðum, t.d. almannatryggingum, vinnumiðlun, starfsþjálfun og starfsráðgjöf.

Í þriðja kaflanum, 10. gr., er kveðið á um gildissvið samþykktarinnar og talin upp bótatilvik. Þau eru algert atvinnuleysi og er það skilgreint sem tekjutap vegna þess að atvinna við hæfi býðst ekki ef um er að ræða vinnufæran mann sem er reiðubúinn til að hefja störf og er að leita sér að atvinnu. Einnig er tekið fram í greininni að aðildarríki skuli leitast við að vernd samþykktarinnar nái til fleiri tilvika, t.d. að um sé að ræða tekjutap vegna atvinnuleysis að hluta eða vegna tekjuleysis eða lægri tekna vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án þess að samband atvinnurekenda og starfsmanns rofni.

Fjórði kaflinn hefur að geyma ákvæði um hlutfall þeirra sem eiga að njóta verndar. Til dæmis er kveðið á um það í 1. tölul. að hlutfall þeirra sem njóta verndar í hópum launafólks skuli eigi vera minna en 85% af öllu launafólki, þar með taldir opinberir starfsmenn og nemar. Samkvæmt 2. tölul. er heimilt að undanskilja opinbera starfsmenn sem hafa trygga atvinnu allt til venjulegs eftirlaunaaldurs.

Kaflar fimm og sex fjalla um verndina sem veita skal samkvæmt samþykktinni og skilyrði bóta. Kveðið er á um bótatímabilið í 19. gr. og má samkvæmt a lið takmarka fyrsta greiðslutímabil bóta við 26 vikur í hverju tilviki atvinnuleysis eða við 39 vikur á hverju 24 mánaða tímabili.

Eins og áður er getið er sjöundi kaflinn um nýja umsækjendur um vinnu og í áttunda kaflanum er fjallað um ýmis atriði sem snerta réttarstöðu og fjárhagslega ábyrgð.

Samþykkt nr. 168 og tillaga nr. 176, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl merkt II og IV.

2.8. ÞINGSÁLYKTANIR

Samkvæmt þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Slíkar tillögur verða að hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögurnar í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Nefndin var óvenjufjölmenn að þessu sinni en samtals sátu í henni 218 fullgildir þingfulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 85, fulltrúar atvinnurekenda 60 og 73 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Árnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn Alexander, ríkisstjórnarfulltrúi frá Bretlandi. Varaformenn voru Rowe, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Karlsson, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Nefndinni bárust samtals 13 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu sameiginlega fram tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Eftir athugun á tillögunum voru nokkrar sameinaðar og ein tillaga send annarri þingnefnd til afgreiðslu. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdum arabískum svæðum (tillagan hlaut 479 020 vegin atkvæði).
2. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því að auka virðingu fyrir mannréttindum og félagafrelsi (441 060 atkvæði).
3. Þýðing einyrkja og smárra og meðalstórra fyrirtækja fyrir aukið framboð atvinnu (362 422 atkvæði).
4. Umhverfi og atvinna (331 577 atkvæði).
5. Heilbrigði og öryggi í atvinnulífinu (294 211).

Í nefndinni ríkti djúpstæður ágreiningur um fyrstu tillöguna og kom til óvenjuharðra orðahnippinga. Gerðar voru margar árangurslausar tillraunir til að ná samstöðu um breytingar á tillögunni. Niðurstaðan var því sú að nefndinni tókst ekki að þessi sinni að afgreiða neina ályktunartillögu til allsherjarþingsins.

Þess skal getið að fulltrúar Vesturlanda voru sammála um að Palestínutillagan væri mjög óheppileg og í henni væru mörg atriði sem gerðu það að verkum að hún félli utan verksviðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og ætti frekar erindi á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir þetta vildu þessir fulltrúar stuðla að því að tillagan fengi málefnalega umfjöllun í nefndinni og lögðu fram margar breytingartillögur sem ekki var fallist á með þeim árangri sem lýst er hér að framan.

2.9. VERND FRUMBYGGJA

Ein af þeim alþjóðasamþykktum sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt er samþykkt nr. 107, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja eins og heiti hennar hefur verið þýtt á íslensku. Þessi samþykkt er um marga hluti athyglisverð, einkum 11. til 14. gr. í öðrum kafla samþykktarinnar. Í þessum kafla er m.a. kveðið á um viðurkenningu á rétti þess fólks, sem samþykktin tekur til, yfir landi sem í langa tíð hefur verið heimkynni þess. Einnig kemur fram að halda skuli í heiðri þær reglur sem þetta fólk notar við flutning á eignarrétti eða rétti til að nýta auðlindir lands. Hins vegar eru önnur ákvæði samþykktarinnar ekki í hátt við breytt viðhorf til varðveislu menningararfs, t.d. tungumála, og annarra sérkenna þjóðarbrota. Af þeirri ástæðu ákvað stjórnarnefnd alþjóða-

vinnumálaskrifstofunnar að samþykktin skyldi tekin á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins og endurskoðuð.

Formaður nefndarinnar var kosinn Espana Smith, ríkisstjórnarfulltrúi frá Bólivíu. Diaz Garayacoa, úr röðum fulltrúa atvinnurekenda, og John Svenningsen, fulltrúi launafólks í Danmörku, voru kosnir varaformenn.

Í almennum umræðum í nefndinni var einkum fjallað um þrjú atriði.

Nefndarmenn gerðu að umtalsefni hvort nota ætti hugtökin „peoples“ eða „populations“ í endurskoðuðum texta samþykktarinnar. Í samþykktinni er notað hugtakið „populations“, en flestir, sem svöruðu spurningaskrá alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem send var aðildarríkjunum til undirbúnings umfjöllunar þingsins, kusu að nota hugtakið „peoples“.

Ræðumenn vörðu miklum tíma í að ræða rétt frumbyggja til lands og vatns, þar með taldar auðlindir í iðrum jarðar og í sjávardjúpi. Það var fyrir fram ljóst að þessi þáttur mundi valda mestum ágreiningi.

Loks var töluvert fjallað um það hvort setja skyldi ákvæði í alþjóðasamþykktina sem skyldaði aðildarríki til að leita eftir stuðningi frumbyggja við frumvörp til laga sem snertu málefni þeirra.

Ný drög að breytingum á alþjóðasamþykkt nr. 107 verða til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu 1989.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

75. Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Þau helstu voru:

Aukið framboð atvinnu í dreifbýli.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu 1975 var afgreidd samþykkt nr. 141, um félagasamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun. Frá þeim tíma hafa málefni dreifbýlisins ekki komið til umfjöllunar á vinnumálaþingi. Í samþykkt nr. 141 er viðurkennt mikilvægi landbúnaðarverkafólks fyrir efnahagsþróun, ekki síst þróunarlandanna. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ákvað á fundi í nóvember 1986 að taka á dagskrá 75. Alþjóðavinnumálaþingsins til almennrar umræðu málefnið *aukið framboð atvinnu í dreifbýli*. Jafnframt var skrifstofunni falið að taka saman skýrslu um efnið sem yrði grundvöllur umræðna í þingnefnd. Í nefndinni var rætt um áhrif sem almennt efnahagsástand í heiminum hefði á stöðu þróunarlandanna sem byggja lífsafkomu sína að verulegu leyti á landbúnaðarframleiðslu. Einkum var staldrað við skuldir þeirra við iðnríkin, verðfall á afurðum og óstöðugleika á gjaldeyrismörkuðum. Ræðumenn voru sammála um nauðsyn á aukinni matvælaframleiðslu og fjölgun atvinnutækifæra í greinum utan hefðbundins landbúnaðar.

Nefndin afgreiddi tillögu til allsherjarþingsins um þetta málefni sem var samþykkt einróma.

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Frá árinu 1981 hefur verið fjallað um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í sérstakri þingnefnd. Á þessu vinnumálaþingi áttu samtals 54 fulltrúar sæti í nefndinni; 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 14 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Noregs það sæti.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1961 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Samkvæmt henni ber aðildarríkjunum að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni upplýsingar um aðgerðir sem þau hafa gripið til í því skyni að vinna gegn þessari stefnu. Þessar upplýsingar eru teknar saman í skýrslu forstjóra ILO til Alþjóðavinnumálaþingsins sem er til umfjöllunar í nefndinni.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Íslenska sendinefndin á þinginu átti að venju góð samskipti við fulltrúa annarra Norðurlanda á þinginu. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda fluttu sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtlandskýrslu. Enn fremur skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar á þinginu. Til dæmis hafði fulltrúi Noregs orð fyrir öðrum norrænum fulltrúum í nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna, fulltrúi Íslands kom fram fyrir hönd Norðurlandanna í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta o.s.frv. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda um þingtímann.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC hópur, átti einnig með sér náið samstarf á þinginu. Þessi hópur hópur hittist daglega á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Fyrir fulltrúa smáríkis eins og Íslands, sem ekki átti fulltrúa í öllum nefndum þingsins, var ómetanlegt að taka þátt í þessum fundum. Með þeim hætti var hægt að fá yfirsýn yfir það sem var að gerast á þessu umfangsmikla þingi.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 167, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, gefur gaum að viðeigandi alþjóðlegum samþykktum og tillögum, einkum Samþykkt og Tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937, Tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937, Samþykkt og Tillögu um geislavarnir frá 1960, Samþykkt og Tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, Samþykkt og Tillögu um hámarksþyngd frá 1967, Samþykkt og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm frá 1974, Samþykkt og Tillögu um vinnuumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, svo og skrá yfir atvinnusjúkdóma, sem var endurskoðuð 1980 og gerð að hluta af Samþykkt um atvinnuslysabætur frá 1964, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem er endurskoðun á Samþykkt um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937,

gerir þingið í dag, 20. júní 1988, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allrar starfsemi í byggingariðnaði, þ.e. byggingar, verkfræðivinnu, uppsetningar og niðurrifs, þ.m.t. hvers konar vinnsla, starfræksla eða flutningar á byggingarstað, frá því að undirbúningur er hafinn á byggingarstað og þar til byggingu er lokið.

2. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur, að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, undanskilið við framkvæmd hennar í heild eða einstakra ákvæða hennar tilteknar atvinnugreinar eða starfsemi þar sem slík framkvæmd er sérstökum vandkvæðum bundin, svo fremi öryggis og heilbrigðis sé gætt í vinnuumhverfinu.

3. Þessi samþykkt nær einnig til þeirra einstaklinga sem reka sjálfstæða atvinnustarfsemi og tilgreindir kunna að vera í lögum eða reglugerðum landsins.

2. gr.

Í þessari samþykkt táknar hugtakið:

a. „byggingariðnaður“:
   i. byggingu, þ.m.t. gröftur fyrir grunni og smíðar, breytingar á byggingu, endurnýjun, viðgerðir, viðhald (þ.m.t. hreinsun og málun) og niðurrif hvers konar bygginga og mannvirkja;
   ii. verkfræðivinnu, þ.m.t. gröftur fyrir grunni og smíðar, breytingar á byggingu, viðgerðir, viðhald og niðurbrot, t.d. á flugvöllum, hafnargörðum, höfnum, skipaskurðum, stíflum, mannvirkjum til varnar fyrir ám, skriðuföllum og ágangi sjávar, götum og þjóðvegum, járnbrautum, brúm, jarðgöngum, svifbrúm og mannvirkjum sem reist eru vegna þjónustu svo sem samgangna, frárennsliskerfa, skolpræsa, vatnsveitu og orkuflutningskerfa;
   iii. uppsetningu og niðurrif bygginga og annarra mannvirkja sem gerð eru úr tilbúnum einingum, svo og framleiðslu tilbúinna eininga á byggingarstað;

b. „byggingarstaður“ hvern þann stað þar sem fram fer hvers konar vinnsla eða starfræksla sem tilgreind er í a-lið hér að framan;
c. „vinnustaður“ alla staði sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir stjórn atvinnurekanda, samkvæmt skilgreiningu í e-lið hér á eftir;
d. „starfsmaður“ hvern þann mann sem vinnur við byggingar;
e. „atvinnurekandi“:
   i. hvern þann mann eða persónu að lögum sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri starfsmenn á byggingarstað; og
   ii. aðalverktaka, verktaka eða undirverktaka eftir því sem við á hverju sinni;
f. „hæfur maður“ mann sem hefur til að bera nægilega hæfni, svo sem viðeigandi þjálfun, fullnægjandi þekkingu, reynslu og færni til þess að inna örugglega af hendi tiltekna vinnu. Hlutaðeigandi stjórnvöld geta skilgreint viðeigandi forsendur fyrir útnefningu slíkra manna og gert þeim að uppfylla tilteknar skyldur;
g. „vinnupallur“ hvers konar bráðabirgðamannvirki, fast, upphengt eða færanlegt, ásamt undirstöðum, sem notað er til að bera uppi starfsmenn og efni eða til að hafa aðgang aðslíku mannvirki, og er ekki „lyftitæki“ samkvæmt skilgreiningu í h-lið hér á eftir;
h. „lyftitæki“ staðbundið eða færanlegt tæki sem notað er til að lyfta fólk eða efni eða láta það síga niður;
i. „lyftibúnaður“ hvers konar búnað eða tól sem notuð eru til að festa byrði við lyftitæki en eru ekki hluti af lyftitækinu eða byrðinni.

II. Almenn ákvæði.

3. gr.

Hafa skal samráð við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks um ráðstafanir sem gerðar verða til að hrinda í framkvæmd ákvæðum þessarar samþykktar.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til að setja og hafa í gildi lög eða reglugerðir sem tryggja að ákvæðum hennar verði framfylgt og skal í því sambandi taka mið af því hvers konar hætta starfsmönnum er búin hvað varðar öryggi og heilbrigði.

5. gr.

1. Lögum og reglugerðum, sem sett verða samkvæmt ákvæðum 4. gr., má framfylgja með tæknilegum stöðlum eða starfsreglum eða með öðrum viðeigandi hætti eftir aðstæðum og venjum í hverju landi.

2. Sérhvert aðildarríki skal taka tillit til viðeigandi staðla, sem samþykktir hafa verið af viðurkenndum alþjóðastofnunum á sviði stöðlunar, hvað varðar það að framfylgja ákvæðum 4. gr. hér að framan og 1. tölul. í þessari grein.

6. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja samvinnu atvinnurekenda og launafólks í því skyni að stuðla að öryggi og heilbrigði á byggingarstöðum og skulu ákvæði um slíkt skilgreind í landslögum eða reglugerðum.

7. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði sem skuldbinda atvinnurekendur og menn sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur til að hlíta settum reglum um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

8. gr.

1. Þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa starfsemi samtímis á sama byggingarstað:

a. skal aðalverktaki eða annar maður eða aðili sem hefur í raun stjórn á eða ber meginábyrgð á allri starfsemi á byggingarstað vera ábyrgur fyrir því að samhæfa þær ráðstafanir varðandi öryggi og heilbrigði, svo og að tryggja að þeim sé framfylgt, eftir því sem lög og reglugerðir landsins mæla fyrir um;
b. skal aðalverktaki eða annar maður eða aðili sem hefur í raun stjórn á eða ber meginábyrgð á allri starfsemi á byggingarstað, ef hann er ekki til staðar, tilnefna hæfan mann eða aðila á staðnum með vald og nauðsynlega aðstöðu til þess fyrir hans hönd að tryggja að ráðstafanir, sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, séu samhæfðar og þeim sé framfylgt, eftir því sem lög og reglugerðir landsins mæla fyrir um;
c. skal sérhver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir því að ráðstöfunum sé framfylgt hvað varðar starfsmenn sem lúta stjórn hans;

2. Þegar atvinnurekendur eða menn með sjálfstæðan atvinnurekstur reka starfsemi samtímis á byggingarstað er þeim skylt að hafa samvinnu um að ráðstöfunum sem mælt er fyrir um hvað varðar öryggi og heilbrigði sé framfylgt, eftir því sem kveðið er á um í lögum eða reglugerðum landsins.

9. gr.

Þeir sem sjá um hönnun og undirbúning mannvirkja skulu taka tillit til öryggis og heilbrigðis byggingarstarfsmanna í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur.

10. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmenn á hverjum vinnustað hafi rétt til og þeim sé skylt að taka þátt í að tryggja öruggar vinnuaðstæður hvað varðar stjórn þeirra á vinnuvélum og vinnuaðferðum og enn fremur að láta í ljósi skoðanir sínar á vinnuvenjum sem viðhafðar eru að svo miklu leyti sem þær varða öryggi og heilsu.

11. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmönnum sé skylt:

a. að hafa eins nána samvinnu og mögulegt er við atvinnurekandann hvað varðar að framfylgja ráðstöfunum sem mælt er fyrir um vegna öryggis og heilbrigðis;
b. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta eigin öryggis og heilsu, svo og annarra manna sem aðgerðir þeirra eða aðgerðarleysi við vinnu getur haft áhrif á;
c. að nýta sér þá aðstöðu sem þeim er fengin og misnota ekkert sem þeim er fengið sér eða öðrum til varnar;
d. að tilkynna þegar í stað næsta yfirmanni sínum, svo og öryggismálafulltrúa starfsmanna ef hann er fyrir hendi, um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að gætu valdið hættu og þeir valda ekki að ráða fram úr sjálfir;
e. að fylgja settum reglum um öryggi og heilbrigði.

12. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmaður hafi rétt til að forða sér frá hættu þegar hann hefur gilda ástæðu til að halda að öryggi hans og heilsa sé í yfirvofandi og alvarlegri hættu, svo og að honum sé skylt að tilkynna næsta yfirmanni sínum um það án tafar.

2. Ef öryggi starfsmanna er yfirvofandi hætta búin skal atvinnurekandi án tafar gera ráðstafanir til að stöðva framkvæmdir og flytja starfsmennina á brott eftir því sem við á.

III. Aðgerðir til varnar og verndar.

13. gr.

Öryggi á vinnustöðum.

1. Gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að tryggja að allir vinnustaðir séu öruggir og valdi ekki tjóni á heilsu starfsmanna eða stofni öryggi þeirra í hættu.

2. Á öllum vinnustöðum skulu vera öruggir inngangar og útgangar og þeim vel við haldið. Þeir skulu vera auðkenndir eftir því sem við á.

3. Gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að vernda þá menn sem eru á eða í námunda við byggingarstað fyrir öllum hættum sem af honum geta stafað.

14. gr.

Vinnupallar og stigar.

1. Þar sem vinna verður ekki stunduð með öryggi á jörðu niðri eða frá jörðu, hluta byggingar eða öðru varanlegu mannvirki skal öruggum og viðeigandi vinnupalli komið fyrir og við haldið eða aðrar jafnöruggar og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

2. Ef ekki eru fyrir hendi aðrar aðgönguleiðir að upphækkuðum vinnustöðum skal viðeigandi og traustum stigum komið fyrir. Þeir skulu festir tryggilega til þess að þeir hreyfist ekki fyrirvaralaust úr stað.

3. Allir vinnupallar og stigar skulu vera smíðaðir og notaðir í samræmi við landslög og reglugerðir.

4. Vinnupallar skulu skoðaðir af hæfum manni í þeim tilvikum og á þeim tímum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum.

15. gr.

Lyftitæki og lyftibúnaður.

1. Öll lyftitæki og allur lyftibúnaður, þ.m.t. hlutar hans, viðfestibúnaður, festingar og undirstöður, skal:

a. vera vel hannaður og smíðaður úr góðu efni og nægilega sterkur til þeirra nota sem hann er ætlaður;
b. vera rétt uppsettur og rétt notaður;
c. honum vel við haldið;
d. skoðaður og prófaður af hæfum manni á þeim tíma og í þeim tilvikum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum; skrá skal niðurstöður slíkra skoðana og prófana;
e. honum stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við landslög og reglugerðir.

2. Ekki má lyfta neinum manni, láta hann síga niður eða flytja hann í lyftitæki nema það hafi verið smíðað, sett upp og sé notað í þeim tilgangi í samræmi við landslög og reglugerðir, nema í neyðartilvikum þegar í húfi er mannslíf eða hætta á að alvarlegt slys verði á mönnum, ef unnt reynist að nota lyftitækið til þess með öryggi.

16. gr.

Flutningatæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni.

1. Öll farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi eða meðferðar á efni:

a. skulu vera vel hönnuð og smíðuð þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið;
b. þeim skal vel við haldið;
c. þau skulu notuð á réttan hátt;
d. þeim skal stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við landslög og reglugerðir.

2. Á öllum byggingarstöðum þar sem notuð eru farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi eða meðferðar á efni:
a. skal hafa öruggar og viðeigandi aðgönguleiðir fyrir þau; og
b. skal skipuleggja og stjórna umferð þannig að unnt sé að nota þau með öryggi.

17. gr.

Vélasamstæður, vélbúnaður og handverkfæri.

1. Vélasamstæður, vélbúnaður og tæki, þ.m.t. handverkfæri, jafnt handknúin sem vélknúin:
a. skulu vera vel hönnuð og smíðuð þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því við verður komið
b. þeim skal vel við haldið;
c. skal aðeins nota við þá vinnu sem þau eru hönnuð fyrir, nema hæfur maður hafi ákveðið að þau megi nota með öryggi utan þess verksviðs sem þau voru upphaflega hönnuð fyrir;
d. þeim skal stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun.

2. Framleiðandi tækja eða atvinnurekandi skal veita fullnægjandi leiðbeiningar um örugga notkun þeirra með þeim hætti sem notendur skilja.

3. Þrýstikerfi og þrýstitæki skulu skoðuð og prófuð af hæfum manni í þeim tilvikum og á þeim tíma sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum.

18. gr.

Vinna í nokkurri hæð frá jörðu, þar með talin vinna á húsþökum.

1. Þar sem nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu eða þar sem hæð mannvirkis eða halli þess er meiri en fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum skal gera varnarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsmenn, verkfæri, aðrir hlutir eða efni falli til jarðar.

2. Þar sem starfsmönnum er ætlað að vinna á eða nærri húsþökum eða öðrum stöðum sem þaktir eru brotgjörnu efni, sem þeir gætu fallið gegnum, skal gera varnarráðstafanir til að hindra að þeir stígi eða falli í ógáti gegnum hið brotgjarna efni.

19. gr.

Grunnar, lóðrétt göng, skurðir, neðanjarðarbyrgi og jarðgöng.

Gera skal viðeigandi varnarráðstafanir í hvers konar grunnum, lóðréttum göngum, skurðum, neðanjarðarbyrgjum eða jarðgöngum:
a. með viðeigandi styrkingum eða á annan hátt til að vernda starfsmenn fyrir hættu af völdum hruns eða falls jarðvegs, grjóts eða annarra efna;
b. til að koma í veg fyrir þá hættu að menn, efni eða hlutir geti fallið eða vatn geti streymt inn í grunna, lóðrétt göng, skurði, neðanjarðarbyrgi eða jarðgöng;
c. til að tryggja fullnægjandi loftræstingu á hverjum vinnustað svo að þar sé andrúmsloft sem hæfi til öndunar og takmarka hvers konar skaðlegan og óþægilegan eim, gas eða gufu, ryk eða önnur óhreinindi þannig að þau séu fyrir neðan þau mörk sem eru hættuleg eða skaðleg heilsu manna, enda séu þau innan þeirra marka sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum;
d. til að gera starfsmönnum kleift að forða sér ef eldsvoða ber að höndum eða innstreymi vatns eða annars efnis;
e. til að koma í veg fyrir að starfsmönnum sé hætt neðanjarðar, svo sem vegna vökvastreymis eða vegna þess að gasfyllt hólf eru til staðar, með því að gera viðeigandi athuganir til að finna slíkt.

20. gr.

Sökkviker og vatnsþétt þrýstihylki.

1. Sérhvert sökkviker og vatnsþétt þrýstihylki:

a. skal vera vel smíðað, hentugt til sinna nota, úr góðu efni og nægjanlega sterkt;

b. skal þannig útbúið að starfsmenn geti forðað sér ef vatn eða annað efni streymir inn í það.

2. Smíð, staðsetning, breytingar eða sundurtekt á sökkvikerum eða vatnsþéttum þrýstihylkjum skal fara fram undir beinni stjórn hæfs manns.

3. Sérhvert sökkviker og vatnsþétt þrýstihylki skal skoðað af hæfum manni með tilteknu millibili.

21. gr.

Vinna í hækkuðum loftþrýstingi.

1. Vinna í hækkuðum loftþrýstingi skal aðeins fara fram í samræmi við reglur í landslögum eða reglugerðum.

2. Vinna í hækkuðum loftþrýstingi skal aðeins framkvæmd af starfsmönnum sem hafa reynst líkamlega hæfir til þess samkvæmt læknisskoðun og að viðstöddum hæfum manni sem hefur eftirlit með því sem gert er.

22. gr.

Burðarvirki og steypumót.

1. Uppsetning burðarvirkja og tilheyrandi hluta, steypumóta, bráðabirgðastoða og skorða skal aðeins fara fram undir eftirliti hæfs manns.

2. Gera skal fullnægjandi varnarráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir hættum vegna tímabundins veikleika eða óstöðugleika mannvirkja.

3. Steypumót, stoðir og skorður skulur vera hönnuð og smíðuð og þeim við haldið með þeim hætti að þær þoli örugglega allt álag sem á þær kann að verða lagt.

23. gr.

Vinna yfir vatni.

Þar sem vinna fer fram yfir vatni eða í námunda við það skal gera fullnægjandi ráðstafanir:

a. til að hindra að starfsmenn falli í vatnið;

b. til að bjarga starfsmönnum sem eiga á hættu að drukkna;

c. til að flytja starfsmenn á fullnægjandi og öruggan hátt.

24. gr.

Niðurrif.

Þegar niðurrif byggingar eða mannvirkis gæti valdið hættu fyrir starfsmenn eða almenning:

a. skal viðhafa viðeigandi varnarráðstafanir, vinnuaðferðir og starfshætti, m.a. vegna brottflutnings rusls eða úrgangs, í samræmi við landslög eða reglugerðir;

b. skal verkið aðeins skipulagt og framkvæmt undir eftirliti hæfs manns.

25. gr.

Lýsing.

Hafa skal fullnægjandi og hentuga lýsingu, þar með talda færanlega lampa þar sem það á við, í hverri vinnustöð og á hverjum þeim stað öðrum á byggingarstaðnum sem starfsmaður kann að eiga leið um.

26 gr.

Rafmagn.

1. Öll rafmagnstæki og búnaður skal smíðaður, settur upp og honum við haldið af hæfum manni og þannig notaður að af því stafi ekki hætta.

2. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast og á meðan á þeim stendur skulu gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um hvort til staðar séu nokkrar straumberandi raftaugar eða tæki undir, yfir eða á byggingarstaðnum og vernda starfsmenn fyrir hættu af þeim völdum.

3. Lögn og viðhald raftauga og búnaðar á byggingarstöðum skal stjórnað samkvæmt tæknilegum reglum og stöðlum sem gilda í þjóðfélaginu.

27. gr.

Sprengiefni.

Sprengiefni skal ekki geyma, flytja, meðhöndla eða nota nema:

a. við aðstæður sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum;
b. þar sé að verki hæfur maður sem skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að starfsmenn og aðrir menn eigi ekki meiðsli á hættu.

28. gr.

Hætta fyrir heilsu manna.

1. Þar sem hætta er á að starfsmaður skaðist af völdum kemískra efna, lífrænna efna eða annarra hluta þannig að hann hljóti heilsutjón af skal gera viðeigandi varnarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt.

2. Varnarráðstafanir þær sem nefndar eru í 1. tölul. skulu m.a. fólgnar í því:

a. að nota skaðlaus eða minna skaðleg efni í stað skaðlegra efna þar sem því verður við komið; eða
b. að beita tæknilegum ráðum við vélasamstæður, vélbúnað, tæki eða ferli; eða
c. þar sem ekki er unnt að beita þeim ráðum sem tilgreind eru í a- og b-liðum hér að framan, að beita öðrum ráðum sem að gagni mega koma, m.a. notkun persónulegra hlífa og hlífðarfata.

3. Þar sem starfsmönnum er gert að fara inn á svæði þar sem eiturefni eða skaðleg efni kunna að vera til staðar eða þar sem e.t.v. er súrefnisskortur eða eldfimt andrúmsloft skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að forðast hættu.

4. Ekki skal eyða úrgangi eða losa sig við það á byggingarstað með þeim hætti sem kann að reynast hættulegur heilsu manna.

29. gr.

Eldvarnir.

1. Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að:

a. koma í veg fyrir eldsvoða;
b. bregðast við skjótt og á skilvirkan hátt til að slökkva eld sem verður laus;
c. sjá til þess að menn séu fluttir á brott án tafar og með öruggum hætti.

2. Fyrir hendi skulu vera nægilega miklar og hentugar geymslur fyrir eldfima vökva, föst efni og gas.

30. gr.

Varnarbúnaður og hlífðarföt.

1. Þar sem ekki reynist unnt að veita fullnægjandi vernd fyrir slysum eða heilsutjóni með öðrum hætti, þ.m.t. þar sem starfsmenn verða fyrir áhrifum frá óhagstæðum aðstæðum, skal atvinnurekandi leggja starfsmönnum til, og halda við, þeim að kostnaðarlausu, hentugan varnarbúnað sem þeir bera á sér, auk hlífðarfata, og skal í því sambandi tekið tillit til þess hver vinnan er og hve mikil hættan er, í samræmi við landslög eða reglugerðir.

2. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum viðeigandi aðstöðu til að gera þeim kleift að nota persónulegan varnarbúnað og skal hann tryggja að búnaðurinn sé notaður á réttan hátt.

3. Varnarbúnaður og hlífðarföt skulu uppfylla skilyrði sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur sett þar sem tekið er tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið.

4. Starfsmenn skulu nota á réttan hátt og fara vel með persónulegan varnarbúnað og hlífðarföt sem þeim er séð fyrir.

31. gr.

Skyndihjálp.

Atvinnurekanda er skylt að sjá til þess að skyndihjálp, þ.m.t. þjálfað starfslið, sé ævinlega fyrir hendi. Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja brottflutning starfsmanna, sem hafa orðið fyrir slysi eða veikst skyndilega, til þess að þeir komist undir læknishendur.

32. gr.

Aðbúnaður.

1. Á hverjum byggingarstað eða innan eðlilegra marka frá honum skal vera fullnægjandi magn af heilnæmu drykkjarvatni.

2. Á hverjum byggingarstað eða innan eðlilegra marka frá honum skal eftirfarandi aðstöðu komið upp og henni við haldið og skal í því sambandi tekið tillit til fjölda starfsmanna og tímalengdar byggingarframkvæmda:

a. salernum og þvottaaðstöðu;
b. aðstöðu til fataskipta og fyrir geymslu og þurrkun á fötum;
c. húsnæði til að matast og leita skjóls í þegar hlé verður á vinnu vegna óhagstæðs veðurs.

3. Hafa skal aðskilin salerni og þvottaaðstöðu fyrir karlmenn og konur.

33. gr.

Upplýsingar og þjálfun.

Starfsmenn skulu fá fullnægjandi og viðeigandi:

a. upplýsingar um mögulega hættuvalda fyrir öryggi þeirra og heilsu sem þeir kunna að verða fyrir áhrifum frá á vinnustað;
b. leiðbeiningar um og þjálfun í þeim ráðstöfunum sem unnt er að grípa til til að koma í veg fyrir, hafa stjórn á og verjast slíkum hættum.

34. gr.

Tilkynningar um slys og sjúkdóma.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði um tilkynningar um vinnuslys og sjúkdóma til hlutaðeigandi stjórnvalds innan tiltekins tíma.

IV. Framkvæmd.

35. gr.

Sérhvert aðildarríki skal:

a. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. að hafa viðeigandi refsiákvæði og ráðstafanir til úrbóta, til að tryggja að ákvæðum þessarar samþykktar sé framfylgt;
b. hafa með hendi viðeigandi þjónustu til eftirlits með því að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar og veita viðkomandi stofnun nauðsynlega aðstöðu til að vinna það verk eða að öðrum kosti að fá fullvissu fyrir því að viðeigandi eftirlit hafi farið fram.

V. Lokaákvæði.

36. gr.

Þessi samþykkt kemur í stað Samþykktar um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937.

37. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

38. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

39. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

40. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

41. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

42. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

43. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 39. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

44. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 168, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, leggur áherslu á mikilvægi vinnu og arðbæra atvinnustarfsemi í sérhverju þjóðfélagi, ekki aðeins vegna þeirra verðmæta sem hún skapar fyrir samfélagið, heldur einnig vegna þeirra tekna sem hún færir launafólki, þess félagslega mikilvægis sem hún hefur fyrir það og þeirrar sjálfsvirðingar sem hún veitir því, og

minnist alþjóðlegra staðla á sviði atvinnu og verndar gegn atvinnuleysi (Samþykktar og Tillögu um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, Tillögu um aðgerðir gegn atvinnuleysi (ungs fólks) frá 1935, Tillögu um tekjutryggingu frá 1944, Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952, Samþykktar og Tillögu um stefnu í atvinnumálum frá 1964, Samþykktar og Tillögu um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls frá 1975, Samþykktar og Tillögu um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag frá 1978 og Tillögu um stefnu í atvinnumálum (viðbótarákvæða) frá 1984), og

tekur tillit til víðtæks atvinnuleysis og lítillar atvinnu sem þekkist í ýmsum löndum á öllum þróunarstigum víða um heim, einkum vanda ungs fólks sem er að leita eftir vinnu í fyrsta skipti, og

tekur tillit til þess að síðan framangreind skjöl um vernd gegn atvinnuleysi voru samþykkt hefur orðið veruleg þróun í lagasetningu og framkvæmd margra aðildarþjóða, sem gerir nauðsynlega endurskoðun núverandi staðla, einkum Samþykktar um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, og samþykkt nýrra alþjóðlegra staðla um uppbyggingu fullrar og arðbærrar atvinnu, sem mönnum er frjálst að velja sér, með öllum viðeigandi ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, og

gefur gaum að því að ákvæðin um atvinnuleysisbætur í Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 mæla fyrir um tryggingarvernd sem þegar hefur náðst með flestum núgildandi bótakerfum í iðnríkjunum, en hærri staðlar hafa ekki siglt í kjölfarið, ólíkt því sem segja má um staðla í öðrum bótakerfum, og viðkomandi staðlar geta enn orðið markmið þróunarþjóða, sem hafa aðstöðu til að koma á fót kerfi atvinnuleysisbóta, og

viðurkennir að stefna stjórnvalda, sem leiðir til stöðugrar og viðvarandi efnahagsþróunar án verðbólgu, og sveigjanleg viðbrögð við breytingum, svo og til myndunar og uppbyggingar allra tegunda arðbærrar atvinnu, sem menn geta valið sér af frjálsum vilja, þ.m.t. lítil fyrirtæki, samvinnufyrirtæki, einyrkjarekstur og atvinnuuppbygging á afmörkuðum stöðum, jafnvel með því að verja þeim fjármunum sem nú er eingöngu varið til hjálparstarfa, til aðgerða sem stuðla að atvinnuuppbyggingu, einkum starfsráðgjafar, þjálfunar og endurhæfingar, veita besta vernd fyrir slæmum afleiðingum óviðráðanlegs atvinnuleysis, en óviðráðanlegt atvinnuleysi er þó fyrir hendi og því er mikilvægt að tryggja að almannatryggingakerfi veiti þeim sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum aðstoð við að fá atvinnu og efnahagslegan stuðning, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi atvinnuuppbyggingu og almannatryggingar, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, einkum í þeim tilgangi að endurskoða Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar; gerir þingið í dag, 21. júní 1988, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988:

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessari samþykkt táknar hugtakið:

a. „löggjöf“ allar reglur um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
b. „mælt fyrir um“ það sem kveðið er á um í landslögum eða gert í krafti þeirra.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að samhæfa atvinnumálastefnu sína og kerfi sitt til verndar gegn atvinnuleysi. Í því skyni skal það leitast við að tryggja að kerfi þess til verndar gegn atvinnuleysi, og einkum aðferðir við úthlutun atvinnuleysisbóta, stuðli að uppbyggingu fullrar og arðbærrar vinnu að eigin vali, en dragi ekki úr atvinnurekendum að bjóða arðbæra atvinnu og launafólki að leita eftir henni.

3. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgt í samráði og samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks samkvæmt venju í hverju landi.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt getur, með því að láta yfirlýsingu þar að lútandi fylgja fullgildingu sinni, undanskilið ákvæði VII. kafla varðandi þær skyldur sem það tekur sér á herðar með fullgildingu sinni.

2. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. tölul. hér að framan getur dregið hana til baka hvenær sem er með annarri yfirlýsingu.

5. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt, með yfirlýsingu sem fylgir fullgildingu, að færa sér í nyt mest tvær af bráðabirgðaundanþágum þeim sem tilgreindar eru í 10. gr., 4. tölul., 11. gr., 3. tölul., 15. gr., 2. tölul., 18. gr., 2. tölul., 19. gr., 4. tölul., 23. gr., 2. tölul., 24. gr., 2. tölul., og 25. gr., 2. tölul. Í yfirlýsingunni skulu koma fram þær ástæður sem réttlæta slíkar undanþágur.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. hér að framan getur aðildarríki, ef það telur þörf á því til verndar almannatryggingakerfi sínu, fært sér í nyt, með yfirlýsingu sem fylgir fullgildningu þess, bráðabirgðaundanþágur sem tilgreindar eru í 10. gr., 4. tölul., 11. gr., 3. tölul., 15. gr., 2. tölul., 18. gr., 2. tölul., 19. gr., 4. tölul., 23. gr., 2. tölul., 24. gr., 2. tölul., og 25 gr., 2. tölul. Í yfirlýsingunni skulu koma fram þær ástæður sem réttlæta slíkar undanþágur.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. eða 2. tölul. skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem sendar eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fjalla um sérhverja undanþágu sem það færir sér í nyt:

a. að ástæðurnar fyrir þessari ósk séu viðvarandi; eða
b. að það afsali sér rétti til að færa sér viðkomandi undanþágu í nyt frá tilteknum degi.

4. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. eða 2. tölul. skal, eftir því sem við á hvað varðar efni slíkrar yfirlýsingar og aðstæður leyfa:

a. bæta tilfallandi tímabundið atvinnuleysi;
b. fjölga þeim sem njóta verndar;
c. hækka bótaupphæð;
d. stytta biðtíma;
e. lengja bótagreiðslutímann;
f. miða lögboðin almannatryggingakerfi við aðstæður þeirra sem hafa hlutavinnu;

g. leitast við að tryggja þeim mönnum sem njóta atvinnuleysisbóta læknishjálp, svo og þeim sem eru á framfæri þeirra;
h. leitast við að tryggja að tekið verði tillit til þeirra tímabila sem slíkar bætur eru greiddar varðandi öflun réttar til almannatryggingabóta og, þar sem við á, við útreikning örorku-, ellilífeyris- og eftirlifendabóta.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að allir hinir tryggðu hafi jafnan rétt, án mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernislegs uppruna, þjóðernis, menningarlegs eða félagslegs uppruna, fötlunar eða aldurs.

2. Ákvæði 1. tölul. skulu ekki koma í veg fyrir að gerðar séu sérstakar ráðstafanir sem helgast af aðstæðum tiltekinna hópa samkvæmt kerfum sem tilgreind eru í 12. gr., 2. tölul., eða er ætlað að mæta sérstökum þörfum þeirra hópa manna sem eiga við sérstök vandkvæði að glíma á vinnumarkaðnum, einkum þeirra hópa sem standa höllum fæti, eða að tvö ríki eða fleiri geri með sér samning um atvinnuleysisbætur sem miðast við gagnkvæman rétt.

II. Uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi.

7. gr.

Sérhvert aðildarríki skal lýsa sem forgangsverkefni þeirri stefnu sinni að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu að frjálsu vali með öllum tiltækum ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, svo sem vinnumiðlun, starfsþjálfun og starfsráðgjöf.

8. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að stofna til, eftir því sem landslög og venjur leyfa, sérstakra áætlana í því skyni að fjölga atvinnutækifærum og veita aðstoð við útvegun atvinnu, svo og að stuðla að arðbærri atvinnu að eigin vali fyrir tiltekna hópa, sem standa höllum fæti eða líklegt er að eigi í erfiðleikum með að fá varanlega vinnu, svo sem konur, ungt fólk, fatlaðir, eldra fólk, þeir sem hafa verið atvinnulausir lengi, farandverkamenn sem dvelja löglega í landinu og launafólk sem skipulagsbreytingar hafa bitnað á.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina, í hvaða skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fyrir hvaða hópa það skuldbindur sig til að stuðla að atvinnuáætlunum.

3. Sérhvert aðildarríki skal leitast við smám saman að stuðla að arðbærri atvinnu handa fleiri hópum en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

9. gr.

Þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í þessum kafla skulu miðast við Samþykkt og Tillögu um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls frá 1975 og Tillögu um atvinnumálastefnu (viðbótarákvæði) frá 1984.

III. Gildissvið.

10. gr.

1. Þau tilvik sem þessi samþykkt nær til eru, við aðstæður sem skilgreindar eru í landslögum, algert atvinnuleysi, sem lýst er sem tekjutapi vegna vangetu til að fá atvinnu við hæfi, þannig að tekið sé fullt tillit til ákvæða 21. gr., 2. tölul., ef um er að ræða vinnufæran mann sem er reiðubúinn til að hefja störf og er að leita sér að atvinnu.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að stuðla að því að vernd þessarar samþykktar nái, við aðstæður sem mælt er fyrir um, einnig til eftirfarandi tilvika:
a. tekjutaps vegna atvinnuleysis að hluta sem lýst er sem tímabundnum samdrætti á eðlilegum eða lögbundnum vinnutíma; og

b. tekjuleysis eða lægri tekna vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu, án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, og þá helst af efnahagslegum eða tæknilegum toga, vegna skipulagsbreytinga og þess háttar.

3. Sérhvert aðildarríki skal auk þess leitast við að greiða bætur mönnum í hlutastarfi sem eru að leita sér að fullri atvinnu. Samanlögð upphæð bóta og tekna af hlutastarfi má vera slík að það hvetji viðkomandi til að leita sér að fullri vinnu.

4. Þar sem í gildi er yfirlýsing sem gerð er samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 2. og 3. tölul. hér að framan.

IV. Þeir sem njóta verndar.

11. gr.

1. Þeir sem njóta verndar skulu vera í þeim hópum launafólks sem mælt er fyrir um og skal hlutfall þess eigi vera minna en 85% af öllu launafólki, þ.m.t. opinberir starfsmenn og nemar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. hér að framan má undanskilja vernd opinbera starfsmenn sem hafa trygga atvinnu allt til venjulegs eftirlaunaaldurs sem tryggð er með landslögum eða reglugerðum.

3. Þar sem í gildi er yfirlýsing sem gerð er samkvæmt ákvæðum 5. gr. skulu njóta verndar:

a. það launafólk sem mælt er fyrir um, þó ekki lægra hlutfall en 50% alls launafólks; eða

b. þar sem það á sérstaklega við vegna þróunarstigs, það launafólk sem mælt er fyrir um, þó ekki lægra hlutfall en 50% alls launafólks í iðnfyrirtækjum sem hafa 20 eða fleiri starfsmenn í vinnu.

V. Tegund verndar.

12. gr.

1. Ef ekki eru ákvæði um annað í þessari samþykkt getur sérhvert aðildarríki ákveðið hvaða aðferð eða aðferðum það beitir til tryggingarverndar til þess að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar, hvort sem það er gert með eða án framlags atvinnurekenda eða launþega eða með blöndu úr báðum kerfum.

2. Ef lög aðildarríkis vernda hins vegar alla þegna sem hafa ekki meira en tilteknar tekjur meðan ástand varir má takmarka bætur miðað við fjárhagsaðstæður bótaþega og fjölskyldu hans, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

VI. Veittar bætur.

13. gr.

Miða má veittar bætur, sem greiddar eru hinum atvinnulausa reglulega, við það um hvers konar tryggingarvernd er að ræða.

14. gr.

Ef um algert atvinnuleysi er að ræða skulu bætur veittar í formi reglulegra greiðslna sem eru ákvarðaðar þannig að bótaþegi fái tímabundið meðan ástandið varir hluta af tekjum sínum en um leið sé forðast að draga úr mönnum að fá sér starf eða skapa sér atvinnu.

15. gr.

1. Ef um algert atvinnuleysi og tekjutap vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu er að ræða án þess að nokkurt rof verði á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, ef gert er ráð fyrir bótum í slíkum tilvikum, skal greiða reglulegar bætur og skulu þær reiknaðar þannig:

a. þar sem slíkar bætur eru byggðar á framlagi hins tryggða eða framlagi fyrir hans hönd eða byggðar á fyrri tekjum hans skulu þær nema a.m.k. 50% af fyrri tekjum, en heimilt er að

ákveða hámark bóta eða þeirra tekna sem miðað er við, en þær má t.d. miða við laun faglærðs starfsmanns eða meðallaun launafólks í viðkomandi héraði;

b. ef slíkar bætur eru ekki byggðar á framlögum eða fyrri tekjum skal ákveða að þær verði a.m.k. 50% af lögboðnum lágmarkslaunum eða launum venjulegs launamanns eða nægilega háar til þess að afla mönnum brýnustu lífsnauðsynja, hvort sem nemur hærri upphæð.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal bótaupphæðin nema –

a. a.m.k. 45% af fyrri tekjum; eða

b. a.m.k. 45% af lögboðnum lágmarkslaunum eða launum venjulegs launamanns, en þó ekki minna en nægir til að afla mönnum brýnustu lífsnauðsynja.

3. Þeim hlutfallstölum sem tilgreindar eru í 1. og 2. tölul. má ná með því að bera saman reglulegar nettógreiðslur, að frádregnum sköttum og framlögum, annars vegar við nettótekjur að frádregnum sköttum og framlögum hins vegar.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákveða bætur þær sem veittar eru umfram fyrsta tímabilið, sem tilgreint er í 19. gr. 2. tölul. a, svo og bætur sem aðildarríki greiðir skv. 12. gr. 2. tölul., eftir að tillit hefur verið tekið til annarra tekjuöflunarleiða bótaþega og fjölskyldu hans, umfram tiltekið mark, í samræmi við áður ákveðna launatöflu. Í öllu falli skulu slíkar bætur, ásamt öðrum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á, tryggja þeim heilbrigt og hæfilegt lífsviðurværi í samræmi við það sem tíðkast í landinu.

17. gr.

1. Þar sem löggjöf aðildarríkis setur þau skilyrði að atvinnuleysisbætur séu ekki greiddar fyrr en að loknu réttþæfingarskeiði skal slíkur tími ekki vera lengri en svo að með því sé komið í veg fyrir misnotkun.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að aðhæfa réttþæfingarskeiðið atvinnuaðstæðum þeirra sem vinna árstíðabundin störf.

18. gr.

1. Ef í löggjöf aðildarríkis eru ákvæði þess efnis að greiðsla bóta við algert atvinnuleysi skuli ekki hefjast fyrr en að loknum biðtíma skal slíkur biðtími ekki vera lengri en sjö dagar.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal biðtíminn ekki vera lengri en tíu dagar.

3. Þegar um er að ræða þá sem vinna árstíðabundin störf má miða biðtímann, sem tilgreindur er í 1. tölul., við atvinnuaðstæður þeirra.

19. gr.

1. Bætur þær sem greiddar eru þegar um er að ræða algert atvinnuleysi og tekjutap vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns skulu greiddar á meðan slíkt ástand varir.

2. Ef atvinnuleysi er hins vegar algert:

a. má takmarka fyrsta greiðslutímabil bóta, sem tilgreindar eru í 15. gr., við 26 vikur í hverju tilviki atvinnuleysis eða við 39 vikur á hverju 24 mánaða tímabili;

b. ef atvinnuleysi varir lengur en þetta fyrsta greiðslutímabil bóta má miða bótatímann við tiltekið tímabil og skulu bæturnar miðast við aðstæður bótaþega og fjölskyldu hans, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

3. Ef í löggjöf aðildarríkis eru ákvæði um að lengd fyrsta greiðslutímabils bóta, sem tilgreint er í 15. gr., skuli vera háð lengd réttþæfingarskeiðsins skal meðallengd greiðslutíma bóta vera ákveðin a.m.k. 26 vikur.

4. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má takmarka greiðslutíma bóta við 13 vikur á hverju 12 mánaða tímabili eða við 13 vikur að meðaltali ef í landslögum eru ákvæði um að fyrsta greiðslutímabilið skuli vera háð lengd rétthæfingarskeiðsins.

5. Í þeim tilvikum sem gert er ráð fyrir í 2. tölul. b hér að framan skal sérhvert aðildarríki leitast við að veita hlutaðeigandi mönnum viðeigandi aðstoð til viðbótar í því skyni að gera þeim kleift að finna arðbæra atvinnu að eigin vali, og skal í því sambandi einkum beita þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í II. kafla.

6. Greiðslutíma bóta til þeirra sem vinna árstíðabundin störf má miða við vinnuaðstæður þeirra, án þess að það rýri gildi ákvæða í 2. tölul. b hér að framan.

20. gr.

Greiðslu bóta, sem sá er nýtur tryggingaverndar hefði átt rétt á við atvinnuleysi að hluta eða algert atvinnuleysi eða vegna tekjutaps vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, má hafna, draga þær til baka, fella þær niður eða lækka að því marki sem mælt er fyrir um:

a. þann tíma sem viðkomandi maður dvelur utan lögsagnarumdæmis aðildarríkisins;
b. ef hlutaðeigandi stjórnvald hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi maður hafi af ásettu ráði stuðlað að uppsögn sinni úr vinnu;
c. ef hlutaðeigandi stjórnvald hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi maður hafi hætt störfum af eigin vilja án tilefnis;
d. ef viðkomandi maður hefur, meðan á vinnudeilu stendur, lagt niður vinnu til þess að taka þátt í vinnudeilu eða ef hann getur ekki stundað störf sín og það er bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum nefndrar vinnudeilu;
e. ef viðkomandi maður hefur reynt að fá eða fengið bætur með sviksamlegum hætti;
f. ef viðkomandi maður hefur látið hjá líða, án eðlilegrar ástæðu, að nýta sér þau tækifæri sem honum gefast til að fá vinnu, starfsráðgjöf, þjálfun, endurhæfingu eða tilfærslu í viðeigandi starf;
g. á meðan viðkomandi maður fær aðra tekjutryggingu samkvæmt ákvæðum laga viðkomandi aðildarríkis, að undanskildum fjölskyldubótum, svo fremi að sá hluti bóta sem felldur er niður sé ekki hærri en hinar bæturnar.

21. gr.

1. Bótagreiðslum, sem sá nýtur tryggingarverndar hefði átt rétt á við algert atvinnuleysi, má neita, draga þær til baka, fella niður eða takmarka að svo miklu leyti sem mælt er fyrir um, ef viðkomandi maður hafnar viðeigandi atvinnu.

2. Við mat á viðeigandi atvinnu skal einkum taka tillit til, við þær aðstæður sem mælt er fyrir um og að því marki sem viðeigandi er, aldurs hinna atvinnulausu, starfstíma þeirra í fyrra starfi, reynslu þeirra, hve lengi þeir hafa verið atvinnulausir, ástandið á vinnumarkaðnum, áhrif viðkomandi atvinnu á einka- og fjölskylduhagi þeirra og hvort atvinnan er föl sem bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum yfirstandandi vinnudeilu.

22. gr.

Ef þeir sem njóta tryggingarverndar hafa fengið beint frá vinnuveitanda sínum eða frá einhverjum öðrum aðila samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða kjarasamningum vegna uppsagnar án tilefnis af þeirra hálfu aukagreiðslu og megintilgangurinn með henni er að bæta þeim að nokkru leyti tekjutap vegna algers atvinnuleysi

a. má fella niður atvinnuleysisbætur, sem viðkomandi menn hefðu átt rétt á, um þann tíma sem aukagreiðslan bætir tekjutapið; eða
b. má lækka aukagreiðsluna vegna uppsagnar án tilefnis af völdum starfsmanns um upphæð sem nemur heildarupphæð atvinnuleysisbóta sem viðkomandi menn eiga rétt á í

sambærilegan tíma og þann sem aukagreiðslan bætir þeim tekjutapið, samkvæmt ákvörðum sérhvers aðildarríkis.

23. gr.

1. Sérhvert aðildarríki sem hefur í löggjöf sinni ákvæði um rétt til læknisþjónustu, sem er beint eða óbeint háð því að viðkomandi hafi atvinnu, skal leitast við að tryggja, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að læknisþjónusta sé veitt bótaþegum atvinnuleysisbóta og þeim sem eru á framfæri þeirra.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

24. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leitast við, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að tryggja þeim sem fá atvinnuleysisbætur að sá tími sem þeim eru greiddar bætur verði hafður til hliðsjónar:

a. við öflun réttar til og, þar sem við á, útreikning örorku-, ellilífeyris- ogeftirlifendabóta, og
b. við öflun réttar til læknisþjónustu og sjúkra-, fæðingar- og fjölskyldubóta að loknu atvinnuleysi, þegar í löggjöf viðkomandi aðildarríkis eru ákvæði um slíkar bætur sem gera þær beint eða óbeint háðar því að menn hafi atvinnu.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

25. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að lögboðið almannatryggingakerfi, sem háð er því að menn hafi atvinnu, sé miðað við vinnuaðstæður þeirra sem vinna hlutastörf, nema vinnutími þeirra eða tekjur, við aðstæður sem mælt er fyrir um, séu óverulegar.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

VII. Sérákvæði um nýja umsækjendur um vinnu.

26. gr.

1. Aðildarríkin skulu taka tillit til þess að margir hópar manna leita eftir vinnu sem hafa aldrei verið eða eru ekki lengur viðurkenndir sem atvinnulausir eða tryggingakerfi til verndar atvinnulausum hafa aldrei náð til eða ná ekki lengur til. Þarafleiðandi skulu a.m.k. þrír af eftirtöldum hópum manna, sem leita eftir vinnu, fá félagslegar bætur með þeim skilyrðum og við þær aðstæður sem mælt er fyrir um:

a. ungt fólk sem hefur lokið starfsþjálfun sinni;
b. ungt fólk sem hefur lokið námi;
c. ungt fólk sem hefur lokið herskyldu;
d. þeir sem hafa varið tíma til að ala upp barn eða annast um mann sem er sjúkur, fatlaður eða aldraður;
e. þeir sem misst hafa maka, ef þeir eiga ekki rétt á eftirlifendabótum;
f. þeir sem eru fráskildir eða skildir að borði og sæng;
g. fangar sem látnir hafa verið lausir;
h. fulltíða fólk, þ.m.t. fatlaðir menn, sem lokið hefur æfingaskeiði;
i. farandverkamenn, þegar þeir snúa aftur til heimalands síns, að frádregnum þeim réttindum sem þeir hafa fengið samkvæmt lögum þess lands þar sem þeir störfuðu síðast;
j. þeir sem ráku áður sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina, í skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þá hópa manna úr 1. tölul. hér að framan sem það skuldbindur sig til að veita tryggingarvernd.

3. Sérhvert aðildarríki skal leitast við smám saman að stuðla að tryggingarvernd handa fleiri hópum en gert var ráð fyrir upphaflega.

VIII. Lagaleg, stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð.

27. gr.

1. Ef væntanlegum bótaþegum er neitað um greiðslu, hún er dregin til baka, felld niður eða bætur eru lækkaðar eða deilt er um bótaupphæð skulu þeir hafa rétt til að bera fram kvörtun við þann aðila sem stjórnar bótakerfinu og síðan að áfrýja máli sínu til sjálfstæðs aðila. Þeir skulu fá skriflegar upplýsingar um málsmeðferð, sem skal vera einföld og fljótvirk.

2. Við meðferð áfrýjunar skal kröfuhafa gert kleift, samkvæmt ákvæðum laga landsins og venja, að fá hæfan mann að eigin vali eða fulltrúa viðkomandi verkalýðsfélags eða fulltrúa samtaka bótaþega sér til aðstoðar eða til að vera málsvara sinn.

28. gr.

Sérhvert aðildarríki skal bera almenna ábyrgð á góðri stjórnun þeirra stofnana og þjónustuaðila sem falin er framkvæmd þessarar samþykktar.

29. gr.

1. Þegar stjórnunin er í höndum ráðuneytis, sem er ábyrgt gagnvart löggjafarþingi, skulu fulltrúar hinna tryggðu og atvinnurekenda eiga hlutdeild í henni sem ráðgefandi aðilar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um.

2. Þegar stjórnunin er ekki í höndum ráðuneytis, sem er ábyrgt gagnvart löggjafarþingi:

a. skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í henni sem ráðgefandi aðilar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um;
b. í landslögum eða reglugerðum má einnig hafa ákvæði um þátttöku fulltrúa atvinnurekenda;
c. í landslögum eða reglugerðum má enn fremur hafa ákvæði um þátttöku fulltrúa opinberra stjórnvalda.

30. gr.

Í þeim tilvikum þegar ríkisvaldið eða almannatryggingakerfið veitir styrki til þess að tryggja atvinnu skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að greiðslum sé aðeins varið til tilætlaðra nota og koma í veg fyrir svik eða misnotkun af hálfu þeirra sem fá slíkar greiðslur.

31. gr.

Þessi samþykkt er endurskoðun á Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934.

32. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar

33. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

34. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

35. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

36. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

37. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

38. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

39. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 175, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, gefur gaum að viðeigandi alþjóðlegum samþykktum og tillögum, einkum Samþykkt og Tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937, Tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937, Samþykkt og Tillögu um geislavarnir frá 1960, Samþykkt og Tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, Samþykkt og Tillögu um hámarksþyngd frá 1967, Samþykkt og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm frá 1974, Samþykkt og Tillögu um vinnuumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, svo og skrá yfir atvinnusjúkdóma, sem var endurskoðuð 1980 og gerð að hluta af Samþykkt um atvinnuslysabætur frá 1964, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðlegrar tillögu, sem verði viðauki við Samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, gerir þingið í dag, 20. júní 1988, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. Ákvæði Samþykktar um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988 (hér eftir nefnd „samþykktin"), og þessarar tillögu eiga einkum við um:

a. byggingu, verkfræðivinnu, uppsetningu og niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sem gerð eru úr tilbúnum einingum, samkvæmt skilgreiningu í 2. gr., a-lið, samþykktarinnar;

b. smíð og uppsetningu olíuborpalla og mannvirkja, sem ætlunin er að koma fyrir á hafi úti, á meðan þau eru í smíðum á landi.

2. Í þessari tillögu táknar hugtakið:

a. „byggingariðnaður":

i. byggingu, þ.m.t. gröft fyrir grunni, smíð, breytingar á byggingu, endurnýjun, viðgerðir, viðhald (þ.m.t. hreinsun og málun) og niðurrif hvers konar húsa og mannvirkja;

ii. verkfræðivinnu, þ.m.t. gröft grunna og smíð, breytingar á byggingu, viðgerðir, viðhald og niðurbrot, t.d. á flugvöllum, hafnargörðum, höfnum, skipaskurðum, stíflum; mannvirkjum til varnar gegn ám, skriðuföllum og ágangi sjávar, götum og þjóðvegum, járnbrautum, brúm, jarðgöngum, svifbrúm og mannvirkjum sem reist eru vegna þjónustu svo sem samgangna, frárennsliskerfa, skolpræsa, vatnsveitu og orkuflutningskerfa;

iii. uppsetningu og niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sem gerð eru úr tilbúnum einingum, svo og framleiðslu tilbúinna eininga á byggingarstað;

b. „byggingarstaður" hvern þann stað þar sem fram fer hvers konar vinnsla eða starfræksla sem tilgreind er í a-lið hér að framan;

c. „vinnustaður" alla staði sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir stjórn atvinnurekanda, skv. skilgreiningu í f-lið hér á eftir;

d. „starfsmaður" hvern þann mann sem vinnur við byggingar;

e. „trúnaðarmenn starfsmanna“ þá menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venju;
f. „atvinnurekandi“:
   i. hvern þann mann eða persónu að lögum sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri starfsmenn á byggingarstað; og
   ii. aðalverktaka, verktaka eða undirverktaka, eftir því sem við á hverju sinni;
g. „hæfur maður“ mann sem hefur til að bera nægilega hæfni, svo sem viðeigandi þjálfun, fullnægjandi þekkingu, reynslu og færni til þess að inna örugglega af hendi tiltekna vinnu. Hlutaðeigandi stjórnvöld geta skilgreint viðeigandi forsendur fyrir útnefningu slíkra manna og geta ákveðið þau verkefni sem þeim eru falin;
h. „vinnupallur“ hvers konar bráðabirgðamannvirki, fast, upphengt eða færanlegt, ásamt undirstöðum, sem notað er til að bera uppi starfsmenn og efni eða til að hafa aðgang að slíku mannvirki, og er ekki „lyftitæki“ samkvæmt skilgreiningu í i-lið hér á eftir;
i. „lyftitæki“ staðbundið eða færanlegt tæki sem notað er til að lyfta fólki eða efni eða láta það síga;
j. „lyftibúnaður“ hvers konar búnað eða tól sem notuð eru til að festa byrði við lyftitæki en eru ekki hluti af lyftitækinu eða byrðinni.

3. Ákvæði þessarar samþykktar skyldu einnig ná til sjálfstæðra atvinnurekenda sem tilgreindir kunna að vera í landslögum eða reglugerðum.

II. Almenn ákvæði.

4. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði sem skuldbinda almennt atvinnurekendur og menn sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi til að gæta öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum og hlíta settum reglum um öryggi og hollustu.

5. (1) Þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur taka að sér framkvæmdir á sama byggingarstað skyldi þeim vera skylt að hafa samvinnu sín í milli, svo og við aðra menn sem taka þátt í smíð þeirri sem fram fer, þ.m.t. eigandann eða fulltrúa hans, í því skyni að fullnægja settum reglum um öryggi og heilbrigð

(2) Aðalverktaki eða sá maður annar sem ber meginábyrgð á framkvæmd verksins skyldi bera endanlega ábyrgð á samræmingu ráðstafana vegna öryggis og heilbrigði.

6. Um þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja skipulega samvinnu milli atvinnurekenda og starfsmanna hvað varðar að stuðla að öryggi og heilbrigði á byggingarstöðum skyldi vera mælt fyrir um í landslögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi. Meðal slíkra ráðstafana má t.d nefn
a. stofnun öryggis- og heilbrigðisnefnda, þar sem atvinnurekendur og starfsmenn ættu fulltrúa, sem væri veitt vald og ætlaðar skyldur samkvæmt nánari ákvæðum;
b. kjör eða tilnefningu öryggisfulltrúa starfsmanna sem væri veitt vald og ætlaðar skyldur samkvæmt nánari ákvæðum;
c. tilnefningu atvinnurekanda á hæfum og reyndum mönnum til að stuðla að auknu öryggi og heilbrigði;
d. þjálfun öryggisfulltrúa og fulltrúa í öryggisnefndum.

7. Þeir sem sjá um hönnun og undirbúning mannvirkjagerðar skyldu taka tillit til öryggis og heilbrigði byggingarstarfsmanna í samræmi við landslög, reglugerðir og venju

8. Við hönnun tækja, verkfæra, varnarbúnaðar og annarra slíkra tækja skyldi taka tillit til vinnuvistfræðilegra lögmála.

III. Aðgerðir til varnar og verndar.

9. Byggingarvinnu skyldi skipuleggja, undirbúa og framkvæma með þeim hætti:
a. að hættu, sem upp kann að koma á vinnustað, sé afstýrt svo fljótt sem unnt er;
b. að unnt sé að forðast óhóflega eða óþarflega erfiða vinnustöðu og hreyfingar;
c. að við skipulagningu verksins sé tekið tillit til öryggis og heilsu starfsmanna;
d. að efni og vörur, sem notaðar eru, séu hentugar með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna;
e. að þær vinnuaðferðir séu viðhafðar sem vernda starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum kemískra, líffræðilegra og annarra efnasambanda.

10. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði um að hlutaðeigandi stjórnvaldi sé tilkynnt um byggingarstaði af þeirri stærð og gerð, og þar sem framkvæmdir taka þann tíma, sem skilgreint kann að verða nánar.

11. Starfsmenn á sérhverjum vinnustað skyldu hafa rétt til og þeim ætti að vera skylt að taka þátt í að tryggja öruggar vinnuaðstæður hvað varðar stjórn þeirra á tækjum og vinnuaðferðum, svo og að tjá skoðanir sínar á vinnuvenjum að svo miklu leyti sem þær hafa áhrif á öryggi og heilsu.

Öryggi á vinnustöðum.

12. Gera skyldi áætlun og framfylgja henni um umgengni á vinnustöðum og skyldu vera í henni ákvæði um:
a. viðeigandi geymslu fyrir efni og tæki;
b. fjarlægingu rusls og úrgangs með hæfilegu millibili.

13. Þar sem ekki er unnt að vernda starfsmenn fyrir falli úr hæð með neinum öðrum hætti skyldi
a. setja upp og viðhalda fullnægjandi öryggisnetum eða öryggisdúkum; eða
b. útvega og nota fullnægjandi öryggisbelti.

14. Atvinnurekandi skyldi veita starfsmönnum viðeigandi aðstöðu til að gera þeim kleift að nota persónulegan varnarbúnað og skyldi hann tryggja að búnaðurinn sé notaður á réttan hátt. Varnarbúnaður og hlífðarföt skyldu uppfylla skilyrði sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur sett þar sem tekið er tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. (1) Hæfur maður skyldi skoða og prófa öryggi tiltekinna gerða véla og tækja, sem notuð eru í byggingariðnaði, eða að öðrum kosti hvert tæki fyrir sig, eftir því sem við verður komið.

(2) Í landslögum og reglugerðum skyldu vera ákvæði þar sem tekið er tillit til þess að atvinnusjúkdómar kunna að stafa af vélbúnaði, tækjum og kerfum þar sem ekki er tekið tillit til vistfræðilegra lögmála við hönnun.

Vinnupallar.

16. Allir vinnupallar og hlutar þeirra skyldu smíðaðir úr hentugu og góðu efni og vera hæfilega stórir og sterkir til þeirra nota sem þeir eru ætlaðir og skyldi þeim vel við haldið.

17. Allir vinnupallar skyldu rétt hannaðir, uppsettir og þeim haldið við þannig að komið sé í veg fyrir að þeir hrynji eða hreyfist úr stað af hendingu þegar þeir eru rétt notaðir.

18. Vinnupallar, göngubrautir og stigar á vinnupöllum skyldu vera nægilega stórir og þannig smíðaðir og varðir að þeir veiti mönnum vernd fyrir falli og hættu af fallandi hlutum.

19. Engan vinnupall skyldi yfirhlaða eða misnota á annan hátt.

20. Ekki skyldi reisa vinnupall, breyta honum verulega eða taka hann niður nema undir eftirliti hæfs manns.

21. Hæfur maður skyldi skoða vinnupalla, sem tilgreindir eru í landslögum eða reglugerðum, og skyldi hann skrá niðurstöðurnar:
a. áður en þeir eru teknir í notkun;
b. með reglulegu millibili þar eftir;

c. eftir hvers konar breytingar, eftir að þeir hafa ekki verið notaðir um tíma, eftir að þeir hafa orðið fyrir áhrifum veðurs eða jarðhræringa eða annarra fyrirbæra sem líklegt er að hafi haft áhrif á styrkleika þeirra og stöðugleika.

Lyftitæki og lyftibúnaður.

22. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði um hvaða lyftitæki og lyftibúnaður skyldi skoðaður og prófaður af hæfum manni:
a. áður en hann tekinn í notkun í fyrsta skipti;
b. eftir uppsetningu á byggingarstað;
c. síðan með því millibili sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum;
d. eftir hverja verulegar breytingu eða viðgerð.

23. Niðurstöður skoðana og prófana á lyftitækjum og einstökum hlutum lyftibúnaðar, sem gerðar hafa verið í samræmi við 22. lið hér að framan, skrá og, eftir þörfum, veita hlutaðeigandi stjórnvaldi, atvinnurekendum og starfsmönnum eða fulltrúum þeirra aðgang að.

24. Sérhvert lyftitæki, sem þolir tiltekið vinnuálag með öryggi, og hvern einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi merkja greinilega með öruggu hámarksvinnuálagi.

25. Sérhvert lyftitæki, sem þolir mismikið vinnuálag með öryggi, skyldi útbúa þannig að notanda þess sé vel ljóst hvert öruggt hámarksvinnuálag er í hverju tilviki og við hvaða aðstæður það gildir.

26. Lyftitæki eða einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi ekki lesta umfram öruggt vinnuálag, nema við prófun sem fram fer samkvæmt fyrirmælum og eftir leiðbeiningum hæfs manns.

27. Öll lyftitæki og hvern einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi setja upp á réttan hátt, m.a. þannig að öruggt bil sé á milli hvers konar hreyfihluta og fastra hluta, svo og að tryggja stöðugleika tækisins.

28. Ekki skyldi nota nein lyftitæki án viðeigandi merkjabúnaðar eða tækja, þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að forðast hættu.

29. Ökumenn og stjórnendur lyftitækja, sem skilgreind eru í landslögum eða reglugerðum, skyldu:
a. hafa náð tilteknum lágmarksaldri,
b. fá viðeigandi þjálfun og öðlast tilskylda hæfni.

Flutningatæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni.

30. Ökumenn og stjórnendur ökutækja og tækja til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni skyldu hafa fengið þjálfun og verið prófaðir samkvæmt ákvæðum landslaga eða reglugerða.

31. Fyrir hendi skyldi vera fullnægjandi búnaður til merkjagjafar eða önnur stjórntæki til að afstýra hættu af völdum farartækja og tækja til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni sem eru á ferð. Sérstakar varúðarráðstafanir skyldi gera þegar farartækjum og vinnutækjum er ekið afturábak.

32. Gera skyldi varnarráðstafanir til að koma í veg fyrir að farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni falli ofan í grunna og vatn.

33. Þar sem það á við skyldi koma fyrir þannig búnaði í tækjum til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni sem kemur í veg fyrir að stjórnandi þeirra kremjist ef tækið veltur eða hann verður fyrir efni sem fellur á hann.

Grunnar, lóðrétt göng, skurðir, neðanjarðarbyrgi og jarðgöng.

34. Skorður eða aðrar stoðir í hvaða hluta sem er í grunni, lóðréttum göngum, skurðum, neðanjarðarbyrgjum eða jarðgöngum skyldi ekki setja upp, breyta eða taka niður nema undir eftirliti hæfs manns.

35. (1) Hæfur maður skyldi skoða sérhvern hluta grunna, lóðréttra ganga, skurða, neðanjarðarbyrgja og jarðganga þar sem menn eru við vinnu og skyldi sú skoðun fara fram á þeim tímum og í þeim tilvikum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum og niðurstöður hennar skráðar.

(2) Ekki skyldi hefja vinnu á þessum stöðum fyrr en að lokinni slíkri skoðun.

Vinna í hækkuðum loftþrýstingi.

36. Þær ráðstafanir sem gilda um vinnu í hækkuðum loftþrýstingi og fyrir er mælt samkvæmt ákvæðum 21. gr. samþykktarinnar skyldu m.a. vera fólgnar í ákvæðum þar sem mælt er fyrir við hvers konar aðstæður vinnan skal unnin, hvers konar vélasamstæðu og tæki skal nota, um læknisefirlit og verkstjórn starfsmanna og hve lengi unnið skal í hækkuðum loftþrýstingi.

37. Starfsmanni skyldi því aðeins leyft að vinna í vatnsþéttu þrýstihylki að hæfur maður hafi skoðað það innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum; niðurstöður skoðunar skyldu skráðar.

Vinna með fallhamri.

38. Allir fallhamrar og annar slíkur búnaður skyldi vera vel hannaður og smíðaður þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og honum skyldi vel við haldið.

39. Vinna við fallhamra skyldi aðeins fara fram undir eftirliti hæfs manns.

Vinna yfir vatni.

40. Ákvæðin um vinnu yfir vatni, sem sett verða samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykktarinnar, skyldu, þar sem það á við, m.a. kveða á um notkun viðeigandi og fullnægjandi:

a. girðinga, öryggisneta og öryggisbelta;
b. björgunarvesta, björgunarhringja, mannaðra báta (vélknúinna ef þörf krefur) og flotholta;
c. hlífa fyrir hættum, svo sem snákum og öðrum dýrum.

Hætta fyrir heilsu manna.

41. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi koma á fót upplýsingakerfi þar sem notaðar væru niðurstöður alþjóðlegra vísindarannsókna til að veita upplýsingar arkitektum, verktökum, atvinnurekendum og fulltrúum starfsmanna um þá hættu sem heilsu manna er búin af völdum hættulegra efna sem notuð eru í byggingariðnaði.

(2) Framleiðendur og seljendur vöru, sem notuð er í byggingariðnaði, skyldu láta fylgja vörunum upplýsingar um hvers konar hættu sem heilsu manna er búin af þeirra völdum og hvaða varúðarráðstafanir beri að gera.

(3) Við notkun efna sem innihalda hættuleg efnasambönd og við brottflutning og frágang úrgangs skyldi gæta að heilsu starfsmanna og almennings og vernd umhverfisins, svo sem fyrir er mælt í landslögum og reglugerðum.

(4) Hættuleg efni skyldu greinilega merkt og á þeim skyldi vera merkimiði þar sem tilgreindir eru eiginleikar þeirra og leiðbeiningar um notkun. Meðferð þeirra skyldi vera við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í landslögum og reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi.

(5) Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi ákvarða hvaða hættuleg efni skyldi banna til notkunar í byggingariðnaði.

42. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi halda skrár um eftirlit með vinnuumhverfi og mat á heilsufari starfsmanna í þann tíma sem tiltekinn er í landslögum og reglugerðum.

43. Forðast skyldi að láta starfsmenn lyfta með handafli mikilli byrði, sem veldur þeim hættu hvað varðar öryggi þeirra og heilsu, með því að minnka byrðina með vélknúnum tækjum eða með öðrum hætti.

44. Þegar nýjar vörur, tæki og vinnuaðferðir eru teknar í notkun skyldi gefa sérstakan gaum að því að fræða og þjálfa starfsmenn hvað varðar áhrif þeirra á öryggi starfamanna og heilsu.

Hættulegt andrúmsloft.

45. Ráðstafanir vegna hættulegs andrúmslofts, sem lögboðnar eru samkvæmt ákvæðum 28. gr., 3. lið, samþykktarinnar, skyldu m.a. að vera fólgnar í fyrirfram fenginni skriflegri heimild eða leyfi hæfs manns eða hvers konar kerfi öðru sem er með þeim hætti að menn geti aðeins öðlast aðgang að hverju því svæði þar sem hættulegt andrúmsloft getur verið til staðar eftir að þeir hafa lokið tilteknum undirbúningi.

Eldvarnir.

46. Þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að forðast hættu skyldu starfsmenn fá viðeigandi þjálfun í því til hvaða aðgerða þeir eigi að grípa ef eldur verður laus, m.a. hvernig flóttaleiðir skyldu notaðar.

47. Þar sem það á við skyldi komið fyrir viðeigandi merkingum til að gefa til kynna á augljósan hátt í hvaða átt flýja skyldi eldsvoða.

Hætta af völdum geislunar.

48. Hlutaðeigandi yfirvald skyldi semja og framfylgja ströngum öryggisreglum um starfsmenn í byggingariðnaði sem vinna við viðhald, endurnýjun, niðurrif eða sundurtekt hverra þeirra bygginga þar sem hætta er á að menn verði fyrir jónandi geislun, einkum í kjarnorkuiðnaði.

Skyndihjálp.

49. Fyrirmæli um með hvaða hætti skyldi séð fyrir starfsmönnum og aðstöðu fyrir skyndihjálp samkvæmt ákvæðum 31. gr. samþykktarinnar skyldu vera í landslögum eða reglugerðum sem samdar eru að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöld og viðkomandi aðalsamtök atvinnurekenda og starfsmanna.

50. Þar sem vinna felur í sér hættu á drukknun, köfnun eða raflosti skyldu starfsmenn skyndihjálpar vera vel þjálfaðir í beitingu lífgunaraðferða og annarrar tækni til að bjarga lífi manna, svo og í björgunaraðferðum.

Aðbúnaður.

51. Þar sem það á við skyldu vera fyrir hendi fullnægjandi aðstæður til að fá eða útbúa mat og drykk á eða nærri byggingarstað, ef ekki er séð fyrir slíku með öðrum hætti, og skyldi í þessu sambandi tekið tillit til fjölda starfsmanna, tímalengdar framkvæmda og staðsetningar byggingarstaðar.

52. Hentugar vistarverur skyldu vera fyrir hendi fyrir starfsmenn á byggingarstað sem eru fjarri heimilum þeirra, þar sem ekki er séð fyrir fullnægjandi flutningum milli byggingarstaðar og heimila þeirra og aðrar hentugar vistarverur eru ekki fyrir hendi. Karlkyns og kvenkyns starfsmönnum skyldi séð fyrir aðskilinni hreinlætisaðstöðu og aðskildu gistirými.

IV. Áhrif á fyrri tillögur.

53. Þessi tillaga kemur í stað tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937 og tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 176, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi aukna atvinnu og almannatryggingar, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu, sem verði viðauki við Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988, gerir þingið í dag, 21. júní 1988, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988:

I. Almenn ákvæði.

1. Í þessari tillögu merkir hugtakið:
a. „löggjöf" allar reglur um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
b. „mælt er fyrir um" það sem kveðið er á um í landslögum eða gert í krafti þeirra.
c. „samþykktin" Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988.

II. Uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi.

2. Uppbygging fullrar og arðbærrar atvinnustarfsemi og atvinnu að eigin vali með öllum tiltækum ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, ætti að vera eitt helsta markmið í stefnu stjórnvalda. Slík stefna ætti m.a. að taka til vinnumiðlunar, starfsþjálfunar og starfsráðgjafar.

3. Þegar kreppir að í efnahagsmálum ættu aðgerðir til úrbóta m.a. að vera, við aðstæður sem mælt er fyrir um, fólgnar í ráðstöfunum til að hvetja menn til að hafa frumkvæði að atvinnustarfsemi þar sem nota þarf mikið vinnuafl.

4. Aðildarríkin ættu einkum að leitast við að veita, við aðstæður sem mælt er fyrir um og með þeim hætti sem er best viðeigandi, í því skyni að hvetja til tilfærslu vinnuafls milli starfsstétta:
a. fjárstyrk vegna ferða- og tækjakostnaðar sem nauðsynlegur er til þess að nýta þá þjónustu sem tilgreind er í 2. tölul. hér að framan;
b. fjárstyrk í formi reglulegra greiðslna sem miðaðar eru við ákvæði 15. gr.samþykktarinnar í þann tíma sem mælt er fyrir um varðandi starfsþjálfun og endurþjálfun.

5. Aðildarríki ættu auk þess einkum að taka til athugunar að veita, við aðstæður sem mælt er fyrir um og með þeim hætti sem er best viðeigandi, í því skyni að hvetja til tilfærslu vinnuafls milli starfsstétta eða milli héraða:
a. tímabundinn fjárstyrk, sem fer smám saman minnkandi, sem ætlað er, þar sem við á, að vega upp á móti tekjutapi vegna þess að launþegum eru fengin önnur störf en þeir höfðu áður;
b. fjárstyrk vegna ferða- og flutningskostnaðar;
c. fjárstyrk vegna fjarveru frá heimili;
d. fjárstyrk vegna búsetu á nýjum stað.

6. Aðildarríkin ættu að tryggja samhæfingu í starfsemi lögbundinna eftirlaunasjóða og hvetja til samhæfingar í starfsemi eftirlaunasjóða einkaaðila til þess að auðvelda mönnum að flytja sig milli starfa.

7. Aðildarríkin ættu að veita hinum tryggðu, við aðstæður sem mælt er fyrir um, aðstöðu til að gera þeim kleift að vinna launuð tímabundin störf án þess að stofna í hættu atvinnu annarra launþega og í þeim tilgangi að auka sína eigin möguleika á að fá arðbæra atvinnu að eigin vali.

8. Aðildarríkin ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að bjóða atvinnulausum mönnum, sem óska eftir því að stofna sitt eigið fyrirtæki eða hefja aðra arðbæra starfsemi, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf við aðstæður sem mælt er fyrir um.

9. Aðildarríkin ættu að athuga um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðasamninga þar sem kveðið er á um aðstoð við erlenda launþega, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þeirra, sem að frjálsum vilja óska eftir því að snúa aftur til lögsögu þess ríkis þar sem þeir eru ríkisborgarar eða þar sem þeir bjuggu áður. Þar sem slíkir samningar eru ekki í gildi ætti aðildarríki að veita umræddu launafólki fjárhagsaðstoð með því að setja um það lög.

10. Aðildarríkin ættu, samkvæmt því, ef við á, með ákvæðum í fjölþjóðasamningum, að nota þá fjármuni sem safnast hafa í lögbundna lífeyrissjóði og varasjóði með þeim hætti að það stuðli að en letji ekki atvinnustarfsemi í landinu og hvetja einkaaðila til slíkrar fjárfestingar, þ.m.t. lífeyrissjóði einkaaðila, jafnframt því að afla nauðsynlegra trygginga og tryggja arð af slíkri fjárfestingu.

11. Aukin félagsleg þjónusta í strjálbýli og þéttbýli, þ.m.t. heilsugæsluþjónusta, sem kostuð er með framlögum til almannatrygginga eða með öðrum hætti, ætti að leiða til aukinnar vinnu og möguleika til þjálfunar starfsfólks, jafnframt því að vera góður skerfur í viðleitni stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar.

III. Tryggingarvernd atvinnulausra.

12. Þegar um er að ræða atvinnuleysi að hluta og í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 10. gr., 3. tölul., samþykktarinnar, ætti að greiða bætur við aðstæður sem mælt er fyrir um, með reglulegum greiðslum sem eru sanngjörn uppbót fyrir tekjutap af völdum atvinnuleysis. Reikna mætti slíkar bætur með hliðsjón af vinnustundafækkun sem hinir atvinnulausu hafa orðið fyrir eða þannig að bætur og tekjur af hlutavinnu nemi samtals upphæð sem sé meðaltal af fyrri tekjum af fullri vinnu og fullum atvinnuleysisbótum, til þess að draga ekki úr mönnum að vinna hlutavinnu eða íhlaupavinnu, þegar slík vinna getur stuðlað að því að menn fái aftur fulla vinnu.

13. (1) Þær hlutfallstölur sem tilgreindar eru í 15. gr. samþykktarinnar til útreikninga á bótum ætti að byggja á heildartekjum bótaþega áður en frá þeim eru dregnir skattar og almannatryggingagjöld.

(2) Ef við á má finna slíkar hlutfallstölur með því að bera saman reglulegar nettógreiðslur að frádregnum sköttum og framlögum, við nettótekjur að frádregnum sköttum og framlögum.

14. (1) Hugtakið vinna við hæfi ætti, við aðstæður sem mælt er fyrir um, ekki að eiga við:

a. vinnu sem felur í sér breytingu á starfi þar sem ekki er miðað við getu, hæfni, færni, starfsreynslu eða möguleika til endurþjálfunar viðkomandi starfsmanns;
b. vinnu sem útheimtir flutning til staðar þar sem viðeigandi húsnæði er ekki fyrir hendi;
c. vinnu þar sem aðstæður og laun eru verulega lakari en yfirleitt tíðkast á sambærilegum tíma í greininni og héraðinu þar sem vinnan er í boði;
d. starf sem er laust sem bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum yfirstandandi vinnudeilu;
e. vinnu sem ekki er óeðlilegt að sé hafnað af einhverri annarri ástæðu en þeim sem tilgreindar eru í málsliðum a til d, með fullu tilliti til allra aðstæðna, þ.m.t. fjölskylduaðstæður viðkomandi manns.

(2) Við mat á forsendum þeim sem tilgreindar eru í málsliðum a til c og e hér að framan ætti almennt að taka tillit til aldurs hinna atvinnulausu, tíma þeirra í fyrra starfi, fengna starfsreynslu, lengd atvinnuleysis, aðstæður á vinnumarkaðnum og áhrif þess á einka- og fjölskylduhagi þeirra við að fá vinnu.

15. Ef atvinnulaus maður hefur samþykkt að þiggja, í hámarkstíma, sem mælt er fyrir um, íhlaupavinnu, sem ekki getur talist við hæfi samkvæmt skilgreiningu 14. tölul. hér að framan, eða hlutavinnu við aðstæður sem tilgreindar eru í 10. gr., 3. tölul., samþykktarinnar, ættu tekjur hins atvinnulausa af slíkri vinnu ekki að hafa áhrif á upphæð og greiðslutímabil bóta sem greiddar eru við lok slíkrar vinnu.

16. Aðildarríkin ættu að stuðla að því smám saman að löggjöf þeirra um atvinnuleysisbætur nái til allra launþega. Hins vegar má undanskilja tryggingarvernd opinbera starfsmenn ef þeim með landslögum eða reglugerðum er tryggð atvinna til venjulegs eftirlaunaaldurs.

17. Aðildarríkin ættu að leitast við að veita því launafólki vernd sem á biðtíma líður skort.

18. Eftirtalin ákvæði ættu, eftir því sem við á, að eiga við þá hópa manna sem nefndir eru í 26. gr., 1. tölul., samþykktarinnar:

a. ef um er að ræða algert atvinnuleysi má reikna bætur samkvæmt ákvæðum 16. gr. samþykktarinnar;
b. aðlaga ætti rétthæfingarskeiðið eða sleppa því, við aðstæður sem mælt er fyrir um, þegar í hlut eiga tilteknir hópar manna sem eru nýbyrjaðir að leita eftir vinnu;
c. þegar bætur eru greiddar án rétthæfingarskeiðs:
   i. má auka biðtímann að þeim mörkum sem mælt er fyrir um;
   ii. má takmarka greiðslutímabil bóta, við aðstæður sem mælt er fyrir um, þrátt fyrir ákvæði 19. gr., 1. tölul., samþykktarinnar.

19. Þegar greiðslutímabil bóta er takmarkað með landslögum ætti að lengja það, við aðstæður sem mælt er fyrir um, fram að eftirlaunaaldri þegar í hluta eiga atvinnulausir menn, sem hafa náð þeim aldri sem mælt er fyrir um, áður en þeir ná eftirlaunaaldri.

20. Aðildarríki, sem hafa löggjöf sem tryggir mönnum læknisþjónustu og setur það sem beint eða óbeint skilyrði fyrir henni að menn hafi atvinnu, ættu að leitast við að tryggja, við aðstæður sem mælt er fyrir um, læknisþjónustu handa atvinnulausum mönnum, þ.m.t., ef mögulegt er, þeim sem ekki fá atvinnuleysisbætur og þeim sem eru á framfæri þeirra.

21. Aðildarríkin ættu að leitast við að tryggja þeim mönnum sem fá atvinnuleysisbætur, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að greiðslutímabil bóta verði höfð til hliðsjónar:

a. við öflun réttar til og, þar sem við á, við útreikning örorku-, ellilífeyris- og eftirlifendabóta, og
b. við öflun réttar til læknisþjónustu og sjúkra-, fæðingar- og fjölskyldubóta að atvinnuleysi loknu, þegar löggjöf viðkomandi aðildarríkis hefur ákvæði um slíkar bætur og gerir þær beint eða óbeint háðar því að menn hafi atvinnu.

22. Aðildarríkin ættu að leitast við að aðhæfa lögbundið almannatryggingakerfi, sem miðast við það að menn hafi atvinnu, að atvinnuaðstæðum launafólks í hlutavinnu. Slík aðhæfing, sem tilgreind er í 25. gr. samþykktarinnar, ætti, við aðstæður sem mælt er fyrir um, einkum að eiga við um:

a. lágmarksvinnutímafjölda og lágmarkstekjur sem eru forsenda bóta samkvæmt grundvallarkerfi eða viðbótarkerfi;
b. hámarkstekjur fyrir útreikning framlaga;
c. rétthæfingarskeiðið til að öðlast rétt á bótum;
d. aðferðir til að reikna út fébætur, einkum ellilífeyri, miðað við tekjur og um hve langan tíma framlög hafa verið greidd, hve langur tryggingartíminn er og hve langur starfstíminn er;
e. rétt til óskertra lágmarksbóta og staðlaðra bóta, einkum fjölskyldubóta.

23. Aðildarríkin ættu að leitast við að efla skilning á harðræði hinna atvinnulausu, einkum þeirra sem hafa verið atvinnulausir um langan tíma, svo og þörf þeirra fyrir nægilegar tekjur.

IV. Þróun og endurbætur á tryggingarkerfum.

24. Þar eð tryggingarkerfi í þágu atvinnulausra eru á frumstigi þróunar í sumum aðildarríkjum og önnur ríki kunna að verða að íhuga breytingar á núverandi kerfum með tilliti til breyttra þarfa er eðlilegt að ýmsar aðferðir komi til greina í aðstoð við atvinnulausa og aðildarríkin ættu að leggja mikla áherslu á opinskáa og hreinskilna umræðu um áætlanir um aðstoð við atvinnulausa.

25. Með tilliti til þess að ná a.m.k. þeim stöðlum sem tilgreindir eru í IV. kafla (Atvinnuleysisbætur) í Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 ættu þau aðildarríki sem hyggjast koma sér upp tryggingarkerfi gegn atvinnuleysi að hafa eftirtalin ákvæði, að svo miklu leyti sem mögulegt er og við á, til hliðsjónar.

26. (1) Aðildarríkin ættu að gera sér grein fyrir þeim tæknilegu og stjórnunarlegu vandkvæðum sem eru því samfara að skipuleggja og koma á almannatryggingakerfi til greiðslu atvinnuleysisbóta. Í því skyni að koma á atvinnuleysisbótum með greiðslu sömu bóta til allra ættu þau að leitast við að uppfylla eftirtalin skilyrði sem fyrst:

a. að stofna og reka með viðunandi hætti ókeypis vinnumiðlun, sem samanstendur af mörgum vinnumiðlunarskrifstofum og hefur nægilega góða stjórnunarlega aðstöðu til að safna og greina upplýsingar um vinnumarkaðinn, skrá vinnutilboð og umsækjendur um vinnu og sannreyna á hlutlausan hátt að menn séu atvinnulausir gegn vilja sínum;
b. að hafa sæmilega tryggingarvernd og víðtæka reynslu í stjórnun á öðrum sviðum almannatrygginga sem teljast hafa forgang af félagslegum og efnahagslegum ástæðum, svo sem undirstöðuheilsugæslu og vinnuslysabætur.

(2) Aðildarríkin ættu hafa það sem eitt helsta forgangsverkefni sitt að leitast við að uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr. hér að framan með því að stuðla að því að nægilega mikil og stöðug atvinna sé í boði fyrir viðunandi laun og við viðunandi aðstæður, einkum með því að grípa til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana, svo sem starfsráðgjafar og þjálfunar, til þess að menn geti að eigin vali aðlagað þá færni sem fyrir hendi er að lausum störfum á vinnumarkaðnum.

(3) Aðildarríkin ættu að halda áfram að nýta sér samvinnu og tæknilegar ráðleggingar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til að styðja við sérhvert frumkvæði þeirra í þessu skyni, ef þau skortir sérfræðiþekkingu.

(4) Þegar þau skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr. hér að framan hafa verið uppfyllt ættu aðildarríkin, eins fljótt og efnahagur þeirra leyfir, og í áföngum ef nauðsynlegt reynist, að stofna til áætlana um vernd atvinnulausra, þ.m.t. almannatryggingakerfi til að greiða atvinnuleysisbætur.

27. Í þeim tilvikum þar sem ekki eru uppfyllt þau skilyrði sem tilgreind eru í 26. tölul., 1. mgr., hér að framan ættu aðildarríkin að hafa sem forgangsverkefni að gera sérstakar ráðstafanir til að hjálpa þeim atvinnulausu mönnum sem eru mestrar hjálpar þurfi, að svo miklu leyti sem efnahagur landsins leyfir og miðað við aðstæður í þjóðfélagin

28. Aðildarríki, sem hafa stofnað almennan viðlagasjóð, gætu tekið til athugunar að heimila greiðslu reglulegra fébóta til þeirra reikningseigenda sem verða fyrir tekjutapi vegna langvarandi atvinnuleysis og hafa erfiðar fjölskylduaðstæður, í því skyni að sjá þeim fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Upphæð slíkra bóta og greiðslutímabil gæti verið takmarkað eftir aðstæðum, einkum sú upphæð sem lögð er inn á reikninginn.

29. Aðildarríkin gætu einnig hvatt samtök atvinnurekenda og launafólks til að stofna viðlagasjóði sem næðu til eins eða fleiri fyrirtækja. Slíku mætti koma á með góðum árangri innan fyrirtækja og í starfsgreinum þar sem efnahagur leyfir.

30. Aðildarríki, sem hafa löggjöf sem kveður á um að atvinnurekendur skuli inna af hendi aukagreiðslu til starfsmanna sem misst hafa starf sitt, ættu að huga að því að hafa ákvæði um að atvinnurekendur skuli bera slíka ábyrgð sameiginlega með stofnun sjóða með framlögum atvinnurekenda, til þess að tryggja að viðkomandi launþegar fái slíkar greiðslur.

Fylgiskjal V.

Ræða félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, á 75. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 6. júní 1988.

Hr. forseti.

Ég vil byrja á því að óska yður til hamingju með kosningu í embætti forseta 75. Alþjóðavinnumálaþingsins. Ég er þess fullviss að þér munuð rækja það trúnaðarstarf með ábyrgð og festu þannig að þingið ljúki þeim mikilvægu málefnum sem eru á dagskrá.

Fyrri hluti skýrslu forstjóra til 75. Alþjóðavinnumálaþingsins fjallar að þessu sinni um framvindu mannréttinda í ljósi vaxandi efnahagsörðugleika og aukins atvinnuleysis í mörgum heimshlutum. Með þessum hætti leggur ILO sitt af mörkum til að minnast þess að 40 ár eru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Aukin mannréttindi eru eitt þeirra málefna sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur frá upphafi beitt sér fyrir. Þótt ýmislegt hafi áunnist eru mannréttindi allt of víða fótum troðin. Nokkur tilvik skera sig úr. Í Suður-Afríku er kynþáttaaðskilnaðarstefnunni haldið til streitu af stjórn hvíta minni hlutans, enda þótt fordæming heimsins á þessari grimmilegu stefnu gerist sem betur fer sífellt háværari. Íslenska ríkisstjórnin hefur tekið eindregna afstöðu gegn Apartheid-stefnunni og er í samvinnu við aðrar ríkisstjórnir Norðurlandanna um virka andstöðu gegn henni. Ríkisstjórnin hefur gripið til ýmissa aðgerða. Ég vil sérstaklega geta þess að í lok apríl síðastliðins samþykkti Alþingi Íslendinga að setja viðskiptabann á Suður-Afríku.

Í Norður-Evrópu, þeim heimshluta sem Ísland tilheyrir, hafa grundvallarmannréttindi eins og tjáningar- og félagafrelsi lengi verið í hávegum höfð. Við þær aðstæður sem þar ríkja eru áherslur töluvert aðrar en meðal þjóða sem enn eru að koma á áðurnefndum réttindum. Að þessu er vikið í skýrslu forstjóra.

Á Íslandi hefur baráttan fyrir jafnrétti kynjanna verið sú hlið mannréttinda sem mest hefur verið til umfjöllunar. Núverandi ríkisstjórn Íslands, sem tók við völdum í júlí 1987, leggur sérstaka áherslu á jafnréttis- og fjölskyldumál. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Þar er einnig lögð áhersla á sveigjanlegan vinnutíma og að stytta vinnutíma án þess að tekjur skerðist.

Sá þáttur jafnréttismála sem ríkisstjórnin hefur nýlega látið rannsaka sérstaklega er kjör kvenna á vinnumarkaðinum. Það hefur komið í ljós að störf kvenna eru minna metin í þjóðfélaginu en karla. Karlmenn fá í ríkari mæli en konur hvers konar aukagreiðslur, eins og bílastyrki, yfirborganir og greiðslur fyrir aukavinnu. Hlutfall kvenna í ábyrgðarstöðum er mun lægra en karla enda þótt menntun þeirra hafi fleygt mjög fram síðustu 10 árin.

Ríkisstjórn Íslands hefur mótað framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um markvissar aðgerðir til að ná jafnrétti kynjanna í íslensku þjóðfélagi. Eitt af því sem reynt verður er að hvert ráðuneyti og sérhver opinber stofnun setji sér sérstaka áætlun um það hvernig jafnrétti innan stofnunarinnar verði aukið. Stjórnvöld binda mikla vonir við slíkar áætlanir. Þess má einnig geta að Ísland tekur þátt í samstarfsverkefni með öðrum Norðurlöndum sem hefur það að markmiði að eyða hinum kynskipta vinnumarkaði.

Á allra síðustu árum hefur þróunin á Íslandi þrátt fyrir allt verið konum í hag. Merkur áfangi náðist þegar íslensk kona varð fyrst allra kvenna í heiminum til að ná kosningu í almennum lýðræðislegum kosningum sem þjóðhöfðingi. Kosning Vigdísar Finnbogadóttir sem forseta Íslands hefur orðið öðrum íslenskum konum mikil hvatning til að sækja fram á öllum sviðum þjóðlífsins.

Eitt af grundvallarmarkmiðunum í stefnu ríkisstjórna Íslands í efnahags- og atvinnumálum hefur verið að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Á sl. 40 árum hefur atvinnuleysi verið nær

óþekkt. Þar með hefur landið í raun uppfyllt þau markmið sem sett eru fram í 2. gr. samþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum. Þess má geta að atvinnuleysi hefur áratugum saman verið um og innan við 1% af mannafla á vinnumarkaði. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að viðhalda þessu ástandi á vinnumarkaðinum. Þar veldur mestu einhæfnin í útflutningi landsins. Ísland byggir lífsafkomu sína á fiskveiðum. Meira en 70% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar er vegna útflutnings fisks eða fiskafurða. Þegar erfiðleikar hafa steðjað að þeirri atvinnugrein, annaðhvort vegna verðfalls á útflutningsmörkuðum eða aflaleysis, hafa stjórnvöld neyðst til að beita mjög hörðum efnahagsaðgerðum til þess að geta viðhaldið fullri atvinnu. Í skýrslu forstjóra kemur fram skilningur á mismunandi aðstöðu aðildarríkjanna í þessu sambandi. Það er vissulega áhyggjuefni að ríkisstjórn Íslands hafi stundum þurft að grípa til setningu laga í því skyni að takmarka launahækkanir. Markmiðið með slíkri lagasetningu hefur hins vegar fyrst og fremst verið að treysta atvinnuöryggi, draga úr verðbólgu og tryggja kaupmátt launa, einkum þeirra lægst launuðu.

Ég vil geta þess að ríkisstjórnin hefur í undirbúningi að fullgilda nokkrar alþjóðasamþykktir. Samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, er þeirra á meðal.

Það er rétt að taka fram að núverandi ríkisstjórn er að leita fjölbreytilegri leiða til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og þar með auka atvinnuöryggið. Meðal ályktana sem 4. Evrópuþing ILO afgreiddi, en það var haldið í september sl., var tillaga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í henni er lögð rík áhersla á að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman og efli og um leið fjölgi tækifærum launafólks til að njóta starfs- og endurmenntunar. Þennan boðskap taka íslensk stjórnvöld alvarlega. Þau hafa verið og eru að vinna að heildarstefnumótun á þessu sviði.

Þess má geta að aðilar vinnumarkaðarins eru mjög vel vakandi um þýðingu þessa. Ákvæðum í kjarasamningum um starfsmenntun hefur fjölgað mjög mikið síðustu missirin.

Á dagskrá þessa þings eru fjölmörg mikilvæg málefni. Fyrir því liggur að afgreiða drög að nýrri alþjóðasamþykkt um aukið framboð vinnu og félagslegt öryggi. Þótt Ísland sé eitt af fáum ríkjum veraldar þar sem atvinnuleysi er óþekkt styðjum við eindregið þau sjónarmið sem fram koma í þeim drögum sem liggja fyrir þinginu. Gegn atvinnuleysi verður að berjast með öllum ráðum. Þar er mannleg reisn í veði.

Slys í byggingariðnaði eru allt of mörg á Íslandi. Íslensk stjórnvöld hafa með ýmsum hætti reynt að draga úr slysatíðni á þessari atvinnugrein. Í gildi eru ítarleg lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins hefur hert eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga, sérstaklega á vinnustöðum í byggingariðnaði. En ég er þeirrar skoðunar að á þessu sviði verði að leita nýrra leiða. Ný alþjóðasamþykkt og tillaga á þessu sviði verður án efa mikilvægt framlag til slysavarna í byggingariðnaðinum.

Fjárhagsmál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru áhyggjuefni. Slæmur fjárhagur stofnunarinnar leiðir til þess að draga verður úr aðstoð og þjónustu. Það kemur fyrst og fremst niður á þeim sem síst skyldi, þjóðum sem annað hvort eru fámennar eða fátækar en þær þurfa oftast á mestri aðstoð að halda. Mörgum þessara þjóða reynist einnig erfitt að kosta þríhliða sendinefnd til þriggja vikna þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu. Ég er þeirrar skoðunar að stofnunin eigi að taka meira tillit til þessara atriða. Það á að vera markmið hennar að aðildarríkjunum, hvort sem þau eru fjölmenn eða fámenn, rík eða fátæk, verði gert jafnauðvelt að taka þátt í starfsemi hennar. Sérhver þjóð hefur hlutverki að gegna í samfélagi þjóðanna, einnig þær fámennu og fátæku. Fundur Gorbatsjovs og Reagans á Íslandi haustið 1986 sýnir að fámennar þjóðir geta lagt sitt af mörkum í alþjóðlegu samstarfi og um leið stuðlað að varanlegum friði í heiminum.

Hr. forseti.

Ég vil ljúka máli mínu með því að óska ILO gæfu og gengis í framtíðinni við það mikilvæga verkefni að eyða félagslegu ranglæti í heiminum og með þeim hætti gera jörðina að friðsamlegri bústað.

Fylgiskjal VI.

Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálstofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins er eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1988 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Kristín Mäntylä, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Á árinu voru nefndinni fengin aukin verkefni. Í framhaldi af samkomulagi milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var ILO nefndinni falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. En samkvæmt samkomulaginu tók félagsmálaráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1988 samtals 12 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Í fyrri frásögnum af starfi nefndarinnar hefur komið fram að samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO skýrslur reglulega um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt.

Á síðasta ári undirbjó ILO nefndin skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta:

Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum,
nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku,
nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn, og
nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Nefndin fjallaði um greinargerð sérfræðinganefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta við skýrslur aðildarríkjanna, einkum þær athugasemdir sem nefndin hafði gert við skýrslur Íslands. Í greinargerðinni er að finna eina athugasemd við framkvæmd Íslands og hún snertir framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Gerð er grein fyrir þessari athugasemd í meginmáli skýrslu félagsmálaráðherra um 75. Alþjóðavinnumálaþingið.

b. Skýrsla um Alþjóðavinnumálaþingið 1987.

Meðal þeirra kvaða sem ríki undirgangast með aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni er að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1988 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 73. og 74. Alþjóðavinnumálaþingin sem haldin voru árið 1987. Á fyrra þinginu var fyrri umræða til undirbúnings tveimur alþjóðasamþykktum, aðra um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi og hin um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Síðara þingið var haldið um haustið og helgað málefnum skipverja. Þetta þing afgreiddi fjórar alþjóðasamþykktir, nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, nr. 164, um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, og nr. 166, um heimsendingu skipverja. Enn fremur afgreiddi þingið tvær tillögur, nr. 173, um aðbúnað skipverja á hafi úti og höfn, og nr. 174, um heimsendingu skipverja.

c. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Nefna má fundi sem nefndin hélt til að undirbúa þátttöku Íslands í 75. Alþjóðavinnumálaþinginu. Á fundunum var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum á þinginu.

Einnig hefur nefndin samið drög að svörum við spurningum um afstöðu Íslands til málefna sem verða til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu 1989. Hér er fyrst fremst um það að ræða hvort semja eigi nýjar alþjóðasamþykktir um næturvinnu og um meðferð hættulegra efna á vinnustöðum.

Nefndin tók einnig þátt í að undirbúa heimsókn varaforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Bertils Bolin, til Íslands dagana 27. til 30. ágúst. Varaforstjórinn átti fundi með félagsmálaráðherra og fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

d. Framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Eins og kemur fram hér að framan fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, nefndinni í maí 1988 að fjalla um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu. Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki fullgilt allar greinar sáttmálans.

Á árinu fór ILO nefndin yfir athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerði við skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1985. Í skýrslunni eru gerðar ýmsar athugasemdir og óskað eftir nánari upplýsingum um framkvæmd á ákvæðum sáttmálans. Síðastliðið haust var unnið að samantekt skýrslu fyrir árin 1986 og 1987 og var hún send Evrópuráðinu um síðustu áramót. Í næstu skýrslu ILO nefndarinnar verður gerð nánari grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu.

Sþ. 877. Fyrirspurn [488. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölda atvinnulausra.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hve margir voru skráðir atvinnulausir í síðasta mánuði, flokkað eftir kjördæmum, kyni og atvinnugreinum?
2. Hvernig er ástandið nú borið saman við það sem var fyrir
   a. 6 mánuðum,
   b. 12 mánuðum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 878. Fyrirspurn [489. mál]

til menntamálaráðherra um námsefni með tilliti til jafnrar stöðu kynja.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun námsefnis með tilliti til jafnrar stöðu kynja?
2. Hvaða þættir hafa verið teknir til endurskoðunar að því er þetta efni varðar?

Ed. 879. Lög [176. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 628 (sbr. 616).

Nd. 880. Lög [175. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 589.

Nd. 881. Frumvarp til laga [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir er annast þar eftirlit og fræðslu. Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 882. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Það frumvarp, sem hér er um að ræða, fjallar um stöðuveitingar við Háskóla Íslands. Meginatriði frumvarpsins er að áhrif háskóladeildar eru aukin hvað stöðuveitingar varðar og vald ráðherra er þrengt og er fyrst og fremst synjunarvald.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Samkvæmt henni skulu dómnefndarmenn uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði laga um meðferð einkamála í héraði, t.d. að þeir séu ekki náskyldir umsækjendum sem þeir fjalla um eða ekki svo tengdir að hætta sé á að þeir „fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu".

Guðmundur G. Þórarinsson og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Árni Gunnarsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 883. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (RA, ÓÞÞ, ÁrnG, ÞÞ).

Á eftir 3. málsl. 3. efnismgr. 1. gr. komi: Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði, sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936.

Nd. 884. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér breytingu á þeim reglum sem gilt hafa um ráðningar við Háskóla Íslands. Nauðsynlegt er að þær reglur séu skýrar, séu líklegar til að hindra ágreining og að tryggt sé að umsækjendur um störf við Háskóla Íslands fái réttláta meðferð. Draga verður í efa að frumvarp þetta tryggi þessi markmið. Nokkur fljótaskrift virðist vera á þessu frumvarpi, enda hefur efri deild séð ástæðu til að flytja við það breytingartillögur og menntamálaráðherra hefur haft frumkvæði að því í efri deild að kveðið verði á um það með skýrum hætti að ráðherra hafi algjört neitunarvald ef honum falla ekki í geð tillögur Háskóla Íslands um einstakar ráðningar.

Minni hl. getur ekki fallist á frumvarpið eins og það liggur fyrir og flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Meiri hluti nefndarinnar hefur tekið upp fyrri breytingartillögu Halldórs Blöndals á þskj. 639 í efri deild. Hér er hins vegar flutt á sérstöku þingskjali síðari breytingartillaga Halldórs Blöndals í efri deild. Tillagan felur í sér þá breytingu að ráðherra sé

skylt að fylgja tillögu Háskóla Íslands ef ⅔ viðstaddra á deildarfundi mæla með ákveðnum umsækjanda, enda hafi dómnefnd dæmt hann hæfan. Á hinn bóginn er þá fellt niður neitunarvald ráðherra. Mörg dæmi eru þess að eitt eða tvö atkvæði skilji að umsækjendur í atkvæðagreiðslum á deildarfundum. Virðist þá oft tilviljun ráða hver verður ofan á. Ófært er að hendur ráðherra séu bundnar í slíkum tilvikum. Eðlilegt er að þá sé matið lagt í hans hendur. Þess vegna er lagt til að aukinn meiri hluti þurfi að vera fyrir hendi, þ.e. að niðurstaða deildarfundar sé ótvíræð til að hendur ráðherra séu bundnar.

Ef breytingartillaga þessi nær ekki fram að ganga treystir minni hl. sér ekki til að samþykkja þetta frumvarp.

Alþingi, 18. apríl 1989.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
fundaskr.

Nd. 885. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. l. nr. 8/1985.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Í stað 4. málsl. 4. efnismgr. 1. gr. komi: Engum manni má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan. Skylt er ráðherra að veita umsækjanda embættið eða starfið ef hann hlýtur ⅔ atkvæða þeirra sem viðstaddir eru deildarfund.

Nd. 886. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það 60 umsagnir frá þeim hópum heilbrigðisstétta er málið varðar. Þá komu eftirtaldir á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið: Kristín Guðmundsdóttir, Ólafía Ingvarsdóttir, Margrét Kristinsdóttir og Solveig Halblaub frá Sjúkraliðafélaginu, Sigþrúður Ingimundardóttir, Pálína Sigurjónsdóttir, Svava Aradóttir, Sonja Sveinsdóttir og Ólína Torfadóttir frá Hjúkrunarfélaginu og Laura Sch. Thorsteinsson frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi umsögnum og viðræðum við hlutaðeigandi aðila leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Kristjánsson og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1989.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. | Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr. | Geir H. Haarde.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 887. Breytingartillaga [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Í stað 1. og 2. efnismgr. 1. gr. komi:

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

Sþ. 888. Svar [257. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigrúnar Helgadóttur um landnýtingu á Íslandi.

Fyrirspurnin var send þeim stofnunum landbúnaðarins sem fara með þá málaflokka er hlut eiga að máli, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Veiðimálastofnun. Svarið byggist að miklu leyti á upplýsingum frá þessum stofnunum.

1. *Hvernig miðar vinnu við söfnun grunnupplýsinga svo að unnt sé að taka mikilvægar ákvarðanir um nýtingu landsins? Að hve miklu leyti hafa eftirtaldir þættir verið metnir og kortlagðir:*

a. jarðvegseyðing,

Jarðvegseyðing hefur verið metin sjónmati víðs vegar um landið, t.d. við gerð landgræðslu- og landnýtingaráætlunar árin 1974–1979. Við kortlagningu þá á gróðri og landgerðum, sem landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur unnið að, kemur fram hvar jarðvegseyðing á sér stað. Á grundvelli þeirra gagna og þeirrar vitneskju, sem m.a. Landgræðsla ríkisins hefur aflað, voru gerð yfirlitskort af stærstu samfelldu svæðum gróður- og jarðvegseyðingar, foksanda og auðna á landinu, svo og ástandi gróðurs og jarðvegs. Kort þessi, ásamt texta til skýringar og umfjöllun um landeyðingu, voru birt í ritinu „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun“ sem gefið var út af landbúnaðarráðuneytinu í maí 1986.

b. ástand gróðurs, svo sem úthaga og birkikjarrs,

Um úthaga.

Varðandi úttekt á ástandi gróðurs í úthaga hefur landbúnaðarráðherra nýverið svarað fyrirspurn Guðna Ágústssonar á Alþingi um sama efni.

Ástand gróðurs hefur verið metið á allmörgum svæðum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Einnig hafa starfsmenn Landgræðslu ríkisins, ásamt gróðurverndarnefndum og landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, metið fjölmörg svæði með sjónmati.

Um birkikjarr.

Á árunum 1972–1975 fór fram að tilhlutan Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands könnun á útbreiðslu og ástandi birkilendis á Íslandi. Meginniðurstöður þeirrar könnunar voru birtar í skýrslu sem nefnist „Skóglendi á Íslandi. Athuganir á stærð þess og ástandi". Með þessari könnun fékkst í fyrsta skipti yfirlit um stærð birkilendisins og margvíslegt ástand þess. Í svari Skógræktar ríkisins við þessum lið fyrirspurnarinnar kom fram hvaða markmið voru sett með könnun þessari og er framvinda málsins rakin frá þeim tíma (sjá fskj. I).

Landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur undanfarin tvö sumur unnið að úttekt á ástandi birkiskóga og kjarrs í samvinnu við Tilraunastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Úttektinni er lokið á svæði sem nær frá Hornafjarðarfljóti að austan vestur að Vatnsfirði í V-Barðastrandarsýslu. Áætlað er að ljúka þessari könnun fyrir landið allt á næstu tveimur sumrum. Að því loknu mun liggja fyrir vitneskja um ástand skóglendisins, endurnýjun þess og ýmsa vistfræðilega þætti sem ekki hafa verið rannsakaðir áður.

c. beitarþol,

Vísað er til svars landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar á þskj. 569.

d. möguleikar landsvæða til skógræktar,

Í svari Skógræktar ríkisins, sem leitað var til vegna spurningarinnar, kemur fram að Skógræktin telur að svar við þessari spurningu hljóti einkanlega að miðast við *ræktunarskilyrði erlendra trjátegunda* þar eð fullyrða megi að íslenskt birki geti vaxið víðast hvar á þurrlendi sem hefur einhver gróðurskilyrði upp að 200–300 m hæðarlínu yfir sjávarmáli (sjá fskj. II).

e. möguleikar landsvæða til fiskeldis?

Veiðimálastofnun hefur gert margar úttektir á fiskeldis- og hafbeitarmöguleikum. Fyrir 1980 var farið um Norðurland, Suðurland, Vesturland og Vestfirði og þeir staðir skoðaðir sem tengdust að einhverju leyti jarðhita, en hann er yfirleitt forsenda framkvæmda á þessu sviði. Á síðasta ári var einnig unnin úttekt á hafbeitarmöguleikum við Breiðafjörð, en þeir virðast vera mjög ákjósanlegir á því svæði. Starfsmenn Veiðimálastofnunar hafa einnig sinnt beiðnum frá einstökum bændum eða sveitarfélögum varðandi fiskeldismöguleika og skrifað um það bréf eða skýrslur.

Auk þess sem Veiðimálastofnun hefur unnið á þessu sviði hafa nokkrar skýrslur verið unnar í Orkustofnun þar sem kortlagðir hafa verið álitlegir staðir til fiskeldis út frá jarðhita, ekki síst vegna fjölda hola sem boraðar hafa verið á undanförnum árum.

Með svari þessu er prentaður listi yfir greinar frá Veiðimálastofnun sem fjalla um fiskeldis- og hafbeitarmöguleika (fskj. III).

2. Hve stór hluti landsins hefur nú verið gróðurkortlagður og hversu nákvæm eru þau kort?

Varðandi fyrri hluta spurningarinnar vísast til rits landbúnaðarráðuneytisins „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun".

Að því er varðar nákvæmni gróðurkortanna var leitað eftir upplýsingum frá landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í svari deildarinnar kemur eftirfarandi fram:

„Gróðurkortin eru byggð á staðfræðikortum í mælikvarða 1:25000 og 1:50000 og nákvæmni gróðurkortanna er háð þeirri nákvæmni sem sá kortgrunnur gefur. Íslensku gróðurkortin eru í mun stærri mælikvarða en flest erlend gróðurkort sem gefin hafa verið út af heilum löndum. Má því gera ráð fyrir að íslensku kortin séu að sama skapi nákvæmari.

Við þetta má bæta að gerð gróðurkorta, eins og svo margra annarra temakorta, byggist á svo mörgum þáttum við útivinnu í landinu, vinnslu kortanna á teiknistofu o.s.frv. að ekki er gerlegt að segja með vissu fyrir um nákvæmni eða skekkju þeirra umfram það sem varðar kortgrunninn og áður er getið."

3. *Hvernig miðar gerð jarðabókar og jarðakorts landsins? Koma þar fram eftirtaldar upplýsingar um hverja jörð:*
   a. stærð, staðsetning og landamörk,
   b. eignarhald, ábúð og íbúar,
   c. bústofn og fullvirðisréttur,
   d. aðstaða til búrekstrar, t.d. hvað varðar húsakost, ræktað land, beitiland og hlunnindi? Hvernig er framsetningu þessara gagna háttað?

Ekki hefur verið skilgreint hvaða upplýsingar um jarðir og landbúnað, sem heimilt er að greina frá í almennu upplýsingariti, þurfa að vera tiltækar í heimildariti til þess að teljast jarðabók.

Stærð, staðsetning og landamörk.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal eftirfarandi tekið fram:

Landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hóf árið 1971 útgáfu gróður- og jarðakorta af byggðum landsins, fyrst í mælikvarðanum 1:200000 og frá 1985 í mælikvarðanum 1:25000. Á þessi kort eru merkt landamörk jarða og munu um 1100 jarðir og mörk þeirra hafa verið skráð þannig. Umfangsmikil vettvangsvinna hefur farið fram við skráningu landamerkja í tengslum við þessa kortagerð. Starfið hefur verið unnið í samstarfi við ábúendur og landfræðideild Háskóla Íslands. Með staðfærslu þessara korta má reikna flatarmál jarða, gróðursamsetningu og ræktunarhæfni þeirra.

Skortur á nákvæmum grunnkortum af Íslandi og fjármagni til kortagerðarinnar hefur staðið framgangi þessarar kortlagningar fyrir þrifum. Með tilkomu hins nýja kortastaðals Landmælinga og útgáfu nýrra grunnkorta er von til að úr rætist.

Gerð gróður- og jarðakorta er m.a. forsenda fyrir gerð jarðabókar í nútímalegum skilningi þess hugtaks.

Eignarhald, ábúð og íbúar.

Landbúnaðarráðuneytið lætur árlega gera jarðaskrá. Í henni kemur m. a. eftirfarandi fram:

1. Heiti jarðar eða lögbýlis.
2. Þjóðskrárnúmer.
3. Ábúendur eða að jörðin sé í eyði sé enginn með lögheimili á jörðinni.
4. Eigendur. Séu þeir margir þá nafn þess sem sér um greiðslu á fasteignaskatti.

Bústofn og fullvirðisréttur.

Búnaðarfélag Íslands geymir tölvuskráð gögn um bústofn o.fl. því tengt. Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá yfir fullvirðisrétt.

Aðstaða til búrekstrar.

Ítarlegum upplýsingum var safnað af Fasteignamati ríkisins um ofangreind atriði við fasteignamat, sem tók gildi árið 1969, og er þessar upplýsingar enn að finna í skrám þess.

Í samræmi við bókun við búvörusamning ríkisins og Stéttarsambands bænda fyrir árin 1988–1992 er nú unnið að úttekt á búrekstraraðstöðu á öllum jörðum á landinu. Búnaðarsamböndin og Framleiðsluráð landbúnaðarins sjá um framkvæmd verksins. Gagnasöfnun er á lokastigi og er áætlað að úrvinnslu ljúki á næstu tveimur mánuðum.

Fylgiskjal I.

Úr svari Skógræktar ríkisins við b-lið 1. spurningar.

Á árunum 1972–1975 fór fram að tilhlutan Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands könnun á útbreiðslu og ástandi birkilendis á Íslandi. Meginniðurstöður þeirrar könnunar voru birtar í skýrslu sem nefnist „Skóglendi á Íslandi. Athuganir á stærð þess og ástandi". Skýrslan er dagsett fyrsta sumardag 1977.

Hér skal vitnað í inngang þessarar skýrslu til þess að ljóst megi vera hvaða markmið voru sett með könnuninni:

Hin einstöku atriði eða þættir, sem skoðaðir voru og lýst, eru þessir:

1. Flatarmál í hekturum samkvæmt loftljósmynd eða gróðurkorti.
2. Hæð skóglenda yfir sjávarmáli, aðallega samkvæmt kortum í 1:100000, en sumt með loftvog til leiðréttinga og samanburðar.
3. Þéttleiki trjáa og runna sem skipað var í fimm flokka.
4. Meðalhæð skógaleifa, skipt í fjóra flokka eftir stærð.
5. Vöxtur. Skipt í þrjá þætti: afturför, stöðnun og framför.
6. Gróðurþekja undir skógi og runnum. Skipt í fjóra þætti.
7. Halli lands, áætlaður eftir hallagráðum.
8. Hallaátt, greinir frá halla lands eftir höfuðáttum.
9. Dýpt jarðvegs. Skipt í þrjá þætti: djúpan, meðaldjúpan og grunnan jarðveg.
10. Undirlag jarðvegs. Skipt í fimm flokka: jöklaframburð, árframburð, skriður, fast berg og hraun.
11. Gróður í skóglendum. Skipt í fimm þætti: lyngmóa, graslendi, blómlendi, mosaþembu og votlendi.
12. Gróður utan skóglendanna. Sama skipting og að ofan en ekki athugað alls staðar.
13. Rakastig jarðvegs. Erfitt reyndist að áætla það og því gefur það litlar sem engar upplýsingar.
14. Ýmiss konar upplýsingar þar sem ástæða þótti til.

Að auki var greint frá eigendum og ábúendum jarða þar sem þess var kostur.

Samandregnar niðurstöður fyrir allt landið urðu þessar í eftirtöldum atriðum:

Flatarmál skóglenda alls	125.469 ha	
1. Þar af í afturför	33.145 ha	26,4%
2. Þar af staðnað	52.788 ha	42,1%
3. Þar af í framför	39.546 ha	31,5%

Hæð birkis yfir sjó. Frá sjávarmáli og allt upp í 550 m hæð.

Þéttleiki trjáa og runna:		
1. Milli 81–100%	21.632 ha	17,2%
2. Milli 61–80%	28.443 ha	22,6%
3. Milli 41–60%	31.246 ha	24,9%
4. Milli 21–40%	21.869 ha	17,4%
5. Milli 0–20%	22.279 ha	17,8%

Meðalhæð skógaleifa:		
1. Undir 2 m	101.328 ha	80,8%
2. Milli 2–4 m	18.970 ha	15,1%
3. Milli 4–8 m	3.020 ha	2,4%
4. Milli 8 og að 12 m	2.151 ha	1,7%
Gróðurþekja skógarbotns:		
1. Samfelld (100%)	51.140 ha	40,8%
2. ⅔ gróið (67%)	55.317 ha	44,1%
3. ½ gróinn (50%)	17.597 ha	14,0%
4. ⅓ gróinn (33%)	1.415 ha	1,1%
Undirlag jarðvegs:		
1. Melar, jökulframburður	16.211 ha	12,9%
2. Sandur, árframburður	1.041 ha	0,8%
3. Skriður, urð, fjallahlíðar	70.503 ha	56,2%
4. Berg, klappir, ásar	5.306 ha	4,2%
5. Hraun, runnin eftir ísöld	32.408 ha	25,8%

Með þessari könnun fékkst í fyrsta skipti yfirlit um stærð birkilendisins og margvíslegt ástand þess. Að miklu leyti var um mat að ræða, en hæðarmælingar á litlu úrtaki á hverju svæði.

Í framhaldi af birtingu þessarar yfirlitsskýrslu var svo um 1980 ákveðið að teikna kort í mælikvarða 1:40000 af öllu birkiskóg- og kjarrlendi landsins, byggt á loftmyndunum sem áður er á minnst, og gefa út í bók. Var það verk falið gróðurnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þetta var unnið í hjáverkum á nokkrum næstu árum en aldrei lokið því að sýnt þótti að kanna þyrfti betur birkilendið í nokkrum héruðum, einkum Norður-Þingeyjarsýslu og Mýrasýslu.

Við gerð landgræðslu- og landverndaráætlunar 1987–1991 var Skógrækt ríkisins ætlað að gera enn frekari könnun á þeim birkiskóglendum sem eru í hættu af völdum beitarálags. Á þeirri könnun skyldu byggðar tillögur um aðgerðir til að sporna við frekari útrýmingu birkis á Íslandi. Áætlunin kveður á um að 15% af því fé sem varið er til verkefna á vegum Skógræktar ríkisins skuli renna til þessarar könnunar.

Niðurstaðan varð sú að könnun birkilendisins skyldi nú gerð miklu fyllri en gert var 1972–1975, þar eð sitthvað þótti þar á skorta sem nauðsynlegt væri til þess að gera heildaráætlun um meðferð, nýtingu og varðveislu birkiskóga og -kjarrs. Um leið á að safna ýmsum líffræðilegum gögnum um birki til þess að auka skilning á náttúru þess.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins stendur fyrir þessari nýju könnun en samvinna er höfð við gróðurnýtingardeild RALA. Rannsóknin hófst 1987 og á að ljúka 1990.

Gagna verður aflað um:

1. Ástand skógarins.
2. Endurnýjun skóglendanna.
3. Aldur, æviferil og kynslóðaskipti.
4. Viðarvöxt.
5. Nýtanleika trjánna.
6. Botngróður í skógi.
7. Áhrif sjúkdóma og meindýra á skóginn.
8. Fjölmörg önnur atriði er snerta þetta vistkerfi.

Rannsókninni er skipt í tvo aðskilda verkþætti:

Annars vegar er athugun á eðli og eiginleikum einstakra trjáa og er þar unnið eftir úrtaki úr öllum trjám landsins. Gagnasöfnun og úrvinnslu á þessum þætti er lokið og aðeins er eftir að meta gögn tölfræðilega og ganga frá reiknilíkönum.

Hins vegar er mælingavinna í öllum skóglendum landsins. Nú er búið að skoða öll skóglendi frá Hornafirði um Suður- og Vesturland í Vatnsfjörð á Barðaströnd. Eftir eru Vestfirðir norðan Vatnsfjarðar ásamt Norður- og Austurlandi. Því verki á að ljúka 1990.

Rétt er að taka fram að í þessum rannsóknum er á margan hátt stuðst við könnunina 1972–1975, þar sem búið var að teikna útbreiðsluna að mestu á kort.

Niðurstöður rannsókna þessara eiga að vera tilbúnar 1991.

Ári síðar er áformað að fyrrnefnd heildaráætlun um meðferð, nýtingu og varðveislu íslenskra birkiskóga liggi fyrir.

Fylgiskjal II.

Úr svari Skógræktar ríkisins við d-lið 1. spurningar.

Möguleikar landsvæða til skógræktar (1. d.).

Svarið við þessari spurningu miðast einkanlega við *ræktunarskilyrði erlendra trjátegunda* þar eð fullyrða má að íslenskt birki geti vaxið víðast hvar á þurrlendi sem hefur einhver gróðurskilyrði upp að 200–300 m hæðarlínu yfir sjávarmáli svo sem var áður en landið byggðist.

Hér skal gefið stutt yfirlit yfir þær kannanir sem Skógrækt ríkisins hefur látið gera til þess að kanna möguleika slíkrar skógræktar á einstökum landsvæðum.

Á árunum 1973–1976 gerði Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins könnun sem náði yfir allt landið á vexti erlendra trjátegunda sem þá höfðu verið reyndar hér. Langmest hafði verið gróðursett á þremur síðustu áratugum.

Tré voru mæld á um 900 reitum: Hæð og aldur. Skráð var útlit trjáa, vaxtarlag og skaðar. Enn fremur var á hverjum reit skráð: Jarðvegsgerð, jarðvegsdýpt, gróður, halli, hallaátt. Niðurstöður um árlegan meðalhæðarvöxt helstu trjátegunda í nokkrum héruðum voru birtar í grein Hauks Ragnarssonar í ritinu „Skógarmál“ 1977.

Í tengslum við þessa könnun athugaði Haukur Ragnarsson nokkra þýðingarmestu þætti veðurfars sem upplýsingar eru um á öllum veðurathugunarstöðvum landsins og áhrif hafa á vöxt trjáa.

Á grundvelli þessara athugana skipti hann landinu í mismunandi skógræktarsvæði. Þessi svæði eru skýrgreind í ofannefndri grein í „Skógarmálum“. Byggt er á nokkru fyllri upplýsingum, einkum að því er varðaði vindálag, teiknaði hann skógræktarsvæðin á Íslandskort sem birt er í ritinu „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun“ sem landbúnaðarráðuneytið gaf út 1986.

Hér lá í fyrsta skipti fyrir gróft yfirlit um ræktunarskilyrði erlendra trjátegunda í einstökum landshlutum og byggist það fyrst og fremst á veðurfarsþáttum en hliðsjón höfð af niðurstöðum mælinganna á 900 skógarreitum 1973–1976. Samkvæmt þessari skiptingu má ætla að hægt sé að rækta skóg með erlendum trjátegundum á um 12.500 km^2 hér á landi, nytjaskóg til viðarframleiðslu á um 3.400 km^2, ef allt land væri tiltækt.

Það skal tekið skýrt fram að hér er um að ræða fyrstu tilraun til svæðaskiptingar í skógrækt. Eftir því sem meiri vitneskja fæst um vöxt trjáa á einstökum landssvæðum verða

þessar niðurstöður endurskoðaðar. Að því hefur verð unnið jafnt og þétt og verður haldið áfram — vonandi af auknum mætti og með bættum rannsóknaraðferðum.

Skal nú gerð grein fyrir því.

Í mars 1982 kom út á vegum Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við Skógrækt ríkisins „Athugun á löndum höfuðborgarsvæðisins með tilliti til trjáræktar og skipting þeirra eftir gæðum". Skógrækt ríkisins athugaði þetta fyrir Skipulagsstofuna. Skýrsla þessi kom út í endurskoðaðri útgáfu í febrúar 1983. Var hún samin af Jóni Hákoni Bjarnasyni skógtæknifræðingi og Sigvalda Ásgeirssyni skógfræðikandídat og nefndist þá „Trjá- og skógrækt á höfuðborgarsvæðinu. Könnun á trjágróðri og flokkun á landi". Er það Skógræktarrit 5 útgefið af Skógrækt ríkisins. Kort fylgir af trjáræktarskilyrðum á þessu svæði. Könnunin byggist á hæðarmælingum á 67 trjáreitum á svæðinu.

Árið 1982 mældi Þorbergur Hjalti Jónsson skógfræðistúdent vöxt lerkis og stafafuru í Eyjafirði og ári síðar stafafuru í Suður-Þingeyjarsýslu og dró upp kort af skilyrðum fyrir þessar tegundir. Grundvöllurinn var niðurstöður mælinganna og athugun á veðurfari og jarðvegsþáttum.

Í framhaldi af þessari kortagerð í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu var bætt við mælingum á fleiri stöðum á Norðurlandi og kort gert yfir ræktunarskilyrði stafafuru í þessum landshluta.

Árið 1984 mældi Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins vöxt margra trjátegunda í Skorradal og skrifaði Þórarinn Benedikz skógfræðikandidat ítarlega skýrslu þar um og byggði á þeim spá um vöxt nokkurra helstu trjátegunda á þessu svæði.

Sama ár lét Skógrækt ríkisins kanna trjávöxt í öðrum hlutum Borgarfjarðarsýslu og skrifaði Sigvaldi Ásgeirsson skógfræðikandidat skýrslu um þá könnun.

Kort hafa ekki verið teiknuð á grundvelli þessara kannana.

Skógrækt ríkisins fékk Arnór Snorrason skógfræðistúdent til þess að gera heildarkönnun á vexti lerkis á öllu landinu 1985. Var þetta fyrsta landskönnun á einni trjátegund sem unnin er af sama manni. Á grundvelli hennar teiknaði hann á Íslandskort flokkun á ræktunarskilyrðum lerkis í hinum ýmsu landshlutum. Niðurstöður birtust í ársriti Skógræktarfélags Íslands 1987.

Haustið 1987 gengu þeir Arnór og Þorbergur frá landskortum yfir ræktunarskilyrði lerkis, sitkagrenis og stafafuru byggðum á þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir. Þetta var gert á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins.

Árið 1986 kannaði Aðalsteinn Sigurgeirsson skógfræðikandídat vöxt stafafuru á öllu landinu fyrir Skógrækt ríkisins og beitti sömu aðferðum og Þorbergur hafði beitt í Suður-Þingeyjarsýslu. Á grundvelli þessarar könnunar gekk hann frá korti og spálíkani yfir stafafuru á öllu landinu. Birtust niðurstöðurnar í ársriti Skógræktarfélag Íslands 1988.

Árið 1987 kannaði Brynjólfur Jónsson skógfræðistúdent vöxt alaskaaspar um land allt fyrir Skógrækt ríkisins á svipaðan hátt og Aðalsteinn og Arnór höfðu kannað vöxt lerkis og stafafuru. Kort var ekki unnið upp úr þeirri könnun, enda erfiðara um vik þar sem alaskaösp hefur hingað til lítt verið gróðursett sem skógartré, heldur notuð í garða og skjólbelti. Rannsóknastöðin á Mógilsá hefur svo á grundvelli könnunar Brynjólfs gengið frá mati á landi fyrir alaskaösp á Suðurlandi.

Loks er þess að geta að árið 1958 var lögð út samanburðartilraun í fjórum landshlutum þar sem borin eru saman 12 kvæmi af rauðgreni, 1 af sitkagreni, 2 af hvítgreni og 1 af sitkabastarði. Þeirri tilraun er nú lokið og skýrsla væntanleg á næstunni. Var þessi tilraun gerð á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins.

Svo ítarlega er greint frá þessari vinnu til þess að ljóst sé að veruleg vitneskja liggur fyrir um möguleika nokkurra helstu erlendra trjátegunda, nema sitkagrenis, í einstökum landshlutum. Eftir er að gera landsúttekt á sitkagreni en mælingar eru til fyrir nokkur svæði.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú hefur verið skýrt frá og enn ítarlegri athugun á veðurfarsþáttum og landslagsþáttum en áður hefur verið gert vinnur Þorbergur Hjalti Jónsson

skógfræðikandídat að því í Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að smíða almennt landkostalíkan yfir skógræktarskilyrði á Íslandi. Líkanið byggir á sveigjanlegum breytum sem nota má jafnt á hinar ýmsu tegundir. Forritið líkir eftir umhverfi einstakra landsvæða og tengir það kröfum einstakra trjátegunda.

Vinna við landkostalíkanið er langt á veg komin. Þegar henni lýkur liggja fyrir betri upplýsingar en við höfum nú um mat á skógræktarskilyrðum einstakra svæða. En undirstaðan undir slíkt mat er enn þá langt frá því að vera fullkomin. Vinna við að treysta hana mun halda áfram í nokkra áratugi enn.

Fylgiskjal III.

Listi yfir greinar frá Veiðimálastofnun sem fjalla um fiskeldis- og hafbeitarmöguleika.

Árni Ísaksson og Guðmundur Gunnarsson (1970): Athugun á fiskeldismöguleikum á Norðurlandi. VMST-R, fjölrit 2, bls. 1–16.

Árni Ísaksson (1971): Athugun á fiskeldismöguleikum á Suðurlandi. VMST-R, fjölrit 5, bls. 1–15.

Árni Ísaksson (1973): Eldi laxfiska í sjó. VMST-R, fjölrit 7, bls. 1–8.

Árni Ísaksson (1974): Athugun á fiskeldismöguleikum á Vesturlandi I+II. VMST-R, fjölrit 10, bls. 1–10.

Árni Ísaksson (1978): Þróun og horfur í laxeldi á Íslandi. VMST-R, skýrsla, bls. 1–8.

Árni Ísaksson (1979): Hafbeit. Ægir (3), tímaritsgrein, bls. 151–156.

Árni Ísaksson (1980): Aðstaða til fiskeldis við Holtsós. VMST-R, skýrsla, bls. 1–2.

Árni Ísaksson (1983): Mikilvægi jarðhita við fiskeldi hér á landi. (Úr „Nýting jarðhita til laxeldis — kynningarfundur 6.12.1983".) Orkustofnun, sérprent, bls. 9–16.

Árni Ísaksson (1984): Laxeldi og laxarækt. VMST-R, fjölrit 55, bls. 1–25.

Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson (1988): Fiskræktar- og fiskeldismöguleikar í Dalasýslu. VMST-V, fjölrit, bls. 1–7.

Ed. 889. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982 og l. nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Íslenska járnblendifélaginu hf. verði heimilað að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Jón Sigurðsson, forstjóra járnblendiverksmiðjunnar. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 890. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á fundi nefndarinnar komu fulltrúar Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóða. Fram kom að erfitt kynni að vera að túlka ýmis ákvæði frumvarpsins. Bjarni Bragi Jónsson lýsti þeirri skoðun Seðlabanka að affallaviðskipti gætu haldið áfram þrátt fyrir lögfestingu frumvarpsins.

Enda þótt ýmislegt sé við þessa lagasmíð að athuga vill 2. minni hl. ekki beita sér gegn frumvarpinu og lætur því afgreiðslu þess afskiptalausa.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal. Júlíus Sólnes.

Sþ. 891. Fyrirspurn [490. mál]

til fjármálaráðherra um Sigló hf.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Var haft samband við fjármálaráðuneytið sem einn stærsta kröfuhafa í þrotabú Sigló hf. varðandi leigu á eignum þrotabúsins til Sigluness hf.?
2. Hvað hefur Sigló hf. greitt af kaupverði lagmetisiðjunnar Siglósíldar frá kaupdegi til dagsins í dag?
3. Til hvaða ráðstafana hefur fjármálaráðuneytið gripið til að gæta hagsmuna ríkisins í þessu tilviki?
4. Hefur fjármálaráðuneytið í hyggju að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðilar að gjaldþroti reki fyrirtækið áfram undir nýju merki og komist þannig hjá greiðslu allra skuldbindinga til stórskaða fyrir skuldareigendur?

Ed. 892. Nefndarálit [369. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Jón Helgason, form., frsm. Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Jóhann Einvarðsson. Salome Þorkelsdóttir. Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 893. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við fulltrúa úr samgönguráðuneytinu. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Egill Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins vegna annarra skyldustarfa en er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson, með fyrirvara.
Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 894. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1.gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og röð annarra málsgreina breytist til samræmis við það. Málsgreinin orðast svo:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný mgr. er verður 2. mgr. og orðast svo:

Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli: **Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða**, með þremur nýjum greinum svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

b. (18. gr.)

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

c. (19. gr.)

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

7. gr.

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna, er verður 20. gr. þeirra, koma tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 895. Frumvarp til laga [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.
4. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.
5. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
6. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
7. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
8. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
9. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
10. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
11. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
12. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
13. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
14. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
15. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.
16. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
17. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
18. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
19. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
20. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
21. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
22. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
23. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
24. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
25. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
26. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
27. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
28. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
29. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.
30. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
31. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
32. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
33. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.
34. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
35. Pepito, Basilía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
36. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.

37. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
38. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
39. Rübner, Miriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
40. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.
41. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
42. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
43. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
44. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjvík.
45. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
46. Tumarao, Nelia, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
47. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
48. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 896. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Bieltvedt, Óli Anton, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 31. maí 1962 á Íslandi.
2. Rogers, Steven John, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1953 á Englandi.
3. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.

Nd. 897. Frumvarp til laga [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.
4. Bieltvedt, Óli Anton, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 31. maí 1962 á Íslandi.
5. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.

6. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
7. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
8. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
9. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
10. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
11. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
12. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
13. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
14. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
15. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
16. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.
17. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
18. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
19. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
20. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
21. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
22. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
23. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
24. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
25. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
26. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
27. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
28. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
29. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
30. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.
31. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
32. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
33. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
34. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.
35. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
36. Pepito, Basilía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
37. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.
38. Rogers, Steven John, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1953 á Englandi.
39. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
40. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
41. Rübner, Miriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
42. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.
43. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
44. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
45. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
46. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjavík.
47. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.

48. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.
49. Tumarao, Nelia, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
50. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
51. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 898. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

Ráðherra ákveður í reglugerð um nám sjúkraliða og starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8/1974.

Sþ. 899. Fyrirspurn [491. mál]

til dómsmálaráðherra um sameiginlegt forræði barna.

Frá Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Guðna Ágústssyni.

Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi í haust frumvarp um sameiginlegt forræði barna?

Sþ. 900. Fyrirspurn [492. mál]

til menntamálaráðherra um staðfestingu á ritvinnslusamningi erlendis.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hafa stofnanir sem heyra undir menntamálaráðuneytið gert verksamninga erlendis um ritvinnslu?

Hefur menntamálaráðherra staðfest slíka verksamninga?

Sþ. 901. Fyrirspurn [493. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnaðarverð raforku.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hver er áætlaður langtímajaðarkostnaður út úr vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar á næstu árum til almennings og til stóriðju miðað við:
   a. að 120 þús. tonna álver verði byggt á næstu árum,
   b. að 185 þús. tonna álver verði byggt í áföngum innan 10 ára,
   c. engin frekari stóriðja bætist við fyrir aldamót?
2. Hverjir eru taldir hagkvæmustu virkjanakostir eftir að virkjað hefði verið fyrir álver (120 eða 185 þús. tonna)?

   Hver er áætlaður raforkukostnaður frá þeim virkjunum til almennings ef reiknað er með:
   a. almennum markaði eingöngu,
   b. almennum markaði og 50% sölu til stóriðju?

Greinargerð.

Á ársfundi Landsvirkjunar 14. apríl sl. flutti Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri erindi sem fjallaði m.a. um orkuverðlagningu og kostnað frá áformuðum virkjunum með tilliti til orkusölu til stóriðju og almenningsveitna. Fram kom í erindinu að í Noregi reyni menn að hafa þann hátt á verðlagningu á raforku að borgað sé svokallað jaðarkostnaðarverð sem er meðalkostnaðarverð út úr þeim virkjunum sem eru fullhannaðar hverju sinni og fyrirhugað er að byggja á næstu 5 til 10 árum. Einnig sagði Jóhann að langtímajaðarkostnaður hafi farið ört vaxandi á seinni árum í Noregi eftir því sem gengið hafi á hagkvæmt vatnsafl.

Jafnframt kom fram í erindinu að ef um sölu vegna nýrrar álframleiðslu verður að ræða hér á landi verða hagkvæmustu kostirnir virkjaðir fyrst. Þetta leiðir hugann að því hvort almenningur þurfi að greiða hærra raforkuverð í framtíðinni vegna þess að hagkvæmustu kostirnir séu úr sögunni.

Með fyrirspurninni er óskað upplýsinga um áætlaðan langtímajaðarkostnað annars vegar með tilliti til breytilegs markaðar, þ.e. mismunandi hraða í uppbygginu áliðnaðar næstu árin, og hins vegar miðað við að ekki komi til viðbótarsala til stóriðju.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 902. Lög [369. mál]

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 692.

Sþ. 903. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um úrbætur í atvinnumálum kvenna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Iðntæknistofnun Íslands, Jafnréttisráði, Landssambandi iðnverkafólks og Stéttarsambandi bænda. Þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar og geta ábendinga um efni hennar. Jafnréttisráð telur æskilegt að menntamálaráðuneytið eigi fulltrúa í þeirri nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir vegna náms- og starfsráðgjafar. Landssamband iðnverkafólks telur æskilegt að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá samtökum launþega.

Vegna ákvæða í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar þess efnis að „sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni“ leitaði nefndin upplýsinga hjá forsætisráðuneytinu um vinnu að þessu máli á vegum stjórnvalda. Svar ráðuneytisins er dagsett 12. apríl 1989 og fylgdi því minnisblað frá félagsmálaráðuneyti sem haft hefur málið með höndum. Þar kemur fram að 10. febrúar sl. kvaddi ráðuneytið til fundar ýmsa aðila, þar á meðal fulltrúa landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis, til að fjalla um nefnt ákvæði í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Á þessum fundi voru menn sammála um að rétt væri að ráða starfsmann til nokkurra mánaða til að safna saman upplýsingum og framkomnum hugmyndum um úrbætur, svo og að athuga hugsanlega fjármögnun aðgerða. Að lokinni slíkri undirbúningsvinnu verði tekin ákvörðun um næstu skref og er minnst á nefndarskipan í því sambandi. Þrjú ráðuneyti hafa lýst sig reiðubúin til þátttöku í starfi í samræmi við fram komnar ábendingar á fundinum.

Nefndin tekur undir ábendingar í þingsályktunartillögunni og telur brýnt að til sérstakra aðgerða verði gripið nú þegar til að ná fram úrbótum í atvinnumálum kvenna, ekki síst á landsbyggðinni. Í því sambandi vísar nefndin til þess að nú er hlutfallslega meira atvinnuleysi hjá konum en körlum í flestum kjördæmum og fer vaxandi. Þá sýna tölur úr manntali á síðustu árum að konur eru orðnar til muna færri en karlar í flestum landsbyggðarkjördæmum. Fábreytni í atvinnumöguleikum veldur án efa nokkru um þessa þróun.

Um leið og nefndin hvetur til átaks til úrbóta í atvinnumálum kvenna og með vísan til aðgerða sem í undirbúningi eru hjá stjórnvöldum, m.a. með ráðningu starfsmanns og nefndarskipun, er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 904. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um að efla atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Byggðastofnun, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Iðntæknistofnun Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar og að æskilegt sé að átak sé gert eins og þar er lagt til.

Með vísan til þess sem fram kemur í nefndaráliti um 131. mál, um úrbætur í atvinnumálum kvenna, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 905. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Landsvirkjun, Líffræðistofnun Háskólans, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Skipulagi ríkisins og Stéttarsambandi bænda. Allir taka þessir aðilar jákvætt undir meginefni tillögunnar. Í umsögnum Landsvirkjunar og Orkustofnunar kemur m.a. fram að erfitt sé að meta áhrif virkjunar á umhverfið fyrr en frumhönnun eða yfirlitsrannsókn hefur farið fram. Slíkt mat geti verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Skipulagsstjórn telur mjög æskilegt að rannsókn á umhverfisáhrifum þeirra orkumannvirkja, sem helst komi til greina að ráðast í á næstu áratugum, verði hraðað. Stéttarsamband bænda leggur áherslu á að við gerð áætlunarinnar verði haft samráð við landshlutasamtök og viðkomandi sveitarstjórnir.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 906. Breytingartillaga [108. mál]

við till. til þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.

Sþ. 907. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um lengd skólaárs og samfelldan skóladag.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis og Fræðsluskrifstofu Suðurlands. Fræðslustjórar taka undir þær hugmyndir sem fram koma í tillögunni.

Leitað var upplýsinga í menntamálaráðuneytinu um vinnu í ráðuneytinu að þeim málum sem tillagan fjallar um. Sem svar barst nefndinni skýrsla sem ber heitið: *Lenging skóladags og einsetinn grunnskóli,* unnin af vinnuhópi sem menntamálaráðherra skipaði, útgefin í mars 1989. Þar koma fram margháttaðar upplýsingar um stöðu þessara mála og að áformað sé að skipa nefnd til að fjalla um leiðir til að koma á samfelldum skóladegi. Einnig barst nefndinni handrit að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um grunnskóla þar sem m.a. er gert ráð fyrir að skólahúsnæði skuli miðað við einsetinn skóla (22. gr.) og að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera níu mánuðir á hverju skólaári sem meginregla (40. gr.).

Í ljósi þessa og í trausti þess að áfram verði unnið af atorku að því að koma á samfelldum skóladegi og eðlilegum starfstíma skóla á ári hverju mælir nefndin með því að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 908. Skýrsla [494. mál]

Jóns Sigurðssonar samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1988–1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. SKRIFSTOFA SAMSTARFSRÁÐHERRA NORÐURLANDA

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum 28. september 1988 varð Jón Sigurðsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, samstarfsráðherra Norðurlanda, en í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór Matthías Á. Mathiesen samgönguráðherra með málaflokk norræns samstarfs.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í desember 1986 var ákveðið að skrifstofa samstarfsráðherra Norðurlanda skyldi verða sérstök skrifstofa í utanríkisráðuneytinu, þ.e. skrifstofa Norðurlandamála.

Í ársbyrjun 1984 var Jóni Júlíussyni falið að gegna starfi staðgengils samstarfsráðherra, fyrst sem deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu en frá 1. júlí 1987 sem sendifulltrúa í utanríkisráðuneytinu. Í veikindaforföllum Jóns hefur Haukur Ólafsson sendiráðunautur gegnt starfi staðgengils samstarfsráðherra frá 4. nóvember 1988. Auk þess starfar Áslaug Skúladóttir, deildarstjóri á skrifstofu Norðurlandamála. Skrifstofan hefur aðsetur að Skúlagötu 63.

Samkvæmt fjárlögum 1989 er framlag Íslands til norrænu fjárlaganna 39 800 þús. kr., en heildarframlag á fjárlögum þessa árs til skrifstofu Norðurlandamála er 51 057 þús. kr.

Milli Norðurlandaráðsþinga 1988 í Ósló og 1989 í Stokkhólmi héldu norrænu samstarfsráðherrarnir 8 fundi eða sem hér segir:

19.5.1988	í Stokkhólmi
21.6.1988	í Kaupmannahöfn
19.8.1988	í Kaupmannahöfn
20.9.1988	í Helsingfors
15. og 16.11.1988	á Helsingjaeyri
9.12.1988	í Stokkhólmi
13.1.1989	í Stokkhólmi
31.1.1989	í Kaupmannahöfn

2. NORRÆNU FJÁRLÖGIN

Frá og með norrænu fjárlögunum 1988 var ákveðið að hafa undirbúningstíma þeirra skemmri en áður og ákveðnir tímafrestir voru settir þeim sem gera tillögur um fjárveitingar. Var þannig stefnt að skilvirkara fjárlagakerfi. Þessi breyting þykir hafa gefið góða raun.

Hinn 16. nóvember 1988 samþykkti ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) fjárlagafrumvarp fyrir 1989 og fjárlagaramma fyrir 1990 og 1991. Í fjárlagarammanum er gert ráð fyrir 3% raunhækkun norrænu fjárlaganna hvort árið um sig. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa allar samþykkt þessa aukningu sérstaklega. Rétt þykir að geta þess að þessi aukning þýðir þó ekki að sjálfkrafa verði um árlega raunaukningu norrænu fjárlaganna að ræða. Núverandi samstarfsverkefni verða skoðuð með það í huga að hægt sé að færa fjármuni milli verkefna innan og á milli samstarfsgeira. Engin ný verkefni verða heimiluð nema fjármagn til þeirra sé tryggt.

Niðurstaða norrænu fjárlaganna fyrir 1989 er 610 868 000 danskar krónur sem er 8,2% hækkun frá 1988.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum“, sem hefur verið ákveðinn svo:

	1987	1988	1989
Danmörk	20,5%	20,0%	20,9%
Finnland	20,0%	20,3%	20,4%
Ísland	0,9%	0,9%	1,0%
Noregur	21,5%	21,5%	20,5%
Svíþjóð	37,1%	37,3%	37,2%

Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1988 og 1989.
(1.000 DKK)

Samstarfssvið	Fjárlög 1988	Fjárlög 1989
Menningarmálasjóðurinn	11.529	12.048
Fjárveitingasjóður	20.856	8.128
Almenn menningarmál	47.100	58.201
Fræðslumál	18.710	25.801
Rannsóknir	67.690	69.100
Tölvutækni	37.658	39.353
Orkumál	11.720	10.827
Umhverfismál	12.904	18.485
Vinnumarkaðsmál	10.243	5.104
Vinnuumhverfismál	8.233	8.027
Félags- og heilbrigðismál	30.502	32.067
Jafnréttismál	7.625	2.289
Iðnaðarmál	88.092	71.611
Efnahags- og fjármál	3.287	3.578
Norræna hagstofan	2.253	2.413
Húsnæðismál	6.360	6.133
Viðskiptamál	16.323	13.617
Byggðamál	26.881	24.285
Samgöngumál	9.565	3.539
Umferðaröryggismál	3.597	3.700
Ferðamál	18.500	1.784
Landbúnaðarmál	20.798	19.955
Sjávarútvegsmál	2.703	3.625
Neytendamál	4.694	4.905
Matvælamál	2.194	2.293
Styrkir til félagsstarfsemi	1.920	2.007
Embættismannaskipti	1.694	1.770
Varasjóður ráðherranefndar	11.272	2.035
Líftækni	–	15.000
Launavarasjóður	11.045	11.542
Varasjóður framkvæmdastjóra	1.038	585
Rekstrarkostnaður skrifstofu ráðherranefndarinnar	57.509	61.819
Tölvumál	–	4.800
Norræna efnahagsáætlunin	–	60.442
Samtals	564.495	610.868

3. SKÝRSLA RÁÐHERRANEFNDARINNAR FYRIR ÁRIÐ 1988 OG RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR

Aðalskýrsla norrænu ráðherranefndarinnar, „Berättelse rörande det nordiska samarbetet 1988", C 1 1989, var send Norðurlandaráði í desember 1988. Skýrslan er 341 bls. að lengd og þar er fjallað um alla þá fjölmörgu málaflokka sem formlegt samstarf ríkisstjórna Norðurlandanna nær til.

Störf norrænu ráðherranefndarinnar á síðastliðnu ári endurspeglast í ársskýrslu hennar. Efni ársskýrslunnar er of yfirgripsmikið til þess að hægt sé að gera því ítarleg skil hér en í síðari köflum þessarar skýrslu verður gerð stutt grein fyrir nokkrum mikilvægum samstarfsverkefnum. Um störf embættismannanefnda ráðherranefndarinnar vísast og til ársskýrslunnar.

Norræna ráðherranefndin sendi einnig í desember sl. Norðurlandaráði yfirlitsskýrslu sína „Redogörelse om planerna för det nordiska samarbetet", C 2 1989, þar sem fjallað er um áform og áætlanir ráðherranefndarinnar næstu árin. Sem viðauka við C 2 skýrsluna lagði ráðherranefndin fram skýrsluna „Norden i Europa II", sem nánar verður sagt frá hér á eftir.

Á 37. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var 27. febrúar til 3. mars 1989 í Stokkhólmi, bar ráðherranefndin auk þess upp eftirfarandi 10 ráðherranefndartillögur:

1. Norrænan samning um almannaskráningu
   (Nordisk överenskommelse om folkregistrering).
2. Norrænan samning um vinnuvernd
   (Nordisk arbetsmiljökonvention).
3. Samstarfsáætlun á sviði neytendamála
   (Samarbetsprogram på konsumentområdet).
4. Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála
   (Handlingsplan för det nordiska jämställdhetssamarbetet).
5. Framkvæmdaáætlun gegn krabbameini
   (Handlingsplan mot cancer).
6. Endurskoðaða norræna ferðamálaáætlun
   (Reviderat nordiskt turistprogram).
7. Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989 til 1992
   (Ett starkare Norden – ekonomisk handlingsplan 1989–1992).
8. Áætlun um norræna orkumálasamvinnu 1989 til 1992
   (En plan för nordiskt samarbete på energiområdet).
9. Samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál
   (Samarbetsprogram på fiskeriområdet).
10. Breytingu á menningarmálasamningnum
    (Ændring af den nordiske kulturaftale).

Ofangreindar ráðherranefndartillögur hafa allar sætt nákvæmri skoðun og athugun embættismannanefnda ráðherranefndarinnar auk umfjöllunar viðkomandi fastanefnda Norðurlandaráðs og eftir umræður á 37. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi voru þær allar samþykktar.

Hér á eftir verður hverri þeirra fyrir sig lýst stuttlega:

3.1. Norrænn samningur um almannaskráningu.

Árið 1986 beindi Norðurlandaráð þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar að hún beitti sér fyrir nýjum samningi um almannaskráningu í stað eldri samnings frá 1968. Nefnd undir stjórn Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra vann að tillögum um þetta efni árin 1987 og

1988. Norræna ráðherranefndin samþykkti tillögur nefndarinnar um breytingu á gildandi samningi og voru þær samþykktar á 37. þingi Norðurlandaráðs. Þær breytingar sem hér um ræðir lúta fyrst og fremst að því að gera samninginn um almannaskráningu ítarlegri en nú er, þannig að skráning fólks og meðferð flutningstilkynninga verði með samræmdari hætti en hingað til og auk þess þjálli og skjótvirkari. Meginatriði samningsins er að skráningarskylda vaknar nú fyrst ef dvöl varir í 6 mánuði eða lengur. Þetta skiptir Íslendinga talsverðu máli, því að dönsk stjórnvöld krefjast nú skráningar allra þeirra, sem ætla að dvelja í landinu í 3 mánuði eða lengur. Þetta hefur m.a. leitt til þess að margir Íslendingar, sem dvalið hafa tímabundið í Danmörku, hafa neyðst til að skrá sig innflutta þangað. Það hefur haft í för með sér að þeir falla út af íbúaskrá hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins frá 1968 um að enginn megi vera á skrá samtímis í fleiri en einu Norðurlandanna.

Í samningnum er einnig kveðið nánar á um framkvæmd almannaskráningar til þess að gera skráninguna öruggari og upplýsingaflæði milli hagstofa Norðurlandanna betri. Samningurinn hefur nú þegar í nokkrum atriðum leitt til aukins samræmis og betri framkvæmdar á almannaskráningu milli landanna.

Með samningnum hefur verið gengið eins langt og auðið er innan marka núverandi lögheimilislöggjafar ríkjanna til einföldunar og samræmingar á almannaskráningarreglum í tengslum við flutninga milli Norðurlandanna. Frekari breytingar á almannaskráningu milli landanna kalla á endurskoðun og samræmingu á lögum Norðurlandanna um búsetu og lögheimili. Samningurinn er án efa til mikilla hagsbóta fyrir almenning hvað varðar félagslegt öryggi og samskipti við stjórnvöld svo sem á sviði tryggingamála, skattamála auk skráningarmála. Hið sama gildir um stjórnvöld ríkjanna, þar sem breytingarnar stuðla að aukinni samræmingu, meiri festu og skjótvirkari vinnubrögðum en verið hefur.

3.2. Norrænn samningur um vinnuvernd.

Markmið samningsins er að samræma reglur og forgangsverkefni Norðurlandanna á sviði vinnuverndarmála og stuðla að bættu vinnuumhverfi sem sé grundvallaratriði almennrar velferðar. Heilsusamleg og örugg vinnuskilyrði og aðrar þær aðstæður sem stuðla að vellíðan og starfsgleði þeirra sem taka þátt í atvinnulífinu eru forsendur góðs vinnuumhverfis. Gott vinnuumhverfi og öryggi á vinnustöðum eykur auk þess framleiðni og framþróun í þjóðfélaginu. Í samningnum er gert ráð fyrir því að Norðurlöndin skuli stefna að því að afnema tilefnislausan mun á þeim reglum sem í hverju landi kveða á um vinnuumhverfi og að þau styðji hvert annað í þessum málum með því að skiptast á reynslu og þekkingu og með samræmingu, samvinnu og verkaskiptingu. Á alþjóðavettvangi mun samningurinn efla sameiginlega norræna afstöðu í vinnuverndarmálum og skapa samningsgrundvöll í þeim samningum sem fyrirhugaðir eru um evrópska staðla á þessu sviði.

Að samningnum hefur verið unnið í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samningnum er tekið fram að tillit skuli tekið til þeirra miklu áhrifa sem aðilar vinnumarkaðarins, samkvæmt hefð, hafi á þessi mál.

Samningurinn verður nú lagður fyrir ríkisstjórnir Norðurlandanna til staðfestingar.

3.3. Samstarfsáætlun á sviði neytendamála.

Norrænu samstarfsáætluninni á sviði neytendamála, sem samþykkt var 1984, lýkur í ár. Tæknilegar og efnahagslegar breytingar síðustu ára ásamt aukinni alþjóðaverslun með vörur og þjónustu hafa að mörgu leyti skapað nýjar aðstæður fyrir neytendur. Það hefur því reynst nauðsynlegt að endurskoða samstarfsáætlunina fyrir árin 1990 til 1993 til að mæta kröfum tímans.

Framboð vöru og þjónustu á Norðurlöndunum er svipað. Verslun milli landanna er einnig mikil. Norðurlöndin eru öll mjög háð utanríkisverslun og þá sérstaklega við Vestur-

Evrópu. Á markað í Vestur-Evrópu eru fluttir u.þ.b. ⅔ af öllum útflutningi Norðurlandanna og innflutningur frá Vestur-Evrópu til Norðurlandanna er enn meiri. Þessar aðstæður knýja á um samræmdar norrænar aðgerðir á sviði neytendamála gagnvart Vestur-Evrópu og sérstaklega fyrirhuguðum innri markaði Evrópubandalagsins. Í samstarfsáætluninni er lögð sérstök áhersla á samræmingu á afstöðu Norðurlandanna á sviði neytendamála innan alþjóðasamtaka enda eru Norðurlöndin þá mun betur í stakk búin að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra á sviði neytendamála.

Í samstarfsáætluninni er auk þess lögð rík áhersla á réttindi og öryggi neytenda, lagalega stöðu þeirra, áhrif þeirra á framleiðslu vara, bætta menntun svo og auknar upplýsingar um vörur og þjónustu til neytenda.

3.4. Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála hófst 1974. Árið 1978 samþykkti norræna ráðherranefndin jafnréttisáætlun fyrir Norðurlöndin, sem var síðan endurskoðuð 1982. Samkvæmt áætluninni var unnið á þessum árum að auknu jafnrétti kynjanna á sviði atvinnu, menntunar, félags- og fjölskyldumála, húsnæðismála og aukinnar stjórnmálaþátttöku. Nú hefur norræna ráðherranefndin lagt fram framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála fyrir árin 1989 til 1993. Í þessari nýju áætlun er megináherslan lögð á tvö viðfangsefni, þ.e. hlutverk kvenna í efnahagsþróuninni og leiðir til að auðvelda konum og körlum með fjölskylduábyrgð að taka þátt í atvinnulífinu. Á þessum tveimur sviðum verður stofnað til afmarkaðra rannsóknarverkefna. Sérstök áhersla verður lögð á athuganir á kjörum karla og kvenna á vinnumarkaðinum og leitað leiða til að draga úr launamisrétti. Í áætluninni er jafnframt lögð áhersla á raunhæfa möguleika beggja kynja til að afla sér menntunar og hvernig þau geti sem best sameinað fjölskyldu- og atvinnulíf ásamt möguleikum til að hafa áhrif á samfélagsþróunina.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni er einnig gert ráð fyrir að vinna að öðrum verkefnum. Þeirra á meðal eru kvennarannsóknir, ítarlegri hagskýrslugerð um jafnréttismál, hlut kvenna í stjórnun hlutafélaga og sjóða, dagvistarmál, menntun kvenna og stöðu þeirra og starfsmöguleikum á sviði tölvu- og upplýsingamála svo nokkur verkefnanna séu nefnd. Á árunum 1989 til 1993 verður samtals 16.6 millj. danskra króna varið til norrænu framkvæmdaáætlunarinnar á sviði jafréttismála.

3.5. Framkvæmdaáætlun gegn krabbameini.

Krabbamein er vaxandi heilbrigðisvandamál um allan heim og ljóst er að fremur verður ráðið við vandann með víðtæku samstarfi milli þjóða. Ef meðalaldur og tíðni krabbameins verður áfram óbreytt mun fjórði hver íbúi Norðurlandanna veikjast af krabbameini fyrir 75 ára aldur.

Norrænu framkvæmdaáætluninni gegn krabbameini, sem nær til áranna 1989 til 1992, er ætlað að ná til forvarna, leitarstarfs, krabbameinsmeðferðar, líkamlegrar, sálrænnar og félagslegrar endurhæfingar, aðhlynningar dauðvona fólks, krabbameinsrannsókna, menntunarmála fagstétta, stjórnunar og mats á árangri.

Markmið áætlunarinnar er að fækka dauðsföllum vegna krabbameins á Norðurlöndunum um 15% fyrir árið 2000 og jafnframt tryggja betri líðan þeirra sem ekki læknast. Talið er að þessu markmiði megi ná miðað við þá þekkingu og getu sem nú er fyrir hendi á Norðurlöndunum. Samræmdum aðgerðum landanna er ætlað að stuðla að því að ofangreindum árangri megi ná sameiginlega þar sem ekkert Norðurlandanna hefur bolmagn eitt og sér til að ná þessum árangri.

3.6. Endurskoðuð norræn ferðamálaáætlun.

Norrænu ferðamálaáætluninni 1990–1993 er ætlað að koma í stað fyrri ferðamálaáætlunar, sem samþykkt var 1978. Í áætluninni er lagt til að helstu markmið norrænnar samvinnu á sviði ferðamála verði að ná betri greiðslujöfnuði milli ferðamannaþjónustu Norðurlandanna og annarra landa, að gera fólki auðveldara að ferðast innanlands, að skapa hagstæðari skilyrði fyrir félög og fyrirtæki á sviði ferðamannaþjónustu og að tryggja atvinnuöryggi.

Norræna ferðamálaáætlunin leggur einkum áherslu á eftirfarandi þrjú atriði:

1. Að auka ferðalög milli Norðurlandanna.
2. Að hvetja erlenda ferðamenn til að eyða sumarleyfi sínu á Norðurlöndunum.
3. Að efla ferðamannaþjónustuna.

Í áætluninni eru gerðar tillögur um sérstakar aðgerðir, svo sem bætt gæði og frekari þróun ferðamannaþjónustunnar á Norðurlöndunum og norrænar kynningarherferðir fyrir erlenda ferðamenn. Jafnframt er lögð áhersla á nána samvinnu við hagsmunaaðila í ferðamannaiðnaðinum og sérstök áhersla er lögð á samvinnu norrænu ferðamálanefndarinnar og Norræna ferðamálaráðsins. Einnig er bent á áhrif fyrirhugaðs innri markaðar Evrópubandalagsins á ferðaþjónustuna og að Norðurlöndin aðlagi sig þeim breytingum sem þeirri þróun fylgja.

Norræna ferðamálaáætlunin er að stærstum hluta fjármögnuð af hagsmunaaðilum en nauðsynlegt verður að auka lítils háttar fjárveitingar af norrænu fjárlögunum vegna áætlunarinnar. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að norrænar kynningarherferðir fyrir erlenda ferðamenn verði kostaðar með framlögum af norrænu fjárlögunum.

3.7. Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989 til 1992.

Markmið norrænu efnahagsáætlunarinnar er að stuðla að jöfnum hagvexti, nánari efnahagssamvinnu og að styrkja stöðu Norðurlandanna í heiminum. Áætluninni er ætlað að leiða til frjálsari flutninga með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl milli landanna. Efnahagsáætluninni er jafnframt ætlað að auðvelda aðlögun Norðurlandaþjóðanna að hinum sameiginlega Evrópumarkaði.

Meginmarkmið efnahagsáætlunarinnar eru þrenns konar:

1. Að þróa norræna velferðarkerfið.
2. Að þróa Norðurlöndin sem heimamarkað.
3. Að stuðla að lausn þeirra vandamála sem upp koma við gildistöku hins sameiginlega markaðar Evrópubandalagsins.

Helstu tillögur efnahagsáætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Að afnema viðskiptahindranir.
2. Að styrkja norræna þátttöku í gerð evrópskra staðla.
3. Frjálsari gjaldeyrisviðskipti.
4. Að opna norræna fjármagnsmarkaðinn fyrir erlendum samkeppnisaðilum.
5. Virkari vinnumiðlun milli Norðurlandanna.
6. Aukin stúdenta- og fræðimannaskipti.
7. Styrking Norræna iðnþróunarsjóðsins.
8. Stuðningur við ný verkefni í líf- og efnatækni.
9. Auknir lánamöguleikar til fjárfestinga á sviði umhverfismála, m.a. utan Norðurlandanna.
10. Stuðningur við verkefni í umhverfistækni og norrænan verkefnaútflutning á sviði umhverfismála.

11. Auknar fjárfestingar í samgönguverkefni, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir norræn viðskipti, og tengslin við Evrópu.

Til efnahagsáætlunarinnar næstu fjögur árin verður veitt samtals 250 millj. danskra króna sem eru utan norrænu fjárlaganna.

3.8. Áætlun um norræna orkumálasamvinnu 1989 til 1992.

Í norrænu áætluninni um orkumálasamvinnu 1989 til 1992 er megináherslan lögð á eftirfarandi fjögur svið:

1. Að í orkumálum verði á öllum stigum máls tekið tillit til umhverfisþátta.
2. Að á norræna orkumarkaðnum verði lögð áhersla á áætlanagerð, upplýsingaskipti og samvinnu um orkuáætlanir landanna.
3. Að rannsóknar- og þróunarstarfsemi verði aukin.
4. Að aukin áhersla verði lögð á orkusparnað, sérstaklega í samgöngumálum. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um orkusparnað verði fram haldið.

Jafnframt er í áætluninni, sem kemur í stað fyrri áætlunar fyrir árin 1986 til 1988, fjallað um útflutning á orku, norrænu samstarfsnefndina um kjarnorku og samvinnu á sviði rafmagnsmála. Aukin áhersla er lögð á samvinnu um notkun og nýtingu á gasi.

Tillaga ráðherranefndarinnar um norræna orkumálasamvinnu 1989 til 1992 var nokkuð gagnrýnd af efnahagsnefnd Norðurlandaráðs, sem lagði þó til að hún yrði samþykkt að því tilskyldu að gerðar yrðu á henni nokkrar breytingar. Jafnframt var norrænu ráðherranefndinni falið að leggja fyrir Norðurlandaráð á árinu 1989 tillögur í fyrsta lagi um rammaáætlun norrænu ríkisstjórnanna um þróun norrænnar samvinnu varðandi nýtingu á gasi og í öðru lagi um hina nýju áætlun um orkurannsóknir og í þriðja lagi hvernig tillögum Brundtland-nefndarinnar á sviði orkumála verði sem best fylgt eftir.

3.9. Samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál.

Fyrsta norræna ráðstefnan um sjávarútvegsmál var haldin í Danmörku 1949, en norræn samvinna á þessu sviði á vegum norrænu ráðherranefndarinnar er tiltölulega ný af nálinni.

Í samstarfsáætluninni um sjávarútvegsmál er megináherslan lögð á eftirfarandi svið:

1. Rannsóknir á vistkerfi hafsins.
2. Erfðastofnarannsóknir til að varðveita mismunandi stofnkvæmi fiska.
3. Fiskeldi.
4. Rannsóknir á sviði veiðiaðferða og meðferðar á afla.
5. Markaðsrannsóknir.
6. Auka samvinnu- og upplýsingastreymi milli rannsóknastofnana.
7. Samvinnu á alþjóðavettvangi.

Í áætluninni er einnig hvatt til aukinna rannsókna á samspili fiskistofna innbyrðis og við sjávarspendýr, vistkerfið almennt auk líftæknilegra þátta. Jafnframt verði þekking okkar á mengun sjávar nýtt til að meta afleiðingar mengunar á fiskistofna og sjávarspendýr. Lagt verði mat á hugsanlega hættu á erfðablöndun stofnkvæma fiskistofna og að varúðarráðstafanir verði gerðar til að varðveita hina náttúrulegu stofna. Fiskeldisrannsóknir verði stórefldar með tilliti til frekari þróunar og vaxtar fiskeldis sem atvinnugreinar. Þróuð verði ný veiðarfæri og veiðiaðferðir sem síður spilla náttúrulegu umhverfi en núverandi búnaður.

Í áætluninni er auk þess fjallað um menntun í sjávarútvegi, bætt vinnuumhverfi og slysavarnir.

Samstarfsáætlunin er til fimm ára og verður endurskoðuð eftir þrjú ár.

3.10. Breyting á norræna menningarmálasamningnum.

Þegar norræni menningarmálasamningurinn var gerður 1971 skipaði norrænt samstarf á sviði fjölmiðlunar ekki jafn háan sess og í dag. Norræna framkvæmdaáætlunin um menningarmál gerir hins vegar ráð fyrir aukinni norrænni samvinnu á sviði hljóðvarps, sjónvarps, kvikmynda, myndbanda og annarrar ljósvakamiðlunar almennt. Breytingin á menningarmálasamningnum nú miðar að því að í framtíðinni verði aukin áhersla lögð á norræna samvinnu á þessu sviði.

4. NORÐURLÖND OG EVRÓPA

Viðhorf Norðurlandanna til Evrópubandalagsins mótar nú mjög allt starf norrænu ráðherranefndarinnar.

Í maí 1988 afhenti ráðherranefndin forsætisnefnd Norðurlandaráðs skýrslu um samband Norðurlandanna og Evrópubandalagsins, „Norden i Europa I", og önnur skýrsla, „Norden i Europa II", var lögð fyrir 37. þing Norðurlandaráðs sem viðauki við C 2 skýrslu ráðherranefndarinnar.

Í skýrslunum er gerð grein fyrir forsendum og inntaki innri markaðar Evrópubandalagsins og samanburður gerður við samsvarandi norræn samstarfssvið. Í ljós kemur að norræn samvinna á sér stað á nær öllum þeim sviðum sem innri markaður Evrópubandalagsins mun ná til. Vegna hins nána viðskipta- og efnahagslega sambands Norðurlandanna og landa Evrópubandalagsins fer ekki hjá því að frjáls markaður með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl hafi víðtæk áhrif á Norðurlöndin og samstarf þeirra. Þróun innri markaðar Evrópubandalagsins mun hafa víðtæk áhrif í allri Vestur-Evrópu og það er því mikilvægt að norrænt samstarf sé ekki ósamstiga þessari þróun heldur taki mið af henni. Á þann hátt einan geta Norðurlöndin og norrænt samstarf hagnast á þessari þróun. Sérstök áhersla verður lögð á samstarfsverkefni, þar sem árangur evrópskrar samvinnu nýtist í norrænu samstarfi og á sviðum þar sem norræn samvinna nýtist til að hafa áhrif á þróunina í Evrópubandalaginu.

Sérstakur vinnuhópur á vegum samstarfsráðherranna vinnur nú að áætlun, þar sem grunnurinn verður lagður að þeim ákvörðunum sem taka verður á næstu árum til að styrkja stöðu Norðurlandanna gagnvart hinni evrópsku þróun. Gert er ráð fyrir að sú skýrsla muni liggja fyrir í júnímánuði nk.

Stefna Íslendinga varðandi efnahagssamstarf og sameiningu Evrópu hefur fylgt þróuninni á þessu sviði eftir í stórum dráttum. Íslendingar eru eins og aðrar Norðurlandaþjóðir mjög háðir utanríkisverslun og verða að haga sínum aðgerðum þannig að hún dafni um leið og þeir laga sig að alþjóðlegri þróun. Árið 1987 nam verslun Íslendinga við ríki Evrópubandalagsins 52% af innflutningi og 57% af útflutningi okkar. Evrópa í heild er nú langmikilvægasti viðskiptaaðili Íslendinga. Árið 1987 fóru nálægt tveir þriðju hlutar útflutnings landsmanna til ríkja Evrópubandalagsins og EFTA og tæplega þrír fjórðu hlutar innflutnings til landsins komu þaðan. Íslendingar eiga því afar mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við framtíðarþróun sameiginlegs markaðssvæðis í Evrópu.

Þótt menn horfi nú mjög til ársins 1992 má ekki líta svo á að þá skelli hurð að hælum með tilkomu innri markaðar Evrópubandalagsins. Það sem þá gerist verður aðeins einn áfangi í samfelldri þróun. Mörg skref hafa þegar verið stigin og eftir árið 1992 verður innri markaðurinn enn í örri þróun. Engu að síður getur það reynst dýrkeypt að verða utanveltu við þá þróun sem nú á sér stað. Íslendingar munu ekki aðeins fylgjast með málefnum Evrópubandalagsins til þess að geta brugðist við ákvörðunum bandalagsins heldur munu þeir einnig reyna að hafa áhrif á þessar ákvarðanir eftir megni einir sér og í samstarfi við Norðurlönd og önnur EFTA ríki.

Í almennu umræðunum á 37. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi komst höfundur svo að orði um Norðurlönd og Evrópu:

„Norræn samvinna hefur aldrei einskorðast við efnahagsmál og hún á auðvitað ekki að gera það. Nánari samvinna milli Norðurlanda og Evrópubandalagsins, t.d. með einhvers konar tollabandalagi milli Evrópubandalagsins og EFTA, má ekki leiða til þess að við sláum af kröfum okkar á mikilvægum sviðum, t.d. varðandi umhverfisvernd, vinnuumhverfi og neytendavernd. Fríverslun milli Vestur-Evrópuríkja má aldrei standa í vegi alþjóðlegrar fríverslunar. Samræming í skattamálum milli Norðurlanda og Evrópubandalagsins má heldur ekki leiða til þess að við sláum af þeim miklu kröfum sem við gerum til samfélagsþjónustu. Við verðum að slá skjaldborg um hina norrænu þjóðfélagsgerð, sem á rætur sínar í sameiginlegum menningararfi okkar, lýðræðishefðum og umhyggju fyrir þeim sem minna mega sín í lífsbaráttunni.

Um leið og við bætum skipulag norrænnar samvinnu m.a. í því skyni að treysta samband okkar við ríki Evrópubandalagsins verðum við að setja markið hátt á öðrum sviðum eins og umhverfisverndar og menningar. Samstarfsáætlanir um umhverfisvernd og um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar, sem samþykktar voru í Helsingör, voru góð byrjun á því mikla átaki, sem þörf er á í umhverfismálum. Á því sviði eiga Norðurlönd að láta mikið að sér kveða á alþjóðavettvangi og til þess höfum við góðar forsendur. Lífríki jarðar hefur nógu lengi mátt þola rányrkju og mengun frá eitruðum úrgangsefnum. Norðurlandabúar eiga að sýna öðrum jarðarbúum hvernig athafnir eiga að fylgja orðum í því skyni að vernda umhverfi okkar vegna framtíðar mannkyns."

5. NORRÆNI FJÁRFESTINGARBANKINN (NIB)

Norræni fjárfestingarbankinn veitir lán til norrænna verkefna innan og utan Norðurlanda. Lánin taka mið af markaðsvöxtum en vegna traustrar eiginfjárstöðu getur hann tekið lán á alþjóðamarkaði með hagstæðum kjörum. Þetta auðveldar honum að bjóða lántakendum góð kjör. Umsvif bankans jukust enn verulega á árinu 1988 eins og tvö árin þar á undan. Útlánin námu 2.241 milljónum SDR (sérstökum dráttarréttindum) í árslok 1988 og höfðu þá aukist um 339 milljónir SDR (1 SDR = 62.1983 ísl. kr. í árslok 1988). Hagnaður bankans nam 31 milljón SDR á árinu 1988 sem er 3 millj. SDR lægra en árið áður. Þetta á aðallega rót sína að rekja til þess að reikningar bankans eru færðir í SDR og hvort tveggja var að vextir í þeirri reikningseiningu lækkuðu á árinu og hluti af eigin fé bankans sem bundið hafði verið í verðbréfum gegn hærri vöxtum á fyrri árum skilaði nú minni arði.

Uppistaðan í útlánum bankans eða um 90% eru lán veitt til fyrirtækja og stofnana innan Norðurlanda. Orkuiðnaðurinn hefur frá upphafi fengið mikið að láni hjá bankanum og svo var einnig á síðastliðnu ári. Þá tók m.a. Landsvirkjun að láni hjá bankanum 70 milljónir svissneskra franka til Blönduvirkjunar. Lán til orkumála námu 29% af lánum bankans innan Norðurlanda í árslok 1988. Lán til málmiðnaðarins jukust einnig á árinu 1988 og námu í lok ársins 22% af heildarútlánum. Ekki er síður athyglisvert að lán til umbreytinga í atvinnulífi Norðurlanda hafa aukist hin síðari ár. Norðurlönd eru eðlilegur heimamarkaður fyrir mörg norræn fyrirtæki og löndin eru að verða í æ ríkari mæli einn markaður án hindrana sem landamæri ríkjanna skapa.

Á síðastliðnu ári ákvað norræna ráðherranefndin að festa svæðislánakerfi bankans í sessi, en það hafði verið rekið í reynsluskyni frá árinu 1980. Á árinu 1988 voru lánaðar 20 millj. SDR til byggðasjóða í Finnlandi, Færeyjum og á Íslandi.

Af alþjóðlegum lánum kvað mest að lánum til Sovétríkjanna og Indlands en bankinn hefur hafið samvinnu við 15 ríki með miðstýrða efnahagsstarfsemi.

Í árslok 1988 var hlutur Íslands í fjárfestingar- og svæðislánum bankans 7,9%, Noregs 17,5%, Finnlands 21,3%, Svíþjóðar 25,0% og Danmerkur 28,3%. Hlutdeild Íslands í útlánum bankans er því tiltölulega miklu meiri en eignarhlutur þess í bankanum.

Af nýmælum í sambandi við starfsemi bankans má nefna að hinn 1. febrúar á þessu ári opnaði bankinn skrifstofu í Kaupmannahöfn. Verður hún rekið í tilraunaskyni í tvö ár og þá tekin ákvörðun um framhaldið. Tilgangurinn með skrifstofunni er að sinna betur litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum í Danmörku og að fylgjast með lántakendum bankans þar í landi. Það hefur sýnt sig að í Finnlandi, þar sem höfuðstöðvar bankans eru, er dreifing útlána til annarra en stórfyrirtækja mun meiri en annars staðar á Norðurlöndum.

Einnig ber þess að geta að til umfjöllunar er að breyta samþykktum Norræna fjárfestingarbankans að því er varðar túlkun á „norrænu innihaldi" (nordiskt intresse) verkefna. Fyrirhugað er að skilgreina fjárfestingu til umhverfismála þannig að verkefni á því sviði verða lánshæf þótt einungis eitt Norðurlanda eigi beinan hlut að máli. Þá er haft í huga að umhverfisvernd nýtist íbúum margra ríkja, þar eð mengun lofts og lagar virðir engin landamæri.

Á síðstliðnu ári fjölgaði um fimm starfsmenn hjá bankanum og voru þeir samtals 86 í árslok 1988. Ekki er talið að mikil fjölgun verði á starfsliði á næstu árum. Þá er hinn nýstofnaði Þróunarsjóður Norðurlanda ekki talinn með, en hann verður rekinn í nánu samstarfi við bankann. Þetta og hærri byggingarkostnaður en áætlaður hafði verið voru aðalástæður þess, að slegið var á frest áformum um að ráðast í nýbyggingu fyrir starfsemi bankans á þessu ári.

Einn Íslendingur starfar nú hjá bankanum, Þorsteinn Þorsteinsson, og er hann svæðisstjóri fyrir Ísland.

Á árinu 1988 var endurskipað í stjórn bankans til fjögurra ára. Jón Sigurðsson lét af störfum sem aðalmaður er hann varð ráðherra á árinu 1987. Fulltrúar Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans eru nú Þórhallur Ásgeirsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, og dr. Guðmundur Magnússon prófessor. Varamenn eru Tómas Árnason seðlabankastjóri og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri.

6. NORRÆNI VERKEFNAÚTFLUTNINGSSJÓÐURINN (NoPEF)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn var stofnaður árið 1982. Í fyrstu starfaði sjóðurinn til reynslu, en á síðasta ári var tekin ákvörðun um að gera sjóðinn að norrænni fastastofnun frá og með 1.janúar 1989.

Sjóðurinn hefur það verkefni með höndum að hvetja til verkefnaútflutnings, fyrst og fremst til þróunarlandanna og Austur-Evrópu. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru geta leitt til verk- og sölusamninga. Norðurlöndin skulu hafa hagsmuna að gæta í þessum verkefnum. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings.

Eftirspurn eftir stuðningi úr sjóðnum hefur verið mikil. Samtals hefur sjóðurinn fjallað um 351 verkefni á árunum frá 1982 til 1988 og þar af samþykkt styrki til 218 verkefna að fjárhæð um 550 milljónir króna. Á árinu 1988 var fjallað um 75 verkefni og samþykkt að veita 44 styrki, samtals að fjárhæð um 120 milljónir króna.

Frá því sjóðurinn var stofnaður hafa 11 verkefni, sem studd hafa verið af sjóðnum, leitt til verk- eða sölusamninga. Þetta er um það bil 13% af þeim verkefnum sem lokið er. Samanlagt er talið að andvirði verk- og sölusamninga í tengslum við þessi verkefni nemi nálægt 12.500 milljónum króna.

Hagsmunir Norðurlandanna í þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur stutt eru eðli málsins samkvæmt misjafnir. Svíþjóð hefur tengst flestum verkefnanna eða um 229. Noregur 187,

Danmörk og Finnland um 150 hvort land og Ísland hefur tengst 46 verkefnum. Þetta er meiri þátttaka af Íslands hálfu en búist var við í upphafi. Það kemur ekki á óvart að flest verkefnanna, sem Ísland tengist, eru í sjávarútvegi og orkubúskap, en einnig er ánægjulegt að verkefni í öðrum greinum, bæði í iðnaði og verktakastarfsemi, hafa skotið upp kollinum.

Þótt tilraunir íslenskra fyrirtækja hafi ekki enn borið þann árangur að þær hafi leitt til samnings um útflutningsverkefni má fullyrða að íslensku fyrirtækin hafi bæði öðlast mikilvæga reynslu með þátttöku í þessum verkefnum og jafnframt leitt til sambanda við önnur norræn fyrirtæki sem kunna að reynast þýðingarmikil í framtíðinni. Þá er rétt að vekja athygli á því, að ekki er óvenjulegt að 3 til 6 ár líði frá því vinna við undirbúning verkefnis hefst þar til því er hrundið í framkvæmd. Ljóst er að í fáum greinum er eins mikill möguleiki á árangri og í sjávarútvegi og orkuvinnslu. Í þessum greinum hafa Íslendingar yfir mikilvægri reynslu og þekkingu að ráða og sameiginlega eru Norðurlöndin sterk og mjög vel samkeppnisfær á þessum sviðum á alþjóðavettvangi.

Í framtíðinni er mikilvægt að Íslendingar taki ríkari þátt í útflutningsverkefnum en verið hefur. Brýnt er í þessu sambandi að Íslendingar bindi sig ekki eingöngu við sölu á ráðgjöf og þjónustu og hugsanlega vörum í einhverjum mæli, heldur fjárfesti jafnframt í erlendum fyrirtækjum. Það á reyndar við Norðurlöndin öll að æskilegt er fyrir þau að gerast í ríkara mæli en nú er eignaraðilar að fyrirtækjum utan Norðurlanda. Kjörið er fyrir Íslendinga að eiga samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar í þessu efni. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn getur gegnt mikilvægu hlutverki í því að leiða saman aðila um áhugaverð verkefni á þessu sviði.

Norræn samvinna getur án efa skilað þjóðunum verulegum ávinningi í mynd aukins útflutnings til annarra landa. Má í þessu sambandi nefna sérstaklega, auk verkefnaútflutningssjóðsins, Norræna fjárfestingarbankann og Norræna þróunarsjóðinn. Jafnframt er mikið og gott samstarf milli norrænu útflutningsmiðstöðvanna. Þetta er góður grunnur til að byggja á norrænt samstarf um útflutning.

Um síðustu áramót voru ákveðin tímamót í starfsemi sjóðsins. Fram til þess tíma hafði hann starfað til reynslu, en um áramótin var hann gerður að einni af fastastofnunum Norðurlandanna. Nú er því verið að vinna að mótun framtíðarstarfsemi sjóðsins í einstökum atriðum.

Af Íslands hálfu sitja í stjórn sjóðsins Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem jafnframt er nýkjörinn formaður stjórnar hans, og Stefán Friðfinnsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

7. NORRÆNI ÞRÓUNARSJÓÐURINN

Hinn 20. desember 1988 samþykkti Alþingi þingsályktun um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs. Samningurinn var fullgiltur af forseta Íslands á ríkisráðsfundi 31. desember sl.

Árið 1984 samþykkti Norðurlandaráð ályktun til norrænu ráðherranefndarinnar um að láta gera athugun á því með hvaða hætti unnt væri að veita svokölluð „mjúk“ lán, þ.e. vaxtalaus lán til langs tíma, til þróunarverkefna og fjárfestinga í þróunarlöndum.

Þessi ályktun byggðist m.a. á þörfinni fyrir að auka fjárstreymi til þróunarlanda og jafnframt þeirri viðleitni að norrænir framleiðendur og verktakar stæðu betur að vígi í samkeppninni um verkefni sem þörfnuðust slíkrar fjármögnunar.

Eftir ítarlegar athuganir samþykkti Norðurlandaráð í mars 1988 að stofna sjóð er veita skyldi vaxtalaus lán til langs tíma til þróunarverkefna og fjárfestinga í þróunarlöndum, sér í lagi til fátækustu ríkja (LDC-ríkja). Lánveitingar skyldu vera í formi samfjármögnunar með öðrum alþjóðlegum peningastofnunum eins og t.d. Alþjóðabankanum og Norræna fjárfestingarbankanum.

Sjóðnum er ætlað að örva efnahagskjör og þjóðfélagslegar framfarir í þróunarlöndunum með því að taka þátt í að fjármagna, með sérstaklega hagstæðum kjörum, verkefni í þessum löndum þar sem norrænna hagsmuna er að gæta. Það má því búast við að kaup á vörum og þjónustu, í sambandi við verkefnin, verði að miklu leyti frá norrænum fyrirtækjum.

Stofnfé sjóðsins, sem stofnaður er til reynslu til fimm ára, er 100 milljónir SDR, sem á gengi 20. janúar 1989 svaraði til rúmlega 6,5 milljarða íslenskra króna. Af stofnfé til starfsemi sjóðsins er hluti danska ríkisins 20,0 millj. SDR, finnska ríkisins 20,3 millj. SDR, íslenska ríkisins 0,9 millj. SDR (tæpar 59 millj. ísl.kr.), norska ríkisins 21,5 millj. SDR og sænska ríkisins 37,3 millj. SDR. Reiknað er með jöfnum árlegum greiðslum árin 1989–1993.

Sjóðurinn er sjálfstæð norræn stofnun. Hann er til húsa í höfuðstöðvum Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur þar góðs af starfsliði og búnaði hans. Þannig verður komist hjá að vera með stóra og dýra yfirbyggingu hjá sjóðnum.

Stjórn Norræna þróunarsjóðsins (NUF), sem var formlega stofnaður 3. nóvember 1988, hélt sinn fyrsta reglulega fund í Stokkhólmi þann 8. febrúar 1989. Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar allra Norðurlandanna. Af Íslands hálfu situr í stjórninni dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Varamaður Íslands í stjórninni er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, skólastjóri Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna. Fundinn í Stokkhólmi sat einnig nýráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins, Carl Ivar Öhmann, frá Svíþjóð.

8. NORRÆNN ÞRÓUNARSJÓÐUR FYRIR HIN VESTLÆGU NORÐURLÖND

Í skýrslu samstarfsráðherra til Alþingis um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1987–1988 var gerð grein fyrir stofnun og markmiðum norræna þróunarsjóðsins fyrir hin vestlægu Norðurlönd (Udviklingsfond for Vestnorden), en eitt af aðalmarkmiðum sjóðsins er að styrkja og þróa fjölbreytt atvinnulíf á Vestur-Norðurlöndum með hæfilega löngum lánum.

Frá stofnun sjóðsins hafa lánveitingar aðeins verið tvær og báðar til íslenskra fyrirtækja. Það eru fyrirtækin Kompass hf. sem fékk lán að upphæð 2 millj. danskra kr. og Sjófang hf. sem fékk 233 þús. þýsk mörk að láni. Það má því segja með réttu að treglega gangi að koma hinni fremur ódýru og hagstæðu fjármögnun, sem sjóðurinn getur veitt í formi lána, á framfæri enda þótt mörg fyrirtæki séu í miklum fjárhagslegum vanda. Síðastnefnda atriðið er þó sennilega ein aðalskýringin á vandanum á Íslandi, því að mörg þeirra fyrirtækja sem leitað hafa til sjóðsins geta ekki lagt fram nægar tryggingar fyrir endurgreiðslu lána vegna slæmrar eiginfjárstöðu. Miklar breytingar eiga sér nú auk þess stað á sjóðakerfum á Íslandi.

Á Grænlandi og í Færeyjum eru vandamálin önnur. Í Færeyjum hefur verið töluvert framboð á lánsfé og í því sambandi einnig offjárfesting í vissum atvinnugreinum. Atvinnulíf á Grænlandi er að miklu leyti ríkisrekstur sem átt hefur í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Í báðum þessum löndum eru sjóðakerfi sem veita lán með niðurgreiddum vöxtum.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd er sjálfstæð stofnun, sem leigir húsnæði og rekstrarþjónustu (að hluta til) hjá Byggðastofnun. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur fram að þessu sinnt öllum verkefnum hans vegna hinnar tregu þróunar í útlánum, en nú eru tvær nýjar lánaumsóknir í afgreiðslu til íslenskra fyrirtækja og loksins er farið að örla á nýjum verkefnum á sviði sjóðsins í Færeyjum. Á næstunni er því gert ráð fyrir fjölgun í starfsliði sjóðsins.

Ársreikningar sjóðsins fyrir árið 1988 hafa nýlega verið endurskoðaðir og verið er að leggja síðustu hönd á skýrslu sem fjallar um starfsemi sjóðsins frá 1. nóvember 1987, er hann tók til starfa, og til 31. desember 1988. Stjórn sjóðsins hefur talið eðlilegast að nefna þetta tímabil hið fyrsta í starfsemi sjóðsins í sambandi við ársreikninga hans.

Á árunum 1987 og 1988 hefur sjóðurinn verið rækilega kynntur á Vestur-Norðurlöndum í fjölmiðlum. Af Íslands hálfu situr í stjórn sjóðsins Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri og Hlynur Þór Magnússon ritstjóri er varamaður hans. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Steinar Bendt Jakobsson.

9. NORRÆNA LÍFTÆKNIÁÆTLUNIN

Norðurlandaráð samþykkti tillögu að samstarfsáætlun á sviði líftækni á 36. þingi sínu í Ósló 1988. Í apríl 1988 var gengið frá skipun stjórnar áætlunarinnar (Nordiska programkommittén för bioteknologi, NPB) og í henni á sæti einn fulltrúi hvers Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Baldursson, deildarstjóri hjá Rannsóknaráði ríkisins, og varamaður hans er dr. Jakob K. Kristjánsson, Iðntæknistofnun Íslands.

Hlutverk NPB er að samræma áform um líftæknirannsóknir á Norðurlöndunum, hvetja til aukins samstarfs, samræma tillögur um fjárveitingar til áætlunarinnar af norrænu fjárlögunum og að lokum skal stjórnin gangast fyrir því að mat verði lagt á árangur af líftækniáætluninni.

Nokkrir norrænir aðilar vinna að verkefnum sem tengjast líftækni. Stærstir eru Norræni iðnþróunarsjóðurinn (NI) og norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin (Nordiska ämbetsmannakommittén för jord- och skogsbruksfrågor (NÄJS)), sem er ein af embættismannanefndum norrænu ráðherranefndarinnar, og NPB.

Þessir aðilar hafa deilt með sér verkum þannig að NI og NÄJS sinna verkefnum sem telja verður á starfssviði þeirra, en NPB er tímabundinn framkvæmdaaðili á þeim sviðum sem falla utan verksviðs NI og NÄJS. Jafnan er leitast við að fela framkvæmd verkefna þeim aðilum sem fyrir eru á vettvangi norræns samstarfs. Auk þeirra verkefna sem að ofan er getið fylgist NPB með áformum annarra norrænna aðila um líftæknirannsóknir og hvetur til samstarfs á sviðum sem lítt hefur verið sinnt.

Til þess að tryggja samráð sitja áheyrnarfulltrúar NI og NÄJS fundi NPB og gefa skýrslur um starf sitt. Upplýsingastreymi og tengsl við líftæknirannsóknir í löndunum sjálfum hefur verið tryggt þannig, að NI og NÄJS hafa sett á laggirnar ráðgjafahópa hvor í sínu lagi. Þessir hópar eru skipaðir fulltrúum allra Norðurlandanna og er þar um að ræða fólk sem situr í rannsóknaráðum og sinnir skipulagi og framkvæmd líftækniáætlana í starfi sínu. Í ráðgjafahópi NI er Eiríkur Baldursson en dr. Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, situr í hópi á vegum NÄJS.

Á árinu 1988 hafði norræna líftækniáætlunin 25 millj. danskra króna til ráðstöfunar, þar með taldar 15 millj. danskra króna af fjárhagsáætlun Norræna iðnþróunarsjóðsins. Fjármagn þetta var notað til þess að kosta forvinnu að stærri verkefnum á vegum NI og NÄJS. Eigin framlagi NI var einkum varið til þess að styrkja rannsókna- og þróunarverkefni og í lán til fyrirtækja.

Á árinu 1989 gerði stjórn líftækniáætlunarinnar ráð fyrir því að ráðstöfunarfé yrði alls 55 millj. danskra króna og skiptist þannig að NI fengi 28 millj. danskra króna, NÄJS fengi 6 millj. danskra króna og NPB 6 millj. danskra króna, en auk þess legði NI fram 15 millj. danskra króna af eigin fjárhagsáætlun. Niðurstöðutölur norrænu fjárlaganna urðu hins vegar niðurskurður um tæpan þriðjung eða 16 millj. danskra króna. Einkum var skorið niður framlag til þess hluta áætlunarinnar sem er á verksviði Norræna iðnþróunarsjóðsins.

Stjórn NPB mótmælti þessum niðurskurði og taldi að ekki yrði unnt að framfylgja þeirri áætlun sem þing Norðurlandaráðs hefði samþykkt efnislega. Framkvæmd líftækniáætlunarinnar færi því hægar af stað en ráð væri fyrir gert.

Niðurskurðurinn felur í sér að nokkuð verður dregið úr einstökum þáttum í áætluninni. Þannig er gert ráð fyrir að stórverkefnum verði fækkað. Styrkjum til námsvistar, stuðningi við samstarf milli verkefna sem njóta styrkja heima fyrir og stuðningi við rannsóknastofnanir, sem skara fram úr á sínu sviði, verður að ætla stað innan þeirra stórverkefna sem ráðist verður í. Þess má geta að ekki hefur verið gengið frá því, hve umfangsmikið verkefnið um hita- og kuldakærar örverur verður, en það er eitt af þeim verkefnum sem af Íslands hálfu hefur verið lögð mikil áhersla á.

Þau þrjú svið sem njóta forgangs í áætluninni og heyra ekki með eðlilegum hætti undir verksvið NI og NÄJS og koma því til kasta NPB eru:

1. **Erfðatækni** er safn aðferða og sérfræðiþekkingar sem skiptir sköpum fyrir flest það sem líftæknistarfsemi kallast. Á öllum Norðurlöndunum er rík þörf fyrir að efla menntun á þessu sviði. Starfshópur var settur á laggirnar til þess að kanna hvaða námskeið eru í boði við norræna háskóla og til þess að gera tillögur um með hverjum hætti styðja mætti við starfsemina þannig að sem flestir ættu aðgang að námskeiðunum. Fulltrúi Íslands í þessu starfi var dr. Valgerður Andrésdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Hún situr áfram í starfshópi sem falið var að annast framkvæmdina.
2. **Líftækni í fiskeldi,** þ.e. þýðing líftæknilegra aðferða við sjúkdómsgreiningar, grunnrannsóknir á eðli sjúkdóma, varnir gegn þeim og framleiðsla bóluefna og lyfja. Fleiri aðilar í Norðurlandasamstarfinu sinna málefnum fiskeldis. Að tillögu Íslands vinnur starfsmaður NPB nú að könnun á því í þeim tilgangi að samræma starfið.
3. **Líftækni í umhverfismálum.** Umhverfismál njóta nú vaxandi athygli í samstarfi Norðurlandanna. Á árinu 1988 var mótuð stefna og áætlanir samþykktar um umhverfismál, hjá NÄJS hvað varðar landbúnað og skógarvinnslu og umhverfisáætlun NI var lögð fram. NPB samþykkti íslenska tillögu þess efnis að eðlilegt væri að samræma aðgerðir allra aðila.

Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefur gengist fyrir kynningum á norrænu líftækniáætluninni m.a. á „Bio-Science 88" í Lundi í apríl 1988 ásmt NPB og NÄJS, í Umeå í maí, Åbo í september, og í Reykjavík ásamt NPB í september 1988.

Norræni iðnþróunarsjóðurinn styrkti tvö málþing árið 1988, þ.e. erfðatækniráðstefnu í Ullensvang í júní 1988 og „Lindeström-Lang proteinase" ráðstefnu í Kaupmannahöfn í júlí.

Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefur lagt mesta áherslu á stórverkefni (paraplyprogram). Unnið hefur verið að undirbúningi nokkurra verkefna. Undirbúningnum hefur verið þannig háttað, að sérfróðum mönnum hefur verið falið að draga upp mynd af rannsóknum á sviði sem nýtur forgangs í líftækniáætluninni. Að því búnu hefur verið efnt til málþings vísindamanna, embættismanna og fulltrúa fyrirtækja. Niðurstaða málþinganna hefur beinst að fáeinum lykilatriðum og næst hefur verið óskað tillagna um samvinnuverkefni fyrirtækja og stofnana og milli landa. Stýrihópur velur úr verkefni sem talin eru álitlegust að mati sérfróðra matsmanna. Kostnaður við stórverkefni er greiddur þannig, að allt að helmingur er greiddur af NI, 30% úr sjóðum heima fyrir og 20% af fyrirtækjum sem taka virkan þátt í verkefnunum.

Eftirtalin stórverkefni eru nú komin vel á veg:

„Livsmedelsbioteknik". Fulltrúi Íslands í stýrihópi er dr. Einar Matthíasson, Iðntæknistofnun Íslands.

„Protein engineering". Íslenskur meðlimur stýrihóps er dr. Ágústa Guðmundsdóttir, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

„Termofila och psykrofila mikroorganismer (enzymer)". Í stýrihópi situr dr. Jakob K. Kristjánsson, Iðntæknistofnun Íslands.

„Växtcellsbioteknik" er stórverkefni sem unnið er að í samvinnu NI og NÄJS og skiptist kostnaðurinn milli þeirra. Fulltrúi í stýrihópi er dr. Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

„Bioprocesser" er stórverkefni sem unnið hefur verið af Stiftelsen Bioteknisk Forskning í Lundi í Svíþjóð. Málþing þess verkefnis sótti dr. Bergur Benediktsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefur einnig staðið að rannsóknum og könnun á notkun líftæknilegra aðferða í þágu umhverfismála, en stórverkefni á því sviði er skemmra á veg komið. Málþing verkefnisins sótti Ólafur Pétursson, Hollustuvernd ríkisins.

Á verksviði NÄJS hefur líftækni verið skipt í tvö svið: Annars vegar líftækni plöntufruma og hins vegar líftækni dýrafruma. Megináherslan verður lögð á fyrrnefnda sviðið og tekist hefur samkomulag við NI um stórverkefni (paraplyprogram), sem kostað verður af báðum aðilum. Innan NÄJS er mikil áhersla lögð á námskeið, námsdvalir og annað sem lýtur að auknum tengslum og miðlun þekkingar.

Í samvinnu NPB, NI og NÄJS var gengist fyrir könnun á áhuga fyrirtækja og rannsóknastofnana á samstarfi um líftæknirannsóknir. NI annaðist framkvæmd könnunarinnar og bárust svör sem varða um 1500 vísinda- og tæknimenn í þjónustu fyrirtækja, stofnana og háskóla. Helsta niðurstaða könnunarinnar var sú að efst á óskalistann var sett framhaldsnám og námskeið fyrir þá sem lokið hafa doktorsprófi ásamt styrkjum til fyrirtækja og stofnana til að senda vísindamenn á sérhæfð námskeið og ráðstefnur. Lítill munur var á milli fyrirtækja og stofnana á þessari röðun á listann.

Einkaleyfismál. Sérfræðinganefnd norrænu ráðherranefndarinnar hefur skilað skýrslu sinni um málefni einkaréttar og líftækni. Á næstunni verður efnt til ráðstefnu um niðurstöður skýrslunnar.

Nefnd um siðfræði og líftækni. Nefndin var skipuð í ársbyrjun 1989. Fulltrúar Íslands í henni eru dr. Jórunn Erla Eyfjörð, Rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands og dr. Arnór Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Í stjórnarnefnd líftækniáætlunarinnar (NPB) voru sóttir fimm fundir og hefur skrifstofa Norðurlandamála greitt ferðakostnað, en Rannsóknaráð ríkisins dagpeninga.

10. NORRÆNT SAMSTARF Á SVIÐI TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Norræna ráðherranefndin setti á árinu 1984 í gang áætlun um aukið samstarf Norðurlandanna á sviði tölvu- og upplýsingatækni. Samstarfsáætlunin náði yfir tímabilið 1984–1989 og var framkvæmd hennar í megindráttum falin 2 aðilum, þ.e. annars vegar Norræna Iðnþróunarsjóðnum (NI) og hins vegar sérstakri nefnd, sem fékk heitið RU-DATA (Rådgivande Utskott i DATA-frågor). Verkaskipting var á milli aðila þannig að iðnþróunarsjóðurinn hefur með höndum samstarfið á sviði tækniþróunar í iðnaðarframleiðslu, en hlutverk tölvunefndarinnar er, samkvæmt skipunarbréfi, bundið við „önnur forgangssvið", en þau eru m.a. eftirtalin: atvinnulífið, opinber stjórnsýsla, staðlar, lög og reglur, málefni fatlaðra, almannatryggingar og félagsmál, menntun og frumrannsóknir.

Starf tölvunefndarinnar hefur í meginatriðum falist í tillögugerð um styrkveitingar til tiltekinna þróunarverkefna á ofangreindum sviðum, en auk þess hefur hún staðið fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga með námskeiðum og ráðstefnuhaldi. Þróunarverkefnin hafa í langflestum tilfellum falist í samstarfi tveggja eða fleiri aðila frá fleiri en einu Norðurlandanna bæði með þátttöku einka- og opinberra aðila.

Þegar starf nefndarinnar var u.þ.b. hálfnað var gerð á vegum nefndarinnar úttekt á starfseminni og árangri hennar. Nefndin fékk sérfróðan aðila til að meta árangur af starfinu og gerði hann sérstaka skýrslu sem kynnt var á 36. þingi Norðurlandaráðs í Ósló í febrúar 1988.

Ísland hefur beint og óbeint notið góðs af þessu samstarfi. Ritari nefndarinnar hefur heimsótt Ísland nokkrum sinnum og kynnt starfið fyrir fjölmörgum fulltrúum íslenskra fyrirtækja. Nokkur íslensk verkefni hafa verið styrkt að tilstuðlan nefndarinnar auk þess sem íslenskir aðilar hafa tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum, sem styrkt hafa verið af nefndinni.

Á yfirstandandi ári hefur nefndin starfað með sama hætti og áður og er vísað til greinargerðar um starfið frá sl. ári. Árið 1989 er síðasta starfsár nefndarinnar og hættir hún því störfum nú í árslok.

Fulltrúar Íslands í tölvunefndinni hafa verið þeir Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi og Egill B. Hreinsson verkfræðingur.

11. NORRÆN ÁÆTLUN UM VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR

Árið 1985 setti sú embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallar um umhverfismál á stofn vinnuhóp sem á að vera tengiliður milli stjórnvalda á Norðurlöndum hvað varðar mengunarvarnir sjávar á alþjóðavettvangi. Þessi vinnuhópur hefur frá upphafi haft það meginverkefni að samræma sjónarmið Norðurlandanna á alþjóðavettvangi í sambandi við alþjóðasamninga um mengunarvarnir sjávar sem löndin eru aðilar að.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur átt fulltrúa í þessum vinnuhópi frá upphafi og hefur Gunnar H. Ágústsson deildarstjóri setið í vinnuhópnum fyrir Íslands hönd.

Árið 1987 var vinnuhópnum falið að semja norræna áætlun um varnir gegn mengun sjávar í samræmi við tillögu um það efni, sem samþykkt var á 35. þingi Norðurlandaráðs 1987 í Helsingfors. Tillaga þessi var flutt af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi.

Þessi mengunarvarnaáætlun nær til allra þátta mengunarvarna sjávar. Áætlunin nær yfir öll norræn höf, austast frá botni Finnska flóans og vestur fyrir Grænland, úr Norðursjó og norður í Íshaf.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs sem haldið var 16.nóvember 1988 voru tvær áætlanir um umhverfismál lagðar fram af norrænu ráðherranefndinni (umhverfismálaráðherrarnir) og samþykktar. Þessar áætlanir voru:

1. Almenn áætlun um samstarf Norðurlanda á sviði umhverfismála.
2. Norræn áætlun um varnir gegn mengun sjávar.

Í almennu áætluninni er gert ráð fyrir að Norðurlönd semji auk þess norrænar áætlanir um varnir á tilteknum sviðum, s.s. vegna loftmengunar og mengunar sjávar.

Báðar þessar áætlanir voru síðan staðfestar af umhverfismálaráðherrum Norðurlandanna á fundi í Helsingfors 10. janúar 1989.

Á aukaþinginu 16. nóvember sl. var enn fremur samþykkt að endurskoða áætlunina um mengunarvarnir sjávar með það fyrir augum að herða enn frekar aðgerðir gegn sjávarmengun. Endurskoðun áætlunarinnar er þegar hafin og var fyrsti endurskoðunarfundur vinnuhópsins haldinn í Reykjavík í febrúar 1989.

Stefnt er að því, að hin endurskoðaða áætlun verði lögð fram á næsta þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1990.

12. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN UM NORRÆNT MENNINGARSAMSTARF

Eins og fram kom í skýrslu samstarfsráðherra sl. ár staðfesti norræna ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) í mars 1988 framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf. Með tilliti til fjárframlaga miðast áætlunin einkum við árin 1989 til 1991. Á árinu 1988 var unnið að undirbúningi ýmissa verkefna sem áætlunin tekur til, svo og að þeim breytingum á skipulagi og stjórnkerfi menningarsamstarfsins sem framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir.

Af verkefnum sem tengjast framkvæmdaáætluninni og unnið er að um þessar mundir skulu fáein nefnd:

1. NORDPLUS-áætlunin.

Hér er um að ræða styrkjakerfi sem miðar að því að efla samvinnu og samskipti milli norrænna menntastofnana, einkum á háskólastigi. Styrkir eru veittir til að gera námsmönnum kleift að stunda um skeið nám við skóla á Norðurlöndum, utan heimalands síns, og fá það metið sem þátt í lokaprófi, svo og til að stuðla að kennaraskiptum og öðru skipulegu samstarfi milli háskóla. Samkvæmt norrænu fjárlögunum eru samtals til ráðstöfunar 10,8 millj. danskra króna í þessu skyni á árinu 1989. Þegar hefur verið úthlutað um 330 styrkjum á árinu, samtals að fjárhæð 3,8 millj. danskra króna. Um 2% þeirrar fjárhæðar kom í hlut íslenskra menntastofnana.

2. Norrænt tungumálasamstarf.

Drög hafa verið samin að nýrri áætlun um aðgerðir til að efla gagnkvæman málskilning Norðurlandaþjóða og þekkingu á norrænum tungumálum. Áætlunardrögin eru nú til athugunar og umsagnar hjá ýmsum aðilum um öll Norðurlönd, m.a. kennarasamtökum og málræktarstofnunum. Meðal þeirra aðgerða sem gert er ráð fyrir í drögunum er stofnun sérstakrar stöðu ráðunautar við Norræna húsið í Reykjavík til að annast fyrirgreiðslu vegna kennslu norrænna mála annarra en íslensku í hérlendum skólum.

3. Norrænn kvikmynda- og sjónvarpssjóður.

Verulegur skriður hefur komist á undirbúning að stofnun norræns sjóðs til að styrkja gerð norrænna kvikmynda og sjónvarpsefnis. Hugmynd um slíkan sjóð kom fram í Norðurlandaráði á sínum tíma í ályktunartillögu sem Eiður Guðnason, þáverandi formaður menningarmálanefndar ráðsins, var fyrsti flutningsmaður að. Á grundvelli tillögu ráðherranefndar menntamála samþykktu samstarfsráðherrarnir á fundi sínum 27. febrúar 1989 að veita hluta af greiðsluafgangi á norrænu fjárlögunum 1987, eða 30 millj. danskra króna, til að koma sjóðnum á laggirnar. Samstarfs verður leitað við kvikmynda- og sjónvarpsstofnanir landanna um þátttöku í fjármögnun sjóðsins, jafnframt því að ráðherranefnd menntamála mun ætla fé til hans af menningarmálalið norrænu fjárlaganna. Stefnt er að því að reglur um starfsemi sjóðsins verði staðfestar fyrir lok þessa árs.

4. Norrænt samstarf um menntun vísindamanna.

Norræna vísindamálaráðið hefur lagt fram tillögur um að aukin verði stórlega skipuleg samvinna um menntun til vísindastarfa. Öflugu styrkjakerfi verði m.a. komið á fót til að greiða fyrir því að norrænir vísindanemar geti sótt kennslu og rannsóknaþjálfun þangað sem aðstaða er best á hverju sérsviði hvar sem er á Norðurlöndunum. Starfshópi hefur verið falið að móta frekari tillögur að framkvæmdum og ráðgert er að veita fé í þessu skyni í norrænu fjárlögunum 1990.

13. NORDISK FORUM 88

Í skýrslu félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, um stöðu og þróun jafnréttismála, sem lögð var fyrir 111. löggjafarþing Alþingis í desember 1988 er birt skýrsla um norræna kvennaþingið, Nordisk Forum, sem haldið var í Ósló 30. júlí til 7. ágúst 1988 og verður því ekki fjölyrt frekar um það hér.

Þess má þó geta að á norræna kvennaþinginu hittust konur frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi og töldu þær mikilvægt að fulltrúar kvenna frá þessum þremur þjóðum gætu haldið áfram að hittast, skiptast á skoðunum og veita hver annarri stuðning. Þessar konur töldu að þær ættu ýmislegt sameiginlegt sem konur frá hinum Norðurlöndunum hefðu ekki eins ríkan

skilning á. Ákveðið var að sækja um styrk frá nefndinni fyrir hin vestlægu Norðurlönd, Västnordenkommittén, til að setja á laggirnar hóp til að undirbúa kvennafund 1990 e.t.v. í Reykjavík. Hinn 25. nóvember 1988 samþykkti nefndin að veita 40 þús. dönskum krónum til verkefnisins „Vestnordisk kvindenetværk" til þess að konur frá þessum löndum gætu hist og undirbúið frekari samskipti. Í framhaldi af þessu var ákveðið að konur frá stærstu heildarsamtökum launafólks, ASÍ og BSRB, tækju að sér að vera í norrænni undirbúningsnefnd verkefnisins. Þetta kvennasamstarf hefur mælst mjög vel fyrir í öllum þremur löndunum og undirbúningur er í fullum gangi.

14. NORRÆNT TÆKNIÁR 1988

Árið 1986 samþykkti Norðurlandaráð að mæla með því að árið 1988 yrði tileinkað tækninni og kallað Norrænt tækniár. Á fundi iðnaðarráðherra Norðurlanda sama ár var síðan tekin endanleg ákvörðun um tækniárið.

Markmið tækniársins skyldi vera:

1. Að auka þekkingu á tækni og skilning á mikilvægi tækninnar og tækniþróunarinnar fyrir samfélög og einstaklinga á Norðurlöndum.
2. Að auka norræna tæknisamvinnu milli fyrirtækja, rannsóknastofnana, skóla og opinberra aðila til að nýta betur norrænar auðlindir.

Á öllum Norðurlöndunum var síðan leitað til stofnana og félagasamtaka sem hugsanlega hefðu áhuga á framgangi þessa máls. Í hverju landi tilnefndu þessir aðilar menn í annars vegar norræna samstarfsnefnd, en yfirstjórn hennar sat í Ósló, og hins vegar innlenda framkvæmdanefnd. Hér á landi unnu þessar nefndir í reynd saman og réðu sér framkvæmdastjóra og ritara.

Hér á Íslandi hófst Norræna tækniárið formlega 11. janúar 1988 með samkomu í Norræna húsinu.

Iðnaðarráðherra, Friðrik Sophusson og Ólafur Davíðsson, formaður íslensku samstarfsnefndarinnar, fluttu stutt ávörp og Sigurður H. Richter, framkvæmdastjóri Norræns tækniárs, kynnti fyrirhugaða dagskrá tækniársins. Iðnaðarráðherra afhenti menntamálaráðherra gjöf iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar, en það voru samnorrænu kennslugögnin „Orka og Norðurlönd", sem ætluð eru til notkunar í grunnskólum.

Þeir atburðir Norræna tækniársins, sem hvað mesta athygli vöktu meðal almennings hér á landi, voru án efa „Opnu húsin" svonefndu. Markmið þeirra var að gefa almenningi innsýn í á hve fjölbreytilegan hátt tæknin er notuð. Til fjölmargra tæknivæddra opinberra stofnana, fyrirtækja og annarra aðila var leitað og þau beðin um að hafa opið hús einn sunnudagseftirmiðdag á tækniárinu. Undirtektir voru mjög góðar og flestar stærri stofnanir og fjölmörg fyrirtæki tóku þátt í „Opnu húsi." Þannig voru „Opin hús" 29 sunnudaga á árinu, en sneitt var hjá helstu hátíðum Þjóðkirkjunnar og sumarleyfatímanum.

Opnu húsin tókust mjög vel og móttökur fyrirtækja og stofnana voru góðar. Aðsókn var mjög góð eða yfirleitt á bilinu frá fimm til sex hundruð upp í fimm til sex þúsund á hverjum sunnudegi. Áætlað er að gestir í „Opnu húsunum" hafi verið um 60 þúsund alls.

Í tilefni af og í tenglsum við Norrænt tækniár voru eftirfarandi ráðstefnur haldnar:

1. Konur og tækni.
2. Sjálfvirkni fyrir framleiðslufyrirtæki.
3. Tæknibreytingar og sjálfvirknivæðing í atvinnulífinu.
4. Tækni og umferðaröryggi.
5. Hugbúnaðariðnaður á Íslandi.
6. Siðfræði og störf tæknimanna.
7. Gróðurhúsaáhrif; náttúruhamfarir eða nýir möguleikar.

Í janúar 1988 var haldin veggspjaldasýning undir merki Norræns tækniárs í verslanamiðstöðinni Kringlunni í Reykjavík þar sem rannsóknastofnanir atvinnuveganna kynntu starfsemi sína. Sýningin stóð í þrjár vikur.

Tölvunarfræðinemar við Háskóla Íslands héldu tölvusýningu í Laugardalshöll, dagana 21. til 25. september 1988. Sýningin hét „Tölvur á tækniári“ og var sú stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið hér á landi. Alls tóku um 50 fyrirtæki og stofnanir þátt í henni.

Í baksal Laugardalshallarinnar voru auk þess alla dagana haldnir fyrirlestrar um efni er tengdust tölvubúnaði. Um 11 þúsund manns sóttu sýninguna. Í tengslum við tölvusýninguna var þann 21. september 1988 haldin ráðstefna um strikamerki og strikamerkingar.

Í samvinnu við menntamálaráðuneytið og Félag myndmenntakennara var efnt til myndlistarsamkeppni meðal 10 ára barna í öllum grunnskólum landsins. Viðfangsefni keppninnar var „Tækni framtíðarinnar“, þar sem börnin áttu að lýsa myndrænt þeirri framtíðarsýn, sem gæti orðið raunveruleiki í framtíðinni. Kennarar voru beðnir að stuðla að samkeppninni og senda inn bestu myndirnar, hver úr sínum skóla. Alls bárust um 130 myndir og 60 bestu myndirnar voru sýndar í tvær vikur á Kjarvalsstöðum í maí. Bestu myndirnar voru verðlaunaðar við hátíðlega athöfn á sýningunni og birtar í Lesbók Morgunblaðsins í júlí.

Í samvinnu við menntamálaráðuneytið og Félag íslenskra móðurmálskennara var efnt til ritgerðasamkeppni meðal 12 ára barna í öllum grunnskólum landsins. Viðfangsefni samkeppninnar var „Tæknilaus dagur“, þar sem börnin áttu að ímynda sér að þau vöknuðu að morgni og öll nútíma tækni væri óvirk. Markmiðið var að vekja nemendur til umhugsunar um hve miklu máli tæknin skiptir í lífi okkar. Kennarar voru beðnir að stuðla að samkeppninni og senda inn bestu ritgerðir, hver úr sínum skóla. Alls bárust um 200 ritgerðir og af þeim fengu 18 viðurkenningu og voru kynntar á myndasýningunni á Kjarvalsstöðum. Bestu ritgerðirnar voru verðlaunaðar við hátíðlega athöfn á sýningunni og þær voru einnig birtar í Lesbók Morgunblaðsins í júlímánuði.

Í samvinnu við Félag raungreinakennara var efnt til samkeppni meðal þeirra nemenda í framhaldsskólum, sem voru undir 21 árs aldri. Viðfangsefni samkeppninnar skiptist í fimm flokka. Verðlaun voru veitt fyrir tölvuforrit sem setur upp skjámyndir, les inntak frá lyklaborði og stjórnar jaðartækjum. Auk verðlaunanna fékk sigurvegarinn ferð til Stokkhólms þar sem hann var viðstaddur Nóbelsverðlaunaafhendinguna þann 10. desember sl., ásamt öðrum ungmennum er höfðu unnið til svipaðra verðlauna annars staðar á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð ákvað í tilefni Norræns tækniárs að veita sérstök tækniverðlaun, að upphæð 125 þúsund danskar kr., til einstaklings eða vinnuhóps fyrir verkefni sem hefði aukið tækniþekkingu á Norðurlöndum á þýðingarmikinn hátt. Sérhvert Norðurlanda tilnefndi tvo fulltrúa.

Íslensku dómnefndinni bárust fjórtán tilnefningar og ábendingar um íslensk verkefni.

Þau verkefni, sem voru valin af Íslands hálfu í þessa samkeppni voru:

1. Hitastig og efniseiginleikar kísiljárns.
2. Sjálfvirkni og vinnuhagræðing í frystihúsum.

Iðnaðarráðherra veitti síðan þeim, er að þessum verkefnum stóðu, sérstaka viðurkenningu í hófi að Borgartúni 6. Svo fór að finnskt verkefni hlaut norrænu tækniverðlaunin.

Þjóðkirkjan lagði einnig sitt af mörkum á Norræna tækniárinu og biskup Íslands beindi því til safnaðanna að þeir sameinuðust á hinum almenna bænadegi, 8. maí 1988, „í trú og bæn um að mönnum auðnist að nota nútíma tækni og vísindi mannkyni og öllu lífi til verndar, réttlætis og farsældar“.

Morgunblaðið birti að staðaldri greinaflokk undir nafninu „Norrænt tækniár 1988.“ Þar birtust 40 laugardaga samtals 63 greinar er fjölluðu um þær stofnanir og þau fyrirtæki er voru

með „Opið hús" næsta sunnudag og einnig voru þarna greinar um aðra atburði ársins. Greinaflokkur þessi vakti verulega athygli almennings á tækniárinu og atburðum þess.

Mörg önnur dagblöð fjölluðu um einstaka atburði Norræns tækniárs og greinar um tækniárið hafa birst í ýmsum tímaritum. Ríkisútvarpið fjallaði einnig oft um atburði tækniársins í fréttatímum sínum. Í þættinum „Nýjasta tækni og vísindi" í Ríkissjónvarpinu voru sýndar 13 íslenskar myndir á árinu undir merki Norræns tækniárs. Auk þess var fjallað sérstaklega um tækniárið og rætt við aðstandendur þess í útvarpsþáttum, bæði við upphaf ársins og lok. Aðrar útvarpsstöðvar fjölluðu einnig nokkuð um atburði tækniársins.

Í desember stóð Gallup fyrir skoðanakönnun þar sem meðal annars var spurt fáeinna spurninga um Norrænt tækniár. Af helstu niðurstöðum má nefna að 73,7% aðspurðra sögðust kannast við Norrænt tækniár, 52,2% sögðust hafa séð eða lesið greinar um „Opið hús" á Norrænu tækniári, 15% kváðust hafa farið á „Opið hús" og 4,6% oftar en einu sinni.

Lokahóf Norræns tækniárs var 15. desember 1988 í Bella Centret í Kaupmannahöfn. Formaður íslensku samstarfsnefndarinnar, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri, tók þátt í pallborðsumræðum. Einnig voru þar kynntir atburðir tækniársins á Íslandi og sýndar verðlaunamyndir úr teiknisamkeppni 10 ára barna.

Lokahóf á Íslandi var haldið 6. janúar 1989 í Norræna húsinu. Þangað var boðið um 200 manns, fyrst og fremst þeim sem höfðu borið hitann og þungann af starfi við Norræna tækniárið. Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra og Ólafur Davíðsson, formaður íslensku samstarfsnefndarinnar, héldu ávörp og atburðir tækniársins voru rifjaðir upp.

15. NORRÆNT SAMSTARF UM JARÐSKJÁLFTARANNSÓKNIR Á SUÐURLANDI, SIL-VERKEFNIÐ

Áfram hefur verið unnið að hönnun og uppbyggingu gagnasöfnunarnets vegna jarðskjálftarannsóknanna á Suðurlandi. Einkum hefur þar verið um að ræða vinnslu hugbúnaðar til skráningar, sem að mestu leyti hefur farið fram við háskólann í Uppsölum. Tilraunamælingar hafa farið fram á Suðurlandsundirlendinu og hefur Veðurstofa Íslands séð um þær. Á grundvelli þessara mælinga verður tekin ákvörðun um gerð tækja sem pöntuð verða til gagnasöfnunarnetsins og einnig um gerð undirstöðu og mælahúsa á átta stöðum á svæðinu. Nú hefur verið lokið við undirstöður og mælahús sett upp á sex stöðum. Upplýsinga hefur verið leitað og kannanir gerðar á tækjum sem líkur eru á að verði notuð. Nú þegar er byrjað að leita tilboða í ákveðin tæki. Í gagnasöfnunarnetinu eru gerðar sérstakar kröfur til klukkubúnaðar, bæði hvað varðar nákvæmni og einnig rekstraröryggi. Klukka, sem er stýrð af svokölluðum omegamerkjum, hefur verið smíðuð fyrir netið á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Sérstakur hugbúnaður, sem sjálfvirkt velur merki til skráningar, hefur enn fremur verið þróaður í samvinnu háskólanna í Uppsölum og Ósló. Þessi hugbúnaður er nú tiltækur fyrir gagnasöfnunarnetið enda hefur SIL-verkefnið tekið nokkurn þátt í kostnaði við tilraunir við hann.

Í stjórnarnefnd samstarfsverkefnisins eiga sæti átta manns, sem starfa á jafnmörgum rannsóknastofnunum á öllum Norðurlöndunum, auk fulltrúa Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjögurra manna framkvæmdanefnd, sem valin var af stjórnarnefndinni, hittist þrisvar á árinu 1988 og hefur komið einu sinni saman á þessu ári til að leggja á ráðin með framgang verkefnisins. Síðasti fundur framkvæmdanefndarinnar var í Björgvin í febrúar 1989, þar sem m.a. var sérstaklega skoðað og fjallað um kerfi sem notað er til jarðskjálftarannsókna í Norður-Noregi. Þetta kerfi á margt skylt við það kerfi sem nú er verið að byggja fyrir jarðskjálftarannsóknirnar á Suðurlandsundirlendinu og því var mikilvægt að kynnast reynslunni af því. Sjálf stjórnarnefndin hélt einn fund í Ósló í október 1988 samtímis fundi norrænna jarðskjálftafræðinga þar.

Gert er ráð fyrir að fyrsta útstöðin í netinu verði sett upp í maí eða júní nk., en kerfið í heild sinni, útstöðvar og miðstöðin í Reykjavík, komist á laggirnar í sumar og með haustinu. Sérstakt samkomulag hefur verið gert við Veðurstofu Íslands um rekstur kerfisins.

Norræna ráðherranefndin, íslenska ríkið og vísindasjóðir Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur hafa veitt fé til verkefnisins. Verkefnið gengur nú samkvæmt áætlun, þó með þeirri seinkun sem stafar af því að fjármagn til verkefnisins var ekki tryggt fyrr en ári síðar en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun frá október 1986. Nú er verið að ljúka við gerð heildarskýrslu um verkefnið. Þegar sú skýrsla er tilbúin verður norrænu ráðherranefndinni send umsókn um síðari hluta þess fjárframlags til verkefnisins sem gert hefur verið ráð fyrir að komi frá henni.

Ed. 909. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Björn Þórhallsson frá ASÍ og Sigurveigu Sigurðardóttur frá BSRB og mæltu þau bæði með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur er verið að gera 5. gr. frumvarpsins skýrari.

Alþingi, 19. apríl 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Júlíus Sólnes.
Salome Þorkelsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Ed. 910. Breytingartillaga [430. mál]

við frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá félagsmálanefnd.

Við 5. gr. Á eftir orðunum „Menningar- og fræðslusambandi alþýðu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og skal formaður sambandsins vera einn þeirra.

Sþ. 911. Skýrsla [132. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins [framhald].

Á þingskjali 139 (132. mál), sem útbýtt var á Alþingi í nóvember sl., var gerð almenn grein fyrir starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) og starfi Íslandsdeildar þess 1987–1988. Í þessari framhaldsskýrslu verður greint frá 81. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins, sem haldið var í Búdapest dagana 13.–18. mars sl., og annarri starfsemi á vegum Íslandsdeildarinnar.

Á þessu ári eru liðin 100 ár frá stofnun Alþjóðaþingmannasambandsins, en þingmenn frá níu þjóðlöndum, þar á meðal Ungverjalandi, stóðu að stofnun þess. M.a. af þessum sökum var vorþingi sambandsins í ár valinn staður í Búdapest. Haustþingið verður í London í september, en Bretar voru einnig í hópi stofnenda Alþjóðaþingmannasambandsins.

Þingið í Búdapest.

Þingið í Búdapest sóttu alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Geir Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson, auk Ólafs Ólafssonar, ritara deildarinnar. Einnig sótti Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, fund skrifstofustjóra þjóðþinga innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn var á sama tíma.

Þingið var með hefðbundnu sniði og sóttu það fulltrúar frá 94 þjóðþingum, en aðild að sambandinu eiga nú þingmenn í þjóðdeildum frá 112 ríkjum. Þjóðdeildir tveggja þjóðþinga voru teknar í samtökin á þinginu í Búdapest, frá Eþíópíu og San Marínó.

Á dagskrá þingsins voru tvö aðalumræðuefni og viðbótarefni, sem ákveðið var á þinginu sjálfu, auk almennra umræðna um heimsmálin. Aðalumræðuefnin tvö voru barnavernd og réttindi barna annars vegar en hins vegar kynþáttaaðskilnaðarstefnan og málefni minnihlutahópa í einstökum ríkjum. Var í því sambandi ekki síst fjallað um þær ofsóknir sem Ungverjar í Rúmeníu og önnur þjóðarbrot þar í landi hafa orðið fyrir. Viðbótarefnið varðaði hugsanlega alþjóðlega ráðstefnu um frið í Miðausturlöndum og framlag þjóðþinga til að flýta henni.

Samþykktar voru ítarlegar ályktanir um þessi málefni að undangengnum löngum umræðum og umfangsmiklu nefndastarfi.

Réttindamál barna.

Norrænu sendinefndirnar á þinginu lögðu fram sérstakt minnisblað (memorandum) um réttindamál barna. Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, flutti ræðu í umræðunum um það efni og vék m.a. að þeim drögum að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem nú liggja fyrir. Fagnaði hann því að samkomulag hefði tekist um þessi drög sem nú væri unnt að leggja fyrir næsta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og kvaðst telja drögin verulegt skref fram á við.

Viðhorf þjóða til barna sinna bæru vott um viðhorf til framtíðarinnar og baráttan gegn fátækt, ólæsi og sjúkdómum í heiminum væri ekki síst barátta fyrir börnin og framtíð þeirra. Íslensk barnalög, mjög í sama anda og samningsdrögin, hefðu verið sett fyrir nokkrum árum til að tryggja sem best réttindi barna á Íslandi. Á tímum aukinna samskipta milli landa væri hins vegar mikilvægt að samræmi væri í löggjöf einstakra ríkja um þessi efni og samkomulagsdrögin væru verulegt framlag í þá átt. Þannig þyrfti t.d. að tryggja rétt barna og hagsmuni í skilnaðarmálum þar sem foreldrar væru ekki af sama þjóðerni. Sérstaka áherslu bæri og að leggja á rétt fatlaðra og þroskaheftra barna. Lengra fæðingarorlof með aðild feðra og réttur til leyfis frá störfum til að annast veik börn væru mikilvæg hagsmunamál barna. Þá gæti sameiginlegt forræði í skilnaðarmálum einnig verið jákvætt í ýmsum tilvikum og nauðsynlegt væri að tryggja umgengnisrétt barns við báða foreldra þó að þeir væru ekki samvistum.

Í lok ræðu sinnar vakti formaður athygli á því að samkvæmt þeim samkomulagsdrögum sem nú liggja fyrir væru börn skilgreind sem einstaklingar undir 18 ára aldri. Það stingi nokkuð í stúf að samkvæmt drögunum mætti þó kveðja einstaklinga á aldrinum 15–18 ára til herþjónustu. Þetta væri undarlegt ósamræmi í sáttmála um barnavernd.

Ræða þjóðarleiðtoga Ungverjalands.

Hefð er fyrir því að stjórnarleiðtogar í löndum, þar sem þing Alþjóðaþingmannasambandsins eru haldin, ávarpi þingin. Karoly Grosz, leiðtogi ungverska kommúnistaflokksins, ávarpaði þingfulltrúa í Búdapest og útskýrði umbótastefnu stjórnar sinnar og lýðræðisþróun-

ina í landinu. Vakti ræða hans mikla athygli, enda fjallaði hann á opinskáan hátt um innanlandsmál í Ungverjalandi og utanríkisstefnu landsins.

Grosz sagði að Ungverjar fylgdust af athygli með þróun mála í Vestur-Evrópu og vildu auka samvinnu við Evrópubandalagið og Evrópuráðið. Einnig hefðu ungversk stjórnvöld áhuga á aukinni samvinnu við EFTA-ríkin. Ungverjar hefðu jákvæða reynslu af samskiptum við þingmannasamtök Atlantshafsbandalagsins og hefðu ungversk stjórnvöld áhuga á að beita sér fyrir fundi í Búdapest þar sem þingmenn í þeim samtökum gætu hitt kollega sína frá Varsjárbandalagsríkjunum. Ungverjar yrðu áfram aðilar að Varsjárbandalaginu en vildu leggja sitt af mörkum til að hernaðarbandalög í álfunni yrðu lögð niður. Þeir legðu áfram áherslu á gott samband við Sovétríkin og fögnuðu umbótastefnunni þar en hún færði slíkri stefnu annars staðar byr undir báða vængi.

Hann vék einnig að stjórnmálasambandi Ungverjalands og Suður-Kóreu sem nýlega var komið á og sagði viðræður í gangi milli stjórnar sinnar og Ísraelsstjórnar um að koma á eðlilegu sambandi milli ríkjanna. Hann sagðist harma mannréttindabrot stjórnvalda í Rúmeníu og fagnaði stuðningi Evrópuþjóða við ungverska þjóðarbrotið í Rúmeníu og aðra minnihlutahópa þar í landi.

Grosz sagði að miklir umbótatímar færu í hönd í Ungverjalandi í efnahagslegu og pólitísku tilliti. Hins vegar þyrfti að fara með gát. Enginn í Unverjalandi hefði áhuga á nýjum þjóðarharmleik þar í landi.

Því má bæta við að Ungverjar héldu upp á þjóðhátíðardag sinn, 15. mars, á meðan þingið stóð yfir. Mun það vera í fyrsta sinn í 40 ár sem hátíðahöld á þeim degi eru leyfð og fóru fjölmennar göngur um Búdapest og haldnir voru útifundir þar sem krafist var aukins frelsis og lýðréttinda.

Arafat ávarpar þingið.

Við upphaf þingsins var gengið til atkvæða um það hvort heimila skyldi Yassir Arafat, leiðtoga Frelsissamtaka Palestínu, PLO, sem staddur var í Búdapest í boði ungverskra stjórnvalda, að ávarpa þingið. Var það samþykkt með 933 atkvæðum gegn 78 en 92 sátu hjá. Íslenska sendinefndin greiddi því atkvæði að Arafat fengi að ávarpa þingið, en ýmsir vestrænir þingmenn voru því andvígir af formsástæðum, þar á meðal hluti þingmanna frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bandaríkjunum og fleiri ríkjum.

Flutti Arafat ræðu sína á næstsíðasta degi þingsins og var vel fagnað, en í ræðu hans komu hins vegar ekki fram ný tíðindi að því er varðar stefnu PLO gagnvart Ísrael eða vandamálunum á svæðinu fyrir botni Miðjarðarhafs.

Ferð í flóttamannabúðir í Debrecen.

Að frumkvæði Svía var skipulögð ferð fyrir norræna þingmenn til hinnar fornu höfuðborgar Ungverjalands, Debrecen, skammt frá rúmensku landamærunum. Erindið þangað var að kynnast flóttamannavandamáli því sem Ungverjar búa við vegna straums flóttamanna frá Rúmeníu og sjá þær aðstæður sem flóttafólkinu eru búnar. Geir H. Haarde og Geir Gunnarsson fóru í þessa ferð og gafst þeim m.a. kostur á að hlýða á nokkra flóttamenn frá Rúmeníu sem lýstu ástandinu þar í landi og þeirri ógnarstjórn sem landsmenn búa við. Af lýsingunum að dæma virðist ljóst að miklar hörmungar ganga yfir þjóðarbrotin í Rúmeníu af völdum stjórnvalda þar í landi.

Ljóst er einnig að það hefur valdið ungverskum stjórnvöldum verulegum vandamálum að þurfa að taka á móti þúsundum flóttamanna frá Rúmeníu á stuttum tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu eru á þriðja tug þúsunda flóttamanna frá Rúmeníu í Ungverjalandi. Margt af þessu fólki talar hins vegar ungversku og á auðvelt með að aðlagast þar í landi. Hafa ungversk stjórnvöld lagt sig fram um að útvega flóttafólkinu vinnu og húsnæði.

Samstarf vestrænna ríkja.

Eins og jafnan höfðu þingmenn frá vestrænum ríkjum náið samstarf sín á milli á þinginu innan hins svokallaða „Tólf plús hóps", sem kenndur er við ríkin tólf í Evrópubandalaginu. Tók íslenska sendinefndin að venju þátt í því samstarfi. Í hópnum eru nú þingmenn frá 26 ríkjum en í hópinn bættust að þessu sinni formlega Finnland og San Marínó. Finnar höfðu áður staðið utan við þetta samstarf og tengdu þátttöku sína í því aðild Finnlands að Evrópuráðinu sem nú er ákveðin. Öll ríki Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Eyjaálfu, sem aðild eiga að OECD, eru nú aðilar að „Tólf plús hópnum" auk nokkurra smáríkja í Evrópu.

„Tólf plús hópurinn" hélt undirbúningsfund fyrir Búdapest-þingið í Lissabon dagana næstu á undan, en Portúgalar hafa nú með höndum formennsku í hópnum. Enginn úr Íslandsdeildinni sótti þann fund. Hópurinn hélt síðan að vanda daglega samráðsfundi á fundarstað þar sem afstaða til einstakra mála var rædd og aðild að nefndarstarfi skipulögð.

Ákveðið var að leggja fram sérstaka yfirlýsingu frá „Tólf plús hópnum" vegna hótana Írana í garð breska rithöfundarins Salmons Rushdies og áhrifa slíkra yfirlýsinga á alþjóðleg samskipti. Var yfirlýsingin lögð fram í formi fréttatilkynningar á þinginu og stóðu allir þingmenn í „Tólf plús hópnum" að henni. Í yfirlýsingunni voru hótanirnar gegn Rushdie harðlega fordæmar þótt jafnframt væri harmað að skrif rithöfundarsins hefðu móðgað og sært marga múhameðstrúarmenn. Þess var krafist að hótanirnar yrðu afturkallaðar og skorað á írönsku fulltrúana á þinginu að vinna með öðrum fulltrúum að sáttum í málinu.

Íranska sendinefndin svaraði með því að dreifa til þingfulltrúa annarri yfirlýsingu þar sem öllum slíkum tilmælum var afdráttarlaust hafnað og það ítrekað að rithöfundurinn væri glæpamaður er brotið hefði íslömsk lög sem dauðarefsing lægi við. Því væri ekki um „dauðahótanir" að ræða heldur væri verið að fullnægja ákvæðum í íslömskum refsirétti. Var sérstaklega harmað að þingmenn frá múhameðstrúarríkinu Tyrklandi hefðu lagt nafn sitt við yfirlýsingu „Tólf plús landanna". Þar við sat og af hálfu vestrænna þingmanna var ekki frekar aðhafst í málinu utan hvað ýmsir þeirra viku að málinu í ræðum sínum í almennum umræðum á þinginu.

Fundir þingmanna frá RÖSE-löndunum.

Þingmenn frá löndunum 35, sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum frá 1975 (RÖSE-löndunum), hafa haldið reglulega fundi undanfarin ár innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins og rætt framgang mála í RÖSE-viðræðunum. Hefur þótt mikilvægt að þingmenn ræðist við um þessi mál sín í milli samhliða hinum opinberu viðræðum stjórnvalda. Síðast var slíkur fundur haldinn í Bonn vorið 1986 og var þá afráðið að næsti fundur yrði í Búkarest í maí 1989. Vegna ástandsins í Rúmeníu hafa vestræn ríki hins vegar lagst gegn því að fundurinn verði haldinn þar í landi og hefur honum verið frestað um óákveðinn tíma. Þessari ákvörðun hafa Rúmenar harðlega mótmælt, en af fundinum getur ekki orðið fyrr en náðst hefur allsherjarsamkomulag (consensus) um fundarstað og fundartíma.

Norrænt samstarf.

Formenn norrænu þjóðdeildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu áttu með sér fund í Ósló í febrúar til undirbúnings þinginu í Búdapest. Þar var meðal annars ákveðið að senda bréf til ríkisstjórna sex ríkja þar sem Alþjóðaþingmannasambandið telur sannað að mannréttindi nafngreindra þingmanna hafi verið brotin, þeir verið fangelsaðir án dóms og laga eða horfið sporlaust. Í þessum bréfum var skorað á viðkomandi stjórnvöld að rannsaka og upplýsa mál þessara einstaklinga. Ríkin sex eru Kólombía, Hondúras, Malasía, Indónesía, Chile og Gínea-Bissá og voru bréfin send til nálægustu sendiráða þeirra. Svar hefur aðeins borist frá sendiráði Chile í Noregi og segir þar að einn þeirra þriggja þingmanna, sem nefndur er í bréfinu, hafi þegar verið látinn laus en ekki sé vitað um afdrif hinna tveggja. Verði mál þeirra áfram til athugunar.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi Alþjóðaþingmanna-sambandsins á næstunni.

Íslandsdeildin fékk til ráðstöfunar á fjárlögum 2.585 þús. kr. til starfsemi sinnar. Rennur framlagið til greiðslu aðildargjalds til sambandsins og þátttökugjalds í „Tólf plús hópnum" auk kostnaðar við þátttöku í þingum og ráðstefnum sambandsins. Borist hafa tilmæli frá forsetum Alþingis um að útgjöld deildarinnar verði lækkuð um sem næst 150 þús. kr. í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um 7% lækkun ferðakostnaðar og risnu hjá hinu opinbera. Verður reynt að verða við þeim tilmælum.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins var í þessum mánuði haldin ráðstefna í Haag um ferðamál og aðild þjóðþinga að því að auka ferðamannastraum landa í milli. Engin þátttaka var af Íslands hálfu í þeirri ráðstefnu.

Auk haustþingsins í London í september, þar sem minnst verður 100 ára afmælis sambandsins, er ráðgerð ráðstefna í Madrid í október um þátttöku kvenna í stjórnmálum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þátttöku í þeirri ráðstefnu í starfsáætlun deildarinnar fyrir 1989.

Óvíst er hvort fundur þingmanna RÖSE-landanna verður á þessu ári, en þó er hugsanlegt að af honum verði seint á árinu, t.d. í Genf. Ekki er fyrir hendi fjárveiting til þátttöku á þeim fundi á þessu ári.

Næsta reglulegt þing Alþjóðaþingmannasambandsins eftir afmælisþingið í London verður í Níkosíu á Kípur í apríl á næsta ári.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeildina.

Íslandsdeildin hefur að undanförnu unnið að undirbúningi starfsreglna fyrir deildina, en eðlilegt er og í samræmi við lög Alþjóðaþingmannasambandsins að slíkar reglur séu settar. Þá hafa lög sambandsins verið þýdd á íslensku. Er vonast til að unnt verði að setja deildinni starfsreglur fyrir þinglausnir í vor eða í upphafi þings næsta haust.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Geir H. Haarde, form.	Ólafur Ólafsson, ritari.

Sþ. 912. Svar [479. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um flugöryggi í verkfalli veðurfræðinga.

1. Hvaða reglur gilda um veðurupplýsingar fyrir flug hér á landi?

Viðbætir nr. 3 (Annex 3) við sáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fjallar um veðurþjónustu fyrir flug og skyldur ríkja til þess að veita veðurupplýsingar og veðurspár fyrir alþjóðlega flugstarfsemi. Veðurspár og veðurupplýsingar eru til hægðarauka og öryggis fyrir flugstarfsemi en ekki forsenda hennar.

Um flug í atvinnuskyni hér á landi gilda ákvæði 4.3.5. gr. í Viðbæti nr. 6 við sáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Greinin hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

4.3.5. Veðurskilyrði. Ekki skal hefja flug sem framkvæma skal samkvæmt sjónflugsreglum, nema nýjustu veðurfréttir, eða nýjustu veðurfréttir og nýjustu veðurspár sameiginlega, bendi til að veðurskilyrði á leiðinni eða hluta af leiðinni, sem fljúga á samkvæmt sjónflugsreglum, muni vera með þeim hætti að unnt sé að fylgja þessum reglum á viðeigandi tíma.

4.3.5.2. Eigi skal hefja flug, sem framkvæma skal samkvæmt blindflugsreglum, nema fyrir liggi upplýsingar sem benda til þess að skilyrði á þeim flugvelli, sem áætlað er að lenda á,

eða að minnsta kosti á einum varaflugvelli, verði á áætluðum komutíma jöfn eða betri en flugvallarlágmark hlutaðeigandi flugvallar.

4.3.5.3. Eigi skal hefja flug þar sem áætlað er að fljúga á leið þar sem kunnugt er um eða búast má við ísingu nema flugvélin sé til þess búin að standast slík skilyrði.

2. *Er fyllsta öryggis gætt að mati loftferðaeftirlitsins þegar engar flugveðurspár eru gerðar í verkfalli veðurfræðinga? Á hvaða hátt er það öryggi tryggt?*

Loftferðaeftirlitið telur að öryggi flugs sé ekki stefnt í hættu þótt flugveðurspár sem slíkar séu ekki gerðar fyrir flugmenn í verkfalli veðurfræðinga meðan önnur veðurþjónusta og upplýsingar eru fyrir hendi sem flugstjóri telur nægja hverju sinni með þeim takmörkunum sem flugrekendur setja sér vegna hins óvenjulega ástands.

Veðurathuganir eru gerðar reglulega allan sólarhringinn á öllum veðurathugunarstöðum landsins. Þær upplýsingar eru aðgengilegar fyrir flugmenn. Flugveðurspár og flugveðurkort eru gerð af erlendum veðurstofum og nýtast að nokkru leyti hér á landi með fjarskiptum.

Svonefndar SIGMET-upplýsingar eru gefnar út þótt verkfall sé, en það eru upplýsingar frá veðurstofu um að á flugleið sé kunnugt um eða búist við sérstökum veðurskilyrðum sem gætu haft áhrif á öryggi flugs.

Flugstjóri ber samkvæmt lögum ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur og tryggir öryggi þess. Það er flugstjóri sem endanlega ákveður og metur hvort nægjanlegar veðurupplýsingar séu fyrir hendi og hvort flug skuli hafið.

3. *Hver er ábyrgur ef óhöpp verða í flugi sem rekja má til þess að veðurspár eru ekki gerðar?*

Flugstjóri er ábyrgur fyrir undirbúningi og framkvæmd hvers flugs. Meðal annars skal hann sannfæra sig um að fyrir liggi fullnægjandi gögn, þar með taldar veðurfréttir og veðurspár, er bendi til að veðurskilyrði á leiðinni eða hluta af leiðinni, sem fljúga á, muni vera með þeim hætti að unnt sé að fylgja viðeigandi flugreglum á hverjum tíma.

4. *Er veðurstofu flotans á Keflavíkurflugvelli heimilt að sinna flugveðurþjónustu fyrir annað flug en sem honum við kemur?*

Veðurstofa hersins á Keflavíkurflugvelli sér ekki um flugveðurþjónustu fyrir annað flug en það sem viðkemur hernum.

Sþ. 913. Þingsályktun [108. mál]

um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

(Afgreidd frá Sþ. 24. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndum vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.

Sþ. 914. Fyrirspurn [495. mál]

til iðnaðarráðherra um endurskoðun á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Ísals.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hefur Landsvirkjun tilkynnt Ísal að hún ætli að láta reyna á endurskoðun skilmála í rafmagnssamningi þessara aðila, sbr. 28. gr. eftir breytingar 5. nóvember 1984?

Greinargerð.

Með þriðja viðauka við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. frá 5. nóvember 1984 fengust m.a. fram ákvæði um að á fimm ára fresti geti hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samningnum vegna breytinga á aðstæðum. Tilkynna skal um hvort samningsaðili hyggist láta reyna á þetta eigi síðar en sex mánuðum fyrir samningsdag frá fimmta, tíunda eða fimmtánda „árdegi" þess dags er þriðji viðauki rafmagnssamningsins tók gildi. Þessi eindagi er í maímánuði 1989 þar eð samningurinn var gerður 5. nóvember 1984 og lögin um viðaukasamninginn tóku gildi 30. nóvember 1984. Af þessum sökum og vegna margháttaðra breytinga, sem orðið hafa á aðstæðum, raforkuseljanda í óhag, á þeim árum sem síðan eru liðin, er fyrirspurn þessi fram borin.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 915. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallað á sinn fund Indriða H. Þorláksson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Sæbjörn Jónsson, Benedikt Sigurðsson og Gunnar Egilson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Halldór Blöndal var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Júlíus Sólnes.

Nd. 916. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með þeirri breytingu að 2. gr. frumvarpsins verði felld brott. Meiri hl. nefndarinnar telur ástæðulaust að breyta ákvæðum gildandi laga um mannaráðningar við viðskiptabankana.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnar Arnalds.

Árni Gunnarsson.

Nd. 917. Breytingartillaga [242. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, ÁrnG, GGÞ).

Við 2. gr. Greinin falli brott.

Nd. 918. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Ragnar Arnalds.

Árni Gunnarsson.

Nd. 919. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm. Guðni Ágústsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Ólafur Þ. Þórðarson. Ingi Björn Albertsson. Árni Gunnarsson.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 920. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Ragnar Arnalds. Kristín Halldórsdóttir.

Árni Gunnarsson. Einar Kr. Guðfinnsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 921. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að afnumin verða ýmis ákvæði laga á sviði menntamála sem ekki hafa lengur neinu hlutverki að gegna.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 922. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta fjallar um að víkka þann grundvöll sem Íslensk málnefnd starfar á og auka tengsl hennar við aðila sem tengjast málræktarstarfi.

Nefndin fékk til viðræðna um frumvarpið þá Baldur Jónsson, forstöðumann Íslenskrar málstöðvar, og dr. Kristján Árnason, formann Íslenskrar málnefndar, og mæltu þeir báðir með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin felst aðallega í því að í Íslenskri málnefnd sitji 15 menn en samkvæmt frumvarpinu eru þeir 19. Af þessum 19 skyldu 11 tilnefndir af ákveðnum aðilum en hinir 8 af öðrum stofnunum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings. Það er mat nefndarinnar að fullóljóst sé hverjir þessir aðilar skuli vera og því eðlilegast að úr þessum hópi skipi ráðherra aðeins þrjá menn. Þá felst jafnframt í breytingartillögunni að Hagþenkir, samtök höfunda fræðirita og kennslubóka, fái rétt til að tilnefna einn mann í nefndina.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Árni Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 923. Breytingartillaga [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað „nítján“ í 1. efnismgr. komi: fimmtán.

b. 3. efnismgr. orðist svo:

Níu nefndarmenn skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Örnefnanefndar, Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins, Staðlaráðs Íslands, Samtaka móðurmálskennara, Rithöfundasambands Íslands, Blaðamannafélags Íslands og Hagþenkis. Loks skal ráðherra skipa þrjá menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal að minnsta kosti einn þeirra vera úr röðum íðorðafólks.

Ed. 924. Frumvarp til laga [430. mál]

um Félagsmálaskóla alþýðu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja starfar skóli er nefnist Félagsmálaskóli alþýðu. Menningar- og fræðslusamband alþýðu fer með málefni skólans.

2. gr.

Hlutverk skólans er að mennta fólk úr samtökum launafólks með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til þess að vinna að bættum lífskjörum verkalýðsstéttarinnar.

3. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar, sögu, skipulag, starfshætti og stefnu. Veita skal fræðslu á sviði félagsfræði og hagfræði auk meginatriða íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Heimilt er að veita fræðslu í almennum námsgreinum, svo sem stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum.

Leggja skal áherslu á þjálfun nemenda í að setja fram hugsanir sínar í ræðu og riti og að gera þá færa um að taka að sér trúnaðarstörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar. Félagsmálaskóli alþýðu starfar allt árið. Starfið fer fram í formi námsanna og námskeiða.

Starfsemi skólans fer fram í húsakynnum hans eða annars staðar eftir því sem þörf krefur og henta þykir.

Nám í Félagsmálaskóla alþýðu skal metið til áfanga í framhaldsnámi eftir því sem við á.

Nánari ákvæði um námsefni og námstilhögun skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni tillögu skólanefndar.

4. gr.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði eða námsönn, svo og að nemandi sé félagi í stéttarfélagi og hafi tekið þátt í öðru tilteknu námi.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í skólanefnd til fjögurra ára og skulu fjórir nefndarmenn tilnefndir af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og skal formaður sambandsins vera einn þeirra, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en einn skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd.

Formaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu er formaður skólanefndarinnar. Skólanefndin kýs úr sínum hópi varaformann og ritara. Skólanefnd ræður skólanum skólastjóra.

6. gr.

Skólanefnd og skólastjóri ákveða námsframboð með samþykki félagsmálaráðuneytisins. Nánar skal kveðið á um verksvið skólanefndar í reglugerð.

7. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans í samráði við skólanefnd.

Skólastjóri situr fundi skólanefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

8. gr.

Um fjárveitingar til Félagsmálaskóla alþýðu gildir eftirfarandi:

a. Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu úr ríkissjóði, annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist 80%.

b. Stofnkostnaður kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur að 80% úr ríkissjóði og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt stafliðum a og b hér að framan miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

Eignaraðilar skulu gera með sér samning um skiptingu annars rekstrar- og stofnkostnaðar.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólastjóra tillögur til fjárlaga og sendir þær félagsmálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld og pappírsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Skilyrði fyrir fjárveitingu til rekstrar er að félagsmálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur skal gerður í febrúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum Ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 925. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að felldar verði úr gildi takmarkanir á erlendum vörukaupalánum vegna innflutnings. Núgildandi ákvæði kveða á um að ekki megi flytja vörur til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti.

Kristín Halldórsdóttir og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Ragnar Arnalds.

Einar Kr. Guðfinnsson. Árni Gunnarsson.

Nd. 926. Frumvarp til laga [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Í Íslenskri málnefnd eiga sæti fimmtán menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess er málnefndinni heimilt að bjóða einstaklingi, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns.

Háskólaráð, heimspekideild Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert í nefndina og skipar ráðherra úr þeirra hópi formann og varaformann nefndarinnar.

Níu nefndarmenn skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Örnefnanefndar, Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins, Staðlaráðs Íslands, Samtaka móðurmálskennara, Rithöfundasambands Íslands, Blaðamannafélags Íslands og Hagþenkis. Loks skal ráðherra skipa þrjá menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal að minnsta kosti einn þeirra vera úr röðum íðorðafólks.

Innan málnefndar starfar fimm manna stjórn. Í stjórninni eiga sæti þeir þrír menn sem skipaðir eru skv. 2. mgr. og tveir menn sem málnefndin kýs úr hópi nefndarmanna. Formaður og varaformaður málnefndar eru jafnframt formaður og varaformaður stjórnar.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

2. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Íslensk málnefnd kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ella þegar formaður boðar til fundar eða meiri hluti málnefndarmanna óskar þess.

b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Stjórn málnefndarinnar hefur forustu fyrir starfsemi nefndarinnar. Stjórnin beitir sér fyrir einstökum málræktarverkefnum og annast í umboði nefndarinnar og í samvinnu við málstöðina afgreiðslu þeirra mála er nefndinni berast. Stjórnin heldur fundi eftir þörfum. Skylt er formanni að boða til stjórnarfundar ef stjórnarmaður eða forstöðumaður málstöðvar óskar þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Frá þeim degi lýkur skipunartíma þeirrar nefndar er nú situr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1984 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 927. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Kristinn Pétursson.	Geir Gunnarsson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 928. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Geir Gunnarsson.	Kristinn Pétursson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 929. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarp þetta verði fellt. Ástæðurnar eru augljósar: frumvarpið felur sumpart í sér veigalitlar breytingar á núgildandi lögum, en einnig breytingar sem þýða mundu afturhvarf til verri stjórnunarhátta og hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir bankakerfið í heild.

Meginbreytingin, sem frumvarpið hefði í för með sér ef samþykkt yrði, lýtur að breytingum á 4. mgr. 21. gr. laganna. Þar er lagt til að vextir banka og þjónustugjöld skuli ákveðin af bankaráðum. Þetta hefur bankaeftirlitið túlkað þannig að ef að lögum yrði yrðu bankaráðin að bókfæra allar breytingar á vöxtum og þjónustugjöldum, hversu smávægilegar sem þær væru. Þessi breyting mundi þannig hafa í för með sér að bankaráð yrðu að koma saman eigi sjaldnar en þrisvar í mánuði til þess að taka ákvarðanir sem í raun eru á verksviði bankastjórnar. Slík skipan bryti gegn viðtekinni verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdarstjórnar í stórum fyrirtækjum, er í beinni andstöðu við nútímastjórnunaraðferðir og það eftirlitshlutverk sem bankaráðum ríkisbankanna er sérstaklega ætlað samkvæmt lögum.

Þá hefur Samband íslenskra viðskiptabanka bent á að þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í þá átt að lögbinda þá viðmiðun sem bönkum verði heimilt að nota þegar þeir ákveða ávöxtunarkröfu sína gagnvart viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum, muni síst af öllu vernda seljendur þeirra eins og þó virðist stefnt að. Þannig má segja að frumvarpið sjálft, verði það að lögum, nái alls ekki þeim tilgangi sem því er ætlað.

Af þessum sökum er einsýnt að greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. Sum ákvæði þessa frumvarps eru þó skaðlaus og eru í einstaka tilliti til bóta. Þau eru þó svo veigalítil að ekki er ástæða til að breyta lögum þeirra vegna.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr., frsm. Einar Kr. Guðfinnsson.

Nd. 930. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1985, um sparisjóði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hluti þessa frumvarps er í raun og veru ekki annað en nauðsynleg breyting á lögunum um sparisjóði vegna þess að sýslunefndir hafa verið lagðar niður. Um þau mál er vitaskuld ekki ágreiningur.

Að öðru leyti er í frumvarpinu breyting sem ekki verður talin til bóta á lögunum. Þrátt fyrir vel rökstuddar athugasemdir Sambands íslenskra sparisjóða kýs meiri hl. nefndarinnar að líta fram hjá þeim og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá efri deild.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem 1. minni hl. nefndarinnar gerir við frumvarpið.

1. Við 1. mgr. 28. gr. laganna er gert ráð fyrir breytingu sem greinilega skerðir um of almenn eignarréttindi og rýrir sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga í þjóðfélaginu. Hún er væntan-

lega sett inn til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur, en hefur sem slík ekki mikinn tilgang. Vel hefði mátt ná því markmiði sem yfirlýst er með öðrum hætti og án þeirrar eignarréttarlegu skerðingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

2. Ekki er nauðsynlegt að láta endurskoða reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóða á eins árs fresti eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Nægilegt er að slík endurskoðun fari fram á tveggja ára fresti. Árleg endurskoðun er óþörf, kallar á pappírsflóð og eykur kostnað. Flestir telja fremur ástæðu til að draga úr kostnaði í bankakerfinu en að auka hann að óþörfu.
3. 3. mgr. 38. gr. er breytt í því skyni að girða fyrir hugsanlegan hagsmunaárekstur. Augljóslega er nauðsynlegt að slíkar reglur séu skýrar og nákvæmar. Þó má ætla að sú orðanna hljóðan sem hér er viðhöfð reynist örðug í minnstu sparisjóðunum, á starfssvæðum þar sem íbúar eru fáir. Er því ljóst að mjög mun velta á framkvæmdinni hvernig ákvæðið verður túlkað.
4. Við 1. mgr. 71. gr. sparisjóðalaganna er ætlunin að bætist málsliður til þess að samræma þau lögum um viðskiptabanka og eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri samsvarandi grein í lögunum. Er þetta í sjálfu sér góðra gjalda vert. Vandinn við þetta er hins vegar sá að ekki er tekið tillit til þeirrar sérstöðu sem ríkir í fámennustu héruðum landsins þar sem sparisjóðirnir eru minnstir. Um það segir í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða:

„Hitt er ljóst að fjölmargar peningastofnanir uppfylla ekki ákvæðið í dag, en hafa gert áætlanir um að koma því í lag fyrir árslok 1990 þegar aðlögunartími rennur út. Hins vegar er ljóst að almennar fjárfestingar í búnaði og tækjum eru sífellt nauðsynlegar vegna breyttra aðstæðna og tækniþróunar. Túlkað eins og ákvæðið er sett fram meinar það öll tækjakaup þeirra innlánsstofnana sem ekki uppfylla 65% markið og er því óraunhæft og jafnvel til skaða."

Af þessu má ljóst vera að þetta frumvarp tekur alls ekki með viðhlítandi hætti á sérstökum vanda innlánsstofnana í hinu litla og dreifða samfélagi á Íslandi og er því sjálfsagt að fella þau ákvæði.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr., frsm. Einar Kr. Guðfinnson.

Nd. 931. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentsstörf og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla

hin sérstöku dómaraskilyrði, sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936. Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Eiga fulltrúar stúdenta á skorar- og deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda um sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 932. Fyrirspurn [496. mál]

til landbúnaðarráðherra um málefni blóma- og grænmetisframleiðenda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær er að vænta reglugerðar um innflutning grænmetis og blóma og hvaða almennar reglur verða í gildi á næstunni um þann innflutning?
2. Er að vænta aðgerða á næstunni af hálfu ríkisstjórnar til að styrkja samkeppnisstöðu og bæta starfsskilyrði innlendrar blóma- og grænmetisframleiðslu?

Nd. 933. Lög [371. mál]

um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 694.

Nd. 934. Lög [419. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 779.

Sþ. 935. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kvaddi til viðræðna við sig fulltrúa fjármálaráðuneytisins.

Nefndin hefur fjallað sérstaklega um svokallaðar „aukafjárveitingar“, þ.e. um greiðslur úr ríkissjóði umfram greiðsluheimildir í fjárlögum og er greint frá þeirri umfjöllun í nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Í athugasemdum við frumvarpið er sagt að alþingiskostnaður sé undanskilinn umframgjöldum æðstu stjórnar ríkisins, en svo er ekki. Umframgjöld æðstu stjórnar ríkisins eru að meðtöldum alþingiskostnaði.

Það er einróma álit nefndarmanna að sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu fjáraukalaga, sé óverjandi. Nauðsynlegt er að þeim vinnubrögðum verði breytt og er það eitt af því sem nefndin hefur rætt sérstaklega í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaganna og vísast í því sambandi til nefndarálitsins um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Nefndin leggur svo til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Pálmi Jónsson.
Málmfríður Sigurðardóttir.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Egill Jónsson.

Sþ. 936. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1979.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kvaddi til viðræðna við sig fulltrúa fjármálaráðuneytisins.

Nefndin hefur fjallað sérstaklega um svokallaðar „aukafjárveitingar“, þ.e. um greiðslur úr ríkissjóði umfram greiðsluheimildir í fjárlögum, og er greint frá þeirri umfjöllun í nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Í frumvarpinu er ekki leitað samþykktar við greiðslur umfram fjárlagaheimildir vegna Alþingis og er það í samræmi við venju. Nefndin telur slíka afgreiðslu óeðlilega, enda er frá henni vikið í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1987 þar sem greiðslur umfram fjárlagaheimildir til Alþingis eru meðhöndlaðar með sama hætti og aðrar greiðslur umfram heimildir, þ.e. að leitað er formlegrar afgreiðslu Alþingis á þeim greiðslum eins og öðrum. Þannig telur nefndin að standa eigi að málum og leggur því fram breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að leitað sé samþykkis Alþingis fyrir þeim greiðslum sem á því fjárlagaári voru inntar af hendi úr ríkissjóði vegna Alþingis.

Það er einróma álit nefndarmanna að sá dráttur sem orðið hefur á framlagingu fjáraukalaga sé óverjandi. Nauðsynlegt er að þeim vinnubrögðum verði breytt og er það eitt af því sem nefndin hefur sérstaklega rætt í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga og vísast í því sambandi til nefndarálitsins um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Pálmi Jónsson.
Málmfríður Sigurðardóttir.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Egill Jónsson.

Sþ. 937. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1979.

Frá fjárveitinganefnd.

Liður 00 orðist svo:

Æðsta stjórn ríkisins	4.738

Nd. 938. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna kom Skúli Guðmundsson, fyrrverandi deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins auk þess sem tvær frumvarpsgreinar eru lagfærðar.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Kristinn Pétursson.
Guðni Ágústsson.	Geir Gunnarsson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 939. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „hans“ í fyrri málsl. 1. efnismgr. komi: þess.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1989.

3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Við lögin bætist ný grein, 63. gr., svohljóðandi:
Ákvæði 3., 7.–10., 14., 16. og 31. gr. gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir 1. júní 1989.
Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.

Nd. 940. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið skriflegar umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umferðarráði, bæjarfógetanum í Hafnarfirði, sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, framkvæmdastjóra hjá Vegagerð ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík, sýslumanninum í Árnessýslu, sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, sýslumanninum í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumanninum í Norður-Múlasýslu og sýslumanninum í Rangárvallasýslu.

Nefndin er sammála um að vegna mjög mismunandi aðstæðna og umferðarþunga sé óráðlegt að láta aðalbrautarrétt gilda um þjóðveg nr. 1 í öllum tilvikum. Hins vegar telur nefndin að rétt sé að gera úttekt á þjóðvegi nr. 1 með tilliti til aðalbrautarréttar og leggur því til að sú úttekt sé gerð og frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Kristinn Pétursson.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.	Geir Gunnarsson.

Nd. 941. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá tryggingaráði, Öryrkjabandalagi Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Geir H. Haarde og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.		Jón Kristjánsson.

Nd. 942. Breytingartillögur [300. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 943. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin er sú að ef tryggingaráð þarf að úrskurða um bætur eða örorkumat í ágreiningsmáli, sem háð er lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati, er ráðinu heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði. Í frumvarpinu er hins vegar kveðið á um heimild ráðsins til að leita slíkrar ráðgjafar í ágreiningsmálum sem háð eru læknisfræðilegu mati.

Aðrar breytingar nefndarinnar eru aðeins orðalagsbreytingar.

Geir H. Haarde og Ragnhildur Helgadóttur voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Jón Kristjánsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 944. Breytingartillögur [372. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna hljóði svo:
   Rísi ágreiningur um bætur eða örorkumat getur tryggingaráð úrskurðað í málinu.

Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „b. stafliðs“ í upphafi efnismgr. komi: b-liðar.
   b. Á eftir orðinu „heilsugæslulæknis“ í lok efnismgr. bætist: eða.

Nd. 945. Breytingartillaga [468. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

3. gr. hljóði svo:
24. gr. stjórnarskrárinnar falli brott.

Nd. 946. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. getur ekki fallist á þá meginbreytingu á lögunum sem lögð er til í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins að ákvörðunarvald um vexti og þjónustugjöld verði fært frá bankastjórn til bankaráðs. Slíkar ákvarðanir eiga alla jafnan að vera á ábyrgð daglegra stjórnenda bankans, eins og verið hefur, en umfjöllun um heildarstefnu og eftirlit með framkvæmd hennar í höndum bankaráðs. Heimild stjórnvalda, í 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, til að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir almennt ætti að vera nægilegur öryggisventill.

Annar minni hl. leggur því til að 1. mgr. 3. gr. verði felld en styður aðrar greinar frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 947. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og kallaði til fundar við sig fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fór yfir niðurstöður útgjalda hjá einstökum stofnunum og viðfangsefnum. Nefndin ræddi síðan við forráðamenn þeirra stofnana, embætta eða viðfangsefna þar sem veruleg frávik voru í útgjöldum frá greiðsluheimildum fjárlaga og leitaði skýringa. Viðstaddir þá fundi voru fulltrúar viðkomandi fagráðuneyta og þá einkum og sér í lagi þeir sem fara með fjármál og fjárhagslegt eftirlit fyrir hönd ráðuneytanna. Einnig voru fulltrúar fjármálaráðuneytisins viðstaddir þessa fundi. Tilgangur þessara funda var, eins og áður segir, sá að fá skýringar forráðamanna þeirra stofnana, embætta eða viðfangsefna þar sem útgjöld höfðu farið verulega fram úr fjárlagaheimildum og leggja áherslu á að útgjaldaáætlanir væru

sem réttastar og að þeim væri framfylgt. Þjóna þessir fundir þannig bæði upplýsingahlutverki og aðhaldi og eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Til fundar við fjárveitinganefnd voru kvaddir forráðamenn eftirtalinna stofnana, embætta og viðfangsefna:

Æðsta stjórn ríkisins:
Embætti forseta Íslands.
Alþingi.
Menntamálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa.
Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Námsgagnastofnun.
Tækniskólinn.
Hótel- og veitingaskólinn.
Myndlista- og handíðaskólinn.
Utanríkisráðuneyti:
Aðalskrifstofa.
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
Landbúnaðarráðuneyti:
Aðalskrifstofa.
Veiðistjóri.
Skógrækt ríkisins.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa.
Bæjarfógeta- og sýslumannsembætti.
Dómsmál, ýmis starfsemi.
Löggæslukostnaður við útihátíðir.
Félagsmálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa.
Húsnæðisstofnun.
Málefni fatlaðra.

Sérstaklega ber að taka fram að í sumum tilvikum komu fram eðlilegar skýringar á því að kostnaður hefur farið verulega fram úr áætlun fjárlaga eða að áætlanir um útgjöld, sem stuðst var við þegar frá fjárlögum var gengið, voru ekki raunhæfar, en í öðrum tilvikum kom fram að ekki væri nógu traustlega staðið að fjármálastjórn og var lögð áhersla á það af hálfu fjárveitinganefndar að þar yrði bætt um betur.

Einnig er rétt að taka fram að þau embætti, viðfangsefni eða stofnanir sem sendu fulltrúa til viðræðna við fjárveitinganefnd vegna afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1987 eru síður en svo þau einu sem nefndin taldi nauðsynlegt að skoða sérstaklega enda hafa ýmsar aðrar stofnanir, embætti og viðfangsefni verið í sérstakri skoðun hjá nefndinni þótt sú skoðun tengist ekki sérstaklega afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Í sambandi við afgreiðslu nefndarinnar á fjáraukalögum þeim, sem verið hafa til meðferðar á Alþingi í vetur, fóru fram miklar umræður í nefndinni og við fjármálaráðherra og fjármálaráðuneytismenn um svokallaðar „aukafjárveitingar“, þ.e. greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir í fjárlögum. Fram kom hjá öllum nefndarmönnum eindreginn vilji til þess að setja skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga sem fjárveitinganefndarmenn eru sammála um að gengið hafi úr hófi fram. Nefndarmenn eru sammála um að þeim vinnubrögðum verði að breyta sem ríkt hafa við afgreiðslu „aukafjárveitinga“ en hins vegar greinir menn nokkuð á um hve langt skuli ganga í því efni.

Þessi mál hafa verið til umræðu á fundum nefndarinnar með fjármálaráðherra sem bæði hefur veitt nefninni ítarlegar upplýsingar um þessi mál og óskað samráðs við hana. Á þessum fundum hefur einnig fram komið að fjármálaráðherra er áhugasamur um að breyta þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið varðandi „aukafjárveitingar“ og vill taka ákveðið á þeim málum.

Þá hefur nefndin einnig snúið sér til Lagastofnunar Háskóla Íslands og átt viðræður við Sigurð Líndal prófessor um lagaleg atriði þessara mála. Nefndin hefur óskað eftir því við Lagastofnun að hún taki þátt í frekari umræðum um þessi mál og samstarfi um setningu reglna eða laga um þau mál og hefur því verið vel tekið.

Þessu máli tengist svo afgreiðsla fjáraukalaga. Þótt ekki sé litið til annarrar áttar en þeirrar að treysta fjárlagagerð og byggja hana á sem raunhæfustum grunni útgjaldaþarfar þá er ljóst að eigi síðar en um svipað leyti eða skömmu eftir að fjárlög hafa verið lögð fyrir Alþingi ber að leggja fram frumvarp að fjáraukalögum fyrir næstliðið ár sem er lokaumfjöllun um ríkisbúskapinn á því ári. Af slíku frumvarpi til fjáraukalaga, sem yrði þá til meðferðar samhliða fjárlagaafgreiðslunni, mætti betur sjá en ella hversu raunhæfar og réttar áætlanir fjárlagafrumvarps eru um einstök viðfangsefni miðað við rauntölur um niðurstöðuna árið áður. Æskilegast væri þó að afgreiðsla fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár gæti átt sér stað t.d. í lok vormissiris og aftur við árslok — ekki síst ef verulegar breytingar hafa orðið frá afgreiðslu fjárlaga á þýðingarmiklum útgjaldaliðum.

Þar sem Alþingi fer með fjárveitingavaldið er eðlilegt að það hafi frumkvæði að því að skoða þessi mál og breyta um stefnu og hafi jafnframt forræði um það, en leiti samstarfs við fjármálaráðuneytið, Lagastofnun Háskóla Íslands og aðra. Samkvæmt þingsköpum hefur fjárveitinganefnd Alþingis heimild til þess að skipa úr sínum hópi undirnefnd sem starfi milli þinga að sérstökum verkefnum. Með vísan til þessara ákvæða hefur fjárveitinganefnd samþykkt að skipa undirnefnd og fela henni að vinna áfram að málinu í samvinnu við fjármálaráðuneyti og Lagastofnun Háskóla Íslands. Undirnefndinni hefur verið falið að ljúka störfum í sumar og leggja fyrir fjárveitinganefnd, forseta Alþingis og þingflokkana niðurstöður sínar um starfsreglur eða lagasetningu um greiðsluheimildir úr ríkissjóði og meðferð „aukafjárveitinga“.

Nefndin hefur talið rétt vegna afgreiðslu þeirra frumvarpa að fjáraukalögum, sem eru nú til meðferðar á Alþingi, að gera grein fyrir því að hún vill stuðla að breytingum á vinnubrögðum varðandi slík frumvörp og um afgreiðslur greiðsluheimilda og greiðslna úr ríkissjóði. Þessi umræða tengist vissulega umræddum frumvörpum en þótt endanleg niðurstaða sé ekki fengin — nefndin stefnir að því að sú niðurstaða fáist eigi síðar en á haustþingi 1989 — þá á það ekki að standa í vegi fyrir afgreiðslu frumvarpanna. Nefndin leggur þess vegna til að þetta frumvarp verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1989.

Sigvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Pálmi Jónsson.
Óli Þ. Guðbjartsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Egill Jónsson.

Ed. 948. Nefndarálit [461. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Sú breytingartillaga felur í sér að ríkisstjórninni verði heimilað að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli og flugstöðvum allra áætlunarflugvalla sem teljast til I. flokks í flugmálaáætlun árin 1988–1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Júlíus Sólnes.

Halldór Blöndal.

Ed. 949. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Halldór Blöndal og Skúli Alexandersson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Helgason.		Guðmundur Ágústsson.

Nd. 950. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að felld verði úr gildi ýmis lagaákvæði sem eiga ekki lengur við sökum breyttra aðstæðna.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Benedikt Bogason.	Páll Pétursson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 951. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Choi, Kui Rim, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. febrúar 1958 í Kóreu.
2. Korn, Richard Gary, hljómlistamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1956 í Bandaríkjunum.
3. Libungan, Lísa Anne, barn í Reykjavík, f. 15. janúar 1977 í Bandaríkjunum.

Ed. 952. Breytingartillaga [461. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir orðinu „Akureyrarflugvelli“ í 2. gr. komi: Sauðárkróksflugvelli.

Nd. 953. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982 og l. nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Íslenska járnblendifélaginu hf. verði heimilað að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Benedikt Bogason.	Páll Pétursson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 954. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem fyrir liggja ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Sighvatur Björgvinsson og Friðjón Þórðarson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. | Geir Gunnarsson.

Kristinn Pétursson. | Guðni Ágústsson.

Ed. 955. Frumvarp til laga [461. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

15. Egilsstaðir.

2. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 956. Svar [329. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins Péturssonar um eiginfjárrýrnun og greiðsluhalla fyrirtækja í sjávarútvegi.

1. *Hver var eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi á árinu 1988?*

Þjóðhagsstofnun hefur gert rekstraráætlun fyrir botnfiskveiðar og -vinnslu fyrir árið 1988 og er hallinn um 1,1 milljarður króna á verðlagi í lok þess árs. Eigið fé hefur því rýrnað á þennan mælikvarða sem þessu nemur. Í þessu sambandi þarf hins vegar að koma fram að ákaflega erfitt er að meta eiginfjárrýrnun milli ára og mismunandi aðferðir eru notaðar í því

skyni. Rétt er því að nefna hér áætlaða eiginfjárrýrnun samkvæmt eftirfarandi þremur aðferðum og skýra í stuttu máli mismuninn milli þeirra:

a. Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að eigið fé hafi rýrnað í botnfiskveiðum og -vinnslu um 1,1 milljarð kr. á árinu 1988 og er þá miðað við verðlag í lok þess árs.
b. Þjóðhagsstofnun hefur einnig áætlað rýrnun á eigin fé samkvæmt reikningsskilavenjum endurskoðenda sem notaðar eru við ársuppgjör fyrirtækja og samkvæmt því hefur eigið fé í botnfiskveiðum og -vinnslu rýrnað um 3,9 milljarða króna.
c. Seðlabankinn hefur metið eiginfjárbreytingu í sjávarútvegi í heild á árinu 1988. Samkvæmt endurskoðuðu mati bankans frá 19. apríl hefur eigið fé rýrnað um 5,7 milljarða kr. ef miðað er við hækkun byggingarvísitölu frá ársbyrjun til ársloka. Í þessu mati hefur Seðlabankinn miðað við þjóðarauðsmat á fiskiskipaflotanum, ef hins vegar er miðað við vátryggingarmat fiskiskipaflotans nemur rýrnunin 6,1 milljarði króna.

Í þessum áætlunum felst verulegur mismunur milli uppgjörsaðferða og skal nú reynt að skýra þessa aðferðir nánar og í hverju mismunurinn liggur.

a. Matsaðferð Þjóðhagsstofnunar byggist á því að meta rýrnun eigin fjár út frá þeim rekstrarhalla sem verður vegna framleiðslu ársins og er rýrnunin því sú sama og rekstrarhallinn.
b. Eiginfjárrýrnun samkvæmt hefðbundnum uppgjörsaðferðum kemur þannig fram að auk halla ársins 1988 eru eignir og skuldir uppfærðar samkvæmt mismunandi verðbreytingum. Til að átta sig betur á þessu verður að líta á fleiri ár í samhengi. Á árunum 1986 og 1987 hækkaði matsverð fastafjármuna í sjávarútvegi miðað við verðbreytingar hér innan lands þótt verðmæti þeirra að hluta fylgdi fremur gengisbreytingum. Gengistryggðar skuldir hækkuðu mun minna. Við þetta myndaðist eiginfjáraukning á þessum árum sem gengur til baka og kemur fram í eiginfjárrýrnun á árinu 1988, þegar gengisbreytingar verða mun meiri en hækkun á innlendu verðlagi og eignir fá því minni uppfærslu en skuldir. Hér er því ekki nema að hluta til eiginfjárrýrnun sem rekja má til framleiðslu ársins 1988.
c. Seðlabankinn stillir upp efnahagsreikningi þar sem eignir og skuldir eru unnar sjálfstætt en ekki í bókhaldslegu samhengi. Þar skiptir því öllu máli hvaða samræmi er milli verðmætamats á eignum og uppfærslu skulda vegna gengisbreytinga og annarra verðtryggingarákvæða. Hér getur því á sama hátt og í hefðbundnu uppgjöri myndast eiginfjárbreyting sem ekki verður rakin til hagnaðar eða taps af framleiðslu ársins.

Í framhaldi af öllum þessum matsaðferðum og umræðum um breytingu á eigin fé væri ekki úr vegi að hugleiða hvað ræður hinni raunverulegu breytingu á eigin fé fyrirtækja. Afkoma ársins skiptir þar mestu máli ekki aðeins vegna þeirra breytinga, sem leiða beint af hagnaði eða tapi, heldur einnig vegna þeirra áhrifa sem rekstrargrundvöllur fyrirtækja hefur á verðmæti fastafjármuna. Hvers virði eru eignir fyrirtækja sem ekki hafa rekstrargrundvöll. Ekkert slíkt mat né breytingar á söluverði einstakra eigna, sbr. söluverð fiskiskipa er yfirleitt leitt fram í efnahagsyfirlitum, enda erfitt að meta og kannski ekki ástæða til hjá fyrirtækjum sem eru í stöðugum rekstri og búa við eðlilegan rekstrargrundvöll. Slíkt mat hlýtur þó alltaf að koma upp ef til stöðvunar atvinnurekstrar kemur. Hvert hið raunverulega eigið fé í sjávarútvegi er, er ekki ljóst, og má í því sambandi nefna að samkvæmt áætlun eftir hefðbundnum uppgjörsaðferðum er hlutfall eiginfjár af heildareignum milli 5 og 6% í árslok 1988. Í efnahagsyfirliti Seðlabankans þar sem stuðst er við vátryggingaverðmæti fiskiskipaflotans er eigið fé sem hlutfall af heildareignum milli 26 og 27%. Hér hefur því myndast mikið ósamræmi milli bókfærðs verðs og vátryggingarmats fiskiskipa. Breytingar á eigin fé milli ára hafa því verið nokkuð mismunandi eftir matsaðferðum. Meðan öll sú óvissa ríkir um mat á eigin fé í sjávarútvegi og breytingar á því, m.a. vegna mismunar á verðbreytingum hér innan

lands og breytingum á gengi innan hvers árs og þeim áhrifum, sem það hefur á bókfært eigið fé fyrirtækja, þá telur Þjóðhagsstofnun rétt að meta eiginfjárbreytinguna út frá þeim halla sem verður af framleiðslu ársins. Enda tengja menn í umræðunni eiginfjárrýrnun yfirleitt saman við slæma rekstrarafkomu og þörf fyrir betri rekstrargrundvöll.

Rétt þykir að upplýsa að samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands frá 5. desember síðastliðnum sem afhent var ríkisstjórninni þá, áætlaði bankinn að eigið fé fyrirtækja í sjávarútvegi árið 1987 hefði numið 22.800 m.kr. miðað við tryggingarmat skipa eða 32% af heildarskuldum og að það mundi lækka í 13.400 m.kr. 1988 eða í 16%. Rýrnun eiginfjár milli áranna væri því 9.400 m.kr. en ef sama hlutfall eiginfjár hefði átt að haldast í árslok 1988 eins og það var 1987 hefði það þurft að vera 13.400 m.kr. hærra. Eins og fram kemur hér að framan hefur bankinn nú endurmetið ofangreindar tölur.

2. *Hver verður eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári miðað við núverandi efnahagsleg skilyrði?*

Miðað við rekstrarskilyrði og verðlag nú í apríl er halli botnfiskveiða og -vinnslu áætlaður miðað við heilt ár um 900 milljónir kr. og má því reikna með að eigið fé rýrni á árinu 1989 að sama skapi miðað við óbreytt rekstrarskilyrði.

3. *Hver verður greiðsluhalli fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári miðað við sömu forsendur?*

Afar erfitt er að henda nákvæmar reiður á greiðsluhalla fyrirtækja í sjávarútvegi miðað við rekstrarskilyrði um þessar mundir út frá þeim gögnum sem Þjóðhagsstofnun hefur undir höndum. En samkvæmt lauslegri áætlun má reikna með fjárvöntun eða greiðsluhalla sem nemur um 8% af heildarveltu botnfiskveiða og -vinnslu. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar séu fjármagnaðar að 70% með nýjum langtímalánum. Ef fjárfestingu er sleppt í þessari áætlun verður greiðsluhallinn um 6% af veltu sem þýðir tæplega þriggja milljarða króna fjárvöntun í botnfiskveiðum og -vinnslu við rekstrarskilyrði í apríl 1989.

4. *Hver þarf hagnaður fyrirtækja í sjávarútvegi að vera til þess að meðalfyrirtæki geti staðið í skilum í rekstri sínum?*

Til þess að geta staðið í skilum hjá fyrirtækjum í botnfiskveiðum og -vinnslu þyrfti hagnaðurinn að aukast um 6% að meðaltali í greininni og er þá gert ráð fyrir að áætluð fjárfesting sé fjármögnuð að öllu leyti með nýjum langtímalánum. Þetta þýðir að breyta þyrfti 2–3% hallarekstri í 3–4% hagnað miðað við veltu í umræddri sjávarútvegsgrein.

Rétt er að taka fram að Þjóðhagsstofnun hefur enn ekki undir höndum ársreikninga fyrir árið 1988 og því er ekki unnt að svara þessari fyrirspurn af meiri nákvæmni að svo stöddu.

Ed. 957. Lög [224. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 931.

Ed. 958. Lög [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 881.

Sþ. 959. Svar [488. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um fjölda atvinnulausra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir voru skráðir atvinnulausir í síðasta mánuði, flokkað eftir kjördæmum, kyni og atvinnugreinum?*
2. *Hvernig er ástandið nú borið saman við það sem var fyrir*
   a. 6 mánuðum,
   b. 12 mánuðum?

Sem svar við fyrirspurninni er hér birt yfirlit vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins um skráða atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í marsmánuði sl. ásamt samanburði við síðustu sex og tólf mánuði. Varðandi flokkun eftir landshlutum skal tekið fram að til höfuðborgarsvæðis teljast: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur. Þá eru Drangsnes og Hólmavík talin með Norðurlandi vestra.

Skipting atvinnulausra eftir atvinnugreinum liggur ekki fyrir hvað snertir landið í heild en síðasta virka dag marsmánaðar sl. voru 578 verkamenn og sjómenn á atvinnuleysisskrá á landinu, 132 iðnaðarmenn og 354 karlar úr ýmsum starfsgreinum. Sama dag voru 786 verkakonur og iðnverkakonur á atvinnuleysisskrá og 505 konur úr öðrum starfsgreinum. Fjölmennasti hópurinn, sem flokkast undir aðrar starfsgreinar, er verslunarfólk, bæði konur og karlar.

Tafla 1.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í mars 1989 eftir búsetu og kyni, ásamt breytingum á síðustu 6 og 12 mánuðum.

Svæði:	Fjöldi skráðra atv.l.d.	Meðaltal atvinnu-lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	BREYTINGAR Á síðustu 6 mánuðum] Atv.l.dagar	Meðalt.atv.l.	Karlar	Konur	[Á síðustu 12 mánuðum Atv.l.d.	Meðalt.atvl.	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæðið	20.545	948	547	401	+ 17.027	+ 786	+ 468	+ 318	+ 17.316	+ 799	+ 461	+ 338
Vesturland	4.678	216	49	167	+ 3.071	+ 142	+ 37	+ 105	+ 1.779	+ 83	+ 21	+ 62
Vestfirðir	1.260	58	31	27	+ 4.077	+ 46	+ 25	+ 21	+ 1.173	+ 54	+ 28	+ 26
Norðurl. vestra	5.847	270	124	146	+ 4.356	+ 201	+ 97	+ 104	+ 3.330	+ 154	+ 75	+ 79
Norðurl. eystra	9.010	416	190	226	+ 3.657	+ 215	+ 126	+ 89	+ 6.003	+ 278	+ 123	+ 155
Austurland	5.482	253	107	146	+ 5.079	+ 235	+ 101	+ 134	+ 3.446	+ 160	+ 70	+ 90
Suðurland	5.168	239	100	139	+ 3.155	+ 146	+ 71	+ 75	+ 2.181	+ 101	+ 46	55
Suðurnes	1.947	90	24	66	+ 269	+ 13	- 8	+ 21	+ 1.412	+ 65	+ 10	+ 55
LANDIÐ ALLT:	53.937	2.489	1.172	1.317	+ 38.638	+ 1.783	+ 938	+ 845	+ 36.640	+1.691	+ 835	+ 856

Úr yfirliti vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins um atvinnuástandið.
(Nr. 3/89)

Í marsmánuði sl. voru skráðir 54 þúsund atvinnuleysisdagar á landinu öllu, 29 þúsund hjá konum en 25 þúsund hjá körlum. Er þetta mesti fjöldi daga sem skráðst hefur í marsmánuði frá því skráning atvinnuleysisdaga hófst árið 1975. Þessi fjöldi atvinnuleysisdaga jafngildir því að 2500 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum en það svarar til 2% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í mánuðinum samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar.

Samkvæmt framanskráðu var atvinnustigið í marsmánuði sl. óbreytt frá mánuðinum á undan enda þótt skráðir atvinnuleysisdagar væru þremur þúsundum færri en í febrúarmánuði. Hins vegar varð nokkur breyting á dreifingu atvinnuleysisins milli landshluta. Þannig fjölgaði skráðum atvinnuleysisdögum um 2000 á höfuðborgarsvæðinu en fækkaði hins vegar um 4700 utan þess.

Þrjá fyrstu mánuði yfirstandandi árs hafa verið skráðir 175 þúsund atvinnuleysisdagar á öllu landinu. Þetta jafngildir því að 2700 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá á fyrsta ársfjórðungi, en það svarar til 2% af mannafla á vinnumarkaði.

Þetta eru mikil umskipti frá sl. ári en þá voru á sama tímabili aðeins skráðir 57 þúsund atvinnuleysisdagar, sem jafngildir tæplega 900 manns á atvinnuleysisskrá að meðaltali eða 0,8% af mannafla. Vegna þeirrar þenslu, sem þá ríkti á vinnumarkaði, er samanburður við árið 1988 vart raunhæfur. Sé hins vegar tekið meðaltal fyrsta ársfjórðungs síðustu þrjú ár, reyndust skráðir atvinnuleysisdagar vera 76 þúsund talsins sem jafngildir um 1200 manns atvinnulausum að meðaltali eða 1% af mannafla.

Af þessum tölum má ljóst vera að skráð atvinnuleysi á nýliðnum ársfjórðungi var a.m.k. helmingi meira en eðlilegt getur talist miðað við árstíma.

Eins og fyrr greinir voru atvinnuleysisdagar í sl. marsmánuði fleiri en dæmi eru um í nær hálfan annan áratug. Þetta gerist á sama tíma og sjávarafli er víðast um land meiri en t.d. á sama tíma í fyrra. Þetta gefur til kynna að atvinnuleysið nú sé af öðrum toga spunnið en venjulega á þessum árstíma. Samfelld fjölgun atvinnuleysisdaga á höfuðborgarsvæðinu frá áramótum sýnir að samdráttur í þjónustugreinum á hér verulegan hlut að máli. Sömu þróunar gætir víða á landsbyggðinni, þar sem þjónustufyrirtæki hafa ýmist hætt störfum eða dregið verulega saman starfsemi sína.

Tafla 2.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í mars 1989 eftir búsetu og kyni, ásamt breytingum frá næsta mánuði á undan og á síðustu 12 mánuðum.

Svæði:	Fjöldi skráðra atv.l.d.	Meðaltal atvinnu-lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	BREYTINGAR Frá síðasta mánuði Atv.l.dagar	Meðalt.atv.l.	Karlar	Konur	Á síðustu 12 mánuðum Atv.l.d.	Meðalt.atvl.	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæðið	20.545	948	547	401	+1.984	+ 91	+ 38	+ 53	+ 17.316	+ 799	+ 461	+ 338
Vesturland	4.678	216	49	167	- 391	- 18	- 15	- 3	+ 1.779	+ 83	+ 21	+ 62
Vestfirðir	1.260	58	31	27	- 309	- 14	0	- 14	+ 1.173	+ 54	+ 28	+ 26
Norðurl. vestra	5.847	270	124	146	+ 178	+ 8	+ 2	+ 6	+ 3.330	+ 154	+ 75	+ 79
Norðurl. eystra	9.010	416	190	226	- 75	- 3	+ 17	- 20	+ 6.003	+ 278	+ 123	+ 155
Austurland	5.482	253	107	146	+ 389	+ 18	+ 8	+ 10	+ 3.446	+ 160	+ 70	+ 90
Suðurland	5.168	239	100	139	-1.943	- 89	- 35	- 54	+ 2.181	+ 101	+ 46	55
Suðurnes	1.947	90	24	66	-2.517	-116	- 28	- 88	+ 1.412	+ 65	+ 10	+ 55
LANDIÐ ALLT:	53.937	2.489	1.172	1.317	-2.684	-124	- 13	-111	+ 36.640	+1.691	+ 835	+ 856

Tafla 3.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í mars 1989 eftir landshlutum og stöðum.
(Svigatölur eru frá febrúar 1989.)

		Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
1.0	Höfuðborgarsvæðið:	20.545	(18.561)	8.679	(7.535)	948	(857)	401	(348)
1.1	Reykjavík	13.759	(13.372)	5.391	(5.015)	635	(617)	249	(231)
1.2	Seltjarnarnes	235	(221)	150	(190)	11	(10)	7	(9)
1.3	Kópavogur	3.830	(2.844)	1.877	(1.488)	177	(131)	87	(69)
1.4	Garðabær	649	(490)	327	(244)	30	(23)	15	(11)
1.5	Hafnarfjörður	1.753	(1.395)	755	(526)	81	(64)	35	(24)
1.6	Mosfellsbær	280	(219)	160	(52)	13	(10)	80	(2)
1.7	Bessastaðahr.	39	(20)	19	(20)	2	(1)	0	(1)
2.0	Vesturland:	4.678	(5.069)	3.626	(3.686)	216	(234)	167	(170)
2.1	Akranes	3.697	(3.556)	3.182	(2.961)	171	(164)	147	(137)
2.2	Borgarnes	895	(1.123)	421	(413)	41	(52)	19	(24)
2.3	Ólafsvík	40	(40)	0	(40)	2	(2)	0	(2)
2.4	Stykkishólmur	0	(25)	0	(7)		( )		( )
2.5	Hellissandur	0	(4)	0	( )		( )		(
2.6	Grundarfjörður	46	(321)	23	(265)	2	(15)	1	(12)
3.0	Vestfirðir:	1.260	(1.569)	578	(883)	58	(72)	27	(41)
3.1	Bolungarvík	0	(54)	0	(14)	0	(2)		( )
3.2	Ísafjörður	245	(347)	117	(239)	11	(16)	5	(11)
3.3	Patreksfjörður	704	(870)	421	(584)	32	(40)	19	(27)
3.4	Bíldudalur	119	(84)	12	(20)	5	(4)	0	(1)
3.5	Þingeyri	160	(189)	27	(26)	8	(9)	1	(1)
3.6	Flateyri	0	(0)		( )		( )		( )
3.7	Suðureyri	32	(25)	1	(0)	1	(1)		( )
3.8	Súðavík	0	(0)		( )		( )		( )

		Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
4.0	Norðurland vestra:	5.847	(5.669)	3.159	(3.018)	270	(262)	146	(140)
4.1	Sauðárkrókur	1.289	(1.426)	647	(745)	59	(66)	30	(34)
4.2	Siglufjörður *	904	(1.316)	601	(840)	42	(61)	28	(39)
4.3	Drangsnes	0	(14)		( )		( )		( )
4.4	Hólmavík	84	(130)	17	(50)	4	(6)	0	(2)
4.5	Hvammstangi	1.169	(826)	676	(409)	54	(38)	31	(19)
4.6	Blönduós 1)	1.101	(881)	525	(423)	51	(41)	24	(20)
4.7	Skagaströnd	218	(173)	95	(44)	10	(8)	4	(2)
4.8	Hofsós 1)	386	(351)	218	(189)	18	(16)	10	(9)
4.9	Lýtingsstaðahr.	446	(305)	230	(178)	21	(14)	11	(9)
4.10	Seyluhreppur.	192	(207)	120	(120)	9	(10)	6	(5)
4.11	Akrahreppur.	58	(0)	35	(0)	3	(0)	2	(0)
5.0	Norðurland eystra:	9.010	(9.085)	4.895	(5.328)	416	(419)	226	(246)
5.1	Ólafsfjörður	1.579	(1.743)	1.258	(1.409)	73	(80)	58	(65)
5.2	Dalvík	78	(514)	50	(386)	4	(24)	2	(18)
5.3	Akureyri	4.183	(3.828)	1.759	(1.800)	193	(177)	81	(83)
5.4	Húsavík 1)	1.880	(1.996)	1.058	(1.111)	87	(92)	49	(51)
5.5	Grímsey	-	( )		( )		( )		( )
5.6	Arskógshreppur	26	(40)	8	(23)	1	(2)	0	(1)
5.7	Kópasker	529	(337)	377	(223)	24	(16)	17	(10)
5.8	Raufarhöfn	99	(108)	31	(56)	4	(5)	1	(3)
5.9	Þórshöfn	565	(371)	304	(191)	26	(17)	14	(9)
5.10	Grýtubakkahreppur.	71	(148)	50	(129)	3	(7)	2	(5)
6.0	Austurland:	5.482	(5.093)	3.165	(2.946)	253	(235)	146	(156)
6.1	Seyðisfjörður	260	(256)	69	(44)	12	(12)	3	(2)
6.2	Neskaupstaður	109	(85)	0	(0)	5	(4)		( )
6.3	Eskifjörður	38	(43)	0	(14)	2	(2)		( )
6.4	Höfn/Hornafirði	0	(40)		( )		( )		( )
6.5	Bakkafjörður	82	(80)	58	(58)	4	(4)	3	(3)
6.6	Vopnafjörður	425	(297)	213	(204)	20	(14)	10	(10)
6.7	Bakkagerði	467	(533)	399	(418)	22	(25)	18	(19)
6.8	Egilsstaðir 1)	1.261	(1.197)	735	(580)	58	(55)	34	(27)
6.9	Reyðarfjörður	109	(163)	54	(128)	5	(8)	2	(6)
6.10	Fáskrúðsfjörður	643	(715)	280	(306)	30	(33)	13	(14)
6.11	Stöðvarfjörður	1.311	(1.140)	920	(900)	60	(53)	42	(42)
6.12	Breiðdalsvík	760	(539)	437	(294)	35	(25)	20	(14)
6.13	Djúpivogur	17	(5)	0	(0)	0	(0)		( )

		Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
7.0	Suðurland:	4.872	(6.722)	2.928	(4.089)	225	(310)	135	(189)
7.1	Selfoss	1.649	(1.343)	904	(617)	76	(62)	42	(28)
7.2	Hveragerði	600	(643)	213	(238)	28	(30)	10	(11)
7.3	Þorlákshöfn	594	(1.194)	531	(1.005)	27	(55)	25	(46)
7.4	Vík í Mýrdal	276	(334)	230	(228)	13	(15)	11	(11)
7.5	Hvolsvöllur	676	(644)	415	(414)	31	(30)	19	(19)
7.6	Hella	731	(778)	504	(503)	34	(36)	23	(23)
7.7	Þykkvibær	120	(133)	40	(33)	6	(7)	2	(2)
7.8	Stokkseyri	52	(875)	5	(494)	2	(40)	0	(2)
7.9	Eyrarbakki	82	(566)	17	(431)	3	(26)	0	(20)
7.10	Kirkjubæjarhr.	92	(119)	69	(80)	4	(5)	3	(4)
7.11	Fljótshlíðarhr.	0	(93)	0	(46)	0	(4)	0	(2)
8.0	Vestmannaeyjar	296	(389)	80	(97)	14	(18)	4	(4)
9.0	Suðurnes:	1.947	(4.464)	1.436	(3.344)	90	(206)	66	(154)
9.1	Grindavík	75	(746)	41	(667)	3	(34)	2	(31)
9.2	Keflavík	1.379	(2.581)	1.088	(1.987)	64	(119)	50	(92)
9.3	Njarðvík	424	(623)	252	(311)	20	(29)	12	(14)
9.4	Sandgerði	35	(313)	35	(272)	2	(14)	2	(13)
9.5	Gerðahreppur	34	(201)	20	(107)	2	(10)	1	(5)
	Allt landið:	53.937	(56.621*)	28.547	(30.926*)	2.489	(2.613*)	1.317	(1.428*)

* Talan er leiðrétt skv. nýjum upplýsingum frá Siglufirði.

Nd. 960. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðtals Halldór J. Kristjánsson, stjórnarformann Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Í umræðum um málið í nefndinni komu fram þau viðhorf að gæta þyrfti þess þegar notuð er heimild samkvæmt frumvarpinu að hlutafjárframlög tengist þeim markmiðum að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi fyrirtækja. Varast beri að leggja hlutafé af mörkum nema heilbrigður rekstur sé tryggður án framlaga úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að ekki komi til að sjóðurinn eignist meiri hluta í fyrirtækjum nema í undantekningartilvikum og að um tímabundna eignaraðild verði að ræða. Æskilegt er að fyrirtæki sameinist um markaðsátak og þróunarstarf með þátttöku sjóðsins.

Með vísan til þeirra atriða, sem hér hafa verið rakin, mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Páll Pétursson.
Benedikt Bogason.	Friðrik Sophusson.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Sþ. 961. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um íslenskunámskeið fyrir almenning.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og sent það til umsagnar. Svör bárust frá Íslenskri málnefnd og framkvæmdastjóra Fræðsluvarps. Auk þess lá fyrir í nefndinni umsögn frá Íslenskri málnefnd vegna sama máls á síðasta þingi.

Til viðræðu um málið komu á fund nefndarinnar Guðmundur Kristmundsson, starfsmaður málræktarátaks menntamálaráðuneytis, dr. Kristján Árnason, formaður Íslenskrar málnefndar, og Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðsluvarps.

Fram kom hjá þessum aðilum að víða gerir vart við sig áhugi á ræktun íslensks máls og hlutur fjölmiðla skiptir miklu um verndun og þróun tungunnar. Mikilsvert er að sem best tengsl verði milli þeirra sem vinna að því að auka áhuga á málrækt. Fyrrgreindir viðmælendur nefndarinnar lýstu sig reiðubúna til samráðs við sjónvarpsstöðvar ef eftir yrði leitað vegna þáttagerðar um íslenskt mál.

Nefndin telur að reynslan af þáttum um íslenskt mál í hljóðvarpi hvetji til þess að upp verði teknir stuttir þættir um íslenskt mál í sjónvarpi á góðum stað í dagskrá. Eðlilegt er að menntamálaráðherra leiti eftir slíku við sjónvarpsstöðvarnar með hliðsjón af því málræktarátaki sem hann hefur beitt sér fyrir. Hins vegar er það undir áhuga og ákvörðunum sjónvarpsstöðvanna komið hvort og hvernig að slíkum þáttum er staðið. Óbeinn stuðningur og fagleg ráðgjöf frá Íslenskri málnefnd og Fræðsluvarpi ætti hins vegar að auðvelda gerð slíkra þátta og vandaðan undirbúning.

Með vísan til þessa leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 962. Nefndarálit [273. mál]

um till. til þál. um tónmenntakennslu í grunnskólum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Félagi tónlistarkennara, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, námsstjóra í tónmennt (menntamálaráðuneyti), Samtökum tónlistarskóla, skólastjóra Hafralækjarskóla í Aðaldal og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Margar þessara umsagna eru ítarlegar og í þeim öllum er tekið jákvætt undir efni tillögunnar.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 963. Breytingartillaga [273. mál]

við till. til þál. um tónmenntakennslu í grunnskólum.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum,
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,
- að athuga hvernig best verði staðið að menntun kennara á þessu sviði,
- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1989.

Sþ. 964. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um aðstoð við leigjendur.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Húseigendafélaginu og ríkisskattstjóra. Alþýðusambandið tekur undir hugmynd flutningsmanna, Húseigendafélagið telur efni tillögunnar ekki almennt varða hag félagsmanna sinna og ríkisskattstjóri, Garðar Valdimarsson, segir í umsögn sinni m.a. eftirfarandi:

„Varðandi þá athugasemd í greinargerð með tillögunni, að hingað til hafi ekkert verið gert af hálfu ríkisvaldsins til að létta byrðar leigjenda, er rétt að benda á 3. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga sem í gildi var frá 1982 til 1988. Samkvæmt nefndum tölulið var helmingur greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði frádráttarbær hjá leigjanda. Við álagningu á árinu 1987, sem var síðasta árið sem frádrátturinn gat nýst í raun, nam frádrátturinn 90.626.000 kr. hjá 1546 gjaldendum.

Þar sem hér er um að ræða þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að meta út frá lagatæknilegum sjónarmiðum hvora leiðina eigi að fara til að aðstoða leigjendur tel ég ekki rétt á þessu stigi að fjalla nánar um þau sjónarmið."

Þar sem hér er um að ræða mál er snertir hag margra og breyting varð á þegar sett voru lög um staðgreiðslu skatta telur nefndin rétt að stjórnvöld kanni með hvaða hætti best verði komið við aðstoð við leigjendur. Með vísan til þessa leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 965. Breytingartillaga [145. mál]

við till. til þál. um íslenskunámskeið fyrir almenning.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita eftir því við sjónvarpsstöðvarnar að þær flytji reglulega þætti um íslenskt mál og hafi um gerð þeirra samráð við Íslenska málnefnd og Fræðsluvarp.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um þætti um íslenskt mál í sjónvarpi.

Nd. 966. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund framkvæmdastjóra Gutenberg, Guðmund Kristjánsson, og fjóra fulltrúa starfsmanna: Bjarna Ingólfsson, Jón Hermannsson, Jón Úlfljótsson og Þórhall Sigmundsson. Í máli þeirra kom fram að breyting á rekstrarformi fyrirtækisins hefði vissa kosti í för með sér. Hins vegar væru uppi ýmsar spurningar og óvissa í hugum starfsmanna vegna þessa máls. Komi til þess að hlutabréf verði seld skv. 4. gr. telja starfsmenn eðlilegt að þeir fái a.m.k. tímabundinn forkaupsrétt og var vísað til breytinga á Landssmiðjunni í hlutafélag fyrir nokkrum árum. Einnig töldu fulltrúar starfsmanna eðlilegt að starfsmenn eigi aðild að stjórn fyrirtækisins og mætti setja ákvæði um það í samþykktir fyrir félagið.

Nefndin vekur athygli á athugasemdum við 1. og 4. gr. frumvarpsins þar sem fram er tekið að öll hlutabréfin verði í eigu ríkissjóðs og að þau verða ekki seld nema áður hafi verið leitað samþykkis Alþingis. Ef til þess kæmi er rétt að hafa í huga fyrrgreind atriði.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt enda sé tryggt að hagur starfsmanna raskist ekki varðandi lífeyrisréttindi og vegna uppgjörs á lífeyrissjóði.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Páll Pétursson.
Benedikt Bogason.	Friðrik Sophusson.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 967. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Þá kom Árni Vilhjálmsson prófessor, formaður þeirrar nefndar er samdi frumvarpið, á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Ekki er um veigamiklar efnisbreytingar að ræða heldur er aðallega verið að færa til betri vegar ýmis ákvæði frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.
	Einar Kr. Guðfinnsson.	

Nd. **968. Breytingartillögur** [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1978, um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Hlutafélagið“ í upphafi 2. efnismálsl. a-liðar komi: Hlutaféð.
2. Við 8. gr. Orðin „m.a. flokka án atkvæðisréttar“ í lok b-liðar falli brott.
3. Við 12. gr. Orðin „svo og númer hlutanna sem það tekur til“ í 2. efnismálsl. e-liðar falli brott.
4. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðinu „nafnnúmer“ í a-lið bætist: kennitölu.
   b. Orðin „númer hlutanna sem hlutabréfið tekur til“ í b-lið falli brott.
5. Við 17. gr. Í stað orðanna „ekki verður framseldur öðrum“ í niðurlagi greinarinnar komi: þeir geta ekki framselt öðrum.
6. Við 23. gr. Í stað orðsins „endurmatssjóð“ í a-lið komi: endurmatsreikningi.
7. Við 27. gr. Í stað tveggja fyrstu málsl. a-liðar komi:
   Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn.
8. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   49. gr. laganna falli brott.
9. Við 33. gr. Efnismgr. orðist svo:
   Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst ⅔ hluta atkvæða í félaginu.
10. Við 41. gr. Í stað orðsins „endurmatssjóður“ komi hvarvetna í greininni: endurmatsreikningur.
11. Við 42. gr.
    a. Í stað d-og e-liða komi nýr stafliður er hljóði svo:
       4. mgr. orðist svo:
       Meðal gjalda skal sérstaklega greina:
       1. Gjöld af aðalstarfsemi.
       2. Vaxtagjöld.
       3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
       4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
       5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
       6. Óregluleg gjöld.
       7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.
    b. F-liður, er verði e-liður, orðist svo:
       5. mgr. orðist svo:
       Óreglulegar tekjur og gjöld skv. 7. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.
    c. Við bætist stafliður er hljóði svo:
       Við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:
       Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

12. Við 43. gr. Upphaf efnismálsl. b-liðar orðist svo: Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til o.s.frv.
13. Við 48. gr. C-liður falli brott.
14. Við 52. gr. Í stað orðanna „þriggja ára“ í 3. tölul. fyrri efnismgr. komi: árs.
15. Við 64. gr. Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verði á 146. gr. laganna:
    a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
       Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr., ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.
    b. Við 4. mgr. bætist nýr málsl. er orðist svo: M.a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

Nd. 969. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1987, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Magnús Geirsson og Þráin Hallgrímsson frá ASÍ, Þórarin V. Þórarinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá VSÍ og Birgi Guðjónsson, Einar Sigurjónsson og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá Verkamannasambandinu, Verkamannafélaginu Hlíf, Verkalýðsfélaginu Boðanum, Verkalýðsfélaginu Einingu, ASÍ og VSÍ. Jafnframt barst nefndinni undirskriftarlisti frá starfsfólki Eimskipafélags Íslands í Hafnarfirði.

Lítil reynsla er komin á framkvæmd núgildandi laga um þetta efni og telur nefndin að í málinu séu margir óvissuþættir er þurfi frekari athugunar við. Leggur nefndin því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Geir H. Haarde.	Kristín Einarsdóttir.	Eggert Haukdal.
	Jón Kristjánsson.	

Nd. 970. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá Páli Péturssyni, Árna Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Kristínu Halldórsdóttur og Stefáni Valgeirssyni.

Við 7. gr. Orðin „á óréttmætan hátt“ í fyrri málsl. fyrri efnismgr. falli brott.

Sþ. 971. Svar [350. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um staðfestingu á sáttmála Evrópuráðsins um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Sem svar við fyrirspurninni vill ráðuneytið skýra frá því að félagsmálaráðuneytið hefur kannað afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga til samningsins sem til þessa hefur einungis verið fullgiltur af einu Norðurlandaríki, þ.e. Danmörku. Samband íslenskra sveitarfélaga telur rétt að samningurinn verði fullgiltur. Nánar verður rætt um samninginn og þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að geta fullgilt hann á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn verður 26. maí nk.

Sþ. 972. Svar [359. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Matthíasar Á. Mathiesen um útflutning á ísfiski í gámum.

1. Veitt leyfi fyrir ísfiski í gámum frá áramótum til 22. apríl sl., þ.e. þorski, ýsu, karfa og ufsa voru eins og hér greinir.

Til Bretlands	1104 gámar.
Til Þýskalands	290 gámar.

2.1. Eftirtaldir útgerðar-, fiskvinnslu- og fiskútflutningsaðilar víðs vegar á landinu hafa sótt um og fengið leyfi umrætt tímabil:

Andri hf., Reykjavík.
Asiaco hf., Reykjavík.
Álftfirðingur hf., Súðavík.
Baldur hf., Ísafirði.
Bergur-Huginn sf., Vestmannaeyjum.
Bergvík VE, Vestmannaeyjum.
Byr hf., Flateyri.
Borgey hf., Höfn í Hornafirði.
Búðarnes hf., Ísafirði.
Búlandstindur hf., Djúpavogi.
Einar Guðfinnsson hf., Bolungarvík.
Eir hf., Ísafirði.
Emma hf., Vestmanneyjum.
Fáfnir hf., Ísafirði.
Fiskiðja Sauðarkróks hf., Sauðárkróki.
Fiskmat Grindavíkur, Grindavík.
Fiskmiðlun Norðurlands hf., Dalvík.
Frosti hf., Súðavík.
Færabakur hf., Stöðvarfirði.
Gámar hf., Stöðvarfirði.
Gámavinir sf., Vestmannaeyjum.

Grandi hf., Reykjavík.
Guðmundur Á. Hólmgeirsson, Húsavík.
Guðmundur Runólfsson, Grundarfirði.
Gunnar Ólafsson, Garðabæ.
Gunnar Ólafsson, Vestmannaeyjum.
Gunnar I. Hafsteinsson, Reykjavík.
Gunnvör hf., Ísafirði.
Göltur hf., Reykjavík.
Haförninn hf., Akranesi.
Haraldur Böðvarsson & Co. hf., Akranesi.
Heimaskagi hf., Akranesi.
Hinrik Kristjánsson, Flateyri.
Hlaðsvík hf., Suðureyri.
Hraðfrystihús Breiðdælinga, Breiðdalsvík.
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði.
Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar, Stöðvarfirði.
Hrellir hf., Höfn í Hornafirði.
Hrönn hf., Ísafirði.
Hvaleyri hf., Hafnarfirði.
Innkaupadeild LÍÚ, Reykjavík.
Ísblik hf., Akranesi.
Ísfang hf., Ísafirði.
Íslandssíld hf., Hafnarfirði.
Íslenska umboðssalan hf., Reykjavík.
Íslenska útflutningsmiðstöðin hf., Reykjavík.
Íslenskur gæðafiskur, Keflavík.
Íslenskur nýfiskur hf., Reykjavík.
Jóhann Guðbrandsson, Keflavík.
Jón Ásbjörnsson hf, Reykjavík.
Kaupfélag Önfirðinga, Flateyri.
Kleifar hf., Vestmannaeyjum.
MARK hf., Egilsstöðum.
Miðfell hf., Ísafirði.
Nes hf., Reykjavík.
Nesfiskur hf., Reykjavík.
Ness hf., Neskaupstað.
Neysluvörur hf., Hafnarfirði.
Njáll hf., Reykjavík.
Norðurtangi hf., Ísafirði.
Rækjuvinnslan hf., Hnífsdal.
Samband íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík.
Samherji hf., Akureyri.
Samtog hf., Vestmannaeyjum.
Seifur hf., Reykjavík.
Sigurborg hf., Reykjavík.
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað.
Skipaafgreiðsla Sigurðar Þorgeirssonar, Fáskrúðsfirði.

Skipaafgreiðsla Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum.
Skipaþjónusta Suðurlands sf., Þorlákshöfn.
Sólborg hf., Fáskrúðsfirði.
Stefnir hf., Reykjavík.
Stígandi hf., Hafnarfirði.
Sund hf., Ísafirði.
Svanur hf., Reykjavík.
Sæhamar hf., Vestmannaeyjum.
Sölusamband Vestfjarða, Patreksfirði.
Útgerðarfélag Flateyrar, Flateyri.
Útgerðarfélag Skagfirðinga, Skagaströnd.
Útgerðarfélagið Barðinn, Reykjavík.
Útgerðarfélagið Drífa hf., Vestmannaeyjum.
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum.
Vísir hf., Grindavík.
Völusteinn hf., Bolungarvík.
Þormóður rammi hf., Siglufirði.
Þorsteinn hf., Ísafirði.

2.2. Vikuleg úthlutun í gámum varð eins og hér greinir:

Í viku	*Bretland*	*Þýskaland*
2	66	13
3	55	12
4	65	28
5	67	28
6	76	31
7	65	18
8	76	29
9	88	29
10	98	33
11	66	0
12	68	26
13	74	17
14	96	10
15	88	9
16	56	7
	1104	290

3.1. Ráðuneytið hefur haft eftirtalin atriði til viðmiðunar við úthlutun leyfa til útflutnings á ísfiski í gámum:

a. Lögð hefur verið áhersla á að veita helst öllum umsækjendum einhverja úrlausn vikulega, sem þó hefur ekki ávallt tekist þegar ásóknin hefur verið hvað mest.
b. Tekið hefur verið tillit til stærðar veiðiskipa og fjölda á vegum viðkomandi útflytjenda.

c. Litið hefur verið til þess hvaða verkunaraðstöðu útgerð eða útflytjandi hafi í landi til að koma afla í vinnslu.
d. Tillit hefur orðið að taka til forgangs ísfisklandana fiskiskipa sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur tekið ákvarðanir um og hefur svigrúm til fiskútflutnings í gámum þrengst sem því nemur, en hlutur skipa í nefndum útflutningi hefur aukist sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra.

Til frekari upplýsinga skal þess getið hér að fyrstu þrjá mánuði þessa árs nam hlutur skipanna í ísfiskútflutningnum til Þýskalands 73,7% á móti 60,3% á sama tíma í fyrra en til Englands 30% á móti 23% á sama tíma í fyrra.

3.2. Hinn 6. október 1988 var gefin út svofelld fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu sem skýrir stefnu ráðuneytisins í þessum málum:

„Á undanförnum mánuðum hefur utanríkisráðuneytið í samvinnu við hagsmunasamtök í sjávarútvegi unnið að því að koma betra skipulagi á útflutning á óunnum fiski. Í því skyni var fyrirkomulagi varðandi leyfi til útflutnings á óunnum þorski, ýsu, karfa og ufsa breytt þann 1. júlí sl. Þeim aðilum, er hugðust flytja út þessar tegundir, var gert að sækja um leyfi til útflutnings árdegis á föstudegi í næstu viku á undan þeirri, sem útflutningur var fyrirhugaður, á grundvelli laga nr. 4 frá 11. janúar 1988, um útflutningsleyfi o.fl.

Til að tryggja betri upplýsingar um ástand og horfur á þessum mörkuðum hefur ráðuneytið leitað eftir samstarfi við aðila er þar starfa. Ráðgert er að ráðuneytið fái vikulega ráðgjöf varðandi það magn sem markaðirnir eru álitnir þola og mun þeim upplýsingum verða komið á framfæri við þá aðila sem þennan útflutning stunda. Ráðuneytið hefur enn fremur ákveðið að láta það fyrirkomulag, er í gildi hefur verið að undanförnu varðandi umsóknir um leyfi til útflutnings, gilda áfram þar til annað verður ákveðið. Engin leyfi til útflutnings á ofangreindum fisktegundum til Evrópulanda verða því veitt nema að umsókn hafi borist ráðuneytinu árdegis á föstudegi í næstu viku á undan þeirri sem útflutningur er fyrirhugaður í."

Nd. 973. Frumvarp til laga [208. mál]

um breytingar á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi tekur maki allan arf.

2. gr.

7. gr. laganna hljóðar svo:

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram.

3. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Heimilt er því hjóna, sem lengur lifir, að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum látins maka síns, sem ekki eru niðjar þess, ef sá eða þeir sem fara með forsjá eða lögráð hinna ófjárráða niðja veita samþykki sitt til þess, enda hafi hið látna ekki mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Ef það hjóna, sem lengur lifir, fer með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpniðja sinna á það þó rétt á setu í óskiptu búi eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Því hjóna, sem lengur lifir, er heimilt að sitja í óskiptu búi með fjárráða stjúpniðjum sínum ef þeir veita samþykki sitt til þess.

Það hjóna, sem lengur lifir, á rétt á setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða, án þess að aflað sé samþykkis skv. 1. eða 2. mgr. ef hið látna hefur mælt fyrir um þann rétt í erfðaskrá.

4. gr.

9. gr. laganna hljóðar svo:

Því hjóna, sem lengur lifir, verður ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi ef bú þess er til gjaldþrotaskipta eða í ljós kemur að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum. Sama er ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna vanhirðu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði verður því ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi nema með samþykki yfirlögráðanda.

5. gr.

10. gr. laganna hljóðar svo:

Sá sem óskar setu í óskiptu búi skal sem fyrst eftir lát maka síns sækja um leyfi til þess hjá sýslumanni í því umdæmi þar sem búskipti eftir hinn látna fara fram.

Í umsókn um leyfi til að sitja í óskiptu búi skal greina nöfn erfingja, kennitölur þeirra og dvalarstaði. Einnig skal yfirlit yfir eignir og skuldir beggja hjóna koma fram í umsókn eða sem fylgigagn með henni. Ef heimild til setu í óskiptu búi er háð samþykki annarra, sbr. 1. eða 2. mgr. 8. gr., skulu yfirlýsingar um samþykki vera ritaðar á umsókn eða fylgja henni. Ef réttur til setu í óskiptu búi byggist á erfðaskrá hins látna, sbr. 3. mgr. 8. gr., skal eintak hennar fylgja umsókn.

Ef sýslumaður telur ástæðu til að ætla að ákvæði 9. gr. geti átt við um hagi þess sem sækir um leyfi til að sitja í óskiptu búi er honum heimilt að skipa ófjárráða erfingjum, sem

umsækjandinn er forsjármaður eða lögráðamaður fyrir, sérstakan lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra.

Telji sýslumaður umsækjanda fullnægja skilyrðum til að hljóta leyfi til að sitja í óskiptu búi skal hann veita leyfið og láta umsækjandanum í té skilríki fyrir því.

6. gr.

11. gr. laganna hljóðar svo:

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Sjálfsaflafé og annað verðmæti, sem sá eignast sem situr í óskiptu búi, rennur til búsins nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem langlífara maka hlotnast, rennur þó ekki inn í óskipt bú ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða þau þá séreign langlífara maka. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum óskipta búsins.

7. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Maki, sem situr í óskiptu búi, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Ber hann ábyrgð á skuldum hins látna sem um hans eigin skuldir væri að ræða.

8. gr.

14. gr. laganna hljóðar svo:

Ef maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi með ófjárráða stjúpniðjum sínum á grundvelli 1. mgr. 8. gr., er honum skylt að skipta með sér og stjúpniðja, ef hann krefst skipta sér til handa innan þriggja mánaða frá því að hann öðlast fjárræði. Komi ekki krafa fram innan þess tíma getur fjárráða stjúpniðji, sem svo stendur á fyrir, krafist skipta sér til handa með sama hætti og segir í 2. mgr.

Ef fjárráða stjúpniðji hefur samþykkt setu í óskiptu búi, sbr. 2. mgr. 8. gr., getur hann krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

9. gr.

Orðin „fyrir skiptaráðanda," í 1. mgr. 15. gr. laganna falla niður.

10. gr.

16. gr. laganna hljóðar svo:

Nú andast maður sem á erfðahlut inni í óskiptu búi og geta þá erfingjar hans aðeins krafist skipta sér til handa að því leyti sem hinum látna hefði verið það heimilt.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki krafist búskipta.

11. gr.

2. tölul. 2. mgr. 26. gr. laganna hljóðar svo:

2. Ef það krefst skipta eftir 27. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

12. gr.

31. gr. laganna hljóðar svo:

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess þegar hann veitti því viðtöku, framreiknuðu til verðlags á þeim tíma sem frádráttur á sér stað

við arfskipti. Hafi gangverð verðmæta lækkað til muna, frá því að fyrirframgreiðsla átti sér stað, vegna atvika sem erfingjanum verður ekki um kennt skal þó ekki draga meira frá en sanngjarnt er svo að jöfnuður fáist með erfingjum.

13. gr.

Í stað orðsins „skiptaráðanda“ í 1. málsl. 47. gr. laganna kemur „sýslumann“.

14. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna hljóðar svo:

Um varðveislu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. lögræðislaga, nr. 68 1984.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1989.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr., svohljóðandi:

Ákvæði 3., 7.–10., 14., 16. og 31. gr. gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir 1. júní 1989.

Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.

Nd. 974. Frumvarp til laga [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.
4. Bieltvedt, Óli Anton, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 31. maí 1962 á Íslandi.
5. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.
6. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
7. Choi, Kui Rim, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. febrúar 1958 í Kóreu.
8. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
9. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
10. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
11. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
12. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
13. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
14. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
15. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
16. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
17. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.

18. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
19. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
20. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
21. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
22. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
23. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
24. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
25. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
26. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
27. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
28. Korn, Richard Gary, hljómlistamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1956 í Bandaríkjunum.
29. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
30. Libungan, Lísa Anne, barn í Reykjavík, f. 15. janúar 1977 í Bandaríkjunum.
31. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
32. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
33. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.
34. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
35. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
36. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
37. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.
38. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
39. Pepito, Basilía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
40. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.
41. Rogers, Steven John, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1953 á Englandi.
42. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
43. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
44. Rübner, Miriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
45. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.
46. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
47. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
48. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
49. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjavík.
50. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
51. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.
52. Tumarao, Nelia, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
53. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
54. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá

er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 975. Lög [199. mál]

um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 733.

Sþ. 976. Frumvarp til fjáraukalaga [160. mál]

fyrir árið 1979.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 28. apríl.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1979 er veitt:

		Þús. gkr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	473 800
01	Forsætisráðuneyti	108 887
02	Menntamálaráðuneyti	6 068 224
03	Utanríkisráðuneyti	649 898
04	Landbúnaðarráðuneyti	1 554 663
05	Sjávarútvegsráðuneyti	547 495
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 748 090
07	Félagsmálaráðuneyti	818 704
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20 901 014
09	Fjármálaráðuneyti	1 121 509
10	Samgönguráðuneyti	2 135 149
11	Iðnaðarráðuneyti	3 226 618
12	Viðskiptaráðuneyti	4 821 006
13	Hagstofa Íslands	5 911
14	Ríkisendurskoðun	27 236
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	651 409
	Samtals	46 859 613

Nd. 977. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það, þegar sérstaklega stendur á, veitt viðkomandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

2. gr.

4. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð ákvarðar vexti bankans og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem bankinn gefur út og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum.

5. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 5. mgr. færist aftur og verði 6. mgr.

3. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 2. mgr. 33. gr. færist aftur og verði 3. mgr.

4. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð, nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 978. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

Frá viðskiptaráðherra.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum, sem innflytjandi tekur án ábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana, fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur og um mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum.

Ed. 979. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Eftir eina umr. í Nd., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 894 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna, er verði 20. gr. þeirra, komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

Nd. 980. Lög [298. mál]

um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 546.

Nd. 981. Lög [408. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 768.

Nd. 982. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og sent það víða til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: starfsfólki Þjóðminjasafns, séra Gísla H. Kolbeins Stykkishólmi, Þórði Tómassyni safnverði í Skógum, Þór Magnússyni þjóðminjaverði, Gunnlaugi Haraldssyni, forstöðumanni Byggðasafns Akraness og nærsveita, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, safnverði við Minjasafn Akureyrar, Margréti Hermannsdóttur, fornleifafræðingi við Háskóla Íslands, Ragnheiði H. Þórarinsdóttur borgarminjaverði, Sigríði Sigurðardóttur, minjaverði í Skagafirði, Sveinbirni Rafnssyni prófessor og forseta heimspekideildar Háskóla Íslands, Guðmundi Karlssyni, Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna á Reykjum, Gísla Arasyni, safnverði við Byggðasafn A-Skaftafellssýslu, Ingu Láru Baldvinsdóttur, formanni Félags íslenskra safnmanna, Sigmundi Andréssyni, safnverði við Byggðasafn Vestmannaeyja, Gyðu Gunnarsdóttur, safnverði Sjóminjasafns Íslands, Elísabetu Sigurgeirsdóttur, Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, Guðleifi Sigurjónssyni, stjórnarformanni Byggðasafns Suðurnesja, Guðrúnu Kristinsdóttur, safnverði við Safnastofnun Austurlands, Ingu Láru Baldvinsdóttur, formanni byggðasafnsnefndar Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Magnúsi Jónssyni, byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Í tillögum þessum er gengið til móts við sjónarmið þeirra sem vilja styrkja þann þátt málsins er lýtur að fornleifum og verndun þeirra. Þannig er m.a. tekin upp sem breytingartillaga (8. brtt.) 3. gr. frumvarps til laga um verndun fornleifa, en það frumvarp hefur einnig verið til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin telur einnig rétt að stofnuð verði sérstök fornleifanefnd, skipuð af menntamálaráðherra, sem fari með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstakri fornleifadeild við Þjóðminjasafn Íslands og skal deildarstjóri þeirrar deildar vera fornleifafræðingur að mennt og sömu kröfur eru gerðar til fornleifavarða er verða ásamt minjaverði einn á hverju minjasvæði.

Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru flestar byggðar á hugmyndum og tillögum sem fram komu í aðsendum umsögnum.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Ragnar Arnalds, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 983. Breytingartillögur [188. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns Íslands og minjaverðir tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum til setu í

ráðinu, Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn, Háskóli Íslands einn, Bandalag kennarafélaga einn og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera fornleifafræðingur. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

b. Síðasti málsliður 3. mgr. falli brott.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

Fimm manna fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs, sbr. 22. gr.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fimm ára í senn. Háskóli Íslands tilnefnir einn mann og skal hann hafa menntun í fornleifafræði. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann. Sá fulltrúi, sem ráðherra skipar í þjóðminjaráð skv. 2. gr., skal sitja í fornleifanefnd og vera formaður hennar. Auk þess skulu sitja í nefndinni þjóðminjavörður og deildarstjóri fornleifadeildar.

Hlutverk nefndarinnar er að móta stefnu og gera áætlanir um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir fyrir landið í heild.

Nefndin fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og gefur út fornleifaskrá.

Nefndin hefur yfirumsjón með gerð og framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir. Fjárveitingar samkvæmt henni skulu sérgreindar í fjárlögum. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um ráðningu fornleifavarða og deildarstjóra fornleifadeildar til fimm ára í senn.

Nefndin er jafnframt stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Á hverju minjasvæði skulu starfa einn minjavörður og einn fornleifavörður. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu, en fornleifaverðir á sviði fornleifafræði. Minjaverðir heyra undir þjóðminjaráð en fornleifaverðir undir fornleifanefnd.

Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu.

Minjaverðir skulu hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar.

Fornleifaverðir hafa umsjón með fornleifarannsóknum og fornleifavörslu á svæðinu, sbr. 16. gr.

Minjaverðir og fornleifaverðir eru starfsmenn Þjóðminjasafns. Nánari verkaskipting milli minjavarða og fornleifavarða skal að öðru leyti ákveðin í reglugerð.

4. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:

Safninu skal skipt í deildir. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs, sbr. þó 5. mgr. 3. gr., og skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á sviði þeirrar deildar sem þeir starfa við. Deildir safnsins eru: forvörsludeild, húsverndardeild, myndadeild, sjóminjadeild, sýninga- og fræðsludeild, textíl- og búningadeild, tækniminjadeild og þjóðháttadeild. Auk þess fornleifadeild, er lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr. Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir skulu vera fornleifafræðingar að mennt, en um menntun þeirra skal nánar tilgreina í reglugerð. Frekari deildaskipting safnsins fer eftir ákvörðun þjóðminjaráðs hverju sinni.

5. Við 9. gr. Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ komi: safnstjórn.

6. Við 10. gr. Í stað orðanna „og safnstjóra“ komi: safnstjóra eða viðkomandi minjavarðar.

7. Við 12. gr. Í stað orðsins „þjóðminjaverði“ í 3. mgr. komi: þjóðminjaráði.

8. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 17. gr.

9. Við 16. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

   Fornleifadeild lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifadeild ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar minjar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 7. gr. Tilkynna skal landeigenda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.
   b. 4. mgr. falli brott.
10. Við 17. gr. Í stað orðsins „þjóðminjavarðar“ í lok 1. mgr. komi: fornleifanefndar.
11. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „þjóðminjaverði eða minjaverði“ í fyrri málslið komi: fornleifadeild eða fornleifaverði.
   b. Orðið „friðaðar“ í fyrri málslið falli brott.
   c. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ í síðari málslið komi: Fornleifadeild, eða fornleifavörður í samráði við hana.
12. Við 19. gr. Í stað orðanna „þjóðminjaverði eða minjaverði“ í 1. málsl. komi: fornleifadeild eða fornleifaverði, og í stað „þjóðminjavarðar“ í 3. málsl. komi: fornleifanefndar.
13. Við 20. gr.
   a. Í stað orðsins „svæðisminjaverði“ í 1. málsl. komi: fornleifaverði.
   b. Í stað „Þjóðminjavörður“ í 3. málsl. komi: Fornleifavörður í samráði við fornleifadeild.
   c. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

   Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

   Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

14. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
    Fornleifanefnd fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar nefndin veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd og fornleifavörður svæðisins setja þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra, og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornleifadeildar Þjóðminjasafns og fornleifavarðar viðkomandi svæðis. Beina skal til fornleifanefndar öllum rannsóknarbeiðnum útlendinga er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til vísindaráðs samkvæmt lögum nr. 48 1987.
15. Við 22. gr. Í stað orðanna „Þjóðminjavörður hefur“ komi: Fornleifadeild og fornleifaverðir hafa.
16. Við 25. gr.
    a. Við 1. mgr. Í stað orðsins „minjaverði“ í 2. málsl. komi: fornleifaverði hvers svæðis.
    b. 3. mgr. orðist svo:
        Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker fornleifanefnd úr.
17. Við 27. gr. Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ á þremur stöðum í greininni komi: þjóðminjaráð.
18. Við 28. gr.
    a. Á eftir orðunum „Þjóðminjavörður ákveður“ í upphafi 1. mgr. bætist: í samráði við þjóðminjaráð.
    b. Á eftir orðinu „friðun“ í upphafi 1. mgr. bætist: og forvörslu.
    c. Á eftir orðinu „skal“ í upphafi 3. mgr. bætist: nákvæma
19. Við 30. gr. Á eftir orðinu „té“ í síðari málslið bætist: sóknarprestum.
20. Við 53. gr.
    a. Í greinina bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. og orðist svo:
        Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.
    b. Í stað orðsins „þremur“ í síðari málsgrein komi: fimm.
21. Fyrirsögn I. kafla verði: Stjórn og skipulag þjóðminjavörslu.

Sþ. 984. Svar [308. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnhildar Helgadóttur o.fl. um undirritun og staðfestingu ýmissa sáttmála Evrópuráðsins.

Sem svar við fyrirspurninni er hér birt eftirfarandi skrá yfir þá samninga (1) sem Ísland hefur staðfest, (2) sem Ísland hefur undirritað en ekki staðfest og (3) sem Ísland hefur hvorki undirritað né staðfest.

Gerð er í stuttu máli grein fyrir afstöðu íslenskra stjórnvalda til sumra þeirra samninga sem Ísland hefur ekki staðfest. Bent er sérstaklega á samninga sem fá eða engin ríki hafa enn staðfest. Sumir samningar hafa ekki verið athugaðir nýlega af Íslands hálfu.

Þegar um er að ræða samninga, sem ákveðið er að staðfestir verði á þessu ári, eru ekki tilgreindar ástæður þess að þeir hafa ekki enn verið staðfestir.

1. Ísland hefur staðfest eftirtalda samninga:

05.05.1949 *Stofnskrá Evrópuráðsins.*
Breytingar frá 22.05.1951.
Breyting frá 18.12.1951.
Breyting frá 04.05.1953.
Breyting frá 14.10.1970.
Breyting frá 27.11.1978.

02.09.1949 *Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins.*
Bókun frá 06.11.1952.
Bókun frá 15.12.1956.
Breyting frá 06.03.1959.

04.11.1950 *Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis.*
Viðbótarsamningur frá 20.03.1952.
Viðbótarsamningur nr. 2 frá 06.05.1963 um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða.
Viðbótarsamningur nr. 3 frá 06.05.1963 um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans.
Viðbótarsamningur nr. 4 frá 16.09.1963 um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann.
Viðbótarsamningur nr. 5 frá 20.01.1966 um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans.
Viðbótarsamningur nr. 6 frá 28.04.1983 varðandi afnám dauðarefsingar.
Viðbótarsamningur nr. 7 frá 22.11.1984.
Viðbótarsamningur nr. 8 frá 19.03.1985.

11.12.1953 *Samþykkt Evrópuríkja um framfærslu og læknishjálp ásamt viðbótarsamningi.*

11.12.1953 *Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi.*

11.12.1953 *Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi.*

11.12.1953 *Samningur Evrópuráðsríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum.*

11.12.1953 *Samningur Evrópuríkja um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi.*

19.12.1954 *Menningarsáttmáli Evrópu.*

15.12.1956 *Samningur Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum.*

13.12.1957 *Evrópusamningur um framsal sakamanna.*
Viðbótarsamningur frá 15.10.1975.
Annar viðbótarsamningur frá 17.03.1978.

20.03.1959 *Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.*
Viðbótarsamningur frá 17.03.1978.

20.04.1959 *Samningur Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn.*

14.12.1959 *Samningur Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum.*

28.04.1960 *Samningur Evrópuríkja um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl.*
Viðbótarsamningur frá 01.01.1983.

18.10.1961 *Félagsmálasáttmáli Evrópu.*

16.12.1961 *Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum.*

22.07.1964 *Samningur um lyfjaskrá Evrópu.*

07.06.1968 *Samningur um upplýsingar um erlenda löggjöf.*

13.12.1968 *Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningi.*
Viðbótarbókun frá 10.05.1979.
12.12.1969 *Evrópusamningur um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis.*
26.10.1973 *Samningur um flutning líka.*
27.01.1977 *Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum.*
28.06.1978 *Evrópusamningur um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra.*
19.08.1985 *Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum.*

2. Ísland hefur undirritað en ekki staðfest eftirtalda samninga:

13.12.1955 *Convention européenne d'établissement.*
European Convention on Establishment.
Rétt er að athuga þennan samning með hliðsjón af samskiptum EFTA- og EB-ríkja.
29.04.1957 *Convention européenne pour le reglement pacifique des différends.*
European Convention for the Peaceful Settlement of Disputes.
Íslensk stjórnvöld hafa hikað við að samþykkja dómsögu Alþjóðadómstólsins í Haag vegna afstöðu Íslands í hafréttarmálum.
24.04.1967 *Convention européenne en matière d'adoption des enfants.*
European Convention on the Adoption of Children.
Stefnt er að því að fullgilda samning þennan á þessu ári.
11.12.1967 *Convention européenne sur les fonctions consulaires.*
European Convention on Consular Functions.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.
06.05.1969 *Convention européenne pour la protection du patrimoine archéologique.*
European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage.
Stefnt er að því að fullgilda samning þennan á þessu ári.
15.10.1975 *Convention européenne sur le statut juridique des enfants nés hors mariage.*
European Convention on the Legal Status of Children born out of Wedlock.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning á þessu ári.
10.03.1976 *Convention européenne sur la protection des animaux dans les élevages.*
European Convention for the Protection of Animals kept for Farming purposes.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning á þessu ári.
15.03.1978 *Protocole additionel a la Convention européenne dans le domaine de l'information sur le Droit étranger.*
Additional Protocol to the European Convention on Information on Foreign Law.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning á þessu ári.
28.01.1981 *Convention pour la protection des personnes a l'égard du traitement automatisé des données a caractere personnel.*
Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning í tengslum við setningu nýrra laga um tölvuvæddar upplýsingar á næsta ári.
15.10.1985 *Charte européenne de l'autonomie locale.*
European Charter of Local Self-Government.
Stefnt er að því að Ísland gerist aðili að þessum samningi á þessu ári.

26.11.1987 *Convention européenne pour la prévention de la torture et des peines ou traitements inhumains ou dégradants.*
European Convention for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning á þessu ári.

05.05.1988 *Protocole additionnel a la Charte sociale européenne.*
Additional Protocol to the European Social Charter.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning að hluta á þessu ári.

3. Ísland hefur hvorki undirritað né staðfest eftirtalda samninga:

19.12.1954 *Convention européenne sur la classification internationale des brevets d'invention.*
European Convention on the International Classification of Patents for Invention.
Flest ríki sem gerðust aðilar að samningi þessum hafa sagt honum upp, sbr. samning frá 27.11.1963.

13.12.1955 *Accord sur l'échange des mutilés de guerre entre les pays membres du Conseil de l'Europe aux fins de traitement médical.*
Agreement on the Exchange of War Cripples between Member Countries of the Council of Europe with a view to Medical Treatment.
Þessi samningur er ekki talinn eiga við íslenskar aðstæður.

13.12.1957 *Accord européen sur le régime de la circulation des personnes entre les pays membres du Conseil de l'Europe.*
European Agreement on Regulations governing the Movement of Persons between Member States of the Council of Europe.
Rétt er að athuga þennan samning með hliðsjón af samskiptum EFTA- og EB-ríkja.

15.12.1958 *Accord européen relatif a l'échange de substances thérapeutiques d'origine humaine.*
European Agreement on the Exchange of Therapeutic Substances of Human Origin.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

15.12.1958 *Arrangement européen sur l'échange des programmes au moyen de films de télévision.*
European Agreement concerning Programme Exchanges by means of Television Films.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

20.04.1959 *Convention européenne relative a l'assurance obligatoire de la responsabilité civile en matière de véhicules automoteurs.*
European Convention on Compulsory Insurance against Civil Liability in respect of Motor Vehicles.
Þessi samningur hefur aðeins verið staðfestur af sex ríkjum.

22.06.1960 *Arrangement européen pour la protection des émissions de télévision.*
European Agreement on the Protection of Television Broadcasts.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

16.12.1961 *Quatrieme Protocole additionnel a l'Accord général sur les privileges et immunités du Conseil de l'Europe.*
Fourth Protocol to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe.
Ráðuneytið telur rétt að Ísland gerist aðili að samningi þessum.

14.05.1962 *Accord européen concernant l'entraide médicale dans le domaine des traitements spéciaux et des ressources thermo-climatiques.*
European Agreement on Mutual Assistance in the Matter of Special Medical Treatments and Climatic Facilities.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

14.05.1962 *Accord européen relatif a l'échange des réactifs pour la détermination des groupes sanguins.*
European Agreement on the Exchanges of Blood-Grouping Reagents.
Ráðuneytið telur rétt að vinna að aðild að samningi þessum.

17.12.1962 *Accord entre les États membres du Conseil de l'Europe sur l'attribution aux mutilés de guerre militaires et civils d'un carnet international de bons de réparation d'appareils de rothese et d'orthopédie.*
Agreement between the Member States of the Council of Europe on the Issue to Military and Civilian War-Disabled of an International Book of Vouchers for the Repair of Prosthetic and Orthopaedic Appliances.
Samningur þessi er ekki talinn eiga við íslenskar aðstæður.

17.12.1962 *Convention sur la responsabilité des hôteliers quant aux objets apportés par les voyageurs.*
Convention on the Liability of Hotel-keepers concerning the Property of their Guests.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

17.12.1962 *Arrangement relatif a l'application de la Convention européenne sur l'arbitrage commercial international.*
Agreement relating to Application of the European Convention on International Commercial Arbitration.
Gera þarf sérstakt átak hér á landi áður en hægt er að gerast aðili að samningum sem varðar alþjóða einkamálarétt.

06.05.1963 *Convention sur la réduction des cas de pluralité de nationalités et sur les obligations militaires en cas de pluralité de nationalités.*
Convention on the Reduction of Cases of Multiple Nationality and on Military Obligations in Cases of Multiple Nationality.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

27.11.1963 *Convention sur l'unification de certain éléments du Droits des brevets d'invention.*
Convention on the Unification of Certain Points of Substantive Law on Patents for Invention.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

16.04.1964 *Code européen de sécurité sociale, et Protocole au Code européen de sécurité sociale.*
European Code of Social Security, and Protocol to the European Code of Social Security.
Nýr samningur um þessi mál er í undirbúningi.

03.06.1964 *Protocole additionnel a la Convention européenne relative a l'équivalence des diplômes donnant acces aux établissements universitaires.*
Protocol to the European Convention on the Equivalence of Diplomas Leading to Admission to Universities.
Ráðuneytið telur rétt að Ísland gerist aðili að samningi þessum.

30.11.1964 *Convention européenne pour la surveillance des personnes condamnées ou libérées sous condition.*
European Convention on the Supervision of Conditionally Sentenced or Conditionally Released Offenders.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

30.11.1964 *Convention européenne pour la répression des infractions routieres.*
European Convention on the Punishment of Road Traffic Offences.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

22.01.1965 *Protocole a l'Arrangement européen pour la protection des émissions de télévision.*
Protocol to the European Agreement on the Protection of Television Broadcasts.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

20.01.1966 *Convention européenne portant loi uniforme en matière d'arbitrage.*
European Convention providing a Uniform Law on Arbitration.
Aðeins eitt ríki hefur staðfest þennan samning.

20.01.1966 *Convention européenne d'établissement des societés.*
European Convention on Establishment of Companies.
Aðeins eitt ríki hefur staðfest þennan samning.

25.10.1967 *Accord européen sur l'instruction et la formation des infirmieres.*
European Agreement on the Instruction and Education of Nurses.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

11.12.1967 *Convention européenne relative aux obligations en monnaie étrangere.*
European Convention on Foreign Money Liabilities.
Aðeins eitt ríki hefur staðfest þennan samning.

07.06.1968 *Convention européenne relative a la suppression de la légalisation des actes établis par les agents diplomatiques ou consulaires.*
European Convention on the Abolition of Legalisation of Documents executed by Diplomatic Agents or Consular Officers.
Ráðuneytið telur rétt að Ísland gerist aðili að samningi þessum.

06.05.1969 *Accord européen concernant les personnes participant aux procédures devant la Commission et la Cour européennes des Droits de l'Homme.*
European Agreement relating to Persons participating in Proceedings of the European Commission and Court of Human Rights.
Stefnt er að því að fullgilda samning þennan á þessu ári.

24.11.1969 *Accord européen sur le placement au pair.*
European Agreement on „au pair" placement.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

28.05.1970 *Convention européenne sur la valeur internationale des jugements répressifs.*
European Convention on the International Validity of Criminal Judgments.
Aðeins sjö ríki hafa staðfest þennan samning.

28.05.1970 *Convention européenne sur le rapatriement des mineurs.*
European Convention on the Repatriation of Minors.
Aðeins eitt ríki hefur staðfest þennan samning.

28.05.1970 *Convention relative a l'opposition sur titres au porteur a circulation internationale.*
Convention relating to Stops on Bearer Securities in International Circulation.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

15.05.1972 *Convention européenne sur la transmission des procédures répressives.*
European Convention on the Transfer of Proceedings in Criminal Matters.
Dómsmálaráðuneytið er að athuga samninginn.

16.05.1972 *Convention européenne sur l'immunité des Etats et Protocole additionnel.*
European Convention on State Immunity and Additional Protocol.
Málefni sem samningurinn fjallar um er til athugunar hjá alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna. Ekki er rétt að Ísland gerist aðili fyrr en að þeirri athugun lokinni.

16.05.1972 *Convention européenne relative au lieu de paiement des obligations monétaires.*
European Convention on the Place of Payment of Money Liabilities.
Ekkert ríki hefur staðfest þennan samning.

16.05.1972 *Convention européenne sur la computation des délais.*
European Convention on the Calculation of Time-limits.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

16.05.1973 *Convention relative a l'établissement d'un systeme d'inscription des testaments.*
Convention on the Establishment of a Scheme of Registration of Wills.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

14.12.1973 *Convention européenne de sécurité sociale et Accord complémentaire pour l'application de la Convention européenne de sécurité sociale.*
European Convention on Social Security and Supplementary Agreement for the application of the European Convention on Social Security.
Talið er rétt að Ísland haldi sig við að gera tvíhliða samninga á þessu sviði.

14.05.1973 *Convention européenne sur la responsabilité civile en cas de dommages causés par des véhicules automoteurs.*
European Convention on Civil Liability for Damage caused by Motor Vehicles.
Ekkert ríki hefur staðfest þennan samning.

14.01.1974 *Protocole additionnel au Protocole a l'Arrangement européen pour la protection des émissions de télévision.*
Additional Protocol to the Protocol to the European Agreement on the Protection of Television Broadcasts.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

25.01.1974 *Convention européenne sur l'imprescriptibilité des crimes contre l'humanité et des crimes de guerre.*
European Convention on the Non-Applicability of Statutory Limitation to Crimes against Humanity and War Crimes.
Aðeins eitt ríki hefur staðfest þennan samning.

06.05.1974 *Convention européenne relative a la protection sociale des agriculteurs.*
European Convention on the Social Protection of Farmers.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

17.09.1973 *Accord européen sur l'échange de réactifs pour la détermination des groupes tissulaires.*
European Agreement on the Exchange of Tissue-Typing Reagents.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

03.06.1976 *Convention européenne sur les effets internationaux de la déchéance du droit de conduire un véhicule a moteur.*
European Convention on the International Effects of Deprivation of the Right to Drive a Motor Vehicle.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

24.06.1976 *Protocole additionnel a l'Accord européen sur l'échange de réactifs pour la détermination des groupes tissulaires.*
Additional Protocol to the European Agreement on the Exchange of Tissue-Typing Reagents.
Þessi samningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

27.01.1977 *Convention européenne sur la résponsibilité du fait des produits en cas de lésions corporelles ou de déces.*
European Convention on Products Liability in Regard to Personal Injury and Death.
Ekkert ríki hefur staðfest þennan samning.

27.01.1977 *Accord européen sur la transmission des demandes d'assistance judiciaire.*
European Agreement on the Transmission of Applications for Legal Aid.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

24.11.1977 *Convention européenne relative au statut juridique du travailleur migrant.*
European Convention on the Legal Status of Migrant Workers.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

24.11.1977 *Convention européenne sur la notification a l'étranger des documents en matière administrative.*
European Convention on the Service Abroad of Documents relating to Administrative Matters.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

24.11.1977 *Protocole portant modification a la Covention sur la réduction des cas de pluralité de nationalités et sur les obligations militaires en cas de pluralité de nationalités.*
Protocol amending the Convention on the Reduction of Cases of Multiple Nationality and Military Obligations in Cases of Multiple Nationality.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

15.03.1978 *Convention européenne sur l'obtention a l'étranger d'information et de preuves en matiere administrative.*
European Convention on the Obtaining Abroad of Information and Evidence in Administrative Matters.
Aðeins fimm ríki hafa staðfest þennan samning.

10.05.1979 *Convention européenne sur la protection des animaux d'abbatage.*
European Convention for the Protection of Animals for Slaughter.
Stefnt er að því að fullgilda þennan samning á þessu ári.

19.09.1979 *Convention relative a la conservation de la vie sauvage et du milieu naturel de l'Europe.*
Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats.
Ákvæði samnings þessa um sjávarspendýr eru ekki í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda.

20.05.1980 *Convention européenne sur la reconnaissance et l'exécution des décisions en matière de garde des enfants et le rétablissement de la garde des enfants.*
European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions concerning Custody of Children and on Restoration of Custody of Children.
Samningur þessi er til athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu.

21.05.1980 *Convention-cadre européenne sur la coopération transfrontaliere des collectivités ou autorités territoriales.*
European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities.
Samningur þessi á ekki við íslenskar aðstæður.

16.10.1980 *Accord européen sur le transfort de la responsabilité a l'égard des réfugiés.*
European Agreement on Transfer of Responsibility for Refugees.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

01.01.1983 *Protocole additionnel a l'Accord européen relatif a l'échange de substances thérapeutiques d'origine humaine.*
Additional Protocol to the European Agreement on the Exchange of Therapeutic Substances of Human Origin.
Aðalsamningur hefur ekki verið athugaður nýlega.

01.01.1983 *Protocole additionnel a l'Accord européen relatif a l'échange des réactifs pour la détermination des groupes sanguins.*
Additional Protocol to the European Agreement on the Exchanges of Blood-Grouping Reagents.
Ráðuneytið telur rétt að vinna að aðild að þessum samningi.

21.03.1983 *Convention sur le transferement, des personnes condamnées.*
Convention on the Transfer of Sentenced Persons.
Dómsmálaráðuneytið er að athuga þennan samning.

21.03.1983 *Protocole additionnel au Protocole a l'Arrangement européen pour la protection des émissions de télévision.*
Additional Protocol to the Protocol to the European Agreement on the Protection of Television Broadcasts.
Samningur þessi hefur ekki verið athugaður nýlega.

25.10.1983 *Protocole portant amendement a l'Accord européen sur la limitation de l'emploi de certains détergents dans les produits de lavage et de nettoyage.*
Protocol amending the European Agreement on the Restriction of the Use of certain Detergents in Washing and Cleaning Products.
Aðeins fimm ríki eru aðilar að þessum samningi.

24.11.1983 *Convention européenne relative au dédommagement des victimes d'infractions violentes.*
European Convention on the Compensation of Victims of Violent Crimes.
Aðeins fjögur ríki hafa staðfest þennan samning.

23.06.1985 *Convention européenne sur les infractions visant des biens culturels.*
European Convention on Offences relating to Cultural Property.
Ekkert ríki hefur staðfest þennan samning.

03.10.1985 *Convention pour la sauvegarde du patrimoine architectural de l'Europe.*
Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe.
Stefnt er að því að Ísland gerist aðili að þessum samningi á þessu ári.

18.03.1986 *Convention européenne sur la protection des animaux vertébrés utilisés a des fins expérimentales ou a d'autres fins scientifiques.*
European Convention for the Protection of Vertebrate Animals used for Experimental and other Scientific Purposes.
Samningur þessi er til athugunar hjá menntamálaráðuneytinu.

24.04.1986 *Convention européenne sur la reconnaissance de la personnalité juridique des organisations internationales non gouvernementales.*
European Convention on the Recognition of the Legal Personality of International Non-Governmental Organizations.
Aðeins eitt ríki hefur fullgilt þennan samning.

13.11.1987 *Convention européenne pour la protection des animaux de compagnie.*
European Convention for the Protection of Pet Animals.
Ekkert ríki hefur fullgilt þennan samning.

25.01.1988 *Convention concernant l'assistance administrative mutuelle en matière fiscale.*
Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters.
Samningur þessi er til athugunar hjá fjármálaráðuneytinu.

26.05.1988 *Arrangement pour l'application de l'Accord européen du 17 octobre 1980 concernant l'octroi des soins médicaux aux personnes en séjour temporaire.*
Arrangement for the Application of the European Agreement of 17 October 1980 concerning the Provision of Medical Care to Persons during Temporary Residence.
Þessi samningur er til umsagnar hjá ráðuneytinu.

Ed. 985. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Valgerður Sverrisdóttir og Júlíus Sólnes voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Margrét Frímannsdóttir. | Halldór Blöndal.

Ey. Kon. Jónsson. | Jóhann Einvarðsson.

Ed. 986. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Valgerður Sverrisdóttir og Júlíus Sólnes voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1989.

Eiður Guðnason, form. | Margrét Frímannsdóttir, frsm. | Halldór Blöndal.

Ey. Kon. Jónsson. | Jóhann Einvarðsson.

Ed. 987. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, sbr. l. nr. 40/1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um áætlað tekjutap ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eiður Guðnason og Jóhann Einvarðsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 1989.

Margrét Frímannsdóttir, varaform., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Júlíus Sólnes.
Ey. Kon. Jónsson.		Halldór Blöndal.

Ed. 988. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 16. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 7.–10. gr., 16. gr. og 31. gr., eins og þeim er breytt frá 1. júní 1989, gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir þann tíma.

Nd. 989. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, aflað umsagnar frá Ríkisendurskoðun og fékk til fundar Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra og Lárus Ögmundsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti.
Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 2. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Árni Gunnarsson.	Þórður Skúlason.	Matthías Bjarnason.
	Kristín Halldórsdóttir.	

Nd. 990. Frumvarp til laga [372. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:
Rísi ágreiningur um bætur eða örorkumat getur tryggingaráð úrskurðað í málinu.
Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju

leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

3. gr.

1. og 2. mgr. 38. gr. hljóði svo:

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða héraðsnefnd kýs til viðbótar fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjúkrasamlaganna.

Nú standa fleiri en ein sýsla, eða kaupstaður og sýsla eða sýslur, að einu sjúkrasamlagi, og skal þá hver sýsla (hlutaðeigandi sveitarfélög) og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlags.

4. gr.

Ný grein er verði 81. gr. hljóði svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

5. gr.

81. gr. laganna verði 82. gr.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 43. gr. er Tryggingastofnun ríkisins heimilt á árinu 1989, að fengnu samþykki ráðherra, að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 991. Frumvarp til laga [208. mál]

um breytingar á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

(Eftir eina umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 973 með þessari breytingu:

16. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist ný grein, 63. gr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 7.–10. gr., 16. gr. og 31. gr., eins og þeim er breytt frá 1. júní 1989, gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir þann tíma.

Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.

Nd. 992. Frumvarp til laga [300. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 993. Lög [244. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 683.

Ed. 994. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að orðið „landslagshönnuður“ verði lögverndað starfsheiti.

Nefndin hélt nokkra fundi um frumvarpið og komu þeir Þráinn Hauksson og Einar Sæmundsson frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) til viðræðu við nefndina. Fram kom að aðrir faghópar, sem starfa á sama grundvelli og landslagshönnuðir, hafa þegar fengið starfsheiti sitt lögfest. Af þeirri ástæðu telur nefndin rétt að umræddur faghópur verði ekki undanskilinn. Nefndin telur hins vegar komið í óefni hvað varðar lögverndun starfsheita og leggur á það þunga áherslu að við endurskoðun byggingarlaga, sem nú er unnið að, verði gerð róttæk breyting í þessum efnum. Nefndin er sammála um að stefna eigi að því að afnema lögverndun starfsheita.

Júlíus Sólnes var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 995. Fyrirspurn [497. mál]

til kirkjumálaráðherra um útfararþjónustu.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Fá einkaaðilar, sem sjá um útfararþjónustu, greitt með sama hætti af kirkjugarðsgjöldum og opinberir aðilar?
2. Hvaða gjöld taka opinberir aðilar við útfararþjónustu í Reykjavíkurprófastsdæmi fyrir útleigu á líkvagni og störf útfararstjóra og aðstoðarmanns?
3. Telur kirkjumálaráðherra eðlilegt að sett sé löggjöf um útfararþjónustu þar sem einkaaðilum verði m.a. tryggð sama greiðsla af kirkjugarðsgjöldum og opinber fyrirtæki njóta?

Sþ. 996. Fyrirspurn [498. mál]

til fjármálaráðherra um eftirgjöf opinberra gjalda Tímans og Nútímans hf.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hversu mikil fjárhæð var gefin eftir af opinberum gjöldum Dagblaðsins Tímans og Nútímans hf. til ríkissjóðs, þar með taldir dráttarvextir, aðgreint á þessa tvo skattaðila?
2. Hvenær var eftirgjöfin veitt og hvaða heimildir telur fjármálaráðherra sig hafa til eftirgjafar opinberra gjalda þessara tveggja fyrirtækja?
3. Hvaða innheimtuaðgerðir hafði ríkissjóður haft uppi til innheimtu opinberra gjalda fyrirtækjanna áður en eftirgjöf fór fram?

Sþ. 996. Fyrirspurn [498. mál]

til fjármálaráðherra um eftirgjöf opinberra gjalda Tímans og Nútímans hf.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hversu mikil fjárhæð var gefin eftir af opinberum gjöldum Dagblaðsins Tímans og Nútímans hf. til ríkissjóðs, þar með taldir dráttarvextir, aðgreint á þessa tvo skattaðila?
2. Hvenær var eftirgjöfin veitt og hvaða heimildir telur fjármálaráðherra sig hafa til eftirgjafar opinberra gjalda þessara tveggja fyrirtækja?
3. Hvaða innheimtuaðgerðir hafði ríkissjóður haft uppi til innheimtu opinberra gjalda fyrirtækjanna áður en eftirgjöf fór fram?

Ed. 997. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu eftirtaldir: Halldór Jón Kristjánsson og Páll Líndal frá iðnaðarráðuneytinu, Guðjón Jónsson, starfsmaður endurvinnslunefndar, Ingimar Sigurðsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ágúst Þór Jónsson verk-

fræðingur, Ólafur Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda og Ásgeir Einarsson frá Sindrastáli.

Júlíus Sólnes var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 998. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.
   Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97 1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.
2. Við 2. gr. Við síðasta málslið fyrri málsgreinar bætist: og leggja fram allt að 12 milljónum króna.
3. 3. mgr. 3. gr. hljóði svo:
   Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

Ed. 999. Frumvarp til laga [312. mál]

um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða, er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna.

Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

3. gr.

Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Í reglugerð sem iðnaðarráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1000. Breytingartillaga [372. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 2. gr. Í stað orðsins „heimilt“ í síðari efnismálsgrein komi: skylt.

Sþ. **1001. Svar** [16. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur um tekjur einstaklinga.

Heildartekjur launafólks á árunum 1985–1987 voru samkvæmt skattframtölum á verðlagi hvers árs sem hér segir (í milljörðum kr.):

1985	44,7
1986	60,0
1987	93,0

Heildartekjur eru hér skilgreindar sem atvinnutekjur framteljenda samkvæmt skilgreiningu Þjóðhagsstofnunar (sjá sérrit nr. 1, Tekjur karla og kvenna, bls. 15, gefið út af Þjóðhagsstofnun í janúar 1989) að frátöldum reiknuðum launum atvinnurekenda og áætluðum tekjum fyrir þá sem ekki telja fram. Miðað við fyrirliggjandi forsendur um launaþróun á árinu 1988 má gera ráð fyrir að þessi tala sé nálægt 115 milljörðum króna á því ári.

Tæplega þriðjungur af heildaratvinnutekjum landsmanna kemur í hlut kvenna á umræddu árabili, þ.e. 1985–1987, þó að þær séu u.þ.b. helmingur launþega. Þessi munur skýrist m.a. af því að stór hópur kvenna vinnur hlutastörf. Sem dæmi má taka að séu einungis athugaðir þeir launþegar, sem voru fullvinnandi á árinu 1986, dregur úr þessu ósamræmi þótt það sé enn umtalsvert. Konur, sem eru rúm 38% fullvinnandi launþega, bera þannig úr býtum um 27,5% heildartekna sama hóps árið 1986.

Í fyrrnefndu sérriti Þjóðhagsstofnunar um tekjur karla og kvenna eru birtar upplýsingar um meðalatvinnutekjur kvenna og karla eftir aldri og raunar einnig hjúskaparstétt fyrir árin 1980 og 1986 (töflur 33–35, bls. 52–53). Þar kemur fram að atvinnutekjur kvenna eru u.þ.b. helmingi lægri en karla bæði árin þótt heldur hafi dregið saman með þeim. Munurinn á milli kynjanna er mestur á aldrinum 30–45 ára, en hann hefur hins vegar minnkað þó nokkuð fyrir þennan aldursflokk frá árinu 1980.

Þegar skoðaðar eru tölur um tekjudreifingu innan einstakra atvinnugreina og starfsstétta kemur í ljós að meðaltekjur eru einna lægstar í þeim greinum sem að miklum meiri hluta eru mannaðar konum. Er þar um að ræða þjónustu- og verslunargreinar, svo og fiskvinnslu. Svipuðu máli gegnir um einstakar starfsstéttir, en meðaltekjur eru langlægstar hjá ræstingarfólki, starfsliði sjúkrahúsa, barnaheimila og elliheimila. Í þessum greinum eru yfir 90% konur. Sömu sögu má einnig lesa úr atvinnustéttaskiptingunni, þ.e. meðaltekjur eru lægstar hjá ófaglærðu verkafólki og verslunarmönnum.

Hvorki liggja fyrir upplýsingar um endanlegar tekjur ársins 1988 eftir kyni, aldri né starfsstéttum og er þeirra varla að vænta fyrr en um mitt ár við endanlega álagningu. Nokkrar vonir eru þó bundnar við upplýsingagjöf staðgreiðslukerfisins, en að þeim málum er nú unnið. Að öðru leyti er vísað til sérrits nr. 1., Tekjur karla og kvenna, sem gefið var út af Þjóðhagsstofnun, um nánari upplýsingar um þessi efni.

Til fróðleiks fylgir hér með tafla sem sýnir laun kvenna sem hlutfall af launum karla hjá ríkinu í október/nóvember 1988, en rétt er að taka fram að hér er eingöngu um að ræða þau laun sem greidd eru af Launaskrifstofu ríkisins.

Mánaðarlaun ríkisstarfsmanna í október/nóvember 1988.

	Stöðugildi			Laun kvenna sem hlutfall af launum karla	
	Fjöldi	*Karlar*	*Konur*	*Dagvinna*	*Heildarlaun*
BSRB	7.235	41%	59%	92,5	73,1
BHMR	1.960	66%	34%	87,2	84,6
HÍK, KÍ	3.983	42%	58%	92,8	75,1

Sþ. **1002. Svar** [17. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur um tekjuskatt ríkisstarfsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var hlutdeild opinberra starfsmanna, a) karla, b) kvenna, í tekjuskatti og útsvari samkvæmt álagningu 1985 og 1986?*
2. *Hver var hlutdeild ríkisstarfsmanna í BHMR, ríkisstarfsmanna í BSRB og bæjarstarfsmanna í BSRB í tekjuskatti og útsvari launamanna samkvæmt álagningu 1985 og 1986, skipt eftir kynjum?*
3. *Hver er áætluð hlutdeild launamanna, a) karla, b) kvenna, skv. 2. tölul. að ofan í tekjuskatti og útsvari launamanna við álagningu 1988 samkvæmt nýjum skattalögum?*

Ekki er mögulegt á grundvelli skráðra upplýsinga úr skattframtölum eða launamiðum að svara spurningunum hér að ofan sem varða hlutdeild opinberra starfsmanna í tekjuskatti og útsvari launamanna. Ber þar einkum til að mikil vanhöld eru á því að stéttarfélög launþega séu tilgreind á launamiðum. Þannig eru stéttarfélög opinberra starfsmanna t.d. ekki tilgreind. Þessum spurningum verður því ekki svarað nema að bera saman félagaskrár og skattframtöl. Þar sem slík vinna er bæði tímafrek og dýr hefur ekki verið í hana ráðist. Á hinn bóginn fól ráðuneytið launaskrifstofu ríkisins að taka saman upplýsingar um hlutdeild ríkisstarfsmanna í staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1988. Þær upplýsingar eru birtar í meðfylgjandi töflu og gefa vonandi vísbendingu í þessu efni.

Hlutdeild ríkisstarfsmanna í heildarinnheimtu staðgreiðsluskatts á árinu 1988.

	Fjöldi	*Staðgreiðslu-skattur í m.kr.*	*Hlutfall af heildar-innheimtu*
BHMR .	**4.259**	**806**	**3,8%**
Karlar	2.559	586	2,7%
Konur	1.703	220	1,1%
BSRB .	**14.371**	**1.233**	**5,8%**
Karlar	5.158	700	3,3%
Konur	9.213	533	2,5%
KÍ .	**4.041**	**450**	**2,1%**
Karlar	1.376	221	1,0%
Konur	2.665	229	1,1%
Utan bandalaga .	**2.557**	**561**	**2,6%**
Karlar	1.774	501	2,3%
Konur	783	60	0,3%
Allir ríkisstarfsmenn .	**25.228**	**3.050**	**14,3%**
Karlar	10.867	2.008	9,3%
Konur	14.364	1.008	5,0%
Innheimt staðgreiðsla í janúar/desember 1988	**201.000**	**21.349**	**100,0%**

Heimild: Launaskrifstofa ríkisins og embætti ríkisskattstjóra.

Ed. 1003. Lög [432. mál]

um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 792.

Nd. 1004. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera 400.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h.f.).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: tveir.

b. 3. mgr. orðist svo:

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

c. 5. mgr. orðist svo:

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo: Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

a. 2. tl. 2. mgr. orðist svo: Heimilisfang félagsins.
b. 10. tl. 2. mgr. falli niður og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.
c. Í stað orðsins „ágóða“ í 3. mgr. komi: hagnaði.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. komi: tveir.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka.

9. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist svo: Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. Aftan við c-lið í 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.
b. Í stað orðanna „margra hluta“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: margra hluta eins eða fleiri hluthafa.
c. Síðasti málsl. 4. mgr. falli niður.

11. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins.

Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 21. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.
b. Í stað orðsins „Nafnbréf“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Hlutabréf.
c. 3. tl. 3. mgr. falli niður og 4. tl. greinarinnar verði 3. tl.
d. Við 1. tl. 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Séu hlutabréf án atkvæðisréttar skal auðkenna slíkt greinilega í nafni þeirra eða á annan áberandi hátt.
e. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

13. gr.

2. málsl. 23. gr laganna falli niður.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:
Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer.
b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:
Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs og nafnverð þeirra.
Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.
c. Úr 1. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falli niður orðin „sem skráður er á nafn“.

15. gr.

a. Úr 25. gr. laganna falli niður orðin „sem hljóðar á nafn“.
b. Við 25. gr. laganna bætist: Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

16. gr.

Í stað orðanna „35. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna komi: 35. og 37. gr.

17. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

18. gr.

Tveir síðustu málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

19. gr.

7. tl. 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Í 32. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

21. gr.

1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr. og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo: Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutafé, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „verðhækkunar eigna“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: færslna í endurmatsreikningi.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir málsl. sem orðist svo: Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.
c. Inn komi ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.

24. gr.

Í stað orðsins „greiðslu“ í 4. tl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: að leggja.

25. gr.

Í stað orðanna „birta þrisvar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna komi: birta tvisvar, og í stað orðanna „þriggja mánaða“ í sömu málsgrein komi: tveggja mánaða.

26. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.

b. Í stað orðanna „minnst ¼ hlutafjárins“ í 4. mgr. komi: minnst ⅕ hlutafjárins.

28. gr.

49. gr. laganna falli brott.

29. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.

30. gr.

2. málsl. 1. mgr. 65. gr. laganna orðist svo:

Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

31. gr.

Í stað orðanna „efnahagsreiknings og rekstrarreiknings“ í a-lið 2. mgr. 67. gr. laganna komi: ársreiknings.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 71. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

b. Í stað orðsins „ársreikningur“ í 4. mgr. komi: ársreikningur, ársskýrsla stjórnar.

33. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðist svo: Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst ⅔ hluta atkvæða í félaginu.

34. gr.

1. málsl. fyrri mgr. 76. gr. laganna orðist svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.

35. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna komi nýr málsl. sem orðist svo: Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.

36. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna.

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé

nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

37. gr.

Inn í 3. mgr. 88. gr. laganna komi nýr málsliður, sem verði 2. málsliður, svohljóðandi: Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.

38. gr.

Yfirskrift XII. kafla orðist svo:
Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

39. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 93. .gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.
b. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.
c. Í stað orðanna „einum og hálfum mánuði“ í 3. mgr. komi: einum mánuði.

40. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:
Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

41. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 97. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi þrír mýir málsliðir sem orðist svo: Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
3. hækkunar á hlutafé,
4. að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tl. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.

b. Í stað orðanna „liðum 1 eða 3“ í 5. mgr. komi: lið 1.
c. Inn komi ný lokamálsgrein sem verði 7. mgr. og hljóði svo:

Ráðstöfun endurmatsreikningsí því skyni, sem um ræðir í 2., 4., 5. og 6. lið 4. málsl. 4. mgr. þessarar greinar, er heimil frá upphafi árs 1979.

42. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 101. gr. laganna:

a. 1. tl. 3. mgr. orðist svo: Tekjur af aðalstarfsemi.
b. Í 3. mgr. komi inn nýr tl., sem verði 5. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo: Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
c. 6. tl. 3. mgr., sem verður 7. tl., orðist svo: Óreglulegar tekjur.
d. 4. mgr. orðist svo:

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Gjöld af aðalstarfsemi.
2. Vaxtagjöld.
3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra ahrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Óregluleg gjöld.
7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.

e. 5. mgr. orðist svo:

Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.

f. Við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 102. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo: Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:
b. Inn komi nýr tl., er verði 2. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi tl. orðist svo: Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.

44. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar sem lögð skal fram á aðalfundi.
b. Í lok 2. mgr. komi nýr málsl. sem orðist svo: Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

45. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 105. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo: Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags sem leggur engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, þó eigi síðar

en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár.

b. Inn komi nýr málsl., er verði 2. málsl., svohljóðandi:

Hlutafélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga.

46. gr.

Fyrri málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo: Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

47. gr.

Í stað orðsins „árságóða“ í 1. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna komi: hagnaðar.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 109. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans“ í 1. mgr. komi: um það efni.

b. 2. mgr. orðist svo:

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

49. gr.

Í stað orðanna „jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum“ í 1. mgr. 110. gr. laganna komi orðin „jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, sbr. 1. mgr. 14. gr.“

50. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

51. gr.

114. gr. laganna orðist svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist samkvæmt 1. mgr.

52. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum.
4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.
5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.–6. mgr. 118. gr.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa samkvæmt 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

53. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Er skiptaráðanda hefur borist krafa um skipti samkvæmt 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2.–5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga þar sem greint er á hvern hátt búið sé komið til skipta og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV.–VII. og IX.–XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmeðferð upp frá því.

54. gr.

117. gr. laganna orðist svo:

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit samkvæmt 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins samkvæmt 3. mgr. 115. gr.

55. gr.

118. gr. laganna orðist svo:

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu, eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum, skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

56. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu samkvæmt 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

57. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur samkvæmt 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag, sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit samkvæmt 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

58. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Þegar að loknum fundi samkvæmt 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna samkvæmt 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

59. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

60. gr.

123. gr. laganna orðist svo:

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu samkvæmt 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga samkvæmt 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

61. gr.

124. gr. laganna orðist svo:;

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

62. gr.

125. gr. laganna orðist svo:

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti samkvæmt 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

63. gr.

Síðari málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo: Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 146. gr. laganna:

a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr., ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.
b. Við 4. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: M.a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

65. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 147. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo: Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.
b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:
   Auk tilkynninga samkvæmt 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa, miðað við 1. júní, nema ráðherra ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.

66. gr.

Í stað orðsins „greiðslur“ í 2. tl. 151. gr. laganna komi: tillög.

Gildistaka laganna o.fl.

67. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 68. og 69. gr.

68. gr.

Ákvæði 1. gr. um hlutafé og ákvæði 12. gr. um að hlutir og hlutabréf skuli hljóða á nafn gilda ekki um félög og útgefin hlutabréf félaga sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978 eða eldri laga.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð er lögin taka gildi en stofnun þess ráðin til lykta á stofnfundi skv. II. kafla laga nr. 32/1978 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði þeirra laga er skráning þess heimil enda sé félagið tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Nú eru eða verða hluthafar í hlutafélögum skv. 1. eða 2. mgr. fjórir eða færri og er það þá skilyrði þess að fækka megi stjórnarmönnum í einn eða tvo, sbr. 27. gr. laga þessara, að hlutafé nemi a. m. k. þeirri fjárhæð sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 1. gr.

69. gr.

Hafi skilanefnd verið löggilt í félagi fyrir gildistöku þessara laga skulu um störf hennar gilda ákvæði 5. og 6. mgr. 55. gr., sbr. 5. tl. 1. mgr. 52. gr., svo og 56.–62. gr., eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði XIV. kafla laga þessara skal heimilt samkvæmt skriflegri beiðni félagsstjórnar að afmá félag úr hlutafélagaskrá að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að engin starfsemi hafi átt sér stað hjá félaginu á næstu fjórum reikningsárum áður en beiðni berst.
2. Að eigi sé kunnugt um að nokkrar kröfur hvíli á félaginu.
3. Að hluthafar, er ráði yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, lýsi því yfir að þeir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu á öllum kröfum sem kunna að koma fram á hendur félaginu eða í tengslum við slit þess.

Beiðni samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja staðfest endurrit ársreikninga og staðfest endurrit skattframtala fyrir sama tímabil og í 1. tl. 1. mgr. greinir. Þá skal og fylgja ítarleg greinargerð um hvernig eignum félagsins verði ráðstafað til hluthafa ef beiðni verður tekin til greina. Öll útgefin hlutabréf með óslitinni framsalsröð til núverandi hluthafa skulu þeir, sem ábyrgðaryfirlýsingar gefa, einnig afhenda með beiðni eða færa fram aðra óyggjandi sönnun fyrir hlutafjáreign sinni.

Telji ráðherra fullnægt skilyrðum til þess skal félagið afmáð úr hlutafélagaskrá með sömu réttaráhrifum og ef því hefði verið slitið samkvæmt almennum reglum. Skal auglýst í Lögbirtingablaði að félagið hafi verið afmáð úr hlutafélagaskrá og hverjir þeir hluthafar séu sem gengið hafi í ábyrgð fyrir kröfum samkvæmt framansögðu.

Ákvæði þetta skal falla niður að liðnum fjórum árum frá gildistöku laga þessara.

Nd. 1005. Nefndarálit [373. mál]

um frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „að forða ágangi“ í fyrri efnismgr. komi: að koma í veg fyrir ágang.

Alþingi, 2. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Þórður Skúlason.
Pálmi Jónsson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ingi Björn Albertsson.

Eggert Haukdal.

Nd. 1006. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta er felur í sér að landbúnaðarráðherra verði heimilt að leyfa flutning fósturvísa úr kúm í sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Alþingi, 2. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Þórður Skúlason.
Pálmi Jónsson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ingi Björn Albertsson.

Eggert Haukdal.

Nd. 1007. Frumvarp til þjóðminjalaga. [188. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

I. KAFLI

Stjórn og skipulag þjóðminjavörslu.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um skipulag og starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Fimm manna þjóðminjaráð fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns Íslands og minjaverðir tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum til setu í ráðinu, Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn, Háskóli Íslands einn, Bandalag kennarafélaga einn og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera fornleifafræðingur. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

Hlutverk ráðsins er að marka stefnu og gera langtímaáætlanir um þjóðminjavörsluna fyrir landið í heild og hafa yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess ásamt safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu. Ársskýrslu þjóðminjaráðs skal birta með starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

Fimm manna fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs, sbr. 22. gr.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fimm ára í senn. Háskóli Íslands tilnefnir einn mann og skal hann hafa menntun í fornleifafræði. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann. Sá fulltrúi, sem ráðherra skipar í þjóðminjaráð skv. 2. gr., skal sitja í fornleifanefnd og vera formaður hennar. Auk þess skulu sitja í nefndinni þjóðminjavörður og deildarstjóri fornleifadeildar.

Hlutverk nefndarinnar er að móta stefnu og gera áætlanir um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir fyrir landið í heild.

Nefndin fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og gefur út fornleifaskrá.

Nefndin hefur yfirumsjón með gerð og framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir. Fjárveitingar samkvæmt henni skulu sérgreindar í fjárlögum. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um ráðningu fornleifavarða og deildarstjóra fornleifadeildar til fimm ára í senn.

Nefndin er jafnframt stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

4. gr.

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Á hverju minjasvæði skulu starfa einn minjavörður og einn fornleifavörður. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu, en fornleifaverðir á sviði fornleifafræði. Minjaverðir heyra undir þjóðminjaráð en fornleifaverðir undir fornleifanefnd.

Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu.

Minjaverðir skulu hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar.

Fornleifaverðir hafa umsjón með fornleifarannsóknum og fornleifavörslu á svæðinu, sbr. 16. gr.

Minjaverðir og fornleifaverðir eru starfsmenn Þjóðminjasafns. Nánari verkaskipting milli minjavarða og fornleifavarða skal að öðru leyti ákveðin í reglugerð.

II. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

5. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. gr. Það markar safninu stefnu og hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal starfa safnstjóri sem annast stjórn safnsins í umboði þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra skipar safnstjóra Þjóðminjasafns til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og góða þekkingu á rekstri safna.

Safninu skal skipt í deildir. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs, sbr. þó 5. mgr. 3. gr., og skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á sviði þeirrar deildar sem þeir starfa við. Deildir safnsins eru: forvörsludeild, húsverndardeild, myndadeild, sjóminjadeild, sýninga- og fræðsludeild, textíl- og búningadeild, tækniminjadeild og þjóðháttadeild. Auk þess fornleifadeild, er lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr. Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir skulu vera fornleifafræðingar að mennt, en um menntun þeirra skal nánar tilgreina í reglugerð. Frekari deildaskipting safnsins fer eftir ákvörðun þjóðminjaráðs hverju sinni.

Deildir safnsins geta haft stöðu sérstakra safna svo sem Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands. Skulu þau þá lúta ákvæðum þessara laga um byggðasöfn.

6. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr. og hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs.

Þau söfn, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá og starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Reglugerð um byggðasafn skal staðfest af menntamálaráðherra að tillögu þjóðminjaráðs.

7. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, kvikmyndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun, sbr. 17., 29. og 34. gr.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

8. gr.

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin skulu vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum. Friðaðar fornminjar og mannvirki skulu og vera til sýnis þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

Söfnin og starfsemi þeirra skulu kynnt nemendum í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld, ýmist í söfnunum eða skólum. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í söfnum og ríkisfjölmiðlum.

9. gr.

Söfnin mega eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Gjafir og fjárframlög til Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

10. gr.

Heimilt er að lána gripi úr söfnunum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem safnstjórn ákveður.

11. gr.

Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingarskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar, safnstjóra eða viðkomandi minjavarðar.

12. gr.

Á hverju minjasvæði, sbr. 4. gr., skal starfa minjaráð sem skipað er fulltrúum úr stjórnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna. Forstöðumenn byggðasafnanna eiga rétt til setu á fundum minjaráðs.

13. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað.

Framlag ríkissjóðs skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar og innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem safnstjórn gerir við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.

14. gr.

Byggðasöfn senda minjaverði viðkomandi svæðis árlega starfsskýrslu sína ásamt ársreikningi og fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Minjavörður leggur gögn þessi fyrir þjóðminjaráð ásamt umsögn sinni. Útdrátt úr ársskýrslum byggðasafna skal birta í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

15. gr.

Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra ráðstafað gripum safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni Íslands eða öðru byggðasafni.

III. KAFLI

Fornminjar.

A. Fornleifar.

16. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 17. gr.

17. gr.

Fornleifadeild lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifadeild ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar minjar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 7. gr. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.

Friðun fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

18. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, sem hætt er við að spilli fornleifum, skal sá, sem fyrir þeim stendur, bera kostnað af nauðsynlegum fornleifarannsóknum sem framkvæma þarf áður en framkvæmdir hefjast. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera fornleifadeild eða fornleifaverði viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Fornleifadeild, eða fornleifavörður í samráði við hana, ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra fornleifadeild eða fornleifaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði eða fornleifaverði frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavörður í samráði við fornleifadeild ákveður hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

22. gr.

Fornleifanefnd fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar nefndin veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd og fornleifavörður svæðisins setja þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra, og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornleifadeildar Þjóðminjasafns og fornleifavarðar viðkomandi svæðis. Beina skal til fornleifanefndar öllum rannsóknarbeiðnum útlendinga er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til Vísindaráðs samkvæmt lögum nr. 48/1987.

23. gr.

Fornleifadeild eða fornleifaverðir hafa rétt til að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

24. gr.

Óheimil er öðrum en starfsmönnum þjóðminjavörslunnar notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

25. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

B. Forngripir.

26. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði eða fornleifaverði hvers svæðis fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker fornleifanefnd úr.

27. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft, vegna fundar forngrips.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

28. gr.

Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjaráð leyfi. Gildir þá einu hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar úrskurðar þjóðminjaráð. Þá getur þjóðminjaráð með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um.

IV. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

29. gr.

Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal nákvæma skrá yfir friðaða kirkjugripi og minningarmörk.

30. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 29. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

31. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hverrar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té sóknarprestum, prófastum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

32. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

33. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns skv. 32. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

V. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

34. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

35. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins.

Í húsafriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Menntamálaráðherra skipar fjóra menn til fimm ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en auk þeirra á þjóðminjavörður sæti í nefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar í umboði þjóðminjaráðs, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Nefndin skal hafa samráð við minjavörð þegar fjallað er um hús eða mannvirki á því svæði sem hann hefur umsjón með. Einnig úthlutar húsafriðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafriðunarsjóði.

36. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Skylt er eigendum húsa, sem sem reist eru fyrir árið 1918, að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

37. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu um það til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja friðlýsingu. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum.

38. gr.

Telji húsafriðunarnefnd ríkisins hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 37. gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Á meðan skyndifriðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar friðunar.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

39. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fjótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirmælum nefndarinnar leiðir.

40. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

41. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

42. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 39. gr.

43. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning skal aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

44. gr.

Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

45. gr.

Húsfriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðaðri eða friðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

46. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á hverju ári 100 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 100 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið ríkisbanka.

47. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

48. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

49. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

50. gr.

Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum III. eða V. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

51. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum 18.–22. gr., 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 28. gr., 30. gr., 2. mgr. 36. gr., 39. gr., 42. gr, og 44. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

53. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 1969, þjóðminjalög, og lög nr. 42 1975, um breytingu á þjóðminjalögum.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipað skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., innan fimm ára frá gildistöku þessara laga.

Sþ. 1008. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um setningu laga um sjálfseignarstofnanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og borist umsögn um málið frá Lögmannafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðmundur Ágústsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðrún Helgadóttir.	Guðrún Agnarsdóttir.
	Eggert Haukdal.	

Sþ. 1009. Breytingartillaga [24. mál]

við till. til þál. um setningu laga um sjálfseignarstofnanir.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frumvarps til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta löggjafarþing.

Sþ. 1010. Nefndarálit [277. mál]

um till. til þál. um aðfaranám til ökuprófs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og borist umsagnir frá Ökukennarafélagi Íslands og Umferðarráði.

Í ljósi þess að nýlega lauk störfum nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 4. október 1988 til að fjalla um og gera tillögur um framtíðarskipan ökukennslu og ökuprófa í landinu þá leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðmundur Ágústsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðrún Helgadóttir.	Guðrún Agnarsdóttir.

Eggert Haukdal.

Ed. 1011. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Stross, Karin, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 28. maí 1965 á Íslandi.

Ed. 1012. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Guðmundur Ágústsson.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 1013. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarp þetta er komið til deildarinnar á ný vegna breytinga sem neðri deild hefur gert á 7. gr. þess, þ.e. 1. mgr. 17. gr. vaxtalaga, sem fjallar um okur.

Tilgangur þessarar greinar frumvarpsins, eins og hann kemur fram í frumvarpi viðskiptaráðherra á þskj. 444, var alls ekki sá að hrófla við gildandi lagaákvæðum um okurvexti og misneytingu, heldur einungis að setja inn ný ákvæði um almenn vaxtamörk til viðmiðunar sem Seðlabankinn hefur heimild til að ákveða.

Í lagatextanum segir að hver sá, sem hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra til að áskilja sér vexti umfram gildandi vaxtamörk, skuli sæta viðurlögum. Neðri deild hefur nú fellt brott úr greininni orðin „á óréttmætan hátt".

Nefndin telur engin rök fyrir þessari breytingu á okurákvæðum vaxtalaganna og álítur að með henni sé beinlínis verið að stofna til óvissu um efni þeirra og beitingu við dómsúrlausnir.

Í athugasemdum við frumvarp til vaxtalaga, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1987, segir svo almennt um vexti:

„Tilhögunin er sú í stórum dráttum að út af fyrir sig má semja um hvaða almenna vexti sem er. En sé farið ólölega að við samningsgerð, framsal samnings, beitingu hans eða hagnýtingu, samkvæmt því sem lýst er í 17. gr., verður hinn brotlegi að gjalda þess að hafa áskilið sér vexti eða annað endurgjald umfram hæstu gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, á þeim tíma er til skuldar var stofnað. Eftir því sem þetta bil breikkar og vaxtatakan fer lengra umfram vaxtakjör innlánsstofnana, því meiri er áhættan, bæði hættan á því að dómstólar telji um óréttmæta hagnýtingu aðstöðumunar að ræða, svo og á þyngri viðurlögum ef brot sannast."

Um orðin „á óréttmætan hátt" er svo sérstaklega fjallað í athugasemdum um 17. gr., og þar segir m.a.:

„Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. frumvarpsins sem því **að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti**. Hér þarf að vera um misnotkun aðstöðu að ræða, það grófa að dómstólar telji hana refsiverða. Orðin **á óréttmætan hátt** eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins. Tryggir það á svipaðan hátt og ólögmætisfyrirvari 248. gr. almennra hegningarlaga að ákvæðinu sé beitt með nokkurri varúð. Svipuð aðferð var höfð við lögfestingu 300. gr. b í dönsku hegningarlögunum. Að sjálfsögðu skiptir fjárþröng mestu máli varðandi aðstæður viðsemjandans en rétt þykir að hafa opið ákvæði um hliðstæðan aðstöðumun aðila, t.d. þar sem annar er háður hinum í starfi, vegna fyrri viðskipta, um útvegun fíkniefna o.s.frv. Hæfilega takmörkun á þessu atriði er að finna í óréttmætisfyrirvaranum."

Nefndin telur því ekki ástæðu til að breyta gildandi lagaákvæðum um okur og leggur til svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 7. gr. Á eftir orðunum „hagnýtir sér" í fyrri efnismgr. komi: á óréttmætan hátt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Guðmundur Ágústsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Halldór Blöndal.

Nd. 1014. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 12. gr. D-liður falli brott.
2. Við 30. gr. Greinin falli brott.

Nd. 1015. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um mál þetta á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá fjölda aðila auk þess sem ýmsir hafa mætt á fundi nefndarinnar til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Af umsögnum og athugasemdum má ráða að efasemdir eru uppi hjá mörgum kunnáttuaðilum varðandi þetta mál.

Ákvæði óskyld húsbréfakerfinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að upp verði tekið svokallað húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum hérlendis. Að auki eru í fyrstu greinum frumvarpsins nokkur ákvæði, óskyld meginefni þess, sem miða að því að gera breytingar á því húsnæðislánakerfi sem húsbréfakerfinu er ætlað að leysa af hólmi. Þær breytingar ganga allar út á það eitt að þrengja lánsrétt ákveðinna hópa einstaklinga sem þó hafa greitt af tekjum sínum til lífeyrissjóðakerfisins. Með breytingum af þessu tagi er hætta á að ýmsir smáatvinnurekendur, svo sem trillukarlar og vörubílstjórar, eignist hvorki lánsmöguleika í hinu almenna húsnæðislánakerfi né í lífeyrissjóði sínum. Telja undirritaðir nefndarmenn óeðlilegt að flytja ákvæði þessa efnis samhliða húsbréfamálinu og lýsa andstöðu við þau.

Áliti milliþinganefndar breytt.

Frumvarpið er að stofni til byggt á tillögum milliþinganefndar sem skilaði áliti á síðasta hausti, en í nefndinni áttu m.a. sæti fulltrúar allra þingflokka. Tveir nefndarmenn lögðust algerlega gegn húsbréfakerfinu, forseti ASÍ og fulltrúi Framsóknarflokksins, en flestir nefndarmanna skrifuðu undir hið sameiginlega nefndarálit með fyrirvara, þar á meðal fulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Frumvarpi því sem milliþinganefndin sendi frá sér var síðan breytt í meðförum félagsmálaráðuneytisins áður en það var lagt fram á Alþingi. Var m.a. fellt niður grundvallarákvæði um að lækka kaupskyldu lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar, en lækkun þessarar umdeildu kaupskyldu er að líkindum áhrifamesta leiðin til að lækka vexti á spariskírteinum og almennt á markaðnum.

Í umræðum um mál þetta hefur ítrekað verið reynt að láta líta svo út sem fimm þingflokkar séu bundnir af þessu nefndaráliti þrátt fyrir þá fyrirvara sem gerðir voru og þrátt fyrir að ráðherra hafi síðan breytt frumvarpinu. Verður það vægast sagt að teljast undarleg kenning.

Undirritaðir nefndarmenn telja að húsbréfakerfi hafi ýmsa kosti og geti að mörgu leyti hentað vel hér á landi í einhverri mynd. Ýmsar spurningar varðandi þá framkvæmd, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hafa hins vegar vaknað í nefndarstarfinu. Hefur þeim ekki verið svarað þannig að viðhlítandi sé að dómi undirritaðra.

Fimm einstaklingar í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa t.d. séð sig knúna til að senda nefndinni rúmlega 20 blaðsíðna álitsgerð um frumvarpið þar sem mjög er varað við því að lögfesta það að sinni. Hefur athugasemdum þessara aðila ekki verið svarað með öðru en skætingi af hálfu ráðherra í stað þess að svara þeim lið fyrir lið þannig að óyggjandi sé.

Óljós áhrif á fjármagnsmarkaðinn.

Ástæðulaust er að tína til öll þau óvissuatriði sem bent hefur verið á varðandi frumvarpið en fáein skulu þó nefnd. Bent hefur verið á að ekkert liggi fyrir um hver verði heildaráhrif húsbréfakerfisins á fjármagnsmarkaðinn í landinu og stjórn peningamála.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar um frumvarpið segir m.a.: „Sá möguleiki er fyrir hendi að viðskiptavakar mundu þurfa að kaupa verulegan hluta bréfanna til þess að halda uppi markaðnum, en slíkt mundi óneitanlega auka peningamyndun. Af þessum sökum gæti þurft að gera ráðstafanir á öðrum sviðum peningamála, en tilkoma húsbréfamarkaðar kallar á miklar breytingar í peningastjórn."

Síðar í sama áliti segir að ákaflega erfitt sé að meta í tölum áhrif af húsbréfakerfi á ýmsa þætti fjármagnsmarkaðar.

Ungur hagfræðingur, Jóhann Rúnar Björgvinsson, kemst að svipaðri niðurstöðu í riti er hann hefur sent þingmönnum. Þar segir m.a.:

„Niðurstaðan er því sú að húsbréfakerfið kemur til með að skerða verulega getu Seðlabankans til að sinna því hlutverki í hagkerfinu sem honum er ætlað, en slík niðurstaða getur haft afar afdrifaríkar afleiðingar fyrir alla hagstjórn."

Sami maður hefur í bréfi til nefndarmanna lagt til að erlendum aðilum, hagfræðingum eða efnahagsstofnunum, verði falið að leggja fræðilegt mat á efnahagsleg áhrif frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgir engin greinargerð um áhrif húsbréfanna á fjármagnsmarkaðinn og upplýst hefur verið í nefndinni að Seðlabankinn hefur við undirbúning málsins aldrei verið beðinn um neina greinargerð um áhrif húsbréfakerfis á peningamagn og peningastjórn.

Fullir markaðsvextir en óvissar vaxtabætur.

Í greinargerð frumvarpsins er mikið gert úr hinni svokölluðu innri fjármögnun húsnæðisviðskipta í kjölfar húsbréfakerfisins. Hvergi kemur þó fram neitt tölulegt mat á því hve gera megi ráð fyrir að hún verði mikil. Eðlilegt hlýtur að vera að slíkt mat fari fram. Einnig er gefið í skyn að húsbréfin muni verða uppspretta nýs sparnaðar í hagkerfinu þótt líklegast sé að sparnaður í þessu formi muni koma niður á öðrum formum sparnaðar, t.d. á bankainnstæðum og spariskírteinum ríkissjóðs sem verða í beinni samkeppni við húsbréfin.

Einnig hafa vaknað spurningar og deilur um vaxtabótaþáttinn, en frumvarp um hann er til meðferðar í fjárhags- og viðskiptanefnd. Vaxtabæturnar eru óaðskiljanlegur hluti þessa máls því fullir markaðsvextir húsnæðislána, eins og húsbréfakerfið byggist á, fá ekki staðist gagnvart stórum hópum fólks án þess að vaxtabætur komi á móti. Er vissulega slæmt að um útreikning þeirra skuli deilt á þessu stigi. Ljóst er að þótt vaxtabótafrumvarpinu sé fyrst og fremst ætlað að koma til móts við hina tekjulægri og eignaminni er opinn möguleiki fyrir menn, sem eiga miklar eignir í formi húsbréfa, að fá greiddar vaxtabætur árum saman greiði þeir vexti af veðskuldabréfum. Vart getur það verið hugmyndin, en þannig er frumvarpið úr garði gert. Bent hefur verið á ýmsa aðra hnökra á frumvarpinu sem og ágreining um útfærslu bótanna.

Aðrar ábendingar og athugasemdir.

Í nefndarstarfinu hafa einnig komið fram athugasemdir við einstakar efnisgreinar frumvarpsins. Fagmenn hafa t.d. gert athugasemdir við 57. gr. þess um hlutkesti við

endurgreiðslu húsbréfa. Er talið að þetta ákvæði sé bæði óþarft og varhugavert, en af hálfu þeirra, sem afgreiða vilja málið á þessu þingi, hefur ekkert tillit verið tekið til þessarar ábendingar. Sama er að segja um ábendingu varðandi 55. gr. þar sem húsbyggjendur og íbúðakaupendur eru gerðir ábyrgir fyrir hugsanlegum vanskilum annarra með því að húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta útlánatapi. Bent var á það í nefndinni að þessi áskilnaður flytti fjárhagsbyrðina af útlánatapi af Húsnæðisstofnun og ríkissjóði yfir á íbúðarkaupendur og húsbyggjendur og væri því hæpið að tala um fulla ríkisábyrgð á húsbréfunum. Enn fremur var bent á að ákvæði 66. gr. um afskipti bankaeftirlitsins af viðskiptum með húsbréf væru óþörf þar sem kveðið væri á um afskipti þess af slíkum viðskiptum í gildandi lögum.

Leitað verði víðtæks samkomulags.

Loks er ljóst að um þetta mál er ekki víðtækt samkomulag eða sátt í þjóðfélaginu svo sem æskilegt er um jafnveigamikið málefni. Alþýðusamband Íslands hefur lýst mikilli andstöðu við málið og þannig er um fleiri aðila sem málinu tengjast, auk þeirra stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun sem áður er vikið að.

Þegar allt þetta er metið telja undirritaðir nefndarmenn eðlilegast að máli þessu verði frestað, það kannað betur í sumar, t.d. í milliþinganefnd, og þess freistað að ná víðtækara samkomulagi um breytingar á húsnæðislánakerfinu en er um þetta frumvarp óbreytt.

Þótt ljóst sé að núverandi lánakerfi standist ekki óbreytt til lengdar er jafnframt ljóst að ekki skiptir sköpum þótt það verði rekið óbreytt í nokkra mánuði enn. Meira varðar að breytingar verði aðeins gerðar að yfirveguðu ráði og reynt að leita svara við þeim spurningum sem vaknað hafa um húsbréfakerfið áður en það verður látið leysa núverandi lánakerfi af hólmi að hluta til eða öllu leyti.

Undir þetta er í raun tekið af þeim sem afgreiða vilja málið á þessu þingi þar sem þeir leggja til að gildistöku frumvarpsins verði seinkað frá 1. september til 15. nóvember. Má þó ljóst vera að einu gildir hvort húsbréfakerfið verður lögfest nú eða næsta haust. Á hinu eru hins vegar meiri líkur að nánari athugun málsins í sumar verði til þess að sníða megi af því ýmsa vankanta sem og hliðarfrumvarpinu um vaxtabætur.

Fullyrðingar félagsmálaráðherra um að seinkun málsins kosti þjóðfélagið milljarða króna eru út í bláinn og ekki sæmandi ráðherra þessara mála. Ljóst er að ráðherra hefur í hendi sér að takmarka eða stöðva tímabundið veitingu lánsloforða í núverandi lánakerfi sem og að hækka vextina þar strax, eins og ætlunin er með tilkomu gildistöku húsbréfanna.

Undirritaðir nefndarmenn telja því rétt að frumvarp þetta, áhrif þess og hugsanlegar afleiðingar, verði rannsakaðar nánar til næsta þings. Leggja þeir því til að frumvarpinu verði að svo komu máli **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1989.

Geir H. Haarde, frsm. Eggert Haukdal.

Sþ. 1016. Nefndarálit [99. mál]

um till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og sendi það til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Byggðasafni Akraness og nærsveita, Félagi íslenskra safnamanna, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri og þjóðminjaverði. Umsögn Byggðasafns Akraness og nærsveita fylgdi ítarleg greinargerð dr. Bjarna Guðleifssonar um búminjasafn á Hvanneyri.

Umsagnaraðilar taka vel undir þetta mál og hvetja til að stofnað verði safn á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri.

Þjóðminjavörður telur að heitið „búvélasafn" nái betur yfir þann stofn muna sem fyrir er og að erfitt sé að koma upp yfirgripsmiklu og alhliða búminjasafni „þar sem allar eldri búminjar, áhöld, verkfæri og ílát fást ekki lengur að neinu marki". „Mér þykir rétt", segir þjóðminjavörður, „að mæla með fyrrgreindri þingsályktunartillögu, enda verði safnið einkum bundið við búvélar og hin stærri tæki frá vélaöld." Síðan telur hann upp ýmis atriði er málið varðar, ekki síst að uppbygging slíks safns sé kostnaðarsöm, bæði varðandi stofnkostnað og rekstur. Telur hann að ekki ætti að fara lengra með málið nema tryggt sé að safninu verði búin viðunandi fjárhagsleg skilyrði.

Félag íslenskra safnamanna „telur þó eðlilegt að slíkt safn falli undir það heildarskipulag safnamála sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til þjóðminjalaga sem nú liggur fyrir Alþingi".

Í svipaðan streng tekur forstöðumaður Byggðasafns Akraness og nærsveita um leið og hann fagnar tillögunni. „Sjálfgefið er að vísa þessu máli til væntanlegs þjóðminjaráðs eða þeirrar yfirstjórnar minjavörslunnar í landinu sem komið verður á fót verði umrætt frumvarp að lögum . . . Á þessu stigi málsins sýnist því naumast þörf á frekari umræðu um þetta tiltekna mál. Mælt er sérstaklega með samþykkt þingsályktunartillögunnar sem viljayfirlýsingar þingsins um að stofnað verði með formlegum hætti búminjasafn á Hvanneyri sem hluti af samræmdri heildarstefnu um uppbyggingu Þjóðminjasafns Íslands."

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri segir m.a. í umsögn sinni:

„Þó skal á það bent til áréttingar að Búminjasafn á Hvanneyri hefði mikla þýðingu fyrir kennslu í véla- og verkfærafræði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og fellur vel að starfsemi skólans og að starfsemi bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins."

Nefndin minnir á að á yfirstandandi þingi kom fram frumvarp til laga um búminjasafn á Hvanneyri, en ekki eru líkur á að það nái fram að ganga. Hins vegar er líklegt að samþykkt verði ný þjóðminjalög með margvíslegum nýmælum, m.a. að því er varðar skiptingu landsins í minjasvæði og samræmda yfirstjórn minjavörslunnar í höndum þjóðminjaráðs.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið flutningsmanna tillögunnar og umsagnaraðila að rétt sé að ganga formlega frá stofnun safns á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri. Slíkt safn þarf að falla að heildarstefnu í safnamálum Vesturlands og á landinu öllu á grundvelli nýrra þjóðminjalaga. Því leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og væntanlegs þjóðminjaráðs.

Alþingi, 3. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1017. Nefndarálit [296. mál]

um till. til þál. um dagvistarmál fatlaðra barna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Félagi þroskaþjálfa, Fóstrufélagi Íslands, svæðisstjórnum málefna fatlaðra á Austurlandi, Reykjanessvæði og Vestfjörðum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þessir aðilar lýsa sig samþykka meginefni tillögunnar og að hún nái fram að ganga. Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi sendir með umsögninni ítarlega greinargerð frá starfsmönnum sínum.

Sú stefna, sem vísað er til í seinni hluta tillögunnar, að tengja skuli sérdeildir dagvistarstofnana svo sem unnt er við almennar deildir þeirra, er nú almennt viðurkennd. Hins vegar er athugunarefni hvaða úrbóta er þörf til að gera dvöl og þjálfun fatlaðra barna á dagvistarheimilum mögulega og árangursríka. Í mótun eru tillögur um forskólastig á vegum menntamálaráðuneytisins og er eðlilegt að fjallað sé um málefni fatlaðra í því samhengi. Þá er stefnt að því að lögfesta breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. taka til málefna fatlaðra.

Með vísan til þessa mælir nefndin með því að könnun fari fram á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta er þörf á því sviði. Nefndin flytur breytingartillögu við málið á sérstöku þingskjali og mælir með því að tillagan verði samþykkt þannig.

Alþingi, 3. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1018. Breytingartillaga [296. mál]

við till. til þál. um dagvistarmál fatlaðra barna.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta sé þörf á því sviði.

Við þá athugun verði höfð hliðsjón af stefnumótun um forskólastig og að fötluð börn fái sérhæfða þjálfun sem mest í tengslum við almennar deildir dagvistarstofnana.

Nd. 1019. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. l. nr. 90/1987, og um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi ísl. viðskiptabanka, Lögmanna-

félagi Íslands, réttarfarsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Félagi íslenskra iðnrekenda og Ragnari Hall borgarfógeta.

Frumvarpið felur í sér að felld verði úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt ákvæði um forgang þeirra skattakrafna, sem lög þessi fjalla um, í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Kristín Halldórsdóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Þórður Skúlason.
	Árni Gunnarsson.	

Sþ. 1020. Nefndarálit [185. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga og reglugerða um rekstur heilbrigðisstofnana.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði (vegna Hrafnistu), Landssambandi sjúkrahúsa, Sambandi íslenskra berklasjúklinga (stjórnarformanni), Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Þessir aðilar telja tillöguna athyglisverða, sumir mæla með að hún verði samþykkt en jafnframt kemur fram að þegar sé unnið að vissum þáttum þessara mála, m.a. er nefnd að störfum við að kanna möguleika á samstarfi og sameiningu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

Í umsögn sjómannadagsráðs kemur m.a. fram að ráðið telur nauðsynlegt að skýrar lagareglur verði settar um rétt sjálfseignarstofnana. „Sú nauðsyn virðist brýnni nú en áður, eftir að frumvarp um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kom fram," segir í bréfi ráðsins.

Stjórn SÍBS segir m.a. í umsögn:

„SÍBS telur æskilegt að löggjöf um heilbrigðismál og rekstur sjúkrastofnana sé sem heilsteyptust en áréttar nauðsyn þess að sérstaða einkareksturs á þessu sviði sé greind frá rekstri stofnana ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að ávallt liggi samningar til grundvallar um rekstrarform, þjónustustaðal og fjármögnun."

Nefndin bendir á að lögfesting á breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga getur haft mikil áhrif á rekstur og skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Eðlilegt er að nokkur umþóttunartími fáist til að fram komi reynsla af þessari breytingu.

Um leið og nefndin tekur undir þau sjónarmið að samræmis þurfi að gæta í löggjöf um heilbrigðisþjónustu óháð rekstrarformi og leita þurfi leiða til hagkvæmni, samhliða góðri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, leggur hún til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Alexander Stefánsson.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Ed. 1021. Nefndarálit [469. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 2. desember 1980, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Guðmundur Ágústsson.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 1022. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera 400.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h.f.).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: tveir.

b. 3. mgr. orðist svo:

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

c. 5. mgr. orðist svo:

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo: Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

a. 2. tl. 2. mgr. orðist svo: Heimilisfang félagsins.
b. 10. tl. 2. mgr. falli niður og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.
c. Í stað orðsins „ágóða“ í 3. mgr. komi: hagnaði.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. komi: tveir.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka.

9. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist svo: Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. Aftan við c-lið í 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.
b. Í stað orðanna „margra hluta“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: margra hluta eins eða fleiri hluthafa.
c. Síðasti málsl. 4. mgr. falli niður.

11. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 21. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.
b. Í stað orðsins „Nafnbréf“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Hlutabréf.
c. 3. tl. 3. mgr. falli niður og 4. tl. greinarinnar verði 3. tl.
d. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
   Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

13. gr.

2. málsl. 23. gr laganna falli niður.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:
   Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer.
b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:
   Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs og nafnverð þeirra.
   Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.
c. Úr 1. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falli niður orðin „sem skráður er á nafn“.

15. gr.

a. Úr 25. gr. laganna falli niður orðin „sem hljóðar á nafn“.
b. Við 25. gr. laganna bætist: Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

16. gr.

Í stað orðanna „35. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna komi: 35. og 37. gr.

17. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta

hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

18. gr.

Tveir síðustu málsliðir 2. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

19. gr.

7. tl. 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Í 32. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

21. gr.

1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr. og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo: Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „verðhækkunar eigna“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: færslna í endurmatsreikningi.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir málsliðir sem orðist svo: Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.
c. Inn komi ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

   Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.

24. gr.

Í stað orðsins „greiðslu“ í 4. tl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: að leggja.

25. gr.

Í stað orðanna „birta þrisvar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna komi: birta tvisvar, og í stað orðanna „þriggja mánaða“ í sömu málsgrein komi: tveggja mánaða.

26. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.

b. Í stað orðanna „minnst ¼ hlutafjárins“ í 4. mgr. komi: minnst ⅕ hlutafjárins.

28. gr.

49. gr. laganna falli brott.

29. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.

30. gr.

Í stað orðanna „efnahagsreiknings og rekstrarreiknings“ í a-lið 2. mgr. 67. gr. laganna komi: ársreiknings.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 71. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

b. Í stað orðsins „ársreikningur“ í 4. mgr. komi: ársreikningur, ársskýrsla stjórnar.

32. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðist svo: Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst ⅔ hluta atkvæða í félaginu.

33. gr.

1. málsl. fyrri mgr. 76. gr. laganna orðist svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.

34. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsliða 1. mgr. 80. gr. laganna komi nýr málsliður sem orðist svo: Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.

35. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna.

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1.

gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

36. gr.

Inn í 3. mgr. 88. gr. laganna komi nýr málsliður, sem verði 2. málsl., svohljóðandi: Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.

37. gr.

Yfirskrift XII. kafla orðist svo:
Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

38. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 93. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.
b. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.
c. Í stað orðanna „einum og hálfum mánuði“ í 3. mgr. komi: einum mánuði.

39. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

40. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 97. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi þrír nýir málsliðir sem orðist svo: Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
3. hækkunar á hlutafé,
4. að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tl. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.

b. Í stað orðanna „liðum 1 eða 3“ í 5. mgr. komi: lið 1.
c. Inn komi ný lokamálsgrein sem verði 7. mgr. og hljóði svo:

Ráðstöfun endurmatsreiknings í því skyni, sem um ræðir í 2., 4., 5. og 6. lið 4. málsl. 4. mgr. þessarar greinar, er heimil frá upphafi árs 1979.

41. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 101. gr. laganna:

a. 1. tl. 3. mgr. orðist svo: Tekjur af aðalstarfsemi.
b. Í 3. mgr. komi inn nýr töluliður, sem verði 5. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo: Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
c. 6. tl. 3. mgr., sem verður 7. tl., orðist svo: Óreglulegar tekjur.
d. 4. mgr. orðist svo:

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Gjöld af aðalstarfsemi.
2. Vaxtagjöld.
3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra ahrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Óregluleg gjöld.
7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.

e. 5. mgr. orðist svo:

Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.

f. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

42. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 102. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo: Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:
b. Inn komi nýr töluliður, er verði 2. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi töluliður orðist svo: Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar sem lögð skal fram á aðalfundi.
b. Í lok 2. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

44. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 105. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo: Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags, sem leggur engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, þó eigi síðar

en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár.

b. Inn komi nýr málsliður, er verði 2. málsl., svohljóðandi: Hlutafélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga.

45. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo: Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

46. gr.

Í stað orðsins „árságóða“ í 1. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna komi: hagnaðar.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 109. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans“ í 1. mgr. komi: um það efni.

b. 2. mgr. orðist svo:

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af ársbagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

48. gr.

Í stað orðanna „jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum“ í 1. mgr. 110. gr. laganna komi orðin „jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, sbr. 1. mgr. 14. gr.“

49. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

50. gr.

114. gr. laganna orðist svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist samkvæmt 1. mgr.

51. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum.
4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.
5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 118. gr.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa samkvæmt 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

52. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Er skiptaráðanda hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2.–5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga þar sem greint er á hvern hátt búið sé komið til skipta og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV.–VII. og IX.–XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmeðferð upp frá því.

53. gr.

117. gr. laganna orðist svo:

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit samkvæmt 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 115. gr.

54. gr.

118. gr. laganna orðist svo:

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

55. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

56. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag, sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit samkvæmt 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

57. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Þegar að loknum fundi samkvæmt 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

58. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

59. gr.

123. gr. laganna orðist svo:

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu samkvæmt 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

60. gr.

124. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

61. gr.

125. gr. laganna orðist svo:

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

62. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 145. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

63. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 146. gr. laganna:

a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr., ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.
b. Við 4. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: M.a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 147. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.

b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa, miðað við 1. júní, nema ráðherra ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.

65. gr.

Í stað orðsins „greiðslur“ í 2. tl. 151. gr. laganna komi: tillög.

Gildistaka laganna o.fl.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 67. og 68. gr.

67. gr.

Ákvæði 1. gr. um hlutafé og ákvæði 12. gr. um að hlutir og hlutabréf skuli hljóða á nafn gilda ekki um félög og útgefin hlutabréf félaga sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978 eða eldri laga.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð er lögin taka gildi en stofnun þess ráðin til lykta á stofnfundi skv. II. kafla laga nr. 32/1978 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði þeirra laga er skráning þess heimil enda sé félagið tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Nú eru eða verða hluthafar í hlutafélögum skv. 1. eða 2. mgr. fjórir eða færri og er það þá skilyrði þess að fækka megi stjórnarmönnum í einn eða tvo, sbr. 27. gr. laga þessara, að hlutafé nemi a.m.k. þeirri fjárhæð sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 1. gr.

68. gr.

Hafi skilanefnd verið löggilt í félagi fyrir gildistöku þessara laga skulu um störf hennar gilda ákvæði 5. og 6. mgr. 54. gr., sbr. 5. tl. 1. mgr. 51. gr., svo og 55.–61. gr., eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði XIV. kafla laga þessara skal heimilt samkvæmt skriflegri beiðni félagsstjórnar að afmá félag úr hlutafélagaskrá að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að engin starfsemi hafi átt sér stað hjá félaginu á næstu fjórum reikningsárum áður en beiðni berst.
2. Að eigi sé kunnugt um að nokkrar kröfur hvíli á félaginu.
3. Að hluthafar, er ráði yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, lýsi því yfir að þeir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu á öllum kröfum sem kunna að koma fram á hendur félaginu eða í tengslum við slit þess.

Beiðni samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja staðfest endurrit ársreikninga og staðfest endurrit skattframtala fyrir sama tímabil og í 1. tl. 1. mgr. greinir. Þá skal og fylgja ítarleg greinargerð um hvernig eignum félagsins verði ráðstafað til hluthafa ef beiðni verður tekin til greina. Öll útgefin hlutabréf með óslitinni framsalsröð til núverandi hluthafa skulu þeir, sem ábyrgðaryfirlýsingar gefa, einnig afhenda með beiðni eða færa fram aðra óyggjandi sönnun fyrir hlutafjáreign sinni.

Telji ráðherra fullnægt skilyrðum til þess skal félagið afmáð úr hlutafélagaskrá með sömu réttaráhrifum og ef því hefði verið slitið samkvæmt almennum reglum. Skal auglýst í Lögbirtingablaði að félagið hafi verið afmáð úr hlutafélagaskrá og hverjir þeir hluthafar séu sem gengið hafi í ábyrgð fyrir kröfum samkvæmt framansögðu.

Ákvæði þetta skal falla niður að liðnum fjórum árum frá gildistöku laga þessara.

Nd. 1023. Frumvarp til laga [373. mál]

um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Eftir 2 umr. í Nd., 3. maí.)

1. gr.

Við XI. kafla búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, bætist ný grein, er verði 64. gr. a, svohljóðandi:

Sveitarstjórnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 35. gr. laga nr. 108 29. desember 1988.

Sþ. 1024. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Eftir eina umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 894 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna, er verður 20. gr. þeirra, koma tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

Nd. **1025. Frumvarp til laga** [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.
4. Bieltvedt, Óli Anton, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 31. maí 1962 á Íslandi.
5. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.
6. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
7. Choi, Kui Rim, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. febrúar 1958 í Kóreu.
8. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
9. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
10. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
11. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
12. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
13. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
14. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
15. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
16. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
17. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.
18. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
19. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
20. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
21. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
22. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
23. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
24. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
25. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
26. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
27. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
28. Korn, Richard Gary, hljómlistamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1956 í Bandaríkjunum.
29. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
30. Libungan, Lísa Anne, barn í Reykjavík, f. 15. janúar 1977 í Bandaríkjunum.
31. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
32. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
33. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.
34. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
35. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
36. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
37. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.

38. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
39. Pepito, Basilía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
40. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.
41. Rogers, Steven John, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1953 á Englandi.
42. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
43. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
44. Rübner, Miriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
45. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.
46. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
47. Stross, Karin, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 28. maí 1965 á Íslandi.
48. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
49. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
50. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjavík.
51. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
52. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.
53. Tumarao, Nelia, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
54. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
55. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1026. Lög [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 977.

Nd. 1027. Lög [411. mál]

um breytingu á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 771.

Nd. 1028. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til fundar við sig eftirtalda: Frá menntamálaráðuneytinu Örlyg Geirsson skrifstofustjóra og Hákon Torfason deildarstjóra, frá Fóstrufélagi Íslands Selmu Dóru Þorsteinsdóttur, formann FÍ og Örnu Jónsdóttur, formann fulltrúaráðs FÍ, og fræðslustjórana Helga Jónsson og Guðmund Inga Leifsson. Þá störfuðu þeir Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, með nefndinni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru gerðar í samráði við þá aðila er nefndin kallaði á sinn fund og nefndir eru hér á undan. Hér er þó ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða og í öllum meginatriðum fellst nefndin á afgreiðslu efri deildar á frumvarpinu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. maí 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Geir H. Haarde.	Eggert Haukdal.	Jón Kristjánsson.
	Kristín Einarsdóttir.	

Nd. 1029. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 47. gr. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður er hljóði svo: Fjárveitingar til almenns rekstrarkostnaðar, annars en launa fastra starfsmanna, skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofa.
2. Við 48. gr. Á eftir orðunum „falla úr gildi“ í 2. málsl. 2. mgr. bætist: að því er tekur til grunnskóla.
3. Við 49. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.
4. Við 57. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Frá gildistöku laga þessara skal skemmtanaskatti ráðstafað, í samráði við fjármálaráðherra, til framkvæmda í lista- og menningarmálum og til forvarnarstarfa í áfengis- og fíkniefnamálum. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

5. Við 59. gr. Seinni málsliður 2. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þau mál.
6. Við 60. gr. Við 2. mgr. bætist: samkvæmt lögum þessum.
7. Við 62. gr. Á eftir orðinu „búnað“ í 2. mgr. bætist: og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið.

Nd. 1030. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta samhliða frumvarpi um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. mgr. 16. gr. bætist: sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. maí 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Geir H. Haarde.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.
	Kristín Einarsdóttir.	

Nd. 1031. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og borist um það fjöldi umsagna, auk skýrslu frá félagsmálaráðuneytinu. Í skýrslunni er greinargerð um kynningarfundi ráðuneytisins um húsbréf og vaxtabætur með 17 aðilum á vinnumarkaði o.fl., minnisblað um almenna húsnæðislánakerfið, töflur yfir útlán Húsnæðisstofnunar og samanburður við Noreg, minnisblöð um húsbréf, vaxtabætur, greiðslubyrði og afföll, álitsgerð sérfræðinganefndar um áhrif húsbréfakerfis á fasteigna- og fjármagnsmarkað og athugun Félagsvísindastofnunar á högum umsækjenda um lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá eftirtöldum: Húsnæðisstofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Húseigendafélaginu, Félagi fasteignasala, Kaupþingi hf., Verktakasambandi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Alþýðusambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Iðju, félagi verksmiðjufólks, bæjarstjórn Hafnarfjarðar og fimm stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins.

Á fund nefndarinnar komu Pétur H. Blöndal frá Kaupþingi, Sigurður B. Stefánsson frá Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, Gunnar Helgi Hálfdánarson frá Fjárfestingarfélaginu, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, Haraldur Sumarliðason, Þórleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Björn Þórhallsson viðskiptafræðingur, Ásmundur Hilmarsson frá ASÍ og Bjarni Bragi Jónsson og Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands. Með nefndinni starfaði Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur.

Annar minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar en þó eru lagðar til tvær efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu við m-lið 4. gr. (62. gr.) sem felur í sér að auk þess sem húsbréfadeild geri tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma og vexti í hverjum verðbréfaflokki geri húsbréfadeild einnig tillögu til félagsmálaráðherra um heildarfjárhæð í hverjum verðbréfaflokki. Með þessu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin geti betur fylgst með því að rekstur húsbréfakerfisins sé í samræmi við sett markmið í efnahagsmálum. Í öðru lagi er gildistíma laganna breytt á þann veg að þau taki gildi 15. nóvember 1989 í stað 1. september 1989.

Annar minni hl. vill leggja á það áherslu að félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fylgjast með undirbúningi að framkvæmd laganna og gera, ef nauðsyn krefur, tillögur um breytingar áður en lögin taka gildi 15. nóvember nk.

Það er skilningur nefndarinnar að b-liður 4. gr. (51. gr.) taki af öll tvímæli um það að yfirstjórn húsbréfadeildar sé í höndum húsnæðismálastjórnar og að allar ákvarðanir deildarinnar séu háðar samþykki þeirrar yfirstjórnar.

Á fylgiskjali með nefndaráliti þessu er prentað samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans.

Alþingi, 2. maí 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag um húsnæðismál.

Athuganir innan ríkisstjórnarinnar og viðræður við Kvennalistann hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að samþykkt frumvarps til laga um húsbréfakerfi verði tengt húsnæðismálum í stærra samhengi.

Samkomulag er um eftirfarandi:

1. Skipan nefndar á vegum félagsmálaráðherra til að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. nóvember nk. Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga með það fyrir augum að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leita leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.

2. 600 millj. kr. raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins. Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989. Á árinu 1990 verði svo 500 millj. kr. raunaukning framkvæmdafjár.
3. Vextir á lánum, sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins, verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd.
4. Þingflokkur Kvennalistans mun taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara.

Samkomulag er um ofangreind atriði milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans og munu þau koma fram í nefndarálitum félagsmálanefnda við afgreiðslu húsbréfamálsins á Alþingi.

1. maí 1989.

Nd. 1032. Breytingartillögur [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar (JSS, GHelg, JK).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „húsbréfakaup“ í 1. efnismgr. komi: húsbréfaviðskipti.
   b. Í stað tölunnar „12“ í 2. efnismgr. komi: þessarar greinar og.
   c. Orðin „laga þessara“ í 2. efnismgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „1. málsl. 1. mgr. orðist svo“ í a-lið komi: Upphaf 1. mgr. orðist svo.
3. Við 4. gr.
   a. Orðin „í inn- og útgreiðslum“ í lok fyrri málsliðar g-liðar (56. gr.) falli brott.
   b. Upphaf 1. málsl. l-liðar (61. gr.), að orðinu „65%“, orðist svo: Skipta má fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að.
   c. 2. málsl. m-liðar (62. gr.) orðist svo: Húsbréfadeild gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki.
   d. Orðið „líklega“ í 2. málsl. n-liðar (63. gr.) falli brott.
   e. Í stað orðanna „greiða fyrir“ í 3. málsl. n-liðar (63. gr.) komi: stuðla að.
   f. Orðið „staðar“ í fyrri málsliðar o-liðar (64. gr.) falli brott.
   g. Í stað orðanna „verðbréfamiðlun nr. 27/1986“ í 1. málsl. q-liðar (66. gr.) komi: verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „1. september 1989“ komi: 15. nóvember 1989.

Nd. 1033. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og fékk til viðtals Stefán Ingólfsson verkfræðing, Björn Þórhallsson og Ásmund Hilmarsson frá ASÍ, Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Bolla Þór Bollason, Maríönnu Jónasdóttur og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu og Garðar Valdimarsson og Ævar Ísberg frá embætti ríkisskattstjóra.

Nefndin fékk í hendur yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar svohljóðandi:

„Í greinargerð með frumvarpinu er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður er við ECU-bindingu.

Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1,0% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4,0–4,5%.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um húsbréf, 344. mál. Við afgreiðslu þess máls varð að ráði að fela milliþinganefnd að athuga nánar ýmis atriði húsbréfamálsins og móta útfærslu þess. Meiri hl. þykir einboðið að vísa frumvarpinu um vaxtabætur einnig til þeirrar milliþinganefndar og óskar eftir því að hún taki sérstaklega til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignaviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum skilyrðum og með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er algjörlega andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 3. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Árni Gunnarsson.	Þórður Skúlason.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.	

Nd. 1034. Breytingartillögur [349. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÁrnG, KH, GGÞ, ÞSk).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „hvern mann" í 6. málsl. 2. efnismgr. komi: einstakling.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi öðlast gildi 15. nóvember 1989 og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Nd. 1035. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum en frumvarpið var til 1. umr. í neðri deild 17. mars sl.

Um fá mál hafa komið fram jafnmiklar og víðtækar efasemdir og athugasemdir og um þetta frumvarp. Sérkennilegt er einnig að svör um hvaða áhrif „húsbréf“ samkvæmt frumvarpinu kynnu að hafa t.d. á peningamarkað, húsnæðismarkað, þenslu, greiðslubyrði o.s.frv. fást ekki nema í því formi að ekki sé hægt að meta þessi áhrif.

Ekki fást heldur upplýsingar um núverandi húsnæðiskerfi, hvernig hin svokallaða „biðröð“ er samsett. Húsnæðisstjórn er gerð óvirk sem heild um svör og rök í málinu og lætur frá sér fara stutt svar: „Getum ekki komið okkur saman um greinargerð eða álit um málið.“ Hins vegar senda fimm stjórnarmenn frá sér ítarlega greinargerð og mæla gegn húsbréfafrumvarpinu. Þeir fullyrða að núverandi kerfi sé smátt og smátt að ná jafnvægi.

Þessum fulltrúum, kosnum af Alþingi í stjórn stofnunarinnar, svarar ráðherra í fjölmiðlum með skætingi, þeir séu einstaklingar úti í bæ sem þekki ekki málið, séu með annarleg sjónarmið.

Þetta mál er knúið fram með sérstæðum hætti. Ráðherra hótar afsögn ef hann fái ekki að leggja málið fram á Alþingi, þrátt fyrir minni hluta stjórnarsinna í neðri deild, og leggur málið fram sem stjórnarfrumvarp og hótar enn afsögn ef þingið samþykki það ekki.

Allur þessi þrýstingur er algjört virðingarleysi við Alþingi og andstætt þingvenju og lýðræði. Samkomulag þvingað fram, eins og raun ber vitni, er málinu til tjóns og Alþingi til vanvirðu þar sem augljóst er að breyta verður væntanlegum lögum áður en þau taka gildi vegna formgalla og neikvæðra áhrifa á efnahagskerfið í heild.

Það er hægt að vitna til umsagna og samþykkta ASÍ og ýmissa fleiri aðila vinnumarkaðarins, álits fimm stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun og álits Fasteignamats ríkisins, en þar segir m.a.:

„Með tilkomu húsbréfa munu reglur Byggingarsjóðs um skilyrði fyrir ábyrgðum og lánafyrirgreiðslum víkka verulega frá því sem nú er. Skilyrði umsækjenda munu eingöngu miðast við veðhæfni viðkomandi íbúðar og greiðslugetu. Þá verða engin ytri mörk á heildarmagni ábyrgða á skuldabréfum og þar með því fjármagni sem trygging er gefin fyrir.

Þessi rýmkun á reglum mun verka gagnvart fasteignamarkaði sem veruleg aukning á lánsfé. Reynslunni samkvæmt mun þetta valda verðhækkunum á eldri íbúðum og aukinni eftirspurn eftir nýbyggingum og þar með verðhækkun á þeim. Þá mun hækkun á heimildum á ábyrgðum skuldabréfa einkum auka lánshæfni stærri og dýrari íbúða og því að öllum líkindum leiða til aukninnar eftirspurnar og verðhækkunar á þeim.“

Þjóðhagsstofnun segir m.a. að árleg greiðslubyrði af fasteignaveðláni (sem skipt er fyrir húsbréf) sé mun hærri en af núverandi húsnæðislánum.

Þá bendir Þjóðhagsstofnun á að upplýsingar um ýmsar hliðar fjármagnsmarkaðar, og þá ekki síst hvað eignir heimilanna varðar, eru mjög takmarkaðar og telur því ákaflega erfitt að meta í tölum áhrif af húsbréfakerfi á ýmsa mikilvæga þætti fjármagnsmarkaðar.

Frumvarpinu fylgir engin greinargerð um áhrif húsbréfanna á fjármagnsmarkaðinn og upplýst var í nefndinni að Seðlabankinn hefur við undirbúning málsins aldrei verið beðinn um neina greinargerð um áhrif húsbréfakerfis á peningamagn og peningastjórn.

Hins vegar hefur komið fram í viðtölum við Pétur Blöndal að með þessu kerfi muni húsnæðiskostnaður aukast um 35–40% og þar með greiðslubyrði.

Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur segir svo um efnahagsleg áhrif húsbréfa:

„1. Húsbréfin hafa flesta eiginleika peninga. Þau eru ríkistryggð, hafa mikla innbyrðis samsvörun, hafa þekkt verðgildi og ljúka viðskiptum. Þau hafa því alla burði til þess að verða peningar í hagkerfinu. Útgáfa þeirra getur því magnað verðbólguna ef ekki er rétt að málum staðið. Þá geta þau fengið víðtækara gjaldmiðilshlutverk en á fasteignamarkaðnum.

2. Sparnaðarhneigðin í þjóðfélaginu setur húsbréfakerfinu skorður því ekki er hægt að gefa út fleiri húsbréf en sparnaðareftirspurn bréfanna gefur tilefni til, nema það hafi áhrif á

raunvirði þeirra til lækkunar. Áhrifin eru að færri lán verða afgreidd en áður, ef gert er ráð fyrir hærra lánsfjárhlutfalli til fasteignakaupenda en í fyrra kerfi.

3. Ef um offramboð húsbréfa verður að ræða hefur það víðtæk áhrif á vaxtastigið í þjóðfélaginu. Sömuleiðis hefur það mjög verðbólguhvetjandi áhrif, bæði almennt og á fasteignamarkaðinn.

4. Tilkoma húsbréfakerfisins mun skerða verulega getu Seðlabankans til að sinna því hlutverki í hagkerfinu sem honum er ætlað, þ.e. að stjórna peningamagni hagkerfisins og að vinna að stöðugu verðgildi krónunnar.

5. Fullyrðingar um að húsbréfakerfið muni bæði auka innri fjármögnun á fasteignamarkaðnum og lækka útborgunarhlutfallið eru á misskilningi byggðar."

Enn er allt á huldu um áhrif vaxtabótaþáttar sem er í raun óaðskiljanlegur hluti þessa máls því að fullir markaðsvextir húsnæðislána er það sem húsbréfakerfið byggist á samkvæmt frumvarpinu. Gagnvart stórum hópum fólks fær slíkt form ekki staðist án þess að ljóst sé hvaða vaxtabætur komi á móti og hvernig þær verka í skattakerfinu.

Verðbréfafyrirtæki hafa blómstrað og hafa keyrt upp hættulega þróun í viðskiptum, sbr. ýmsan verslunarrekstur. Afleiðingarnar: Dæmið um Ávöxtun sem auglýsti í fjölmiðlum ágæti sitt, safnaði til sín fjármunum almennings með auglýsingum um hæstu ávöxtun, traustleika og heiðarleika. Niðurstaða: Hreinn þjófnaður og gjaldþrot, ekki aðeins fyrirtækja heldur fjölda einstaklinga og heimila í landinu sem trúðu þessum aðilum.

Eru þetta ekki víti til varnaðar? Menn skyldu ætla að svo verði. Ný lög voru sett og allir sammála. En undirritaður verður að lýsa furðu sinni á því að nú skuli sumir forustumenn stjórnmálaflokka, sem telja sig verndara launþega, samþykkja að fela verðbréfafyrirtækjum og fasteignasölum að sjá um framkvæmd viðkvæmustu þátta húsnæðismála og vilja samþykkja tafarlaust markaðsvexti á útlán, húsbréf sem eiga að lúta markaðsgengi á hverjum tíma, þurrka út forgang ýmissa hópa til að fá sérstaka lánafyrirgreiðslu, sérstöðu unga fólksins, fólks með sérþarfir o.s.frv. Með slíkum breytingum gildir aðeins kaupsamningur og mat á því hvort handhafi kaupsamnings getur staðið í skilum. Þeir, sem nú hafa ekki möguleika til lána úr Byggingarsjóði ríkisins vegna stóreigna, fá frjálsan aðgang gegnum markaðinn, bréf með ríkisábyrgð. Úti um land á að gilda markaðsgengi sem ræður upphæð lána, ekki verður lengur viðmiðun við brunabótamat.

Undirritaður óttast afleiðingar þess að þurrka félagslegt gildi húsnæðismála út með slíkum aðgerðum sem þýða hækkun húsnæðis- og fjármagnskostnaðar um 35–40% og því miður verður staðreynd. Ekki notum við sama fjármagn nema einu sinni í slíkum viðskiptum. Verðbréf krefjast peninga og affalla þrátt fyrir ríkisbyrgð.

Flokksþing og miðstjórn Framsóknarflokksins samþykkti að þegar núverandi kerfi yrði endurskoðað yrði það gert m.a. í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Slík heildarendurskoðun þarf að taka til allra þátta húsnæðismála og sjálfsagt er að nýta reynslu annarra þjóða.

Við þurfum að gera okkur grein fyrir hvert við stefnum í þessum málum, hver er framtíðarþörf fyrir aukið húsnæði. Offjárfesting, án slíkrar heildarendurskoðunar, getur verkað neikvætt.

Skynsamlegast hefði verið að skoða þessi mál vel og vandlega, í rólegheitum, með farsæla framtíðarlausn á húsnæðiskerfi þjóðarinnar að leiðarljósi.

Fullyrðingar félagsmálaráðherra um að frestun á þessu frumvarpi, með alla enda lausa, muni kosta þjóðfélagið 5 milljarða króna eru fáránlega vitlausar og ráðherra til vanvirðu. Ráðherra hefði verið nær að leita samkomulags á breiðum grundvelli til að skoða fleiri valkosti til að ná fram meiri hagkvæmni í húsnæðismálum þjóðarinnar til framtíðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, banka og lífeyrissjóði.

Að framansögðu er ljóst að 3. minni hl. telur að samþykkt þessa frumvarps sé hættuleg fyrir húsnæðiskerfið í heild og muni valda þenslu og verðbólgu og jafnframt auka ójöfnuð fyrir fólkið í landinu. Undirritaður mun því styðja tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Nái hún ekki fram að ganga greiðir hann atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 3. maí 1989.

Alexander Stefánsson.

Sþ. 1036. Breytingartillögur [291. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

a. Í upphaf frumvarpsins komi svofelld grein:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1987 er veitt, sbr. sundurliðun í meðfylgjandi yfirliti:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841
01 Forsætisráðuneyti	29.342
02 Menntamálaráðuneyti	958.325
03 Utanríkisráðuneyti	171.076
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314
09 Fjármálaráðuneyti	869.559
10 Samgönguráðuneyti	159.036
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072
13 Hagstofa Íslands	5.164
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367
Samtals ráðuneyti	7.051.217

b. Á eftir nýrri frumvarpsgrein komi svohljóðandi fyrirsögn: **Yfirlit um aukafjárveitingar, fjárlagaheimildir og greiðslur úr ríkissjóði árið 1987.**

c. Orðin „Breyting á 1. gr. fjárlaga“, „Breyting á 2. gr. fjárlaga“ og „Breyting á 3. gr. fjárlaga“ falli brott og í stað orðanna „Breyting á 4. gr. fjárlaga komi: Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum og stofnunum.

Nd. 1037. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá 4. minni hl. félagsmálanefndar.

Fljótlega eftir að breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins tók gildi 1. september 1986 kom í ljós að áhrif breytinganna voru stórlega vanmetin af þeim sem lögðu fram frumvarpið.

Breytingin olli hækkun íbúðarverðs, hækkun vaxta á lánamarkaði og mikilli þenslu. Biðtími eftir lánum er orðinn mjög langur og skortur á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði mjög tilfinnanlegur.

Það er því fyllilega tímabært að taka húsnæðislánakerfið til gagngerrar endurskoðunar, ekki eingöngu almenna hlutann heldur kerfið í heild og marka framtíðarstefnu í þessum málum.

Fjórði minni hl. telur húsbréfakerfið á ýmsan hátt til bóta. Skipti á íbúðum verða einfaldari. Stærri hluti láns verður á einni hendi. Seljendur búa við meira öryggi um verðmæti, tryggingu og söluhæfi þeirra bréfa sem þeir fá í hendur við íbúðasölu.

Hins vegar er ekki hægt að búast við að þetta kerfi leysi þann mikla húsnæðisvanda sem nú er til staðar. Ekki fá staðist fullyrðingar um að með upptöku húsbréfakerfis geti allir sem á þurfa að halda fengið lán, með stuttum fyrirvara, fyrir hærri hluta af verði fasteignar og jafnframt að afborganir verði minni en í núverandi kerfi. Sagt er að með samþykki frumvarpsins sé stuðlað að víðtækari og meiri innri fjármögnun húsnæðiskerfisins en verið hefur. Ekki verður þó séð að það gerist nema að mjög takmörkuðu leyti. Þannig hefur verið áætlað að þessi aukning muni aðeins nema 1000–2000 m. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að lán til hvers umsækjanda muni hækka verulega eða að hámarki í 5,5 m. kr. Meðallán nú frá Byggingarsjóði ríkisins er um 2,5 m. kr. Ef gert er ráð fyrir að meðallán hækki um 2 m. kr. við þessa breytingu verða færri lán afgreidd en nú er.

Jafnframt þessum breytingum hefur ríkisstjórnin boðað að vextir muni hækka á lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem mun hafa í för með sér aukna greiðslubyrði fyrir fjölda lántakenda. Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp (349. mál) sem gerir ráð fyrir að í stað vaxtaniðurgreiðslna í núverandi kerfi komi vaxtabætur þar sem upphæð bóta er bæði háð tekjum og eignum. Miklu varðar að form þess máls verði ótvírætt á þann veg að opinber stuðningur vegna húsnæðiskaupa sé í þágu hinna tekjulægri.

Margir þeirra, sem nú eru á biðlista um lán hjá Byggingarsjóði ríkisins, munu falla frá lánsumsókn, þar sem einhverjir þeirra eru að sækjast eftir láni með niðurgreiddum vöxtum en ekki til íbúðarkaupa. Óljóst er hve þessi hópur er stór en áður hafa verið gerðar breytingar á lögum Húsnæðisstofnunar ríkisins til að reyna að útiloka þennan hóp. Annar hópur, líklega stærri, mun heltast úr lestinni vegna þess að margir þeirra geta ekki staðið undir þeim vöxtum sem greiða þarf af lánum Byggingarsjóðsins. Það er því ljóst að hækkun vaxta á lánum Byggingarsjóðs ríkisins mun ein sér hafa veruleg áhrif, óháð tilkomu húsbréfakerfis.

Ekki er ljóst hvernig framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verður háttað, hvort það mun alveg falla niður eða minnka smám saman. Ekki hefur verið gerð áætlun um fjárhag Byggingarsjóðsins til frambúðar, hve miklu hækkun vaxta muni skila og hve mikið áætlað er að ríkissjóður þurfi að leggja fram til endurgreiðslu lána frá lífeyrissjóðunum.

Frumvarpið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Þær umsagnir, sem bárust, voru á ýmsan veg. Flestir tóku undir þá meginhugsun sem felst í hugmyndinni um húsbréf. Margir bentu á ýmsa óvissuþætti varðandi framkvæmd málsins og töldu að það þyrfti frekari athugunar við.

Samkomulag hefur náðst um að fresta gildistöku frumvarpsins til 15. nóvember og fram að þeim tíma mun milliþinganefnd starfa við frekari undirbúning málsins og taka tillit til ábendinga og athugasemda. Óhjákvæmilegt þótti að afgreiða málið frá Alþingi til þess að nauðsynlegur undirbúningur gæti hafist.

Skiptar skoðanir eru meðal sérfræðinga um áhrif húsbréfakerfisins á íbúðaverð, fasteignamarkaðinn, lánamarkað og efnahagskerfið í heild. Stór hópur fólks ræður ekki við þau kjör sem nú bjóðast til húsnæðiskaupa. Hærri vextir munu gera þessum hópum enn erfiðara fyrir. Því er ljóst að þrýstingur á félagslega íbúðakerfið mun aukast verulega og er hann þó mikill fyrir. Kvennalistinn hefði því viljað efla og bæta félagslega húsnæðiskerfið áður en

ráðist væri í þá breytingu sem hér er verið að gera á almenna kerfinu. Enn liggur engin áætlun fyrir í tengslum við þessa kerfisbreytingu um félagslega íbúðalánakerfið. Með samkomulagi Kvennalista og við ríkisstjórnina tókst hins vegar að efla verulega félagslega þátt húsnæðiskerfisins samanber meðfylgjandi fylgiskjal.

Eins og þar kemur fram verður gert átak í byggingu félagslegra íbúða strax á þessu ári og enn frekar árið 1990. Einnig tókst samkomulag um að á næstu mánuðum fari fram endurskoðun á félagslega hluta íbúðalánakerfisins.

Eftir sem áður er þó heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins jafnnauðsynleg þrátt fyrir þá breytingu sem felst í húsbréfakerfinu.

Með tilliti til þess að fallist hefur verið á að endurskoða félagslega íbúðalánakerfið og tryggt er að aukin framlög renni til þess á þessu og næsta ári og vegna þess að færi gefst á að skoða málið betur í milliþinganefnd fram til gildistöku laganna mun fjórði minni hl. greiða fyrir framgangi málsins.

Alþingi, 3. maí 1989.

Kristín Einarsdóttir.

Fylgiskjal.

Samkomulag um húsnæðismál.

Athuganir innan ríkisstjórnarinnar og viðræður við Kvennalistann hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að samþykkt frumvarps til laga um húsbréfakerfi verði tengt húsnæðismálum í stærra samhengi.

Samkomulag er um eftirfarandi:

1. Skipan nefndar á vegum félagsmálaráðherra til að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. nóvember nk. Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga með það fyrir augum að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leita leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.
2. 600 millj. kr. raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins. Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989. Á árinu 1990 verði svo 500 millj. kr. raunaukning framkvæmdafjár.
3. Vextir á lánum, sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins, verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd.
4. Þingflokkur Kvennalistans mun taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara.

Samkomulag er um ofangreind atriði milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans og munu þau koma fram í nefndarálitum félagsmálanefnda við afgreiðslu húsbréfamálsins á Alþingi.

Sþ. 1038. Nefndarálit [127. mál]

um till. til þál. um ökunám og ökukennslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og borist umsagnir frá Ökukennarafélagi Íslands og Umferðarráði.

Í ljósi þess að nýlega lauk störfum nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 4. október 1988 til að fjalla um og gera tillögur um framtíðarskipan ökukennslu og ökuprófa í landinu leggur nefndin til að tillöguni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1989.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðmundur Ágústsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðrún Helgadóttir.	Guðrún Agnarsdóttir.

Eggert Haukdal.

Nd. 1039. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Geir H. Haarde.

C-liður 2. mgr. 34. gr. falli brott.

Nd. 1040. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 1041. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um lögbókandagerðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nendin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 1042. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 1043. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Guðni Ágústsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Kristinn Pétursson.		Valdimar Indriðason.

Nd. 1044. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um samningsbundna gerðardóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor og Skúla Guðmundsson, fyrrverandi deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Valdimar Indriðason og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.		Kristinn Pétursson.

Nd. 1045. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu eftirtalda: Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Skúla Guðmundsson lögfræðing, Þorleif Pálsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Gest Jónsson og Jóhann H. Níelsson, lögfræðinga frá Lögmannafélagi Íslands, Friðgeir Björnsson og Valtý Sigurðsson frá Dómarafélagi Íslands, Rúnar Guðjónsson og Ásgeir Pétursson, sýslumenn frá Sýslumannafélagi Íslands.

Einnig barst nefndinni úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á kostnaði sem hlýst af framkvæmd laganna.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Valdimar Indriðason var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Kristinn Pétursson.	Guðni Ágústsson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 1046. Nefndarálit [461. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og efri deild afgreiddi það.

Alþingi, 5. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Matthías Bjarnason.	Finnur Ingólfsson.
	Þórður Skúlason.	

Nd. 1047. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og efri deild afgreiddi það.

Alþingi, 5. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr., með fyrirvara.	Árni Gunnarsson.
Matthías Bjarnason.	Kristín Halldórsdóttir.	Þórður Skúlason.
	Finnur Ingólfsson.	

Nd. 1048. Nefndarálit [374. mál]

um frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin er sú að til viðbótar því ákvæði frumvarpsins að ekki skuli leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs þá skuli ekki heldur leggja skattinn á þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

Alþingi, 5. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Árni Gunnarsson.	Matthías Bjarnason.
Þórður Skúlason.	Kristín Halldórsdóttir.	Finnur Ingólfsson.

Nd. 1049. Breytingartillögur [374. mál]

við frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÁrnG, MB, KH, ÞSk, FI).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „121. gr.“ í 2. málsl. a-liðar komi: 122. gr.
   b. Við a-lið bætist: né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „2. mgr.“ bætist: A-liðar.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin er þannig skipuð: Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins, formaður og varaformaður fjárveitinganefndar Alþingis, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðuneytinu og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.
4. Við 8. gr. Síðari málsl. fyrri mgr. falli brott.

Ed. 1050. Frumvarp til laga [499. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt, til viðbótar við lántöku skv. 1. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu láns þessa.

Af andvirði láns skv. 1. mgr. skal allt að 350 milljónum króna varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum, en sérstakt tillit skal þó tekið til afkomu viðkomandi vinnslugreina.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1989“ í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1988, komi: 1. júní 1989.

3. gr.

Í stað „2,2%“ í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1988, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, komi: 1,5%.

4. gr.

Frá 1. september 1989 falli eftirtalin tollskrárnúmer brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. l. nr. 95/1988:

3214.1009	3917.3200	3926.3001	4407.1009	4408.1000
3214.9000	3917.3300		4407.2109	4408.2000
	3917.3900	4009.1000	4407.2209	4408.9000
3917.2100	3917.4000	4009.2001	4407.2309	
3917.2200		4009.2009	4407.9109	4410.1009
3917.2300	3925.2000	4009.3001	4407.9209	4410.9009
3917.2900	3925.3000	4009.3009	4407.9909	
3917.3100	3925.9000	4009.4000		
		4009.5000		

4411.1109
4411.1909
4411.2109
4411.2909
4411.3109
4411.3909
4411.9109
4411.9909

4412.1109
4412.1209
4412.1909
4412.2109
4412.2909
4412.9109
4412.9909

4413.0009

4418.1000
4418.2000
4418.9001
4418.9009

7210.1100
7210.1200
7210.2009
7210.3109
7210.3909
7210.4900
7210.5009
7210.6009
7210.7009
7210.9000

7211.1100
7211.1200
7211.1900
7211.2100
7211.2200
7211.2900
7211.3000
7211.4100
7211.4900
7211.9000

7212.1000
7212.2109
7212.2909
7212.3009
7212.4009
7212.5009
7212.6009

7213.1009
7213.2009
7213.3109
7213.3909
7213.4109
7213.4909
7213.5009

7214.1000
7214.2009
7214.3009
7214.4009
7214.5009
7214.6009

7215.1000
7215.2000
7215.3000
7215.4000
7215.9000

7216.1000
7216.2100
7216.2200
7216.3100
7216.3200
7216.3300
7216.4000
7216.5000
7216.6000
7216.9001
7216.9009

7301.1000
7301.2000

7303.0000

7304.3100
7304.3900
7304.4100
7304.4900
7304.5100
7304.5900
7304.9000

7305.3100
7305.3900
7305.9000

7306.3000
7306.4000
7306.5000
7306.6000
7306.9000

7307.1100
7307.1900
7307.2100
7307.2200
7307.2300
7307.2900
7307.9100
7307.9200
7307.9300
7307.9900

7308.3001
7308.3009
7308.9001
7308.9009

7322.1100
7322.1901
7322.1902
7322.1909
7322.9000

7407.1001
7407.1009
7407.2101
7407.2109
7407.2201
7407.2209
7407.2911
7407.2919
7407.2921
7407.2929

7408.1100
7408.1900
7408.2100
7408.2200
7408.2900

7409.1100
7409.1900
7409.2100
7409.2900
7409.3100
7409.3900
7409.4000
7409.9000

7411.1000
7411.2100
7411.2200
7411.2900

7412.1000
7412.2000

7505.1101
7505.1109
7505.1201
7505.1209
7505.2100
7505.2200

7506.1000
7506.2000

7507.1100
7507.1200
7507.2000

7604.1001
7604.1009
7604.2100
7604.2900

7605.1100
7605.1900
7605.2100
7605.2900

7606.1109
7606.1209
7606.9109

7606.9209

7608.1000
7608.2000

7609.0000

7610.1000
7610.9002
7610.9009

7803.0001
7803.0002
7803.0009

7804.1101
7804.1109
7804.1901
7804.1909

7805.0000

7904.0001
7904.0009

7905.0000

7906.0000

8003.0001
8003.0002
8003.0009

8004.0000

8006.0000

8303.0000

8403.1000
8403.9000

8414.5109
8414.5909
8414.6009
8414.8009
8414.9000

8415.1000
8415.8100
8415.8200
8415.8300
8415.9000

9401.1000	9401.7900	9403.2001	9403.6001	9403.8009
9401.2000	9401.8000	9403.2002	9403.6002	9403.9000
9401.3000	9401.9000	9403.2003	9403.6009	
9401.4000		9403.2009	9403.7001	9404.1000
9401.5000	9402.1000	9403.3001	9403.7002	9404.2100
9401.6100	9402.9000	9403.3009	9403.7009	9404.2900
9401.6900		9403.4000	9403.8001	9404.9000
9401.7100	9403.1001	9403.5001	9403.8002	
	9403.1009	9403.5009	9403.8003	

5. gr.

Í stað „3%“ í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, komi: 5%.

6. gr.

Við 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabil skv. 2. mgr. í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

7. gr.

Ný 40. gr. komi í lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, og númer síðari greina breytist til samræmis. Greinin hljóði svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar ákvað ríkisstjórnin hinn 30. apríl sl. að beita sér fyrir margþættum aðgerðum, svo sem fram kemur í bréfum forsætisráðherra er fylgja frumvarpi þessu. Meðal þessara aðgerða er að gera Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins kleift að halda áfram greiðslu verðbóta á freðfisk en fyrirhugað hafði verið að þær féllu niður í lok maímánaðar nk. Þessar verðbætur verða í þess stað lækkaðar í áföngum á næstu mánuðum og falla niður að fullu um næstu áramót.

Ríkisstjórnin tjáði sig jafnframt reiðubúna til þess að fella niður gjald af erlendum lánum, frá og með 1. júlí nk. en gjald þetta hefur verið innheimt frá miðju ári 1987, einnig að beita sér fyrir lækkun á sérstökum skatti a verslunar- og skrifstofuhúsnæði úr 2,2% í 1,5%. Tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar lántökugjalds er talið nema 100 milljónum króna og sama upphæð vegna lækkunar skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þá mun ríkisstjórnin ætla að beita sér fyrir því að fella niður vörugjald af ýmsum aðföngum og framleiðsluvörum húsgagna-, trjávöru- og málmiðnaðarins sem lagt var á um síðustu áramót. Er reiknað með að ríkissjóður verði af 350 milljónum króna í tekjum vegna þessa. Jafnframt lýsti ríkisstjórnin því

yfir að hún myndi grípa til ýmissa aðgerða til að styrkja stöðu innlendrar framleiðslu jafnt á innlendum sem erlendum markaði. Einn liður í þeim aðgerðum er hækkun jöfnunargjalds en jöfnunargjaldi er ætlað að jafna það óhagræði sem uppsöfnun söluskatts í framleiðslukostnaði innlendrar vöru hefur í för með sér. Jöfnunargjald hefur verið innheimt frá árinu 1978 og hefur gjaldhlutfallið 3% verið óbreytt frá upphafi. Hins vegar hefur söluskattur hækkað á sama tíma úr 20% í 25% auk þess sem skattstofn söluskatts hefur verið stækkaður allverulega. Framangreind þróun söluskattsins hefur þannig aukið uppsöfnunaráhrif þau er honum fylgja og raskað samkeppnisstöðu samkeppnisiðnaðar og útflutningsgreina. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni aukast um 250 milljónir króna vegna breytingarinnar á þessu ári.

Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún væri reiðubúin að beita sér fyrir því á yfirstandandi þingi að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt þannig að heimilt verði að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 dögum (36 vikum) í 260 daga (52 vikur).

Þá vill ríkisstjórnin beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi verði samþykkt lagaákvæði er tryggi launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti, meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum.

Til meðferðar á Alþingi er frumvarp tveggja þingmanna um breyting á lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum. Leggur ríkisstjórnin áherslu á að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi.

Kjarasamningur var undirritaður 1. maí sl. Forsendur hans voru m.a. þær að gripið yrði til þeirra ráðstafana sem að framan greinir. Af þessum sökum og í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn frystideildar Verðjöfnunarsjóðs verði heimilað að taka sérstakt lán og fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir endurgreiðslu þess. Með 1. gr. bráðabirgðalaga um efnahagsaðgerðir nr. 83 28. september sl. (sbr. nú l. 9/1989) var stjórn frystideildar Verðjöfnunarsjóðs heimilað að taka alls 800 milljónir króna að láni með ríkisábyrgð til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk. Stjórn sjóðsins nýtti sér tafarlaust þessa heimild til lántöku í Seðlabankanum. Komu 750 milljónir króna af láninu í hlut reiknings fyrir freðfisk en 50 milljónir króna í hlut reiknings fyrir hörpudisk en báðir þessir reikningar voru nánast tómir þegar lántökuheimildin var veitt. Í framhaldi af setningu bráðabirgðalaganna ákvað stjórn Verðjöfnunarsjóðs viðmiðunarverð er leiddi til u.þ.b. 5% verðbóta á cif-verðmæti freðfiskafurða frá og með 1. júní 1988 og hafa þær verðbætur haldist síðan. Áætlað var að umræddar 750 milljónir króna myndu duga til greiðslu verðbóta á freðfisk í 12 mánuði eða til maíloka í ár. Vegna minnkandi framleiðslu hefur greiðsla verðbóta orðið heldur minni en áætlað var og má nú færa að því líkur að milli 80 og 100 milljónum af fyrrgreindri 750 milljóna króna lántöku verði óráðstafað hinn 1. júní n.k. Þær 50 milljónir sem teknar voru að láni til verðbóta á hörpudisk munu hins vegar allar ganga til greiðslu verðbóta á framleiðslu frá 1. júní 1988 til 31. maí 1989.

Lagt er til að stjórn Verðjöfnunarsjóðs verði heimilað að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 milljónum króna til viðbótar við framangreint 800 milljóna króna lán. Þessi lántökuheimild myndi, ef hún væri nýtt til fulls, duga til að halda óbreyttum verðbótum á freðfisk og hörpudisk til næstu áramóta miðað við að markaðsverð á þessum afurðum héldist óbreytt. Í bréfi forsætisráðherra til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. apríl sl. er hins vegar gert ráð fyrir að verðbótagreiðslur lækki á komandi mánuðum og falli niður um næstu áramót. Ekki er fullráðið enn hvernig verðbótum verði hagað út árið en sé t.d. miðað við að verðbætur á freðfisk lækki í 4% frá 1. júní n.k. og í 3% frá 1. október n.k. og að sambærilegar lækkanir

verði á verðbótum á hörpudisk, myndi duga að nýta lántökuheimild að fjárhæð 300 milljónir króna. Í fyrrgreindu bréfi forsætisráðherra er því lýst yfir að ríkisstjórnin muni grípa til ráðstafana sem bæti frystiiðnaðinum niðurfellingu verðbótanna með einum eða öðrum hætti verði ekki breyting til batnaðar á ytri skilyrðum greinarinnar á næstunni. Sama gildi um niðurfellingu sérstakrar endurgreiðslu söluskatts. Þá var því lýst yfir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á gildistíma kjarasamningsins.

Ákvæði greinarinnar er að öðru leyti efnislega samhljóða ákvæði bráðabirgðalaga nr. 84 1988, sbr. nú ákvæði 1. gr. laga nr. 9/1989. Er þar kveðið á um að lán skuli tekið hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans. Jafnframt er kveðið á um að fjármálaráðherra sé fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. Þá er kveðið á um að það sem ógreitt kann að vera af láninu að þremur árum liðnum falli á ríkissjóð til greiðslu. Loks er lagt til að lánið sé undanþegið stimpilgjaldi með sama hætti og fyrrgreint lán.

Um 2. gr.

Í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988, eins og henni var breytt með lögum nr. 101/1988, er kveðið á um að gjaldið falli úr gildi 31. desember nk. Hér er lagt til að gjaldtakan falli niður frá og með 1. júlí nk.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að skatthlutfall sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækki úr 2,2% í 1,5%. Lækkuninni er ætlað að koma til framkvæmda strax við álagningu í sumar og miðast við eignir í árslok 1988.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau tollskrárnúmer sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði undanþegin vörugjaldi frá 1. september nk. Þær vörutegundir sem lagt er til að falli brott úr lögunum eru framleiðsluvörur húsgagna- og innréttingariðnaðarins svo og málm- og blikksmiðja, auk þess sem gert er ráð fyrir að aðföng til iðngreina verði undanþegin gjaldinu.

Til að auðvelda lestur frumvarpsins fylgir gróf skýring á þeim vörutegundum sem það nær yfir.

3214.1009	Kítti og þéttiefni
3214.9000	
3917.2100	Slöngur, pípur o.fl. úr plasti
3917.2200	
3917.2300	
3917.2900	
3917.3100	
3917.3200	
3917.3300	
3917.3900	
3917.4000	
3925.2000	Hurðir, gluggar, gluggakarmar o.fl. úr plasti
3925.3000	Gluggahlerar o.fl. úr plasti
3925.9000	Smíðavörur úr plasti

3926.3001	Smávarningur til húsgagnasmíði
4009.1000	Slöngur, pípur o.fl. úr gúmmíi
4009.2001	
4009.2009	
4009.3001	
4009.3009	
4009.4000	
4009.5000	
4407.1009	Viður
4407.2109	
4407.2209	
4407.2309	
4407.9109	
4407.9209	
4407.9909	
4408.1000	Krossviðs- og spónaplötur
4408.2000	
4408.9000	
4410.1009	Spónaplötur
4410.9009	
4411.1109	Trefjaplötur
4411.1909	
4411.2109	
4411.2909	
4411.3109	
4411.3909	
4411.9109	
4411.9909	
4412.1109	Krossviður
4412.1209	
4412.1909	
4412.2109	
4412.2909	
4412.9109	
4412.9909	
4413.0009	Hertur viður
4418.1000	Gluggar, hurðir o.fl. úr viði
4418.2000	Hurðir, karmar og þröskuldar úr viði
4418.9001	Þök, veggir að aðrir hlutar til bygginga
4418.9009	Aðrar trésmíðavörur

7210.1100	Vörur úr járni og stáli
7210.1200	
7210.2009	
7210.3109	
7210.3909	
7210.4900	
7210.5009	
7210.6009	
7210.7009	
7210.9000	
7211.1100	Vörur úr járni og stáli
7211.1200	
7211.1900	
7211.2100	
7211.2200	
7211.2900	
7211.3000	
7211.4100	
7211.4900	
7211.9000	
7212.1000	Vörur úr járni og stáli
7212.2109	
7212.2909	
7212.3009	
7212.4009	
7212.5009	
7212.6009	
7213.1009	Teinar og stengur úr járni og stáli
7213.2009	
7213.3109	
7213.3909	
7213.4109	
7213.4909	
7213.5009	
7214.1000	Teinar og stengur úr járni og stáli
7214.2009	
7214.3009	
7214.4009	
7214.5009	
7214.6009	
7215.1000	Teinar og stengur úr járni og stáli
7215.2000	
7215.3000	
7215.4000	
7215.9000	

7216.1000	Prófílar úr járni og stáli
7216.2100	
7216.2200	
7216.3100	
7216.3200	
7216.3300	
7216.4000	
7216.5000	
7216.6000	
7216.9001	
7216.9009	
7301.1000	Þilstál
7301.2000	Prófílar
7303.0000	Leiðslur, pípur o.fl. úr steypujárni
7304.3100	Leiðslur, pípur o.fl. úr steypujárni
7304.3900	
7304.4100	
7304.4900	
7304.5100	
7304.5900	
7304.9000	
7305.3100	Leiðslur og pípur úr járni og stáli
7305.3900	
7305.9000	
7306.3000	Leiðslur og pípur úr járni og stáli
7306.4000	
7306.5000	
7306.6000	
7306.9000	
7307.1100	Leiðslu- og píputengi úr járni og stáli
7307.1900	
7307.2100	
7307.2200	
7307.2300	
7307.2900	
7307.9100	
7307.9200	
7307.9300	
7307.9900	
7308.3001	Gluggar og gluggakarmar, úr járni og stáli
7308.3009	Hurðir, þröskuldar o.fl., úr járni eða stáli
7308.9001	Þök, veggir o.fl. byggingarhlutar, úr járni eða stáli

7308.9009	Aðrir hlutar til mannvirkja, úr járni eða stáli
7322.1100	Miðstöðvarofnar og hlutar til þeirra
7322.1901	
7322.1902	
7322.1909	
7322.9000	
7407.1001	Koparteinar, koparstengur og koparprófílar
7407.1009	
7407.2101	
7407.2109	
7407.2201	
7407.2209	
7407.2911	
7407.2919	
7407.2921	
7407.2929	
7408.1100	Koparvír
7408.1900	
7408.2100	
7408.2200	
7408.2900	
7409.1100	Koparplötur, koparblöð og koparræmur
7409.1900	
7409.2100	
7409.2900	
7409.3100	
7409.3900	
7409.4000	
7409.9000	
7411.1000	Koparleiðslur og koparvír
7411.2100	
7411.2200	
7411.2900	
7412.1000	Koparleiðsluhlutar
7412.2000	
7505.1101	Nikkelteinar, -stengur o.fl.
7505.1109	
7505.1201	
7505.1209	
7505.2100	
7505.2200	

7506.1000	Nikkelplötur
7506.2000	
7507.1100	Leiðslur, pípur o.fl. úr nikkli
7507.1200	
7507.2000	
7604.1001	Álteinar, álstengur og álprófílar
7604.1009	
7604.2100	
7604.2900	
7605.1100	Álvír
7605.1900	
7605.2100	
7605.2900	
7606.1109	Álplötur
7606.1209	
7606.9109	
7606.9209	
7608.1000	Álleiðslur og álpípur
7608.2000	
7609.0000	Álleiðsluhlutar
7610.1000	Hurðir, gluggar o.fl. úr áli
7610.9002	Þök, veggir og aðrir húshlutar úr áli
7610.9009	Aðrir húshlutar úr áli
7803.0001	Blýteinar, blýstengur, blýprófílar og blývír
7803.0002	
7803.0009	
7804.1101	Blýplötur, blýblöð, blýræmur og blýþynnur
7804.1109	
7804.1901	
7804.1909	
7805.0000	Leiðslur, pípur o.fl. úr blýi
7904.0001	Sinkteinar, sinkstengur, sinkprófílar og sinkvír
7904.0009	
7905.0000	Sinkplötur, sinkblöð, sinkræmur og sinkþynnur
7906.0000	Leiðslur, pípur o.fl. úr sinki

8003.0001	Tinteinar, tinstengur, tinprófílar og tinvír
8003.0002	
8003.0009	
8004.0000	Tinplötur, tinblöð og tinræmur
8006.0000	Leiðlsur, pípur o.fl. úr tini
8303.0000	Peningaskápar, geymsluhólf o.fl.
8403.1000	Katlar til miðstöðvarhitunar
8403.9000	
8414.5109	Viftur, loftræstiháfar o.fl.
8414.5909	
8414.6009	
8414.8009	
8414.9000	
8415.1000	Loftjöfnunartæki
8415.8100	
8415.8200	
8415.8300	
8415.9000	
9401.1000	Sæti
9401.2000	
9401.3000	
9401.4000	
9401.5000	
9401.6100	
9401.6900	
9401.7100	
9401.7900	
9401.8000	
9401.9000	
9402.1000	Húsgögn til sérstakra nota
9402.9000	
9403.1001	Húsgögn
9403.1009	
9403.2001	
9403.2002	
9403.2003	
9403.2001	
9403.2002	
9403.2003	
9403.2009	

9403.3001
9403.3009
9403.4000
9403.5001
9403.5009
9403.6001
9403.6002
9403.6009
9403.7001
9403.7002
9403.7009
9403.8001
9403.8002
9403.8009
9403.8003
9403.9000

9404.1000 Rúmbotnar, dýnur o.þ.h.
9404.2100
9404.2900
9404.9000

Um 5. gr.

Jöfnunargjaldi er ætlað að jafna það óhagræði sem uppsöfnun söluskatts í framleiðslukostnaði innlendrar vöru hefur í för með sér. Byrjað var að innheimta jöfnunargjald á árinu 1978 og var gjaldið þá ákveðið 3%. Gjaldhlutfallið hefur verið óbreytt frá upphafi. Hins vegar hefur söluskattur, á sama tíma, hækkað úr 20% í 25% auk þess sem skattstofninn hefur verið stækkaður mjög verulega. Þetta ásamt því sem rakið er að framan er ástæðan fyrir þeirri breytingu sem nú er lögð til. Það er mat fjármálaráðuneytisins að þetta skapi grundvöll til hækkunar jöfnunargjalds eins og hér er lagt til. Loks skal þess getið að virðisaukaskattur verður að öllu óbreyttu tekinn upp um næstu áramót og eru þá forsendur þessarar gjaldtöku ekki lengur fyrir hendi.

Um 6. gr.

Atvinnuástand er og verður oftast mjög mismunandi á landinu. Þörfin á lengingu bótatímabils er þar af leiðandi ærið misjöfn. Þess vegna er gerð tillaga um heimildarákvæði, sem fyrst og fremst yrði beitt eftir staðbundnu mati, en mætti þó beita almennt, ef nauðsyn þætti. Beiting heimildarákvæðisins yrði ávallt til bráðabirgða eða þar til stjórn sjóðsins teldi að undanþágu þessarar væri ekki lengur þörf.

Um 7. gr.

Gjaldþrotameðferð fyrirtækja tekur oft langan tíma. Er Atvinnutryggingarsjóði ætlað að tryggja launþegum gjaldþrota fyrirtækja rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem þeir eru án atvinnu á uppsagnarfresti meðan beðið er eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum. Ætlast er til að framkvæmd í þessu efni verði nánar ákveðin í reglugerð svo sem lög nr. 64 1981, um atvinnuleysistryggingar, heimila.

Um 8. gr.

Ætlast er til að lögin taki þegar gildi. Áréttað skal að ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda við álagingu opinberra gjalda á árinu 1989. Jafnframt er ástæða er til að vekja athygli á því að lántökugjald fellur ekki niður fyrr en 1. júlí 1989 skv. 2. gr. og vörugjald ekki fyrr en 1. september 1989 skv. 4. gr.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 30. apríl 1989.

Vinnuveitendasamband Íslands og
Vinnumálasamband samvinnufélaganna

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnuélaganna annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar hefur ríkisstjórnin eftir viðræður við fulltrúa sambandanna ákveðið eftirfarandi:

1. *Samkeppnisstaða útflutningsgreina.*
Greiðslur verðbóta á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verða lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Ríkisstjórnin mun grípa til ráðstafana sem bæti frystiiðnaðinum niðurfellingu verðbótanna með einum eða öðrum hætti verði ekki breyting til batnaðar á ytri skilyrðum greinarinnar á næstunni. Sama gildir um niðurfellingu sérstakrar endurgreiðslu söluskatts.

   Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum.

2. *Lántökuskattur.*
Skattur á erlendar lántökur verði felldur niður frá og með 1. júlí n.k.

3. *Vörugjald.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á lögum um vörugjald í tengslum við upptöku virðisaukaskatts um næstu áramót með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu.

   Stefnt verði að því að sem fyrst verði fellt niður vörugjald af öllum vörum sem framleiddar eru hér á landi í mikilli samkeppni við innflutning, en ekki síðar en 1. september n.k. verður fellt niður vörugjald af framleiðsluvörum húsgagna, trjávöru- og málmiðnaðar og af aðföngum til þeirra.

4. *Jöfnunargjald.*
Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda.

5. *Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði lækkaður úr 2,2% í 1,5%.

6. *Stimpilgjöld.*
Ríkisstjórnin mun fyrir næstu áramót beita sér fyrir athugun á ákvæðum laga um stimpilgjöld.

7. *Skattlagning fyrirtækja.*
Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun.

Ríkisstjórnin mun við heildarendurskoðun eignarskattlagningar taka til athugunar álagningu eignarskatta á atvinnufyrirtæki.

8. *Vaxta- og geymslugjald og fjármögnun afurða- og rekstrarlána vegna framleiðslu sauðfjárafurða.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að tryggð verði fjármögnun á uppsöfnuðum vaxta- og geymslukostnaði vegna birgða sauðfjárafurða vegna framleiðsluárs 1988.

Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að bankakerfið fjármagni með fullnægjandi hætti, með veitingu rekstrar- og afurðalána, framleiðslu sauðfjárafurða sbr. bókun í ríkisstjórn frá 28. nóvember 1986.

Steingrímur Hermannsson (sign.)

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 30. apríl 1989.

Alþýðusamband Íslands
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar hefur ríkisstjórnin eftir viðræður við fulltrúa Alþýðusambandsins ákveðið eftirfarandi:

1. *Atvinnumál.*
Ríkisstjórnin mun skipa sérstaka nefnd með fulltrúum ASÍ, VSÍ og VMS auk fulltrúa stjórnvalda til að fjalla um ástand og horfur í atvinnumálum og móta langtímastefnu um atvinnuuppbyggingu í landinu. Fyrst í stað skal nefndin þó einbeita sér að þróun atvinnumála á næstu misserum.

2. *Atvinnuleysistryggingar.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi verði lögum um atvinnuleysistryggingar breytt þannig að heimilt verði að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 dögum í 260 daga. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi tryggja verkafólki við landbúnaðarstörf rétt til atvinnuleysisbóta.

3. *Verðlagsmál.*
Ríkisstjórnin mun sporna eins og frekast er kostur við verðhækkunum á næstu misserum. Verðstöðvun verður sett á opinbera þjónustu þannig að verðlagning hennar miðist við forsendur fjárlaga fyrir árið 1989 og ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðhaldi

að verðákvörðunum einokunarfyrirtækja og markaðsráðandi fyrirtækja. Í samstarfi við samtök launafólks verði unnið öflugt verðkönnunar- og kynningarstarf. Jafnframt mun ríkisstjórnin verja 500-600 milljónum króna til aukinna niðurgreiðslna á verði landbúnaðarvara frá 1. apríl til ársloka, þannig að þær verði óbreyttar í krónutölu út árið, eða grípa til annarra jafngildra aðgerða til lækkunar á verði nauðsynjavöru.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir sérstakri lækkun á verði dilkakjöts.

4. *Skattamál.*
Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum meðal annars um aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik. Þá mun ríkisstjórnin láta kanna skattlagningu lífeyrisiðgjalda meðal annars með tilliti til tvísköttunar. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsins sem tekinn verður upp um næstu áramót, meðal annars um hugsanleg tvö þrep í skattinum.

5. *Vaxtamál.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi lækkun raunvaxta á verðtryggðum lánum. Jafnframt verði þjónustugjöldum banka og sparisjóða veitt aðhald.

6. *Húsnæðismál.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir sérstöku átaki í félagslegum íbúðabyggingum þannig að á síðari hluta þessa árs verði hafnar framkvæmdir við að minnsta kosti 200 nýjar íbúðir í félagslega íbúðakerfinu.

7. *Lífeyrismál.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra.

Ríkisstjórnin mun kanna með hvaða hætti er unnt að greiða fyrir aðild starfsfólks verndaðra vinnustaða að lífeyrissjóðum þannig að niðurstaða liggi fyrir fyrir 1. júní n.k.

8. *Bætur almannatrygginga.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við almennar launahækkanir á samningstímabilinu.

9. *Réttarstaða starfsmanna við gjaldþrot o.fl.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi verði samþykkt lög sem tryggi launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti, meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum.

Ríkisstjórnin vinnur nú að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun, t.d. stofnun gervifyrirtækja til að komast hjá eðlilegum skyldum gagnvart launafólki og opinberum gjöldum.

10. *Starfsmenntun.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félagsmálaráðuneytisins.

11. *Fæðingarorlof.*
Ríkisstjórnin mun skipa nefnd, sem hafi það verkefni að skoða og útfæra þá stefnumörkum, er fram kemur í álitsgerð nefndar, sem samdi frumvarp til laga um fæðingarorlof, og miðar að því að konur hvar sem þær eru í starfi njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof.

12. *Félagsmálaskóli alþýðu.*
Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að frumvarp um Félagsmálaskóla alþýðu verði lögfest á yfirstandandi þingi.

Steingrímur Hermannsson (sign.)

Nd. 1051. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna.
Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason.	Geir Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Kristinn Pétursson.	Guðni Ágústsson.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Ed. 1052. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.
Guðmundur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.

Sþ. 1053. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Nefndin væntir þess að eftirtalin atriði, sem nefnd eru í upphaflegri tillögugrein, verði höfð í huga við framkvæmd þessarar þingsályktunar:

1. Ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.
2. Tilboð verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.
3. Settar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefnum.
4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis.

Nefndin telur æskilegt að ríkisstjórnin skili skýrslu um framgang þessarar þingsályktunartillögu á haustþingi 1989.

Alþingi, 2. maí 1989.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Jón Kristjánsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Geir H. Haarde.

Sþ. 1054. Breytingartillaga [37. mál]

við till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar til að sporna við því að verkefni fari úr landi.

Sþ. 1055. Tillaga til þingsályktunar [500. mál]

um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flm.: Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson, Geir Gunnarsson, Kristinn Pétursson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa fyrir þinglok fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 72 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum. Nefndin ljúki störfum og skili áliti fyrir haustþing 1989.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt af nefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Nefndin hefur á nokkrum fundum fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, 283. mál þingsins, en frumvarp þetta er flutt af Matthíasi Bjarnasyni o.fl. Nefndin er þeirrar skoðunar að ástæða sé til þess að endurskoða lögin um Verðjöfnunarsjóð í heild og að við þá endurskoðun sé eðlilegt að höfð verði hliðsjón af hugmyndum sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á lögunum.

Þrír nefndarmanna í sjávarútvegsnefnd neðri deildar, þau Matthías Bjarnason, Kristinn Pétursson og Kolbrún Jónsdóttir, töldu eðlilegast að frumvarp Matthíasar Bjarnasonar o.fl. yrði afgreitt úr nefndinni en féllust á að standa að flutningi þessarar þingsályktunartillögu ásamt öðrum nefndarmönnum í sjávarútvegsnefndinni. Nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd neðri deildar standa því einhuga að þessari þingsályktunartillögu.

Nd. 1056. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Kristínu Einarsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Við V. kafla. Kaflinn (27.–29. gr.) falli brott.
2. Við XI. kafla. Kaflinn (65.–70. gr.) falli brott.

Nd. 1057. Breytingartillaga [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1986, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við m-lið (62. gr.) 4. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Leita skal heimildar Alþingis í lánsfjárlögum fyrir heildarupphæð útgefinna húsbréfa ár hvert.

Sþ. 1058. Fjáraukalög [143. mál]

fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 150.

Sþ. 1059. Fjáraukalög [160. mál]

fyrir árið 1979.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 976.

Sþ. 1060. Fjáraukalög [291. mál]

fyrir árið 1987.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1987 er veitt, sbr. sundurliðun í meðfylgjandi yfirliti:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841
01 Forsætisráðuneyti	29.342
02 Menntamálaráðuneyti	958.325
03 Utanríkisráðuneyti	171.076
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314
09 Fjármálaráðuneyti	869.559
10 Samgönguráðuneyti	159.036
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072
13 Hagstofa Íslands	5.164
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367
Samtals ráðuneyti	7.051.217

2. gr.

Yfirlit um aukafjárveitingar, fjárlagaheimildir og greiðslur úr ríkissjóði árið 1987.

A-hluti
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Rekstrarreikningur			
Tekjur	5.927.736	43.029.220	48.956.956
Gjöld	7.051.217	45.872.407	52.923.624
Gjöld umfram tekjur	1.123.481	2.843.187	3.966.668
Lánahreyfingar			
Afborganir			
Afborgun af teknum lánum	1.125.547	3.410.000	4.535.547
– innheimtar afborganir	<929.707>	<1.980.000>	<2.909.707>
Veitt lán	303.786	1.420.000	1.723.786
Hluta- og stofnfjárframlög	713.004	80.000	793.004
Viðskiptareikningar	496.117	300.000	796.117
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	2.832.228	6.073.187	8.905.415
Lántökur:			
Innlendar	1.258.468	4.450.000	5.708.468
Erlendar	455.500	1.700.000	2.155.500
Greiðslujöfnuður (halli)	<1.118.260>	76.813	<1.041.447>

Gjöld:

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841	366.267	512.108
01 Forsætisráðuneyti	29.342	166.636	195.978
02 Menntamálaráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354
03 Utanríkisráðuneyti	171.076	495.298	666.374
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116	1.167.862	1.215.978
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646	2.337.080	2.716.726
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314	18.905.100	20.859.414
09 Fjármálaráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899
10 Samgönguráðuneyti	159.036	3.486.382	3.645.418
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560	1.120.749	1.858.309
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072	1.165.342	1.650.414
13 Hagstofa Íslands	5.164	50.698	55.862
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367	3.657.236	4.330.603
Samtals ráðuneyti	7.051.217	45.872.418	52.923.635

Tekjur:

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
BEINIR SKATTAR	**–522.856**	**6.626.000**	**6.103.144**
Eignarskattar	**115.861**	**1.271.000**	**1.386.861**
Eignarskattur, einstaklingar	1.532	580.000	581.532
Eignarskattsauki, einstaklingar	–4.362	61.000	56.638
Eignarskattur, félög	48.687	320.000	368.687
Eignarskattsauki, félög	10.325	85.000	95.325
Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	–1.111	165.000	163.889
Erfðafjárskattur	60.790	60.000	120.790
Tekjuskattar, nettó	**–638.717**	**5.355.000**	**4.716.283**
Tekjuskattur, einstaklingar	–497.935	3.650.000	3.152.065
Tekjuskattur, félög	–143.844	1.200.000	1.056.156
Sjúkratryggingagjald	–8.372	365.000	356.628
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	11.434	140.000	151.434

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
ÓBEINIR SKATTAR	**6.171.481**	**33.748.720**	**39.920.201**
Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn	**451.520**	**2.890.500**	**3.342.020**
Aðflutningsgjöld alls	451.520	2.890.500	3.342.020
Ýmis gjöld af innflutningi	**937.294**	**2.373.500**	**3.310.794**
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	606.125	245.000	851.125
Innflutningsgjald af bensíni	153.205	1.450.000	1.603.205
Gúmmígjald	479	–	479
Jöfnunargjald	88.881	315.000	403.881
Jöfnunarálag á hús og húshluti	3.438	13.500	16.938
Tollafgreiðslugjald	44.764	155.000	199.764
Gjald af gas- og brennsluolíum	–16	–	–16
Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	–53.520	170.000	116.480
Fóðurgjald, sérstakt grunngjald	67.118	–	67.118
Kartöflugjald	38.697	–	38.697
Hagnaður af sölu varnarliðseigna	–11.877	25.000	13.123
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	**229.758**	**303.000**	**532.758**
Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	36.336	205.000	241.336
Leyfisgjald	44.951	98.000	142.951
Lántökugjald af erlendum lánum	148.471	–	148.471
Skattar af framleiðslu og innflutningi	**452.547**	**2.308.000**	**2.760.547**
Vörugjald	451.636	2.263.000	2.714.636
Framleiðslugjald af áli	911	45.000	45.911
Söluskattur	**2.541.624**	**17.430.000**	**19.971.624**
Söluskattur alls	2.541.624	18.250.000	20.791.624
Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	–	–820.000	–820.000
Skattar af orku	**7.188**	**37.000**	**44.188**
Rafmagnseftirlitsgjald	7.188	37.000	44.188
Skattar af einkasöluvörum	**552.633**	**2.651.500**	**3.204.133**
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	550.000	2.650.000	3.200.000
Gjald af einkasöluvörum	2.633	1.500	4.133
Sérstakir skattar af þjónustu	**32.547**	**166.500**	**199.047**
Skemmtanaskattur	3.433	43.000	46.433
Miðagjald	145	6.500	6.645
Flugvallaskattur	28.969	117.000	145.969
Aðrir skattar af veittri þjónustu	**105.050**	**343.420**	**448.470**
Aukatekjur, almennar	18.924	170.000	188.924
Prófgjöld	–793	4.400	3.607
Skoðunargjald ökutækja	23.327	69.000	92.327
Skráningargjald ökutækja	63.022	94.000	157.022
Sérleyfisgjald	–2.935	3.000	65
Samúðarskeyti Landssímans	3.524	3.000	6.524
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	–19	20	1

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Skattar af launagreiðslum	**252.923**	**3.290.000**	**3.542.923**
Launaskattur	283.508	1.700.000	1.983.508
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	-53.403	1.250.000	1.196.597
Slysatryggingagjald	36.472	185.000	221.472
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	-13.654	155.000	141.346
Aðrir óbeinir skattar	**608.397**	**1.955.300**	**2.563.697**
Þinglýsingar	-427	21.000	20.573
Stimpilgjald	287.543	970.000	1.257.543
Þungaskattur af dísilbifreiðum skv. ökumælum	-1.338	540.000	538.662
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	-13.457	160.000	146.543
Bifreiðagjald	201.499	-	201.499
Lestagjald	-30	100	70
Vitagjald	4.317	17.500	21.817
Skipaskoðunargjald	-2.369	9.200	6.831
Skipulagsgjald	10.273	30.000	40.273
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	12	-	12
Áhættugjald ríkisábyrgða	3.158	45.000	48.158
Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	7.862	22.500	30.362
ICAO-tekjur	83.476	140.000	223.476
Innheimtugjald vegna uppboða	3.873	-	3.873
Ábyrgðargjald, lög nr. 68/1987	24.005	-	24.005
FJÁRMUNATEKJUR	**156.707**	**2.594.500**	**2.751.207**
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	**212.804**	**2.225.000**	**2.437.804**
Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	255.755	800.000	1.055.755
Vaxtatekjur af langtímalánum	-42.951	1.425.000	1.382.049
Arðgreiðslur	**-56.097**	**369.500**	**313.403**
Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta			
Afgjöld ríkisjarða	1.172	4.500	5.672
Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	20.000	145.000	165.000
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-33.000	38.000	5.000
Lyfjaverslun ríkisins	-	12.000	12.000
Sameignir ríkisins	21.242	15.000	36.242
Arður af hlutabréfum	-3.488	5.000	1.512
Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	-62.023	150.000	87.977
AÐRAR TEKJUR	**122.404**	**60.000**	**182.404**
Sala eigna	**67.639**	**-**	**67.639**
Ýmsar tekjur	**54.765**	**60.000**	**114.765**
Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	51.473	50.000	101.473
Óvissar tekjur	3.292	10.000	13.292
Ríkissjóðstekjur samtals	**5.927.736**	**43.029.220**	**48.956.956**

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum og stofnunum.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00	**ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS**			
101	Embætti forseta Íslands	32.773	23.383	56.156
201	Alþingi	91.340	251.556	342.896
202	Ríkisendurskoðun	10.313	46.874	57.187
301	Ríkisstjórn	7.662	29.209	36.871
401	Hæstiréttur	3.753	15.245	18.998
	Samtals ráðuneyti	145.841	366.267	512.108

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
01	**FORSÆTISRÁÐUNEYTI**			
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	16.634	51.630	68.264
102	Þjóðhagsstofnun	4.457	20.969	25.426
103	Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar	4.335	–	4.335
171	Byggðastofnun, framlag	890	80.000	80.890
	Samtals málefnaflokkur	26.316	152.599	178.915
901	Húsameistari ríkisins	1.109	787	1.896
902	Þjóðgarður á Þingvöllum og Þingvallanefnd	1.917	13.250	15.167
	Samtals málefnaflokkur	3.025	14.038	17.063
	Samtals ráðuneyti	29.342	166.636	195.978

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
02	**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	26.126	85.452	111.578
	Samtals málefnaflokkur	26.126	85.452	111.578
201	Háskóli Íslands	56.948	655.352	712.300
202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum	8.053	25.020	33.073
203	Raunvísindastofnun Háskólans	9.743	64.900	74.643
205	Stofnun Árna Magnússonar	306	22.070	22.376
206	Orðabók Háskólans	747	7.895	8.642
207	Íslensk málstöð	459	4.602	5.061
208	Örnefnastofnun	294	2.276	2.570
210	Háskóli á Akureyri	5.574	5.291	10.865
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	3.194	15.323	18.517
232	Rannsóknaráð ríkisins	459	13.713	14.172
233	Rannsóknasjóður	–1.800	60.000	58.200
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	7.860	22.500	30.360
	Samtals málefnaflokkur	91.837	898.942	990.779

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301 Menntaskólinn í Reykjavík	8.956	63.201	72.157
302 Menntaskólinn á Akureyri	6.297	62.854	69.151
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	1.356	22.629	23.985
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	20.147	84.944	105.091
305 Menntaskólinn við Sund	6.063	64.563	70.626
306 Menntaskólinn á Ísafirði	4.911	27.386	32.297
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.797	36.482	43.279
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1.469	35.816	37.285
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	–160	–	–160
319 Framhaldsskólar, almennt	4.593	26.806	31.399
321 Kennaraháskóli Íslands	10.342	116.638	126.980
322 Æfinga- og tilraunaskóli K.Í.	5.355	28.033	33.388
323 Rannsóknastofnun uppeldismála	72	2.846	2.918
331 Íþróttakennaraskóli Íslands	3.700	20.618	24.318
336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	153	550	703
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	32.724	155.458	188.182
352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	5.460	38.119	43.579
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5.971	48.173	54.144
354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi	5.780	50.937	56.717
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	3.723	24.952	28.675
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	2.546	37.611	40.157
357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi	7.579	57.481	65.060
358 Verkmenntaskóli Austurlands	–1.641	19.391	17.750
359 Verkmenntaskóli á Akureyri	8.738	82.956	91.694
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	6.325	32.493	38.818
361 Fjölbrautarskóli A-Skaftafellssýslu	–750	2.000	1.250
362 Fjölbrautaskólinn á Húsavík	–350	1.500	1.150
Samtals málefnaflokkur	156.156	1.144.437	1.300.593
422 Námsgagnastofnun	4.711	100.643	105.354
423 Námsstjórn og þróunarverkefni	659	19.103	19.762
431 Iðnfræðsluráð	1.058	10.651	11.709
Samtals málefnaflokkur	6.428	130.397	136.825
501 Tækniskóli Íslands	19.698	71.208	90.906
506 Vélskóli Íslands	3.743	31.835	35.578
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3.165	17.019	20.184
514 Iðnskólinn í Reykjavík	31.283	115.320	146.603
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur	8.268	33.432	41.700
516 Iðnnám, almennt	–5.900	7.900	2.000
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	4.274	12.603	16.877
518 Fiskvinnsluskólinn	6.245	36.861	43.106
521 Hússtjórnarskóli Íslands	1.979	1.618	3.597
522 Nýi hjúkrunarskólinn	707	6.642	7.349
523 Fósturskóli Íslands	2.535	18.121	20.656
553 Hússtjórnarskólar	2.624	14.887	17.511
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	14.030	19.661	33.691
562 Leiklistarskóli Íslands	5.013	13.107	18.120
563 Tónlistarfræðsla	12.558	138.225	150.783
571 Sjómannaskólahúsið	823	13.515	14.338
580 Samvinnuskólinn	1.126	17.472	18.598
581 Verslunarskóli Íslands	5.596	79.082	84.678
Samtals málefnaflokkur	117.767	648.508	766.275

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
601	Héraðsskólinn Reykholti	1.328	20.900	22.228
602	Héraðsskólinn Núpi	771	12.322	13.093
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	499	9.257	9.756
604	Héraðsskólinn Reykjum	619	10.654	11.273
605	Alþýðuskólinn Eiðum	2.148	17.889	20.037
606	Héraðsskólinn Skógum	1.330	11.965	13.295
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	2.552	6.720	9.272
609	Héraðsskólinn Laugum	1.263	16.649	17.912
610	Héraðsskólar, almennt	–	–	–
621	Skálholtsskóli	373	5.300	5.673
	Samtals málefnaflokkur	10.883	111.656	122.539
700	Grunnskólar, Reykjavík	109.938	626.145	736.083
701	Grunnskólar, Reykjanesi	82.568	479.499	562.067
703	Grunnskólar, Vesturlandi	31.065	200.040	231.105
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	14.039	130.893	144.932
705	Grunnskólar, Norðulandi vestra	26.812	151.938	178.750
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	45.251	304.424	349.675
707	Grunnskólar, Austurlandi	25.281	163.918	189.199
708	Grunnskólar, Suðurlandi	36.472	251.355	287.827
720	Grunnskólar, almennt	4.549	72.849	77.398
730	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	16.760	209.205	225.965
751	Skólar fyrir þroskaheft börn	573	-356	217
752	Öskjuhlíðarskóli	5.771	53.155	58.926
753	Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási	1.144	7.177	8.321
754	Safamýrarskóli, þjálfunarskóli	3.655	24.824	28.479
755	Þjálfunarskóli ríkisins Geðdeild við Dalbraut	997	7.723	8.720
756	Þjálfunarskóli ríkisins Kópavogshæli	1.767	17.160	18.927
757	Þjálfunarskóli ríkisins Tjaldanesi	452	1.472	1.924
758	Þjálfunarskóli ríkisins Akureyri	1.316	11.234	12.550
759	Þjálfunarskóli ríkisins Sólheimum Grímsnesi	383	1.856	2.239
760	Dagvist þroskaheftra forskólabarna	836	19.981	20.817
761	Sameiginleg þjónusta þroskaheftra	-1.767	20.917	19.150
799	Heyrnleysingjaskólinn	3.709	32.679	36.388
	Samtals málefnaflokkur	411.571	2.788.088	3.199.659
802	Vernd barna og unglinga	4.711	3.012	7.723
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður	-4.450	43.195	38.745
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	196	–	196
806	Barnaverndarráð	1.161	5.957	7.118
871	Unglingaheimili ríkisins	–	7.070	7.070
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-841	928.000	927.159
881	Náms- og fræðimenn, framlög	284	14.852	15.136
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	-392	1.447	1.055
884	Jöfnun á námskostnaði	-253	25.000	24.747
885	Fullorðinsfræðsla	-325	1.434	1.109
	Samtals málefnaflokkur	91	1.029.967	1.030.058
901	Landsbókasafn Íslands	2.481	21.155	23.636
902	Þjóðminjasafn Íslands	5.360	24.822	30.182
903	Þjóðskjalasafn Íslands	7.230	18.408	25.638
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	282	3.627	3.909
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	199	1.566	1.765
906	Listasafn Einars Jónssonar	-398	2.914	2.516
907	Listasafn Íslands	20.200	60.677	80.877
908	Kvikmyndasafn Íslands	-892	2.713	1.821
909	Blindrabókasafn Íslands	1.127	9.993	11.120

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
931	Náttúruverndarráð	7.212	16.944	24.156
973	Þjóðleikhús	9.843	117.068	126.911
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	4.201	39.369	43.570
975	Vísindasjóður	700	2.000	2.700
976	Menningarsjóður, framlag	1.446	7.900	9.346
977	Þjóðarbókhlaða	29.019	45.000	74.019
980	Listskreytingasjóður	96	4.000	4.096
981	Kvikmyndasjóður	7.260	55.000	62.260
982	Listir, framlög	21.645	87.538	109.183
983	Vísindaleg starfsemi, styrkir	–	1.105	1.105
984	Norræn samvinna	93	9.759	9.852
985	Félagsheimilasjóður	7.674	12.000	19.674
986	Íþróttasjóður	3.146	39.811	42.957
987	Nesstofa	-20	550	530
988	Æskulýðsmál	450	14.298	14.748
989	Ýmis íþróttamál	2.114	37.798	39.912
991	Húsfriðun	342	11.904	12.246
999	Ýmislegt	6.656	23.663	30.319
	Samtals málefnaflokkur	137.466	671.582	809.048
	Samtals ráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
03	**UTANRÍKISRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	86.932	83.445	170.377
102	Varnarmálaskrifstofa	2.897	18.340	21.237
	Samtals málefnaflokkur	89.829	101.785	191.614
201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	61.618	101.799	163.417
	Samtals málefnaflokkur	61.618	101.799	163.417
301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	1.484	12.843	14.327
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3.591	15.772	19.363
303	Sendiráð Íslands í London	2.572	14.681	17.253
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	1.430	14.479	15.909
305	Sendiráð Íslands í Ósló	2.215	11.403	13.618
306	Sendiráð Íslands í París, fastanefnd hjá OECD og UNESCO	2.403	16.631	19.034
308	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.569	11.208	12.777
308	Sendiráð Íslands í Washington	-201	18.709	18.508
309	Fastanefnd Íslands hjá SP og aðalræðismaður Íslands í New York	1.282	23.412	24.694
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	954	8.741	9.695
311	Fastanefnd Íslands hjá N-Atlantshafsbandalaginu	1.093	16.381	17.474
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.963	17.596	20.559
313	Sendiráð, almennt	–	–	–
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	–	30.000	30.000
399	Ýmis utanríkismál	2.038	9.451	11.489
	Samtals málefnaflokkur	23.393	221.307	244.700
401	Alþjóðastofnanir	-3.764	70.407	66.643
	Samtals málefnaflokkur	-3.764	70.407	66.643
	Samtals ráðuneyti	171.076	495.298	666.374

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
04	**LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	11.340	22.078	33.418
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	2.586	10.786	13.372
172	Jarðasjóður	-448	4.000	3.552
	Samtals málefnaflokkur	13.478	36.864	50.342
201	Búnaðarfélag Íslands	3.237	50.437	53.674
205	Veiðistjóri	4.290	6.993	11.283
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	5.606	82.093	87.699
221	Áburðarverksmiðja ríkisins	-	120.000	120.000
231	Skógrækt ríkisins	11.213	49.420	60.633
235	Landgræðsla ríkisins	2.315	68.277	70.592
242	Mat á landbúnaðarafurðum	-169	3.447	3.278
243	Sauðfjárveikivarnir	20.876	32.398	53.274
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	857	4.522	5.379
246	Veiðimálastofnunin	5.269	24.071	29.340
247	Yfirdýralæknir	2.055	33.564	35.619
270	Landgræðslu- og landverndaráætlun	-	16.833	16.833
271	Landgræðslusjóður	-	2.000	2.000
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	3.707	905	4.612
278	Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	22.200	22.200
288	Jarðræktarlög, framlög	36.014	154.043	190.057
289	Jöfnunargjald	15.143	18.200	33.343
290	Uppbætur á útflutningi landbúnaðarafurða	177.944	800.000	977.944
291	Búfjárrækt, framlög samkvæmt lögum nr. 31/1973	40.289	24.956	65.245
299	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	2	6.367	6.369
	Samtals málefnaflokkur	328.648	1.520.726	1.849.374
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	3.565	49.672	53.237
502	Bændaskólinn á Hólum	1.871	33.277	35.148
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	1.337	24.617	25.954
	Samtals málefnaflokkur	6.773	107.566	114.339
	Samtals ráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
05	**SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	3.035	32.179	35.214
	Samtals málefnaflokkur	3.035	32.179	35.214
201	Fiskifélag Íslands	1.997	31.127	33.124
202	Hafrannsóknastofnun	18.880	205.648	224.528
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.868	38.368	40.236
216	Ríkismat sjávarafurða	9.721	52.086	61.807
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	-1	3.631	3.630
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	762	5.437	6.199
280	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	0	700.000	700.000
290	Veiðieftirlit	1.980	24.545	26.525
298	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir	-1	6.128	6.127
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	8.288	31.133	39.421
	Samtals málefnaflokkur	43.494	1.098.103	1.141.597
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	1.586	37.581	39.167
	Samtals málefnaflokkur	1.586	37.581	39.167
	Samtals ráðuneyti	48.115	1.167.863	1.215.978

	Aukafjárveiting 198	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	15.100	33.964	49.064
102 Stjórnartíðindi	-322	7.817	7.495
103 Kosningar	12.063	-	12.063
Samtals málefnaflokkur	26.841	41.781	68.622
201 Hæstiréttur	3.239	12.004	15.243
202 Ríkissaksóknari	1.775	20.818	22.593
203 Borgardómarinn í Reykjavík	3.509	30.016	33.525
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	3.400	41.623	45.023
205 Sakadómur Reykjavíkur	3.770	30.316	34.086
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	56.646	387.103	443.749
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	7.286	85.044	92.330
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-1.478	22.710	21.232
212 Bæjarfógeti Akranesi	7.538	26.359	33.897
213 Sýslumaður Borgarnesi	7.636	22.218	29.854
214 Sýslumaður Stykkishólmi	6.172	29.928	36.100
215 Sýslumaður Búðardal	692	9.240	9.932
216 Sýslumaður Patreksfirði	3.128	18.449	21.577
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	3.037	7.716	10.753
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	6.295	35.119	41.414
219 Sýslumaður Hólmavík	1.588	5.836	7.424
221 Sýslumaður Blönduósi	6.875	21.108	27.983
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	6.563	26.019	32.582
223 Bæjarfógeti Siglufirði	3.307	19.302	22.609
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	2.118	7.611	9.729
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	12.722	82.300	95.022
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	12.457	48.317	60.774
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	5.610	17.835	23.445
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	2.091	9.022	11.113
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	-995	32.243	31.248
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	2.145	12.506	14.651
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	590	9.767	10.357
232 Sýslumaður Hvolsvelli	2.810	15.815	18.625
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	11.713	38.661	50.374
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	19.493	66.623	86.116
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	13.889	92.058	105.947
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	52.815	104.701	157.516
237 Bæjarfógeti Kópavogi	18.035	63.906	81.941
238 Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	426	5.345	5.771
241 Hegningarhúsið í Reykjavík	1.152	21.886	23.038
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	10.601	66.881	77.482
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	968	11.902	12.870
244 Fangelsið, Síðumúla 28	2.608	17.027	19.635
247 Skilorðseftirlit ríkisins	488	3.127	3.615
251 Landhelgisgæsla Íslands	23.229	305.185	328.414
252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	-17.599	103.907	86.308
253 Almannavarnir ríkisins	225	12.128	12.353
255 Umferðarráð	558	9.085	9.643
262 Löggildingarstofan	455	2.207	2.662
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	24.368	27.114	51.482
282 Ýmis löggæslukostnaður	1.720	29.598	31.318
283 Fangamál, ýmis kostnaður	2.637	7.064	9.701
284 Áfengis- og fíkniefnamál	485	1.256	1.741
Samtals málefnaflokkur	338.792	2.076.005	2.414.797

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301	Biskup Íslands	2.141	11.884	14.025
302	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	2.080	6.848	8.928
303	Prestaköll og prófastsdæmi	8.138	165.167	173.305
304	Ýmis kirkjuleg málefni	-1.422	22.406	20.984
371	Kirkjubyggingarsjóður	–	3.246	3.246
373	Kristnisjóður	3.077	9.742	12.819
	Samtals málefnaflokkur	14.014	219.293	233.307
	Samtals ráðuneyti	379.647	2.337.079	2.716.726

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	8.174	30.434	38.608
	Samtals málefnaflokkur	8.174	30.434	38.608
271	Byggingarsjóður ríkisins	17	1.000.000	1.000.017
272	Byggingarsjóður verkamanna	200	300.000	300.200
	Samtals málefnaflokkur	217	1.300.000	1.300.217
301	Skipulagsstjóri ríkisins	8.423	25.526	33.949
302	Ríkissáttasemjari	1.205	9.336	10.541
399	Vatnsveitur	–	18.000	18.000
	Samtals málefnaflokkur	9.628	52.862	62.490
700	Málefni fatlaðra	-2.322	54.515	52.193
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	11.250	103.755	115.005
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.840	39.880	44.720
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.053	14.919	15.972
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	2.078	19.311	21.389
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1.937	11.405	13.342
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	11.864	99.452	111.316
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	4.221	25.808	30.029
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	6.540	20.090	26.630
710	Heimili fyrir einhverf börn Trönuhólum 1	1.068	14.611	15.679
719	Vistheimilið Tjaldanesi	–	22.640	22.640
720	Vistheimilið Skálatúni	5.820	55.626	61.446
722	Sólheimar, Grímsnesi	6.164	36.518	42.682
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.077	20.071	22.148
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-7.565	130.000	122.435
	Samtals málefnaflokkur	49.025	668.601	717.626
951	Brunamálastofnun ríkisins	-233	250	17
953	Jafnréttisráð	336	3.792	4.128
954	Vinnueftirlit ríkisins	282	1.625	1.907
971	Erfðafjársjóður	–	0–	0–
972	Bjargráðasjóður Íslands	–	4.700	4.700
981	Vinnumál	311	23.051	23.362
982	Ríkisábyrð á launum vegna gjaldþrota	17.480	10.000	27.480
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	680	62.928	63.608
	Samtals málefnaflokkur	18.856	106.346	125.202
	Samtals ráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
08	**HEILBRIGÐIS- OG TYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	11.355	34.798	46.153
	Samtals málefnaflokkur	11.355	34.798	46.153
271	Tryggingastofnun ríkisins	960.970	10.935.480	11.896.450
273	Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.316	465.000	463.684
274	Eftirlaunasjóður aldraðra	-2.247	59.977	57.730
276	Tannverndarsjóður	-	-	-
	Samtals málefnaflokkur	957.407	11.460.457	12.417.864
301	Landlæknir	3.395	12.622	16.017
323	Tryggingaeftirlitið	-873	220	-653
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2.250	32.770	35.020
325	Hollustuvernd ríkisins	7.282	28.205	35.487
326	Sjónstöð Íslands	1.099	8.392	9.491
327	Geislavarnir ríkisins	744	4.573	5.317
340	Málefni fatlaðra	-1.136	20.640	19.504
350	Sjúkrahúsið Akranesi	17.772	203.486	221.258
352	Sjúkrahúsið Patreksfirði	5.496	38.750	44.246
353	Fjórðungsjúkrahúsið Ísafirði	13.407	68.430	81.837
355	Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi	5.492	61.952	67.444
356	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	11.239	127.351	138.590
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	5.319	62.159	67.478
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	57.950	527.955	585.905
359	Sjúkrahúsið Húsavík	9.986	109.806	119.792
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	2.708	35.105	37.813
361	Fjórðungsjúkrahúsið Neskaupsstað	6.198	81.054	87.252
363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	3.978	47.457	51.435
365	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	9.531	105.265	114.796
366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	7.741	90.409	98.150
367	Sjúkrahúsið Keflavík	18.659	78.892	97.551
368	Sólvangur, Hafnarfirði	10.117	112.010	122.127
369	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	110.500	-	110.500
371	Ríkisspítalar	347.583	3.029.456	3.377.039
372	Borgarspítalinn	148.091	1.216.283	1.364.374
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	114.779	610.463	725.242
378	Læknishéraðasjóður	109	1.000	1.109
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-2.406	195.276	192.870
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	236	140.000	140.236
391	Heilsugæslustöðvar	70.756	257.756	328.512
393	Lyfjamál	-1.291	1.577	286
394	Lyfjaverðlagsnefnd	191	873	1.064
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	477	858	1.335
396	Lyfjanefnd	1.063	404	1.467
397	Eiturefnanefnd	306	1.267	1.573
398	Daggjaldanefnd	709	1.480	2.189
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-6.367	64.851	58.484
	Samtals málefnaflokkur	983.090	7.379.047	8.362.137
471	Gæsluvistarsjóður	535	5.850	6.385
481	Bindindisstarfsemi	108	4.796	4.904
	Samtals málefnaflokkur	643	10.646	11.289
501	Ljósmæðraskóli Íslands	1.178	-877	301
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	254	8.846	9.100
503	Sjúkraliðaskóli Íslands	210	7.000	7.210
505	Lyfjatækniskóli Íslands	179	5.181	5.360
	Samtals málefnaflokkur	1.821	20.150	21.971
	Samtals ráðuneyti	1.954.316	18.905.098	20.859.414

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
09	**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	10.405	49.872	60.277
103	Ríkisbókhald	6.742	38.739	45.481
104	Ríkisfjárhirsla	2.722	12.800	15.522
105	Ríkislögmaður	1.837	7.346	9.183
	Samtals málefnaflokkur	21.706	108.757	130.463
201	Ríkisskattstjóri	13.987	60.161	74.148
202	Skattstofan í Reykjavík	8.276	68.608	76.884
203	Skattstofa Vesturlands	1.901	10.620	12.521
204	Skattstofa Vestfjarða	592	7.534	8.126
205	Skattstofa Norðurlands vestra	1.508	8.799	10.307
206	Skattstofa Norðurlands eystra	2.755	18.647	21.402
207	Skattstofa Austurlands	616	11.023	11.639
208	Skattstofa Suðurlands	1.408	10.417	11.825
209	Skattstofa Vestmannaeyja	528	4.570	5.098
211	Skattstofa Reykjaness	2.348	26.813	29.161
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	30.153	39.748	69.901
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.172	10.232	11.404
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	6.535	34.840	41.375
261	Tollstjórinn í Reykjavík	23.359	60.853	84.212
263	Tollgæsla	19.034	88.249	107.283
282	Tollamál	8.393	12.342	20.735
	Samtals málefnaflokkur	122.565	473.456	596.021
381	Uppbætur á lífeyri	207.765	568.619	776.384
	Samtals málefnaflokkur	207.765	568.619	776.384
402	Fasteignamat ríkisins	98	24.901	24.999
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildalögum	79	6.900	6.979
	Samtals málefnaflokkur	177	31.801	31.978
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-1.744	551	-1.193
971	Ríkisábyrgðasjóður	-1.842	100.000	98.158
981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	416.050	147.600	563.650
989	Launa- og verðlagsmál	-	-	-
998	Kjaradómur og kjaranefnd	5	900	905
999	Ýmislegt	104.877	189.656	294.533
	Samtals málefnaflokkur	517.346	438.707	956.053
	Samtals ráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899

		Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
10	**SAMGÖNGURÁÐUNEYTI**			
101	Aðalskrifstofa	6.802	24.549	31.351
102	Póst- og símamálastofnunin	-20.000	110.000	90.000
	Samtals málefnaflokkur	-13.198	134.549	121.351
211	Vegagerð ríkisins	17.751	2.150.463	2.168.214
	Samtals málefnaflokkur	17.751	2.150.463	2.168.214
321	Strandferðir, framlög	10.057	146.362	156.419
322	Flóabátar og vöruflutningar	-1.235	74.010	72.775
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	-3.419	24.575	21.156
332	Vitastofnun Íslands	4.957	66.875	71.832
333	Hafnamál	15.688	275.830	291.518
341	Siglingamálastofnun ríkisins	9.848	38.084	47.932
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	4.528	1.033	5.561
	Samtals málefnaflokkur	40.424	626.769	667.193

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
471 Flugmálastjórn	82.919	385.723	468.642
485 Ýmis framlög	4.869	20.075	24.944
Samtals málefnaflokkur	87.788	405.798	493.586
651 Ferðamálaráð	3.099	20.196	23.295
652 Veðurstofa Íslands	11.726	125.968	137.694
656 Landmælingar Íslands	11.445	19.640	31.085
672 Sérleyfissjóður	–	3.000	3.000
Samtals málefnaflokkur	26.270	168.804	195.074
Samtals ráðuneyti	159.035	3.486.383	3.645.418

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	3.602	23.669	27.271
Samtals málefnaflokkur	3.602	23.669	27.271
201 Iðntæknistofnun Íslands	2.394	55.876	58.270
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.957	30.227	32.184
209 Sjóefnavinnslan hf.	263.757	–	263.757
221 Lánasjóður iðnaðarins	–	25.000	25.000
240 Iðnaðarrannsóknir	3.168	14.000	17.168
289 Jöfnunargjald	39.777	210.000	249.777
298 Kostnaður vegna samninga við Álverið	2.296	–	2.296
299 Iðja og iðnaður, framlög	-1.329	15.081	13.752
Samtals málefnaflokkur	312.020	350.184	662.204
301 Orkustofnun	8.461	166.142	174.603
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	1.054	42.365	43.419
309 Hitaveitur	320.000	–	320.000
321 Rafmagnsveitur ríkisins	189.459	–	189.459
371 Orkusjóður	-98.690	299.390	200.700
382 Olíunotkun til húshitunar, styrkir	615	–	615
399 Ýmis orkumál	1.038	239.000	240.038
Samtals málefnaflokkur	421.937	746.897	1.168.834
Samtals ráðuneyti	737.559	1.120.750	1.858.309

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	2.499	29.566	32.065
Samtals málefnaflokkur	2.499	29.566	32.065
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	476.645	1.090.000	1.566.645
Samtals málefnaflokkur	476.645	1.090.000	1.566.645
902 Verðlagsstofnun	3.142	34.445	37.587
903 Skráning hlutafélaga	2.785	1.332	4.117
910 Útflutningsráð Íslands	–	10.000	10.000
Samtals málefnaflokkur	5.927	45.777	51.704
Samtals ráðuneyti	485.071	1.165.343	1.650.414

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
13 HAGSTOFA ÍSLANDS			
101 Aðalskrifstofa	3.072	37.713	40.785
102 Þjóðskráin	2.092	12.985	15.077
Samtals ráðuneyti	5.164	50.698	55.862

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
15 FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN			
101 Aðalskrifstofa	2.970	29.600	32.570
181 Ríkisbifreiðar	–450	1.800	1.350
182 Tölvumál	1.853	5.836	7.689
Samtals málefnaflokkur	4.373	37.236	41.609
991 Ýmis lán ríkissjóðs	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals málefnaflokkur	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals ráðuneyti	673.367	3.657.236	4.330.603

Sþ. 1061. Þingsályktun [145. mál]

um þætti um íslenskt mál í sjónvarpi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita eftir því við sjónvarpsstöðvarnar að þær flytji reglulega þætti um íslenskt mál og hafi um gerð þeirra samráð við Íslenska málnefnd og Fræðsluvarp.

Sþ. 1062. Þingsályktun [273. mál]

um tónmenntakennslu í grunnskólum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum,
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,
- að athuga hvernig best verði staðið að menntun kennara á þessu sviði,
- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1989.

Sþ. 1063. Þingsályktun [296. mál]

um dagvistarmál fatlaðra barna.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta sé þörf á því sviði.

Við þá athugun verði höfð hliðsjón af stefnumótun um forskólastig og að fötluð börn fái sérhæfða þjálfun sem mest í tengslum við almennar deildir dagvistarstofnana.

Sþ. 1064. Þingsályktun [24. mál]

um setningu laga um sjálfseignarstofnanir.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frumvarps til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta löggjafarþing.

Ed. 1065. Lög [292. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 524.

Sþ. 1066. Beiðni um skýrslu [501. mál]

um málefni Sigló hf. og fleira.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu Siglósíldar í tilefni af ummælum fjármálaráðherra í dag í umræðum um fyrirspurn um Sigló hf. í sameinuðu þingi.

Sérstaklega er óskað eftir að eftirfarandi komi fram:

1. Söluverð og ástand eigna við sölu.
2. Framlag ríkisins til fyrirtækisins í tíu ár fyrir sölu, á verðlagi 1989, sundurliðað fyrir hvert ár, og enn fremur hvað það hefði kostað ríkissjóð ef þessi framlög hefðu verið óbreytt til ársloka 1988, á verðlagi hvers árs.
3. Upplýsingar um skuldbreytingar til fyrirtækisins 1986 og til samanburðar upplýsingar um skuldbreytingar eða niðurfellingu skulda til tveggja fyrirtækja vegna skattskulda, þ.e. Nútímans og Svarts á hvítu.

Nauðsynlegt er að skýrslan liggi fyrir strax í byrjun næstu viku enda lofaði forseti sameinaðs þings við fyrrgreinda umræðu að umræða um þessa skýrslu færi fram í næstu viku og tók fjármálaráðherra undir það.

Óskað er að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

Alþingi, 5. maí 1989.

Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.	Ólafur G. Einarsson.
Pálmi Jónsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Halldór Blöndal.
Kristinn Pétursson.	Sólveig Pétursdóttir.	Egill Jónsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.		Salome Þorkelsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 1067. Beiðni um skýrslu [502. mál]

um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri málsgreinar 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs.

Óskað er eftir að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

Alþingi, 5. maí 1989.

Ólafur G. Einarsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Egill Jónsson.
Kristinn Pétursson.	Þorsteinn Pálsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Salome Þorkelsdóttir.
	Sólveig Pétursdóttir.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 1068. Beiðni um skýrslu [503. mál]

um tryggingar Landsbanka Íslands vegna skulda Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri málsgreinar 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um tryggingar Landsbanka Íslands vegna skulda Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Óskað er eftir að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

Alþingi, 5. maí 1989.

Guðmundur H. Garðarsson.	Egill Jónsson.	Halldór Blöndal.
Þorsteinn Pálsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Kristinn Pétursson.	Eggert Haukdal.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 1069. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og neðri deild afgreiddi það.

Margrét Frímannsdóttir og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Karl Steinar Guðnason.

Guðmundur H. Garðarsson. | Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 1070. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um það Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Frumvarpið felur í sér að heilsutjón vegna læknisaðgerða og mistaka starfsfólks, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, verði greitt af slysatryggingum Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Breytingin er gerð að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og miðar einkum að því að meginefnisákvæði frumvarpsins falli á sem eðlilegastan hátt inn í gildandi lög um almannatrygginar.

Alþingi, 5. maí 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Karl Steinar Guðnason.

Guðrún Agnarsdóttir. | Margrét Frímannsdóttir. | Stefán Guðmundsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 1071. Breytingartillaga [443. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Í stað 1. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:

a. (1. gr.)

Á eftir f-lið 29. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

b. (2. gr.)
5. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:
Örorkubætur greiðast ekki ef örorkutapið er metið minna en 10%.
c. (3. gr.)
Síðasti málsliður 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í f- og g-liðum 29. gr.

Sþ. 1072. Fyrirspurn [504. mál]

til dómsmálaráðherra um símahleranir.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um símahleranir hér á landi?
2. Hversu oft hefur símahlerunum verið beitt hér á síðustu 10 árum, sundurliðað eftir árum? Hverjir hafa beðið leyfis til hlerana í umgetnum tilvikum, hverjir framkvæmdu þær og í hvaða tilgangi var þeim beitt?
3. Hver er réttur þolenda símahlerana?
4. Telur ráðherra tryggt að alltaf sé farið að lögum og reglum varðandi símahleranir?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 1073. Þingsályktun [37. mál]

um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar til að sporna við því að verkefni fari úr landi.

Nd. 1074. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Einarsdóttur, Óla Þ. Guðbjartssyni, Árna Gunnarssyni og Guðna Ágústssyni.

Á eftir 70. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað 12. gr. laganna (um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
a. (12. gr.)
Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með starfsemi tónlistarskóla. Ráðuneytið ræður í þessu skyni námsstjóra tónlistarfræðslunnar til fjögurra ára í senn svo og annað nauðsynlegt starfslið.
Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningu kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti.

b. (13. gr.)

Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísleenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

c. (14. gr.)

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.

Nd. 1075. Lög [370. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1025.

Nd. 1076. Lög [208. mál]

um breytingar á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 991 (sbr. 973).

Ed. 1077. Lög [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 926.

Ed. 1078. Frumvarp til laga [443. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. maí.)

1. gr.

Á eftir f-lið 29. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

5. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Örorkubætur greiðast ekki ef örorkutapið er metið minna en 10%.

3. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í f- og g-liðum 29. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1079. Nefndarálit [470. mál]

um till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur fjallað um efni tillögunnar á fundum sínum og fékk til viðræðna við sig um málið forseta Alþingis, svo og nefnd þá sem vann skýrslu um kaup á Hótel Borg fyrir forseta Alþingis. Einnig komu til viðræðna við nefndina Jón Tómasson og Þorvaldur S. Þorvaldsson frá Reykjavíkurborg og létu nefndinni m.a. í té minnisblað um afstöðu borgarstjórnar eins og henni var lýst á fundi borgarstjóra og starfsmanna hans með forsetum Alþingis.

Í nefndinni voru menn ekki á einu máli um afstöðu til efnis tillögunnar. Minni hl. taldi rétt að bíða með ákvörðun um að veita heimild til húsakaupa fyrir Alþingi en nota þess í stað næstu vikur og mánuði til þess að skoða nánar ýmsa kosti varðandi húsnæði fyrir Alþingi, bæði leigu og kaup, og jafnframt til þess að skoða breytt fyrirkomulag í Alþingishúsinu sjálfu. Minni hl. mun skila sérstöku nefndaráliti og breytingartillögu í þessa veru.

Meiri hl. taldi hins vegar rétt að ganga til efnislegrar afgreiðslu málsins. Leggur hann til að hin upphaflega tillaga forseta Alþingis á þingskjali 831 verði samþykkt með viðbótum. Er þar um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi telur meiri hl. að ekki sé rétt að einskorða þá heimild, sem Alþingi veiti forsetum, við kaup á Hótel Borg með því eina húsnæði sem til greina geti komið, heldur leggur meiri hl. til að heimildin sé veitt þannig að hún geti náð til annars húsnæðis í næsta nágrenni Alþingishússins en Hótel Borgar ef við athugun kæmi í ljós að slík húsakaup reyndust hagkvæmari. Í öðru lagi telur meiri hl. rétt að í tillögugreininni sé gert ráð fyrir því að forsetar Alþingis hafi samráð við fjárveitinganefnd um fjárhagslegar skuldbindingar vegna hugsanlegra húsnæðiskaupa og um umfang endurbóta á slíku húsnæði og er það í samræmi við þann hátt sem hafður hefur verið á varðandi ýmsar sambærilegar heimildir til stofnana á sviði framkvæmdarvaldsins.

Meiri hl. leggur fram breytingartillögu á sérstöku þingskjali um að samþykkt Alþingis á heimild til forseta Alþingis til húsakaupa verði orðuð með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Alþingi, 6. maí 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. — Margrét Frímannsdóttir, fundaskr. — Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 1080. Breytingartillögur [470. mál]

við till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, ÓÞG, JSS, ÓÞÞ).

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni við Alþingishúsið, ef hagkvæmara þykir, og láta gera nauðsynlega lagfæringu á húseigninni ef af kaupunum verður.
   Við ákvörðun um kaup og umfang endurbóta á húsnæði skal hafa samráð við fjárveitinganefnd.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni Alþingishússins ef hagkvæmara þykir.

Sþ. 1081. Fyrirspurn [505. mál]

til forsætisráðherra um ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvað líður undirbúningi stjórnvalda fyrir ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987?

Greinargerð.

Hinn 18. mars 1987 samþykkti Alþingi eftirfarandi ályktun á grundvelli tillögu sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson og Eyjólfur Konráð Jónsson fluttu:

„Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskstofnum og mannvist á þessu svæði er búin vegna mengunar frá geislavirkum efnum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins.“

Í lok greinargerðar með þingsályktunartillögunni sagði:

„Af þessum sökum er það fyllilega tímabært að Íslendingar hafi frumkvæðið að því að kölluð sé saman ráðstefna þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli þar sem rædd verði sú mengunarhætta sem að fiskstofnunum við Ísland og önnur nágrannaríki steðjar, ekki síst vegna geislavirkra úrgangsefna.“

Ályktun Alþingis var send forsætisráðuneytinu 10. apríl 1987.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. **1082. Svar** [475. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Þorvalds Garðars Kristjánssonar um þróun launa ríkisstarfsmanna miðað við laun á hinum almenna vinnumarkaði.

Allt fram til ársins 1962 voru laun ríkisstarfsmanna ákveðin með launalögum. Með lögum nr. 55/1962 fengu opinberir starfsmenn takmarkaðan samningsrétt, en í þeim lögum var kveðið á um að ef samningar tækjust ekki skyldi deilunni vísað til sáttasemjara ríkisins. Næðust ekki sættir innan tiltekins tíma skyldi Kjaradómur úrskurða í deilunni.

Ríkisstarfsmenn, sem eru félagar í aðildarfélögum BSRB, fengu samnings- og verkfallsrétt með lögum nr. 29 frá 26. maí 1976. Háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt rúmum áratug síðar, en með lögum nr. 94 frá 31. desember 1986 fékk Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna í ríkisþjónustu (BHMR) fullan samnings- og verkfallsrétt. Kjaradómur ákveður hins vegar enn laun og starfskjör æðstu yfirmanna ríkisins.

Opinberar upplýsingar um laun ríkisstarfsmanna eru fyrirliggjandi í fréttariti kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (KOS) fyrir árin 1987 og 1988. Þá hefur Launaskrifstofa ríkisins (áður launadeild fjármálaráðuneytisins) gert árlegar launagreiningar sem ná aftur til ársins 1980. Þjóðhagsstofnun hefur metið kauptaxta opinberra starfsmanna og nær það mat aftur til ársins 1970. Þó vantar þar sundurliðun á stéttarfélög og bandalög. Þessar upplýsingar eru nýttar við gerð þeirra taflna sem hér fara á eftir. Rétt er að benda á að hér er um áætlanir að ræða, einkum fyrir eldri ár, og þá skal tekið fram að nokkuð kann að skorta á að innbyrðis samræmi sé milli ára vegna mismunandi heimilda. Tölur um laun á almennum markaði eru fengnar úr Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.

Eins og fram kom hér að ofan fengu ríkisstarfsmenn verkfallsrétt í tveimur áföngum, fyrst BSRB og síðar BHMR, og er því rétt að fjalla um hvorn hópanna fyrir sig. Taka skal einnig fram að samanburður á launum og launakjörum einstakra stétta er ákaflega erfiður. Hér koma til fjölmargir þættir, svo sem menntun, ábyrgð, aðbúnaður á vinnustað (þar með niðurgreiddar máltíðir), dagvinnuskylda og greiddir matar- og kaffitímar og launakerfi (þar með þáttur afkastahvetjandi greiðslufyrirkomulags í myndun launa).

1. BSRB.

Með lögum nr. 29/1976 fengu félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja verkfallsrétt. BSRB er eins og nafnið bendir til bandalag ýmissa stéttarfélaga. Nú eru aðildarfélög þess alls 39, þar af 13 þeirra félög ríkisstarfsmanna.

Þegar yfir lengri tíma er litið hafa orðið mjög miklar breytingar á Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þannig gengu háskólamenn úr bandalaginu 1959 er BHM var stofnað og Kennarafélag Íslands gekk úr bandalaginu árið 1985. Þá má enn nefna að forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana hafa farið úr BSRB, en sú þróun hefur átt sér stað yfir lengra tímabil.

Vegna þessara breytinga sem orðið hafa á BSRB, verður að túlka allar tölur um laun þeirra miðað við aðra hópa með mikilli varúð. Þegar á heildina er litið hafa þau atriði sem hér hafa verið nefnd leitt til lækkunar meðallauna félaga innan BSRB. Til þess að gera samanburð við eldri tölur raunhæfan eru BSRB og KÍ dregin hér saman, en ekki er kostur á að taka tillit til annarra breytinga, sem orðið hafa á aðildarfélögum bandalagsins og hér hafa verið nefndar.

2. BHMR.

Bandalag háskólamanna er annars vegar fagfélag háskólamanna og hins vegar stéttarfélag fyrir háskólamenn í ríkisþjónustu, BHMR. Aðildarfélög bandalagsins eru nú 26 talsins, en verkfræðingar í ríkisþjónustu sögðu sig úr bandalaginu árið 1986. Þá gengu háskólamenntaðir hjúkrunarfræðingar í félagið.

Í lögum um Kjaradóm, nr. 23/1977 (upphaflega nr. 55 28. apríl 1962) er kveðið á um að „Kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.“ Túlkun þessa ákvæðis laganna var mjög umdeilt á þeim tíma er Kjaradómur var málskotsaðili kjaradeilna einkum hvað varðar laun háskólamenntaðra ríkistarfsmanna. Um ýmsa stóra hópa opinberra starfsmanna, svo sem starfsfólk heilbrigðisstofnana og skóla, gildir að þeirra störf eiga sér vart hliðstæður á almennum markaði.

Árið 1984 vann Hagstofa Íslands samanburðarkönnun á kjörum háskólamanna í ríkisþjónustu og í einkageira að beiðni fjármálaráðherra og BHMR. Þá var skipuð nefnd, svokölluð „nefnd um kjarasamanburð BHMR“, á vegum aðila til að vinna úr þeim gögnum er Hagstofan safnaði. Taka skal fram að ágreiningur varð í nefndinni um túlkun á niðurstöðum könnunar Hagstofu og í séráliti Birgis Björns Sigurjónssonar, fulltrúa BHMR, í nefndinni kemur fram fyrirvari um aðferðir og niðurstöður í útgefinni álitsgerð nefndarinnar.

Í áliti nefndarinnar var bent á fjölmörg vandamál sem upp koma þegar bera á saman launatekjur á milli starfshópa með mismunandi launakerfi. Þannig má benda á að yfirmenn eru mun fjölmennari í ríkisþjónustu en í einkageira. Vegna mismunandi launakerfa er mikilvægt að bera saman mismunandi launahugtök. Þannig er til að mynda algengt að háskólamenntuðum starfsmönnum í einkageira sé ekki greitt sérstaklega fyrir eftirvinnu og á móti tíðkast greiðsla metinnar yfirvinnu („óunninnar“) í nokkrum mæli hjá ríkisstarfsmönnum, einkum hjá yfirmönnum.

Lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna eru eins og kunnugt er betri en gengur og gerist hjá starfsmönnum í einkaþjónustu. Dr. Pétur H. Blöndal tryggingafræðingur gerði að beiðni nefndarinnar athugun á verðmæti lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna. Á grundvelli þess álits gerði meiri hluti nefndarinnar ráð fyrir að betri lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna jafngiltu 9% álagi á dagvinnulaun ríkisstarfsmanna. Í kafla um helstu niðurstöður í áliti nefndarinnar stendur: „Tiltölulega fáir starfshópar háskólamanna í ríkisþjónustu eiga sér beinar hliðstæður á almennum markaði, en þeir eru einkum í verktæknilegum og viðskiptalegum starfsgreinum. Heildartekjur í þessum starfsgreinum voru í maí 1984 um 10–25% hærri á einkamarkaði, en frá því að vera jöfn upp í 16% hærri eftir að reiknað hefur verið með verðmætari lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna.“ Í sama kafla er fjallað um samanburð á dagvinnulaunum. „Sérstök óvissa ríkir um sambærileik dagvinnulauna, eftir því hvernig starfsskyldum og launakerfum er háttað á almennum markaði. Munar miklu meiru á formlegum dagvinnulaunum en heildartekjum, upp í 50–60% á öllum starfsmönnum og meira á almennum starfsmönnum. Hins vegar bæta ríkisstarfsmenn sér þetta að hluta upp með yfirvinnulaunum, sem námu 46% á dagvinnugrunn á móti 23% á almennum markaði 1984, eða með aukagreiðslum alls 66% á móti 37%.“

Helstu niðurstöður könnunar Hagstofunnar á launum háskólamenntaðra starfsmanna á almennum markaði og ríkisstarfsmanna eru dregnar saman í eftirfarandi töflu sem fengin er úr álitsgerð nefndar um kjarasamanburð BHMR. Laun ríkisstarfsma..... eru sett jafnt og 100 og sýnir því taflan hversu hærra launaðir starfsmenn í einkageira eru en í ríkisþjónustu:

	Almennir starfsmenn			Allir starfsmenn		
	Dag-vinnu-laun	Dagvinna og „ómæld yfirvinna“	Launa-greiðslur alls	Dag-vinnu-laun	Dagvinna og „ómæld yfirvinna“	Launa-greiðslur alls
Verkfræðingar	160	174	136	137	158	122
Tæknifræðingar	180	187	133	156	162	114
Viðskiptafræðingar, hagfræðingar	165	163	129	156	159	126
Arkitektar	146	146	128	123	123	107
Lögfræðingar	150	136	107	133	136	109
Náttúrufræðingar	122	122	93	112	133	108
Alls m. vog hvors geira	164	174	141	147	159	126
Alls m. vog ríkis	146	145	112	135	146	114

Heimild: Álitsgerð um samanburð kjara háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins – BHMR – kjör hliðstæðra starfsmanna á almennum markaði, apríl 1986.

Í þessari töflu eru einungis bornir saman þeir hópar háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem hafa markaðsviðmiðun, þ.e. að eftirspurn er eftir þjónustu þeirra á almennum markaði, en hér er um að ræða um ¼ ríkisstarfsmanna. Launatekjur annarra hópa ríkisstarfsmanna sýndu sig að vera nokkru lægri en þeirra sem hafa markaðsviðmiðun. Hér munar um 6% í dagvinnutekjum almennra starfsmanna og um 16% í heildarlaunagreiðslum.

Að beiðni samanburðarnefndar fjármálaráðherra og BHMR vann Þjóðhagsstofnun einnig samanburðarkönnun á launatekjum félagsmanna innan BHMR og háskólamanna í einkaþjónustu, en við þá könnun var stuðst við skattframtöl 1984 (tekjur 1983). Könnunin tók til fullvinnandi launþega í einkaþjónustu og í opinberri þjónustu og í fyrri hópnum voru um 700 manns en 3000 í þeim síðari. Til þess að nálgast laun fyrir dagvinnu var beitt þeirri aðferð að reikna dagvinnulaun út frá lífeyrissjóðsiðgjöldum og þannig fundin „stílfærð dagvinnulaun“. Niðurstaða þessarar könnunar var að laun háskólamenntaðra í einkaþjónustu væru um 9–15% hærri en í opinberri þjónustu, án tillits til betri lífeyrisréttinda hinna síðarnefndu. Könnunin leiddi í ljós verulegan mun á launum háskólamenntaðra karla og kvenna í opinberri þjónustu, en heildarlaun karla í opinberri þjónustu reyndust 45–50% hærri en laun kvenna. Svipaður mismunur var á launum karla og kvenna í einkaþjónustu, en hlutfallslega færri konur voru í einkaþjónustu en í opinberri þjónustu. Könnunin leiddi í ljós að laun háskólamenntaðra karla í einkaþjónustu væru 6–8% hærri en í opinberri þjónustu.

Mikill mismunur er á aðferðum í könnunum Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar. Í þeirri fyrri var eingöngu leitað eftir upplýsingum um laun háskólamanna í einkaþjónustu og þau síðan borin saman við upplýsingar Launaskrifstofu ríkisins um laun í ríkisþjónustu. Síðari könnunin var alfarið byggð á skattframtölum launþega í einka- og opinberri þjónustu. Niðurstöður þessara kannana eru í raun ekki ósvipaðar hvað heildarlaun varðar, en hér er stuðst við túlkun í álitsgerð títtnefndrar nefndar um kjarasamanburð BHMR á Hagstofukönnuninni. Hins vegar er meiri munur á mati á dagvinnulaunum, en Þjóðhagsstofnun mat mun á stílfærðum dagvinnulaunum 9½% starfsmönnum í einkaþjónustu í vil og í álitsgerð samanburðarnefndar er munurinn talinn vera upp í 50–60%.

Rétt er að benda á að þessar kannanir voru gerðar þegar kaupmáttur launa, og þó einkum taxtakaups, var verulega rýr miðað við það sem síðar varð. Ekki hafa verið unnar neinar viðlíka kannanir og þær sem hér var gerð grein fyrir síðan 1984 og liggja því ekki fyrir óyggjandi tölur um þróunina til dagsins í dag. Slíkar kannir eru viðamiklar og vandasamar, eins og hér hefur verið vikið að.

Niðurstöður.

Sá samanburður sem hér fylgir er við launþega innan ASÍ, en allgóðar upplýsingar um laun þeirra er að finna í fréttabréfum kjararannsóknarnefndar. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna birtir í fréttariti sínu upplýsingar um laun opinberra starfsmanna, en þær tölur ná einungis til áranna 1987 og 1988. Stuðst er við óbirt gögn frá Launaskrifstofu ríkisins um meðallaun félaga innan BSRB og BHMR aftur til ársins 1980. Upplýsingar um laun opinberra starfsmanna fyrir 1980 eru af mjög skornum skammti, en hér hefur verið notuð vísitala kauptaxta opinberra starfsmanna, sem Þjóðhagsstofnun hefur birt, til þess að áætla laun opinberra starfsmanna. Sama vísitala er notuð til að áætla laun félaga innan BSRB og BHMR og rýrir það óneitanlega samanburð þeirra ára. Verkfræðingum og tæknifræðingum, sem eins og áður sagði fóru úr BHMR árið 1986, er bætt við tölur ársins 1987 og 1988 til að gæta samræmis við fyrri ár.

Þær töflur sem hér fylgja á eftir gefa vísbendingar um þróun launa og samanburð launa ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum markaði. Samanburðurinn tekur einvörðungu til dagvinnulauna og eins og bent var á hér að ofan er slíkur samanburður ekki fullnægjandi, en haldgóðar tölur um heildarlaun opinberra starfsmanna eru ekki fyrirliggjandi fyrir fyrri ár. Þannig er rétt að undirstrika að þótt kaupmáttur dagvinnulauna ASÍ-félaga hafi aukist lítillega frá 1987 til 1988 dróst kaupmáttur heildarlauna þeirra saman um 2% vegna minni eftirvinnu. Hins vegar stóð vinnutími opinberra starfsmanna að mestu í stað og er því minni munur á hækkun heildarlauna en dagvinnulauna.

Í töflunum kemur fram að þróun launa ríkisstarfsmanna miðað við laun félaga innan ASÍ hefur verið þeim fyrrnefndu í hag á síðustu tveimur árum. Ástæða þessa er einkum sú að verulegs launaskriðs gætti á árinu 1987 á almennum markaði sem hafði áhrif á fyrri hluta síðasta árs. Þegar á heildina er litið er hins vegar ekki hægt að draga neinar ályktanir af þessu talnaefni um árangur kjarabaráttu opinberra starfsmanna eftir að þeir fengu verkfallsrétt.

Samanburður á launum opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði.

Meðalmánaðarlaun opinberra starfsmanna m.v. dagvinnu

	Meðalmán. laun BSRB og BK	Meðalamán. laun BHMR 1)	Vísitölur launa BSRB	Vísitölur launa BHMR	Breyting launa BSRB	Breyting launa BHMR
	Kr.	Kr.			%	%
1976 *	(838)	(1105)	(18.76)	(18.76)	-	-
1977 *	(1317)	(1736)	(29.49)	(29.49)	57.15%	57.15%
1978 *	(2083)	(2747)	(46.66)	(46.66)	58.24%	58.24%
1979 *	(2994)	(3948)	(67.05)	(67.05)	43.70%	43.70%
1980	4465	5888	100.00	100.00	49.14%	49.14%
1981	6605	8648	147.93	146.88	47.93%	46.88%
1982	10146	13280	227.23	225.54	53.61%	53.56%
1983	15371	20263	344.26	344.14	51.50%	52.58%
1984	18631	24095	417.27	409.22	21.21%	18.91%
1985	25754	33862	576.80	575.10	38.23%	40.54%
1986	34309	44527	768.40	756.23	33.22%	31.50%
1987 **	45587	60436	1021	1004	32.87%	35.73%
1988 **	55647	73177	1246	1223	22.07%	21.08%

* Áætlaðar tölur

** Verk- og tæknifræðingum hefur verið bætt við BHMR árin 1987 og 1988, en þessar starfsstéttir sögðu sig úr bandalaginu 1986.

Meðalmánaðarlaun ASÍ- félaga miðað við greitt tímakaup 1)

	Verka-menn	Verka-konur	Iðnaðar-menn	Verka-fólk og iðn. menn	Skrif-stofu-fólk	Skrif-stofu-karlar	Skrif-stofu konur
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
1976	795	669	1055	830	-	-	-
1977	1114	957	1468	1165	-	-	-
1978	1697	1525	2171	1775	-	-	-
1979	2435	2210	3182	2571	-	-	-
1980	3788	3490	4894	3999	-	-	-
1981	5913	5780	7679	6342	7360	8573	6514
1982	9306	8925	12060	9929	11269	13498	9712
1983	14141	13675	18127	15065	17255	20459	15016
1984	17349	16710	22167	18445	21477	25381	18750
1985	22992	22465	30090	24720	30015	35558	26142
1986	30929	29629	39043	32714	39406	46603	34378
1987	42502	40726	60092	46660	55073	66000	47440
1988	52986	51210	76880	58807	70854	85784	60424

1) Greitt tímakaup er laun fyrir dagvinnu að viðbættu bónusálagi.

	HLUTFALLSTÖLUR BSRB OG:			HLUTFALLSTÖLUR BHMR OG:		
	VERKAF. OG IÐNM.	SKRIFST. FÓLK	BHMR	VERKAF. OG IÐNM.	SKRIFST. FÓLK	BSRB
1976	101.0%		75.8%	133.2%		131.9%
1977	113.0%		75.8%	149.1%		131.9%
1978	117.4%		75.8%	154.8%		131.9%
1979	116.5%		75.8%	153.6%		131.9%
1980	111.7%		75.8%	147.2%		131.9%
1981	104.1%	89.7%	76.4%	136.4%	117.5%	130.9%
1982	102.2%	90.0%	76.4%	133.8%	117.8%	130.9%
1983	102.0%	89.1%	75.9%	134.5%	117.4%	131.8%
1984	101.0%	86.7%	77.3%	130.6%	112.2%	129.3%
1985	104.2%	85.8%	76.1%	137.0%	112.8%	131.5%
1986	104.9%	87.1%	77.1%	136.1%	113.0%	129.8%
1987	97.7%	82.8%	77.1%	129.5%	109.7%	132.6%
1988	94.6%	78.5%	77.3%	124.4%	103.3%	131.5%

Heimildir: Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, ýmis tölublöð.
Fréttarit kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.
Óbirt gögn Þjóðhagsstofnunar
og Launaskrifstofu ríkisins.

Ed. 1083. Nefndarálit [465. mál]

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Nefndin mætti, ásamt landbúnaðarnefnd neðri deildar, á aukafund búnaðarþings og fylgdist með umræðum um málið þar. Þá komu búfjárræktar- og jarðræktarnefndir búnaðarþings á sameiginlegan fund landbúnaðarnefnda þingsins til viðræðna um frumvarpið. Síðan hélt nefndin fund með Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, formanni búfjárræktarnefndar búnaðarþings, Bjarna Guðráðssyni í Nesi, formanni jarðræktarnefndar búnaðarþings, og Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra og á þeim fundi var farið mjög rækilega yfir frumvarpið.

Að lokinni athugun og viðræðum við áðurgreinda aðila leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Að meginhluta byggjast þær breytingar á tillögum búnaðarþings.

Með samþykkt þessa frumvarps standa eftir í gildandi búfjárræktarlögum fyrst og fremst ákvæði er taka til búfjárhalds. Þó eru enn í þeim lögum nokkur atriði sem falla undir búfjárrækt, m.a. um lausagöngu. Þau atriði verða hins vegar felld inn í væntanleg lög um búfjárrækt við endurskoðun gildandi búfjárræktarlaga og setningu nýrra laga um búfjárhald.

Nefndin telur nauðsynlegt að endurskoðun á gildandi búfjárræktarlögum verði lokið sem fyrst.

Alþingi, 6. maí 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Karvel Pálmason.
	Jón Helgason.	

Ed. 1084. Breytingartillögur [465. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Búnaðarsamband er samband búnaðarfélaga á ákveðnu svæði og eftir atvikum einnig búfjárræktarfélaga eða búgreinafélaga.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „að fenginni umsögn“ í síðari málsgrein komi: með samþykki.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Búfjárræktarnefndir skipuleggja ræktunarstarf vegna einstakra búfjártegunda fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands. Í búfjárræktarnefnd sitja fimm menn og jafnmargir til vara, kosnir til tveggja ára í senn. Búnaðarþing kýs tvo nefndarmenn úr hópi héraðsráðunauta og aðra tvo úr hópi starfandi bænda í búgreininni. Starfi búgreinasamtök, sem ná til landsins alls, hafa innan vébanda sinna að minnsta kosti ⅔ starfandi bænda í búgreininni og hafa sett sér búfjárræktarsamþykkt, kjósa þau í stað búnaðarþings tvo bændur í búfjárræktarnefnd búgreinarinnar. Fimmti fulltrúinn er landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í búgreininni (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi), tilnefndur af stjórn þess og er hann formaður nefndarinnar.
   Heimilt er að ákveða að í búfjárræktarnefnd sé tveimur fulltrúum færra en áskilið er í 1. mgr. eða tveimur fulltrúum fleira ef sérstakar ástæður mæla með. Þó skulu hlutföll haldast óbreytt milli héraðsráðunauta og bænda.
   Sé starfandi fagráð í búgrein sem bæði viðkomandi búgreinasamtök og Búnaðarfélag Íslands eru aðilar að getur Búnaðarfélag Íslands með samþykki ráðherra falið því verkefni búfjárræktarnefndar í þeirri grein.
4. Við 6. gr. D-liður orðist svo:
   Að undirbúa verk- og kostnaðaráætlanir um búfjárræktarstarfið í viðkomandi grein.
5. Við 8. gr.
   a. A-liður 2. mgr. verði b-liður, en b-liður verði a-liður.
   b. Orðin „eða fjárveitingar eru takmarkaðar“ í b-lið 2. mgr. falli brott.
   c. Á eftir orðinu „ferðakostnað“ í síðustu málsgrein bætist: héraðsráðunauta.
6. Við 9. gr. Í stað orðanna „sambærileg við laun“ í b-lið komi: jafnháum launum.
7. Við 11. gr.
   a. Í stað „0,7%“ í 2 málsl. 1. mgr. komi: 1%.
   b. Í stað orðanna „stjórn hlutaðeigandi sambands“ í lok 2. málsl. 1. mgr. komi: aðalfundur búnaðarsambands.

8. Við 12. gr.
   a. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
      Ríkissjóður greiði árlega framlag er að lágmarki jafngildir 22,5 milljónum króna á verðlagi 1988 til búfjárræktarstarfa á grundvelli búfjárræktarsamþykkta, sbr. 7. gr. Búnaðarfélag Íslands skilar verk- og kostnaðaráætlun komandi árs o.s.frv.
   b. Við bætist ný málsgrein er hljóði svo:
      Á framlög þau, er ákveðin eru í þessari grein, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands og reiknar hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.
9. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „genbankanefnd Íslands fyrir búfé“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: erfðanefnd búfjár.
   b. Í stað orðsins „genbankanefndar“ í 2. mgr. komi: nefndarinnar.
   c. Í stað orðsins „genbankanefndar“ í síðustu málsgrein komi: erfðanefndar búfjár.
10. Við 19. gr. Í stað „60–63. gr.“ komi: 60.–62. gr.
11. Fyrirsögn III. kafla orðist svo: Um verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

Ed. 1085. Lög [300. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 992.

Nd. 1086. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Frumvarpið felur í sér að orðið „landslagshönnuður“ verði lögverndað starfsheiti.

Kjartan Jóhannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Páll Pétursson.
Friðrik Sophusson.	Finnur Ingólfsson.	Benedikt Bogason.

Ed. 1087. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Eiður Guðnason.	

Sþ. 1088. Nefndarálit [470. mál]

um till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþykkja tillöguna að mestu óbreytta, en undirritaðir nefndarmenn flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Minni hl. er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að athuga það mjög vandlega hvaða möguleikar séu til þess að koma betri og hagkvæmari skipan á húsakost Alþingis heldur en nú er. Flestir virðast þó sammála um að slíkar ráðstafanir, sem mundu felast í kaupum eða leigu á auknu húsnæði, væru aðeins hugsaðar til bráðabirgða, e.t.v. sem svaraði einum áratug. Að þeim tíma liðnum telja flutningsmenn tillögunnar, þ.e. forsetar Alþingis, líklegt að hægt verði að taka í notkun hentuga nýbyggingu fyrir þá starfsemi Alþingis sem nú fer fram í sjö húsum utan Alþingishússins. Miðað við bráðabirgðaráðstafanir af þessu tagi er enn meiri ástæða til en ella að stofna ekki til óhóflegs kostnaðar.

Hugmyndin um að kaupa Hótel Borg er vissulega ein af þeim leiðum sem til greina koma í framangreindum tilgangi. Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, erum þó andvíg því að í þau kaup verði ráðist nú og án frekari athugunar.

Í fyrsta lagi er hér um dýra bráðabirgðalausn að ræða. Þó að húsið sjálft verði ekki talið dýrt, ef nota ætti til frambúðar, er það dýrt til þess að leysa mál til bráðabirgða. Auk þess er afar ólíklegt að kostnaður við breytingar og endurbætur á húsinu verði eigi meiri en 60 millj. kr. Líklegra er að sá kostnaður verði miklu meiri.

Í öðru lagi eru fleiri möguleikar til þess að leysa húsnæðisþörf Alþingis og koma hagkvæmara skipulagi á starfsemi þess. Þeir möguleikar eru a.m.k. taldir vera við Vonarstræti, Pósthússtræti og Austurstræti og e.t.v. víðar í næsta nágrenni Alþingishússins. Þessa kosti hefur ekki verið litið á, en þá þarf að athuga og bera saman kostnað, notagildi og hagkvæmni.

Í þriðja lagi hefur borgarráð Reykjavíkur lýst áhyggjum sínum yfir hugmyndum um að leggja niður hótelrekstur í miðborg Reykjavíkur með hugsanlegum kaupum Alþingis á Hótel Borg. Eðlilegt er að taka tillit til vilja borgaryfirvalda í Reykjavík, eftir því sem fært er, þótt

vafasamt sé að afstaða borgarráðs geti ráðið úrslitum ef um brýna hagsmuni Alþingis er að ræða.

Við leggjum því til að nú verði forsetum Alþingis falið að kanna hvaða möguleikar kunni að vera til þess að koma við aukinni hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis með leigu eða kaupum á húsnæði í grennd Alþingishússins og skila um það skýrslu til formanna allra þingflokka á næsta haustþingi. Þar verði gerð grein fyrir þeim kostum sem mögulegir séu og þeir bornir saman m.a. með tilliti til stofnkostnaðar, hagkvæmni í rekstri og notagildis. Enn fremur hvað af núverandi húsnæði Alþingis megi rýma og hvernig ýmsir kostir gætu haft áhrif á starfshætti í sjálfu Alþingishúsinu.

Hér er lagt til að Alþingi vandi vinnubrögð varðandi sín eigin húsnæðismál. Við lýsum andstöðu við að flaustrað sé ákvörðunum um kaup á Hótel Borg án þess að aðrir kostir séu athugaðir. Eigi verður séð að þessum málum verði stefnt í nokkra hættu, nema síður sé, þótt ákvörðun dragist til haustþingsins. Vafasamt er einnig að um nokkra frestun málsins sé að ræða í raun því að í fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir neinu fé til kaupa á húsnæði fyrir Alþingi eða til breytinga og endurbóta á slíku húsnæði.

Við undirrituð leggjum því til að mál þetta verði afgreitt á þann hátt að tillögugreininni verði breytt eins og fram kemur í breytingartillögum okkar á þskj. 1089.

Alþingi, 7. maí 1989.

Pálmi Jónsson, frsm. Alexander Stefánsson. Málmfríður Sigurðardóttir.

Egill Jónsson.

Sþ. 1089. Breytingartillögur [470. mál]

við till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (PJ, AS, MálmS, EgJ).

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að kanna hvaða möguleikar eru til aukinnar hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis og skila um það skýrslu til formanna allra þingflokka á næsta haustþingi.

   Í skýrslunni skal koma fram:

   1. Möguleikar á leigu eða kaupum á húsnæði í grennd við Alþingishúsið.
   2. Áætlun um kostnað í hverju tilviki fyrir sig.
   3. Áætlun um nýtingu húsnæðis sem tekið kynni að vera á leigu eða keypt.
   4. Hvað af núverandi húsnæði Alþingis megi láta af hendi.
   5. Áætlun um kostnað við breytingar á Alþingishúsinu í þeim tilgangi að bæta starfsaðstöðu þingmanna og starfsfólks.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um könnun á húsnæðismálum Alþingis.

Ed. 1090. Nefndarálit [373. mál]

um frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Karvel Pálmason.	Jón Helgason.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Nd. 1091. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Pál A. Pálsson yfirdýralækni.

Nefndin mælir með samþykki frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru gerðar að höfðu samráði við yfirdýralækni.

Alþingi, 8. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
Pálmi Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Þórður Skúlason.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 1092. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982 og l. nr. 61/1985, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu.
2. Upphaf 2. gr. orðist svo:
   5. gr. laganna, sbr. 2. gr. l. nr. 61/1985, orðist svo:
   Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn o.s.frv.

Ed. 1093. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Margrét Frímannsdóttir.
Stefán Guðmundsson.	Guðmundur Ágústsson.	Jón Helgason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 1094. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Margrét Frímannsdóttir.
Stefán Guðmundsson.	Guðmundur Ágústsson.	Jón Helgason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 1095. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með þeim eindregnu tilmælum að hún styðji og vinni að þeim athyglisverðu ályktunum sem þar koma fram, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Alþingi, 8. maí 1989.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Kristín Einarsdóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Jón Kristjánsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 1096. Nefndarálit [420. mál]

um till. til þál. um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 8. maí 1989.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Kristín Einarsdóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Jón Kristjánsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 1097. Frumvarp til laga [465. mál]

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

I. KAFLI

Um tilgang laganna og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja framfarir við ræktun búfjár í landinu til hagsbóta fyrir bændur og neytendur búfjárafurða. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við ræktunarstarfið svo sem lögin tilgreina.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Búfjárræktarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem stofnað er um ræktun ákveðinnar búfjártegundar.

Búfjárræktarsamband er samtök búfjárræktarfélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinafélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem allir stunda sömu búgrein.

Búgreinasamband er samtök búgreinafélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinasamtök eru landssamtök búgreinafélaga eða búgreinasambanda í ákveðinni búgrein.

Búnaðarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði, oftast einum hreppi, óháð hvers konar búrekstur þeir stunda.

Búnaðarsamband er samband búnaðarfélaga á ákveðnu svæði og eftir atvikum einnig búfjárræktarfélaga eða búgreinafélaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Um skipan búfjárræktar.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með framkvæmd búfjárræktarmála svo sem segir í lögum þessum. Það hefur yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt sem styrkt er af opinberu fé, samræmir hana og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar samkvæmt ákvæðum laganna.

Ráðherra getur, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara, að einhverju eða öllu leyti, með þau verkefni sem ákveðin eru í lögum þessum og snerta viðkomandi búgrein.

5. gr.

Búfjárræktarnefndir skipuleggja ræktunarstarf vegna einstakra búfjártegunda fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands. Í búfjárræktarnefnd sitja fimm menn og jafnmargir til vara, kosnir til tveggja ára í senn. Búnaðarþing kýs tvo nefndarmenn úr hópi héraðsráðunauta og aðra tvo úr hópi starfandi bænda í búgreininni. Starfi búgreinasamtök, sem ná til landsins alls, hafa innan vébanda sinna að minnsta kosti ⅔ starfandi bænda í búgreininni og hafa sett sér búfjárræktarsamþykkt, kjósa þau í stað búnaðarþings tvo bændur í búfjárræktarnefnd búgreinarinnar. Fimmti fulltrúinn er landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í búgreininni (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi), tilnefndur af stjórn þess og er hann formaður nefndarinnar.

Heimilt er að ákveða að í búfjárræktarnefnd sé tveimur fulltrúum færra en áskilið er í 1. mgr. eða tveimur fulltrúum fleira ef sérstakar ástæður mæla með. Þó skulu hlutföll haldast óbreytt milli héraðsráðunauta og bænda.

Sé starfandi fagráð í búgrein sem bæði viðkomandi búgreinasamtök og Búnaðarfélag Íslands eru aðilar að getur Búnaðarfélag Íslands með samþykki ráðherra falið því verkefni búfjárræktarnefndar í þeirri grein.

6. gr.

Hlutverk búfjárræktarnefnda eru m.a. eftirfarandi:

a. að móta ræktunarstarfið, þar með talið rekstur ræktunarstöðva, skýrsluhald, búfjár- og afurðadómar, val kynbótagripa og önnur viðfangsefni er stuðlað geta að framförum í viðkomandi grein,
b. að gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja,
c. að vera þeim, sem annast leiðbeiningar, rannsóknir, kennslu og búfjárvernd, til ráðuneytis um það sem lýtur að viðkomandi búfjártegund,
d. að undirbúa verk- og kostnaðaráætlanir um búfjárræktarstarfið í viðkomandi grein.

7. gr.

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt, búfjárræktarsamþykkt, um tilhögun búfjárræktar á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem vænlegast þykir til árangurs, taka fram:

a. að búfjárrækt á sambandssvæðinu lúti stjórn búnaðarsambandsins,
b. að verkefni búnaðarsambands á sviði ræktunar einstakra búfjártegunda séu falin búfjárræktarsamböndum eða búfjárræktarfélögum,

c. að framkvæmd búfjárræktarmála sé falin búgreinafélögum eða búgreinasamböndum enda hafi þau ræktun búfjár á stefnuskrá sinni.
Nánar skal kveðið á um búfjárræktarsamþykktir í reglugerð.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsambönd annast leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt.

Leiðbeiningarþjónusta í búfjárrækt, sem styrks nýtur af opinberu fé, skal vera svo sem hér segir:

a. Landsráðunautar í búfjárrækt skulu vera í öllum búgreinum sem stundaðar eru af bændum í landinu. Enn fremur skal Búnaðarfélag Íslands veita leiðbeiningar í æðarrækt. Heimilt er að störf landsráðunauta séu hlutastörf ef umfang viðkomandi búgreinar krefst ekki heillar stöðu. Landbúnaðarráðherra ákvarðar fjölda landsráðunauta að fengum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
b. Ráðunautar búnaðarsambanda (héraðsráðunautar). Stjórn Búnaðarfélags Íslands gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um skiptingu þeirra á milli búnaðarsambanda eða samtaka þeirra á grundvelli tillagna hinna einstöku búfjárræktarnefnda.

Hlutverk ráðunauta er að veita faglegar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu búfjár og hvetja til framfara í framleiðslu búfjárafurða, m.a. með kynningu á niðurstöðum rannsókna og annarra nýjunga sem að gagni geta orðið í ræktunarstarfinu.

Ráðunautar skulu hafa kandidatspróf í búfræði eða sambærilega menntun.

Óheimilt er að fela landsráðunaut framkvæmdastjórn búfjárræktarsambands eða búgreinasamtaka eða önnur störf sem ekki teljast til faglegra leiðbeininga eða ráðgjafar fyrir viðkomandi bændur.

Ríkissjóður greiðir kostnað við störf landsráðunauta en 65% af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun og starfssvið ráðunauta, svo og um launakjör og ferðakostnað héraðsráðunauta, sem þátttaka ríkissjóðs skal miðuð við, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé svo sem hér segir:

a. Með greiðslu allt að helmingi stofnkostnaðar einnar ræktunarstöðvar fyrir hverja búfjártegund enda þjóni hún öllum bændum í viðkomandi grein.

Með ræktunarstöð er átt við: sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi eða stofnræktarbú til ræktunar verðmætra búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.

Heimilt er að hafa ræktunarstöðvar fleiri en eina fyrir hverja grein, enda liggi fyrir sérstakar ástæður sem landbúnaðarráðherra metur gildar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Nýta skal aðstöðu á búum ríkisins í þessum tilgangi eftir því sem hún leyfir.

b. Með greiðslu 65% af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, jafnháum launum héraðsráðunauta, og 65% af launum fastráðins aðstoðarfólks, jafnháum launum frjótækna.
c. Með greiðslu 65% af launum frjótækna. Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda þeirra og viðmiðun um launakjör með sama hætti og segir í 8. gr., að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir varðandi greiðslur til afleysingarmanna frjótækna vegna orlofa og veikinda.

Til stofnunar ræktunarstöðvar þarf samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra setur reglugerð um hverja slíka stöð, að fengnum tillögum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við stofnun og rekstur sóttvarnarstöðva vegna innflutnings búfjár og erfðaefnis.

Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda slíkra stöðva, umfang í starfsemi þeirra og gerir áætlun um rekstur stöðvanna í samráði við búfjárræktarnefnd viðkomandi búgreinar.

11. gr.

Vegna sæðinga mjólkurkúa er búnaðarsamböndum eða öðrum, er reka sæðingarstöðvar, heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbú. Gjaldið má að hámarki nema 1% af grundvallarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma og ákvarðar aðalfundur búnaðarsambands upphæð gjaldsins hverju sinni. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa samböndum skil á því mánaðarlega, enda hafi stjórnir þeirra tilkynnt búunum fyrir 1. desember að hve miklu leyti þær óski að nota þessa heimild á næsta ári.

Greiða skal úr ríkissjóði styrk vegna sæðinga mjólkurkúa er nemur 95,00 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Skal styrk þessum varið til að jafna flutningskostnað sæðis og ferðakostnað frjótækna á milli sambandssvæða. Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig styrk þessum skuli ráðstafað, svo og hvernig árleg verðlagsuppbót á hann skuli ákveðin.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrslna búfjár að hámarki fimm ársverk. Búnaðarfélag Íslands ákveður skiptingu þessara ársverka milli búgreina ef þörf krefur.

Ríkissjóður greiði árlega framlag er að lágmarki jafngildir 22,5 milljónum króna á verðlagi 1988 til búfjárræktarstarfa á grundvelli búfjárræktarsamþykkta, sbr. 7. gr. Búnaðarfélag Íslands skilar verk- og kostnaðaráætlun komandi árs til landbúnaðarráðherra fyrir gerð fjárlaga hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Landbúnaðarráðuneyti skal, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, tilkynna skiptingu framlaga milli búnaðarsambanda og búgreina í síðasta lagi sex vikum eftir samþykkt fjárlaga.

Á framlög þau, er ákveðin eru í þessari grein, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands og reiknar hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

13. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að gefa búfjáreigendum kost á dómum á búfé og/eða sérstöku mati á búfjárafurðum eða úrvalsgripum með reglulegu millibili, þó eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Hlutaðeigandi búfjárræktarnefndir setja reglur um fyrirkomulag dóma og mats.

Ráðunautar skulu gegna dóms- og matsstörfum. Kostnaður að frátöldum launa- og ferðakostnaði ráðunauta skal greiddur af þeim samböndum eða félögum sem í hlut eiga, sbr.

6. gr. Heimilt er þeim aðilum, sem standa fyrir sýningum, að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá samþykktri af ráðherra af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllu[illegible] gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

III. KAFLI

Um verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

14. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis. Áður en heimilaður er útflutningur samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið leita álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis á fyrirhuguðum útflutningi.

Sambönd og félög skv. 7. gr. skulu eiga forkaupsrétt á því verði, sem tilgreint er í umsókn um útflutningsleyfi, að þeim kynbótadýrum sem Búnaðarfélag Íslands telur óæskilegt að flutt verði úr landi.

15. gr.

Mynda skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, er veiti styrki og lán til þess að kaupa kynbótagripi sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Kaupendur tímgunarhæfs búfjár, sæðis eða fósturvísa til útflutnings skulu greiða í sjóðinn allt að 20% af kaupverði þessa samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer búfjárræktarnefnd með stjórn hlutaðeigandi deildar.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um upphæð stofnverndargjalda, innheimtu, vörslu og ráðstöfun fjár stofnverndarsjóðs að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum frá Búnaðarfélagi Íslands, búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun og Veiðimálastofnun. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera;

a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytile[illegible]g þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,
b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrý[illegible]ingarhættu að mati nefndarinnar.

Kostnaður vegna verndunaraðgerða greið[illegible] úr ríkissjóði.

Nánar skal kveðið á um starfsemi erfðane[illegible]dar búfjár í reglugerð, að fengnum tillögum þeirra stofnana sem aðild eiga að henni.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–12. gr., 14.–18. gr., 20.–30. gr., 34.–37. gr., 39.–47. gr. og 60.–62. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, með síðari breytingum, og lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

Nd. 1098. Frumvarp til laga [374. mál]

um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Þá skal verja sjóðnum í upphafi til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Sérstakur eignarskattur, sbr. 3.–6. gr.
2. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum.
4. Gjafir.

Tekjur sjóðsins skulu jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.

Sjóðnum er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvæðum í fjárlögum og lánsfjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Sérstakur eignarskattur, er rennur til sjóðsins, sbr. 2. gr., skal frá og með gjaldárinu 1990 lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og skal hann vera þannig:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 4.250.000. kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1990 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1990. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.
b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan samkvæmt ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

4. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

5. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

6. gr.

Með sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum skal fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts persónuafsláttar skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin er þannig skipuð: Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins, formaður og varaformaður fjárveitinganefndar Alþingis, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðuneytinu og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.

8. gr.

Sjóðsstjórn ákveður framlög úr sjóðnum í byrjun hvers árs þegar fjárlög hafa verið samþykkt.

Stjórnin lætur vinna áætlun um verkefni sjóðsins til fimm ára og endurskoðar hana árlega. Skal slík áætlun kynnt Alþingi ár hvert við undirbúning fjárlaga.

9. gr.

Um framkvæmdir, sem kostaðar eru af sjóðnum, skal fara samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Kostnaður við rekstur sjóðsins, þar á meðal þóknun stjórnarmanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra, greiðist af fé sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin falla úr gildi 31. desember 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til byggingu Þjóðarbókhlöðu er lokið skal sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum þessum renna til þeirrar framkvæmdar eftir því sem þörf krefur.

Nd. 1099. Lög [461. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 955.

Nd. 1100. Breytingartillögur [374. mál]

við frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Geir H. Haarde og Ólafi G. Einarssyni.

1. 1. málsl. 1. gr. orðist svo: Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af byggingarkostnaði menningarbygginga, kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafns og samkvæmt tillögum þess.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og aðrar menningarbyggingar.

Ed. 1101. Nefndarálit [393. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og fékk til viðræðna um það Þór Halldórsson, yfirlækni á Landspítalanum, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Ásgeir Jóhannesson frá Sunnuhlíðarsamtökunum, séra Sigurð H. Guðmundsson, Skjóli, Guðrúnu Gísladóttur, Grund, Pétur Sigurðsson, Hrafnistu, og Árna Sigfússon, formann félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar. Þá starfaði Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, með nefndinni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin hefur í breytingartillögum sínum haft hliðsjón af ábendingum frá þeim aðilum sem komið hafa á fund nefndarinnar auk þess sem gerðar hafa verið breytingar í samræmi við óskir sem fram komu á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Öldrunarráðs Íslands um heimaþjónustu sem haldin var 5. maí sl.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 8. maí 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason.	Stefán Guðmundsson.	Margrét Frímannsdóttir.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Ed. 1102. Breytingartillögur [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr.
   Við seinni málsgrein bætist: og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað 1.–3. mgr. komi:
   Stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðvar skulu tilnefna fulltrúa í sérstaka undirnefnd, öldrunar-

nefnd. Í öldrunarnefnd skulu aldrei vera fleiri en sjö, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar (heilbrigðismálaráði í Reykjavík), hinir frá viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir velja nefndinni formann.

b. Upphaf 4. mgr., er verður 2. mgr., orðist svo:

Öldrunarnefnd annast eftirtalin verkefni og gerir tillögur þar að lútandi til stjórnar heilsugæslustöðvar (í Reykjavík heilbrigðismálaráðs) og félagsmálaráða eða félagsmálanefnda.

c. Orðin „til viðkomandi sveitarstjórnar“ í 3. tölul. 4. mgr. falli brott.

d. Orðin „65 ára og eldri“ í 5. mgr. falli brott.

e. Síðari málsliður 6. mgr. orðist svo: Þá getur öldrunarnefnd og ákveðið að gefa fulltrúum félaga á starfssvæðinu, sem starfa í þágu aldraðra, kost á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

3. Við 6. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Þar sem það þykir hentugra geta sveitarstjórnir ákveðið að fela þjónustuhópi aldraðra hlutverk öldrunarnefndar á starfssvæðinu.

b. Orðin „65 ára og eldri“ í 3. mgr. falli brott.

4. Við 7. gr. Á eftir orðunum „að gefa“ í síðustu málsgrein bætist: félögum, sem starfa í þágu aldraðra, og.

5. Við 17. gr. Síðari hluti síðasta málsliðar 2. tölul., frá orðinu „íbúðahverfi“, falli brott.

6. Við 18. gr.

a. Í stað orðsins „Hjúkrunardeildir“ í upphafi 1. málsl. 2. tölul. komi: Hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum.

b. Í stað orðsins „hjúkrunardeildum“ í upphafi 2. málsl. 2. tölul. komi: hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum.

c. Í stað orðsins „hjúkrunardeildir“ í síðasta málslið 2. tölul. komi: hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum.

d. Í stað orðsins „sjúkradeild“ í síðasta málsliðar 2. tölul. komi: sjúkrahús.

7. Við 20. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Jafnframt skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

8. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal þegar eftir gildistöku laganna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, m.a. um búnað stofnana fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

9. Við 31. gr. Við greinina bætist: Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Ed. 1103. Breytingartillaga [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá Salome Þorkelsdóttur og Guðmundi H. Garðarssyni.

Við 27. gr. Orðin „eða öllu“ í lok 2. mgr. falli brott.

Ed. 1104. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Víðtæk samstaða náðist í neðri deild um breytingar á frumvarpinu og er nefndin ásátt með þá niðurstöðu sem þar fékkst. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1007 með einni smávægilegri breytingu sem er leiðrétting á villu sem slæddist inn í frumvarpið. Er tillaga um það flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.	Valgerður Sverrisdóttir.

Guðmundur Ágústsson.

Ed. 1105. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Við 36. gr. Í stað „1918“ í 2. mgr. komi: 1900.

Nd. 1106. Breytingartillögur [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá Geir H. Haarde, Eggert Haukdal og Inga Birni Albertssyni.

1. Við 1. gr. B-liður falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Við 5. gr. Brott falli orðin „að undanskildum breytingum á 12., 13. og 14. gr. gildandi laga sem öðlast þegar gildi“.

Ed. 1107. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1984, hafnalögum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Hafnamálastofnun yfirtaki það verkefni sem Seðlabanki Íslands hefur annast fyrir Hafnabótasjóð.

Nefndin fékk til viðræðna um málið Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Hafnamálastofnun, Harald Andrésson frá Seðlabanka Íslands og Sigurð Þórðarson frá Ríkis-

endurskoðun. Það kom fram í viðræðum við áðurgreinda menn að enginn þeirra leggst gegn breytingu á núverandi fyrirkomulagi en þeir telja hins vegar að það þurfi að athuga betur hvaða aðili sé heppilegastur til að annast það verkefni sem hér er um að ræða. Í því sambandi var rætt um að fela verkefnið Hafnamálastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga eða öðrum aðilum.

Nefndin er hlynnt því að breyta núverandi skipan mála varðandi Hafnabótasjóð en telur í ljósi ábendinga að athuga þurfi nánar hvernig heppilegast sé að koma slíkri skipan á og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Með nefndaráliti þessu er prentað sem fylgiskjal yfirlit yfir kostnað við rekstur Hafnabótasjóðs á árinu 1987.

Alþingi, 8. maí 1989.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Egill Jónsson.
Jón Helgason.	Skúli Alexandersson.	Stefán Guðmundsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Fylgiskjal.

Hafnabótasjóður.
Kostnaður 1987.

Launakostnaður greiddur Seðlabanka.

Föst laun	986.900	
Föst yfirvinna	33.100	
Önnur yfirvinna	426.300	
Ökustyrkir	36.700	
Launatengd gjöld	166.600	
		1.649.600
Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o.fl., greitt Seðlabanka		625.700
Prentun, pappír		56.240
		2.331.540

Ed. 1108. Lög [373. mál]

um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1023.

Ed. 1109. Lög [410. mál]

um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 770.

Ed. 1110. Lög [407. mál]

um breyting á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 767.

Ed. 1111. Lög [422. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 782.

Ed. 1112. Frumvarp til laga [393. mál]

um málefni aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf.

I. KAFLI

Skipulag öldrunarþjónustu.

2. gr.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á sviði öldrunarmála skulu vera m.a.:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.

3. gr.

Skipa skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra til fjögurra ára í senn frá 1. janúar 1990.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Heilbrigðisráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.
2. Að vera heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
3. Að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum.
4. Að skera úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkvæmt lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðisráðherra.

5. gr.

Stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðvar skulu tilnefna fulltrúa í sérstaka undirnefnd, öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd skulu aldrei vera fleiri en sjö, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar (heilbrigðismálaráði í Reykjavík), hinir frá viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir velja nefndinni formann.

Öldrunarnefnd annast eftirtalin verkefni og gerir tillögur þar að lútandi til stjórnar heilsugæslustöðvar (í Reykjavík heilbrigðismálaráðs) og félagsmálaráða eða félagsmálanefnda.

1. Að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæðinu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu starfssvæðisins, sbr. III. kafla þessara laga.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. og 30. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Kostnaður, sem kann að verða af starfi öldrunarnefndar, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hún nær til í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

Þegar málefni einstakra öldrunarstofnana á starfssvæði öldrunarnefndar eru til umfjöllunar skal nefndin gefa fulltrúa viðkomandi stofnunar kost á að sitja fundinn. Þá getur öldrunarnefnd og ákveðið að gefa fulltrúum félaga á starfssvæðinu, sem starfa í þágu aldraðra, kost á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

6. gr.

Á starfssvæði hverrar öldrunarnefndar skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það þykir hentugra geta sveitarstjórnir ákveðið að fela þjónustuhópi aldraðra hlutverk öldrunarnefndar á starfssvæðinu.

Kostnaður, sem verða kann af starfi þjónustuhóps aldraðra, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hann nær til í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsliðs heilsugæslustöðva(r) starfssvæðisins og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélags(a) á starfssvæðinu.

Í þjónustuhópi aldraðra skulu starfa fjórir. Í hópnum sé læknir með sérmenntun á sviði heimilislækninga, lyflækninga eða öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tveir starfsmenn félagslegrar þjónustu í sveitarfélögum á starfssvæði hópsins. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi ef unnt er.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Oddviti hópsins skal kalla hópinn saman.

Þjónustuhópur aldraðra getur ákveðið að gefa félögum, sem starfa í þágu aldraðra, og öldrunarstofnunum á starfssvæðinu kost á að koma sér saman um einn fulltrúa sem yrði áheyrnarfulltrúi á fundum hópsins.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu, sbr. 18. og 19. gr.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem stofnaður var með lögum nr. 49 29. maí 1981, hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og að byggingu húsnæðis fyrir aldraða.

10. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2500 kr. á hvern gjaldanda árið 1989 (byggingarvísitala 124,9). Fjárhæð gjaldsins er heimilt að breyta árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri, svo og þeir sem hafa tekjur undir 530.190 kr. á árinu 1988. Tekjuviðmiðun er heimilt að breyta í samræmi við breytingar á skattvísitölu. Skattstjóri skal einnig fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og um innheimtu eignarskatts.
2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 4. gr. Þegar samstarfsnefnd um málefni aldraðra fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

12. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra, og hjúkrunarrýmis fyrir aldraðra, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga og endurbóta sem nauðsynlegar eru á eldra húsnæði fyrir aldraða eða leiða af ákvæðum þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Önnur verkefni sem stjóðstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir.

13. gr.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer samkvæmt lögum nr. 63 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra.

III. KAFLI

Heimaþjónusta.

15. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Eftir því sem kostur er skulu sveitarfélög þau, sem standa saman að öldrunarnefnd, sameinast um rekstur heimaþjónustu aldraðra á starfssvæðinu.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð sem veitt er á heimili aldraðra og er hún tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu, svo sem læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum, sem er í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu, svo sem aðstoð við heimilisstörf og innkaup, félagsráðgjöf og heimsending matar, sem er í höndum félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila, sem sveitarfélög semja við.

Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar, þegar þess er þörf.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu skulu skipulagðir af viðkomandi sveitarfélögum að fengnum tillögum öldrunarnefndar og þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu.

IV. KAFLI

Fyrirkomulag öldrunarþjónustu.

17. gr.

Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta aldraðra, sbr. III. kafla.
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem bjóða upp á aðstöðu til tómstundavinnu og skipulegs félagsstarfs. Þjónustumiðstöð getur starfað sjálfstætt eða í tengslum við dagvist aldraðra, sbr. 3. tölul. 17. gr., sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir, sbr. 4. tölul. 17. gr., stofnanir aldraðra, sbr. 18. gr. eða heilsugæslustöð. Leitast skal við að þjónustumiðstöðvar séu sem næst öðrum þjónustukjörnum en þó dreifðar um íbúðahverfi.
3. Dagvist aldraðra telst sú starfsemi sem býður a.m.k. upp á eftirtalda þjónustu: flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, tómstundaiðju, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Einstaklingar, sem þurfa á dagvist að halda,

geta sótt hana daglega eða ákveðna daga. Dagvist getur verið rekin sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi, t.d. þjónustumiðstöð aldraðra, sbr. 2. tölul. þessarar greinar, sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða, sbr. 4. tölul. þessarar greinar, eða stofnanir fyrir aldraða skv. 18. gr.

4. Sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða. Þar skal vera völ á sömu þjónustu og um getur í 1. tölul. 18. gr., annaðhvort í húsnæðinu sjálfu eða næsta nágrenni.

18. gr.

Stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum er:

1. Þjónustuhúsnæði aldraðra sem getur verið tvenns konar: Íbúðir og dvalarheimili, hvoru tveggja sérhannað fyrir þarfir aldraðra og ætlað þeim öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þar skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Aðstaða skal vera fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr.
2. Hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili eru ætluð öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnæði aldraðra, sbr. 1. tölul. Á hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og hlýleg. Aðstaða skal vera fyrir aldraða sjúklinga með heilabilunareinkenni. Eftir því sem kostur er skulu hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimili vera í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða sjúkrahús eftir aðstæðum í hverju tilviki.

19. gr.

Stjórn dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 18. gr. ákveða um vistun fólks á stofnuninni enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Enginn má vistast til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra, eða öldrunarnefndar, þar sem þær sinna hlutverki þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun.

Í reglugerð skal setja reglur um vistunarmat og framkvæmd þess.

20. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 17. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðisráðherra.

Áður en framkvæmdir hefjast við sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra, sbr. 4. tölul. 17. gr., skal afla samþykkis heilbrigðisráðuneytis á teikningum. Jafnframt skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Beiðni um framkvæmdaleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður. Beiðninni skal og fylgja umsögn öldrunarnefndar á því starfssvæði sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og héraðslæknis.

21. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 18. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi til heilbrigðisráðherra.

Umsókn um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Heilbrigðisráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 18. gr., skipa stjórn stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði 30. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða, með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan þriggja ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað er felast í 18. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI

Kostnaður við öldrunarþjónustu.

24. gr.

Þeir, sem þjónustu dagvistar njóta, skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni, að hámarki sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

25. gr.

Íbúar í sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum, sbr. 4. tölul. 17. gr., greiða sjálfir þá þjónustu, sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 29. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

26. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða, skv. 18. gr., þ.e. þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými, greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 27. gr.

27. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 11.000 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 11.000 kr., skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

28. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 18. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

29. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta með gjaldskrá ákveðið þátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þau veita.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði

30. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal þegar eftir gildistöku laganna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, m.a. um búnað stofnana fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Þó skal 1. tölul. 10. gr. öðlast gildi þegar í stað. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 91 31. desember 1982, með síðari breytingum. Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Sþ. 1113. Skýrsla [503. mál]

um tryggingar Landsbanka Íslands vegna skulda Sambands íslenskra samvinnufélaga, samkvæmt beiðni Guðmundar H. Garðarssonar o.fl., tekin saman af Ríkisendurskoðun að ósk forseta sameinaðs Alþingis.

Með bréfi dags. 6. þ.m. er Ríkisendurskoðun send beiðni um skýrslu um tryggingar Landsbanka Íslands vegna skulda Sambands ísl. samvinnufélaga, sbr. þskj. 1068.

Enda þótt Ríkisendurskoðun hafi, sbr. lög nr. 12/1986, fullan aðgang að öllum gögnum Landsbanka Íslands var stjórn bankans og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands skrifað bréf og beðið um upplýsingar varðandi málið. Svör þessara aðila eru á fskj. I–II.

Ríkisendurskoðun er sammála því sjónarmiði er fram kemur í bréfunum að óheimilt sé að skýra opinberlega frá stöðu einstakra viðskiptavina bankans. Við endurskoðun á ársreikningi Landsbanka Íslands fyrir árið 1988, en Ríkisendurskoðun er aðili að þeirri endurskoðun, var ekki gerð athugasemd vegna trygginga bankans fyrir skuldum Sambands ísl. samvinnufélaga.

Með bréfi þessu telur Ríkisendurskoðun sig svara þeirri beiðni er fram kemur á þskj. 1068, að svo miklu leyti sem heimilt er.

Halldór V. Sigurðsson.

Sig. Þórðarson.

Fylgiskjal I.

Bréf bankaeftirlits Seðlabanka Íslands til Ríkisendurskoðunar.
(8. maí 1989.)

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur móttekið bréf yðar, dags. 8. þ.m., þar sem Ríkisendurskoðun óskar eftir því að bankaeftirlitið veiti stofnuninni þær upplýsingar, ef fyrir

hendi eru, er varða viðskipti Landsbanka Íslands og Sambands ísl. samvinnufélaga. Er sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort fullnægjandi tryggingar séu fyrir hendi hjá bankanum vegna viðskipta hans við Samband ísl. samvinnufélaga að mati bankaeftirlitsins. Ósk yðar er sett fram vegna beiðni níu alþingismanna um skýrslu Ríkisendurskoðunar um tryggingar Landsbanka Íslands vegna skulda Sambands ísl. samvinnufélaga sem lögð var fram á Alþingi, þskj. 1068. Í bréfi yðar er vísað til laga um Seðlabanka Íslands sem fjalla m.a. um hlutverk bankaeftirlitsins.

Á grundvelli IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, gerði bankaeftirlitið á árinu 1988 sérstaka athugun á nokkrum þáttum í rekstri og efnahag Landsbanka Íslands miðað við stöðu efnahagsliða pr. 31.12.1987. Meðal þess sem athugað var sérstaklega voru lánveitingar bankans til stærstu lánþega hans og greiðslustryggingar vegna þeirra lána. Athugun var gerð á grundvelli upplýsinga frá Landsbankanum með tilvísun til lánareglna bankans sem settar eru á grundvelli 21. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Meðal þeirra lánþega, sem féllu undir athugun bankaeftirlitsins, var Samband ísl. samvinnufélaga. Upplýsingar Landsbankans og mat á tryggingum vegna viðskiptanna við þann lánþega gáfu þá ekki tilefni til athugasemda af hálfu bankaeftirlitsins.

Að gefnu tilefni, vegna framangreindrar fyrirspurnar, vill bankaeftirlitið ítreka sérstaklega ákvæði 38. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, um þagnarskyldu starfsmanna bankans. Að öðru leyti en því sem leiðir af tilvitnuðu ákvæði getur bankaeftirlitið ekki veitt upplýsingar um málefni sem falla undir eftirlit þess samkvæmt lögum.

Virðingarfyllst,

Þórður Ólafsson. *Jóhann Albertsson.*

Fylgiskjal II.

Bréf Landsbanka Íslands til Ríkisendurskoðunar.
(8. maí 1989.)

Vegna bréfs yðar, dags. í dag, vill Landsbanki Íslands taka fram að hann telur sér óheimilt, með vísun til laga, að gera heyrinkunna stöðu einstakra viðskiptavina við bankann.

Hins vegar er bankinn að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða við Ríkisendurskoðun um hvaðeina er bankann varðar og í framhaldi af því gefa henni allar upplýsingar sem hún kynni að óska eftir.

Virðingarfyllst,

Sverrir Hermannsson. *V. Arnþórsson.*

Ed. 1114. Frumvarp til þjóðminjalaga. [188. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1007 með þessari breytingu:

36. gr. hljóðar svo:

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1900, að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

Nd. 1115. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Lífeyrissjóðunum er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum sbr. IV. kafla laganna um húsbréfaviðskipti. Í reglugerð skal í samráði við lífeyrissjóðina setja nánari ákvæði um skiptingu skuldabréfakaupanna til tveggja ára í senn.

2. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, IV. kafli, með 19 nýjum greinum, 50.–68. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Húsbréfaviðskipti.** Núverandi IV.–IX. kafli verði V.–X. kafli með samsvarandi breytingum greinanúmera. Hinn nýi IV. kafli orðast svo:

a. (50. gr.)

Við Byggingarsjóð ríkisins er heimilt að stofnsetja og starfrækja sérstaka húsbréfadeild. Um hlutverk hennar og yfirstjórn fer eins og greinir í lögum þessum.

b. (51. gr.)

Yfirstjórn húsbréfadeildar er í höndum húsnæðismálastjórnar en sérstakur forstöðumaður fer með daglega stjórn deildarinnar og hefur umsjón með fjárhag hennar.

c. (52. gr.)

Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Við gerð fjárhagsáætlunar Byggingarsjóðs ríkisins hvert ár skal sett til hliðar fjárhæð til að mæta rekstrarkostnaði húsbréfadeildarinnar og öðrum útgjöldum.

d. (53. gr.)

Hlutverk húsbréfadeildar er:

a. Að gefa út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, hér eftir nefnd húsbréf, og með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.
b. Að skipta á húsbréfum og veðskuldabréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti eða nýbyggingar, sbr. c-lið 2. mgr. 54. gr.
c. Að stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði.

e. (54. gr.)

Húsbréfadeild setur ákveðnar viðmiðunarreglur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt getur húsbréfadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

Við skipti á húsbréfum gegn fasteignaveðbréfum skv. b-lið 53. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

a. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
b. Greiðslugetu skuldara.
c. Verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjustu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við viðskiptabanka og fjármálastofnanir um að annast mat skv. b- og c-liðum þessarar greinar og hafa með höndum samskipti skuldara fasteignabréfa við deildina. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast mat skv. a-lið.

f. (55. gr.)

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum frá húsnæðismálastjórn.

g. (56. gr.)

Húsbréfadeild skal gæta þess í starfsemi sinni að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbréfa standist á þannig að jafnvægi sé á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjársteymi fram í tímann.

h. (57. gr.)

Byggingarsjóður ríkisins innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða á um fyrirkomulag þetta í reglugerð.

i. (58. gr.)

Heimilt er skuldurum fasteignaveðbréfa að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er húsbréfadeildinni heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. ákvæði 57. gr.

j. (59. gr.)

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur verðtryggðra lána bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbréfa fer eftir almennum lögum.

k. (60. gr.)

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 25 ár. Húsbréfadeild getur áskilið sér að einungis verðtryggð skuldabréf séu gjaldgeng í skiptum fyrir húsbréf. Heimilt er ráðherra að kveða nánar um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

l. (61. gr.)

Skipta má fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 65% af eðlilegu matsverði fasteignar samkvæmt reglum sem húsbréfadeild setur og byggjast á

viðmiðun á markaðsverði, brunabótamati og byggingarkostnaði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda, þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar eignar.

m. (62. gr.)

Húsbréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Húsbréfadeild gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

n. (63. gr.)

Húsbréfadeild skal stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði. Í því skyni skal deildin leita eftir samstarfi við banka, lífeyrissjóði og aðra aðila á fjármagnsmarkaði. Jafnframt er Byggingarsjóði ríkisins heimilt að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að stuðla að jafnvægi á markaðinum.

o. (64. gr.)

Húsbréfadeild skal beita sér fyrir því að húsbréfaflokkar verði skráðir á opinberu verðbréfaþingi, þannig að daglega sé til skrá yfir viðskipti þar sem fram komi kaup- og sölugengi húsbréfa. Húsbréfadeild skal sjá um að slíkar upplýsingar séu birtar reglulega.

p. (65. gr.)

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum og aðgengilega nýjustu skráningu á gengi húsbréfa fyrir viðskiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söluverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma á framfæri opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði. Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þeir annast jafnharðan til þess verðbréfaþings sem annast skráningu húsbréfa skv. 64. gr.

q. (66. gr.)

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989. Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

r. (67. gr.)

Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá um gengi húsbréfa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem varða þau.

s. (68. gr.)

Húsbréf, sem gefin eru út samkvæmt þessum kafla, svo og vextir af þeim og verðbætur, eru undanþegin skattlagningu á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. nóvember 1989, að undanskildum breytingum á 12., 13. og 14. gr. gildandi laga sem öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fá þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989 og eiga lánsrétt samkvæmt ákvæðum 12. og 14. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.
2. Ákvæði b-liðar 53. gr. um heimild til að skipta á húsbréfum og veðskuldabréfum vegna nýbygginga er fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna.
3. Tveimur árum eftir gildistöku laganna skal gerð úttekt á framkvæmd þeirra.

Ed. 1116. Breytingartillaga [454. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (EG, VS, JHelg, SkA).

7. efnismgr. 10. gr. orðist svo:

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntamálaráðherra að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til.

Ed. 1117. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Halldór Blöndal var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Valgerður Sverrisdóttir. | Skúli Alexandersson.

Jón Helgason.

Ed. 1118. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 839 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990. Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

47. gr. hljóðar svo:

Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 82. gr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til almenns rekstrarkostnaðar, annars en launa fastra starfsmanna, skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofa. Fjárveitingar til þessara starfa skulu við það miðaðar að unnt sé að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir samkvæmt þeim ákveða.

48. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist ný grein er verði 83. gr. og orðist svo:

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

49. gr. hljóðar svo:

Í stað 5.–10. gr. í II. kafla laganna kemur ein ný grein, sem verði 5. gr., en töluröð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal m.a. ákveða nánar um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

57. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara skal skemmtanaskatti ráðstafað í samráði við fjármálaráðherra til framkvæmda í lista- og menningarmálum og til forvarnarstarfa í áfengis- og fíkniefnamálum. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

59. gr. hljóðar svo:

2. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þau mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

60. gr. hljóðar svo:

3. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

62. gr. hljóðar svo:

6. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.

Nú hættir aðili, sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar dagvistarheimilis, rekstri þess og getur þá hlutaðeigandi sveitarfélag gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

74. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndun af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

75. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Nd. 1119. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 838 með þessari breytingu:

16. gr. hljóðar svo:

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

Nd. 1120. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982 og l. nr. 61/1985, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum yfirdýralæknis hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. l. nr. 61/1985, orðast svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn.

Ráðherra skipar þrjá dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Dýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna og er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt eftir ákvörðun ráðherra að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1121. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Við V. kafla. Kaflinn (27.–29. gr.) falli brott.
2. Við XI. kafla. Kaflinn (65.–70. gr.) falli brott.

Ed. 1122. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og kallað á sinn fund Helga H. Bergs frá Hlutafjársjóði Byggðastofnunar, Gunnar Hilmarsson frá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmund Malmquist frá Byggðasjóði, Guðmund B. Ólafsson frá Framkvæmdasjóði Íslands, Má Elísson og Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Ólaf Davíðsson frá FÍI, Þórleif Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Svein Hjört Hjartarson frá LÍÚ, Hólmgeir Jónsson og Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Benediktsson frá Félagi Sambands fiskframleiðenda, Arnar Sigurmundsson, Ágúst Elíasson og Brynjólf Bjarnason frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Friðrik Pálsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Láru V. Júlíusdóttur og Ásmund Stefánsson frá ASÍ, Þórarin V. Þórarinsson frá VSÍ og Hjört Eiríksson frá VMSS.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
	Jóhann Einvarðsson.	

Ed. 1123. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, MF, JE, VS).

1. Við 2. gr. Í stað „1. júlí 1989“ komi: 1. júní 1989.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:

   10. gr. laga nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum, orðist svo:

   Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ed. 1124. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsögn Ævars Ísbergs vararíkisskattstjóra um frumvarpið. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 9. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.

Fylgiskjal.

Bréf ríkisskattstjóra til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.
(10. apríl 1989.)

Samkvæmt beiðni formanns fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis vill ríkisskattstjóri gefa eftirfarandi umsögn um „frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum", flutt af Salome Þorkelsdóttur.

Í lögunum um húsnæðisbætur, þ.e. C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, kemur fram sú meginregla að þeir eigi rétt á húsnæðisbótum sem eru *að kaupa, byggja eða að eignast á annan hátt íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn til eigin nota.* Í milliþinganefnd, sem fjallaði um þetta mál síðla árs 1987, var tekin sú ákvörðun að skilgreining á því hvað teldist fyrsta íbúðarhúsnæði í eigu manns skyldi koma fram í reglugerð, sbr. ákvæði síðustu málsgreinar C-liðar 69. gr. laganna um þetta atriði.

Í reglugerð um húsnæðisbætur, nr. 75/1981, er í fyrsta lagi kveðið á um að hafi maður ekki átt íbúðarhúsnæði í tíu ár fyrir gildistöku reglugerðarinnar teljist hann ekki hafa átt íbúðarhúsnæði áður.

Í öðru lagi voru sett ákvæði í reglugerðina um að tveggja ára eignarhald á íbúðarhúsnæði innan framangreindra tíu ára skyldi ekki svipta mann rétti til húsnæðisbóta. Þetta ákvæði var sett í reglugerðina til þess að koma í veg fyrir að eignarhald á íbúðarhúsnæði sem varaði mjög stuttan tíma, t.d. vegna veikinda, fjárhagslegra erfiðleika, skilnaðar eða vegna annarra ófyrirséðra atvika, kæmi ekki í veg fyrir að meginmarkmið laganna næðu fram að ganga.

Í þriðja lagi voru sett ákvæði í reglugerðina um að 10% eignarhlutdeild í íbúð á umræddum tíu árum skyldi ekki teljast íbúðareign og ekki heldur 34% eignarhlutdeild í íbúð sem maður hafi eignast við gjöf eða arf. Með framangreindum ráðstöfunum er talið að náð yrði til flestra tilvika sem komið gætu í veg fyrir eðlilega framkvæmd laganna. Í frumvarpi því er um ræðir er lagt til að eignaraðild að íbúðarhúsi, sem rifið hefur verið vegna óíbúðarhæfni, teljist ekki til eignarhalds fyrstu íbúðar án tillits til þess hve lengi maður hefur átt slíkt íbúðarhúsnæði. Hafi eignarhaldstími í þessu tilviki verið innan við tvö ár fellur tilvikið innan reglna reglugerðarinnar, þó að uppfylltum öðrum atriðum sem máli skipta, en annars gildir sú meginregla að maður, sem hefur átt húsnæði lengur en tvö ár á sl. tíu árum frá útgáfu reglugerðarinnar, á ekki rétt á húsnæðisbótum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II um húsnæðisbætur, ákvarðaðar með álagningu 1988.

Það er því niðurstaða embættisins að slík breyting á C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sem hér er lögð til, sé í mótsögn við megintilgang laganna um húsnæðisbætur, þ.e. að aðeins þeir fái húsnæðisbætur sem eru að kaupa eða byggja húsnæði í fyrsta sinn til eigin nota. Sé þörf á breytingu á gildandi reglum er bent á að fremur beri að breyta reglugerð en lögum um umrætt atriði.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra,
Ævar Ísberg.

Ed. 1125. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna kjarasamninga er í samræmi við þá efnahags- og atvinnustefnu sem fylgt hefur verið og felst í hallarekstri fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum.

Frumvarpinu fylgja afrit af bréfum forsætisráðherra til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga og til Alþýðusambands Íslands. Margt er kunnugt í bréfum forsætisráðherra en um einstaka efnisþætti á það við að þeir verða ekki metnir fyrr en úr því fæst skorið hvort og hvernig úr efndum verður. Sumir af þessum minnispunktum hafa gengið aftur í öllum yfirlýsingum sem ríkisstjórnin hefur gefið í tilefni af endurteknum efnahagsaðgerðum.

Í fylgiskjali endurtekur forsætisráðherra fyrri yfirlýsingar sínar um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum. Við 1. umr. gaf forsætisráðherra yfirlýsingu um að „gengið mun að sjálfsögðu síga eitthvað á næstu vikum til þess að ná þeirri samkeppnisstöðu sem heitið er". Þá er í 1. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins fái heimild fyrir lántöku að fjárhæð 400 millj. kr. vegna frystra afurða, en ekki er ljóst hvort fyrirheit hafi verið gefið um að lánið endurgreiðist úr ríkissjóði eins og gert var sl. haust. Að öðru leyti liggur ekki fyrir hvernig rekstrarstaða sjávarútvegsins verður bætt, en hann hefur verið rekinn með verulegum halla.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra er ekki vikið sérstaklega að þeim erfiðleikum sem samkeppnisiðnaðurinn á í, en hann býr nú við minnkandi markaðshlutdeild. Er þessi þögn dæmigerð fyrir það skilningsleysi sem iðnaðurinn hefur átt að mæta í ríkisstjórninni. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að rekstrarlegt umhverfi iðnaðarins sé vel viðunandi og batnandi með hliðsjón af þeim breytingum sem nú eru að verða á helstu samkeppnismörkuðum.

Efling innlends iðnaðar er ríkur þáttur í nauðsynlegum aðgerðum til að halda uppi sómasamlegum lífskjörum og skapa svigrúm fyrir það unga fólk sem kemur inn á vinnumarkaðinn frá ári til árs.

Með frumvarpinu er lagt til að fella niður sumt af þeim sköttum sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir að lögfestir væru á jólaföstu. Það er lýsandi fyrir tregðu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum að dagsetningum á lækkun skattanna, svo sáralítil sem hún er miðað við allar hækkanirnar, er dreift fram eftir árinu eða dregnar til næsta árs. Sjálfsagt er, bæði til að koma í veg fyrir mismunun og til að valda sem minnstri röskun í atvinnulífinu, að skattalækkanir þær sem tillaga er gerð um í frumvarpinu komi til framkvæmda um leið og frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Minni hl. flytur brtt. í samræmi við það. Þótt hér sé um kákaðgerðir að ræða verða þær líklega að teljast spor í áttina. Minni hl. mun því greiða fyrir afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 10. maí 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Júlíus Sólnes.

Ed. 1126. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá Halldóri Blöndal, Júlíusi Sólnes, Danfríði Skarphéðinsdóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi og greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Endurgreiða skal gjald af erlendum lánum sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hafa þá ekki verið endurlánuð.
3. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr a-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1988.

Nd. 1127. Frumvarp til laga [506. mál]

um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðsfélaga starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hefur haft til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við umfjöllun nefndarinnar um málið hefur komið í ljós að fulltrúar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa ýmsar veigamiklar athugasemdir fram að færa við sum ákvæði frumvarpsins. Nefndin telur því ástæðu til að ríkisstjórnin láti kanna málið nánar eða því verði vísað til þeirra aðila sem hafa með heildarendurskoðun lífeyrissjóðalaga að gera. Það er hins vegar einn þáttur í frumvarpinu sem nefndin og sjóðsstjórnin eru sammála um að nauðsynlegt sé að lögfesta og sá þáttur varðar starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Starfsmenn hljómsveitarinnar hafa árum saman átt aðild að sjóðnum en á síðasta ári var lögð fram álitsgerð lögfróðs manns þess efnis að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar samrýmdist ekki ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í álitsgerðinni kom fram að það breyti engu þótt lögin kveði á um skylduaðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga eða reka í sameiningu. Nefndin telur því brýnt að lögfest verði ótvíræð heimild til handa sjóðsstjórn að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tölu sjóðsfélaga. Í því skyni flytur nefndin frumvarp til laga þess efnis að sett verði bráðabirgðaákvæði um aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar meðan lögin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru í frekari athugun.

Ed. 1128. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 10. maí 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Ed. 1129. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um samningsbundna gerðardóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 10. maí 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Sþ. 1130. Skýrsla [501. mál]

um málefni Sigló hf. og fleira, samkvæmt beiðni Þorsteins Pálssonar o.fl., tekin saman af Ríkisendurskoðun að ósk forseta sameinaðs Alþingis.

Með bréfi dags. 6. þ.m. er Ríkisendurskoðun send beiðni um skýrslu um sölu Siglósíldar o.fl., sbr. þskj. 1066. Þá barst Ríkisendurskoðun afrit af bréfi, dags. 8. þ.m., frá fjármálaráðherra til forseta sameinaðs Alþingis þar sem óskað er eftir viðbótarupplýsingum um málefni Sigló hf. og fleira.

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman meðfylgjandi skýrslu um málið og telur að í henni séu svör við þeim atriðum sem óskað var eftir að fram kæmu og máli skipta, að frátöldum seinni lið í bréfi fjármálaráðherra. Öflun þeirra upplýsinga, sem þar er óskað eftir, tekur lengri tíma.

Halldór V. Sigurðsson.
Sig. Þórðarson.

INNGANGUR

Með bréfi forseta sameinaðs Alþingis, dags. 6. maí 1989, var óskað eftir að Ríkisendurskoðun ynni skýrslu um málefni Sigló hf. og fleira samkvæmt þskj. 1066 frá 5. maí 1989. Þá barst Ríkisendurskoðun afrit af bréfi, dags. 8. maí 1989, til forseta sameinaðs Alþingis frá fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, þar sem óskað var eftir viðbótarupplýsingum í skýrslu um málefni Sigló hf. og fleira.

Í skýrslu þessari eru svör Ríkisendurskoðunar við þeim fyrirspurnum sem óskað er eftir á þskj. 1066 frá 5. maí 1989, ásamt viðbótarupplýsingum sem stofnunin telur ástæðu til að vekja athygli á. Beiðni fjármálaráðherra um frekari upplýsingar um málefni Sigló hf. er svarað í skýrslu þessari. Hins vegar mun það taka stofnunina nokkurn tíma að afla upplýsinga er varða sölu fyrirtækja í eigu ríkissjóðs og eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum frá og með árinu 1974. Ríkisendurskoðun mun afla þeirra upplýsinga og birta í sérstakri skýrslu síðar.

HEIMILDIR TIL SÖLU SIGLÓSÍLDAR

Þann 17. desember 1983 var undirritaður kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Sigló hf. hins vegar um sölu allra fasteigna og lóðarréttinda Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, Siglufirði, ásamt tilheyrandi tækjum og áhöldum sem fyrirtækið átti. Kaupsamningurinn var undirritaður af þáverandi iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis.

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði var lagt fram á Alþingi, 106. löggjafarþingi, 1983. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir aðdragandanum á sölu fyrirtækisins og kaupsamningi, sjá fylgiskjal I. Alþingi samþykkti með lögum nr. 26/1984 heimild til að selja Lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Helstu atriði kaupsamningsins eru:

1. Umsamið kaupverð alls hins selda er 18 milljónir króna.
2. Kaupverð greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar, afborgunarlaust tvö fyrstu árin.
3. Stofnendur ábyrgjast persónulega hluta af láninu. Ábyrgðin nær til vaxtagreiðslna árin 1984 og 1985, svo og afborgana, verðbóta og vaxta sem falla á árunum 1986 og 1987.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda núverandi starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði auk þess sem þeir binda tilgang hins nýja félags í stofnsamningi við að efla og styrkja atvinnulífið á Siglufirði.
5. Eignir eru seldar í því ástandi sem þær voru á söludegi og kaupandi hefur gert sér fullkomna grein fyrir. Sérstaklega er tekið fram að ástandi fasteigna er ábótavant og að þær þarfnist lagfæringar. Vélasamstæða til gaffalbitaframleiðslu er úr sér gengin og viðhaldi á öðrum tækjum verksmiðjunnar hefur verið ábótavant.

SÖLUVERÐ OG ÁSTAND EIGNA

Ríkisendurskoðun hefur kannað með hvaða hætti staðið var að mati hinna seldu eigna við sölu. Þar var fyrst og fremst stuðst við bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1983, ásamt mati sem áður hafði verið framkvæmt. Bókfært verð eignanna nam tæpum 14 milljónum króna. Því til viðbótar var peningalegt mat lagt á aðstöðu og viðskiptavild fyrirtækisins. Ekki var framkvæmd sérstakt mat á eignum fyrirtækisins við sölu. Eins og fram kemur í kaupsamningi er ljóst að ástandi hins selda var áfátt og að það þarfnaðist endurbota. Í apríl 1983 skilaði nefnd, sem iðnaðarráðherra hafði skipað á árinu 1982, tillögum til

iðnaðarráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar. Nefndin gerði sérstaka úttekt á ástandi fasteigna og véla og taldi að verja þyrfti til nauðsynlegra endurbóta eigi lægri fjárhæð en 4,4 milljónum króna á verðlagi nóvembermánaðar 1982 sem svarar til um 8,3 milljóna króna á söludegi.

Þegar frumvarp til laga um heimild til að selja Lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði var til umfjöllunar í neðri deild Alþingis óskaði iðnaðarnefnd deildarinnar umsagnar Ríkisendurskoðunar m.a. um kaupverð, en í greinargerð stofnunarinnar segir m.a. um ástand eignanna:

„Ríkisendurskoðun er fullkunnugt um að verksmiðjuhúsi fyrirtækisins var illa við haldið og í lélegu ástandi. Undantekning er nýleg lítil viðbygging (stálgrindahús). Vélakostur var gamall og úr sér genginn. Að stofni til voru vélar frá þeim tíma er SR rak Niðursuðuverksmiðju ríkisins. Meginundantekning er rækjuvélalína sem keypt var og sett upp á árunum 1982 og 1983."

Það var og er mat Ríkisendurskoðunar með hliðsjón af framanrituðu að söluverð hafi verið viðunandi.

Söluverð fyrirtækisins framreiknað til marsverðlags 1989 er um 50 milljónir króna. Sigló hf. yfirtók engar af skuldum Lagmetisiðjunnar. Hins vegar yfirtók ríkissjóður langtímalán Siglósíldar að fjárhæð 19.871 þús. kr., en á móti voru ríkissjóði afhentar skammtímakröfur að fjárhæð um 1.300 þús. kr. Þannig eru framreiknuð langtímalán, sem ríkissjóður yfirtók, að frádregnum skammtímakröfum, nánast sama fjárhæð og framreiknað söluverð fyrirtækisins.

FRAMLAG RÍKISSJÓÐS TIL SIGLÓSÍLDAR

Framlag ríkissjóðs til fyrirtækisins síðastliðin tíu ár fyrir sölu, framreiknað miðað við lánskjaravísitölu í marsmánuði 1989, nam alls 134,6 milljónum króna.

Framlag ríkissjóðs til Siglósíldar.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Ár	Verðlag hvers árs	Verðlag í mars 1989
1973	50	8.439
1974	50	5.954
1975	50	3.963
1976	100	6.062
1977	0	0
1978	0	0
1979	0	0
1980	2.460	35.190
1981	1.000	9.422
1982	900	5.661
1983[1])	17.084	59.909
	21.694	134.600

[1]) Af þessari fjárhæð er 10.084 þús. kr. framlag vegna yfirtöku á tveimur lánum frá árunum 1981 og 1982, höfuðstóll og vextir.

Að meðaltali svaraði ársframlag ríkissjóðs til fyrirtækisins á nefndu árabili til 12.236 þús. kr. miðað við verðlag í mars 1989, eða samtals 61.180 þús. kr. á fimm ára tímabili, eða til loka ársins 1988. Í þessu sambandi má benda á að rekstrarafkoma hins nýja fyrirtækis frá árinu 1984 til 1988 sýnir að rekstrartap nemur á verðlagi mars 1989 tæpum 200 milljónum króna. En framlögum ríkissjóðs var fyrst og fremst varið til að mæta rekstrartapi Siglósíldar.

KAUPVERÐ OG SKILMÁLAR

Í júlímánuði 1984 er gefið út af hálfu Sigló hf. skuldabréf fyrir andvirði kaupverðs að fjárhæð 18 milljónir króna., sem er framreiknað miðað við mars 1989 50,5 milljónir króna. Höfuðstóll lánsins endurgreiðist á árabilinu 1986 til og með 1993 með jöfnum afborgunum 1125 þús. kr. í hvert sinn með gjalddögum 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. maí 1986. Vextir af skuldinni frá 1. janúar 1984 skyldu vera þeir vextir sem teknir væru af 10 ára lánskjaravísitölulánum á hverjum tíma samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands. Vextir greiðist á sex mánaða fresti eftir á, fyrst 1. nóvember 1984.

Þann 21. nóvember 1984 gaf Sigló hf. út skuldabréf til ríkissjóðs að fjárhæð 848 þús. kr. til greiðslu gjaldfallinna vaxta af skuldabréfinu 1. janúar til 1. nóvember 1984.

Í október 1985 gerði þáverandi fjármálaráðherra nýtt samkomulag við Sigló hf. sem fól í sér eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að öllum kröfum ríkissjóðs á Sigló hf. skyldi breytt í 15 ára lán sem yrði afborgunarlaust fyrstu fimm árin.

Í öðru lagi að ríkissjóður heimili nýjar lántökur fyrirtækisins að fjárhæð allt að 600 þúsund bandaríkjadölum sem hafi veðheimild á undan skuldabréfum ríkissjóðs til viðbótar þeim heimildum sem fram koma í sjálfu skuldabréfinu um veðleyfi.

Samkomulag þetta gerði ráð fyrir að öllum vanskilum Sigló hf. vegna upphaflegra skuldabréfa yrði breytt í langtímalán, en fyrirtækið hafði ekki staðið við ákvæði um greiðslu vaxta frá upphafi að öðru leyti en með útgáfu skuldabréfs eins og getið er um hér að framan. Höfuðstóll hins nýja skuldabréfs nam 30.773 þús. kr., þar af vegna vanskila 2761 þús. kr.

Í febrúarmánuði 1986 gefur Sigló hf. út nýtt skuldabréf að fjárhæð 30.773 þús. kr. sem lofað er að endurgreiða að fullu á árunum 1991 til og með 2001, með jöfnum afborgunum 1539 þús. kr. í hvert sinn með gjalddögum 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1991. Ársvextir af skuldinni frá 1. nóvember 1986 skulu vera þeir vextir sem teknir eru af 15 ára lánskjaravísitölulánum á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Vextir skulu greiddir á sex mánaða fresti eftir á, í fyrsta sinn 1. nóvember 1986.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisféhirði eru gjaldfallnir ógreiddir vextir í apríllok 1989 8716 þús. kr. og því til viðbótar 3115 þús. kr. vegna dráttarvaxta eða samtals 11.831 þús. kr. Sigló hf. hefur aðeins innt af hendi tvær greiðslur í tengslum við kaup á eignum Siglósíldar í árslok 1983 að fjárhæð samtals 1233 þús. kr. Fyrri greiðslan fór fram í desember 1987, 600 þús. kr., og seinni greiðslan í febrúar 1989, 633 þús. kr. Heildarkröfur ríkissjóðs ásamt vöxtum og dráttarvöxtum miðað við verðlag í apríl 1989 nema alls 70.742 þús. kr..

Ríkisendurskoðun telur að þeir greiðsluskilmálar, sem Sigló hf. hefur notið hjá ríkissjóði, þ.e. að fyrsta afborgun skuldabréfs er átta árum frá kaupsamningi, fyrsta vaxtagreiðsla er þremur árum eftir kaupsamning og lánstími 18 ár, megi teljast afar sérstæðir í viðskiptum sem þessum og eigi sér vart hliðstæðu hjá ríkissjóði.

ÁBYRGÐ OG KVAÐIR KAUPENDA

Í tengslum við kaup Sigló hf. á eignum Siglósíldar gengust kaupendur undir nokkur atriði í kaupsamningi og í stofnsamningi Sigló hf., en þau voru:

Í fyrsta lagi að hlutafé hins nýja félags verði 2 milljónir króna. Helmingur hlutafjár greiðist strax við stofnun, en eftirstöðvar hlutafjár greiðist fyrir 1. apríl 1984.

Í öðru lagi ábyrgðust hluthafar 4250 þús. kr. í samræmi við eignaraðild sem sjálfskuldarábyrgðarmenn með áritun sinni á kaupsamning. Ábyrgðir þessar voru veittar vegna þess að kaupverð var lánað að fullu. Gert var ráð fyrir að kaupandi beindi kröftum sínum af alefli á næstu tveimur árum til uppbyggingar fyrirtækisins.

Í þriðja lagi lofuðu kaupendur að starfrækja rækjuvinnslu og síldarniðurlagningu áfram í hinum keyptu eignum. Kaupanda var ljós sá megintilgangur seljanda með sölunni að tryggja atvinnuástandið á Siglufirði sem allra best og lofar að vinna í þeim anda. Þá er kaupanda einnig ljóst að forsendur samningsins eru að í skuldabréfið verði tekið heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina að fullu fari svo að starfsemi lagmetisiðjunnar Siglósíldar verði flutt frá Siglufirði.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að 12 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 1984.

Ríkisendurskoðun hefur kannað hvernig til hefur tekist um framangreind atriði og eru niðurstöður eftirfarandi:

Upphaflegt hlutafé var greitt á árinu 1984. Á árinu 1984 var hlutafé aukið í 5,7 milljónir króna en stofnsamningur gerði ráð fyrir tveggja milljóna króna hlutafé.

Þar sem ekki var krafist útborgunar við sölu og að skuldabréfið var afborgunarlaust fyrstu tvö árin féllust stofnendur Sigló hf. á að ábyrgjast persónulega hluta af láninu. Ábyrgðin náði til vaxtagreiðslna árin 1984 og 1985, svo og afborgana, verðbóta og vaxta sem féllu 1986 og 1987, auk allra dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Seljandinn hefur fulla heimild til að innheimta ábyrgðina beint án þess að gjaldfella veðskuldina. Ábyrgð sjálfskuldaraðila nam samtals 4250 þús. kr. miðað við lánskjaravísitölu 836, sem er ígildi 11.926 þús. kr. miðað við lánskjaravísitölu í mars 1989, eða næstum sama fjárhæð og nú er í vanskilum. Ekkert kemur fram um ábyrgðaryfirlýsingu eigenda Sigló hf. í skuldabréfunum, en með útgáfu fyrra skuldabréfs var fyrrnefnd ábyrgðaryfirlýsing eigenda Sigló hf. gefin út. Ekki verður séð að með útgáfu síðari skuldabréfs hafi ábyrgðarmál eigenda Sigló hf. verið til umræðu sérstaklega. Telja verður að ábyrgðin sé eftir sem áður í fullu gildi.

Varðandi áframhaldandi starfsrækslu Siglósíldar verður sú breyting að á árinu 1987 er framleiðslulína til gaffalbitaframleiðslu seld frá fyrirtækinu og frá Siglufirði. Þessi framleiðsluþáttur var orðinn veigaminni í rekstri Sigló hf. en var hjá Siglósíld fyrr á árum. Engu síður verður þessi sala til þess að draga úr fjölbreytni atvinnulífs á Siglufirði og því þannig séð andstæð ákvæðum í kaupsamningi.

Á árunum 1984 og 1985 fjárfesti Sigló hf. fyrir tæpar 51 milljónir króna sem greinist þannig:

	1984	*1985*
Verksmiðjuhúsnæði	15.057	605
Vélar og tæki	15.808	6.171
	30.865	6.776
Flutningatæki	1.738	162
Skip	7.160	4.254
	39.763	11.192

Sigló hf. hefur frá upphafi fjárfest verulega umfram það sem áformað var við kaupsamning. Skip, sem keypt var á árinu 1984, var selt aftur ári síðar.

NIÐURFELLING OPINBERRA GJALDA TÍMANS OG NÚTÍMANS HF.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 12. desember 1988, til tollstjórans í Reykjavík samþykkir ráðuneytið beiðni fyrirtækjanna Tímans og Nútímans hf. að fella niður reiknaða dráttarvexti að fjárhæð 6406 þús. kr. af launaskattsskuldum fyrirtækjanna á árabilinu 1982 til 1986 gegn því að fyrirtækin greiði höfuðstól skuldanna að fjárhæð 2635 þús. kr. Skuldir þessar eru tilkomnar vegna eftirtalinna ára:

Fyrirtæki	Ár	Launaskattur	Dráttarvextir	Samtals
Tíminn	1982	202.124	987.116	1.189.240
	1983	573.846	1.883.729	2.457.575
	1986	2.000	141.564	143.564
		777.970	3.012.409	3.790.379
Nútíminn hf.	1984	795.297	1.789.551	2.584.848
	1985	1.051.153	1.596.226	2.647.379
	1986	10.207	7.934	18.141
		1.856.657	3.393.711	5.250.368
	Alls	2.634.627	6.406.120	9.040.747

Þá ritaði fjármálaráðuneytið þann 12. desember 1988 bréf til Gjaldheimtunnar í Reykjavík þar sem ráðuneytið samþykkti beiðni Nútímans hf. um niðurfellingu reiknaðra dráttarvaxta að fjárhæð 2146 þús. kr. vegna skulda fyrirtækisins á opinberum gjöldum að fjárhæð 2040 þús. kr. frá árabilinu 1985 til 1987 gegn því að höfuðstóll skuldarinnar yrði greiddur.

Skuldir þessar urðu til á eftirtöldum árum:

Fyrirtæki	Ár	Opinber gjöld	Dráttarvextir	Samtals
Nútíminn hf.	1985	882.172	1.090.189	1.972.361
	1986	1.144.338	1.047.268	2.191.606
	1987	13.807	8.076	21.883
		2.040.317	2.145.533	4.185.850

Auk þessa var felldur niður innheimtukostnaður, 15.154 kr.

Fjármálaráðuneytið samþykkti að fella niður reiknaða dráttarvexti og innheimtukostnað samkvæmt tveimur fyrrnefndum bréfum, alls 8565 þús. kr., gegn greiðslu höfuðstóls að fjárhæð 4675 þús. kr. sem greiddur var samkvæmt samkomulagi 20. desember 1988. Tíminn skuldar ríkissjóði enn þá launaskatt að fjárhæð 141.828 kr.

SKULDBREYTING OPINBERRA GJALDA SVARTS Á HVÍTU HF.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 13. desember 1988, til tollstjórans í Reykjavík samþykkti ráðuneytið að söluskattsskuld Svarts á hvítu hf. á árabilinu 1987 til 1988, ásamt vöxtum og viðurlögum, að fjárhæð 23.311 þús. kr. greiddist með skuldabréfi útgefnu af Íslenska gagnagrunninum hf. Því til viðbótar var greitt með skuldabréfinu launaskattsskuld fyrirtækisins frá árinu 1985, samtals að fjárhæð 311 þús. kr.

Skuldir Svarts á hvítu eru tilkomnar á eftirtöldum árum:

Ár	Söluskattur	Launaskattur	Dráttarvextir	Viðurlög	Samtals
1985		161.852	149.547		311.399
1987	10.928.498		5.926.213	2.170.297	19.025.008
1988	3.150.414		509.101	626.680	4.286.195
	14.078.912	161.852	6.584.861	2.796.977	23.622.602

Skuldabréfið, sem útgefið er af Íslenska gagnagrunninum hf., að fjárhæð 24 milljónir króna, er til 8 ára, vextir miðist við meðaltal vaxta verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Fyrsta afborgun lánsins og vaxtagreiðslur verða 15. nóvember 1989. Skuldabréfið er með veði í svonefndum Íslandsgrunni og Lagagrunni sem metnir eru að stofnverði á 25 milljónir króna. Hér er um að ræða upplýsingabanka og hugbúnaðarkerfi sem fyrirhugað er að selja afnot af.

Ekki verður af hálfu Ríkisendurskoðunar lagt mat á verðmæti þessara tveggja gagnagrunna nú. Hins vegar er ljóst að þrátt fyrir nokkurn stofnkostnað má ætla að enn þurfi að leggja fram vinnu til öflunar upplýsinga í gagnabanka áður en til verulegrar tekjumyndunar kemur.

Fylgiskjal I.

Ed. 319. Frumvarp til laga [178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló h.f., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum, sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972 um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi.

Í nóvembermánuði s. l. óskuðu ákveðnir aðilar eftir því við iðnaðarráðherra að kaupa lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði (Siglósíld). Í byrjun desember skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður af ríkisins hálfu um sölu Siglósíldar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneyti, formann.

Gunnlaug Claessen, deildarstjóra í Fjármálaráðuneyti, og

Guðmund Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með nefndinni hefur starfað Sveinn Arason, deildarstjóri í Ríkisendurskoðun.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Siglósíldar og aðra þætti, er varða söluverð, svo sem viðskiptavild.

Nefndin hefur átt allmarga fundi með fulltrúum eftirtaldra aðila, en þeir stofnuðu hinn 15. desember 1983 hlutafélagið Sigló h.f. með heimili og varnarþing á Siglufirði, til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Stofnendur:	Hlutafé: Kr.
Sæmundur Árelíusson, Siglufirði	400 000
Guðmundur Skarphéðinsson, Siglufirði	300 000
Björn Jónasson, Siglufirði	100 000
Ómar Hauksson, Siglufirði	100 000
Daníel Baldursson, Siglufirði	100 000
Gunnar Þórðarson, Ísafirði	100 000
Magnús Aspelund, Kópavogi	100 000
Marbakki h.f., Kópavogi	400 000
Eiríkur Böðvarsson, Ísafirði	200 000
Jón Guðlaugur Magnússon, Kópavogi	200 000
Samtals hlutafé	Kr. 2 000 000

Á fundi aðila, 14. desember 1983, náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra, ríkisstjórnar og Alþingis.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja nýstofnuðu hlutafélagi, Sigló h.f., lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. Kaupsamningur um Siglósíld.

Frá kaupsamningi var gengið og hann undirritaður 17. desember 1983 með nauðsynlegum fyrirvara. Meginatriði kaupsamningsins, sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru:

1. Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h.f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.
2. Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.
3. Lán vegna kaupanna er tryggt veði með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar, og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveim árum til að efla fyrirtækið.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði, auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis, að gjaldfella megi lán vegna kaupanna að fullu, verði skuldbindingar um starfrækslu á Siglufirði ekki haldnar.
5. Seljandi lofar að beita sér fyrir því að gerður verði leigusamningur milli Sigló h.f. og Þormóðs ramma h.f. um afnot af frystihúsi Þormóðs ramma fyrir geymslu á allt að 700 tonnum af hráefni.
6. Miðað er við afhendingu eignanna 1. janúar 1984.

3. Nánar um greiðslukjör.

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum, sem fjármálaráðherra hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu, dags. 7. desember 1983. Þar er gert ráð fyrir að útborgun verði 20% og að eftirstöðvar verði lánaðar til allt að 10 ára. Hér hefur þó verið vikið frá kröfu um 20% útborgun. Telja verður að eftirfarandi atriði réttlæti slíkt frávik:

1. Með tilliti til þeirra gagngeru endurbóta, sem nauðsynlegar eru til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand, þykir óhjákvæmilegt að gera kaupendum kleift að leggja sem mest fé í fyrirtækið þegar í upphafi.
2. Fram hefur komið í viðræðum við kaupendur að þeir hyggjast fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að kr. 12 milljónir á fyrra helmingi næsta árs.
3. Ofangreindar aðgerðir gefa von um jafna atvinnu við fyrirtækið allt árið. Þetta mun því væntanlega efla atvinnulíf á Siglufirði.

4. Nánar um kaupverð.

Við ákvörðun á kaupverði hefur verið tekið mið af fasteignamatsverði eigna fyrirtækisins og bókfærðu verði þeirra. Við mat á verði tækja og véla hefur verið höfð hliðsjón af bókfærðu verði. Hafa ber í huga að tæki verksmiðjunnar eru mörg hver úrelt orðin. Þá hefur verið reynt að meta viðskiptavild fyrirtækisins og þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur byggt upp. Að öllu þessu athuguðu verður að telja kr. 18 000 000 viðunandi söluverð.

Með frumvarpinu fylgir bráðabirgðayfirlit yfir efnahag Siglósíldar í desember 1983. Til samanburðar er rétt að geta þess að bókfært verð fastafjármuna er skv. yfirlitinu talið vera kr. 13 951 000.

Skv. bráðabirgðauppgjörinu eru heildarskuldir Siglósíldar miðað við desember 1983 kr. 20 290 000. Þar á móti á fyrirtækið veltufjármuni að fjárhæð kr. 1 953 000. Samkvæmt þessu er söluverð fyrirtækisins skv. kaupsamningnum um það bil sama fjárhæð og þær skuldir sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

5. Rekstrarafkoma Siglósíldar árin 1980—1983.

Afkoma Siglósíldar hefur verið sem hér greinir árin 1980 til 1982. Tölur eru á verðlagi hvers árs.

	Framleiðslu-dagar	Rekstur	Framlag ríkissjóðs	Bókfærð rekstrar-afkoma
1980 (í nýkr.) tap	137	2 829 894	1 500 000	1 329 894
1981 tap	130	4 799 825	1 000 000	3 799 825
1982 tap	90	6 262 813	900 000	5 362 813
	Samtals	13 892 532	3 400 000	10 492 532

Tap á rekstri Siglósíldar, að frádregnu framlagi ríkissjóðs, hefur verið fjármagnað með skuldasöfnun hjá viðskiptaaðilum og ríkissjóði og að hluta til með lántökum hjá Endurlánum ríkisins (Ríkisábyrgðasjóði).

Breytingar á efnahagsreikningi hafa á sama tímabili verið sem hér greinir.

	1980	1981	1982
Veltufjármunir	4 938 550	4 697 833	2 542 878
Fastafjármunir	2 529 959	4 979 843	9 390 289
Eignir alls	7 468 509	9 677 676	11 933 167
Skammtímaskuldir	5 603 399	7 342 270	9 611 656
Langtímaskuldir	1 178 439	5 102 277	11 687 404
Skuldir alls	6 781 838	12 444 547	21 299 060
Eigið fé	686 671	÷2 766 871	÷9 365 893

Þó ekki liggi fyrir uppgjör fyrir tímabilið janúar til maíloka 1983 þegar Þormóður rammi h.f. tekur við rekstri fyrirtækisins er ljóst að verulegt tap er á rekstri fyrirtækisins þetta tímabil. Rekstrartap má telja í milljónum króna.

Á árinu 1983 voru beinar greiðslur, framlög úr ríkissjóði, til Siglósíldar 7 mkr. Að auki var framlag í formi yfirtöku á tveim lánum hjá Endurlánum ríkisins að upphæð 10 084 000 kr., þar af vextir 1 416 000 kr. Í maí s. l. tók Siglósíld 10 mkr. gengistryggt lán hjá Endurlánum ríkisins. Andvirði þess var varið til greiðslu á bráðabirgðalánum hjá ríkissjóði, 6 551 000 kr., greiðslu vaxta og kostnaðar af lánum hjá Endurlánum ríkisins, 1 172 000 kr., og greiðslu lausaskulda, 2 277 000 kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru helztu liðir efnahagsreiknings í desember 1983 þessir:

Veltufjármunir	1 953 000.00
Fastafjármunir	13 951 000.00
Eignir alls	15 904 000.00
Skammtímaskuldir	653 000.00
Langtímaskuldir	19 637 000.00
Skuldir alls	20 290 000.00
Eigið fé	−4 386 000.00

6. Tímabundin yfirtaka Þormóðs ramma h.f. á rekstri Siglósíldar 1. júní 1983.

Þormóður rammi h.f. hefur séð um rekstur lagmetisiðjunnar frá 1. júní 1983. Jafnframt hafa nokkrar endurbætur verið gerðar á húsnæði og vélum Siglósíldar.

Forsaga þess að samningur var gerður í maí 1983 um að Þormóður rammi h.f. yfirtæki rekstur Siglósíldar um tíma er rakin í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um fyrirtæki er tilheyra starfssviði Iðnaðarráðuneytisins, dags. desember 1983, en þar segir m. a.:

„Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða, sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman. Iðnaðarráðuneytið fól þá 3ja manna starfshópi að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær, að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu Lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma og endurskipuleggja jafnhliða rekstur og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febrúar og mars 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstrinum með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum, en verðþróun innanlands hefur einnig verið fyrirtækinu mjög óhagstæð á tímabilinu. Slitinn og úreltur vélakostur hefur átt sinn þátt í bágborinni afkomu.

Stjórn fyrirtækisins hefur bent á ýmsa erfiðleika í rekstri ríkisfyrirtækja á borð við Siglósíld: Þau eigi m. a. ógreiðan aðgang að lánastofnunum. Veik framkvæmdastjórn hefur síðan leitt til þess, að fyrirtækinu hefur verið stjórnað með björgunaraðgerðum af hálfu eigenda fremur en með skipulegum áætlunum og ábyrgð og hlutverk stjórnar ekki verið sem skyldi.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði Iðnaðarráðuneytið í september 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til ráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstrinum.

Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkisins að endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði; gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun; setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis, ef til endurskipulagningar kæmi, og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46/1972 um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði áliti þann 26. apríl 1983, og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær, að fyrirtæki, sem framleiddi um 30 þús. ks. af gaffalbitum og 23 þús. ks. af niðursoðinni rækju, ætti að geta skilað hagnaði, ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og að nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli álits nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af Iðnaðarráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu."

Samkvæmt 7. tl. nýnefnds samkomulags milli Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar gildir samkomulagið í eitt ár. Rétt er að benda á að í þessari grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að söluverð á fyrirtækinu skuli vera sama fjárhæð og langtímaskuldir í maí 1983 með verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags. Skv. þessari grein hefði kaupverð á verðlagi í desember 1983 verið um 18 milljónir króna eða sambærilegt því verði sem hér er samið um.

Rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma h.f. er þannig háttað að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í það horf sem þarf til að gera reksturinn arðbæran. Önnur sjónarmið skipta þarna einnig máli, svo sem þau að Þormóður rammi h.f.

sinnir togaraútgerð og hefðbundinni fiskvinnslu. En yfirleitt, svo sem á Ísafirði og víðar, hafa sérhæfð fyrirtæki sinnt niðursuðu, rækju- og skelfiskvinnslu. Viðskiptasambönd hins nýja fyrirtækis vega einnig þungt, og hæpið er að Þormóður rammi h.f. gæti aflað slíkra sambanda. Samstarfssamningi Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar hefur því verið sagt upp, með samkomulagi, frá 1. janúar 1984, samhliða sölu Siglósíldar til hlutafélagsins Sigló h.f. svo sem fyrr greinir.

7. Áætlanir kaupenda um efnisgu fyrirtækisins.

Í samningaviðræðum aðila hefur m. a. eftirfarandi komið fram varðandi áform kaupenda um rekstur fyrirtækisins:

Í fyrsta lagi hyggjast þeir halda áfram framleiðslu gaffalbita.

Í öðru lagi hyggjast þeir vinna úthafsrækju, sem veidd er úti fyrir Norðurlandi.

Í þriðja lagi hyggjast kaupendur vinna rækju, sem veidd er í Barentshafi. Kaupendur hafa gert viðskiptasamninga við brezkt fyrirtæki um að vinna verulegt magn af Barentshafsrækju til sölu á markaði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Vonir eru bundnar við að með þessu megi halda uppi atvinnu við rækjuvinnsluna allt árið.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur sjóða niður tilfallandi hráefni þann tíma, sem ekki er unnið að síld.

Síðasttöldu atriðin tvö eru nýjung í starfsemi Siglósíldar og er vonazt til að þetta geti orðið til þess að efla atvinnulíf á Siglufirði.

Til þess að unnt sé að starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld í samræmi við framanritað þarf að gera verulegar endurbætur á húsi og tækjum. Skv. áætlun eigenda hyggjast þeir fjárfesta á fyrra helmingi árs 1984 samtals um 12 mkr. í rækjupillunarvélum ásamt blásara, lausfrystitæki, frystipressu, hráefniskæli o. fl. Það er m. a. til að gera kaupendum kleift að framkvæma slíkar endurbætur á fyrirtækinu, að fallið er frá kröfu um útborgun við sölu.

8. Afhendingardagur.

Kaupendur lögðu áherzlu á að afhending færi fram hinn 1. janúar 1984. Bentu þeir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópillaðri rækju, sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.
2. Niðurlagning á gaffalbitum ætti að öllu óbreyttu að hefjast 15. janúar. Kaupendur hygðust hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. janúar. Yrði ekki frá samningum gengið fyrir áramót og vinnsla á gaffalbitum færi í gang á vegum Þormóðs ramma h.f. kæmi það í veg fyrir að hægt yrði að gera nauðsynlegar breytingar á verksmiðjunni svo að vinnsla á úthafsrækju gæti hafizt í marz n. k.
3. Fulltrúar kaupenda ættu í samningaviðræðum um vinnslu á hráefni frá Evrópu til sölu á Bandaríkjamarkað. Forsenda þeirrar samningsgerðar væri að þeir gætu hafið vinnslu í upphafi þessa árs. En þar sem áformað er að vinna það hráefni áður en gaffalbitavinnsla hefst töldu kaupendur nauðsynlegt að fá fyrirtækið afhent áður en gaffalbitavinnsla hæfist á vegum Þormóðs ramma h.f., en það er fyrir 15. janúar.

Með vísun til ofanritaðs og þar sem 1. janúar 1984 var af öðrum ástæðum hentugur afhendingardagur var kaupsamningurinn látinn koma til framkvæmda þann dag, svo sem frá honum var gengið með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

1. Kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Sigló h.f., dags. 17. desember 1983.
2. Stofnsamningur hlutafélagsins Sigló h.f., dags. 15. desember 1983.
3. Bráðabirgðayfirlit um eignir og skuldir Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, dags. 19. desember 1983.

Fylgiskjal I.

KAUPSAMNINGUR

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og Sigló h.f. hins vegar gera með sér svofelldan kaupsamning:

Seljandi:
Ríkissjóður Íslands.

Kaupandi:
Sigló h.f., Siglufirði.

Hið selda:
Allar fasteignir og lóðaréttindi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, Siglufirði, ásamt tilheyrandi vélum, tækjum, áhöldum sem fyrirtækið á, en að undanskildum öllum rekstrarbirgðum, s. s. rækju, umbúðum, olíu og öllu því sem til rekstrarvörubirgða getur talizt.

Nánar tiltekið er hér um að ræða:

1. Fasteignin Lagmetisiðjan við Norðurgötu, Siglufirði, ásamt öllum viðbótum og viðbyggingum.
2. Fasteignin Hverfisgata 28, Siglufirði.
3. Vélar og tæki skv. meðfylgjandi skrá.

Ástand hins selda:
Eignirnar eru seldar í núverandi ástandi, sem kaupandi gerir sér fullkomna grein fyrir. Sérstaklega skal tekið fram, að ástandi fasteigna er áfátt, m. a. þarfnast þak og gólf verulegra lagfæringa. Vélasamstæða til gaffalbitaframleiðslu er úr sér gengin, auk þess sem viðhaldi er ábótavant á öðrum tækjum verksmiðjunnar.

Umsamið kaupverð:
Umsamið kaupverð alls hins selda er kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — sem kaupandi greiðir á eftirfarandi hátt:

Með því að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — bundið lánskjaravísitölu (grunnvísitala 836), sem greiðist með 16 — sextán — jöfnum hálfsárslegum afborgunum á árunum 1986 til og með 1993, hinn 1. maí og 1. nóvember ár hvert, en í fyrsta sinn 1. maí 1986.

Vextir af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma frá 1. janúar 1984, skulu vera þeir vextir sem teknir eru af 10 ára lánskjaravísitölulánum á hverjum tíma, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, nú 3% p. a. Vextirnir skulu greiddir hálfsárslega eftir á á sama tíma og afborganir, þó þannig að fyrsta greiðsla vaxta skal vera 1. nóvember 1984 og vextir síðan hálfsárslega eftir það. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum, ásamt vélum, tækjum og áhöldum (verksmiðjuveð).

Ábyrgð hluthafa á hluta kaupverðs:

Hluthafar ábyrgjast hlutfallslega miðað við eignaraðild („pro rata") sem sjálfskuldarábyrgðarmenn með áritun sinni á kaupsamning þennan og síðar veðskuldabréf kr. 4 250 000,00 — fjórar milljónir tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — af kaupverðinu, ásamt vöxtum, verðbótum og dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð. Ábyrgðin nær til vaxtagreiðslna árin 1984 og 1985, svo og afborgana, verðbóta og vaxta, sem falla 1986 og 1987, auk allra dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem af vanskilum kann að leiða. Seljandi hefur fulla heimild til að innheimta ábyrgðirnar beint án þess að gjaldfella veðskuldina að öðru leyti eða framselja veðrétt sinn til ábyrgðaraðila.

Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverð er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu 2 árum til uppbyggingar fyrirtækisins.

Afhending, arður og gjöld:

Allar hinar seldu eignir skulu afhentar kaupanda til fullra afnota hinn 1. janúar 1984. Miðast uppgjör vaxta, fasteignabrunabótaiðgjalda og annarra gjalda við þann dag og greiðir kaupandi gjöld þessi frá og með afhendingu og hirðir jafnframt arð eignanna frá sama tíma, en seljandi greiðir gjöldin út árið 1983.

Kvaðir og veðheimildir:

Kaupandi lofar að starfrækja rækjuvinnslu og síldarniðurlagningu áfram í hinum keyptu eignum. Hann lofar einnig að skapa eins mikla atvinnu og honum frekast er unnt á Siglufirði, bæði við frystingu, niðursuðu og niðurlagningu. Kaupanda er ljós sá megintilgangur seljanda með sölunni að tryggja atvinnuástandið á Siglufirði sem allra bezt og lofar að vinna í þeim anda. Kaupandi mun m. a. í þessu sambandi nú þegar sækja um leyfi til að kaupa a. m. k. eina rækjupillunarvél til viðbótar til að tryggja sem jafnasta og bezta starfrækslu verksmiðjunnar, auk þess sem hann mun strax festa kaup á lausfrystitækjum o. fl. tækjum til rekstursins.

Til enn frekari tryggingar þess að ofangreindar forsendur samnings þessa haldist eru aðilar sammála um að í skuldabréfið verði tekið heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina að fullu, fari svo að starfsemi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar verði flutt frá Siglufirði.

Fyrirvarar:

Seljandi gerir fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis fyrir sölu á eignunum. Kaupandi gerir fyrirvara um að samningar takist við Þormóð ramma h.f. um leigu á frystigeymslu vegna starfseminnar (gamla húsið) gegn sanngjarnri leigu. Þörf fyrir frystirými er að lágmarki fyrir 200 lestir af rækju.

Afsal og kostnaður vegna skjala:

Afsal fyrir eignunum svo og veðskuldabréf með ábyrgðaráritunum skal gefið út svo fljótt sem verða má, þ. e. þegar lagaheimild liggur fyrir og samkomulag hefur náðst við Þormóð ramma h.f.

Stefnt skal að því að gefa út afsalið og veðskuldabréfið fyrir 10. febrúar 1984. Kaupandi greiðir kostnað af stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs, en seljandi greiðir kostnað vegna skjalagerðar.

Rísi mál af kaupum þessum eða samningi skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum. Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 17. desember 1983.

F. h. ríkisstjórnar Íslands

Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðherra

Albert Guðmundsson
Fjármálaráðherra

F. h. Sigló h.f.

Jón Guðlaugur Magnússon

f. h. hluthafa skv. umboði.
Jón Guðlaugur Magnússon.

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:
Halldór J. Kristjánsson
Guðmundur Malmquist
Gunnlaugur Claessen

Fylgiskjal II.

STOFNSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar:
Sæmundur Árelíusson, Eyrargötu 8, Siglufirði,
Guðmundur Skarphéðinsson, Hafnartúni 18, Siglufirði,
Björn Jónasson, Suðurgötu 56, Siglufirði,
Ómar Hauksson, Hólavegi 41, Siglufirði,
Daníel Baldursson, Norðurtúni 1, Siglufirði,
Gunnar Þórðarson, Urðarvegi 45, Ísafirði,
Magnús Aspelund, Álfhólsvegi 109, Kópavogi,
Marbakki h/f, Hamraborg 1, Kópavogi,
Eiríkur Böðvarsson, Skipagötu 16, Ísafirði,
Jón Guðlaugur Magnússon, Skjólbraut 20, Kópavogi,
hafa í dag ákveðið að stofna hlutafélag er beri nafnið SIGLÓ H/F.
Heimili og varnarþing er á Siglufirði.

Tilgangur félagsins er að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði með því að kaupa og starfrækja þar lagmetisiðjuna Siglósíld og stunda þar niðurlagningu síldar, rækjuvinnslu, útgerð, fiskvinnslu og annan skyldan atvinnurekstur ásamt lánastarfsemi.

Hlutafjárhæðin er ákveðin kr. 2 000 000,00 — tvær milljónir —, og skiptist í 100 20 000,00 króna hluti.

Stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutafé sem hér segir;

	kr.
Sæmundur Árelíusson	400 000,00
Guðmundur Skarphéðinsson	300 000,00
Björn Jónasson	100 000,00
Ómar Hauksson	100 000,00
Daníel Baldursson	100 000,00
Gunnar Þórðarson	100 000,00
Magnús Aspelund	100 000,00
Marbakki hf.	400 000,00
Eiríkur Böðvarsson	200 000,00
Jón Guðlaugur Magnússon	200 000,00
	2 000 000,00

Hlutafé greiðist þannig: kr. 1 000 000,00 strax, en eftirstöðvar hlutafjár greiðast fyrir 1. apríl 1984.

Félagið greiðir lögboðin gjöld vegna skráningar félagsins, kostnað við undirbúning svo og útgáfu og stimplun hlutabréfa.

Hlutunum fylgja engin sérréttindi. Hluthöfum er ekki skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.

Veðsetning á hlutum má einungis fara fram með samþykki hluthafafundar.

Við eigendaskipti að hlutabréfi, önnur en við erfð eða búskipti, á félagið forkaupsrétt að fölum hlutabréfum eftir því sem landslög heimila. Að því frágengnu eiga félagar forkaupsrétt að fölum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ef forkaupsréttarhafar hafna forkaupsrétti eða tilkynning berst ekki innan tveggja mánaða frá því að tilboð barst stjórn félagsins er sala heimil til þess aðila, sem greindur er í tilboði. Ef forkaupsrétti er beitt má frestur til greiðslu kaupverðs ekki vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaupin voru ákveðin.

Forkaupsréttarhöfum er heimilt að láta fara fram mat dómkvaddra matsmanna á þeim hlutabréfum, sem boðin voru til sölu, og gildir þá matsverð sem bindandi kaupverð, ef ekki verður samið um annað kaupverð.

Hlutabréfin eru gefin út á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum 20 000,00 króna hlut.

Félagið tekur ekki við eignum neins manns, félaga eða stofnunar.

Stofnendur áskilja sér ekki rétt til stöðu hjá félaginu né annarra fríðinda.

Stofnfund skal halda 15. desember 1983.

F. h. Sæmundar Árelíussonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Guðmundur Skarphéðinsson

F. h. Björns Jónassonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Ómar Hauksson

F. h. Daníels Baldurssonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

F. h. Gunnars Þórðarsonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Magnús Aspelund

F. h. Marbakka hf.
Jón Guðlaugur Magnússon

F. h. Eiríks Böðvarssonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Jón Guðlaugur Magnússon

Fylgiskjal III.

Ríkisendurskoðun

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Bráðabirgðayfirlit desember 1983.

	Skýring	Kr.
Eignir:		
Veltufjármunir:		
Sjóður og banki		153 000
Þormóður rammi		1 800 000
		1 953 000
Fastafjármunir:		
Íbúðarhús, Hverfisgötu 28	1	730 000
Verksmiðjuhús v/Norðurgötu	1	7 837 000
Vélar og tæki	1	5 384 000
		13 951 000
Eignir alls		**15 904 000**
Skuldir og eigið fé:		
Skammtímalán:		
Viðskiptamenn (nettó)		285 000
Ríkissjóður, skuldaviðurkenning, 15/12		227 000
Sparisj. Siglufj., *vísitölulán*		141 000
		653 000
Langtímaskuldir:		
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 02 — 8134	2	2 073 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 04 — 8107	2	4 076 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 03 — 8303	2	12 544 000
Landsbanki Íslands, lán nr. El — 728		83 000
Iðnlánasjóður	2	461 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	2	400 000
		19 637 000
Eigið fé:		
Höfuðstóll		(4 386 000)
Skuldir og eigið fé alls		**15 904 000**

Skýring nr. 1.
Varanlegir rekstrarfjármunir 1983. **Lagmetisiðjan Siglósíld.**

Heiti	1. Fyrn. gr. 31/12'82	2. Fengnar fyrn. 31/12'82	3. Fyrn. gr. 1983 (1 × 1.7167)	4. Framr. fyrn. 1/1'83 (2 × 1.7167)	5. Fyrn. hlutfall	6. Alm. fyrning 1983	7. Bókfært verð 31/12'83 (3 − (4 + 6))
Íbúðarhús og lóð, fm	487 000						730 000
Verksmiðjuhús	4 206 560	673 048	7 221 402	1 155 422	4%	288 856	5 777 124
Viðb. við verksm.hús	1 130 978	45 239	1 941 550	77 662	4%	77 662	1 782 226
Breyt. á verksm.húsi '82	175 019	7 001	300 455	12 019	4%	12 018	276 418
Breyt. á verksm.húsi '83			1 344		4%	54	1 290
Vélar og tæki	7 034 933	4 798 157	12 076 869	8 236 996	12%	1 449 224	2 390 649
Rækjulína '82	1 648 446		2 829 887		12%	339 586	2 490 301
Rækjulína '83			571 538		12%	68 585	502 953
	14 682 936	**5 523 445**	**24 943 045**	**9 482 099**		**2 235 985**	**13 950 961**

	Fast.mat 1982	Brun.mat 1982	Brun.mat 1983	Fast.mat 1983
Íbúðarhús	487 000	912 000	1 523 000	730 000
Verksmiðjuhús	4 057 000	6 821 000	11 391 000	6 085 000
Lóð	135 000			202 000
	4 192 000	**7 733 000**	**12 914 000**	**6 287 000**

Fjárhæð annarra rekstrarfjármuna er óveruleg.

Skýring nr. 2.
Langtímalán desember 1983.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Lánveitandi	Lán nr.	Útg.dagur	Endurgr. tímabil	Vaxta-fótur	Grunnvísit. Erl. mynt	Vísitala gengi	Upphaflega	Staða nú
Ríkisábyrgðasjóður	02 — 8134	28.12.81	1982 — 2000	4,0%	VST 191	836	kr. 500 000,00	2 073 298
Ríkisábyrgðasjóður	04 — 8107	30.10.81	1986 — 2000	14,5%	GBP	41,055	£ 99 290,78	4 076 383
Ríkisábyrgðasjóður	03 — 8303	19.05.83	1987 — 1992	13,5%	USD	28,600	$ 438 596,49	12 543 859
Iðnlánasjóður	4138	15.12.82	1983 — 1988	2,5%	VST 471	836	kr. 260 000,00	461 486
Atv.leysistr.sjóður		19.04.82	1983 — 1987	28,0%			kr. 500 000,00	400 000
								19 555 026

Ekki reiknaðir áfallnir vextir.
Gengi miðað við 12/12 1983.
Vísitala miðuð við desember 1983.

Fylgiskjal II.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló hf., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972, um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

Fylgiskjal III.

1988–89. – 1058 ár frá stofnun Alþingis.
111. löggjafarþing. – 501. mál.

Sþ. 1066. Beiðni um skýrslu

um málefni Sigló hf. og fleira.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu Siglósíldar í tilefni af ummælum fjármálaráðherra í dag í umræðum um fyrirspurn um Sigló hf. í sameinuðu þingi.

Sérstaklega er óskað eftir að eftirfarandi komi fram:

1. Söluverð og ástand eigna við sölu.
2. Framlag ríkisins til fyrirtækisins í tíu ár fyrir sölu, á verðlagi 1989, sundurliðað fyrir hvert ár, og enn fremur hvað það hefði kostað ríkissjóð ef þessi framlög hefðu verið óbreytt til ársloka 1988, á verðlagi hvers árs.
3. Upplýsingar um skuldbreytingar til fyrirtækisins 1986 og til samanburðar upplýsingar um skuldbreytingar eða niðurfellingu skulda til tveggja fyrirtækja vegna skattskulda, þ.e. Nútímans og Svarts á hvítu.

Nauðsynlegt er að skýrslan liggi fyrir strax í byrjun næstu viku enda lofaði forseti sameinaðs þings við fyrrgreinda umræðu að umræða um þessa skýrslu færi fram í næstu viku og tók fjármálaráðherra undir það.

Óskað er að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

Alþingi, 5. maí 1989.

Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.	Ólafur G. Einarsson.
Pálmi Jónsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Halldór Blöndal.
Kristinn Pétursson.	Sólveig Pétursdóttir.	Egill Jónsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.		Salome Þorkelsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal IV.

Bréf fjármálaráðherra til forseta sameinaðs Alþingis, Guðrúnar Helgadóttur.
(8. maí 1989.)

Með vísun til fyrirspurnar um málefni Sigló hf., umræðna um þá fyrirspurn á Alþingi og yfirlýsingar fjármálaráðherra í þeim umræðum er hér með óskað að eftirtöldum atriðum verði bætt við skýrslu um málefni Sigló hf. og fleira:

1. Söluverð eigna Lagmetisiðjunnar Siglósíldar verði fært til verðlags 1989. Þá verði skuldir þær, sem Sigló hf. tók yfir við kaupin, færðar til sama verðlags. Enn fremur að staða skuldabréfs ríkissjóðs verði reiknuð til verðlags í maí 1989 að meðtöldum vöxtum og vanskilavöxtum.
2. Gerð verði grein fyrir sölu fyrirtækja í eigu ríkissjóðs eða eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum frá og með árinu 1974, að því er tekur til söluverðs, tilhögunar greiðslna og yfirtöku skulda. Jafnframt að fjárhæðir verði færðar til verðlags 1989. Þá óskast upplýst hvort fordæmi séu í samningum ríkisins fyrir jafnlöngum greiðslufresti og Sigló hf. hefur fengið, sérstaklega ef um vanskil hefur verið að ræða, og þá jafnhagstæðum skilmálum.

Þess er óskað að forseti sameinaðs Alþingis komi þessari beiðni á framfæri við Ríkisendurskoðun.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Afrit: Ríkisendurskoðun.

Ed. 1131. Nefndarálit [439. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 34/1964.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um frumvarpið Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Kristján Egilsson frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Sigurlínu E. Scheving frá Flugfreyjufélaginu, Grétar Óskarsson frá loftferðaeftirliti Flugmálastjórnar, Þorstein Þorsteinsson frá Arnarflugi hf., Guðlaug Helgason frá Flugleiðum hf. og Jón Helgason og Þórhall Magnússon frá flugskóla Helga Jónssonar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Hér er fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar.

Alþingi, 9. maí 1989.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Egill Jónsson.
Jón Helgason.	Skúli Alexandersson.	Stefán Guðmundsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 1132. Breytingartillögur [439. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 34/1964.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru einn til fjórir starfsmenn, sem eru í áhöfn loftfara“ í upphafi c-liðar komi: Hjá flugrekanda þar sem starfa einn til fjórir flugverjar.
b. Í stað orðanna „Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru fimm starfsmenn eða fleiri, sem eru í áhöfn loftfara“ í upphafi 1. mgr. d-liðar komi: Hjá flugrekanda þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri.
c. Í stað orðanna „Í loftflutningafyrirtækjum þar sem eru starfandi fimm eða fleiri, sem eru í áhöfn loftfara“ í 1. mgr. e-liðar komi: Hjá flugrekanda þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri.
d. Í lok 1. mgr. h-liðar bætist: til fjögurra ára í senn.
e. Í stað orðsins „áhafnarmeðlimur“ í 1. málsl. 4. mgr. h-liðar komi: áhöfnum.
f. Á eftir orðinu „Flugmálastjóri“ í upphafi síðasta málsl. 4. mgr. h-liðar bætist: eða fulltrúi hans.

Nd. 1133. Breytingartillaga [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

Við 3. gr. Brott falli: „13. og 14.“.

Nd. 1134. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Við 49. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Alþingi veitir árlega á fjárlögum fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Úr sjóðnum skal veita styrki til byggingar íþróttamannvirkja og annarrar félagslegrar aðstöðu fyrir félög og heildarsamtök, tengd íþróttum, innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins. Samþykki íþróttanefndar um að mannvirki sé styrkhæft skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
2. Við 74. gr. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Ríkissjóður greiðir skuld Íþróttasjóðs og Félagsheimilasjóðs við íþróttafélög og sveitarfélög á fjórum árum með ríkistryggðum skuldabréfum og skal fyrsta greiðsla fara fram á árinu 1990. Jafnframt skal veita árlega fé á fjárlögum til að ljúka þeim framkvæmdum sem í gangi eru.

Ed. 1135. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsögn Ævars Ísbergs vararíkisskattstjóra um frumvarpið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 1989.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Halldór Blöndal.

Júlíus Sólnes.

Ed. 1136. Breytingartillaga [363. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, MF, HBl, JúlS).

Í stað orðanna „sem byggir nýtt íbúðarhús í stað húss sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust og til niðurrifs“ komi: sem byggir eða kaupir nýtt íbúðarhúsnæði í stað húsnæðis sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust eða til niðurrifs.

Nd. 1137. Breytingartillaga [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir og skal hann vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Ed. 1138. Frumvarp til laga [439. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

1. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli A, Vinnuumhverfi áhafna loftfara, með átta greinum, 54. gr. A–H, svohljóðandi:

V. KAFLI

A. Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

a. (54. gr. A)

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi samgönguráðherra til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti sjálf í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

b. (54. gr. B)

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

c. (54. gr. C)

Hjá flugrekanda, þar sem starfa einn til fjórir flugverjar, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánu samstarfi flugrekanda og áhafna.

d. (54. gr. D)

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi sinn í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1936, um stéttarfélög og vinnudeilur.

e. (54. gr. E)

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

f. (54. gr. F)

Þegar starfsmenn flugmálastjórnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda svo sem kostur er að leggja mál fyrir flugmálastjórn.

g. (54. gr. G)

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

h. (54. gr. H)

Samgönguráðherra skipar vinnuverndarráð fyrir flugstarfsemi til fjögurra ára í senn.

Verkefni ráðsins skal vera:

1. Að vera ráðgefandi fyrir ráðherra og flugmálastjóra í málum varðandi vinnuumhverfi um borð í loftförum.

2. Að gera tillögur og veita umsagnir um nýjar reglur eða breytingu á eldri reglum um vinnuumhverfi um borð í loftförum.
3. Að fjalla um einstök mál, sem ráðherra eða flugmálastjóri leggja fyrir það, og eiga frumkvæði að málum sem hafa áhrif á vinnuumhverfi áhafna.

Flugmálastjórn skal sjá um að þegar nauðsyn krefur standi ráðinu til boða sérfræðileg aðstoð.

Vinnuverndarráðið er skipað fjórum fulltrúum frá áhöfnum og fjórum fulltrúum frá flugrekendum. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Flugmálastjóri eða fulltrúi hans situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi ráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1139. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Geir H. Haarde.

C-liður 2. mgr. 34. gr. orðist svo: Starfsemi sláturhúsa.

Nd. 1140. Frávísunartillaga [335. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. l. nr. 90 1987, og um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Þar sem nauðsynlegt er að skoða nánar þau atriði sem fjallað er um í frumvarpinu, m.a. í því skyni að fyrir liggi hvaða áhrif breytingar eins og þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hafa á störf og aðstöðu innheimtumanna ríkissjóðs, og jafnframt að athuga um meðferð annarra krafna, svo sem lífeyrissjóðsiðgjalda sem ekki hefur verið staðið skil á til lífeyrissjóða, samþykkir deildin að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar**.

Nd. 1141. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 47. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verður 82. gr. og orðist svo:

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

2. Á eftir 70. gr. komi ný grein er orðist svo:

Í stað 12. gr. laganna (um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (12. gr.)

Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Ráðuneytið ræður í þessu skyni námsstjóra tónlistarfræðslunnar til fjögurra ára í senn svo og annað nauðsynlegt starfslið.

Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningar kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti.

b. (13. gr.)

Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

c. (14. gr.)

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.

Nd. 1142. Breytingartillaga [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá Kristni Péturssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Í stað orðanna „svo og með öðrum lántökum skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni“ í 3. tölul. 9. gr. laganna komi: svo og með öðrum lántökum eftir því sem lánsfjárlög ár hvert heimila.

Ed. 1143. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982 og l. nr. 61/1985, bætist ný mgr. er verður 4. mgr. og orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir og skal hann vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

3. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. l. nr. 61/1985, orðast svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn.

Ráðherra skipar þrjá dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Dýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna, og er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1144. Fyrirspurn [507. mál]

til menntamálaráðherra um útbreiðslu Stöðvar 2.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Er það rétt að Siglufjörður sé annar af tveimur kaupstöðum landsins sem ekki ná sjónvarpsútsendingum Stöðvar 2?
2. Hvenær má búast við að nauðsynlegum útbúnaði verði komið upp til að Siglfirðingar fái notið góðs af útsendingum Stöðvar 2?

Sþ. 1145. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd tillagna öryggismálanefndar sjómanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvenær má vænta skýrslu samgönguráðherra til Alþingis um framkvæmd loka- og áfangatillagna öryggismálanefndar sjómanna, svo og um stöðu öryggismála sjómanna almennt?

Nd. 1146. Lög [456. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 816.

Nd. 1147. Lög [409. mál]

um breyting á lögum nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 769.

Sþ. 1148. Svar [68. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Ágústssonar um raunvaxtamun í bankakerfinu.

1. *Hvernig hefur raunvaxtamunur heildarinnlána og heildarútlána bankakerfisins þróast frá árinu 1960? Átt er við heildartekjur bankakerfisins af vöxtum, hverju nafni sem þeir nefnast, í samanburði við heildargjöld vegna allra innlána bankakerfisins umrætt tímabil. Raunvextir eru hér skilgreindir sem nafnvextir umfram hækkun lánskjaravísitölu milli janúargilda.*

Á fylgiskjali I er sýnt hvernig nafnvaxta- og raunvaxtamunur inn- og útlána (að erlendum endurlánum undanskildum) í viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur þróast frá árinu 1972. Fylgiskjal I er byggt á upplýsingum úr rekstrarreikningum bankakerfisins og er ekki með góðu móti unnt að fara lengra aftur en til ársins 1972 vegna breytinga á reikningsskilavenjum. Nafnvextir innlána eru fundnir sem hlutfallið milli heildarvaxtagjalda og meðalstöðu heildarinnlána á hverjum mánaðamótum og er farið eins að með nafnvexti útlána. Nafnvaxtamunur inn- og útlána er beinn mismunur nafnvaxta útlána annars vegar og innlána hins vegar sem hafa verið fundnir með þessum hætti. Raunvextir inn- og útlána eru tilsvarandi nafnvextir leiðréttir með tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu.

Raunvaxtamunur inn- og útlána í viðskiptabönkum og sparisjóðum virðist hafa verið á bilinu 3–4½% á árunum 1972–1979. Hann lækkaði í 2–2½% á árunum 1980–1981 en hækkaði eftir það og var á bilinu 4½–6½% á árunum 1982–1988. Raunvaxtamunurinn virðist því ótvírætt hærri í lok tímabilsins en við upphaf þess.

Hækkunin hefur þó ekki verið jöfn. Raunvaxtamunurinn var tiltölulega stöðugur á árunum 1972–1979 en hefur verið mun óstöðugri síðan og heldur farið hækkandi.

2. *Hver er raunvaxtamunur á sama tímabili í bankakerfi annarra Norðurlandaþjóða? Hafa orðið breytingar til hækkunar eða lækkunar í samræmi við það sem átt hefur sér stað hér á landi?*

Ekki eru tiltækar upplýsingar um raunvaxtamun á Norðurlöndunum fyrir tímabilið 1972–1988 og er raunar verulegum erfiðleikum bundið að bera saman raunvaxtamun milli landa. Á vegum OECD hefur verið lögð nokkur vinna í að setja fram á sambærilegan hátt reikninga bankakerfa ýmissa ríkja, þar á meðal Norðurlanda. Úr þeim gögnum má fá vísbendingu um hver vaxtamunur hefur verið á Norðurlöndum á undanförnum árum. Þessi gögn hafa verið dregin saman í fylgiskjali II sem sýnir heildarvaxtamun viðskiptabanka og sparisjóða á Norðurlöndum á árunum 1982–1986 og til samanburðar á Íslandi á árunum 1984–1986. Þetta vaxtamunarhugtak er frábrugðið því sem notað er í svari við 1. spurningu. Hér er um að ræða mismun heildarvaxtatekna og heildarvaxtagjalda sem hlutfall af meðaltali heildareigna yfir árið. Fyrir Norðurlönd sýnir þessi heildarvaxtamunur nafnvaxtamun en

ígildi raunvaxtamunar fyrir Ísland þar sem verðbreytingafærslu hefur verið beitt við reikningsskil fyrir íslensku innlánsstofnanirnar en ekki fyrir þær norrænu. Þetta kemur þó ekki mjög að sök þar sem munurinn á nafnvaxtamun og raunvaxtamun fer eftir verðbólgu og er þeim mun meiri sem verðbólgan er örari.

Af tölunum í fylgiskjali II er ekki hægt að draga einhlítar ályktanir um það hvernig vaxtamunur hefur þróast á Norðurlöndum litið yfir nokkurt árabil. Hann virðist þó hafa verið tiltölulega stöðugur, að minnsta kosti í samanburði við vaxtamun í íslenska bankakerfinu. Heildarvaxtamunur í viðskiptabönkum og sparisjóðum á Norðurlöndum virðist að jafnaði hafa verið á bilinu 1½–4½% á árunum 1982–1986. Þetta er mun minni vaxtamunur en var í íslenska bankakerfinu á árunum 1984–1988 en þar var hann 4½–7½% og mun hærri í sparisjóðunum en í viðskiptabönkunum.

3. *Komi í ljós að raunvaxtamunur hafi hækkað undanfarin ár, og enn fremur að sama þróun hafi ekki orðið annars staðar á Norðurlöndum, hverjar eru þá skýringarnar að mati ráðherra?*
4. *Er hugsanlegt að vísitölubinding inn- og útlána hafi stuðlað að aukningu raunvaxtamunar?*

Fyrri spurningunni hér er ekki hægt að svara þar sem ekki liggur fyrir samanburður á þróun raunvaxtamunar hér á landi og á Norðurlöndum. Hins vegar er hægt að velta vöngum yfir ástæðunum fyrir því að raunvaxtamunur hér á landi hafi aukist á undanförnum árum.

Í fljótu bragði virðist ólíklegt að verðtrygging inn- og útlána hafi í sjálfri sér stuðlað að auknum raunvaxtamun. Tilkoma verðtryggingarinnar virðist raunar fyrst í stað hafa stuðlað að minnkun raunvaxtamunar eins og kemur fram í fylgiskjali I. Verðtryggingin gæti hins vegar óbeint hafa átt þátt í því að óstöðugleiki raunvaxtamunar í bankakerfinu hafi aukist. Þetta má rekja til skiptikjaranna sem sparifjáreigendur hafa getað notfært sér frá því verðtryggingin var tekin upp, fyrst með óformlegum hætti en síðan formlega með tilkomu skiptikjarareikninganna. Skiptikjarareikningar skapa ákveðna áhættu í bankarekstri þar sem það getur verið hendingu háð hvort verðtryggðar eignir og skuldir og óverðtryggðar eignir og skuldir standist á.

Þótt verðtryggingin hafi að öllum líkindum átt lítinn þátt í auknum raunvaxtamun í íslenska bankakerfinu síðustu ár er hugsanlegt að aukið frelsi innlánsstofnana til að ákveða vexti í lánsviðskiptum sínum hafi stuðlað að auknum raunvaxtamun. Á íslenska fjármagnsmarkaðnum er mikil samkeppni á innlánahlið en lítil á útlánahlið og þar er einnig því sem næst ótakmörkuð eftirspurn eftir lánsfé. Þessar aðstæður gætu hafa leitt til aukningar á raunvaxtamun í bankakerfinu við aukið frjálsræði bankastofnana til að ákveða vaxtakjör í lánsviðskiptum sínum.

Þá má nefna að í ársbyrjun 1986 tóku gildi lög um viðskiptabanka og sparisjóði sem m.a. kveða á um lágmark eigin fjár þessara stofnana. Af eðlilegum ástæðum kappkosta þær að virða þessi ákvæði laganna og kann það að hafa átt einhvern þátt í auknum vaxtamun.

Fylgiskjal I.

Vaxtamunur inn- og útlána í viðskiptabönkum og sparisjóðum árin 1972-1988 1)

	Viðskiptabankar		Sparisjóðir	
	Nafnvaxta-munur 2)	Raunvaxta-munur 3)	Nafnvaxta-munur 2)	Raunvaxta-munur 3)
1972	3,7	3,2	5,8	4,7
1973	4,1	3,2	5,9	4,5
1974	5,1	3,3	6,0	3,9
1975	5,6	4,0	6,6	4,7
1976	5,5	4,2	6,5	5,1
1977	5,1	3,8	6,8	5,1
1978	5,6	4,5	8,5	5,8
1979	5,5	3,6	7,8	6,3
1980	2,6	1,7	8,2	5,4
1981	2,8	1,9	9,5	6,4
1982	7,0	4,4	12,2	7,6
1983	9,0	5,2	16,1	9,3
1984	6,2	5,2	7,9	6,6
1985	5,4	4,0	11,5	8,5
1986	6,8	5,9	10,0	8,7
1987	7,9	6,5	10,1	8,2
1988	7,0	5,9	-	-

	Viðskiptabankar og sparisjóðir	
	Nafnvaxta-munur 2)	Raunvaxta-munur 3)
1972	4,0	3,4
1973	4,4	3,3
1974	5,2	3,4
1975	5,7	4,0
1976	5,5	4,3
1977	5,2	3,9
1978	6,7	4,6
1979	5,9	3,8
1980	3,1	2,0
1981	3,5	2,4
1982	7,5	4,7
1983	9,6	5,5
1984	6,3	5,3
1985	6,1	4,5
1986	7,2	6,3
1987	8,2	5,7
1988	-	-

Heimild: Seðlabanki Íslands

Skýringar:

1) Þessar tölur eru unnar upp úr rekstrarreikningum viðskiptabanka og sparisjóða. Meðalútlánsvextir eru fundnir sem hlutfallið milli vaxtatekna af útlánum og meðalstöðu útlána (að endurlánuðu erlendu lánsfé undanskildu) og meðalinnlánsvextir sem hlutfallið milli vaxtagjalda af innlánum og meðalstöðu innlána. Fyrir sparisjóðina eru ekki tiltækar tölur fyrir allt árið 1988.

2) Beinn vaxtamunur er einfaldlega mismunur útláns- og innlánsvaxta.

3) Beinn raunvaxtamunur er fundinn þannig að fyrst eru fundnir raunvextir út- og innlána með því að leiðrétta nafnvextina með tilliti til verðbólgu með breytingu lánskjaravísitölu og síðan tekinn mismunurinn.

Fylgiskjal II.

Heildarvaxtamunur viðskiptabanka og sparisjóða á Norðurlöndunum árin 1982-1986 og á Íslandi árin 1984-1988.

(í % af meðaltali heildareigna yfir árið)

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Meðaltal
Danmörk								
Viðskiptabankar og sparisjóðir	3,7	3,4	3,0	3,0	2,6	-	-	3,1
Finnland								
Viðskiptabankar	2,1	1,7	1,7	1,7	1,3	-	-	1,7
Sparisjóðir	3,6	3,3	3,1	3,3	3,3	-	-	3,3
Noregur								
Viðskiptabankar	3,2	3,6	3,3	2,8	2,8	-	-	3,1
Sparisjóðir	4,7	4,5	4,3	4,0	3,8	-	-	4,3
Svíþjóð								
Viðskiptabankar	2,0	2,3	2,2	2,0	2,6	-	-	2,2
Sparisjóðir	3,1	3,5	3,5	3,7	3,8	-	-	3,5
Ísland								
Viðskiptabankar	-	-	3,0	4,8	4,4	5,5	5,3	4,6
Sparisjóðir	-	-	5,1	7,6	6,7	8,2	8,8	7,3

Heimild: OECD og Seðlabanki Íslands

Skýring:

Heildarvaxtamunur er hér mismunur heildarvaxtagjalda og heildarvaxtatekna í hlutfalli við meðalstöðu heildareigna á árinu skv. ársreikningum.

Ed. 1149. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Nefndin mætti ásamt landbúnaðarnefnd neðri deildar á aukafund búnaðarþings og fylgdist með umræðum. Þá komu búfjárræktar- og jarðræktarnefndir búnaðarþings á sameiginlegan fund landbúnaðarnefnda þingsins til viðræðna um frumvarpið. Síðan hélt nefndin fund með Bjarna Guðráðssyni í Nesi, formanni jarðræktarnefndar búnaðarþings, Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, formanni

búfjárræktarnefndar búnaðarþings, og Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra og á þeim fundi var farið mjög rækilega yfir frumvarpið.

Að lokinni athugun og viðræðum við áðurgreinda menn leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Að meginhluta byggjast þær breytingar á tillögum búnaðarþings.

Ein afleiðing af samdrætti í jarðræktarframlögum er að tekjur búnaðarsambanda minnka. Þetta hefur leitt til erfiðleika í rekstri sambandanna. Nefndin ræddi ítarlega hvernig úr því mætti bæta. Sú hugmynd kom fram að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiddi 18 milljónir króna í þessu skyni er skipt yrði milli búnaðarsambandanna eftir sömu reglum og hlutur þeirra er í búnaðarmálasjóði. Eftir viðræður við landbúnaðarráðherra var hins vegar horfið frá að setja slíkt ákvæði í frumvarpið þar sem ráðherra lýsti því yfir að hann mundi hafa forgöngu um að rekstrarvandi búnaðarsambandanna á þessu ári yrði leystur.

Guðmundur Ágústsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. maí 1989.

Skúli Alexandersson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Valgerður Sverrisdóttir.	Egill Jónsson.	Karvel Pálmason.

Þorv. Garðar Kristjánson.

Ed. 1150. Breytingartillögur [463. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.

   Í stað 4. málsl. 2. efnismgr. komi eftirfarandi þrír málsliðir: Framlög skulu greidd svo fljótt sem við verður komið eftir að úttekt lýkur. Hafi greiðsla vegna samþykktra framkvæmda eigi farið fram fyrir 1. nóvember á úttektarári skal framlag taka hækkunum mánaðarlega frá þeim tíma samkvæmt byggingarvísitölu. Framlög til grænfóðurræktar, kölkunar og endurræktunar, sem jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands metur nauðsynleg vegna kals eða annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda, skulu greidd í byrjun næsta árs eftir framkvæmd þótt ekki hafi verið sótt um þau fyrir fram.
2. Við 2. gr.
   a. Við I. A-liður orðist svo:

      Framræsla vegna endurræktunar, þar með talið vélgrafnir skurðir, plógræsi, hreinsun, sprenging berghafta og dýpkun skurða, 60% kostnaðar.

      Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki svara til 2,0 millj. m^3 skurðgraftar og 500 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna endurræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Heimilt er að veita framlög til framræslu á óunnu landi þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

   b. Við I. Í stað „80“ í b-lið komi: 110.

c. Við II. A-liður orðist svo:

Ræktun á mýrlendi	25.700 kr. á ha
Ræktun á þurrlendi	17.600 kr. á ha

Heimilt er að veita framlag til nýræktar í stað endurræktunar þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Framlag ríkissjóðs samvæmt þessum lið skal að hámarki svara til 2000 ha.

d. Við II. B-liður falli brott.

e. Við II. Í stað „12.300“ í c-lið komi: 10.800.

f. Við II. Í stað „10.000“ í c-lið komi: 8.800.

g. Við II. Í stað „10.000“ í d-lið komi: 8.800.

h. Við II. Í stað orðanna „grænfóðurræktun sé“ í d-lið komi: um sé að ræða grænfóðurræktun.

i. Við III. Liðurinn falli brott.

j. Við IV. Í stað „900“ komi: 730.

k. Við V. Liðurinn orðist svo:

a. Votheyshlöður	815 kr. á m^3
b. Heyhlöður með súgþurrkunarkerfi	1.215 kr. á m^2

Ákvæði til bráðabirgða:

Framlag að upphæð 415 kr. á my2 skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa sem upp er komið í eldri hlöðum á árinu 1989.

c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél í garðávaxtageymslu, losunarbúnaður í flatgryfju og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni, framlag 35% af verði tækja og búnaðar.	
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði	1.215 kr. á m^2
e. Geymsluhús (rúllubaggar og verkfæri)	400 kr. á m^2

l. Við VI. Liðurinn orðist svo:

44% kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talið borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Fiskeldisbú skulu njóta fyrrgreinds framlags uppfylli eigendur þeirra skilyrði 8. gr. þessara laga.

m. Á eftir VI. komi nýr liður er nefnist **Til kölkunar túna** og orðist svo:

Þar sem rannsóknir hafa, að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, sýnt að kölkunar sé þörf er heimilt að greiða 44% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal við það miðað að hún nægi til a.m.k. fimm ára.

n. Við VII. Í stað „3200“ í a-lið komi: 2550.

o. Við VII. Í stað „300“ í b-lið komi: 510.

p. Við VII. Í stað „40%“ í c-lið komi: 35%.

r. Við VIII. Í stað „30%“ komi: 26%.

s. Við IX. Liðurinn orðist svo:

Framlag nemi 66% af framlögðum kostnaði samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands og 44% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

12. gr. laganna orðast svo:

Á framlög sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið. Hagstofa Íslands

reiknar vísitöluna miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1989.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags jarðabótamanns. Af framlögum til loðdýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til búnaðarsambands.

Nd. 1151. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um Hagstofnun landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Á fund nefndarinnar kom Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Gamalíel Sveinsson, forstöðumaður þjóðhagsreikninga Þjóðhagsstofnunar. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stéttarsambandi bænda, Hagstofu Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru gerðar í samráði við hagstofustjóra og varða þær skilgreiningar á hlutverki stofnunarinnar auk þess sem heiti hennar er breytt í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

Alþingi, 10. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.
	Þórður Skúlason.	

Nd. 1152. Breytingartillögur [413. mál]

við frv. til l. um Hagstofnun landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   Í stað orðanna „Hagstofnun landbúnaðarins“ í upphafi 1. mgr. og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Hagþjónusta landbúnaðarins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er:
   1. Að stuðla að því að bændur færi bókhald fyrir bú sín, m.a. með skipulegu fræðslu- og leiðbeiningarstarfi um skattskil, bókhald og notkun þess til hagræðingar í búrekstri.
   2. Að hafa umsjón með gerð og þróun bókhaldsforrita fyrir bókhaldsstofur bænda, svo og forrita fyrir áætlunargerð í búrekstri í samvinnu við bændasamtökin.

3. Að hafa frumkvæði að áætlunargerð við búrekstur, útgáfustarfsemi og hagrænum leiðbeiningum til bænda í samvinnu við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins og aðra þá sem sinna fræðslu um landbúnað.
4. Að safna og vinna úr búreikningum frá bókhaldsstofum bænda, svo og öðrum upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg þykja og tiltæk eru. Gagnasöfnunin og úrvinnslan skulu miðast við að nýtast sem best til opinberrar hagskýrslugerðar um framleiðslu, rekstur og efnahag einstakra búgreina.
5. Að annast hagrannsóknir í landbúnaði í samvinnu og samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi.
6. Að hafa samstarf við stjórn búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri um kennslu í landbúnaðarhagfræði.
7. Að vinna að öðrum skyldum verkefnum eftir því sem um semst og við verður komið.

3. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hagstofu Íslands, einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „forstjóra“ í 1. tölul. og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): forstöðumaður.
   b. Fyrri málsl. 2. tölul. orðist svo: Stjórn leggur árlega, í samvinnu við forstöðumann, fram tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárþörf stofnunarinnar vegna undirbúnings fjárlaga.
   c. 4. tölul. falli brott.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að greiða fyrir öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna verkefna stofnunarinnar og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur.
6. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um Hagþjónustu landbúnaðarins.

Ed. 1153. Lög [343. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1143.

Ed. 1154. Lög [342. mál]

um samningsbundna gerðardóma.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 619.

Ed. 1155. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um framhaldsskóla sem tóku gildi 9. maí 1988.

Það var þá þegar löngu tímabært að sett yrði rammalöggjöf um framhaldsskólastigið. Fulltrúar Kvennalistans höfðu þó ýmsar athugasemdir við það frumvarp sem varð að lögum síðastliðið vor og lögðu því fram töluvert margar breytingartillögur.

Stærstu agnúana á frumvarpinu var að mati Kvennalistans að finna í stjórnunarkafla þess, þar sem pólitískt kjörnum fulltrúum voru færð óeðlilega mikil völd og áhrif um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur.

Breytingartillögur Kvennalistans varðandi stjórnunarþáttinn hnigu því í þá átt að tryggja að faglegra sjónarmiða skyldi gætt, m.a. með því að ætla fulltrúum kennara og nemenda, deildarstjórum og faggreinafélögum stærri hlut við mótun skólastarfsins. Aðrar breytingartillögur Kvennalistans lutu að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna og aðbúnaði nemenda svo sem aukinni námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og stofnun mötuneyta við hvern framhaldsskóla.

Veigamestu breytingarnar sem fram koma í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar felast í því að skilgreina nánar og útvíkka verksvið samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins, sbr. 3. gr., breytta skipan skólanefnda, sbr. 4. gr. og breytta útreikninga við rekstrarkostnað skólanna svo og gerð samninga milli hvers skóla og menntamálaráðuneytis um greiðslur til skólanna af fjárlagalið þeirra. Efni frumvarpsins í heild fer að nokkru leyti saman við hugmyndir og breytingartillögur Kvennalistans frá síðasta ári. Því hefði e.t.v. legið nokkuð beint við að styðja frumvarpið með nokkrum breytingartillögum eftir eðlilega umfjöllun.

En eins og nú háttar til hlaut frumvarpið ekki þá faglegu umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið vegna kjaradeilu kennara í Hinu íslenska kennarafélagi við fjármálaráðuneytið. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að hafa samráð við og fá umsagnir frá þeim sem daglega er ætlað að starfa eftir lögunum og glæða þau lífi og anda.

Fyrsti minni hl. telur það ekki málinu til framdráttar að hraða því í gegnum þingið við þær aðstæður sem nú ríkja.

Allar greinar frumvarpsins snerta dagleg störf kennara í framhaldsskólum landsins og mikilvægt er að útfærsla þess og framkvæmd sé í fullu samráði við þá.

Með tilvísan til þess telur 1. minni hl. sér ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1989.
Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr.

Nd. 1156. Breytingartillaga [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. gr. orðist svo:

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna koma tveir nýir málsl. svohljóðandi: Lífeyrissjóðunum er heimilt, til að uppfylla kaupskyldu sína, að kaupa húsbréf fyrir allt að 10% af

ráðstöfunarfé sínu, sbr. IV. kafla laganna um húsbréfaviðskipti, og skulu slík kaup teljast hluti af hinum samningsbundnu skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins. Í reglugerð skal í samráði við lífeyrissjóðina setja nánari ákvæði um skiptingu skuldabréfakaupanna til tveggja ára í senn.

Ed. 1157. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Skilyrði þess að framkvæmd njóti framlags samkvæmt lögum þessum er að umsókn þar um ásamt framkvæmdaáætlun, sem samþykkt er af héraðsráðunaut, sé lögð inn hjá Búnaðarfélagi Íslands á árinu áður en verkið skal hafið. Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf vegna jarðræktarframlaga að þeim umsóknum fengnum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar næsta árs áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna bændum bréflega hvaða framkvæmdir á jörðum þeirra muni njóta framlags á árinu. Framlög skulu greidd svo fljótt sem við verður komið eftir að úttekt lýkur. Hafi greiðsla vegna samþykktra framkvæmda eigi farið fram fyrir 1. nóvember á úttektarári skal framlag taka hækkunum mánaðarlega frá þeim tíma samkvæmt byggingarvísitölu. Framlög til grænfóðurræktar, kölkunar og endurræktunar, sem jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands metur nauðsynleg vegna kals eða annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda, skulu greidd í byrjun næsta árs eftir framkvæmd þótt ekki hafi verið sótt um þau fyrir fram. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð tímamörk vegna umsókna, tilkynninga um væntanleg framlög og úttekta.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

a. Framræsla vegna endurræktunar, þar með talið vélgrafnir skurðir, plógræsi, hreinsun, sprenging berghafta og dýpkun skurða, 60% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki svara til 2,0 millj. m^3 skurðgraftar og 500 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna endurræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Heimilt er að veita framlög til framræslu á óunnu landi þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

b. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi . . . . . 110 kr. á m

II. Til jarðræktar.

a. Ræktun á mýrlendi . . . . . 25.700 kr. á ha
Ræktun á þurrlendi . . . . . 17.600 kr. á ha

Heimilt er að veita framlag til nýræktar í stað endurræktunar þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Framlag ríkissjóðs samvæmt þessum lið skal að hámarki svara til 2000 ha.

b. Korn- og fræakrar, fyrsta ræktunarár . . . . . 10.800 kr. á ha
Korn- og fræakrar, síðari ræktunarár . . . . . 8.800 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

c. Grænfóðurrækt . . . . . 8.800 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er bundið því að um sé að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist hverju sinni.

III. Til áburðargeymslna.

Áburðarhús og áburðarkjallarar að hámarki . . . . . 730 kr. á m^3

Heimilt er að greiða sambærileg framlög til áburðargeymslna eftir öðrum viðmiðunum en rúmmetrafjölda skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

IV. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.

a. Votheyshlöður . . . . . 815 kr. á m^3
b. Heyhlöður með súgþurrkunarkerfi . . . . . 1.215 kr. á m^2

Ákvæði til bráðabirgða:

Framlag að upphæð 415 kr. á m^2 skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa sem upp er komið í eldri hlöðum á árinu 1989.

c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél í garðávaxtageymslu, losunarbúnaður í flatgryfju og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni, framlag 35% af verði tækja og búnaðar.
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði . . . . . 1.215 kr. á m^2
e. Geymsluhús (rúllubaggar og verkfæri) . . . . . 400 kr. á m^2

V. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa.

44% kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talið borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Fiskeldisbú skulu njóta fyrrgreinds framlags uppfylli eigendur þeirra skilyrði 8. gr. þessara laga.

VI. Til kölkunar túna.

Þar sem rannsóknir hafa, að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, sýnt að kölkunar sé þörf er heimilt að greiða 44% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal við það miðað að hún nægi til a.m.k. fimm ára.

VII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2550 kr. á m^2, allt að 200 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í gróðurhúsum: Framlag 600 kr. á m^2, allt að 510 m^2 að flatarmáli á býli.
c. Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 35% af verði tækja og búnaðar.

VIII. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 26% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

IX. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 66% af framlögðum kostnaði samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands og 44% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar.

X. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1989 til 1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–IX. tölulið þessar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Á framlög, sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið. Hagstofa Íslands reiknar vísitöluna miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1989.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags jarðabótamanns. Af framlögum til loðdýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til búnaðarsambands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1158. Frumvarp til laga [499. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt, til viðbótar við lántöku skv. 1. gr. l. nr. 9 2. mars 1989, að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu láns þessa.

Af andvirði láns skv. 1. mgr. skal allt að 350 milljónum króna varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum, en sérstakt tillit skal þó tekið til afkomu viðkomandi vinnslugreina.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1989“ í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1988, komi: 1. júní 1989.

3. gr.

Í stað „2,2%“ í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1988, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, komi: 1,5%.

4. gr.

Frá 1. september 1989 falli eftirtalin tollskrárnúmer brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. l. nr. 95/1988:

3214.1009	3917.3200	3926.3001	4407.1009	4408.1000
3214.9000	3917.3300		4407.2109	4408.2000
	3917.3900	4009.1000	4407.2209	4408.9000
3917.2100	3917.4000	4009.2001	4407.2309	
3917.2200		4009.2009	4407.9109	4410.1009
3917.2300	3925.2000	4009.3001	4407.9209	4410.9009
3917.2900	3925.3000	4009.3009	4407.9909	
3917.3100	3925.9000	4009.4000		
		4009.5000		

4411.1109
4411.1909
4411.2109
4411.2909
4411.3109
4411.3909
4411.9109
4411.9909

4412.1109
4412.1209
4412.1909
4412.2109
4412.2909
4412.9109
4412.9909

4413.0009

4418.1000
4418.2000
4418.9001
4418.9009

7210.1100
7210.1200
7210.2009
7210.3109
7210.3909
7210.4900
7210.5009
7210.6009
7210.7009
7210.9000

7211.1100
7211.1200
7211.1900
7211.2100
7211.2200
7211.2900
7211.3000
7211.4100
7211.4900
7211.9000

7212.1000
7212.2109
7212.2909
7212.3009
7212.4009
7212.5009
7212.6009

7213.1009
7213.2009
7213.3109
7213.3909
7213.4109
7213.4909
7213.5009

7214.1000
7214.2009
7214.3009
7214.4009
7214.5009
7214.6009

7215.1000
7215.2000
7215.3000
7215.4000
7215.9000

7216.1000
7216.2100
7216.2200
7216.3100
7216.3200
7216.3300
7216.4000
7216.5000
7216.6000
7216.9001
7216.9009

7301.1000
7301.2000

7303.0000

7304.3100
7304.3900
7304.4100
7304.4900
7304.5100
7304.5900
7304.9000

7305.3100
7305.3900
7305.9000

7306.3000
7306.4000
7306.5000
7306.6000
7306.9000

7307.1100
7307.1900
7307.2100
7307.2200
7307.2300
7307.2900
7307.9100
7307.9200
7307.9300
7307.9900

7308.3001
7308.3009
7308.9001
7308.9009

7322.1100
7322.1901
7322.1902
7322.1909
7322.9000

7407.1001
7407.1009
7407.2101
7407.2109
7407.2201
7407.2209
7407.2911
7407.2919
7407.2921
7407.2929

7408.1100
7408.1900
7408.2100
7408.2200
7408.2900

7409.1100
7409.1900
7409.2100
7409.2900
7409.3100
7409.3900
7409.4000
7409.9000

7411.1000
7411.2100
7411.2200
7411.2900

7412.1000
7412.2000

7505.1101
7505.1109
7505.1201
7505.1209
7505.2100
7505.2200

7506.1000
7506.2000

7507.1100
7507.1200
7507.2000

7604.1001
7604.1009
7604.2100
7604.2900

7605.1100
7605.1900
7605.2100
7605.2900

7606.1109
7606.1209
7606.9109

7606.9209

7608.1000
7608.2000

7609.0000

7610.1000
7610.9002
7610.9009

7803.0001
7803.0002
7803.0009

7804.1101
7804.1109
7804.1901
7804.1909

7805.0000

7904.0001
7904.0009

7905.0000

7906.0000

8003.0001
8003.0002
8003.0009

8004.0000

8006.0000

8303.0000

8403.1000
8403.9000

8414.5109
8414.5909
8414.6009
8414.8009
8414.9000

8415.1000
8415.8100
8415.8200
8415.8300
8415.9000

9401.1000	9401.7900	9403.2001	9403.6001	9403.8009
9401.2000	9401.8000	9403.2002	9403.6002	9403.9000
9401.3000	9401.9000	9403.2003	9403.6009	
9401.4000		9403.2009	9403.7001	9404.1000
9401.5000	9402.1000	9403.3001	9403.7002	9404.2100
9401.6100	9402.9000	9403.3009	9403.7009	9404.2900
9401.6900		9403.4000	9403.8001	9404.9000
9401.7100	9403.1001	9403.5001	9403.8002	
	9403.1009	9403.5009	9403.8003	

5. gr.

Í stað „3%“ í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, komi: 5%.

6. gr.

Við 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabil skv. 2. mgr. í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

7. gr.

Ný 40. gr. komi í lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, og númer síðari greina breytist til samræmis. Greinin hljóði svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

8. gr.

10. gr. laga nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum, orðist svo:

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Ed. 1159. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 69. gr. C (Húsnæðisbætur), sbr. 9. gr. l. nr. 92/1987, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rétt til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. getur maður öðlast sem byggir eða kaupir nýtt íbúðarhúsnæði í stað húsnæðis sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust eða til niðurrifs, enda sé það staðfest með tilskildum vottorðum opinberra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1160. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

(Eftir 3. umr. í Nd., 11. maí.)

Samhljóða þskj. *1115* með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 15. nóvember 1989, að undanskildum breytingum á 12. gr. gildandi laga sem öðlast þegar gildi.

Sþ. 1161. Þingsályktun [420. mál]

um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 780.

Nd. 1162. Nefndarálit [465. mál]

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það.

Alþingi, 11. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Þórður Skúlason.

Ingi Björn Albertsson.

Sþ. **1163. Svar** [387. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Júlíusar Sólness um fjárreiður fræðslustjóraembætta landsins.

Fyrirspurnin hljóðar þannig:

„Hverjar voru fjárveitingar samkvæmt fjárlögum 1983–1988 til starfsemi á vegum allra embætta fræðslustjóra á landinu? Hverjar urðu fjárveitingar til fræðslustjóranna samkvæmt niðurstöðum ríkisreikninga sama tímabil? Óskað er eftir að fram komi hlutfallslegar breytingar milli fjárlaga og reiknings, þ.e. hversu miklu var eytt umfram fjárlög. Enn fremur hverjar heildarniðurstöður fjárlaga og ríkisreikninga voru þetta sama tímabil hvað varðar rekstur ríkisins og hver hlutfallsleg eyðsla varð umfram fjárlög.“

Að beiðni ráðuneytisins hefur ríkisbókhald tekið saman meðfylgjandi tölulegar upplýsingar til svars fyrirspurninni.

Til nánari skýringa er rétt að taka fram að kostnaður við starfsemi á vegum embætta fræðslustjóra á landinu er ekki sérstaklega sundurliðaður í fjárlögum ár hvert heldur heildarkostnaður vegna fræðsluumdæmanna.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir því annars vegar heildargjöld samkvæmt ríkisreikningi og hins vegar niðurstöður fjárlaganna vegna þessara fræðsluumdæma. Er því gert ráð fyrir að annar liður fyrirspurnarinnar eigi við heildarútgjöld til þessara mála samkvæmt niðurstöðum ríkisreikninga enda þótt spurt sé um hverjar urðu fjárveitingar til fræðslustjóranna.

Heildarútgjöld fræðsluumdæmanna samkvæmt niðurstöðum ríkisreiknings og fjárlaga árin 1983 - 1988

ATH. Allar tölur eru í þús. kr. 1988-tölur eru bráðabirgðatölur

				1983				1984			
				REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %	REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %
02	700	Reykjavíkurumdæmi		238.583	136.146	102.437	75,2	266.751	211.455	55.296	26,1
02	701	Reykjanesumdæmi		191.911	121.258	70.653	58,2	216.488	179.431	37.057	20,6
02	703	Vesturlandsumdæmi		82.294	46.638	35.656	76,4	93.063	73.770	19.293	26,2
02	704	Vestfjarðaumdæmi		49.292	35.306	13.986	39,6	58.208	48.866	9.342	19,1
02	705	Norðurland vestra		63.883	35.203	28.680	81,5	75.399	55.536	19.863	35,8
02	706	Norðurland eystra		129.137	71.584	57.553	80,3	139.281	109.404	29.877	27,3
02	707	Austurlandsumdæmi		70.214	40.489	29.725	73,4	78.181	62.946	15.235	24,2
02	708	Suðurlandsumdæmi		103.047	58.477	44.570	76,2	118.389	96.432	21.957	22,8
02	791	Grunnskólar, óskipt		5.324	13.510	(8.186)		6.865	21.020	(14.155)	
			Alls	933.685	558.611	375.074	67,1	1.052.625	858.860	193.765	22,6
		Ríkisreikningur	alls	17.716.791	12.972.958	4.743.833	36,6	20.473.589	18.283.466	2.190.123	12,0

			1985				1986			
			REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %	REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %
02	700	Reykjavíkurumdæmi	422.449	297.345	125.104	42,1	565.603	439.790	125.813	28,6
02	701	Reykjanesumdæmi	320.659	233.299	87.360	37,4	427.583	346.969	80.614	23,2
02	703	Vesturlandsumdæmi	139.265	97.736	41.529	42,5	178.292	148.910	29.382	19,7
02	704	Vestfjarðaumdæmi	86.455	65.263	21.192	32,5	115.061	100.132	14.929	14,9
02	705	Norðurland vestra	114.170	75.136	39.034	52,0	136.861	115.334	21.527	18,7
02	706	Norðurland eystra	211.783	148.721	63.062	42,4	269.016	217.460	51.556	23,7
02	707	Austurlandsumdæmi	116.991	81.725	35.266	43,2	153.872	124.906	28.966	23,2
02	708	Suðurlandsumdæmi	176.274	129.318	46.956	36,3	222.724	192.329	30.395	15,8
02	720	Grunnskólar, óskipt	16.787	58.836	(42.049)		32.605	70.798	(38.193)	
		Alls	1.604.833	1.187.379	417.454	35,2	2.101.617	1.756.628	344.989	19,6
		Ríkisreikningur alls	30.617.177	26.078.803	4.538.374	17,4	46.374.432	37.691.363	8.683.069	23,0

			1987				1988			
			REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %	REIKN.	FJÁRL.	FRÁV.	FRÁV. í %
02	700	Reykjavíkurumdæmi	801.292	560.990	240.302	42,8	935.426	862.008	73.418	8,6
02	701	Reykjanesumdæmi	614.382	430.403	183.979	42,7	736.602	657.720	78.882	12,0
02	703	Vesturlandsumdæmi	264.152	180.745	83.407	46,1	292.460	262.639	29.821	11,4
02	704	Vestfjarðaumdæmi	161.906	122.527	39.379	32,1	184.853	172.513	12.340	7,2
02	705	Norðurland vestra	194.714	137.206	57.508	41,9	227.377	196.156	31.221	15,9
02	706	Norðurland eystra	380.762	262.987	117.775	44,8	445.975	399.847	46.128	11,5
02	707	Austurlandsumdæmi	216.123	155.667	60.456	38,8	229.918	219.668	10.250	4,7
02	708	Suðurlandsumdæmi	313.904	229.721	84.183	36,6	365.771	330.114	35.657	10,8
02	720	Grunnskólar, óskipt	94.333	87.298	7.035	8,1	81.768	80.380	1.388	1,7
		Alls	3.041.568	2.167.544	874.024	40,3	3.500.150	3.181.045	319.105	10,0
		Ríkisreikningur alls	53.581.699	45.872.407	7.708.752	16,8	71.582.894	63.064.337	8.518.557	13,5

Ed. 1164. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:
Frárein skal nota strax og hún byrjar.

2. gr.

A-liður 1. mgr. 50. gr. laganna orðast svo:
Bifreið sem er 5000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

3. gr.

a. 1. mgr. 71. gr. laganna orðast svo:
Hver sá sem situr í sæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðast svo:
Ökumaður skal sjá um að börn yngri en 16 ára noti viðurkenndan og mátulegan öryggisbúnað í bifreiðinni. Börn yngri en 6 ára skulu nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað. Bannað er að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

4. gr.

Í stað 1. mgr. 72. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Hver sá sem situr á bifhjóli, hliðarvagni bifhjóls eða á torfærutæki skal nota hlífðarhjálm.
Barn, tólf ára eða yngra, sem hjólar eða er reitt á reiðhjóli, skal nota hlífðarhjálm.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo: Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss, sem ökumaður kann að verða fyrir, allt að 10.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 102. gr. laganna orðast svo: Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum eða rétti til að öðlast þau.

7. gr.

5. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:
Dómsmálaráðherra skal skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Nefndin starfar undir eftirliti Umferðarráðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1989.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd efri deildar. Í frumvarpi þessu er sameinað meginefni tveggja frumvarpa sem nefndin hefur haft til umfjöllunar, annars vegar frumvarp Salome Þorkelsdóttur o.fl. á þskj. 669 og hins vegar frumvarp Eiðs Guðnasonar á þskj. 706. Um frekari skýringar á frumvarpi þessu vísast til greinargerða með fyrrgreindum frumvörpum.

Nd. 1165. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum. Til viðræðu um málið komu eftirtaldir á fund nefndarinnar: Halldór Kristjánsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingimar Sigurðsson frá heilbrigðismálaráðuneyti, Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Ólafur Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins, Pálmi Gíslason frá UMFÍ, Tryggvi Felixson frá samtökum skáta, Þórður Þorbjarnarson frá sorpeyðingu höfuðborgarsvæðis og Þóroddur Þóroddsson og Davíð Egilsson frá Náttúruverndarráði.

Fram kom hjá fyrrgreindum aðilum stuðningur við markmið frumvarpsins. Flestir töldu rétt að frumvarpið yrði sem fyrst að lögum þótt þeir hefðu kosið að sjá gerðar á því nokkrar breytingar.

Fulltrúi iðnaðarráðuneytis gerði nefndinni grein fyrir undirbúningi að stofnun hlutafélags skv. 2. gr., en fyrirhugað er að það verði stofnað fyrir lok þessa mánaðar. Ráðgert er að móttaka á umbúðum til endurvinnslu geti hafist í júnímánuði nk.

Nefndin telur að til greina hefði komið að ákvæði frumvarpsins væru víðtækari og tækju til fleiri tegunda umbúða, m.a. pappaumbúða um drykkjarvörur. Einnig telur nefndin að athugandi hefði verið að taka inn í frumvarpið ákvæði um umhverfisgjald til að örva skil á einnota umbúðum til endurvinnslu eða förgunar líkt og tillögur voru gerðar um af endurvinnslunefnd iðnaðarráðuneytis. Nefndin hvetur til þess að á næstunni verði unnið að því að koma svo sem frekast er unnt í veg fyrir mengun af völdum einnota umbúða.

Nefndin telur að með lögfestingu þessa frumvarps og framkvæmd á ákvæðum þess náist markverður áfangi til að draga úr umhverfismengun. Vegna aðstæðna flytur nefndin ekki breytingartillögur við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Páll Pétursson.	Kjartan Jóhannsson.	Benedikt Bogason.
	Finnur Ingólfsson.	

Ed. 1166. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Á sl. vori voru sett heildarlög um framhaldsskóla. Á bak við þá lagasetningu var mjög mikil vinna ótal aðila svo árum skipti. Það hafði því verið mikið vandaverk að samræma sjónarmið og laða menn til samstarfs, svo ólíkar skoðanir sem uppi eru og hafa raunar alltaf verið uppi um stefnu í skólamálum og framkvæmd hennar, verkaskiptingu milli skólastiga og milli skóla á sama skólastigi og loks milli ríkis og sveitarfélaga. Það gat því enginn búist við því að allir yrðu að öllu ánægðir með framhaldsskólalögin. Á hinn bóginn er vafalaust að sú skoðun sé yfirgnæfandi meðal skólamanna að nauðsynlegt sé að látið verði á þau reyna áður en þeim er breytt, en óráðlegt að hlaupa til nú með hvatvíslegar breytingar þó svo að nýr maður hafi sest í stól menntamálaráðherra sl. haust. Það sýnir best hvílíkt flýtisverk frumvarpið er að það var fyrst í þriðju prentun sem ráðherra hafði gert upp við sig hver endanleg gerð þess yrði.

Lögin um framhaldsskóla byggjast á margvíslegum málamiðlunum sem mjög erfitt var að ná. Það er þess vegna í senn ótraustvekjandi og lýsandi fyrir vinnubrögðin að þess skuli hvergi getið hver samdi frumvarpið né hvernig það er undirbúið. Hitt liggur ljóst fyrir að með frumvarpinu er dregið úr sjálfstæði skólanna og horfið frá þeirri stefnu sem hvarvetna hefur gefist vel að láta sveitarstjórnir skipa meiri hluta skólanefnda og treysta þannig samstarf skólanna við borgarana.

Frumvarpið var seint fram komið og hlaut ekki þá faglegu umfjöllun í nefnd sem nauðsynleg er, m.a. vegna verkfalls kennara í Hinu íslenska kennarafélagi. Auk þess er eðlilegt að sveitarfélögin fái nokkurn tíma til að glöggva sig á þeim atriðum frumvarpsins sem þau varða. Með hliðsjón af framansögðu leggur 2. minni hl. til að frumvarpið verði afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki hefur fengist reynsla af lögum um framhaldsskóla og frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur hvorki fengið nægilegan undirbúning né þá faglegu umfjöllun sem ætlast er til af þingnefndum er frumvarpinu vísað frá og næsta mál tekið á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Guðmundur Ágústsson.

Sþ. 1167. Svar [495. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um endurskoðun á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Ísals.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hefur Landsvirkjun tilkynnt Ísal að hún ætli að láta reyna á endurskoðun skilmála í rafmagnssamningi þessara aðila, sbr. 28. gr. eftir breytingar 5. nóvember 1984?

Samkvæmt 28. gr. rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Ísals, sbr. þriðja viðauka við þann samning, dags. 5. nóvember 1984, skal hvort heldur Landsvirkjun eða Ísal heimilt að

tilkynna hinum aðilanum með skriflegri tilkynningu sem sé gefin eigi minna en sex mánuðum fyrir fimmta, tíunda eða fimmtánda árdag þess dags er þriðji viðauki rafmagnssamningsins tekur gildi að orðið hafi teljandi ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum og breytingum á valdi Landsvirkjunar eða Ísals, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða Ísals, hvort sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á. Jafnskjótt og slík skrifleg tilkynning er komin fram skulu Landsvirkjun (í samráði við ríkisstjórnina) og Ísal (eða Alusuisse fyrir þess hönd) eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum er leysi aðilann, sem í hlut á, undan afleiðingum umræddrar breytingar á aðstæðum eins og lýst er í málsgrein 28.01 í rafmagnssamningum. Ef aðilunum tekst ekki að ná samkomulagi um tilvist eða áhrif þess konar breytingar á aðstæðum er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa þeirri deilu, hvort sú breyting hafi orðið, til gerðardóms skv. 47. gr. aðalsamnings ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. mars 1966. Ef gerðardómurinn úrskurðar að slík breyting hafi orðið á aðstæðum skulu aðilarnir reyna í góðri trú að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum í ljósi niðurstaðna gerðardómsins. Ef þeim tekst ekki að semja um slíka breytingu á samningnum er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms skv. 47. gr. í aðalsamningnum.

Í samræmi við framangreint getur Landsvirkjun óskað eftir endurskoðun rafmagnssamningsins við Ísal í fyrsta sinn með tilkynningu sem sé gefin sex mánuðum fyrir þann dag þegar fimm ár eru liðin frá því að þriðji viðaukinn við rafmagnssamninginn tók gildi, en gildistökudagur hans var 30. nóvember 1984. Slíka tilkynningu þarf því að gefa út fyrir 30. maí 1989.

Landsvirkjun hefur undanfarið haft til athugunar hvort þau skilyrði séu fyrir hendi sem 28. gr. rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Ísals setur fyrir rétti Landsvirkjunar til að krefjast endurskoðunar rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Ísals. Réttarstaða Landsvirkjunar hefur nú verið könnuð að þessu leyti til hlítar og hafði fyrirtækið meðal annars samráð við sérfræðinga varðandi mat á stöðunni og viðeigandi aðgerðir. Niðurstöður þessarar könnunar liggja nú fyrir og hefur Landsvirkjun nú ákveðið að óska endurskoðunar á grundvelli 28. gr. samningsins.

Sþ. 1168. Svar [493. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um kostnaðarverð raforku.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hver er áætlaður langtímajaðarkostnaður út úr vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar á næstu árum til almennings og til stóriðju miðað við:*
   a. *að 120 þús. tonna álver verði byggt á næstu árum,*
   b. *að 185 þús. tonna álver verði byggt í áföngum innan 10 ára,*
   c. *engin frekari stóriðja bætist við fyrir aldamót?*
2. *Hverjir eru taldir hagkvæmustu virkjanakostir eftir að virkjað hefði verið fyrir álver (120 eða 185 þús. tonna)?*

   Hver er áætlaður raforkukostnaður frá þeim virkjunum til almennings ef reiknað er með:
   a. *almennum markaði eingöngu,*
   b. *almennum markaði og 50% sölu til stóriðju?*

Iðnaðarráðuneytið hefur aflað upplýsinga frá Landsvirkjun um fyrirspurnina og fer svar Landsvirkjunar hér á eftir:

Við útreikninga á kostnaðarverði orku er með hugtakinu langtímajaðarkostnaður orku átt við meðalkostnaðarverð þeirrar viðbótarorku sem sett verður á markað í fyrirsjáanlegri framtíð. Hér er um stærð að ræða sem ekki má taka of miklum breytingum frá ári til árs umfram það sem gengi, vextir og aðrar breytilegar efnahagsforsendur segja til um. Það þarf því að taka með í reikninginn allar virkjanir sem búast má við að verði byggðar innan ákveðins árafjölda. Með tilliti til aðstæðna hér á landi hefur Landsvirkjun þótt hæfilegt að miða í þessu sambandi við næstu 30 ár eða þar um bil.

Nýting á virkjanlegu og hagkvæmu vatnsafli Íslands er enn á byrjunarstigi en ekki hefur enn verið virkjað meira en svarar rúmlega einum sjöunda hluta þess og er stærstur hluti hagkvæmasta vatnsaflsins enn óvirkjaður. Á þessu stigi er þess ekki að vænta að neinar verulegar breytingar verði á niðurstöðum áætlana um langtímajaðarkostnað, hvorki vegna raforku fyrir hinn almenna markað né stóriðju og breytir engu hér um hvort reiknað er með nýjum stóriðjumarkaði af þeim stærðum sem fjallað er um í fyrirspurninni eða ekki. Þannig sýna útreikningar að hinar mismunandi forsendur, sem gefnar eru í fyrirspurninni, breyta niðurstöðum ekki nema u.þ.b. 1–2% til eða frá en það er langt innan þeirra nákvæmnismarka sem reikningarnir gefa tilefni til.

Þær virkjanir, sem hér er um að ræða, eru m.a.: Blönduvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, stækkun Kröflu, Nesjavellir I og Vatnsfellsvirkjun, svo og þær virkjanir sem að neðan eru taldar og til greina koma eftir að nýtt álver hefur verið byggt.

Miðað við að raunvextir verði í framtíðinni á bilinu 4–7% má því búast við að langtímajaðarkostnaður orku verði á bilinu 95–148 aurar á kílóvattstund fyrir orku á almennan markað og 68–106 aurar á kílóvattstund fyrir stóriðjumarkað, hvort tveggja á verðlagi í október síðastliðnum. Í erindi aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar á ársfundi fyrirtækisins hinn 14. apríl sl. kom fram að langtímajaðarkostnaðurinn væri 119 aurar á kílóvattstund fyrir almennan markað og 86 aurar á kílóvattstund fyrir stóriðju. Þessar tölur miðast við 5,5% raunvexti og verðlag í október sl.

Þær virkjanir, sem helst koma til greina á næstu árum, eftir að nýtt álver hefur verið byggt, eru m.a.: Nesjavallavirkjun II, Villinganesvirkjun, miðlun við Norðlingaöldu og Sultartangavirkjun.

Þó að einungis þessar virkjanir séu lagðar til grundvallar útreikningum á langtímajaðarkostnaði fást sömu tölur og nefndar voru hér að framan.

Niðurstöður framangreindra útreikninga staðfesta að breytileiki langtímajaðarkostnaðar orku er við ríkjandi aðstæður minni en svo að hann mælist í reikningum af þessu tagi. Þetta er í fullu samræmi við alla aðra útreikninga sem Landsvirkjun hefur gert. Auk þess eru þær reikniaðferðir, sem Landsvirkjun notar við áætlanir á kostnaðarverði orku til stóriðju, þannig að almenningur nýtur undir öllum kringumstæðum áfram hagstæðasta orkuverðs sem hægt er að bjóða.

Að lokum skal þess getið að enn sem komið er selur Landsvirkjun orku til almenningsveitna nokkuð yfir langtímajaðarkostnaði sem stafar af miklum kostnaði fyrirtækisins á undanförnum árum við almenna uppbyggingu raforkukerfisins, einkum stofnlínukerfis fyrir hinn almenna markað. Eins og kunnugt er hefur orkuverð Landsvirkjunar farið lækkandi á síðustu árum og stefnt er að því að orkuverð til almenningsveitna nái jaðarkostnaðarverðinu innan næsta áratugar. Hvort þetta næst ræðst m.a. af því að hve miklu leyti stjórnvöld leyfa fyrirtækinu að fylgja eðlilegri gjaldskrárstefnu.

Sþ. 1169. Svar [474. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars Kr. Guðfinnssonar um greiðslu fasteignaskatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir verða heildarfasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins árið 1989?*
2. *Hverjir verða heildarfasteignaskattar fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í?*
3. *Hvernig skiptast þessir fasteignaskattar eftir sveitarfélögum í landinu?*

Sem svar við fyrirspurninni skal tekið fram að upplýsingar um ofangreint efni liggja hvorki fyrir í fjármálaráðuneytinu né stofnunum á þess vegum.

Rétt er að benda á að fasteignaskattar eru gjöld til sveitarfélaga og álögð af þeim sjálfum. Er því ekki að finna upplýsingar um álögur þessar í tekjubókhaldskerfi ríkisins og væri því eðlilegra að beina fyrirspurninni um álagningu til viðkomandi sveitarfélaga. Í fjárhagsbókhaldi ríkisins má þó fá upplýsingar um greidd fasteignagjöld ýmissa ríkisstofnana í A-hluta. Hér er eingöngu um greiðslur að ræða sem fram hafa farið gegnum greiðsluþjónustu ríkisféhirðis en ekki álagðir fasteignaskattar ársins. Einnig er þess að geta að tegundarnúmer 5740 í ríkisbókhaldi, fasteignagjöld, nær til ýmissa annarra fasteignagjalda en fasteignaskatts, s.s. lóðagjalds, vatnsskatts o.fl.

Nd. 1170. Framhaldsnefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Að ósk eins nefndarmanna kom nefndin aftur saman til að fjalla um frumvarpið milli 2. og 3. umræðu. Nefndin fékk á sinn fund Hauk Þórðarson, formann Læknafélags Íslands, og Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands.

Nefndin mælir enn sem fyrr með samþykkt frumvarpsins en hefur ákveðið að leggja til frekari breytingar á frumvarpinu. Tillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1989.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.
Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.
Geir H. Haarde, með fyrirvara.
Sólveig Pétursdóttir, með fyrirvara.
Finnur Ingólfsson.

Nd. 1171. Breytingartillögur [372. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna hljóði svo:
   Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.
   Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.
2. Við 3. gr. Greinin falli brott.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „semja við sérfræðinga um“ komi: greiða sérfræðingum fyrir.

Nd. 1172. Frumvarp til laga [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

C-liður 69. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

C
Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 5% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skulu skerðast í hlutfalli við eignarskattsstofn framteljanda þannig að fyrir hverjar 100.000 kr. sem eignarskattsstofn einstaklings fer fram úr 1.700.000 kr. skulu vaxtabætur skertar um 6% uns þær falla niður. Fyrir hverjar 100.000 kr. sem samanlagður eignarskattsstofn hjóna eða sambýlisfólks fer fram úr 3.400.000 kr. skulu vaxtabætur skertar um 3% uns þær falla niður. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 95.000 kr. fyrir einstakling, 125.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 155.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út 1. september ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð

til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.

2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum skattárum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö skattárum talið frá og með því ári þegar bygging hefst eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Réttur til vaxtabóta stofnast á því ári þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst.

Vaxtabætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa á íbúðarhúsnæði. Selji rétthafi það húsnæði sem veitti rétt til vaxtabóta, án þess að hefja byggingu eða festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, falla bótagreiðslur til hans niður frá og með næsta ári á eftir söluári.

Vaxtabótum hjóna skal skipt til helminga á milli þeirra. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr., að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Ákvæði 99. og 100. gr. gilda um kærurétt vegna vaxtabóta eftir því sem við á.

Nánari reglur um vaxtabætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. gr.

1. mgr. 121. gr. laganna, sbr. 18. gr. laga nr. 97/1988, orðast svo:

Fjárhæðir sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr., fjárhæð þeirra vaxtabóta sem skattstjóri reiknar út skv. 1.–5. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I um vaxtaafslátt í lögum nr. 49/1987, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. nóvember 1989 og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi maður fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur samkvæmt C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sbr. B-lið 11. gr. laga nr. 49/1987, sbr. C-lið 9. gr. laga nr. 92/1987, skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til, þó í engu tilviki lengur en til ársins 1993. Þeir sem fá húsnæðisbætur geta aldrei notið vaxtabóta samtímis. Með framtali fyrir tekjuárið 1989 getur maður, sem áður hefur fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur, óskað eftir því við skattstjóra að fá úrskurð um vaxtabætur. Réttur til húsnæðisbóta fellur að fullu niður hjá þeim sem þannig fær ákvarðaðar vaxtabætur.

II

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga þessara varir réttur þeirra manna til húsnæðisbóta, sem fá úrskurðaðar slíkar bætur á grundvelli umsóknar með framtali 1989 vegna tekjuársins 1988, í eitt ár.

Ed. 1173. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 839 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:
Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990.
Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

47. gr. hljóðar svo:
Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verður 82. gr. og orðast svo:
Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.
Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

48. gr. hljóðar svo:
Við lögin bætist ný grein er verði 83. gr. og orðist svo:
Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

49. gr. hljóðar svo:
Í stað 5.–10. gr. í II. kafla laganna kemur ein ný grein, sem verði 5. gr., en töluröð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það. Greinin orðast svo:
Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal m.a. ákveða nánar um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

57. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara skal skemmtanaskatti ráðstafað, í samráði við fjármálaráðherra, til framkvæmda í lista- og menningarmálum og til forvarnarstarfa í áfengis- og fíkniefnamálum. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

59. gr. hljóðar svo:

2. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þau mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

60. gr. hljóðar svo:

3. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs, eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

62. gr. hljóðar svo:

6. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.

Nú hættir aðili, sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar dagvistarheimilis, rekstri þess og getur þá hlutaðeigandi sveitarfélag gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

71. gr. hljóðar svo:

Í stað 12. gr. laganna (um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (12. gr.)

Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Ráðuneytið ræður í þessu skyni námsstjóra tónlistarfræðslunnar til fjögurra ára í senn svo og annað nauðsynlegt starfslið.

Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningar kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti.

b. (13. gr.)

Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

c. (14. gr.)

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.

72. gr. hljóðar svo:

21.–24. gr. og 26.–27. gr. laganna falla brott en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

73. gr. hljóðar svo:

28. gr. laganna, sem verði 22. gr., orðast svo:

Af tekjum til vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita ákveðna fjárhæð til sýsluvega. Vegamálastjóri annast skiptingu fjárins milli sýslna eftir reglugerð sem ráðherra setur. Við skiptingu skal aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu sem falla undir a-c-liði 2. mgr. 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

74. gr. hljóðar svo:

Felld eru úr gildi lög nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lög nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og lög nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn, með síðari breytingum. Um hafnir þessar skulu gilda hafnalög, nr. 69/1984.

75. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af mennta-

málaráðherra, einum tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

76. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Sþ. 1174. Beiðni um skýrslu [510. mál]

um eftirgjöf fjármálaráðuneytisins á opinberum gjöldum.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri málsgreinar 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir alþingismenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um hverjum fjármálaráðuneytið hefur veitt eftirgjöf á opinberum gjöldum frá 1. janúar 1987 til 1. maí 1989.

Sérstaklega er óskað eftir að fram komi:

1. Hve háar fjárhæðir hafi í hverju tilviki verið gefnar eftir af opinberum gjöldum, þar með taldir dráttarvextir og innheimtukostnaður.
2. Mat Ríkisendurskoðunar á forsendum og afgreiðslu hverrar einstakrar eftirgjafar fjármálaráðuneytisins.
3. Álit Ríkisendurskoðunar á heimildum fjármálaráðuneytisins til eftirgjafar opinberra gjalda.

Nauðsynlegt er að skýrslan liggi fyrir í næstu viku og eigi síðar en degi fyrir þinglausnir.

Alþingi, 12. maí 1989.

Matthías Á. Mathiesen.	Þorsteinn Pálsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Ólafur G. Einarsson.	Friðrik Sophusson.	Kristinn Pétursson.
Geir H. Haarde.	Guðmundur H. Garðarsson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Ingi Björn Albertsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 1175. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 838 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

34. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila, sem taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara.
c. Starfsemi sláturhúsa.

Nd. 1176. Frumvarp til laga [511. mál]

um breytingu á lögum nr. 3 6. mars 1955, um skógrækt, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur haft til umfjöllunar stjórnarfrumvarp um skógvernd og skógrækt, 412. mál þingsins. Hér er um mjög viðamikið frumvarp að ræða en nefndin telur ekki mögulegt á þeim stutta tíma, sem nú er til þingslita, að taka frumvarpið til jafngaumgæfilegrar athugunar og æskilegt er um svo þýðingarmikið mál.

Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að nauðsynlegt sé að lögfesta nú þegar það ákvæði frumvarpsins er felur í sér að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins verði á Fljótsdalshéraði, en það er í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. maí 1988. Í því skyni er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 1177. Skýrsla [512. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1988.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds voru innheimtur tekjur Vegasjóðs pr. 31. desember 1988 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.88 m.kr.	
1.1. Markaðar tekjur 1988:			
1. Bensíngjald skv. fjárlögum 1988	2 000	2 000	
2. Þungaskattur km-gjald	700	671	
3. Þungaskattur árgjald	200	188	
Markaðar tekjur skv. fjárlögum	2 900	2 859	
4. Áætlað bensíngjald umfram fjárlög	90	83	
Markaðar tekjur 1988 alls	2 990	2 942	
1.2. Markaðar tekjur 1987 umfram útgjöld	160	138	
Samtals	3 150	3 080	
1.3. Óráðstafað til 1989 af m.t. 1987 og 1988	285	180	180
Vegáætlun 1988 samtals	2 865	2 900	

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt vegáætlun að undanskildum 35 m.kr. sem Vegagerðin fékk til viðbótar í árslok til að greiða hluta af framkvæmdakostnaði við jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla.

Í fylgiskjali 1.–1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. mars 1989.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign.

Tölulegar upplýsingar um bifreiðainnflutning og bifreiðaeign landsmanna er enn erfitt að fá. Bifreiðaskýrslur fyrir 1986, 1987 og 1988 eru ekki komnar út en munu vera í vinnslu. Eftirfarandi upplýsingar fengust þó hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf.:

Af fólksbifreiðum voru nýskráðar á árinu 1988 14 417 bifreiðar á móti 22 365 bifreiðum 1987. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 788 árið 1988 á móti 926 árið áður.

	Bifreiða-eign 31.12.86	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.87	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.88
Fólksbifreiðar	113.982	6,77	121.694	7,02	130.240
Vöru-/sendibifreiðar	12.144	-2,45	11.846	4,58	12.388
Alls	126.126	5,88	133.540	6.81	142.628

1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á tekjuárinu 1988 varð 164,8 m.ltr, en það er 5,8% aukning frá árinu áður. Fjöldi bensínbifreiða í árslok 1988 var 129.032. Verð á bensíni (93 okt.) hækkaði á árinu úr 33,70 kr. í 36,60 kr. ltr. Bensíngjaldið var allt árið kr. 12,60 pr. ltr., en 1. janúar 1989 hækkaði það hins vegar í 16,70 kr. ltr. Heildartekjur af bensíngjaldi 1988 námu 2 083 m.kr.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.pr. bifr.	Verð á ltr. 31.12. 98 okt	93 okt	Skattar alls kr/ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756		0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745		0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757		0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736		0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623		0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616		0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685		0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662		1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512		3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412		5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359		8,45	4,640	1,700
1982	126,9	1 353		13,80	7,800	3,060
1983	124,0	1 281		22,30	12,870	5,080
1984	126,0	1 267		25,80	14,500	5,720
1985	129,6	1 275		35,00	21,290	9,540
1986	136,8	1 250	27,50	25,00	16,890	9,540
1987	155,7	1 324*	35,40	33,70	22,570	12,600
1988	164,8	1 321	38,30	36,60	23,530	12,600

* Samanburður á meðaleyðslu bensínbifreiðar milli áranna 1986 og 1987 er ekki raunhæfur. Við álagningu hins nýja bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 að vera mun réttari en fyrri tölur.

1.1.2. Þungaskattur.

Samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds námu heildartekjur af þungaskatti 859 m.kr., sem skiptast þannig að tekjur af km-gjaldi voru 671 m.kr. og af árgjaldi 188 m.kr. Fjöldi díselbifreiða á landinu var um sl. áramót 13.598.

1.1.4. Áætlað bensíngjald umfram fjárlög.

Við ákvörðun vegáætlunar fyrir 1988 var talið að bensíngjald myndi fara fram úr þeirri áætlun sem fjárlög væru byggð á og myndu markaðar tekjur af þessari aukningu nema 90 m.kr. Í reynd innheimtust 83 m.kr. umfram fjárlagaupphæðina.

1.2. MARKAÐAR TEKJUR 1987 UMFRAM ÚTGJÖLD

Árið 1987 voru markaðar tekjur vegasjóðs hærri en útgjöld til vegamála. Þegar vegáætlun fyrir 1988 var unnin var áætlað að þessi tala næmi 160 m.kr. Við endanlegt uppgjör reyndist þessi tala vera 138 m.kr.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1988 samtals 2.900.015 þús. kr.

Vegna sparnaðarráðstafana ríkisstjórnarinnar lækkaði þessi upphæð um 35.015 þús. kr. og varð samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun 1988 samtals 2.865.000 þús. kr.

Í árslok 1988 var veitt aukafjárveiting úr ríkissjóði til Ólafsfjarðarvegar um Ólafsfjarðarmúla vegna jarðgangagerðar að upphæð kr. 35.000 þús. kr.

Til vegamála runnu því alls 2.900.000 þús. kr. á árinu.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fjármagn skiptist á einstaka liði í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA	Upph. í þús kr.
	Vegáætl. 1988
2.1. Stjórn og undirbúningur	**177 000**
1. Skrifstofukostnaður	88 000
2. Tæknilegur undirbúningur	66 000
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	16 000
4. Eftirlaunagreiðslur	7 000
2.2. Viðhald þjóðvega	**1 063 000**
1. Sumarviðhald	
1. Viðhald malarvega	236 000
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	181 000
3. Viðhald brúa	42 000
4. Viðhald varnargarða	5 000
5. Heflun vega	134 000
6. Rykbinding	49 000
7. Vinnsla efnis	126 000
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	35 000
9. Vegmerkingar	10 000
2. Vetrarviðhald	245 000
2.3. Til nýrra þjóðvega	**1 237 000**
1. Stofnbrautir	
1. Almenn verkefni	306 500
2. Bundin slitlög	216 100
3. Sérstök verkefni	224 000
4. Ó-vegir	160 000
5. Reykjavíkursvæðið	111 000
2. Þjóðbrautir	169 400
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29 000
4. Girðingar og uppgræðsla	17 000
5. Vegur að Bessastöðum	4 000
2.4. Til brúagerða	**94 000**
1. Brýr 10 m og lengri	81 000
2. Smábrýr	13 000

	Vegáætl. 1988
2.5. Til fjallvega o.fl.	**26 000**
1. Aðalfjallvegir	9 000
2. Aðrir fjallvegir	6 000
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5 000
4. Vegir á Þingvöllum	3 000
5. Reiðvegir	3 000
2.6. Til sýsluvega	**125 000**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**164 000**
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	**0**
2.9. Til tilrauna	**14 000**
Samtals	2 900 000

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA

Við afgreiðslu vegáætlunar var miðað við að verðhækkun milli 1987 og 1988 yrði 15%. Meðaltals vísitala vegagerðar fyrir 1987 var 2223 stig en fyrir 1988 reyndist hún 2703 stig sem þýðir hækkun upp á tæp 22%.

Snjóléttur vetur leiddi til þess að 22 m.kr. afgangur varð af rekstri vetrarviðhalds 1988. Aftur á móti er útlit fyrir að staða vetrarviðhalds eftir 1989 verði mjög bágborin vegna mjög snjóþungra mánaða í byrjun ársins. Á árinu tókst að jafna út halla sem verið hafði á liðnum árum.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald.

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 345 í 339 stöðugildum en voru 358 í 352 stöðugildum um áramótin 1987–1988. Af þessum 345 eru 152 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 148 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 156.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1988 var 408 en var 409 árið 1987. Heildarvinnuframlag á árinu 1988 reiknað í dagvinnustundum nam 576 mannárum og hafði lækkað úr 580 frá árinu 1987. Launagreiðslur voru 564 milljónir kr. árinu 1988 og launatengd gjöld um 55 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um sl. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1988.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1988
Skrifstofa, yfirstjórn	25	2	1	3	2	1	3	3	40
Tæknilegur undirbúningur	35	5	5	6	6	4	7	5	73
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB	14	1					1	1	17
Iðnlærðir verkstjórar	7	1		1	1	2	2	1	15
Verkstjórar	1	7	5	8	5	8	10	8	52
Iðnaðarmenn	14	2		5	2	3	4	4	34
Vélamenn	5	6	6	13	13	6	10	9	68
Verkamenn	5	6	1	3	2	4	6	3	30
Ráðskonur, matreiðslumenn	4	1		1	1	1	2	1	11
Fastir starfsmenn í desember 1988	115	31	18	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fjárveiting í vegáætlun var 88 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, starfsmanna- og lögfræðideild, fjármáladeild, fjárhagsdeild, bókasafn og útgáfustarfsemi. Fjármáladeild sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald, launavinnslu og almennt skrifstofuhald í Reykjavík. Fjárhagsdeild sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanir og kostnaðareftirlit.

Halli hafði verið á þessum lið frá fyrra ári en á árinu tókst að rétta stöðuna við.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting í vegáætlun var 66 m.kr.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verkefna, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðið verk sem hefur fjárveitingu í Vegáætlun er kostnaðurinn færður á það. Þessi liður greiðir hins vegar fyrir vinnu sem ekki er hægt að tengja við ákveðin verk eða sem tengd eru verkum sem ekki eru enn komin á vegáætlun.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 16 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðurlandi. Heildarumferð á þjóðvegum jókst um 6,5% frá árinu 1987.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Norðurlandi vestra rúm 9%. Á Vestfjörðum var svipuð umferð og 1987.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1.– 4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1988.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir og verður gerð grein fyrir henni í sérstakri skýrslu.

Breyting varð á skráningum lögreglunnar á umferðarslysum á árinu. Með hinum nýju reglum um skráningu slysa berast mun minni og ónákvæmari upplýsingar um þessi efni en verið hefur. Þetta hefur í för með sér að erfiðara er að fylgjast með öryggi vegakerfisins og ákvarða úrbætur á einstökum stöðum.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 7,0 m.kr., en urðu ekki nema 5,8 m.kr. þar sem einn fyrrverandi verkstjóri og þrjár ekkjur létust á árinu eða féllu út, en enginn nýr bættist við. Alls nutu því 7 fyrrverandi verkstjórar, 17 ekkjur og 7 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 31 á móti 35 í árslok árið 1987.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	818,0
Vetrarviðhald	245,0
Samtals	1 063,0


ÁRSUMFERÐ 1988
< 200 bílar á dag
200 — 500 — " —
500 — 1000 — " —
> 1000 — " —

2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	236,0
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	181,0
3. Viðhald brúa	42,0
4. Viðhald varnargarða	5,0
5. Heflun vega	134,0
6. Rykbinding	49,0
7. Vinnsla efnis	126,0
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	35,0
9. Vegmerkingar	10,0
Samtals	818,0

Í meðfylgjandi töflu er, viðhaldskostnaður vega árin 1978–88 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1988, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hverja 100 ekna km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. verðlags 1988 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr.km verðl. 1988 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m.km	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. 1988 kr.
1978	26,55	100,0	767	8409	91,2	78 481	450	170,4
1979	39,47	145,0	787	8406	93,6	84 141	449	175,3
1980	63,63	228,0	807	8409	96,0	90 015	472	171,0
1981	95,70	351,0	788	8411	93,7	95 606	485	162,5
1982	180,63	570,0	916	8306	110,3	100 936	500	183,2
1983	288,20	1064,0	783	8277	94,6	100 459	485	161,4
1984	399,90	1198,0	965	8268	116,7	108 254	524	184,2
1985	548,40	1595,0	994	8222	120,8	113 202	586	169,6
1986	597,90	1825,0	947	8231	115,1	117 117	606	156,3
1987	767,50	2285,0	971	8265	117,5	126 126	726	133,8
1988	807,10	2890,0	807	8269	97,7	133 540	774	104,3

Sumarviðhald á hverja ekna 100 km

á verðlagi 1988



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðs vegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU
Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1988
4d oj
32d 5t
28d 5t
8d 5t
23d 7t
30d oj
11d 7t
33d 7t
12d 7t
25d 7t
38d 7t
18d 7t
36d oj
7d 5t
23d 7t
31d oj
7d 5t
6d 7t
32d 5t
4d oj
33d 5t
6d oj
17d oj
6d 5t
6d 7t
8d 5t
25d 7t
27d 7t
19d 5t
10d 7t
3d vl
14d oj
8d 7t
33d 7t
29d 7t
25d 7t
31d 7t
32d oj
13d 5t
40d oj
7d 7t
7d 5t
29d 7t
18d 7t
50d 7t
21d 7t
19d 7t
26d 7t
22d 7t
19d 5t
13d 7t
7d vl
29d 7t
10d vl
5d oj
25d 5t
6d 7t
27d 7t
14d oj
17d 7t
27d 5t
6d 7t
29d 7t
36d oj
6d 7t
47d 7t
25d 5t
16d 7t
34d 7t
41d 7t
41d 7t
34d 7t
25d 5t
6d 7t
19d 7t
28d 7t
49d oj
9d 5t
24d 7t
14d 7t
Vegurinn lokaður eða aðeins opinn jeppum (vl eða oj)
5 tonna öxulþungi (5t)
7 " " (7t)
Kaflaskipting " "

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní–sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1988														Ársumferð					
		Minni en 50	50-100		100-200		200-300		300-500		500-750		750-1000		1000-1500		1500-2000		2000-3000		3000-5000		5000-10000		Yfir 10000							
Kjördæmi	Gerð slit-lags	km	km		km		km		km		km		km		km		km		km		km		km		km		Alls km	Eknir m.km.	Í Kjörd. %	Í Landi %	%	Skipting
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki																													
Suðurland	Malar	419	314		134		97		105		29		7		5		0		0		0		0		0		1 110	34,3	22,5	4,4	
	Bundið	1	9		33		86		114		25		82		32		31		14		27		8		0		462	118,1	77,5	15,3	
	Samt.	420	323		167		183		219		54		89		37		31		14		27		8		0		1 572	152,4	100,0	19,7	
Meðalt. bílar/dag		26	71		144		259		395		554		859		1 241		1 613		2 474		4 670		5 732		0		379				
Reykjanes	Malar	8	55		67		7		12		2		0		11		1		6		0		0		0		169	15,4	5,3	2,0	
	Bundið	0	10		3		8		7		15		12		28		23		32		17		55		18		228	274,6	94,7	35,5	
	Samt.	8	65		70		15		19		17		12		39		24		38		17		55		18		397	290,0	100,0	37,5	
Meðalt. bílar/dag		34	78		148		252		483		587		869		1 283		1 888		2 273		3 435		6 546		15 412		2 343				
Vesturl.	Malar	309	269		261		129		63		23		0		0		7		2		0		0		0		1 063	34,1	38,5	4,4	
	Bundið	0	5		24		58		77		17		14		24		29		37		1		0		0		286	54,4	61,5	7,0	
	Samt.	309	274		285		187		140		40		14		24		36		39		1		0		0		1 349	88,5	100,0	11,4	
Meðalt. bílar/dag		26	74		137		247		376		612		784		1 328		1 722		2 239		3 079		0		0		285				
Vestfirðir	Malar	450	327		298		24		0		4		5		0		0		0		0		0		0		1 108	20,4	55,0	2,6	
	Bundið	8	28		98		31		14		3		21		0		7		2		0		0		0		212	16,7	45,0	2,2	
	Samt.	458	355		396		55		14		7		26		0		7		2		0		0		0		1 320	37,1	100,0	4,8	
Meðalt. bílar/dag		26	83		142		238		323		522		848		0		1 753		2 525		0		0		0		120				
Norðurl.ve.	Malar	402	156		110		65		41		28		16		0		0		0		0		0		0		818	24,6	39,5	3,1	
	Bundið	0	0		9		19		51		30		115		18		0		0		0		0		0		242	37,6	60,5	4,9	
	Samt.	402	156		119		84		92		58		131		18		0		0		0		0		0		1 060	62,2	100,0	8,0	
Meðalt. bílar/dag		28	74		128		243		361		612		893		1 072		0		0		0		0		0		248				
Norðurl.ey.	Malar	178	190		300		114		114		39		0		3		0		0		0		0		0		938	36,9	43,5	4,8	
	Bundið	0	1		23		24		39		59		24		60		12		8		0		0		0		250	48,0	56,5	6,2	
	Samt.	178	191		323		138		153		98		24		63		12		8		0		0		0		1 188	84,9	100,0	11,0	
Meðalt. bílar/dag		35	75		146		246		372		572		852		1 210		1 656		2 584		0		0		0		299				
Austurland	Malar	354	173		347		137		64		0		0		0		0		0		0		0		0		1 075	31,7	54,1	4,1	
	Bundið	4	2		77		77		87		49		5		4		3		0		0		0		0		308	26,9	45,9	3,5	
	Samt.	358	175		424		214		151		49		5		4		3		0		0		0		0		1 383	58,6	100,0	7,6	
Meðalt. bílar/dag		29	73		163		239		377		582		812		1 283		1 980		0		0		0		0		175				
Samtals	Malar	2 120	1 484		1 517		573		399		125		28		19		8		8		0		0		0		6 281	197,4	25,5	25,5	
	Bundið	13	55		267		303		389		198		273		166		105		93		45		63		18		1 988	576,3	74,5	74,5	
	Alls	2 133	1 539		1 784		876		788		323		301		185		113		101		45		63		18		8 269	773,7	100,0	100,0	
Meðalt. bílar/dag		27	76		146		246		380		582		868		1 235		1 729		2 319		4 178		6 454		15 412		354				

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja, stika, og malarslitlags. Enn fremur kostnaður við skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til mölburðar var varið 219,9 m.kr., en það var um 20,9% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1988 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

Mölburður 1988.

	Óunnið efni				Unnið efni				Samt.	Mölburður		
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm
Suðurland	48	37 353	0,78	17	32	22 732	0,71	10	80	60 085	0,75	13
Reykjanes	4	1 650	0,41	6	35	11 880	0,34	6	39	13 530	0,42	6
Vesturland ...	57	42 262	0,74	12	61	27 652	0,46	8	118	69 914	0,59	10
Vestfirðir	22	25 120	1,14	23	38	8 600	0,22	5	60	33 720	0,56	11
Norðurland ve..	16	17 806	1,15	26	51	28 243	0,55	10	67	46 049	0,69	13
Norðurland ey..	36	38 165	1,06	18	67	25 349	0,38	6	103	63 514	0,62	10
Austurland ...	30	78 000	2,57	35	36	12.000	0,33	6	58	90 000	1,54	22
Samtals.....	213	240 356	1,13	20	320	136 456	0,43	7	525	376 812	0,72	12

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 129,9 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

Malbikun ..... 8,0 km
Afrétting og klæðning ..... 16,9 km
Klæðing ..... 105,0 km

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1988 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km).

	Lengdir í km				
Kjördæmi	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðing	Samtals
Suðurland	0,1	2,9	113,1	344,4	460,5
Reykjanes	46,7	52,5	72,2	56,7	228,1
Vesturland		2,8	15,1	265,8	283,8
Vestfirðir		9,2		199,6	208,8
Norðurland vestra	0,8			242,9	243,7
Norðurland eystra		11,6		240,1	251,7
Austurland	0,6		9,7	295,1	305,4
Samtals	48,2	78,1	210,1	1 644,5	1 981,8

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 42,0 m.kr.

Stærstu verkefnin voru eftirtalin:

Brýrnar á Hverfisfljóti og Brúará á Suðurlandsvegi (1) voru ryðhreinsaðar og málaðar. Byrjað var á steypuviðgerðum á brúnni á Rangá hjá Hellu (1). Lokið var málun og viðgerðum á Jökulsá hjá Grímsstöðum á Norðurlandsvegi (1). Unnið var að endurbótum og viðgerðum á nokkrum brúm á Barðastrandarvegi (62) og brúnni á Krossá á Hólmavíkurvegi (68). Þá var brúin á Hvannadalsá á Snæfjallastrandarvegi (635) hækkuð og breikkuð með nýju timburgólfi. Auk þessa var unninn fjöldi smærri verka.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Stærsta verkefnið var viðgerð á varnargörðum við Súlu (1).

2.2.1.5. Heflun vega.

Vegagerðin á nú 48 hefla. 38 þeirra eru í fullri notkun við heflun vega, snjóruðning o.fl. 3 eru varaheflar og 7 eru eingöngu notaðir til snjómoksturs þegar á þarf að halda.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun var 113 m.kr. eða um 18 þús.kr. á hvern km af malarvegum.

Heflaðir voru 25 þús.km á 17 þús. klst. sem svarar til 1,5 km/klst.

Lausakeyrsla er nokkuð mismunandi eftir umdæmum en yfir allt landið um 12%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Heflunartímar þ. klst.	32,7	28,7	31,1	28,0	25,3	24,9	20,1	21,0	17,0
Notkun hefla í snjómokstri þ. klst.	12,1	24,3	16,6	21,2	18,4	6,5	11,5	5,4	10,3
Heildarnotkun þ. klst.	73,6	78,5	72,9	70,9	64,6	50,1	48,4	41,0	40,7

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1988 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega, annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

	Rykbundnir km.					Umferð	
Umdæmi	Klór Kalsíum	Úrgangs- salt	Nýtt salt	Sjór	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	–	148	–	–	148	243	146
Reykjanes	19	–	10	9	38	39	32
Vesturland	117	197	–	756	1 070	224	95
Vestfirðir	–	–	–	500	500	33	9
Norðurl. ve.	9	89	89	14	201	150	85
Norðurl. ey.	–	15	464	–	479	270	156
Austurland	8	95	187	–	290	201	64
Samtals	153	544	750	1 379	2 826	1 160	587

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1988 var aðeins starfrækt ein mulningsvélasamstæða á vegum Vegagerðarinnar og sá hún um efnisvinnslu á Norðurlandi eystra. Annars staðar var efnisvinnslan boðin út.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1988 var sem hér segir:

	Mölun m^3				Samt.
	14–16 mm	19 mm	25 mm	>25 mm	m^3
Suðurland	–	–	55 211	16 113	71 324
Reykjanes	–	3 500	–	–	3 500
Vesturland	–	14 097	–	–	14 097
Vestfirðir	–	–	10 792	–	10 792
Norðurl.ve.	–	19 700	14 612	6 415	40 727
Norðurl.ey.	–	32 482	15 329	10 719	58 530
Austurland	9 500	20 000	–	–	29 500
Samtals	9 500	89 779	95 944	33 247	228 470

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1988 nam tjón vegna vatnaskemmda 27 m.kr. Á árunum 1982–1987 varð árlegur kostnaður 22 m.kr. að meðaltali á verðlagi 1988.

Eins og sést af þessum tölum varð tjón af völdum vatnaskemmda með meira móti miðað við fyrri ár.

Í lok ágústmánaðar varð verulegt tjón af völdum vatnavaxta á Norðurlandi og þá sérstaklega í Ólafsfirði. Einnig varð víða tjón á Vestfjörðum.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var um 10 m.kr. þar af fóru um 3 m.kr. í viðhald á gömlum merkjum. Á árinu var hafin endurskoðun á vegamerkingum á öllu landinu og var kostnaður við 1. áfanga, þ.e. leiðarmerki, á höfuðborgarsvæðinu um 7 m.kr.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Fjárveiting var 245 m.kr. Að auki voru til ráðstöfunar 25 m.kr. frá fyrra ári. Alls 270 m.kr. Kostnaður varð 232 m.kr. sem er um 48 m.kr. undir meðaltalskostnaði á ári sl. 10 ár, mælt á verðlagi 1988. Auk þess var 16 m.kr. varið til kaupa á snjómoksturstækjum þannig að heildarkostnaður, bókfærður á vetrarviðhald, varð 248 m.kr. Á sl. 10 árum varð kostnaður við vetrarþjónustu mestur árið 1984, um 383 m.kr. en minnstur 1987, 172 m.kr. Vegna hagstæðs tíðarfars um allt land á árinu 1988 eru eftirstöðvar fjárveitingar til vetrarþjónustu 22 m.kr.

Hér fara á eftir töflur sem sýna:

1. Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu 1979 – 1988.
2. Kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum fjallvegum.
3. Tafla sem sýnir hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa á árinu 1988. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1979–1988.

Ár	Jan.–júní m.kr.	Okt.–des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala vetrar-þjónustu	Á verðlagi 1988 m.kr.
1979	8,91	5,46	14,37	144	297,08
1980	7,08	9,71	16,79	226	221,17
1981	26,99	15,99	42,98	347	368,74
1982	30,21	25,74	55,95	549	303,39
1983	90,61	46,31	136,92	1 083	376,37
1984	119,80	37,20	157,00	1 219	383,42
1985	51,00	45,80	96,80	1 583	182,04
1986	87,60	72,99	160,59	1 918	249,26
1987	77,64	64,36	142,00	2 460	171,84
1988	173,00	75,23	248,23	2 977	248,23
Meðaltalskostn.s.l. 10 ár					280,15

Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum – fjallvegum.

Kafli	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjóm. þús.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	52	9 348	179,7
Holtavörðuheiði	38	2 873	75,6
Fróðárheiði	13	2 228	171,3
Miklidalur og Hálfdán	29	2 616	90,2
Breiðadalsheiði	16	3 955	247,1
Botnsheiði	17	3 723	219,0
Steingrímsfjarðarheiði	36	3 707	102,9
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	31	6 986	225,3
Öxnadalsheiði	30	3 182	106,0
Ólafsfjarðarmúli	18	4 622	256,7
Fjarðarheiði	25	7 320	292,8
Oddsskarð	22	7 287	331,2

Tafla sem sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1988.

	Jan	Febr	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ág	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjó-moksturs-dagar
Fróðárheiði			1	5									6	2	46
Svínadalur	5	1	3	9								1	19	5	31
Kletthváls	24	29	15	20						1		11	100	27	25
Hálfdán	4	3	5	5								3	20	5	36
Dynjandisheiði	31	29	30	28							4	22	145	40	12
Hrafnseyrarheiði	26	26	23	24						1	2	18	121	33	23
Breiðadalsheiði	10	9	8	7						2	3	8	46	13	76
Botnsheiði	7	4	5	6								4	26	7	66
Steingrímsfjarðarh.	3	6	6	10									25	7	59
Holtavörðuheiði													0	0	41
Vatnsskarð nyrðra													0	0	26
Siglufv.-Fljót	3	4		5									12	3	45
Lágheiði	31	29	31	29					3	8		10	171	47	5
Öxnadalsheiði													0	0	59
Ólafsfjarðarmúli	4	8	1	9								3	25	7	49
Hólssandur	31	29	31	30	31	7			4	30	30	31	254	70	2
Axarfjarðarheiði	31	29	31	30	31	12			6	31	30	31	262	72	2
Sandvíkurheiði	1	9	3	5									18	5	48
Vopnafjarðarheiði	31	29	23	30									114	31	5
Möðrudalsöræfi	22	29	31	26									109	30	11
Vatnsskarð eystra	19	13	13	11					1			2	59	16	36
Fjarðarheiði	5	8	4	6									23	6	68
Oddsskarð	7	13	2	5								1	28	7	65
Breiðdalsheiði	30	29	31	24								4	118	32	10

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974–1988.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaður %
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	222,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,90	32,2
1984	532,30	561,67	157,00	28,0
1985	691,00	645,30	96,80	15,1
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,26	141,73	15,6
1988	1 063,00	1 055,30	248,20	23,5

Skipting viðhaldskostnaðar árið 1988.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd skipting viðhaldskostnaðar árið 1988. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds.

Kostnaðarliður	Kjördæmi: Sameiginl. þ.kr.	Suðurland þ.kr.	Reykjanes þ.kr.	Vesturland þ.kr.	Vestfirðir þ.kr.	N.land vestra þ.kr.	N.land eystra þ.kr.	Austurland þ.kr.	Samt. þ.kr.	Hlutfall af heildark. % Alls	Sumarvh.
1. Eftirlit og stjórnun	0	3 826	0	695	486	264	–151	852	5 972	0,6	0,7
2. Umferðarmerki, stikur, lýsing	3 107	3 231	20 865	8 169	6 825	4 201	4 531	6 442	57 371	5,4	7,1
3. Vegmálun	0	5 135	9 955	2 227	1 681	1 959	1 748	1 515	24 220	2,3	3,0
4. Vegheflun	117	20 637	6 836	23 156	17 625	10 446	17 883	16 953	113 653	10,8	14,1
5. Rykbinding	0	3 080	1 905	7 212	4 671	3 933	10 357	2 351	33 509	3,2	4,2
6. Mölburður-endurn. malarslitlags	0	15 715	4 756	10 758	6 090	7 831	12 948	5 107	63 205	6,0	7,8
7. Viðgerðir á bundnu slitlagi	0	1 546	8 324	4 243	1 527	1 590	1 722	3 897	22 849	2,2	2,8
8. Yfirl.-endurn.b-slitl.	0	17 360	68 863	16 141	926	6 168	8 459	3 723	121 640	11,5	15,0
9. Axlir	0	1 846	4 621	3 482	838	1 141	715	1 835	14 478	1,4	1,8
10. Vorviðgerðir	0	385	1	1 024	971	489	942	2 296	6 108	0,6	0,8
11. Styrking	0	19 927	8 072	5 235	16 167	40 070	30 162	30 974	150 607	14,3	18,7
12. Rásir, skurðir, ræsi	0	2 009	995	5 147	3 210	2 497	892	1 237	15 987	1,5	2,0
13. Vatnaskemmdir	0	2 142	630	898	4 056	5 684	8 204	3 096	24 710	2,3	3,1
14. Efnisvinnsla	0	17 120	327	6 007	5 958	0	20 264	5 456	55 132	5,2	6,8
Samtals	3 224	113 959	136 150	94 394	71 031	86 273	118 676	85 734	709 441	67,3	87,9
15. Viðhald brúa	1 420	13 597	591	552	15 891	1 191	3 103	7 205	43 550	4,1	5,4
16. Sérst. verk í viðh.	0	1 912	141	19 996	7 874	3 335	1 402	19 405	54 065	5,1	6,7
Samtals sumarviðhald	4 644	129 468	136 882	114 942	94 796	90 799	123 181	112 344	807 056	76,5	100,0
Samtals vetrarþjónusta	16 813	10 237	30 597	26 758	54 912	15 684	38 803	54 428	248 232	23,5	
Viðhald alls	21 457	139 705	167 479	141 700	149 708	106 483	161 984	166 772	1 055 288	100,0	

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við 100 ekna km árið 1988.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1988 m.kr.	Lengd akfærra vega km	Viðhaldskostnaður á hvern km. þ.kr.	Eknir km. 1988 m.km	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður við sumarviðhald alls m.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á km þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km kr.
Suðurland	141,2	1 572	89,8	152	93	130,2	82,8	86
Reykjanes	170,5	397	429,5	290	59	137,7	346,9	47
Vesturland	144,3	1 349	107,0	89	162	115,6	85,7	130
Vestfirðir	154,2	1 320	116,8	37	417	95,4	72,3	258
Norðurland ve.	108,2	1 060	102,1	62	175	91,3	86,1	147
Norðurland ey	165,5	1 188	139,3	85	195	123,9	104,3	146
Austurland	171,4	1 383	123,9	59	291	113,0	81,7	192
Samtals	1 055,3	8 269	127,6	774	136	807,1	97,6	104

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Ríkissjóður þurfti ekki af afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1988 þar sem vegáætlun var við það miðuð, að markaðar tekjur yrðu meiri en næmi öllum áætluðum útgjöldum.

Á árinu 1987 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 18,0 m. kr. til að endurgreiða lán, sem Bæjarsjóður Akureyrar tók árið 1981 vegna brúargerðar á Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, en brú þessi kom að miklum notum við lagningu hitaveitunnar á sínum tíma. Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu og skal endurgreiðast á árunum 1990–1992 af framlögum á vegáætlun til framkvæmda í Norðurlandskjördæmi eystra, en vextir greiðast árlega. Á árinu 1988 námu vaxtagreiðslur af þessu láni 1,8 m.kr., en skuldin í árslok uppfærð samkvæmt vísitölu nam 23,0 m.kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Tekin voru samkvæmt venju bráðabirgðalán sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að töluverðu leyti í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum, en 140 m.kr. komu frá lánastofnunum, 43 m.kr. frá bæjar- og sveitarfélögum og 6,3 m.kr. frá landeigendum vegna kaupa á landi undir vegi.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 289,3 m.kr. og fóru 111,3 m.kr. til vega í Suðurlandskjördæmi, þar af til Suðurlandsvegar á Mýrdalssandi 61,2 m.kr. og Eyrarbakkavegar vegna Ölfusárbrúar 46,4 m.kr. Til vega í Reykjaneskjördæmi fóru 40,7 m.kr., Vesturlandskjördæmi 63,4 m.kr., Vestfjarðakjördæmi 37,5 m.kr., Norðurlandskjördæmi vestra 12,9 m.kr., Norðurlandskjördæmi eystra 5,4 m.kr. og Austurlandskjördæmi 18,1 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 50,9 m.kr. Þar af var endurlán til Þykkvabæjarvegar 20,6 m.kr., lán til Bessastaðavegar 3,0 m.kr., til Hálsasveitarvegar, Varmalandsvegar og Laxárdalsvegar 17,0 m.kr., Karlseyjarvegar 1,0 m.kr., Svartárdalsvegar 5,3 m.kr., Finnastaðavegar 2,1 m.kr. og Jökuldalsvegar 2,0 m.kr.

Til viðhalds vega voru teknar að láni samtals 27,0 m.kr. aðallega til vega á Vesturlandi, Reykjanesi og Norðurlandi vestra.

Lán til brúargerða urðu 13,6 m.kr. og fór allt það fé til brúar á Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 382,45 m.kr. á móti 212,16 m.kr. í árslok 1987 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1988 m.kr.	Árslok 1987 m.kr.
Til stofnbrauta	289,30	87,12
Til þjóðbrauta	50,88	44,74
Til viðhalds	27,03	49,42
Til brúargerða	13,56	30,18
Til verkfr. undirbúnings o.fl.	1,68	0,70
Samtals	382,45	212,16

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

Engin önnur lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1988, en ríkissjóður yfirtók á sínum tíma greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum sem tekin höfðu verið til vegaframkvæmda og þarf Vegagerðin ekki að bera neinn kostnað af þeim lengur.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 1.237,0 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 1.017,0 m.kr., til þjóðbrauta 169,4 m.kr., til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum 29,0 m.kr., til girðinga og uppgræðslu 17,0 m.kr. og sérstök fjárveiting til vegar að Bessastöðum 4,0 m.kr.

2.3.0.7 Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.

Heildarfjárfesting á árinu 1988 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm, varð 1 437 m.kr. samkvæmt bráðabirgðayfirliti.

Bundið slitlag var lagt á 257 km, þar af 216 km á stofnbrautir og 41 km á þjóðbrautir. Af þessum 257 km eru 84 km með einbreiðu slitlagi (3,8 m).

Byggðar voru samtals átta brýr 10 metra langar eða lengri og voru þær samtals 556 m á lengd. Fimm þessara brúa voru byggðar á stofnbrautum, samtals 510 m, en þrjár samtals 46 m á þjóðbrautum.

Auk þess voru byggðar fjórtán smábrýr, samtals 62 m á lengd. Sex voru á stofnbrautum, samtals 21 m, og átta á þjóðbrautum, samtals 41 m.

2.3.1. Til stofnbrauta.

2.3.1.1. Almenn verkefni.

Fjárveitingar til almennra verkefna á stofnbrautum voru samtals 306.500 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
	Suðurlandskjördæmi	
1	Suðurlandsvegur	
22–28	Hvolsvöllur–Þjórsá	2.400
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur–Skálholtsvegur	20.200
	Reykjaneskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
18	Laxá–Breiðamýri	11.400
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1.000
41	Reykjanesbraut	
04–11	Hafnarfjörður–Flugstöð	3.500
10	Hafnavegur–Grænás	2.000
12	Flugvallarvegur–Víknavegur	1.000
416	Álftanesvegur	
02	Landakot–Sviðholt	6.000
	Vesturlandskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1.000
01	Önundarhóll–Fjárrétt	5.400
09	Eskiholtslækur–Gljúfurá	12.000
12	Hvammur–Sanddalsá	6.700

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Vegamót–Hrísdalur	7.800
08	Staðará–Urriðaá	2.000
11	Snæfellsnesvegur–Fossá	2.600
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll–Helgafellssveitarvegur	7.000
12	Grundarfjörður–Kvíabryggja	3.900
60	Vestfjarðavegur	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1.000
	Vestfjarðakjördæmi	
60	Vestfjarðavegur	
01	Rannsóknir í Gilsfirði	1.000
14	Vatnsdalsá–Flókalundur	9.800
61	Djúpvegur	
18	Djúpagil–Arnarneshamar	17.000
62	Barðastrandarvegur	
05	Stapar–Patreksfjörður	13.300
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn–Suðureyri	12.200
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík–Þambá	13.200
	Norðurlandskjördæmi vestra	
1	Norðurlandsvegur	
06	Víðidalsvegur vestri–Víðidalsv. eystri	18.800
18	Miðhús–Miklibær	11.200
19	Miklibær–Kjálkavegur	8.300
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur–Hvammstangi	7.900
76	Siglufjarðarvegur	
02	Um Gljúfurá	4.400
04	Sleitustaðir–Hofsósbraut	500
11	Gangamunni–Siglufjörður	2.000
	Norðurlandskjördæmi eystra	
1	Norðurlandsvegur	
04	Hörgárdalsvegur–Krossastaðir	13.500
20	Skútustaðir–Garður	2.700
85	Norðausturvegur	
26	Hafralónsá–Þórshöfn	8.700
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01–02	Hvammur–Miðbraut	10.000
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra-Fjall–Norðausturvegur	3.700
	Austurlandskjördæmi	
1	Austurlandsvegur	
22	Stigi–Krossá	4.000
47	Fátækramannahóll–Bakkalækur	12.000
85	Norðausturvegur	
12	Sunnudalsvegur–Teigará	7.000
92	Norðfjarðarvegur	
07	Hólmaháls	5.300
09	Við Eskifjörð	8.000
96	Suðurfjarðavegur	
03	Skriður–Höfðahús	15.100
		306.500

2.3.1.2. Bundin slitlög.

Fjárveitingar til bundinna slitlaga voru samtals 216.100 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
	Suðurlandskjördæmi	
1	Suðurlandsvegur	
10–11	Um Mýrdalssand	17.200
30	Skeiðavegur	
04	Þjórsárdalsvegur–Hrunavegur	6.000
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	5.600
39	Þrengslavegur	
01	Suðurlandsvegur–Þorlákshafnarvegur	2.400
	Reykjaneskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
18	Laxá–Breiðamýri	5.100
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur–Litla-Sauðafell	4.000
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur–Vesturlandsvegur	7.200
	Vesturlandskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
01	Önundarhóll–Fjárrétt	4.600
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Tungulækur–Brókarlækur	8.200
04	Hítará-Kaldá	4.100
07	Vegamót–Hrísdalur	3.800
11	Snæfellsnesvegur–Fossá	5.500
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll–Helgafellssveitarvegur	16.800
12	Grundarfjörður–Kvíabryggja	800
	Vestfjarðakjördæmi	
60	Vestfjarðavegur	
03	Mýrartunga–Hríshóll	4.800
05	Þorskafjarðarvegur–Gröf	10.400
14	Vatnsdalsá–Flókalundur	3.700
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík-Stikuháls	7.500
	Norðurlandskjördæmi vestra	
1	Norðurlandsvegur	
14–15	Gilshús–Valadalsá	8.700
74	Skagastrandarvegur	
02	Þverárfjallsvegur–Skagavegur	2.600
76	Siglufjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur–Hjaltastaðir	1.100
04	Sleitustaðir–Hofsósbraut	4.300
	Norðurlandskjördæmi eystra	
1	Norðurlandsvegur	
15	Fnjóskadalsvegur eystri–Kross	8.500
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn–Flugvöllur	3.700
821	Eyjafjarðarvegur vestri	
01–02	Hvammur–Miðbraut	3.700
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra-Fjall–Norðausturvegur	4.800

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
	Austurlandskjördæmi	
1	Austurlandsvegur	
29	Blábjörg–Starmýri	12.300
33	Össurá–Þorgeirsstaðir	7.200
92	Norðfjarðarvegur	
04	Neðstabrú–Skriður	6.300
07	Um Hólmaháls	4.800
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Neðri-Stafur–Efri-Stafur	13.800
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót–Mýnes	7.900
96	Suðurfjarðavegur	
10	Stöðvará–Kambanes	1.100
931	Upphéraðsvegur	
08	Altavík–Hafursá	7.600
		216.100

2.3.1.3. Sérstök verkefni.

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru samtals 224.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	75.700
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur–Litla Sandfell	18.500
1	Vesturlandsvegur	
14	Holtavörðuheiði	28.200
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	12.700
27	Breiðadals- og Botnsheiði, rannsóknir vegna jarðganga	3.000
61	Djúpvegur	
01–05	Tenging Inn-Djúps	13.500
1	Norðurlandsvegur	
14–15	Gilshús–Valadalsá	15.300
1	Norðurlandsvegur	
09	Leiruvegur	33.000
85	Norðausturvegur	
10–16	Vopnafjörður–Hérað	1.000
92	Norðfjarðarvegur	
09	Eskifjörður–Göng	23.100
	Samtals	224.000

2.3.1.4. Ó-vegir.

Fjárveitingar til svokallaðra Ó-vega á stofnbrautum voru samtals 125.000 þús. kr. samkvæmt vegáætlun. Í árslok kom aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð 35.000 þús. kr. til Ólafsfjarðavegar um Ólafsfjarðarmúla vegna jarðgangagerðar. Fjárveitingar urðu því samtals 160.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
61	Djúpvegur	
25	Um Óshlíð	14.900
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	145.100
	Samtals	160.000

2.3.1.5. Höfuðborgarsvæðið.

Fjárveitingar til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu voru samtals 111.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
1	Vesturlandsvegur	
13	Grafarholt–Lágafell	8.000
13–14	Við Langatanga og Álafossveg	4.000
14	Við Brúarland	7.000
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur–Arnarnes	14.000
41	Reykjanesbraut	
02–03	Reykjavík–Hafnarfjörður	30.000
04	Hvammabraut–Ásbraut	3.000
04	Gatnamót Lækjargötu	5.700
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur–Vesturlandsvegur	1.300
	Þjóðvegir samtals	73.000
	Greiðsla upp í skuld við Reykjavík vegna þjóðvega í þéttbýli	26.000
	Þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík	6.000
	Þjóðvegir í þéttbýli í Kópavogi	6.000
	Samtals	111.000

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveitingar til nýbygginga þjóðbrauta og vega í jaðarbyggðum voru samtals 169.400 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
	Suðurlandskjördæmi	
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut	6.100
204	Meðallandsvegur	2.400
215	Reynishverfisvegur	1.300
240	Stórhöfðavegur	7.900
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur–Suðurlandsvegur	1.400

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
255	Akureyjarvegur	2.300
261	Fljótshlíðarvegur	
03–04	Hlíðarendi–Háimúli	7.500
32	Þjórsárdalsvegur	
01	Skeiðavegur–Stóra-Núpsvegur	4.800
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Hamarsvegur	2.400
37	Laugarvatnsvegur	
03	Laugarvatnsvegur–Reykjavegur	4.800
305	Villingaholtsvegur	2.400
	Reykjaneskjördæmi	
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Bláfjallavegur–Vatnsskarð	5.000
461	Meðalfellsvegur	
01	Um Svínadalsá og Bugðu	7.000
	Vesturlandskjördæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
01	Um Þverá hjá Geitabergi	1.500
04	Kleppjárnsreykir–Deildartunga	5.000
518	Hálsasveitarvegur	
01	Borgarfjarðarbraut–Reykholtsdalsvegur	13.900
03	Um Húsafellsskóg	3.500
577	Helgafellssveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur–Snæfellsnesvegur	5.900
593	Efribyggðarvegur	
01	Hella–Flekkudalsá	3.900
	Vestfjarðakjördæmi	
69	Steinadalsvegur	
02	Steinadalur–Hólmavíkurvegur	800
612	Örlygshafnarvegur	
03	Kollsvíkurvegur–Látur	2.000
633	Vatnsfjarðarvegur	
03	Skálavík–Kelda	10.300
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur–Drangsnes	4.900
	Norðurlandskjördæmi vestra	
711	Vatnsnesvegur	
07	Síðuvegur–Norðurlandsvegur	500
731	Svínvetningabraut	
02–03	Tindar–Blöndubrú	4.800
734	Svartárdalsvegur	
01	Um Fjósaklif	3.000
745	Skagavegur	
08	Í Laxárdal	1.300
767	Hólavegur	
01	Víðinesá–Hólar	3.000
02	Hólar–hesthús	1.700
769	Ásavegur	4.200
792	Flugvallarvegur í Siglufirði	2.000

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1988 þús. kr.
	Norðurlandskjördæmi eystra	
83	Grenivíkurvegur	
02	Norðurlandsvegur–Fagranes	4.600
803	Kleifavegur	
02	Flugvöllur–Sólheimar	2.000
824	Finnastaðavegur	
01	Finnastaðir–Gilsbakki	6.300
846	Austurhlíðarvegur	
01	Norðurlandsvegur–Laugar	600
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka–Stekkjarnes	3.700
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur–Flugvöllur	3.000
870	Kópaskersvegur	
01	Norðausturvegur–Kópasker	2.400
	Austurlandskjördæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót–Mýnes	700
923	Jökuldalsvegur	
04	Jökla–Hrafnkelsdalsmynni	7.000
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík–Hafursá	5.300
953	Mjóafjarðarvegur	2.500
955	Flugvallarvegur Norðfirði	3.800
		169.400

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Fjárveiting til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum var í vegáætlun 29.000 þús. kr. Var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Kaupstaður Kauptún	1988 fjárv. þús.kr.
Siglufjörður	3.000
Eskifjörður	4.500
Hveragerði	1.100
Búðardalur, (Laxárdalshreppur)	900
Bíldudalur	1.000
Blönduós	3.900
Hofsós	3.800
Grenivík, (Grýtubakkahreppur)	1.400
Djúpivogur, (Búlandshreppur)	3.200
Eyrarbakki	4.200
Óráðstafað	2.000
Samtals	29.000

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 17 m.kr. og var 10 m.kr. varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar og 7 m.kr. til uppgræðslu.

Auk þess var varið til uppgræðslu 12 m.kr. vegna nýbygginga sem unnar hafa verið síðustu ár. Til uppgræðslu var alls varið 19 m.kr. með eftirstöðvum frá 1987.

Uppgræðsla var nú boðin út í fyrsta sinn og samið við fjóra verktaka til tveggja ára.

Í töflunum hér að neðan er gefið yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar og uppgræðslu.

	Óafgr. 1.1.88		Afgr. 1988		Nýjar kröfur		Óafgr. 1.1.89	
	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.
Suðurland	92,9	5	15,9	1	18,3	–	95,3	4
Reykjanes	7,5	2	0,6	1	1,0	–	7,9	1
Vesturland	149,2	7	36,0	3	27,2	2	140,2	6
Vestfirðir	18,1	2	–	–	–	–	18,1	2
Norðurland vestra	108,1	3	6,6	–	8,0	–	109,5	3
Norðurland eystra	188,4	11	6,9	1	14,4	2	195,9	12
Austurland	55,8	4	3,0	1	9,0	–	61,8	3
Samtals	620,0	34	69,0	7	77,9	4	628,7	31

	Framkv. 1988			Ósáð
Umdæmi	Sáning ha	Áburðardr. ha	Samt. ha	1/1 1989 ha
Suðurland	11	78	89	80
Reykjanes	10	62	72	40
Vesturland	76	129	205	334
Vestfirðir	13	110	123	409
Norðurland vestra	9	63	72	380
Norðurland eystra	205	38	243	693
Austurland	93	50	143	662
Samtals	417	530	947	2 598

2.4. TIL BRÚARGERÐA

2.4.1. Til brúa 10 m og lengri.

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 81.000 þús. kr. og var henni skipt eins og segir í eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni er gerð grein fyrir byggingu einstakra brúa.

Heiti	Fjárv. 1988 í þús.kr.
Háfsós (275)	5.500
Skurður hjá Krossi (sýsluvegur)	2.600
Bugða (461)	3.600
Svínadalsá (461)	4.000
Straumfjarðará (54)	14.000
Gilsfjörður – rannsóknir (60)	1.200
Bæjará (60)	4.300
Haukabergsá (62)	3.500
Gljúfurá (76)	4.800
Eyjafjarðará (823)	1.600
Grænilækur (1)	6.500
Hafralónsá (85)	24.400
Laxá (sýsluvegur S.Þing)	3.700
Morsá (fjallvegur)	1.300
Samtals	81.000

2.4.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 13.000 þús. kr. og var henni varið sem hér segir:

Heiti	Vegur nr.	Áætl.kostn. í þús.kr.	Fjárv. 1988 í þús.kr.
Markaskurður	255	1.500	1.500
Merkjaá	261	1.500	1.500
Vífilsstaðalækur	410	300	300
Finnastaðaá	824	2.200	2.200
Skjóldalsá	824	2.600	2.600
Lækur á Flugvallarvegi í Norðfirði	955	1.400	1.400
Garðsá í Stöðvarfirði	96	800	800
Teigará í Vopnafirði	918	1.800	1.800
Til smábrúa á sýsluvegum		3.600	900
Samtals		15.700	13.000

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting á þessum lið var 9.000 þús. kr. og var henni skipt eins og sýnt er á eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni verður gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárv. í þús. kr.
F 22 Fjallabaksleið nyrðri	550
F 28 Sprengisandsleið	1 000
F 35 Kaldadalsleið	450
F 37 Kjalvegur	3 200
F 78 Skagafjarðarleið	500
F 82 Eyjafjarðarleið	700
F 92 Gæsavatnaleið	1 800
Ferðafélag Íslands v/Emstrubrúar	100
Óskipt	700
Samtals	9 000

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting til annarra fjallvega var 6.000 þús. kr. og var henni skipt eins og hér segir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús kr.	
1. Vegur að Laka	Suðurland	50	
2. Afréttarvegur Hörgslandshrepps	–	20	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhrepps	–	40	
4. Vegur að Sólheimajökli	–	40	
5. Afréttarvegur Mýrdalshrepps	–	20	
6. Vegur að Dyrhólaey	–	60	
7. Afréttarvegur Álftavershrepps	–	20	
8. Fjallabaksleið syðri	–	300	
9. Vegur um Fimmvörðuháls	–	70	
10. Afréttarvegur Hvolhrepps (Emstrur)	–	50	
11. Vegur í Landmannalaugar	–	20	
12. Afréttarvegur Vestur-Eyjafjarðarhrepps	–	20	
13. Dómadalsleið	–	40	
14. Afréttarvegur Hrunamanna	–	40	
15. Hlöðuvallavegur	–	20	
16. Afréttarvegur Gnúpverja	–	20	
17. Vegir í Þjórsárdal	–	20	
18. Vegur á Haukadalsheiði	–	50	
19. Hagavatnsvegur	–	50	
			950
20. Vegur að Skálafelli	Reykjanes	50	
21. Vegur að Hamragili	–	125	
22. Vegur í Eldborgargil	–	50	
			225
23. Vegur inn á Arnarvatnsheiði	Vesturland	50	
24. Vegur að Langavatni	–	290	
25. Vegur að Þverárdal	–	30	
26. Vegur um Grenjadal	–	30	
27. Vegur að Hítarvatni	–	50	
28. Vegur að Grettisbæli	–	30	

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús kr.	
29. Vegur að Snæfellsjökli	–	175	
30. Vegur að Saurum	–	150	
31. Vegur í Reykjadal og Austurdal	–	60	
32. Vegur um Haukadalsskarð	–	25	
33. Ýmsir vegir í Dalasýslu	–	30	
			920
34. Vegur um Nesdal á Ingjaldssandi	Vestfirðir	60	
35. Vegur að Keflavík og Bjargtöngum	–	440	
36. Ýmsir fjallvegir á Vestfjörðum	–	50	
			550
37. Víðidalstunguheiði	Norðl.vestra	175	
38. Vegur um Haukagilsheiði	–	125	
39. Ýmsir vegir í Austur-Húnavatnssýslu	–	50	
40. Ýmsir vegir í Skagafirði	–	50	
41. Vegur um Lambahraun	–	100	
42. Kolbeinsdalsvegur	–	75	
43. Skarðsvegur, Siglufirði	–	175	
			750
44. Vegur að afrétt Svarfaðardalshrepps	Norðl.eystra	70	
45. Vegur um Leirdalsheiði	–	80	
46. Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	–	100	
47. Vegur um Engidal að Stöng	–	50	
48. Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	–	250	
49. Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu	–	100	
50. Vegur að Dettifossi	–	50	
51. Vegur upp frá Daðastöðum	–	55	
52. Vegur upp með Sandá	–	100	
53. Ýmsir fjallvegir í N-Þingeyjarsýslu	–	45	
54. Þjóðminjasafnið vegna sæluhúss við Jökulsá á Fjöllum	–	250	
			1 150
55. Vegir í Bakkafirði	Austurland	30	
56. Brúarvegur, Jökuldal	–	30	
57. Vegur frá Mælivöllum (Jökuldal)	–	40	
58. Kverkfjallaleið	–	50	
59. Þríhyrningsleið	–	20	
60. Snæfellsleið	–	150	
61. Loðmundarfjarðarvegur	–	70	
62. Þórdalsheiðarvegur	–	40	
63. Vöðla- og Viðfjarðarvegur	–	20	
64. Kollumúlavegur	–	180	
65. Jökulvegur	–	400	
			1 030
66. Ferðafélag Íslands, sæluhús		200	
67. Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		100	
68. Sæluhús á Norður- og Austurlandi		100	
69. Óskipt		25	
			425
	Samtals		6 000

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 5.000 þús. kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu skipt eins og hér segir:

	Fjárv. í þús. kr.
1. Bílastæði við Dverghamra	200
2. Vegur að Laka	100
3. Vegur að Sólheimajökli	300
4. Vegir að Fjallabaki	1.400
5. Vegir á Þingvöllum	400
6. Vegur að Vigdísarvöllum	150
7. Bílastæði við Hvítserk	100
8. Bílastæði við Hraunfossa	200
9. Vegir í Mývatnssveit	150
10. Jökulsárgljúfur	1.200
11. Vegur í Atlavík	400
12. Óskipt	400
Samtals	5.000

2.5.5. Til reiðvega.

Fjárveiting var 3.000 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

	Í þús. kr.
1. Hestamannafélagið Hörður, Mosfellsbæ og Fákur, Reykjavík, vegna Þingvallaleiðar	300
2. Hestamannafélagið Dreyri, Akureyri	490
3. Hestamannafélagið Faxi, Borgarfirði	460
4. Hestamannafélagið Glaður, Dalasýslu	340
5. Hestamannafélagið Snæfellingur, Snæfells- og Hnappadalssýslu	550
6. Hestamannafélagið Stormur, Vestfjörðum	460
7. Hestamannafélagið Blakkur, Strandasýslu	150
8. Hestamannafélagið Kinnskær, Austur-Barðastrandasýslu	150
Til greiðslu skuldar frá fyrra ári	100
Samtals	3.000

2.6. TIL SÝSLUVEGA

Fjárveiting til sýsluvega á vegáætlun 1988 var 125,0 m.kr. Samkvæmt vegalögum var 95,0 m.kr. af fé þessu skipt milli sýsluvegasjóða í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í töflu hér á eftir. Afganginum 30,0 m.kr. var varið til greiðslu framlags ríkissjóðs á móti aukaframlögum hreppa, samanber 2. mgr. 21. gr. vegalaga. Lögðu hrepparnir fram aukaframlög að upphæð samtals 9,7 m.kr. Við afgreiðslu vegáætlunar undanfarin ár hefur verið hafður sá háttur á að fresta greiðslu á helmingi mótframlagsins til næsta árs, enda er ekki skylt samkvæmt vegalögum að greiða allt mótframlagið á viðkomandi ári. Árið 1987 reyndist þó eigi unnt að greiða nema 11% af mótframlagi þess árs, en tókst hins vegar að greiða það sem á vantaði að fullu og auk þess helming af mótframlagi ársins 1988 eins og áður var venja.

Í skýrslunni fyrir árið 1987 voru framlög hreppa til sýsluvegasjóðanna skv. 21. og 26. gr. vegalaga áætluð 46,26 m.kr., en urðu aðeins lægri eða 46,16 m.kr. Þar af voru aukaframlög skv. 21. gr. 2. mgr. 8,21 m.kr.

Tekjur af vegaskatti, sem lagður er á fasteignir skv. 23. gr. vegalaga, voru áætlaðar 0,45 m.kr., en urðu svipaðar eða 0,44 m.kr. Þessi tekjustofn hefur verið óverulegur eins og kunnugt er síðan orlofsheimili og sumarbústaðir voru undanskildir vegaskattinum árið 1983.

Á árinu 1988 var innheimta á framlögum hreppa til sýsluvegasjóða skv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember 1987, sem var kr. 189,80 á klst. og var það 22,8% hækkun frá kaupgjaldi þann 1. desember 1986. Áætluð heimaframlög hreppa til sýsluvegasjóða 1988 voru 49,93 m.kr. Þar af voru aukaframlög hreppa áætluð 9,67 m.kr.

Raunverulegar tekjur til sýsluvegasjóða 1987.

(Upphæðir í þús.kr.)

	Framlög hreppsfélaga skv. vegalögum:		Vegaskattur af fasteignum skv.	Ríkisframlag skv. vegalögum:		
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	23. gr. vegalaga	Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	1.148	0	0	509	0	1.657
Kjósarsýsla	4.756	176	190	3.121	140	8.383
Borgarfjarðarsýsla	1.290	297	0	1.783	321	3.691
Mýrasýsla	1.215	275	0	2.675	217	4.382
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1.093	218	0	2.958	181	4.450
Dalasýsla	968	323	0	2.270	263	3.824
A-Barðastrandarsýsla	359	0	0	761	0	1.120
V-Barðastrandarsýsla	659	0	0	1.253	0	1.912
V-Ísafjarðarsýsla	805	0	0	1.307	-59	2.053
N-Ísafjarðarsýsla	328	0	0	801	-11	1.118
Strandasýsla	728	0	0	1.272	0	2.000
V-Húnavatnssýsla	985	276	0	2.281	234	3.776
A-Húnavatnssýsla	1.197	264	0	2.251	223	3.935
Skagafjarðarsýsla	1.841	593	0	5.459	485	8.378
Eyjafjarðarsýsla	2.428	809	251	2.811	670	6.969
S-Þingeyjarsýsla	2.605	868	0	4.496	729	8.698
N-Þingeyjarsýsla	1.070	108	0	2.641	92	3.911
N-Múlasýsla	2.122	708	0	4.846	583	8.259
S-Múlasýsla	1.986	382	0	3.117	259	5.744
A-Skaftafellssýsla	1.004	218	0	1.616	142	2.980
V-Skaftafellssýsla	1.228	409	0	2.803	334	4.774
Rangárvallasýsla	3.213	944	0	5.071	706	9.934
Árnessýsla	4.918	1.346	0	6.398	875	13.537
Samtals	37.946	8.214	441	62.500	6.384	115.485

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1988.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsnefnda skv. vegalögum:		Vegaskattur af fasteignum skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag skv. vegalögum:		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	1.420	0	0	734	0	2.154
Kjósarsýsla	1.580	214	200	4.980	708	7.682
Borgarfjarðarsýsla	1.585	322	0	2.938	1.145	5.990
Mýrasýsla	987	329	0	3.569	1.099	5.984
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1.192	264	0	4.671	875	7.002
Dalasýsla	1.154	385	0	2.996	1.289	5.824
A-Barðastrandarsýsla	426	0	0	1.193	0	1.619
V-Barðastrandarsýsla	803	0	0	1.975	0	2.778
V-Ísafjarðarsýsla	981	0	0	2.055	0	3.036
N-Ísafjarðarsýsla	284	0	0	1.261	0	1.545
Strandasýsla	889	0	0	1.994	0	2.883
V-Húnavatnssýsla	1.149	320	0	3.602	1.090	6.161
A-Húnavatnssýsla	1.459	317	0	3.776	1.056	6.608
Skagafjarðarsýsla	2.224	716	0	5.898	2.377	11.215
Eyjafjarðarsýsla	3.010	1.003	250	4.497	3.276	12.036
S-Þingeyjarsýsla	3.198	1.066	0	7.060	3.502	14.826
N-Þingeyjarsýsla	1.098	235	0	4.299	564	6.196
N-Múlasýsla	2.617	872	0	7.661	2.860	14.010
S-Múlasýsla	2.005	271	0	4.899	1.294	8.469
A-Skaftafellssýsla	1.197	255	0	2.530	864	4.846
V-Skaftafellssýsla	1.463	488	0	4.411	1.632	7.994
Rangárvallasýsla	3.853	1.117	0	7.944	3.756	16.670
Árnessýsla	5.685	1.498	0	10.057	5.238	22.478
Samtals	40.259	9.672	450	95.000	32.625	178.006

Sýsluvegir 1. janúar 1989.

	Skv. a-c lið 19. gr.				Skv. d-e lið 19.gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	Samtals
V.-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla		1,0	87,5	88,5		88,5	
							94,3
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8		8,7	83,1	
Mýrarsýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæf.-og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A.-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,5	62,3	163,8	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla		5,0	160,7	165,7	15,9	181,7	
							454,6
Eyjafjarðarsýsla	0,1	1,8	123,0	124,9	13,2	138,1	
S.-Þingeyjarsýsla		12,7	163,6	176,3	2,3	178,6	
N.-Þingeyjarsýsla	0,8	4,2	118,7	123,7		123,7	
							440,4
N.-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S.-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27,0	89,3	
							515,6

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var skv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1987 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 24. maí 1988.

Kaupstaðir		200.667
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa o. fl.		22.040
	Samtals	222.707
Framlag skv. fjárlögum 1988	Kr.	164.000.000
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga	Kr.	41.000.000
	Til skipta 1988 Kr.	123.000.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{123.000.000}{222.707}$ = Kr. 552,30

Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri þann 1. des. 1987.

Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1988
1. Reykjavík	93.425	51.598.176
2. Kópavogur	15.037	8.304.862
3. Seltjarnarnes	3.859	2.131.307
4. Garðabær	6.549	3.616.981
5. Hafnarfjörður	13.780	7.610.627
6. Grindavík	2.047	1.130.548
7. Keflavík	7.133	3.939.521
8. Njarðvík	2.352	1.298.998
9. Mosfellsbær	3.897	2.152.294
10. Akranes	5.426	2.996.754
11. Borgarnes	1.689	932.827
12. Ólafsvík	1.194	659.440
13. Stykkishólmur	1.279	706.386
14. Bolungarvík	1.225	676.562
15. Ísafjörður	3.460	1.910.941
16. Sauðárkrókur	2.473	1.365.826
17. Siglufjörður	1.895	1.046.599
18. Ólafsfjörður	1.181	652.261
19. Dalvík	1.393	769.347
20. Akureyri	13.856	7.652.602
21. Húsavík	2.502	1.381.842
22. Egilsstaðir	1.339	739.523
23. Seyðisfjörður	984	543.458
24. Neskaupstaður	1.713	946.082
25. Eskifjörður	1.069	589.299
26. Vestmannaeyjar	4.699	2.595.235
27. Selfoss	3.698	2.042.388
28. Hveragerði	1.515	836.727
Samtals	200.667	110.827.413

Kauptún:	Íbúar	Framlag 1988
1. Sandgerði, (Miðneshr.)	1.253	692.026
2. Gerðar	1.060	585.433
3. Vogar, (Vatnsleysustr.hr.)	544	300.449
4. Álftanes, (Bessastaðahr.)	823	454.539
5. Hellissandur og Rif, (Neshr.)	593	327.511
6. Grundarfjörður, (Eyrarsveit)	716	395.443
7. Búðardalur, (Laxárdalshr.)	302	166.793
8. Patreksfjörður	979	540.697
9. Tálknafjörður	348	192.199
10. Bíldudalur, (Suðurfjarðarhr.)	378	208.768
11. Þingeyri	445	245.771
12. Flateyri	465	256.817
13. Suðureyri	429	236.935
14. Súðavík	241	133.103
15. Hólmavík	446	246.324
16. Hvammstangi	675	372.799
17. Blönduós	1.108	611.943
18. Skagaströnd, (Höfðahr.)	678	374.456
19. Hofsós	267	147.463
20. Hrísey	284	156.852
21. Grenivík, (Grýtubakkahr.)	314	173.421
22. Reykjahlíð, (Skútustaðahr.)	253	139.731
23. Raufarhöfn	411	226.993
24. Þórshöfn	411	226.993
25. Vopnafjörður	691	381.636
26. Fellabær, (Fellahreppur)	256	141.388
27. Reyðarfjörður	734	405.385
28. Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	767	423.610
29. Stöðvarfjörður, (Stöðvarhr.)	363	200.483
30. Breiðdalsvík, (Breiðdalshr.)	249	137.521
31. Djúpivogur, (Búlandshreppur)	426	235.278
32. Höfn í Hornafirði	1.503	830.100
33. Vík í Mýrdal, (Mýrdalshreppur)	344	189.990
34. Hvolsvöllur, (Hvolhreppur)	600	331.377
35. Hella, (Rangárvallahr.)	562	310.390
36. Stokkseyri	444	245.219
37. Eyrarbakki	547	302.105
38. Þorlákshöfn, (Ölfushreppur)	1.131	624.646
	22.040	12.172.587
Samtals	222.707	123.000.000

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1988, samkv. bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 10. maí 1988.

Eftirstöðvar frá 1987		Kr. 64.079
Framlag árið 1988		– 41.000.000
		Kr. 41.064.079
Úthlutun árið 1988:		
	Kr.	
Kópavogur	3.000.000	
Garðabær	2.800.000	
Hafnarfjörður	5.600.000	
Grindavík	3.000.000	
Borgarnes	1.000.000	
Ólafsvík	400,000	
Ísafjörður	6.500.000	
Sauðárkrókur	2.200.000	
Seyðisfjörður	300.000	
Vestmannaeyjar	400.000	
Hafnahreppur, Gullbringusýslu	1.500.000	
Gerðahreppur, Gullbringusýslu	500.000	
Búðardalur, (Laxárdalshr.)	500.000	
Varmahlíð, (Seyluhreppur)	500.000	
Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsýslu	1.000.000	
Kópasker, (Presthólahreppur)	3.000.000	
Raufarhöfn	500.000	
Þórshöfn	500.000	
Skeggjastaðahreppur, N.Múlasýslu	500.000	
Fellabær, (Fellahreppur)	800.000	
Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	500.000	
Stöðvarfjörður, (Stöðvarhreppur)	500.000	
Nesjahreppur, A.Skaftafellssýslu	1.500.000	
Laugarvatn, (Laugardalshreppur)	2.000.000	
Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.068.765	
		Kr. 40.068.765
Eftirstöðvar í 25% sjóði til 1989		Kr. 995.314

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,8	0,1
Reykjanes	28,5	0,2	29,7	1,0
Reykjavík	35,4	1,8	43,3	6,1
Vesturland	14,4		14,4	
Vestfirðir	15,1	0,1	15,2	
Norðurland vestra	14,0	0,4	14,6	0,2
Norðurland eystra	14,6	0,6	15,2	
Austfirðir	25,4	2,1	27,5	
Samtals	161,9	5,4	174,7	7,4

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA

2.8.1. Vélakaup.

Helstu vélar sem keyptar voru:

Vélar og tæki:
- 4 Dráttarvélar
- 1 Malarflutningsvagn
- 3 Vegheflar
- 1 Axladreifingartæki
- 1 Slitlagsviðgerðartæki
- 3 Sand- og saltdreifarar
- 15 Snjóplógar og tennur

Bifreiðar:
- 2 Dráttarbílar
- 2 Vörubílar
- 6 Fólksbifreiðar
- 3 Jeppar
- 1 Sendi- og fólksflutningabifreiðar
- 8 Pallbifreiðar 4x4 og 4x2

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Engin fjárveiting var til nýbyggingar og viðhalds húsnæðis, en sérstakri húsaleigu var varið til þessa. Helstu verkefnin voru:

1. Suðurland.
   Frágangur á lóð á Selfossi.
2. Reykjavík.
   Endurbætur og breytingar á húsnæði í Borgartúni og Sætúni. Endurbætur á húsnæði og lóð í Grafarvogi.
3. Vesturland.
   Frágangur á lóðum í Borgarnesi og Búðardal.
4. Vestfirðir.
   Byggð geymsla á Ísafirði. Frágangur á lóðum á Patreksfirði og á Hólmavík.
5. Norðurland vestra
   Frágangur á lóðum á Sauðárkróki og Hvammstanga.
6. Norðurland eystra
   Breytingar á áhaldahúsi á Akureyri
7. Austurland
   Frágangur á lóðum í Vopnafirði og Reyðarfirði.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting var 14,0 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum verkefnum á árinu:

- Georadar
- Burðarþolshönnun
- Eiginleikar íslensks bergs
- Umferðarrannsóknir
- Burðarlög
- Burðarþolsprófanir
- Öxulþungamælingar
- Jarðskjálftamælingar
- Þunn steypt slitlög
- Gerð og loftþrýstingur í dekkjum
- Jarðskjálftamælingar
- Orkuupptaka í blýfylltum legum
- Mössun og málun slitlaga
- Umferðarhávaði
- Bindiefni
- Leiðarar
- Ýfimælingar

Flest verkefni þau, sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Umfangmest verkefna þessara eru burðarþolsprófanir og burðarþolshönnun. Verkefni þessi, sem eru nátengd hvort öðru, beinast einkum að notkunarhæfni mismunandi malarefna til vegagerðar. Þá voru gerðar allumfangsmiklar mælingar á yfirborðssléttleika (ýfi) bundinna slitlaga á árinu.

3.1 SÉRSTÖK VERKEFNI

3.1.1. Styrking vega og bundið slitlag.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og síðan lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til verkefnisins hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til að komast áfram með bundið slitlag, hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlagsgerð.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta verið greitt af viðhaldsfé.

Árangur af þessu hefur verið sá að verulega hefur dregið úr þungatakmörkunum á vorin á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun í bundnu slitlagi og jafnvel fara fram úr henni á síðustu árum. Þannig var lagt bundið slitlag á 257 km á árinu 1988. Alls er bundið slitlag komið á 1984 km af þjóðvegum, og fer nú um 75% af öllum akstri á þjóðvegunum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi sem byggðir eru samkvæmt staðli að því er varðar legu og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Verður haldið áfram á þessari braut á næstu árum.

4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Heildarútgjöld til vegamála urðu heldur meiri en árið áður. Eins og fram kemur í kafla 2.3.0.2. jukust bráðabirgðalán mikið á árinu eða um 50% á föstu verði. Veldur þetta mestu um hækkun heildarútgjalda. Lántaka með þessum hætti getur verið mjög gagnleg til að ná samfellu í framkvæmdir og ljúka tilteknum áföngum. Gæta verður þó hófs í þessum efnum, og er nú unnið að því að setja vinnureglur um meðferð þessa mála.

Aukning heildarútgjalda fór að langmestu leyti til nýrra framkvæmda. Viðhaldsfé var öllu minna en undanfarin ár einkum sumarviðhald. Tíðarfar var í heild fremur hagstætt á síðasta ári. Kostnaður við vetrarþjónustu varð undir meðallagi þó að hann væri nokkru meiri en árið áður, enda það ár einstaklega hagstætt.

4.1.1. Útgjöld til vegamála, fjárveitingar og lánsfé, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1964 - 1988.
(Nýr endurskoðaður grunnur.)



4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála, fjárveitingar og lánsfé, 1964 - 1988.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1988.



4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu 1964 - 1988.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1988.



4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1964 - 1988.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1988.



4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1964 - 1988.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1988.



4.1.6. Nýbygging vega, brúa og fjallvega 1964 - 1988.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1988.



Fskj. 1.–1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR VEGAGERÐAR RÍKISINS

1. Bensíngjald.

Gjaldið var kr. 12,60 pr. lítra allt árið, en var hækkað í 16,70 frá og með 1. jan. 1989.

2. Þungaskattur.

2.1. Árgjald.

Af díeselbifreiðum minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiðist 63 036 kr. fyrir bíla að 1000 kg eigin þyngd, 80 574 kr. fyrir bíla 1000 – 1999 og u.þ.b. 4 610 kr fyrir hver 200 kg umfram 2000. Eigendur þessara bíla geta valið um hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km, sbr. lið 2.2. Fyrir leigubíla og sendibíla, sem taka gjald skv. löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.

2.2. Kílómetragjald.

Díselbifreiðar yfir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. Á sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd. Frá 1. janúar 1989 er gjaldið eins og hér segir.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	4,32	15,0–15,9	9,19
5,0– 5,9	4,60	16,0–16,9	9,92
6,0– 6,9	4,97	17,0–17,9	10,64
7,0– 7,9	5,21	18,0–18,9	11,29
8,0– 8,9	5,44	19,0–19,9	12,15
9,0– 9,9	5,69	20,0–20,9	12,79
10,0–10,9	6,04	21,0–21,9	13,53
11,0–11,9	6,26	22,0–22,9	14,39
12,0–12,9	7,05	23,0–23,9	15,07
13,0–13,9	7,72	24,0–24,9	15,75
14,0–14,9	8,54	25,0 og þyngri	16,52

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlanaferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri skatt en að ofan greinir.

Af akstri vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagnar, umfram 25 000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35 000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45 000 km á ári.

Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25 000 km á ári og 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.

Fskj. 2.1.3.-1.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1988
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 1989
Skýringar:
STAPI
HELLNAR
AKRANES
BORGARNES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
VOGAR
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍKUR
HAFNIR
GRINDAVÍK
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
DYRHÓLAEY
VESTMANNAEYJAR
VÍK

Fskj. 2.1.3.-2.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1988
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 89
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
DRANGSNES
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
RIF
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PATREKSFJÖRÐUR
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3.-3.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1988
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 89
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRDUR
VOPNAFJÖRDUR
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRDUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRDUR
BÚÐIR
EGILSSTAÐIR
BÚÐARÁRFLI
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
AKUREYRI
HJALTEYRI
ÓLAFSFJÖRDUR
DALVÍK

Fskj. 2.1.3.-4.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1988
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 89
Skýringar:
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR

Fskj.2.3.0.–1.

Þjóðvegir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	493,0	1081,0	14,8	1588,8
Reykjanes	200,1	201,4	73,0*)	474,5
Vesturland	525,9	841,1	14,4	1381,4
Vestfirðir	809,1	519,9	15,2	1344,2
Norðurland vestra	362,8	714,3	14,6	1091,7
Norðurland eystra	582,2	608,7	15,2	1206,1
Austurland	845,1	537,2	27,5	1409,8
Samtals	3818,2	4503,6	174,7	8496,5

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Stofnbrautir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		493,0	493,0
Reykjanes	5,9	194,2	200,1
Vesturland		525,9	525,9
Vestfirðir		809,1	809,1
Norðurland vestra		362,8	362,8
Norðurland eystra		582,2	582,2
Austurland		845,1	845,1
Samtals	5,9	3812,3	3818,2

Þjóðbrautir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1078,3	1081,0
Reykjanes		201,4	201,4
Vesturland	17,4	823,9	841,1
Vestfirðir	9,0	510,9	519,9
Norðurland vestra	14,9	699,4	714,3
Norðurland eystra		608,7	608,7
Austurland		537,2	537,2
Samtals	44,0	4459,8	4503,8

Fskj. 2.3.0.–2.

Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Sýslu-vegir km	Alls km	Þjóðvegir í þéttbýli km
Suðurland	493	1 078	626	2 197	15
Reykjanes	194	202	94	490	66
Vesturland	526	824	456	1 806	14
Vestfirðir	809	511	537	1 857	15
Norðurland vestra	363	699	454	1 516	14
Norðurland eystra	582	609	440	1 631	15
Austurland	845	537	515	1 897	28
Samtals	3 812	4 460	3 122	11 394	167

ATH.: Aðeins eru taldir akfærir vegir. Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær, sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.3.1.1.-1.

Stofnbrautir - Almenn verkefni.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 Suðurlandsvegur

10 - 11 Um Mýrdalssand

Byggð var 50 m stálbitabrú á Blautukvísl í nýrri veglínu. Brúin er á steyptum undirstöðum með steyptu gólfi og 7 m akbraut. Á gamla veginum er Blautakvísl brúuð með 108 m stálbitabrú með timburgólfi og á stauraokum. Sú brú er nú orðin mjög léleg.

1 Suðurlandsvegur

16 - 17 Sýslumörk - Sandhólmavegur

Fjárveiting var engin, en 2,5 m.kr. voru geymdar frá fyrra ári. Unnið var við girðingar og ristarhlið fyrir 1,4 m.kr. en framkvæmdum fyrir 1,1 m.kr. frestað til næsta árs.

1 Suðurlandsvegur

22 - 28 Hvolsvöllur - Þjórsá

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

35 Biskupstungnabraut

04 Laugarvatnsvegur - Skálholtsvegur

Fjárveiting var 20,2 m.kr. Byggður var 6,5 km langur kafli milli Laugarvatnsvegar og Mosfellslækjar. Verktaki var Arnarfell hf. Þá var hafin bygging 2,1 km kafla milli Mosfellslækjar og Brúarár. Verktaki er Pétur Steingrímsson.

1 Vesturlandsvegur

18 Laxá - Breiðamýri

Fjárveiting frá almennum verkefnum var 11,4 m.kr. og frá 1.2. Bundin slitlög 5,1 m.kr. Styrktur var og lagður bundnu slitlagi 3,4 km langur kafli frá Laxá að Breiðumýri. Verktaki var Fossverk hf.

1 Vesturlandsvegur

17 Fossaá - Eyri

Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 14,77 m.kr. Undirbyggður var að mestu 4,4 km langur kafli frá Fossaá að Eyri. Verktaki var Klæðning hf.

41 Reykjanesbraut

04 -11 Hafnarfjörður - Flugstöð

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Lagðar voru 10 km af bundnum öxlum frá Engidal suður fyrir Krísuvíkurveg. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

10 Hafnarvegur - Grænás

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 2,71 m.kr. Lýstur var 1,1 km langur kafli frá Hafnavegi suður fyrir Grænás. Verkið var unnið af Hitaveitu Suðurnesja.

12 Flugvallarvegur - Víkurvegur

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Verkinu var frestað samkvæmt ákvörðun þingmanna kjördæmisins.

415 Bessastaðavegur

01 Hafnarfjarðarvegur - Álftanesvegur

Fjárveiting var engin en vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 2,65 m.kr. Lýstur var 1,2 km langur kafli frá Hafnarfjarðarvegi að Herjólfsbraut. Verkið var unnið af Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar.

416 Álftanesvegur

02 Landakot - Sviðholt

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2,5 m.kr. Undirbyggður var og lagður malarslitlagi 0,6 km langur kafli frá Skólavegi að Sviðholti og er þá tengdur nýr hringvegur á nesinu. Verktaki var Gunnar og Guðmundur sf.

1 Vesturlandsvegur

01 Rannsóknir í Hvalfirði:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Unnið var að jarðfræðirannsóknum í firðinum.

01 Önundarhóll - Fjárrétt:

Fjárveiting var 5,4 m.kr. og 4,6 m.kr. til bundinna slitlaga. Endurbyggðir 2,6 km frá Önundarhóli að enda bundins slitlags við Fjárrétt og lagt bundið slitlag. Verktaki var Pétur Steingrímsson en Vegagerðin og Borgarverk hf. sáu um slitlagslögn.

09 Eskiholtslækur - Gljúfurá:

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Boðin var út undirbygging kaflans 6,9 km og var samið við verktakafyrirtækið Plútó hf. Verkinu skal lokið 1. júlí 1989.

12 Hvammur - Sanddalsá:

Fjárveiting var 6,7 m.kr. Lagt bundið slitlag á kaflann frá Hvammshorni og upp fyrir Sanddalsá, alls 3,4 km. Verktaki var Klæðning hf.

54 Ólafsvíkurvegur

05 Núpá - Stóra Þúfa

Fjárveiting var engin, en sýslunefnd Snæfellsnessýslu lánaði 4,0 m.kr. til framkvæmdarinnar af sýsluvegafé. Undirbygging vegar á 4,4 km kafla frá Núpá og vestur fyrir Rauðkollsstaði var boðin út síðla hausts og var samið við Sigurð Vigfússon, Staðarsveit, og á hann að ljúka verkinu fyrir 1. júlí 1989. Einnig voru grafnir skurðir og öll efnisvinnsla fyrir verkið var unnin.

07 Vegamót - Hrísdalur:

Fjárveiting var 7,8 m.kr. og til bundinna slitlaga 3,8 m.kr. Lokið var við gerð brúar á Straumfjarðará og nýr vegur byggður á 2,6 km kafla. Ákveðið var í stað þess að leggja bundið slitlag þá var kaflinn lengdur til vesturs alls um 3,3 km., vestur fyrir Reiðhamar. Verktaki var Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi Staðarsveit.

08 Staðará - Urriðaá:

Fjárveiting var 2,0 m.kr., enn fremur útveguðu þingmenn 8,0 m.kr. lán til framkvæmdarinnar og verktaki lánaði einnig. Styrktur var 15,5 km kafli á milli Staðarár og Urriðaár og var hann lagður bundnu slitlagi. Verktaki var Hagvirki hf.

11 Snæfellsnesvegur - Fossá:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. og 5,5 m.kr. til bundinna slitlaga. Lokið var við 3,4 km kafla um Fróðárrif og hann lagður bundnu slitlagi. Verktaki við undirbyggingu var Höttur hf., Fjarðarhorni Hrútafirði, en bundna slitlagið var lagt af Klæðningu hf., Reykjavík.

57 Snæfellsnesvegur

07 - 08 Stykkishólmsvegur - Helgafellssveitarvegur:

Fjárveiting var 7,0 m.kr., enn fremur 16,8 m.kr. til bundinna slitlaga. Framkvæmdum lauk á árinu 1987 og var fjárveitingin öll notuð til greiðslu skulda.

12 Grundarfjörður - Kvíabryggja:

Fjárveiting 3,9 m.kr. og 0,8 m.kr. til bundinna slitlaga. Greidd var skuld frá fyrra ári og seinna lag klæðingar lagt. Verktaki var Klæðning hf.

60 Vestfjarðavegur

02 Breiðabólsstaður - Gröf:

Fjárveiting var engin en 1987 var byggður 3,3 km langur kafli fyrir viðhaldsfé. Í ár var lokið við kaflann og lagt bundið slitlag. Verkið var unnið af Vegagerðinni fyrir viðhaldsfé.

09 Víðir - Bessatunga

Fjárveiting var engin, en þingmenn útveguðu 1,5 m.kr. lán og boðin var út undirbygging á 7,5 km kafla til greiðslu að hluta 1989 og lokagreiðslu 1990. Verklok eru áætluð 15. júlí 1989, verktaki er Jóhann Bjarnason, Hellu á Rangárvöllum.

10 Rannsóknir í Gilsfirði

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Unnið var að rannsóknum á vegar og brúarstæðum á milli Kaldrana og Króksfjarðarness. Voru það einkum dýptar- og setlagamælingar og líffræðirannsóknir.

14 Vatnsdalsá - Flókalundur:

Fjárveiting var 9,8 m.kr. Endurbyggður var 2,8 km kafli. Verktakafyrirtækið Vinnuvélar hf. vann verkið.

17 Um Dynjandisá :

Fjárveiting var 2,0 m.kr á árinu 1987 en verkinu var frestað um eitt ár. Lagður var vegur yfir nýjan stokk á Dynjandisá.

61 Djúpvegur

18 Djúpagil - Arnarneshamar:

Fjárveiting var 17,0 m.kr. Unnið er að endurbyggingu á 3,1 km kafla, verkinu er ekki lokið. Verktakafyrirtækið Jón og Magnús sf. vinnur verkið.

62 Barðastrandarvegur

05 Stapar - Patreksfjörður:

Fjárveiting var 13,3 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 0,5 m.kr. Lagður var 4,3 km kafli frá Raknadal að Þúfneyri, eftir er þó að ljúka frágangi. Ekki tókst verktaka að eiga neitt að ráði við kaflann frá Þúfneyri að Patreksfirði um 1,0 km eins og áætlað var. Verktaki var Karl Þórðarson frá Bolungarvík.

65 Súgandafjarðarvegur

02 Botn - Suðureyri:

Fjárveiting var 12,2 m.kr. Tekið var lán að upphæð 9,3 m.kr. Verið er að endurleggja 3,2 km kafla frá slitlagsenda við Laugar og inneftir. Þessi kafli átti að klárast á árinu en þó nokkuð er eftir. Verktakafyrirtækið Jón og Magnús sf. vinnur það verk. Einnig var unnið að lagfæringum á 2,6 km kafla utan við Botn. Kaflinn er nú tilbúinn undir burðarlag. Verktakafyrirtækið Vinnuvélar hf. vann það verk.

68 Hólmavíkurvegur

06 Guðlaugsvík - Þambá:

Fjárveiting var 13,2 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 3,8 m.kr. Gengið var frá umhverfi vegarins frá Guðlaugsvík upp á Stikuháls, 3,2 km, og síðan lagður nýr vegarkafli af Stikuhálsi niður að Þambárvöllum að lengd 2,3 km. Verktakafyrirtækið Höttur sf. vann verkið.

1 Norðurlandsvegur

06 Víðidalsvegur vestri -Víðidalsvegur eystri:

Fjárveiting var 18,8 m.kr. Vegurinn var endurbyggður frá Víðidalsvegi vestri að Víðidalsá, 6,4 km að lengd. Verktaki var Jón Ingileifsson.

18 Miðhús - Miklibær:

Fjárveiting var 11,2 m.kr. Vegurinn var endurbyggður frá Miðhúsum að Miklabæ og áfram að Víðivöllum sbr. fjárveiting í kafla 19 Miklibær - Kjálkavegur. Lengd nýbyggingar samtals er 3,4 km. Verktaki var Króksverk hf.

19 Miklibær - Kjálkavegur:

Fjárveiting var 8,3 m.kr. Sjá greinargerð með kafla 18 Miðhús- Miklibær.

72 Hvammstangavegur

01 Norðurlandsvegur - Hvammstangi:

Fjárveiting var 7,9 m.kr. auk vinnuláns að upphæð 5,4 m.kr. Vegurinn var endurbyggður að mestu á sama stað og hann var, lengd kaflans er 4,7 km. Verktaki var Valgeir Ágústsson o.fl.

76 Siglufjarðarvegur

02 Um Gljúfurá:

Fjárveiting var 4,4 m.kr. og 4,0 m.kr. til brúargerðar. Byggð var ný brú, en ekki tókst að ljúka vegarlagningu fyrir veturinn. Vegarkaflinn er 4,0 km. að lengd. Verktaki við vegarlagninguna er Hvítserkur hf.

04 Sleitustaðir - Hofsósbraut:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. og 4,3 m.kr. til bundinna slitlaga. Vegurinn var styrktur frá Gröf að klæðingarenda við Grafargerði og lögð á hann klæðing. Lengd kaflans er 2,5 km. Verktakar voru Hvítserkur hf. og Borgarverk sf.

11 Gangamunni - Siglufjörður:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lokið var breikkun vegarins, sem byrjað var á árið áður.

1 Norðurlandsvegur

04 Hörgárdalsvegur - Krossastaðir

Fjárveiting var 13,5 m.kr. Lagður var 2,0 km langur kafli frá Krossastöðum að Steðja og byggð ný brú á Krossastaðaá. Verkið var unnið af Arnarfelli hf.

20 Skútustaðir - Garður

Fjárveiting var 2,7 m.kr. Lagður var 2,7 km langur kafli frá Skjólbrekku yfir nýja brú á Grænalæk að Garði.

85 Norðausturvegur

26 Hafralónsá - Þórshöfn

Fjárveiting var 8,7 m.kr. Lagður var 2,0 km langur kafli frá Fiská að Brúarlandi. Verkið var unnið af Einari Sigurbjörnssyni.

821 Eyjafjarðarbraut vestri

01 - 02 Hvammur - Miðbraut

Fjárveiting var 10,0 m.kr. og 3,7 m.kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lokið var við að leggja 8,3 km langan kafla frá Brunná að Miðbraut. Verkið var unnið af Fossverki hf. Einnig var lagt fyrra lag klæðingar á allan kaflann.

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut - Norðausturvegur

Fjárveiting var 3,7 m.kr. og 4,8 m.kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. voru þær notaðar ásamt viðhaldsfé til að styrkja, endurbyggja og leggja fyrra lag klæðingar á 4,2 km langan kafla frá Ytra-Fjalli að Norðausturvegi.

823 Miðbraut

01 Eyjafjarðarbraut vestri - Eyjafjarðarbraut eystri

Fjárveiting var engin, en fyrir viðhaldsfé var lagt fyrra lag klæðingar á 1,4 km langan kafla frá Eyjafjarðarbraut vestri að Dælustöð.

885 Norðausturvegur

12 Hólsfjallavegur - Öxarfjarðarheiðarvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var 2,6 km langur kafli, frá Hólsfjallavegi og til norðurs, styrktur og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

14 Arnarstaðir - Kópasker

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var 1,6 km langur kafli, frá Brekku að Kópaskeri, styrktur og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

26 Hafralónsá - Langanesvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var 6,2 km langur kafli, frá Fiská að Þórshöfn, styrktur og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

1 Austurlandsvegur

22 Stigi - Krossá:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,3 m.kr. og gengið frá lokauppgjöri við verktaka.

47 Hnappavellir - Hof:

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Unnið fyrir viðhaldsfé að hluta. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,4 m.kr. Lokið var við nýbyggingu vegar um Fagurhólsmýri að Hvalvörðugilslæk 7,2 km. Verktaki var Fell sf. á Höfn. Lögð var klæðing á kaflann 7,2 km, en sá hluti verksins var unninn af Vegagerðinni.

85 Norðausturvegur

12 Sunnudalsvegur - Teigará:

Fjárveiting var 8,8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,4 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Sunnudalsvegamótum og yfir Teigará 1,2 km. Unnið var að endurbótum vegar upp Burstafellsbrekkur um 5,0 km.

92 Norðfjarðarvegur

07 Um Hólmaháls:

Fjárveiting var 5,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 5,3 m.kr.

09 Við Eskifjörð:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Innistæða var 0,1 m.kr. Lokið að mestu nýbyggingu frá fyrra ári á um 0,7 km.

10 Oddsdalur:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir 4,4 m.kr. af hluta fjárveitingar til sérstakra verka þ.e. Eskifjörður - Göng, sbr. fskj. 2.3.1.3.-1. Vegur um Geithúsaá var endurbyggður 0,5 km. og breikkuð einbreið ræsi á Oddsdal.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Ofan Lönguhlíðar:

Fjárveiting var engin. Lánað af viðhaldi 2,1 m.kr. og unnið fyrir hluta fjárveitingar til bundinna slitlaga sbr. fskj. 2.3.1.2-1. Byggður var nýr vegur 1,3 km ofan Löngulíðar. Verki er ekki lokið.

96 Suðurfjarðavegur

04 Skriður - Höfðahús:

Fjárveiting var 15,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 4,0 m.kr. Vegur var endurbyggður frá Staðarskriðum að Höfðahúsum 4,9 km. Verki er ekki lokið. Verktaki var Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

Fskj.2.3.1.2.-1.

Stofnbrautir - bundin slitlög
Greinargerð um framkvæmdir

1 Suðurlandsvegur

10 - 11 Um Mýrdalssand

Fjárveiting var 17,2 m.kr. Auk þess voru tekin lán að upphæð 61,2 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári. Lokið var að mestu við byggingu 23,6 km langs vegar um Mýrdalssand sem hafin var árið 1987. Eftir er að leggja seinna klæðingarlagið á 8,0 km langan kafla af veginum. Sömuleiðis er eftir að fjölga ræsum og byggja eina 10 m langa brú. Verktaki við undirbyggingu var Páll Sigurjónsson, en lögn klæðingar annaðist Klæðning hf.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

04 Þjórsárdalsvegur - Hrunavegur

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári. Lögð var klæðing á 0,8 km langan kafla frá Hellisholti að Flúðum. Sömuleiðis var unnið við girðingar.

39 Þrengslavegur

01 Suðurlandsvegur - Þorlákshafnarvegur

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting var 5,6 m.kr. Framkvæmdir, sjá sérstök verkefni.

36 Þingvallavegur

01 Kjósarskarðsvegur - Litla-Sauðafell

Fjárveiting af bundnum slitlögum var 4,0 m.kr. og frá 1.3. Sérstök verkefni 18,5 m.kr. Greidd var 15,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lagt var efra burðarlag og klæðing á 3,1 km langan kafla frá Kjósarskarðsvegi að Litla-Sauðafelli og er þá lokið við að leggja bundið slitlag frá Reykjavík að Þingvöllum. Verktaki var Klæðning hf.

431 Hafravatnsvegur

02 Reykjalundarvegur - Vesturlandsvegur

Fjárveiting frá bundnum slitlögum var 7,2 m.kr. og frá 1.5 Höfuðborgarsvæðið 1,3 m.kr. Einnig var notað til verksins 6,0 m.kr. af viðhaldsfé. Endurbyggður var og lagður malbiki 1,1 km langur kafli frá Reykjalundarvegi að Vesturlandsvegi. Vegarkaflinn var lýstur. Verktaki var Loftorka hf.

417 Bláfjallavegur

02 Bláfjöll – Krísuvíkurvegur

Fjárveiting var engin en lögð var 3,4 km langur kafli með klæðingu fyrir viðhaldsfé. Verktaki var Klæðning hf.

1 Vesturlandsvegur

01 Önundarhóll - Fjárrétt

Fjárveiting var 4,6 m.kr og 5,4 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Lagt var bundið slitlag á 2,6 km. kafla.

12 Hvammur - Sanddalsá

Fjárveiting var 6,7 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Lagt var bundið slitlag á 3,4 km kafla.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Tungulækur - Brókarlækur

Fjárveiting var 8,2 m.kr og fór hún öll til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

04 Hítará - Kaldá:

Fjárveiting var 4,1 m.kr og fór hún til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

07 Vegamót - Hrísdalur

Fjárveiting var 3,8 m.kr og 7,8 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Slitlagslögn var frestað.

08 Staðará - Urriðaá

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 15,5 km. kafla. Eftirstöðvar kostnaðar voru fengnar að láni til 1989. (Sjá fylgiskjal 2.3.1.1.-1.)

11 Snæfellsnesvegur - Fossá

Fjárveiting var 5,5 m.kr og 2,6 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Lagt var bundið slitlag á 3,4 km. kafla.

57 Snæfellsnesvegur

07 - 08 Stykkishólmsvegur - Helgafellssveitarvegur:

Fjárveiting var 16,8 m.kr og 7,0 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Fjárveitingar fóru til greiðslu skulda.

12 Grundarfjörður - Kvíabryggja:

Fjárveiting var 0,8 m.kr og 3,9 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.). Greiddar voru skuldir og seinna lag klæðingar lagt á 2,0 km kafla en fyrra lagið var lagt 1987.

60 Vestfjarðavegur

02 Breiðabólstaður - Gröf:

Fjárveiting var engin, en lagt var bundið slitlag á 3,3 km kafla fyrir viðhaldsfé. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.)

03 Mýrartunga - Hríshóll:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Lögð var klæðing á 3,2 km kafla frá Gillastöðum að Hríshóli. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

05 Þorskafjarðarvegur - Gröf:

Fjárveiting var 10,4 m.kr. Lögð var klæðing á 7,9 km kafla. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

14 Vatnsdalsá - Flókalundur:

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Verkið sem vinna átti var frestað um eitt ár og fjárveitingin lánuð til tengingar Inn-djúps.

68 Hólmavíkurvegur

06 Guðlaugsvík - Stikuháls:

Fjárveiting var 7,5 m.kr. Lögð var klæðing á 6,2 km kafla. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

1 Norðurlandsvegur

14 - 15 Gilshús-Valadalsá:

Fjárveiting var 8,7 m.kr. og 15,3 m.kr. til sérstakra verkefna. Lokið var vegarlagningu frá Gilshúsum að Vatnshlíðarvatni, sem er um 4,0 km að lengd. Verktaki var Klæðning hf. Einnig var lögð klæðing frá enda nýbyggingar að Valadalsá, eða á um 3,0 km. Verktaki var Borgarverk sf.

74 Skagastrandarvegur

02 Þverárfjallsvegur - Skagavegur:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra.ári.

76 Siglufjarðarvegur

01 Norðurlandsvegur - Hjaltastaðir:

Fjárveiting var 1,1 m.kr. Lagt var einbreitt efra lag á klæðinguna frá 1986, sem er um 6,4 km að lengd.

04 Sleitustaðir - Hofsósbraut:

Fjárveiting var 4,3 m.kr. (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

1 Norðurlandsvegur

15 Fnjóskadalsvegur eystri - Norðausturvegur

Fjárveiting var 8.5 m.kr. Lagfært sig, ekið efra burðarlagi og lagt fyrra lag klæðingar á 2,9 km langan kafla frá Birningsstöðum að Kambsá og 4,6 km langan kafla frá Stórutjarnarskóla að Krossi.

85 Norðausturvegur

21 Raufarhöfn - flugvöllur

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Var hún notuð ásamt viðhaldsfé til að styrkja og leggja fyrra lag klæðingar á 0,6 km langa kafla norðan við Raufarhöfn og 4,7 km langan kafla frá Raufarhöfn að flugvelli.

821 Eyjafjarðarbraut vestri

01 - 01 Hvammur - Miðbraut

Fjárveiting var 3,7 m.kr. og 10,0 m.kr. af fjárveitingu til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.-1. (sjá f.skj. 2.3.1.1.-1.)

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut - Norðausturvegur

Fjárveiting var 4,8 m.kr. og 3,7 m.kr. af fjárveitingu til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.-1. (sjá f.skj. 2.3.1.1.-1.)

1 Austurlandsvegur

29 Blábjörg - Starmýri:

Fjárveiting var 12,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,5 m.kr. og unnið var fyrir viðhaldsfé. Vegur var styrktur á köflum og lagfærður undir klæðingu. Lögð einbreið klæðing frá Blábjörgum að Hofsá 8,5 km.

33 Össurá - Þorgeirsstaðir:

Fjárveiting var 7,2 m.kr. og unnið var fyrir viðhaldsfé. Lokið við frágang vegar og lögð einbreið klæðing frá Össurá að Reyðará, 4,6 km.

49 Virkisá - Skaftafellsá:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir 10,0 m.kr. lán frá Hofshreppi. Vegur var styrktur þar sem þörf var á, réttur af og lögð einbreið klæðing á 7,4 km langan kafla frá Virkisá að klæðingarenda austan við Skaftafellsá.

92 Norðfjarðarvegur

04 Neðstabrú - Skriður:

Fjárveiting var 6,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 6,3 m.kr.

07 Um Hólmaháls:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. og 5,3 m.kr. til almennra verka sbr. fskj. 2.3.1.1.-1. Lögð var klæðing um Hólmaháls, 1,8 km.

93 Seyðisfjarðarvegur

03 Efri Stafur - Neðri Stafur:

Fjárveiting var 13,8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 4,7 m.kr. Lögð var klæðing frá Efri Staf og niður fyrir Neðri Staf, 3,2 km. Unnið fyrir hluta fjárveitingar ofan Lönguhlíðar sbr. fskj. 2.3.1.1.-1.

96 Suðurfjarðavegur

10 Stöðvará - Kambanes:

Fjárveiting var 1,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,6 m.kr. Vegur var endurbyggður um Garðsá 0,2 km. sbr. fskj. 2.3.1.1.-1.

96 Borgarfjarðarvegur

01 Vegamót - Mýnes:

Fjárveiting var 7,9 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.3.1.3.-1.

Stofnbrautir - sérstök verkefni
Greinargerð um framkvæmdir

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting var 75,7 m.kr. auk 5,6 m.kr. frá bundnum slitlögum, samtals 81,3 m.kr. Auk þess voru tekin lán að upphæð 60,0 m.kr. Lokið var byggingu 360 m langrar brúar yfir Ölfusárós, ásamt fyllingu og leiðigörðum og var brúin tekin í notkun og vígð við hátíðlega athöfn 3. september 1988. Brúin er steypt eftirspennt bitabrú í 8 höfum. Heildarlengd hennar er 360 m en breidd 7,3 m. Hæð gólfs yfir klapparbotni er rúmir 9 m en hæð yfir meðalstórstraumsfjöru tæpir 7 m. Verktaki var S.H. verktakar, Hafnarfirði. Þá var fullbyggður með klæðingu 4,5 km langur kafli milli Hraunskeiðs og Þorlákshafnar. Verktaki við undirbyggingu var Sveinbjörn Runólfsson, en klæðinguna Klæðning hf. Eftir er ýmis vinna við girðingar, landgræðslu og frágang á efnisnámum.

1 Vesturlandsvegur

14 Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 28,2 m.kr. Greidd var 1,8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Undirbyggður var 3,6 km. kafli frá Sanddalsá um Sveinatungumúla að Norðurá við Hellisá. Verktaki var Suðurverk hf. Hvolsvelli. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 6,7 km kafla frá Norðurá við Fornahvamm að Norðurá við Heiðarsporð og lagfærðar skemmdir sem komið hafa fram í slitlagi á kaflanum frá Biskupsbeygju og að Miklagili. Verktaki var Hagvirki hf.

60 Vestfjarðavegur

22 Dýrafjörður:

Fjárveiting var 12,7 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 2,7 m.kr. Hluti fjárveitingar var lánuð til tengingar Inn-djúps. Unnið var að undirbúningi brúargerðar. Lagður vegarkafli um 0,5 km og gert plan í brúarstæði.

01 - 05 Tenging Inn-djúps:

Fjárveiting var 13,5 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 16,3 m.kr, auk þess voru lánaðar fjárveitingar úr Dýrafirði og Vestfjarðavegi í Vatnsfirði alls um 9,0 m.kr. Lögð var klæðing frá vegamótum Þorskafjarðarvegar á háheiðinni að vegamótum Snæfjallastrandarvegar, 19,2 km. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar vann verkið. Veginum, um Steingrímsfjarðarheiði úr botni Steingrímsfjarðar að vegamótum Snæfjallastrandarvegar nærri Rauðumýri, er nú að mestu lokið. Þó er meiningin að lagfæra smákafla við gamla sæluhúsið með tilliti til snjóa að fenginni reynslu, einnig vantar malarslitlag þar á nokkurn kafla.

1 Norðurlandsvegur

14 - 15 Gilshús-Valadalsá:

Fjárveiting var 15,3 m.kr. og 8,7 m.kr. til bundinna slitlaga, (sjá fskj. 2.3.1.2.-1)

1 Norðurlandsvegur

09 - 10 Eyjafjarðarbraut vestri - Vaðlaheiðarvegur

Fjárveiting var 33,0 m.kr. Lagður var 3,0 km langur kafli á Eyjafjarðarbraut eystri frá Norðurlandsvegi að Þórustöðum. Verkið var unnið af Halldóri Baldurssyni. Einnig var Eyjafjarðarbraut vestri breikkuð, vegamót Eyjafjarðarbrautar vestri og Norðurlandsvegar lagfærð og sett upp lýsing við þau.

85 Norðausturvegur

10 - 16 Vopnafjörður - Hérað:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Unnið var við tæknilegan undirbúning og slóðagerð vegna tengingar Vopnafjarðar og Héraðs.

92 Norðfjarðarvegur

09 Eskifjörður - Göng:

Fjárveiting var 23,1 m.kr. Byrjað var á undirbyggingu vegar ofan Eskifjarðar og upp að Beljanda 2,5 km. Verkið hefur tafist mikið m.a. sökum vætutíðar og er megin hluta verksins ólokið. Verktaki er Gunnar og Kjartan sf., Egilsstöðum.

Fskj.2.3.1.4.-1.

Ó - vegir

61 Djúpvegur

25 Óshlíð:

Fjárveiting var 14,9 m.kr. Unnið var að víkkun rása á nokkrum stöðum og lagfæring á grjótvörn. Haustið 1987 skemmdist vegskáli við Steinsófæru dálítið af grjóthruni, gert var við skálann á þessu ári. Hliðarveggir á vegskálanum í Hvanngjá ytri voru hækkaðir. Gerð var tilraun með uppsetningu á neti til að hindra grjótkast á veginn, lofar sú tilraun góðu.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 110,0 m.kr. Samningur við Krafttak hf. var undirritaður 1. júlí. Hafist var handa við vegagerð í september og við jarðgangagerð í október. Um áramót var búið að undirbyggja 1,3 km langan kafla frá gangamunna að Brimnesi og gera 340 m löng jarðgöng.

Fskj.2.3.1.5.

Höfuðborgarsvæðið
Greinargerð um framkvæmdir

1 Vesturlandsvegur

13 Grafarholt - Lágafell

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Lýstur var 4,5 km langur kafli frá Grafarholti að Lágafelli og er þá lokið við að lýsa Vesturlandsveg frá Reykjavík í Mosfellsbæ. Verkið var unnið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

13 - 14 Við Langatanga og Álafossveg

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 4,17 m.kr. Gerð voru hringtorg við gatnamót Vesturlandsvegar og Langatanga og Vesturlandsvegar og Álfafossvegar. Verktaki var Loftorka hf.

14 Við Brúarland

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Gerð voru undirgöng undir Vesturlandsveg við Brúarland fyrir gangandi og ríðandi fólk. Verktaki var Loftorka hf.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogur - Arnarnes

Fjárveiting var 14 m.kr. Vinnulán var 2,9 m.kr. Lokið var að mestu hönnun á eystri akbraut Hafnarfjarðarvegar úr Kópavogi og suður fyrir Arnarnesveg ásamt hönnun á brú á Arnarnesveg og Kópavogslæk og undirgöngum við Fífuhvammsveg. Greiddar voru landbætur og tengivegir austan Hafnarfjarðarvegar voru breikkaðir. Verktaki var Hlaðbær-Colas hf., en hönnun var unnin af Vegagerðinni.

41 Reykjanesbraut

02 - 03 Reykjavík - Hafnarfjörður

Fjárveiting var 30 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 3,36 m.kr. Skuld frá fyrra ári var greidd og landbætur.

04 Hvammabraut - Ásbraut

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lýstur var 1,0 km langur kafli frá Hvammabraut að Ásbraut. Verkið var unnið af Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar.

04 Gatnamót Lækjargötu

Fjárveiting var 5,7 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 7,35 m.kr. Fjárveiting af viðhaldi var 3,0 m.kr. Gatnamót Lækjargötu og Reykjanesbrautar voru stefnugreind og lýst. Eftir er að leggja seinna malbikslagið. Verktaki var Hlaðbær-Colas hf. Sett var upp umferðarljós á gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu og gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Flatahrauns. Verkið var unnið af Hafnarfjarðarbæ og Vegagerðinni.

Fskj. 2.3.2.1

Þjóðbrautir
Greinargerð um framkvæmdir

26 Landvegur

01 Suðurlandsvegur - Hagabraut

Fjárveiting var 6,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, en eftirstöðvar geymdar til næsta árs.

204 Meðallandsvegur

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Fjárveitingunni var varið til vinnslu slitlagsefnis.

215 Reynishverfisvegur

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Greitt var upp lán frá 1986.

240 Stórhöfðavegur

Fjárveiting var 7,9 m.kr. sem varið var til greiðslu skuldar við Vestmannaeyjabæ.

252 Landeyjavegur

06 Ártúnsvegur - Suðurlandsvegur

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra. ári.

255 Akureyjarvegur

Fjárveiting var 2,3 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra. ári.

261 Fljótshlíðarvegur

03 - 04 Hlíðarendi - Háimúli

Fjárveiting var 7,5 m.kr. Greitt var bráðabirgalán frá fyrra ári. Hafnar voru framkvæmdir við byggingu 4,5 km langs kafla milli Hlíðarendakots og Háamúla. Verktaki er Jóhann Bjarnason.

32 Þjórsárdalsvegur

01 Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári.

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Suðurlandsvegur - Hamarsvegur

Fjárveiting var 2,4 m.kr. auk þess var geymd fjárveiting frá fyrra ári, 2,0 m.kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

37 Laugarvatnsvegur

03 Laugarvatn - Reykjavegur

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Byggður var 1,8 km langur kafli innan við Laugarvatn. Auk þess var lagt til styrkingar kafla 01 af þessari fjárveitingu.

305 Villingaholtsvegur

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Fjárveitingunni var varið til ýmissa lagfæringa á kaflanum milli Þjórsárvers og Sýrlækjar.

42 Krýsuvíkurvegur

01 Bláfjallavegur - Vatnsskarð

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Styrktur var og lagður klæðingu 4,1 km langur kafli frá Bláfjallavegi að Vatnsskarði. Verktaki var Borgarverk hf.

461 Meðalfellsvegur

01 Um Svínadalsá og Bugðu.

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Fyllt var að nýrri brú að Bugðu en eftir er að fylla að nýrri brú á Svínadalsá. Verktaki var Klæðning hf.

Vegur að Bessastöðum

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lán samkvæmt 2.3.0.2. var 2,96 m.kr. Lokið var gerð innkeyrslu og bílastæða frá hliði við Bessastaðakirkju. Innkeyrslan og bílastæðið voru lögð jötunsteini og þar undir var lögð hitalögn. Eftir er að lýsa frá hliði við Álftanesveg að Bessastöðum. Verktakar voru Gunnar og Guðmundur sf. og Anton Antonsson.

352 Uxahryggjavegur

02 Meyjarsæti - Þingvallavegur

Fjárveiting var engin en styrktur var og lagður klæðingu 2,6 km langur kafli frá Bolabás að ristarhliði. Verktaki var Klæðning hf.

50 Borgarfjarðarbraut

01 Um Þverá hjá Geitabergi:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

04 Kleppjárnsreykir - Deildartunga:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Endurbyggður var 1,1 km. kafli frá Kleppjárnsreykjum að Gróf og lagt á hann bundið slitlag. Undirbygging var unnin af Vegagerðinni en verktaki við klæðingu var Klæðning hf. Reykjavík.

05 Lundar - Varmaland:
Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári var 3,1 m.kr. Vegur var styrktur og ræsi endurnýjuð á 3,7 km. kafla frá Þverá að Landbroti. Umframkostnaður var tekinn af viðhaldsfé. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

518 Hálsasveitarvegur

01 Kleppjárnsreykir - Reykholt:
Fjárveiting var 13,9 m.kr. Endurbyggður var 6,0 km. kafli frá vegamótum Borgarfjarðarbrautar við Gróf og að Reykholtsdalsvegamótum ofan við Reykholt. Einnig var lagt bundið slitlag á kaflann. Vegagerðin vann undirbygginguna en verktaki við klæðingu var Klæðning hf.

03 Um Húsafellsskóg:
Fjárveiting var 3,5 m.kr. Greiddar skuldir frá fyrra ári. Lokið var við undirbyggingu vegarins og fyrra lag klæðingar lagt á 3,0 km. Vegagerðin vann undirbygginguna en verktaki við klæðingu var Klæðning hf.

577 Helgafellssveitarvegur

01 Snæfellsnesvegur - Snæfellsnesvegur
Fjárveiting var 5,9 m.kr. Styrktur og lagfærður allur vegurinn, 9,2 km. og endurnýjuð ræsi. Verktaki var Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi.

593 Efribyggðavegur

01 Hella - Flekkudalsá:
Fjárveiting var 3,9 m.kr. Greiddar voru skuldir og lokið við endurbyggingu á 3,3 km kafla frá Flekkudalsá og niður undir Klofningsveg. Verktaki var Tak hf. í Búðardal.

669 Steinadalsvegur

02 Steinadalur - Hólmavíkurvegur
Fjárveiting var 0,8 m.kr. Endurbyggður var 0,7 km kafli utan við Steinadal. Vegagerðin vann verkið.

612 Örlygshafnarvegur

03 Kollsvíkurvegur - Látur
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Mulið var efni á Hafnarfjalli til að nota í malarslitlag síðar. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Brjóti sf.

633 Vatnsfjarðavegur

03 Skálavík - Kelda
Fjárveiting var 10,3 m.kr. Lagður var 6,1 km langur vegur frá Skálavík að enda á nýbyggingu nokkuð fyrir innan Keldu. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

645 Drangsnesvegur

01 Strandavegur - Drangsnes
Fjárveiting var 4,9 m.kr. Kláraðir voru tveir vegarkaflar sem hafin var vinna við á síðasta ári. Annar kaflinn 1,2 km er nokkuð utan við bæinn Hellu. Hinn kaflinn 0,6 km er utan Hveravíkur. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Jón og Magnús sf.

711 Vatnsnesvegur

07 Síðuvegur - Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Lokið var frágangi nýbyggingar frá fyrra ári frá Böðvarshólum að Norðurlandsvegi, sem er um 8,3 km að lengd. Verktaki var Fossverk sf.

731 Svínvetningabraut

02 - 03 Tindar-Blöndubrú:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Lokið var frágangi nýbyggingar frá fyrra ári, sem er um 13,5 km að lengd. Verktaki var Hvítserkur hf. Lagt var óunnið malarslitlag á veginn.

734 Svartárdalsvegur

01 Um Fjósaklif:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og vinnulán að upphæð 4,8 m.kr. Lagður var nýr vegur á eyrum Svartár neðan Fjósaklifs, alls um 1,4 km. Verktaki var Hvítserkur hf.

745 Skagavegur

08 Í Laxárdal:

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra.ári.

767 Hólavegur

01 Víðinesá - Hólar:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, en það ár var vegurinn endurbyggður frá Laufskálaholti heim að Hólum og lögð á hann klæðing fyrir viðhaldsfé. Verktaki var Fjörður sf.

02 Hólar - hesthús:

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

769 Ásavegur

01 Siglufjarðarvegur - Hólavegur:

Fjárveiting var 4,2 m.kr. Lagður var nýr vegur frá Siglufjarðarvegi að Neðri-Ási, sem er um 2,4 km að lengd. Verktaki var Fjörður sf.

792 Flugvallarvegur í Siglufirði

01 Siglufjörður - flugvöllur:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lokið var við nýjan veg með klæðingu. Verktakar voru Framtak sf. og Borgarverk sf.

83 Grenivíkurvegur

02 Ystavík - Fnjóskadalsvegur eystri

Fjárveiting var 4,6 m.kr. Lagður var 0,7 km langur kafli um Fagrabæ.

803 Kleifarvegur

02 Garðsvegur - Sólheimar

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs vegna mjög óhagstæðs tíðarfars.

824 Finnastaðavegur

01 Finnastaðaá - Gilsbakki

Fjárveiting var 6,3 m.kr. Lagður var 3,0 km langur kafli frá Finnastöðum að Ysta-Gerði. Verkið var unnið af Arnarfelli hf.

846 Austurhlíðarvegur

01 Norðurlandsvegur - Stóru-Laugar

Fjárveiting var 0,6 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 0,6 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Stóru-Laugum.

848 Mývatnsvegur

01 Vagnbrekka - Stekkjarnes

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Lagður var 1,2 km langur kafli austan við Vagnbrekku.

850 Flugvallarvegur - Mývatnssveit

01 Kísilvegur - Flugvöllur

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lagður var 0,9 km langur kafli frá Kísilvegi að flugvelli.

870 Kópaskersvegur

01 - 03 Norðausturvegur - Flugvöllur

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Styrktur var og lagt fyrra lag klæðingar á 0,8 km langan kafla frá Norðausturvegi að Duggugerði.

887 Kísilvegur

05 Víðiholt - Norðausturvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var 5,0 km langur kafli, frá Skógum að Norðausturvegi, styrktur og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

923 Jökuldalsvegur

04 Jökla - Hrafnkelsdalsminni:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,3 m.kr. Unnið var að endurbótum vegar frá Austurlandsvegi að Brú 31,4 km. Lokið var við nýbyggingu innan við Jökulsá 1,7 km.

924 Jökuldalsvegur eystri

01 Austurlandsvegur - Refshöfði:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán frá Jökuldalshreppi 2,0 m.kr. Lagður var nýr vegur utan við Hneflu 1,4 km.

931 Upphéraðsvegur

06 - 08 Atlavík - Hafursá:

Fjárveiting var 5,3 m.kr. og til bundinna slitlaga 7,6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 3,0 m.kr. Lögð var klæðing 1,3 km utan við Atlavík og utan við Hallormsstað að Hafursá 3,3 km.

953 Mjóafjarðarvegur

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,2 m.kr.

955 Flugvallarvegur Norðfirði

Fjárveiting var 3,8 m.kr. Byggður að megin hluta nýr vegur 0,6 km.

994 Borgarfjarðarvegur

01 Vegamót - Mýnes:

Fjárveiting var 0,7 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.4.-1.

Brýr 10 m og lengri
Greinargerð um framkvæmdir

Háfsós (275)

Fjárveiting var 5,5 m kr. Byggð var 18 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Gamla brúin á Háfsós var á stauraokum og hafði oft skemmst í ísruðningum.

Skurður hjá Krossi (Sýsluvegur)

Fjárveiting var 2,6 m.kr. Fór hún til greiðslu skuldar vegna byggingar brúarinnar 1987.

Bugða (461)

Fjárveiting var 3,6 m.kr. og aðeins hluti áætlaðs kostnaðar. Byggð var 14 m steypt bitabrú í nýrri veglínu. Gamla brúin á Bugðu var frá 1934, mjó og með vonda aðkomu. Hún var illa farin af steypuskemmdum.

Svínadalsá (461)

Fjárveiting var 4,0 m.kr. og var hluta hennar varið til byggingar brúar á Bugðu (461). Hafin var bygging á 5 m steyptum stokk undir hárri fyllingu. Gamla brúin á Svínadalsá er ill farin af steypuskemmdum og hefur slæma aðkomu.

Straumfjarðará (54)

Fjárveiting var 14,0 m.kr. Byggð var 26 m steypt eftirspennt bitabrú með 6 m akbraut. Gamla brúin á Straumfjarðará var steypt bogabrú frá 1929. Hún hafði mjög slæma aðkomu og var nær ónýt.

Gilsfjörður - rannsóknir (60)

Fjárveiting var 1,2 m.kr. Gerðar voru bermálsmælingar til könnunar á jarðlagaþykkt á hugsanlegum vegarstæðum. Einnig var unnið að landmælingum og kortagerð.

Bæjará (60)

Fjárveiting var 4,3 m.kr. Byggður var 51 m langur og 5 m breiður stokkur í nýrri veglínu.

Haukabergsá (62)

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Byggð var 14 m löng steypt plötubrú. Gamla brúin á Haukabergsá eyðilagðist í flóðum haustið 1987.

Gljúfurá (76)

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Byggður var 5 m breiður og 32 m langur steyptur stokkur undir hárri fyllingu. Ekki náðist að fylla að brúnni vegna frosta. Gamla brúin á Gljúfurá er steypt bitabrú frá 1951. Hún er of mjó og alltof lág.

Eyjafjarðará (823)

Fjárveiting var 1,6 m.kr. Fór hún til greiðslu vaxta af skuld vegna byggingar brúarinnar 1982.

Grænilækur (1)

Fjárveiting var 6,5 m.kr. Byggð var 14 m stálbitabrú með steyptu gólfi á steyptum undirstöðum. Brúin er í nýrri veglínu.

Hafralónsá (85)

Fjárveiting var 24,4 m.kr. Byggð var 60 m eftirspennt bitabrú í þremur höfum. Gamla brúin á Hafralónsá er frá 1930. Hún var orðin mjög léleg og hafði slæma aðkomu.

Laxá (sýsluvegur)

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Fór hún til greiðslu skuldar vegna byggingar brúarinnar 1987.

Morsá (Fjallvegur)

Fjárveiting var 1,3 m.kr. og er geymd enda ónóg til byggingar brúarinnar. Í vegáætlun er gert ráð fyrir álíka fjárveitingu 1989.

Fskj. 2.5.1.-1.

Aðalfjallvegir
Greinargerð um framkvæmdir

F28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 800 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 700 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnsleið

Fjárveiting var 1400 þús.kr. Auk venjulegs viðhalds var opnuð ný leið frá brú á Skjálfandafljóti, við Gjallanda, um mela og hraun norðan Trölladyngju á veg um Suðurárbotna suðvestan við Dyngjufjöll.

Sþ. **1178. Svar** [399. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni um málefni Ölduselsskóla.

1. *Hvernig var staðið að könnun þeirri er ráðuneytið lét gera á samstarfsörðugleikum skólastjóra Ölduselsskóla annars vegar og kennara við skólann og foreldra barna þar hins vegar?*

Deilurnar í Ölduselsskóla áttu sér aðdraganda allt frá því í fyrravor þegar Áslaug Friðriksdóttir sagði starfi sínu lausu sem skólastjóri Ölduselsskóla. Það gerðist með bréfi dags. 28. mars 1988. Staða skólastjóra var auglýst 8. apríl í Ríkisútvarpinu ásamt fleiri skólastjórastöðum. Umsóknarfrestur um stöðuna var til 6. maí.

4. maí er dagsett áskorun kennararáðs Ölduselsskóla á menntamálaráðherra að setja Reyni Daníel Gunnarsson í stöðuna.

9. maí er lögð fram í fræðsluráði Reykjavíkur áskorun 59 starfsmanna Ölduselsskóla til stuðnings umsókn Reynis Daníels um stöðuna.

16. maí er sama skjal lagt fram í fræðsluráði og hafa þá sjö starfsmenn Ölduselsskóla bæst við á áskorendalistann.

12. maí er lagt fram í fræðsluráði bréf frá foreldrum barna í Ölduselsskóla þar sem skorað er á fræðsluyfirvöld að veita Reyni Daníel stöðuna. Í skjali því sem foreldrarnir undirrituðu segir meðal annars:

„Árið 1985 var ráðinn nýr yfirkennari að Ölduselsskóla og valdist til starfsins einn af kennurum skólans, Daníel Gunnarsson. Daníel var mjög vinsæll kennari og hafði lengi séð um tómstundasstarf nemenda. Sem yfirkennari hefur Daníel verið mjög vel látinn bæði af nemendum og kennurum og samstarf hans við foreldra barna í skólanum hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Greinilegt er að í Ölduselsskóla er góður starfsandi. Þessi góði starfsandi stafar af því að samstarf skólastjóra, yfirkennara og kennara er mjög gott."

Þrátt fyrir þetta ákvað meiri hluti fræðsluráðs Reykjavíkur að ganga gegn eindregnum vilja íbúa hverfisins og starfsmanna skólans. Það gerðist á fundi fræðsluráðs 16. maí 1988. Fulltrúar kennara í fræðsluráði, Jóhannes Pétursson og Ólöf Arngrímsdóttir, gagnrýndu harðlega afstöðu meiri hluta fræðsluráðsins í sérstakri bókun á sama fundi ráðsins. Málið var einnig sent til umsagnar fræðslustjórans í Reykjavík sem gerði ekki upp á milli umsækjenda, Sjafnar Sigurbjörnsdóttur og Reynis Daníels Gunnarssonar. En í bréfi fræðslustjórans var lögð á það sérstök áhersla að starfshættir í Ölduselsskóla „... hafa verið til fyrirmyndar ... Foreldrar hafa aldrei haft samband við fræðslustjóra til að kvarta undan einu né neinu ..." Og að lokum sagði fræðslustjóri: „Ég hlýt að vona að hið farsæla skólahald megi ríkja áfram í Ölduselsskóla."

Daginn eftir fund fræðsluráðs kom starfsfólk Ölduselsskóla saman til fundar og lýsti vonbrigðum sínum með afstöðu meiri hluta fræðsluráðs. Þar var skorað á menntamálaráðherra að setja Reyni Daníel til starfans.

Sama dag lét stjórn Félags yfirkennara og skólastjóra til sín taka og ritaði menntamálaráðherra bréf 17. maí 1988. Þar er fullyrt að Sjöfn Sigurbjörnsdóttir hafi ekki starfað við grunnskóla í 13 ár og að hún hafi ekki réttindi til starfans. Er skipun hennar til framhaldsskóla talin „umdeilanleg". „Ölduselsskóli er með stærstu grunnskólum landsins og væri það með algerum einsdæmum ef starfsmaður sem enga kennaramenntun hefur yrði settur þar í stöðu skólastjóra ... Félagið lítur það að sjálfsögðu einnig mjög alvarlegum augum þegar starfsmenn sem hafa reynst frábærir í verkum sínum eru settir hjá vegna stjórnmálaskoðana sinna." (Úr bréfi Félags skólastjóra og yfirkennara, dags. 17. maí 1988.)

23. maí er dagsett bréf til menntamálaráðherra frá foreldrum 759 barna sem rituðu undir áskorun á ráðherrann um að setja Reyni Daníel í stöðu skólastjóra. Hér var um að ræða 92,3% foreldra allra barna í skólanum og 94,8% foreldra þeirra sem til náðist.

Stjórn Kennarasambands Íslands fjallaði um málið á fundi sínum 27. maí og komst að þessari niðurstöðu:

„Í ljósi þess sem á undan er rakið beinir stjórn Kennarasambands Íslands því til yðar, herra menntamálaráðherra, að veita Reyni Daníel stöðu þá sem hann hefur sótt um."

Stjórn Foreldrafélags Ölduselsskóla skrifaði menntamálaráðherra enn áskorunarbréf 1. júní og ítrekaði afstöðu sína og foreldranna sem fram hafði komið í undirskriftasöfnuninni.

Þrátt fyrir þessi eindregnu tilmæli allra starfsmanna skólans, nær allra foreldra barnanna við skólann, Félags skólastjóra og yfirkennara og Kennarasambands Íslands ákvað ráðherra að setja Sjöfn Sigurbjörnsdóttur skólastjóra við Ölduselsskóla. Þar með var ljóst að hún var sett í verulegan vanda andspænis þessari eindregnu afstöðu allra þeirra sem fjalla um þessi mál nema meiri hluta fræðsluráðs Reykjavíkur.

Eitt fyrsta embættisverk Sjafnar var ráðning yfirkennara. Kaus hún að ráða til verksins kennara án samráðs við kennararáð skólans. Þessi niðurstaða vakti strax deilur í fræðsluráði Reyjavíkur. Eftir ráðningu yfirkennarans kom til deilna innan skólans sem meðal annars leiddu til alvarlegra átaka milli skólastjórans og eins kennara skólans.

24. september skrifuðu foreldrar barna í 3. bekk HÞ bréf til menntamálaráðherra, fræðslustjórans í Reykjavík og fræðsluráðs þar sem kennari bekkjarins hafði séð sig tilknúinn til þess um stundarsakir að hætta störfum.

17. október skrifaði kennararáð skólans menntamálaráðherra bréf og rakti þar meðal annars aðdraganda málsins. Í bréfinu segir m.a.: „... aldrei í sögu skóla á Íslandi hafa íbúar skólahverfis sýnt málefnum skóla eins mikinn og virkan áhuga." Í bréfi kennararáðs kemur meðal annars formlega fram að allt kennararáð skólans hafi sagt af sér „vegna samskiptaörðugleika við skólastjóra" og voru þá aðeins örfáar vikur liðnar frá því að skólastarf hófst. Lá afsögn kennararáðsins fyrir þegar kom að fyrsta kennarafundinum 27. september. Í kennararáðinu nýja var skorað á menntamálaráðuneytið að hlutast til um málið en þar segir í lok bréfsins frá 17. október: „Við teljum það skyldu ráðuneytisins að aðhafast í þessu máli og bjarga Ölduselsskóla frá niðurníðslu."

21. október kom skólastjóri Ölduselsskóla á fund í ráðuneytinu og gerði deildarstjóra grunnskóladeildar grein fyrir stöðu mála í skólanum eins og þau horfðu við sér. Þar kom fram að hún teldi tímann til þessa hafa verið erfiðan og ástandið í skólanum sér mótdrægt. 24. október kom kennararáðið til fundar í ráðuneytinu og gerði grein fyrir skoðun sinni á málum skólans. Það var m.a. skoðun kennararáðs að settur skólastjóri ætti að hætta störfum sem allra fyrst. Í framhaldi af þessum fundum í ráðuneytinu var ákveðið að ráðherra kallaði skólastjórann fyrir til fundar. Ráðherra ákvað þrátt fyrir álit kennararáðsmanna að leggja áherslu á að láta reyna á skólastarfið undir forustu Sjafnar til þrautar. Skýrði ráðherra skólastjóra frá þessari skoðun sinni.

5. desember var lögð fram í fræðsluráði kæra á skólastjórann vegna meints brots á reglugerð um kennarafundi og kennararáð, nr. 184/1976. Fræðsluráð vísaði málinu til fræðslustjóra og fræðslustjóri vísaði málinu til menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið aðhafðist ekkert í málinu en lagði áherslu á að reynt yrði að stuðla að jákvæðri þróun innan skólans.

13. desember skrifar kennararáðið fræðslustjóranum í Reykjavík ítarlegt bréf, en 9. desember hafði skólastjóri gert skriflega grein fyrir skoðun sinni á þróun mála í skólanum. Í bréfi kennararáðs frá 13. desember er m.a. bent á að skólastjórinn hafi kosið að halda áfram kennslu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti með skólastjórastarfinu sem skólastjórinn taldi á engan hátt óeðlilegt. Bréfinu lauk með þessum orðum: „Það er kominn tími til að þessu ástandi linni og er það krafa okkar að skólayfirvöld grípi inn í gang mála sem allra fyrst."

Foreldraráð skólans kom saman til fundar 13. desember og gerði samþykkt sem lauk á þessum orðum:

„Fulltrúaráðið sér því ekki annað fært en að óska eftir því við menntamálaráðuneytið að það taki málið til athugunar til að firra frekari vandræðum.“

15. desember var fjallað um þessi mál í fræðsluráði og var þeim vísað til fræðslustjóra. Fulltrúar kennara í ráðinu sögðu í bókun sinni að það væri „... eðlileg krafa að skólayfirvöld grípi inn í og leiti lausna hið allra fyrsta“. Fræðslustjóri var um þessar mundir í veikindaleyfi og var erindi fræðsluráðs því vísað til menntamálaráðuneytisins, sbr. 55. gr. grunnskólalaga.

Við þessar aðstæður lögðu embættismenn ráðuneytisins til að þess yrði farið á leit við skólastjórann að hún gerði skriflega grein fyrir málinu. Greinargerð frá skólastjóra barst í ítarlegu bréfi hennar, dags. 18. desember, þar sem hún vísaði á bug öllum ásökunum foreldra og kennararáðs. Taldi hún að afstaða kennararáðs fæli í sér „ofsóknir“ í sinn garð.

2. janúar gerðu embættismenn ráðuneytisins, þau Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu, og Sigurður Helgason, deildarstjóri grunnskóladeildar, tillögu til ráðherra um að deiluaðilar yrðu kallaðir fyrir og farið nákvæmlega yfir gang mála og féllst hann á það.

Á fundi fræðsluráðs 9. janúar var ítarlega fjallað um þessi mál í heild og þar var ákveðið að fela formanni að ræða við skólastjóra Ölduselsskóla, formann foreldrafélagsins og fulltrúa kennararáðs um þau vandamál er þessir aðilar „... telja að uppi séu í skólanum. Formaður geri fræðsluráði grein fyrir þessum viðræðum sínum svo fljótt sem kostur er.“ Á fundi fræðsluráðs var fræðslustjórinn gagnrýndur fyrir að vísa málinu beint til menntamálaráðuneytis, sbr. það sem áður segir. Meiri hluti fræðsluráðs taldi í sérstakri bókun á þessum fundi að nokkrir kennarar hefðu staðið fyrir „stanslausum árásum“ á skólastjórann. Taldi meiri hlutinn að hér væri um „lágkúrulega niðurrifsstarfsemi“ að ræða. Væri hér á ferðinni „niðurrifsstarfsemi og undirróður nokkurra kennara“ sem „... því miður hefði fengið einhvern stuðning innan stjórnar foreldrafélags Ölduselsskóla og fulltingi eins fulltrúa í fræðsluráði“. Þá er sérstakri gagnrýni beint gegn fulltrúum kennara í fræðsluráði sem hafi tekið undir með þeim sem gagnrýna skólastarfið í Ölduselsskóla.

Formaður fræðsluráðs hóf síðan viðræður um málið við þá aðila sem nefndir voru fyrr og skilaði hann álitsgerð 16. janúar með von um að skólastarf yrði eðlilegt í skólanum.

Í lok mánaðarins skrifaði stjórn Foreldrafélagsins til ráðuneytisins og fullyrti að 17 kennarar mundu láta af störfum við skólann ef það ástand, sem ríkt hefði að undanförnu, héldi áfram.

Er þá komið að niðurstöðunum sem spurt er um í fyrsta tölulið fyrirspurnarinnar: Könnunin fólst í því að áðurnefndir embættismenn ráðuneytisins ræddu við alla deiluaðila og aðra frá 2. janúar þegar hin sérstaka könnun þeirra hófst. Var rætt við fjölda aðila innan skólans og utan um ástæður erfiðleikanna. Rætt var við skólastjóra, kennara, kennararáð, stjórn kennarafélagsins, fyrrverandi skólastjóra og yfirkennara, hjúkrunarfræðing skólans, húsvörð og svo nokkra kennara sem ekki áttu eða eiga sæti í forustusveit kennara skólans. Í þessum viðtölum komu fram þau efnisatriði sem hér hafa að nokkru verið rakin auk fjölmargra annarra þátta sem ekki verða teknir upp hér þar sem varða margvísleg persónuleg matsatriði sem ekki er við hæfi að tína til í skýrslu af þessu tagi.

2. Hverjar voru niðurstöður könnunarinnar?

Niðurstöður könnunarinnar voru sem hér segir (lokaorð skýrslu þeirra embættismanna sem unnu að könnun þessari):

„Af ofangreindu er ljóst að skólastarf í Ölduselsskóla hefur ekki verið með eðlilegum hætti á yfirstandandi skólaári og virðist ágreiningur vera það mikill að um varanlegar sættir

geti ekki orðið að ræða þannig að komið verði í veg fyrir að 17 kennarar hverfi frá skólanum. (Skrifleg yfirlýsing frá þessum 17 kennurum lá þá fyrir. — Innskot ráðuneytis.)

Ráðuneytið stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að 17 reyndir kennarar munu hverfa frá skólanum nú í vor verði núverandi skólastjóri endurráðinn. Er það mat okkar að sú röskun á skólastarfinu, sem brottför þeirra veldur, sé meiri en við verði unað. Teljum við því óhjákvæmilegt að staða skólastjóra Ölduselsskóla verði auglýst laus frá 1. ágúst næstkomandi. Viljum við taka fram að með þessari tillögu leggjum við ekki mat á hæfni Sjafnar Sigurbjörnsdóttur til að gegna skólastjórastarfi.“

3. *Hver er ástæða þess að ráðherra hefur ákveðið að auglýsa skólastjórastöðuna lausa til umsóknar?*

Svarið við þessari spurningu er raunar þegar komið fram. Það var ekkert annað hægt að gera. Gat ráðherra dregið birtingu auglýsingarinnar? Það var erfitt vegna þess að fjöldi kennara ýmist hafði eða hefði þá ráðið sig annars staðar og sagt upp störfum með uppsögn sem lögð hefði verið inn í skólann fyrir lok marsmánaðar. Það var því miður enginn annar kostur. Skólastarfið allt hafði liðið fyrir þann ágreining sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Því varð að linna. Að mati embættismanna ráðuneytisins voru varanlegar sættir ekki taldar mögulegar. Þess vegna varð að taka ákvörðun um að auglýsa stöðuna.

Sþ. 1179. Svar [504. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um símahleranir.

Spurt er:

1. *Hvaða reglur gilda um símahleranir hér á landi?*
2. *Hversu oft hefur símahlerunum verið beitt hér á síðustu 10 árum, sundurliðað eftir árum? Hverjir hafa beðið leyfis til hlerana í umgetnum tilvikum, hverjir framkvæmdu þær og í hvaða tilgangi var þeim beitt?*
3. *Hver er réttur þolenda símahlerana?*
4. *Telur ráðherra tryggt að alltaf sé farið að lögum og reglum varðandi símahleranir?*

1. Reglur um símahleranir er að finna í 47. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, en þar segir:

„Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.“

2. Fjöldi úrskurða um símahleranir á undanförnum árum hefur verið þessi:

1979	0	1984	11
1980	2	1985	32
1981	3	1986	26
1982	5	1987	27
1983	6	1988	14

Á yfirstandandi ári hafa verið kveðnir upp sex úrskurðir.

Í tveimur tilvikum er um að ræða beiðnir frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, annars vegar vegna stórfellds innbrotsþjófnaðar og gruns um fíkniefnabrot og hins vegar vegna sama þjófnaðar, fjárkúgunar og heitinga um ófarnað. Í öllum öðrum tilvikum er um að ræða beiðnir frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík vegna rannsóknar á meiri háttar fíkniefnamisferli.

Til skýringar á fjölda úrskurða skal tekið fram að oft er um að ræða framlengingu á heimild með nýjum úrskurði. Margir úrskurðir geta og verið vegna rannsóknar á sama máli vegna tengsla og fjölda grunaðra.

Úrskurður heimilar hlustun tiltekins síma í ákveðinn tíma.

Símahlerun annast lögreglan. Póst- og símamálastofnun veitir lögreglu aðgang að símakerfinu gegn framvísun dómsúrskurðar.

3. Réttarfarslög kveða eigi á um að þolanda skuli gerð grein fyrir því að hlerun hafi farið fram.

4. Dómstólar meta skilyrði til símahlerunar. Því verður að treysta að þeir gæti þess að símahleranir séu því aðeins leyfðar að ríkar ástæður séu fyrir hendi.

Sþ. 1180. Fyrirspurn [513. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstafanir til að bæta fjárhag Þormóðs ramma hf.

Frá Geir H. Haarde.

Með hvaða hætti er ráðgert að nýta heimild 44. gr. lánsfjárlaga 1989 þar sem segir: „Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins?“

Ed. 1181. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja þeim breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson.

Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 1182. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni, Halldóri Blöndal og Júlíusi Sólnes.

1. málsl. 1. gr. falli brott.

Nd. 1183. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Lögreglufélagi Reykjavíkur, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sýslumannafélagi Íslands. Þá komu þeir Þorgrímur Guðmundsson, formaður Lögreglufélags Íslands, og Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, á fund nefndarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Breytingin felur í sér að það ákvæði frumvarpsins, er kveður á um að engan megi ráða eða skipa lögreglumann án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins, taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1990, en í frumvarpinu hafði verið miðað við 1. janúar 1990. Tillaga nefndarinnar tekur mið af því að verið er að vinna að uppbyggingu skólans og þess vegna talið eðlilegt að hert ráðningarskilyrði taki ekki gildi fyrr en um mitt næsta ár.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Valdimar Indriðason.	Kristinn Pétursson.

Nd. 1184. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í stað „1. janúar“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: 1. júlí.

Nd. 1185. Þjóðminjalög. [188. mál]

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1114 (sbr. 1007).

Ed. 1186. Frumvarp til laga [372. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

3. gr.

Ný grein er verði 81. gr. hljóði svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

4. gr.

81. gr. laganna verði 82. gr.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 43. gr. er Tryggingastofnun ríkisins heimilt á árinu 1989, að fengnu samþykki ráðherra, að greiða sérfræðingum fyrir nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1187. Frumvarp til laga [454. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 814 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

32. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki

á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntamálaráðherra að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar þar sem m.a. skal tilgreint hvaða kennslugreinar skuli teljast verknám og sérnám. Þá skulu settar viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir önnur störf en kennslu er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara.

Nd. 1188. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Vinnuveitendasambandi Íslands, Verktakasambandi Íslands, Kristni Snæland, fulltrúa launþega í umsjónarnefnd leigubifreiða í Reykjavík, Félagi vinnuvélaeigenda, Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, bifreiðastjórafélaginu Frama og Landssambandi vörubifreiðastjóra. Þá barst nefndinni sameiginleg álitsgerð sem send hafði verið samgönguráðuneytinu frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Félagi vinnuvélaeigenda.

Nefndin fékk jafnframt á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, og Helga Jóhannesson, lögfræðing í ráðuneytinu, Helga Seljan og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalaginu, Ingólf Finnbjörnsson og Lárus Þór Svanlaugsson frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Þórarin V. Þórarinsson frá VSÍ, Víking Guðmundsson, Braga Sigurjónsson, Þóri Guðmundsson og Þórólf Kristján Beck frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Steingrím Jónasson frá Félagi vinnuvélaeigenda, Jóngeir H. Hlinason frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Sigurð Sigurjónsson frá Sendibílum hf., Ingólf M. Ingólfsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama og Óskar H. Sigurðsson, formann nefndar sem launþegar í leigubifreiðastjórastétt skipuðu til að fjalla um frumvarpið.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í þeirri röð sem þær eru á þingskjalinu.

1. Við 7. gr. er gerð sú breyting að á félagssvæðum með færri en 5000 íbúa megi veita mönnum atvinnuleyfi þó að þeir stundi ekki akstur fólksbifreiða sem aðalatvinnu. Nefndin telur að á félagssvæðum, sem ná yfir fámenn sveitarfélög, sé eigi alltaf grundvöllur fyrir því að menn hafi það að aðalatvinnu að stunda leiguakstur fólksbifreiðar.

2. Við 8. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er ekki talið rétt að veita atvinnuleyfi mönnum sem eldri eru en 65 ára, í stað 67 ára samkvæmt frumvarpinu, í ljósi þess að atvinnuleyfi skv. 9. gr. fellur úr gildi við 70 ára aldur. Í öðru lagi er sett inn ákvæði þess efnis að heimilt sé að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir önnur skilyrði laganna um veitingu atvinnuleyfis og ætla megi að leiguakstur henti þeim. Gert er ráð fyrir að sett séu nánari ákvæði um þetta atriði í reglugerð og mætti þar m.a. kveða á um þann hámarksfjölda öryrkja er kæmi til greina við veitingu atvinnuleyfis ár hvert. Þriðja og síðasta breytingin er aðeins orðalagsbreyting.

3. Við 9. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Sú fyrsta er gerð til að taka af öll tvímæli um að atvinnuleyfi skuli falla úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Önnur breytingin gerir ráð fyrir að felld sé niður heimild til að framlengja atvinnuleyfi allt til 75 ára aldurs. Þetta þykir of hár aldur. Í staðinn kemur bráðabirgðaákvæði í 14. gr. er kemur til móts við þá er náð hafa 67 ára aldri við gildistöku laganna. Þriðja breytingin felur í sér að eftirlifandi maki leyfishafa haldi leyfinu í allt að þrjú ár. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir einu ári en nefndin telur það ákvæði of stíft.

4. Við 10. gr. er gerð sú breyting að í stað þess að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann í umsjónarnefnd fólksbifreiða verði það viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega í því tilviki þegar félagssvæðið nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nefndin telur eðlilegt að fulltrúar heimamanna sitji í umsjónarnefndinni.

5. Við 14. gr. er bætt tveimur bráðabirgðaákvæðum. Hið seinna hefur verið nefnt hér á undan en það fyrra felur í sér að launþegar í leigubifreiðastjórastétt skuli hafa forgang við veitingu atvinnuleyfis næstu þrjú ár eftir gildistöku laganna. Þykir þetta ekki óeðlilegt þar sem þeir eru yfirleitt búnir að aka í 2–3 ár með það í huga að fá atvinnuleyfi en er nú skylt að keppa við aðra, svo sem rútubílstjóra og strætisvagnastjóra sem samkvæmt frumvarpinu geta nú sótt um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs.

Vegna athugasemda, sem fram hafa komið um að í 2. mgr. 5. gr. kynni að felast almennur einkaréttur til vöruflutninga án tillits til þess hvers konar tæki er notað til flutninganna, telur nefndin rétt að fram komi að hún álítur að í ákvæðinu felist ekki breyting frá gildandi lögum. Leiguakstur vörubifreiða er skilgreindur í 3. mgr. 1. gr. og er sú skilgreining efnislega sú sama og er í 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga, nr. 36/1970. Með frumvarpinu er á engan hátt þrengt að starfsemi verktaka og vinnuvélaeigenda frá því sem nú er og sú starfsvernd, er fram kemur í 2. mgr. 5. gr., er því aðeins bundin við leiguakstur á vörubílum af hefðbundinni gerð og lýtur ekki að verktakastarfsemi á sviði flutninga.

Þá vill nefndin lýsa þeirri skoðun sinni að hún telur að í 3. gr. frumvarpsins felist að bifreiðastöðvum fyrir leigubifreiðar sé skylt að skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að sem næst sé fullnægt eftirspurn eftir þjónustu leigubifreiða á álagstíma.

Alþingi, 11. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Valdimar Indriðason.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.
	Árni Gunnarsson.	

Nd. 1189. Breytingartillögur [438. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „framkvæma takmörkun á“ í 1. málsl. komi: takmarka.
   b. Á eftir 2. málsl. fyrri málsgreinar bætist: Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á félagssvæðum þar sem íbúar eru færri en 5000.
2. Við 8. gr.
   a. Í stað „67“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 65.
   b. Í stað orðsins „sækja“ í 6. tölul. 1. mgr. komi: hafa sótt.

c. Við 3. mgr. bætist: Heimilt er að taka sérstaklega tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessarar greinar og ætla megi að leiguakstur henti þeim. Um heimild þessa má ákveða nánar í reglugerð.

3. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „70 ára aldur“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: lok 70 ára aldurs.
   b. Seinni málsliður 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „eitt ár“ í 2. mgr. komi: í allt að þrjú ár.
4. Við 10. gr.
   Í stað orðanna „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega á félagssvæði.
5. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „til bráðabirgða“ í 2. mgr. komi: um allt að tveggja ára skeið.
   b. Á eftir 2. mgr. komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

   Þrátt fyrir ákvæði 5. liðar 8. gr. skulu launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku þessara laga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.

   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. er heimilt að veita þeim, sem eru 67 ára eða eldri við gildistöku þessara laga, heimild til að halda atvinnuleyfi í allt að fimm ár til viðbótar enda uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði þessara laga. Þó verði ekki heimilt að framlengja atvinnuleyfi lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa.

Nd. 1190. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Með stjórnarfrumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sett verði sérstök löggjöf um fræðslustarfsemi á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og að þessi þáttur í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar verði eftirleiðis á ábyrgð ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að ríkisvaldið standi straum af öllum rekstrarkostnaði og 80% af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis og heimavistarkostnaði. Samtímis því að þetta frumvarp er flutt leggur sami ráðherra fram frumvarp sem gerir m.a. ráð fyrir því að stofnendur tónlistarskóla greiði allan stofnkostnað þeirra. Gætir hér furðulegs ósamræmis.

Félagsmálaskóli alþýðu hefur verið starfræktur frá árinu 1969 og um árabil notið verulegs stuðnings á fjárlögum. Á þessu ári fær skólinn þannig 7,5 millj. kr. í beina fjárveitingu að því er fram kemur í skýringum með fjárlagafrumvarpi, en fjárveiting til skólans er á sérstökum safnlið í félagsmálaráðuneyti undir heitinu „Vinnumál, ýmislegt“.

Margföldun framlags — undarleg forgangsröð.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins hefur samþykkt þess í för með sér að framlag ríkissjóðs til Félagsmálaskóla alþýðu mun margfaldast og verða tæpar 26 millj. kr. á sambærilegu verðlagi. Burtséð frá efni málsins verður að teljast vafasamt fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka skuldbindingu nú eins og fjárhag hans er háttað. Frumvarpið lýsir einnig undarlegri forgangsröð á sviði mennta- og fræðslumála ef nú á að margfalda framlög til þessa skóla á meðan mörg önnur brýn verkefni á þessu sviði sitja á hakanum.

Undirritaður telur *eðlilegt og rétt að fræðslustarfsemi sem þessi njóti opinbers stuðnings* eins og verið hefur. Hins vegar er bæði *óeðlilegt og ástæðulaust að setja sérstaka löggjöf um*

þessa starfsemi og gera ríkisvaldið þar með ábyrgt fyrir henni. Benda má á að starf skólans hefur gengið með ágætum án þess að um það hafi gilt sérstök lög. Gera verður ríkan greinarmun á því hvort réttmætt geti verið að veita tiltekinni starfsemi stuðning af almannafé og hinu hvort ríkisvaldið eigi að taka viðkomandi starfsemi alveg upp á sína arma eins og frumvarpið stefnir að.

Skal þetta álit nú rökstutt nánar og raktar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Vill verkalýðshreyfingin vera frjáls og óháð?

Það er einkenni á lýðfrjálsum ríkjum og eitt af því sem aðgreinir þau frá alræðisríkjunum að þar starfar frjáls og óháð verkalýðshreyfing, samsett úr fagfélögum vinnandi manna. Í lýðræðisríkjum er það sjálfsagður og stjórnarskrárvarinn réttur verkafólks að bindast frjálsum samtökum um að verja hagsmuni sína og sækja fram til bættra kjara. Ein meginforsenda þess að verkalýðshreyfingin fái gegnt hlutverki sínu og staðið vörð um hagsmuni félagsmanna sinna gagnvart vinnuveitendum og ríkisvaldi er að hún sé fullkomlega sjálfstæð og óháð ríkisvaldinu á hverjum tíma í einu og öllu. Krafan um slíkt sjálfstæði er hvarvetna sett á oddinn þar sem verkalýðshreyfingin á undir högg að sækja gagnvart ríkinu, eins og t.d. í Póllandi.

Með því að flytja starfsemi á vegum verkalýðshreyfingarinnar yfir á herðar ríkisvaldsins er að sjálfsögðu verið að hverfa frá þessu meginatriði, þvert á alla eðlilega þróun. Verkalýðshreyfing með metnað til að varðveita sjálfstæði sitt á auðvitað ekki að fara fram á slíkar ölmusur heldur þvert á móti reyna að draga úr áhrifum ríkisvaldsins á starfsemi sína.

Þess má geta að verkalýðshreyfingin nýtur nú verulegra annarra fjárstyrkja frá ríkinu en til Félagsmálaskólans og má þar nefna framlög til Menningar- og fræðslusambands alþýðu, norræna verkalýðsskólans í Genf, námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum, þátttöku í erlendu vinnumálasamstarfi o.fl. Að auki veitir ríkið háa styrki til hagræðingarstarfsemi á vegum samtaka vinnumarkaðarins og til hagdeilda þeirra og fær Alþýðusamband Íslands eitt og sér 8,4 millj. kr. í því skyni á þessu ári, BSRB og BHM 840 þús. kr. til samans, en í heild er fjárveiting til þessara verkefna rúmar 14 millj. kr. Öll þessi samtök ættu að sjá sóma sinn í því að greiða fyrir þessa starfsemi af eigin tekjum í stað þess að láta skattgreiðendur standa undir henni, en verkalýðshreyfingin tekur sem kunnugt er há gjöld af félagsmönnum sínum og veltir gríðarmiklu fjármagni árlega í sjóðum sínum og rekstri öllum.

Á löggjöf um þessa starfsemi rétt á sér?

Nátengd hugmyndinni um sjálfstæði verkalýðshreyfingarinnar er sú spurning hvort eðlilegt sé eða æskilegt að setja sérstök lög um tiltekna starfsemi á hennar vegum. Að dómi undirritaðs nefndarmanns er enginn vafi á því að slíkt er óeðlilegt. Ekki á að binda í lög annað en það sem óhjákvæmilegt er og varðar verkefni á vegum hins opinbera eða hina almennu umgjörð um starfsemi borgaranna og samskipti þeirra.

Sú starfsemi, sem hér um ræðir, felst í námskeiðahaldi og fræðslustarfsemi. Alveg er ljóst að engar sérstakar lagaheimildir þarf til að standa fyrir slíku, enda gangast ýmsir einkaaðilar fyrir margs konar fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaðinum. Má þar nefna t.d. málaskóla, tölvuskóla, stjórnunarfræðslu og margt fleira sem rekið er í ýmsu formi. Árum saman hefur m.a. verið starfræktur hér á landi bréfaskóli fyrir fullorðna án opinberrar aðildar. Ekki hefur áður orðið vart við að aðilar, sem standa að fræðslu af þessu tagi, óski eftir því að um hana séu sett sérstök lög.

Sé hins vegar tilgangurinn með lagasetningunni eingöngu sá, eins og margt bendir til, að reyna að tryggja meira opinbert fjármagn til starfseminnar er ljóst að það má tryggja jafn vel með sérstökum samningi milli ríkisins og verkalýðshreyfingarinnar um árlegt framlag ríkisins. Mörg dæmi eru um það að löggjöf, sem ætlað er að tryggja ákveðna þátttöku ríkissjóðs í tilteknum verkefnum, hafi reynst haldlítil, enda jafnan hægur vandi fyrir meiri hluta á Alþingi að takmarka ríkisframlag í sérlögum eins og gert hefur verið í mörg ár í lánsfjárlögum.

Samlíking við starfandi skóla markleysa.

Í gildandi lögum um grunnskóla og framhaldsskóla er sérstaklega gert ráð fyrir þeim möguleika að skólar á þessum skólastigum séu reknir af einkaaðilum og gilda engin sérstök lög um hvern þann einkaskóla eða hverja þá sjálfseignarstofnun sem starfar á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi.

Í greinargerð með frumvarpinu er látið að því liggja að starfsemi skólans verði að hluta til sambærileg við þá sem fram fer í Samvinnnuskólanum, Verslunarskólanum og Skálholtsskóla. Tveir hinir fyrrnefndu eru framhaldsskólar innan hins almenna menntakerfis í landinu og hafa réttindi til að útskrifa stúdenta, en stefnt mun að því að Samvinnuskólinn verði framvegis einvörðungu á háskólastigi. Um hvorugan þessara skóla gilda sérstök lög, heldur hafa verið gerðir samningar um hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við starfsemi þeirra á grundvelli laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi frá 1976.

Um Skálholtsskóla gilda hins vegar lög nr. 31/1977, en sá skóli er sjálfseignarstofnun á vegum kirkjunnar sem hér á landi er þjóðkirkja og fjármögnuð af ríkinu. Ekki er með nokkru móti eða í neinni alvöru hægt að líkja verkalýðssamtökunum við þjóðkirkjuna.

Samningar hafa einnig verið gerðir um þátttöku ríkissjóðs í fræðslustarfsemi af öðru tagi og má þar til nefna tveggja mánaða gamlan samning menntamálaráðuneytisins og Slysavarnafélags Íslands um öryggismála- og slysavarnakennslu sem birtur er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Þar er gert ráð fyrir að Slysavarnaskólinn annist umrædda kennslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi í framhaldsskólum en ráðuneytið greiði fyrir með fjárhæð sem nemi þremur árslaunum framhaldsskólakennara. Er slíkt form á þátttöku ríkisins mun eðlilegra og í betra samræmi við bæði stjórnarhætti hér á landi og eðli starfseminnar.

Illa samið frumvarp.

Burtséð frá þeim grundvallaratriðum, sem gerð eru að umtalsefni hér að ofan, er ljóst að frumvarp þetta er afar illa samið og yrði framkvæmd þess óbreytts ýmsum erfiðleikum háð.

Í 1. gr. frumvarpsins, þar sem tilgangur lagasetningar kemur venjulega fram og undir hvaða stjórnvald málefni tilheyri, segir aðeins að á vegum tveggja samtaka, ASÍ og BSRB, starfi skóli er nefnist Félagsmálaskóli alþýðu og að Menningar- og fræðslusamband alþýðu „fari með“ málefni skólans. Menningar- og fræðslusambandið er með þessu orðalagi nánast sett í hlutverk stjórnvalds og falið að „fara með“ málefni sem ríkið á framvegis að greiða að langmestu leyti. Slíkur lagatexti er í sjálfu sér fáránlegur. Að auki má spyrja þeirrar spurningar hvort fyrsti málsliðurinn setji samtökin, sem þar eru nefnd, í þá stöðu að geta ekki lagt niður skólann nema brjóta þessa grein laganna.

Hvergi segir með berum orðum í frumvarpinu að málefni skólans heyri undir tiltekið ráðuneyti, en ráða má af orðalagi í 5., 6. og 8. gr. að hann eigi að heyra undir félagsmálaráðuneytið, enda er frumvarpið flutt af félagsmálaráðherra. Nánar er vikið að þessu atriði hér að neðan.

Í 2. gr. frumvarpsins er talað um það sem eitt af hlutverkum skólans að vinna að bættum lífskjörum „verkalýðsstéttarinnar“, að því er virðist til aðgreiningar frá öðrum Íslendingum. Aldargömul marxísk ruglandi af þessu tagi á hvergi heima í lögum sem sett eru á Íslandi á árinu 1989 þótt sjálfsagt sé að skóli þessi vinni að bættum lífskjörum alls almennings í landinu. Sömu ruglandi gætir í greinargerð frumvarpsins þar sem talað er um þá „skyldu þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað“. Lög kunna að vera sett á þessum forsendum í Austur-Evrópu en það á ekki að gerast á Íslandi þar sem engin stétt á heimtingu á meiri fræðslu á kostnað þjóðfélagsins en önnur og jafnrétti til náms er talið sjálfsagt.

Smánarlegt framlag eignaraðila.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að félagsmálaráðherra skuli skipa sjö menn í skólanefnd, alla utan einn samkvæmt tilnefningum MFA, ASÍ og BSRB. Tilnefningaraðilar eiga að vera svo rausnarlegir að greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Verður það að teljast nánasarlegt og raunar smánarlegt framlag til rekstrarins af hálfu þeirra sem að skólanum hafa staðið til þessa en eru með frumvarpinu að reyna að koma honum nánast algjörlega yfir á ríkið.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir 80% þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og kostnaði við heimavist og er í greinargerð vísað til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og um Skálholtsskóla. Svo virðist sem þeim sem frumvarp þetta hafa samið hafi ekki verið kunnugt um að samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla er þátttaka ríkisins í stofnkostnaði bundin við 60%. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því verið að taka Félagsmálaskóla alþýðu, sem þó er ekki framhaldsskóli í hefðbundnum skilningi, sérstaklega út úr og gefa fyrirheit um mun meiri stuðning við byggingar á hans vegum en almennt gildir um menntaskóla og fjölbrautaskóla í landinu. Slíkt nær auðvitað engri átt.

Að auki er vert að benda á að alls ófullnægjandi grein er gerð fyrir húsnæðismálum skólans í frumvarpinu og hugsanlegum áformum um að byggja yfir hann. Þó er gefið í skyn að um slíkar nýframkvæmdir geti orðið að ræða. Skólinn hefur til þessa verið til húsa í Ölfusborgum, en orlofshúsnæðið þar er í eigu þeirra sem hingað til hafa rekið þennan skóla. Með frumvarpinu er hins vegar opnað fyrir þann möguleika að ríkið byrji að greiða fyrir húsaleigu í Ölfusborgum sem hluta af rekstrarkostnaði skólans svo óeðlilegt sem það væri miðað við forsögu málsins.

Loks má geta þess að í greinargerð frumvarpsins er gefið til kynna að með samþykkt þess væri farið inn á hliðstæðar brautir og tíðkast hafi annars staðar á Norðurlöndum um langan aldur. Af hálfu fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands sem komu á fund félagsmálanefndar var hins vegar fullyrt að fræðslustarf á vegum aðila vinnumarkaðarins væri þar með öðru sniði en hér er lagt til og hvergi væri sambærileg löggjöf í gildi og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eðlilegar fjárhagsforsendur skortir.

Við yfirferð félagsmálanefndar yfir frumvarpið kom í ljós að engin athugun hefur farið fram á kostnaðarhlið þess á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Sýnir það að frumvarpið er ekki aðeins skakkt hugsað og illa samið heldur er undirbúningi einnig ábótavant að þessu leyti.

Fulltrúar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem komu á fund nefndarinnar upplýstu að nánast væri ógerlegt að meta kostnað við hinn væntanlega skóla því ekkert lægi fyrir um hvar hann ætti að vera eða t.d. hvort ráðgert væri að hagnýta eitthvað af vannýttu skólahúsnæði í landinu fyrir þessa starfsemi. Enn fremur væri óljóst um fjölda kennara og annars starfsliðs. Hins vegar virtist ljóst, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, að kennslukostnaður á hvern nemanda yrði 7–10 sinnum meiri en í almennum skólum í landinu og a.m.k. fjórfaldur á við kostnað ríkisins af Skálholtsskóla.

Engin aðild menntamálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að fræðsla í Félagsmálaskóla alþýðu verði eftirleiðis með svipuðu sniði og verið hefur hingað til þótt löggjöf komi til. Annars vegar yrðu námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og fræðsla um verkalýðs- og vinnumarkaðsmál, en hins vegar fræðsla í almennum undirstöðugreinum, svo sem stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum. Í frumvarpinu er ákvæði þess efnis að meta skuli nám í skólanum til áfanga í framhaldsnámi eftir því sem við eigi.

Þegar frumvarp þetta var afgreitt til nefndar að lokinni 1. umræðu fékk tillaga um að vísa málinu til menntamálanefndar ekki hljómgrunn. Með slíkri afgreiðslu og með því að málið er flutt af félagsmálaráðherra er vissulega verið að gefa til kynna að hér sé ekki á ferð hefðbundið fræðslu- eða menntamálefni sem varði viðurkennda fræðsluskyldu hins opinbera. Þetta er staðfest í frumvarpinu með því að ekki er gert ráð fyrir neinni aðild æðsta stjórnvalds í menntamálum, menntamálaráðuneytisins, að málefnum skólans, hvorki í skólanefnd né annars staðar. Engu að síður er í frumvarpinu gert ráð fyrir að meta „skuli" nám í skólanum til áfanga í hinu almenna menntakerfi landsins. Er ljóst að slíkt mat hlýtur að vera ill- eða óframkvæmanlegt nema skólinn heyri undir menntamálaráðuneytið, enda kemur ekkert fram um það í frumvarpinu hvernig að slíku mati skuli standa.

Fulltrúar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar bentu einnig á í þessu sambandi að mun auðveldara væri að veita starfsemi sem þessari fjárhagslegt aðhald ef hún heyrði undir sama ráðuneyti og önnur fræðslumál. Þótt samkeppni milli skóla um nemendur og starfslið sé að vissu marki eðlileg og af hinu góða á ekki hið sama við um samkeppni milli ráðuneyta á sviði fræðslumála. Þar verður auðvitað að vera ein samræmd yfirstjórn á vegum menntamálaráðuneytisins.

Niðurstaða.

Að öllu þessu samanlögðu er það niðurstaða undirritaðs að rangt sé að setja sérstök lög um Félagsmálaskóla alþýðu. Jafnframt þykir vera sýnt fram á að frumvarp þetta er vanhugsað og illa undirbúið að flestu leyti. Þessi niðurstaða dregur hins vegar í engu úr því að á vegum Félagsmálaskóla alþýðu hefur til þessa farið fram merkt fræðslustarf sem sjálfsagt er að halda áfram að styðja með árlegu framlagi á fjárlögum. Til að tryggja sem best slíkan stuðning er einfaldast að gera samning hliðstæðan þeim sem menntamálaráðuneytið hefur gert við Slysavarnafélag Íslands um öryggismála- og slysavarnakennslu og birtur er hér sem fylgiskjal. Undirritaður leggur til að slíkur samningur verði gerður við aðstandendur Félagsmálaskóla alþýðu og að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. maí 1989.
Geir H. Haarde.

Fylgiskjal.

Samningur um kennslu í öryggismálum og slysavörnum.

Menntamálaráðuneytið og Slysavarnafélag Íslands gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Slysavarnaskóli sjómanna annast öryggismála- og slysavarnakennslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi í framhaldsskólum. Kennslan skal fullnægja þeim kröfum sem kveður á um í lögum og reglugerðum.

2. gr.

Kennslan skal fara fram á námskeiðum sem eru skipulögð í samráði við menntamálaráðuneytið og hlutaðeigandi skóla. Áætlaður fjöldi námskeiða ár hvert skal ákveðinn fyrir upphaf haustannar.

3. gr.

Fyrir kennslu þessa greiðir ráðuneytið fjárhæð sem nemur 3,0 árslaunum framhaldsskólakennara í meðallaunaflokki, auk launatengdra gjalda. Þar af eru 0,5 árslaun auk

launatengdra gjalda vegna ferðakostnaðar. Er þá miðað við að Slysavarnaskólinn haldi 16 fimm daga námskeið, þar af fimm námskeið utan Reykjavíkur.

4. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár, sé honum ekki sagt upp með mánaðarfyrirvara framlengist hann sjálfkrafa um fimm ár í senn.

Þó skal 3. gr. samningsins endurskoðast árlega hvað varðar fjölda námskeiða og greiðslur.

Reykjavík, 15. mars 1989.

F.h. menntamálaráðuneytis,
Svavar Gestsson.

F.h. Slysavarnafélags Íslands,
Haraldur Henrýsson.

Nd. 1191. Frumvarp til laga [413. mál]

um Hagþjónustu landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

I. KAFLI

Um aðsetur og hlutverk.

1. gr.

Hagþjónusta landbúnaðarins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal hafa aðsetur á Hvanneyri í Andakílshreppi og skal rekstur hennar vera í nánum tengslum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Kostnaður af starfi Hagþjónustu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. með því að taka að sér að vinna sérstök verkefni fyrir stofnanir, félagasamtök og einstaklinga.

2. gr.

Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er:

1. Að stuðla að því að bændur færi bókhald fyrir bú sín, m.a. með skipulegu fræðslu- og leiðbeiningarstarfi um skattskil, bókhald og notkun þess til hagræðingar í búrekstri.
2. Að hafa umsjón með gerð og þróun bókhaldsforrita fyrir bókhaldsstofur bænda, svo og forrita fyrir áætlunargerð í búrekstri í samvinnu við bændasamtökin.
3. Að hafa frumkvæði að áætlunargerð við búrekstur, útgáfustarfsemi og hagrænum leiðbeiningum til bænda í samvinnu við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins og aðra þá sem sinna fræðslu um landbúnað.
4. Að safna og vinna úr búreikningum frá bókhaldsstofum bænda, svo og öðrum upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg þykja og tiltæk eru. Gagnasöfnunin og úrvinnslan skulu miðast við að nýtast sem best til opinberrar hagskýrslugerðar um framleiðslu, rekstur og efnahag einstakra búgreina.
5. Að annast hagrannsóknir í landbúnaði í samvinnu og samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi.
6. Að hafa samstarf við stjórn búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri um kennslu í landbúnaðarhagfræði.
7. Að vinna að öðrum skyldum verkefnum eftir því sem um semst og við verður komið.

II. KAFLI

Um skipan stjórnar og hlutverk.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hagstofu Íslands, einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr röðum stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

4. gr.

Hlutverk stjórnar er m.a.:

1. Stjórn annast ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar.
2. Stjórn leggur árlega, í samvinnu við forstöðumann, fram tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárþörf stofnunarinnar vegna undirbúnings fjárlaga.
3. Stjórn tekur ákvarðanir um mótun á starfsemi stofnunarinnar og hefur eftirlit með að hún þjóni því hlutverki sem henni er ætlað.

5. gr.

Hlutverk forstöðumanns er m.a.:

1. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar samkvæmt ákvörðunum stjórnar, svo og það samstarf við aðrar stofnanir sem nauðsynlegt er talið.
2. Forstöðumaður er ábyrgur fyrir að stofnunin starfi í samræmi við gildandi löggjöf og sinni því hlutverki og þeim skyldum sem á hana eru lagðar.
3. Forstöðumaður hefur umsjón með mannahaldi við stofnunina.

III. KAFLI

Um bókhaldsstofur bænda.

6. gr.

Búnaðarsamböndin í landinu skulu hvert fyrir sig, eða í samstarfi sem nær yfir nánar tiltekið svæði, koma á fót bókhaldsstofum sem annast gagnaskráningu og uppgjör búreikninga fyrir bændur. Einnig skulu þær vera færar um að veita bændum leiðbeiningar og aðstoð við skattskil.

Bókhaldsstofum er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá Hagþjónustu landbúnaðarins.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal hafa umsjón með að form eyðublaða, skráning gagna og uppgjör reikninga fari fram á samræmdan hátt þannig að samanburður á niðurstöðum sé marktækur.

Bókhaldsform, sem bókhaldsstofur bænda bjóða upp á, skal við það miðað að bændum sé kleift að halda einkafjárhag sínum utan við bókhald búa sinna.

7. gr.

Heimilt er að greiða fyrir öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna verkefna stofnunarinnar og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur.

8. gr.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal veita þeim bændum, sem ekki eiga kost á bókhaldsþjónustu á vegum bændasamtaka í heimahéraði, aðstoð við útvegun á sambærilegri þjónustu og bókhaldsstofur bænda veita í öðrum héruðum þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er að upplýsingar um rekstur og afkomu bænda geti borist til samræmds uppgjörs alls staðar af landinu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins, svo og starfsmönnum þeirra bókhaldsstofa sem sjá um uppgjör búreikninga, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn að skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag, tekjur eða gjöld einstakra manna eða stofnana. Skulu þeir ætíð gæta þess að fara með upplýsingar og gögn frá bændum sem trúnaðarmál.

10. gr.

Skylt er að veita Hagþjónustu landbúnaðarins þær upplýsingar er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Hagþjónustu landbúnaðarins þar sem m.a. er kveðið á um samstarf og samvinnu Hagþjónustu landbúnaðarins og búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 20 22. apríl 1967, um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bókhaldsstofur bænda og Hagþjónusta landbúnaðarins geta sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögunum skulu Búreikningastofa landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands gegna þeim verkefnum þeirra sem tök eru á með þeim réttindum og skyldum sem lög þessi ákveða.

Ed. 1192. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur komið saman á ný til að fjalla um frumvarpið eftir breytingar sem gerðar voru á því í meðferð neðri deildar. Nefndin telur breytingarnar ásættanlegar og mælir því með að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1173.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 16. maí 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Júlíus Sólnes.

Ed. 1193. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur komið saman á ný til að fjalla um frumvarpið eftir breytingu sem gerð var á því í meðferð neðri deildar. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á breytingu neðri deildar og vísar í því sambandi til álits nefndarinnar á þskj. 765. Til að koma hins vegar til móts við sjónarmið neðri deildar flytur nefndin breytingartillögu á sérstöku þingskjali sem hún væntir að sé ásættanleg fyrir flesta aðila. Um orðalag þeirrar tillögu hefur verið haft samráð við Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra.

Breytingartillaga nefndarinnar miðar að því að taka af öll tvímæli um það að sú undanþága, sem lagt er til að mjólkurbú hafi frá greiðslu aðstöðugjalds, nái ekki til annarrar framleiðslu en mjólkurafurða. Undanskilin er því framleiðsla eins og ávaxtagrautar og vín sem nú er farin að tíðkast í sumum mjólkurbúum.

Alþingi, 16. maí 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr. | Valgerður Sverrisdóttir.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 1194. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (MF, JE, VS, KSG).

Við 34. gr. C-liður 2. mgr. orðist svo:

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða.

Nd. 1195. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Nefndin mætti, ásamt landbúnaðarnefnd efri deildar, á aukafund búnaðarþings og fylgdist með umræðum. Þá komu jarðræktar- og búfjárræktarnefndir búnaðarþings á sameiginlegan fund landbúnaðarnefnda þingsins til viðræðna um frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það.

Alþingi, 17. maí 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm. | Guðni Ágústsson, fundaskr. | Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Pálmi Jónsson. | Ragnar Arnalds. | Eggert Haukdal.

Ingi Björn Albertsson.

Ed. 1196. Breytingartillögur [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. 3. tölul. efnismgr. orðist svo:
   3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það, sbr. 2. tölul. 15. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   15. gr. laganna breytist þannig:
   a. Í stað 2. tölul. komi tveir töluliðir svohljóðandi:
      2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi en hafa átt það, sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Íslenskur ríkisborgari, sem ekki hefur átt lögheimili hér á landi síðastliðin átta ár, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, skal þó tekinn á kjörskrá samkvæmt sérstakri umsókn um það. Umsóknin skal send Hagstofu Íslands og rituð á eyðublað sem hún lætur í té. Skulu umsóknareyðublöð liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Í umsókn skal koma fram fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili hér á landi og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Sé umsókn fullnægjandi tekur Hagstofan umsækjanda á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi er hann átti síðast lögheimili og tilkynnir sveitarstjórn svo og umsækjanda sjálfum. Ákvörðun um að maður sé þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.
      3. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili hér á landi 1. desember næstan á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en hafa síðan eignast lögheimili í sveitarfélaginu, enda eigi ákvæði 2. tölul. þessarar greinar ekki við um þá.
   b. Í stað „1. og 2. tölul.“ í 1. málsl. 3. tölul., er verður 4. tölul., komi: 1.–3. tölul.

Nd. 1197. Lög [465. mál]

um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1097.

Nd. 1198. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Lánasjóði íslenskra námsmanna og Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Nefndin leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins sem felur það í sér að skýrt er kveðið á um að allar breytingar, sem gerðar eru á útreiknuðum framfærslugrunni lánasjóðsins, séu í höndum menntamálaráðherra og að nefnd sú, sem skipuð er skv. 1. gr., sé fyrst og fremst umsagnaraðili um þær breytingar. Einnig leggur nefndin til að ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Árni Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Finnur Ingólfsson.

Nd. 1199. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

1. Fyrri efnismálsliður 1. gr. orðist svo: Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar.
2. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Nd. 1200. Lög [312. mál]

um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 999.

Nd. 1201. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta sem felur í sér að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum laga er banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Nefndin fékk til viðræðna um frumvarpið Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, og Stefán Friðfinnsson, aðstoðarmann utanríkisráðherra. Þá lágu fyrir nefndinni umsagnir um frumvarpið frá síðasta þingi frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 16. maí 1989.

Árni Gunnarsson, form.	Matthías Bjarnason, frsm.	Alexander Stefánsson, með fyrirvara.
Kristinn Pétursson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Geir Gunnarsson.

Nd. 1202. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Samkvæmt samkomulagi hafa grænlensk skip, sem stunda veiðar við Austur-Grænland, heimild til löndunar og allrar skipaþjónustu í íslenskum höfnum. Þetta er frávik frá ákvæðum laganna en þar segir að erlendum fiskiskipum sé ekki heimilt að leita hafnar á Íslandi nema í neyðartilvikum. Hafa Grænlendingar nýtt sér þessa aðstöðu við rækjuveiðar á Dohrn-banka.

Færeyingar, sem veitt hafa botnfisk hér við land samkvæmt sérstöku samkomulagi, hafa aldrei leitað eftir að fá að landa afla hér á landi.

Í nýgerðum samningum milli Íslands, Grænlands og Noregs er skipum þessara þjóða, sem loðnuveiðar stunda, veittur löndunarréttur í hverju þessara landa. Var sérstaklega tiltekið að færeysk skip, sem veiddu loðnu í umboði Grænlendinga, fengju þennan rétt.

Við gerð samnings um rétt Grænlendinga til löndunar hér á landi og um skiptingu loðnustofnsins milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen verður að telja að Færeyingum og Grænlendingum séu tryggðir þeir möguleikar til löndunar á Íslandi sem þeir þarfnast eins og staðan er nú. Það er því rétt að áliti minni hl. að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því að telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna. Gæti það veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkur ákvörðunarrétti í þessu efni.

Minni hl. leggur því til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. maí 1989.

Guðni Ágústsson.

Nd. 1203. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Lögreglumenn, hvort sem þeir eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn er gegna borgaralegri skyldu.

Engan má ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár. Heimilt er að ráða til lögreglustarfa menn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Ákvæði varðandi próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna; þó skulu þeir, sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins, ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

2. gr.

2. mgr., er verður 4. mgr., 5. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1204. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneyti, Má Guðmundsson, efnahagsráðunaut fjármálaráðherra, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði, Stefán Pálsson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands og Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði. Skriflegar greinargerðir bárust frá Iðnaðarbanka Íslands og Framkvæmdasjóði Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Ed. 1205. Nefndarálit [374. mál]

um frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu á sinn fund. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja þeim breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 1206. Breytingartillaga [374. mál]

við frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar, og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina til jafnlangs tíma. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Nd. 1207. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt eins og það kemur frá efri deild. Eftirtaldir komu á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið: Helgi Guðmundsson frá ASÍ, Þorvarður Elíasson frá Verslunarskóla Íslands, Sólrún B. Jensdóttir frá menntamálaráðuneyti, Þórarinn V. Þórarinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ, Ásdís Sigurjónsdóttir og Gunnar Haraldsson frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Margar athyglisverðar ábendingar komu fram sem meiri hl. sér þó ekki ástæðu til að fjölyrða um, en vill leggja áherslu á að skólinn verði opinn öllum sem áhuga hafa á að stunda það nám sem hann býður upp á.

Guðrún Helgadóttir var fjarstödd lokaafgreiðslu málsins, en er samþykk efni frumvarpsins.

Alþingi, 16. maí 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Eggert Haukdal.

Alexander Stefánsson.

Ed. 1208. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Guðrún Agnarsdóttir, frsm.

Karl Steinar Guðnason. Guðmundur H. Garðarsson. Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 1209. Breytingartillögur [406. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, VS, JE, MF).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 65/1988, bætist nýr málsl. svohljóðandi: Jafnframt skulu ríkisviðskiptabankar greiða ábyrgðargjald af innlendum skuldbindingum sínum sem eru í formi framseljanlegra verðbréfa, þ.e. skuldabréfum, vaxtabréfum, bankabréfum og þess háttar verðbréfum sem boðin eru einstaklingum og lögaðilum til kaups, hvort sem þau eru talin markaðsbréf eða ekki og hvort sem bankarnir eru skuldarar eða ábyrgjast greiðslu slíkra verðbréfa, sbr. þó 9. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1988, bætist nýr málsl. svohljóðandi: Jafnframt skulu innlend millibankalán ríkisviðskiptabanka og skuldbindingar þeirra gagnvart Seðlabanka Íslands ekki mynda stofn við ákvörðun ábyrgðargjalds.
3. Við 3. gr. Í stað „b-lið 1. gr.“ komi: 1. gr.

Nd. 1210. Breytingartillaga [438. mál]

við brtt. á þskj. 1189 [Leigubifreiðar].

Frá samgöngunefnd.

Við 5. tölul. (14. gr.). Í stað „67“ í 2. mgr. b-liðar komi: 66.

Sþ. 1211. Nefndarálit [102. mál]

um till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum. Hún leggur einróma til breytingu á tillögugreininni eins og fram kemur á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Alþingi, 17. maí 1989.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Kristín Einarsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 1212. Breytingartillaga [102. mál]

við till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem er ásamt ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.

Sþ. 1213. Nefndarálit [421. mál]

um till. til þál. um staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósonlagsins og Montreal-bókunar um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1989.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Kjartan Jóhannsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Kristín Einarsdóttir.

Jón Kristjánsson.

Sþ. 1214. Breytingartillaga [61. mál]

við till. til þál. um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að láta kanna tilhögun á útboðum opinberra rekstrarverkefna sem hér segir:

1. Á hvaða sviðum og í hve miklum mæli slíkum útboðum hafi verið beitt hjá ríkinu og stofnunum þess á næstliðnum áratug.
2. Hvaða reynsla hefur fengist af slíkum útboðum, m.a. með tilliti til kostnaðar miðað við sambærileg verkefni sem unnin hafa verið án útboðs.
3. Á hvaða sviðum ríkisrekstrar rétt þyki og hagkvæmt að efna til slíkra útboða og hvaða sjónarmiða skuli gæta við val slíkra útboðsverkefna.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar sem skýrsla fyrir Alþingi .

Nd. 1215. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa frá ASÍ, VSÍ, menntamálaráðuneytinu, Verslunarskóla Íslands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en undirrituð, sem skipar 2. minni hl., leggur til breytingar við frumvarpið og eru þær fluttar á sérstöku þingskjali.

Frumvarpið felur í sér að sett verði lög um Félagsmálaskóla alþýðu sem hefur starfað á vegum Alþýðusambands Íslands frá því árið 1975. Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu hefur nú tekist samvinna milli ASÍ og BSRB um skólann.

Samkvæmt frumvarpinu er miðað við að starf skólans verði tvíþætt: Annars vegar fræðsla eins og hingað til hefur verið veitt um „... hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar ...“ og hins vegar kennsla í almennum námsgreinum.

Því virðist vera stefnt að því að stofnaður verði eins konar lýðháskóli þar sem nemendur geti jafnhliða fræðslu sem tengist starfi í verkalýðshreyfingunni notið fjölbreyttrar kennslu sem geti að hluta eða öllu leyti verið hliðstæð námi í öðrum skólum og metin til jafns við það.

Eðlilegt er að skólinn lúti almennum reglum um skólahald eins og aðrir skólar, svo sem skóli þjóðkirkjunnar í Skálholti, Verslunarskóli Íslands og Samvinnuskólinn. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að skólinn heyri undir félagsmálaráðuneyti. Engar viðhlítandi skýringar né haldbær rök hafa fengist fyrir slíkri tilhögun. Að mati 2. minni hl. er eðlilegt að þessi skóli heyri undir menntamálaráðuneyti eins og stefnan hefur verið um flesta skóla hér á landi. Sterk rök eru fyrir því að yfirstjórn skólamála falli undir eitt og sama ráðuneyti. Það skapar í senn betri tengsl milli skóla og gerir samvinnu milli þeirra auðveldari. Slík skipan tryggir líka mun betur en ella rétt nemenda gagnvart hinu almenna skólakerfi og að námsáfangar í Félagsmálaskólanum falli að námi í öðrum skólum og fái viðurkenningu. Þetta kom m.a. fram hjá Sólrúnu Jensdóttur, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, sem kom á fund nefndarinnar. Hún taldi einnig að það fjármagn, sem til skólans verður varið, nýtist betur ef skólinn er tengdur hinu almenna skólakerfi og að auðveldara verði fyrir skólann að koma á námskeiðum úti um land.

Annar minni hl. flytur því breytingartillögu á sérstöku þingskjali þar sem lagt er til að menntamálaráðuneyti taki að sér það hlutverk sem félagsmálaráðuneyti er falið samkvæmt frumvarpinu. Ekki er þó óeðlilegt að félagsmálaráðuneyti eigi aðild að skólanefndinni og því er lagt til að félagsmálaráðherra tilnefni einn í skólanefndina en MFA tilnefni þrjá í stað fjögurra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þar eð rekstrarkostnaður verður að fullu greiddur úr ríkissjóði telur 2. minni hl. sjálfsagt og gerir ráð fyrir að skólinn verði öllum opinn. Jafnframt verður að líta svo á að um stofnkostnað kennsluhúsnæðis gildi sömu reglur um þennan skóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi varðandi kostnaðarskiptingu þegar lög um framhaldsskóla koma til framkvæmda.

Annar minni hl. mælir með samþykkt frumvarpsins að samþykktum breytingartillögum á þskj. 1216.

Alþingi, 17. maí 1989.

Kristín Einarsdóttir.

Nd. 1216. Breytingartillögur [430. mál]

við frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar (KE).

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 6. mgr. og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: menntamálaráðherra.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „fjórir“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: þrír.
   b. Á eftir orðunum „Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja“ í lok 1. málsl. fyrri málsgreinar bætist: einn af félagsmálaráðherra.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrri málsgrein og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): menntamálaráðuneyti.

Nd. 1217. Nefndarálit [439. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 34/1964.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það, sbr. þskj. 1138.

Árni Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Matthías Á Mathiesen.		Ingi Björn Albertsson.

Sþ. 1218. Nefndarálit [61. mál]

um till. til þál. um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, en hún hefur áður verið til meðferðar á Alþingi og í nefndinni.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að rétt sé að samþykkja tillöguna með breytingum þannig að gerð verði úttekt á umfangi útboða rekstrarverkefna hjá því opinbera jafnhliða því sem kannaðir verði möguleikar á slíkum útboðum í framtíðinni.

Breytingartillaga þess efnis er flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Óli Þ. Guðbjartsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Pálmi Jónsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Egill Jónsson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ed. 1219. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Guðmundi Ágústssyni og Júlíusi Sólnes.

Við 34. gr. C-liður síðari málsgreinar orðist svo:

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur. Undanþága sláturhúsa nær einungis til búfjárslátrunar.

Nd. 1220. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir eina umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 838 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

34. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila, sem taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara.
c. Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða.

Nd. 1221. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það, sbr. 2. tölul. 15. gr.

2. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 2. tölul. komi tveir töluliðir svohljóðandi:

2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi en hafa átt það, sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Íslenskur ríkisborgari, sem ekki hefur átt lögheimili hér á landi síðastliðin átta ár, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, skal þó tekinn á kjörskrá samkvæmt sérstakri umsókn um það. Umsóknin skal send Hagstofu Íslands og rituð á eyðublað sem hún lætur í té. Skulu umsóknareyðublöð liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Í umsókn skal koma fram fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili hér á landi og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Sé umsókn fullnægjandi tekur Hagstofan umsækjanda á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi er hann átti síðast lögheimili og tilkynnir sveitarstjórn svo og umsækjanda sjálfum. Ákvörðun um að maður sé þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

3. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili hér á landi 1. desember næstan á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en hafa síðan eignast lögheimili í sveitarfélaginu, enda eigi ákvæði 2. tölul. þessarar greinar ekki við um þá.

b. Í stað „1. og 2. tölul.“ í 1. málsl. 3. tölul., er verður 4. tölul., komi: 1.–3. tölul.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1222. Frávísunartillaga [182. mál]

í málinu: Frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá Pálma Jónssyni, Páli Péturssyni, Ragnari Arnalds, Hreggviði Jónssyni, Valdimar Indriðasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Þar sem frumvarp þetta, ef að lögum verður, á eigi að taka gildi fyrr en 1. júlí 1992 og um málið standa deilur meðal lagamanna og á Alþingi er ekki einhugur um afgreiðslu þess lítur deildin svo á að ástæða sé til að athuga þetta mál betur og samþykkir að **vísa því til ríkisstjórnarinnar**.

Ed. 1223. Breytingartillaga [374. mál]

við frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

Við 2. gr. Í stað 1. og 2. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni er nemi minnst 5% af álögðum eignarskatti.

Ed. 1224. Lög [203. mál]

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1173 (sbr. 839).

Nd. 1225. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Geir H. Haarde.

C-liður 2. mgr. 34. gr. orðist svo: Starfsemi sláturhúsa.

Ed. 1226. Frumvarp til laga [374. mál]

um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1098 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar, og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina til jafnlangs tíma. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Ed. 1227. Lög [113. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 116.

Nd. 1228. Frumvarp til laga [438. mál]

um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

I. KAFLI

Leiguakstur.

1. gr.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi.

Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

II. KAFLI

Bifreiðastöðvar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að ákveða að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Á félagssvæðum, þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum, sem aka utan þessara stöðva, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

3. gr.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar, skulu í samráði við stéttarfélög leigubifreiðastjóra, skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

III. KAFLI

Takmörkun.

4. gr.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, hvort heldur um er að ræða félag fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðinu, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og héraðsnefnda er félagssvæðið fellur undir. Verði bæjarstjórnir og héraðsnefndir, sem félagssvæði stéttarfélags bifreiðastjóra fellur undir, eigi sammála um hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki eða þær greini á um við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða skal samgönguráðuneytið skera úr.

Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af ráðuneytinu með reglugerð. Takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu, framkvæma félögin sjálf. Takmörkun á fjölda fólksbifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu eða viðmiðun við íbúafjölda, ber að framkvæma með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd fólksbifreiða annast.

5. gr.

Á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga fólksbifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum, sem eigi hafa atvinnuleyfi, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki.

6. gr.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi þá er takmörkun hefst.

IV. KAFLI

Atvinnuleyfi.

7. gr.

Í því skyni að takmarka fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs á þeim félagssvæðum, þar sem samgönguráðuneytið hefur veitt heimild til takmörkunar, skal gefa út sérstök atvinnuleyfi. Grundvöllur atvinnuleyfanna er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á félagssvæðum þar sem íbúar eru færri en 5000. Fjöldi atvinnuleyfa á hverju félagssvæði miðast við þann fjölda fólksbifreiða sem takmörkunarreglugerð heimilar. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

8. gr.

Þeir einir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, geta öðlast atvinnuleyfi:

1. hafa fullnægjandi ökuréttindi samkvæmt umferðarlögum,
2. eru 20–65 ára að aldri,
3. hafa eigi gerst sekir um alvarlegt refsilagabrot,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. hafa starfsreynslu við akstur á fólki,
6. eru félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra eða hafa sótt um inngöngu í það.

Þessum skilyrðum verður atvinnuleyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið, sbr. þó 1. mgr. 9. gr.

Heimilt er að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má þá gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstaklega tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessarar greinar og ætla megi að leiguakstur henti þeim. Um heimild þessa má ákveða nánar í reglugerð.

9. gr.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þó má dánarbú hans eða eftirlifandi maki nýta leyfið í allt að þrjú ár þar á eftir.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Stéttarfélag fólksbifreiðastjóra annast þessar undanþáguveitingar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Um atvinnuleyfi, úthlutun þeirra, nýtingu og brottfall skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

V. KAFLI

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

10. gr.

Á öllum félagssvæðum, þar sem takmörkun fólksbifreiða til leiguaksturs hefur verið ákveðin, sbr. 4. gr., skal starfa umsjónarnefnd fólksbifreiða. Samgönguráðherra skipar umsjónarnefndir fólksbifreiða. Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum. Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmanna, annan tilnefnir sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega á félagssvæði og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Sömu aðilar velja hver um sig einn varamann.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á félagssvæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra, svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva. Að öðru leyti verður starfssvið umsjónarnefnda ákveðið í reglugerð.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Um gjaldmæla, gerð þeirra og notkun, skal setja ákvæði í reglugerð.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

12. gr.

Samgönguráðuneytið setur tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, annars vegar um takmörkun á fjölda fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs, en hins vegar reglugerð um takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 36/1970, lög nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988, um breytingu á þeim lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er heimilt að láta aðra skipan mála haldast um allt að tveggja ára skeið á tilteknu svæði eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 5. liðar 8. gr. skulu launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku þessara laga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. er heimilt að veita þeim, sem eru 66 ára eða eldri við gildistöku þessara laga, heimild til að halda atvinnuleyfi í allt að fimm ár til viðbótar enda uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði þessara laga. Þó verði ekki heimilt að framlengja atvinnuleyfi lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum þar til öðruvísi verður ákveðið af réttum aðilum.

Þeir, sem hafa atvinnuleyfi eða njóta takmörkunar við gildistöku laga þessara, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Nd. 1229. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 72 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans og skal hann vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1230. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Stefáni Valgeirssyni.

Við 7. gr. Orðin „á óréttmætan hátt“ í fyrri málslið fyrri efnismálsgreinar falli brott.

Ed. 1231. Nefndarálit [506. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu frumvarpsins.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.	Júlíus Sólnes.

Nd. 1232. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að bætur fyrir heilsutjón vegna læknisaðgerða og mistaka starfsfólks, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, verði greitt af Tryggingastofnun ríkisins. Björn Önundarson tryggingayfirlæknir kom á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það en með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðanna „Þá skal með reglugerð ákveða árlegt“ komi: Þá skal árlega ákveða á fjárlögum.

Hvað varðar bótaskyldu þá gengur nefndin út frá því að sá sem fyrir tjóni hefur orðið snúi sér til landlæknis með kvörtun sína sem þá fjalli um málið samkvæmt lagaskyldu.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er samþykk áliti þessu. Þórhildur Þorleifsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Finnur Ingólfsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Jón Kristjánsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Geir H. Haarde.

Nd. 1233. Breytingartillaga [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist ný grein er verður 85. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 83. gr. og 84. gr. skal íbúðarhúsnæði til eigin nota vera undanþegið álagningu eignarskatta.

Ed. 1234. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og fékk til viðræðna eftirtalda: Yngva Örn Kristinsson og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Ásmund Stefánsson, Ásmund Hilmarsson, Grétar Þorsteinsson og Björn Þórhallsson frá ASÍ, Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund J. Guðmundsson frá Verkamannasambandinu, Þórólf Halldórsson frá Félagi fasteignasala, Sigurð Snævarr og Jóhann Rúnar Björgvinsson frá Þjóðhagsstofnun, Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson, Percy B. Stefánsson og Grétar J. Guðmundsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Ríkarð Steinbergsson frá stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík, Guðmund Gylfa Guðmundsson frá Fasteignamati ríkisins og Gunnar Helga Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og neðri deild afgreiddi það.

Alþingi, 18. maí 1989.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 1235. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. l. nr. 109/1988.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Um rök fyrir þessari tillögu vísast til nefndarálits 1. minni hl. félagsmálanefndar neðri deildar á þskj. 1015.

Alþingi, 18. maí 1989.

Guðmundur H. Garðarsson, frsm. Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 1236. Nefndarálit [392. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um tillöguna og flytur breytingartillögur við hana á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn allir í fjárveitinganefnd standa að þeirri breytingartillögu en að sjálfsögðu með venjulegum fyrirvörum um að þeir kunni að flytja breytingartillögur við einstök viðfangsefni eða fylgja slíkum breytingartillögum ef fram koma. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni hafa auk þess lýst andstöðu sinni við þá ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna, sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga og staðfest er nú við afgreiðslu vegáætlunarinnar, að halda eftir í ríkissjóði 682 millj. kr. af tekjustofnum Vegasjóðs.

Við meðferð málsins í fjárveitinganefnd hefur nefndin eins og jafnan áður notið hjálpar og fyrirgreiðslu Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og annarra starfsmanna Vegagerðar ríkisins og færir fjárveitinganefnd þeim þakkir fyrir.

Verður nú hér á eftir vikið að þeim helstu breytingum sem fjárveitinganefnd leggur til að gerðar verði á tillögunni frá upphaflegri gerð hennar eins og hún var lögð fyrir Alþingi.

Verðlag.

Í þingsályktunartillögunni voru allar tölur settar fram á áætluðu verðlagi 1989. Þá var reiknað með að verðhækkun milli áranna 1988 og 1989 yrði 15%. Raunhækkun milli þessara ára stefnir í 22–23%. Með hliðsjón af verðþróunarspám, sem nú liggja fyrir til loka ársins, er meðaltalshækkun milli áranna 1989 og 1990 áætluð 19%. Samkvæmt því yrði vísitala vegagerðar 4066 stig á árinu 1990 (byggingarvísitala nálega 170 stig). Í breytingartillögum nefndarinnar er þetta verðlag notað fyrir árin 1990–1992. Eru allar tölur tekna og gjalda hækkaðar í samræmi við þetta. Tölur fyrir árið 1989 eru hins vegar óbreyttar frá því sem í tillögunni sagði.

Tekjur.

Nefndin hefur skoðað sérstaklega stöðu Vegasjóðs um síðastliðin áramót gagnvart ríkissjóði og samskipti ríkissjóðs og Vegasjóðs en ríkissjóður sér eins og kunnugt er um innheimtu tekjustofna Vegasjóðs og útgreiðslu til reksturs Vegagerðar ríkisins og til vegaframkvæmda. Tekjuár Vegasjóðs er frá nóvember til nóvember ár hvert og því annað en almanaksárið. Við skoðun fjárveitinganefndar og samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi kom í ljós að tekjur Vegasjóðs sem ríkissjóður hafði innheimt umfram það sem hann hafði greitt út vegna reksturs og framkvæmda námu 170 millj. kr. um síðastliðin áramót og er þar um að ræða uppsafnaðar tekjur umfram útgreiðslur frá árunum áður. Fyrir lá að ef um innheimtar tekjur yrði að ræða umfram útgreiðslur ætti að standa Vegasjóði á því skil, enda

engar heimildir til annars, en slík skil höfðu þó aldrei fullkomlega verið gerð. Í breytingartillögum fjárveitinganefndar er nú lagt til að þau skil verði gerð og ríkissjóður greiði til Vegasjóðs þær 170 millj. kr. sem hann hefur innheimt af mörkuðum tekjum Vegasjóðs umfram útgreiðslur ríkissjóðs til vegamála.

Í annan stað hafa á síðastliðnum tveimur árum orðið til vanskil vegna óinnheimts en álagðs þungaskatts sem nemur samanlagt vegna áranna 1987 og 1988 219 millj. kr. Í þeirri fjárhæð eru dráttarvextir ekki meðtaldir en fyrir tveimur árum var fyrst farið að reikna dráttarvexti vegna álagðs en óinnheimts þungaskatts.

Fram hefur komið að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að herða þessa innheimtu enda óeðlilegt að svo há skuld skuli hafa myndast á aðeins tveimur árum. Er reiknað með því að á árinu 1989 takist að innheimta 50 millj. kr. af þessum 219 millj. kr. sem út af standa og er reiknað með þeirri fjárhæð í breytingartillögum fjárveitinganefndar á tekjuhlið þingsályktunartillögunnar. Fram skal tekið að hér er um áætlun að ræða um árangur innheimtu. Það sem óinnheimt kann að verða af umræddri fjárhæð 219 millj. kr. í árslok verður svo að sjálfsögðu áfram til innheimtu.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa, þar sem menn fóru árið 1987 í fyrsta sinn að reikna dráttarvexti af álögðum en óinnheimtum tekjum Vegasjóðs, kemur til álita hvernig með dráttarvexti skuli fara af mörkuðum tekjustofnum sem ríkissjóður innheimtir fyrir aðra. Hefur fjárveitinganefnd orðið sammála um að leita álits Lagastofnunar Háskóla Íslands á því máli.

Í þriðja lagi liggur svo fyrir að vegna mjög snjóþungs vetrar hefur kostnaður við vetrarviðhald hjá Vegagerðinni farið langt fram úr áætlun. Áætlað er að á árinu 1989 vanti frá upphaflegri áætlun eins og hún var lögð fyrir Alþingi 90–100 millj. kr. vegna vetrarviðhalds á vetrar- og vormissiri 1989 og 50–60 millj. kr. vegna vetrarviðhalds á haustmissiri.

Í tillögum fjárveitinganefndar er lagt til að þetta mál verði leyst þannig að bensíngjald verði hækkað umfram áformin í þingsályktunartillögunni um allt að 1,25 kr. á lítra og komi sú hækkun innan skamms. Mun þetta auka tekjur Vegasjóðs um u.þ.b. 100 millj. kr. eins og fram kemur í breytingartillögunum og er lagt til að því fé öllu verði varið til vetrarviðhalds. Enn er þá óleyst vandamál sem upp kann að koma vegna vetrarviðhalds á komandi hausti og verða þau mál skoðuð í sumar með tilliti til þess hvernig tekjustofnar Vegasjóðs innheimtast í samanburði við innheimtuáætlun og verði þá talin þörf á auknum tekjum vegna snjómoksturs á komandi hausti er ráð fyrir því gert að bensíngjald verði hækkað aftur síðar á árinu sem nemur þeirri viðbótartekjuþörf umfram innheimtuhorfur eins og þær kunna þá að vera hvað varðar innheimtu fastra tekjustofna Vegasjóðs.

Í meðförum fjárveitinganefndar hefur tekjuhlið vegáætlunar fyrir árið 1989 því verið hækkuð samtals um 320 millj. kr. 100 millj. kr. af þeirri hækkun er ráðstafað í tillögum nefndarinnar til aukins vetrarviðhalds eins og fyrr segir vegna óvenjulega mikils kostnaðar við snjómokstur í vetur og 220 millj. kr. er ráðstafað til aukinna framkvæmda við almenn verkefni í vegagerð, þ.e. til annarra framkvæmda en svonefndra „stórverkefna“.

Skipting milli kjördæma.

Fjárveitinganefnd tók til athugunar skiptingu milli kjördæma á fé til stofnbrauta og þjóðbrauta og byggjast ákvarðanir nefndarinnar á tillögum sem fram komu frá Vegagerð ríkisins. Þingmenn einstakra kjördæma hafa síðan samkvæmt venju ákvarðað skiptingu á einstök verkefni í hverju kjördæmi og flytur nefndin tillögur sínar í samræmi við þær ákvarðanir.

Við skiptingu stofnbrautafjár á milli kjördæma er viðhöfð sama aðferð og áður. Reiknaðar eru hlutfallstölur út frá kostnaði við endurbætur stofnbrauta (K), ástandi þeirra (Á) og arðsemi framkvæmda (Ar). Tölur um þessi atriði miðast við stöðu mála í árslok 1988.

Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu eru utan hlutfallsskiptingar, svo og önnur stórverkefni að því marki sem hinar sérstöku fjárveitingar til þess verkefnaflokks greiða kostnað við framkvæmdirnar (80% kostnaðar við jarðgöng og 62,5% kostnaðar við stórbrýr og fjarðarþveranir). Niðurstaða útreikninga sést í töflu hér að neðan (tölur í %):

	K	*Á*	*Ar*	*Meðaltal*
Suðurland	8,9	10,6	16,6	12,0
Reykjanes	7,5	3,6	10,3	7,1
Vesturland	14,5	14,3	14,9	14,6
Vestfirðir	23,0	25,3	8,7	19,0
Norðurland vestra	6,8	9,0	13,5	9,8
Norðurland eystra	13,4	14,6	17,5	15,2
Austurland	25,9	22,6	18,5	22,3

Miðað er við að hin nýju hlutföll gildi fyrir árin 1991 og 1992 og þá án frávika. Frávik þau, sem áður reyndust nauðsynleg þegar stærri framkvæmdir voru á döfinni, leysast nú í gegnum stórverkefnaflokkinn.

Fyrir árin 1989 og 1990 er reiknað með óbreyttum hlutföllum frá gildandi vegáætlun. Þessi tvö ár eru síðari hluti annars tímabils langtímaáætlunar. Við endurskoðun vegáætlunar 1987 voru samþykkt ákveðin hlutföll fyrir tímabilið í heild og fyrir einstök ár. Fjárveitinganefnd telur eðlilegt að þau hlutföll haldist nú fyrir árin 1989 og 1990.

Samkvæmt framanskráðu verða hlutföll kjördæma í stofnbrautum sem hér segir (tölur í %):

	1989	*1990*	*1991*	*1992*
Suðurland	12,5	11,3	12,0	12,0
Reykjanes	8,0	7,5	7,1	7,1
Vesturland	11,3	15,8	14,6	14,6
Vestfirðir	23,2	15,6	19,0	19,0
Norðurland vestra	11,0	10,5	9,8	9,8
Norðurland eystra	17,1	16,3	15,2	15,2
Austurland	16,9	23,0	22,3	22,3

Við skiptingu þjóðbrautafjár á milli kjördæma er notuð sama aðferð og undanfarið.

Reiknaðar eru hlutfallstölur kjördæmanna út frá kostnaði við endurbætur þjóðbrauta (K), ástandi þeirra (Á) og umferð á þeim (U). Miðað er við stöðu mála í árslok 1988, og eru niðurstöður sýndar í töflu. Þar eru einnig sýndar gildandi skiptitölur (tölur í %).

	K	*Á*	*U*	*Meðaltal*	*Gildandi skiptitala*
Suðurland	23,5	24,1	27,8	25,1	25,4
Reykjanes	5,5	4,4	15,3	8,4	6,2
Vesturland	20,3	18,2	17,7	18,8	20,4
Vestfirðir	14,2	14,2	3,7	10,8	10,3
Norðurland vestra	11,1	14,0	11,1	12,0	11,9
Norðurland eystra	13,6	13,8	16,5	14,6	14,4
Austurland	11,8	11,3	7,9	10,3	11,4

Reiknað er með að gildandi skiptitölur séu notaðar 1989, en nýjar taki gildi 1990.

Stórverkefni.

Fjárveitinganefnd gerir tillögur um að fjárveitingar til stórverkefna skiptist á þrjá verkefnaflokka, þ.e. jarðgöng, stórbrýr og fjarðarþveranir svo og höfuðborgarsvæðið.

Verkefni þau sem leysa þarf innan þessa verkefnaflokks á komandi árum eru allmörg og sum hver mjög dýr. Verða þau ekki leyst nema áætlað sé sérstaklega fyrir þeim í vegáætlun.

Jarðgangaverkefni sem tekin hafa verið inn í áætlanir og útreikninga á þessu stigi eru: Ólafsfjarðarmúli, Breiðadals- og Botnsheiði og loks Fjarðarheiði og Oddsskarð. Samkvæmt lauslegum áætlunum eru þessi jarðgöng um 30 km löng og kostnaður um 7–8 milljarðar króna.

Í flokki stórbrúa og fjarðarþverana eru eftirtalin verkefni tekin með í útreikninga:

Kúðafljót,
Markarfljót,
Laxá í Kjós,
Botnsvogur,
Gilsfjörður,
Dýrafjörður,
Vesturós Héraðsvatna,
Skjálfandafljót í Köldukinn,
Jökulsá á Dal hjá Sellandi,
Breiðdalsá,
Jökulsá í Lóni.

1) Voru áður að hluta til á vegáætlun.

Áætlað er að þessi verkefni kosti um 2,3 milljarða króna.

Verkefni á höfuðborgarsvæðinu eru mörg og dýr, bæði á þjóðvegum og þjóðvegum í þéttbýli. Lausleg úttekt bendir til að fjárþörf þar sé a.m.k. 400 millj. kr. á ári næstu árin. Fjármagnið nýtist bæði til að draga úr slysum og greiða fyrir umferðinni. Til viðbótar fé af stórverkefnum bætist þarna við fjármagn til þjóðvega í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu, um 100 millj. kr. á ári.

Reiknað er með að þau kjördæmi sem hafa stórverkefni í gangi leggi fé af hlutfalli sínu á móti fjárveitingu af stórverkefnum (20% af kostnaði við jarðgöng og 37,5% af kostnaði við stórbrýr og fjarðarþveranir).

Rétt er að benda á varðandi stórverkefnin og þá framkvæmd sem áætlað er að vinna með tilstyrk fjárveitingar til stórverkefna á árinu 1989, þ.e. jarðganga í Ólafsfjarðarmúla, þá liggur fyrir að verkið hefur gengið mun greiðar en upphaflega var áætlað og greiðslur af þeim ástæðum fallið hraðar til en gert var ráð fyrir, en verksamningur með ákvæðum um greiðslur í samræmi við hversu verki miðar áfram liggur fyrir varðandi gangagerðina. Miði verkinu áfram jafn vel og nú horfir er líklegt að enn vanti allt að 90 millj. kr. til verksins umfram það sem rennur til jarðgangagerðarinnar úr „stórverkasjóði“ og af framlagi kjördæmisins en um það verður þó ekki endanlega neitt sagt fyrr en mun lengra líður á árið. Sá viðbótarkostnaður sem hér er rætt um að verða kunni mun þó ekki falla til fyrr en á síðustu mánuðum ársins. Þegar séð verður hvort svo fer og um hve mikið fé hér getur verið að ræða munu fjármálaráðherra og samgönguráðherra í samvinnu við ríkisstjórn og fjárveitinganefnd gera tillögur um það á haustþingi hvernig með skuli fara og mun Alþingi um málið fjalla og það afgreiða.

Horfur um langtímaáætlun.

Tímabili 12 ára langtímaáætlunar í vegamálum á að ljúka árið 1994. Í langtímaáætluninni var gert ráð fyrir því að höfuðáhersla yrði lögð á uppbyggingu stofnbrautakerfisins og á bundin slitlög. Hvað varðar hin bundnu slitlög þá hefur fram til þessa verið unnt að halda

áætluninni og rúmlega það en í öðrum efnum hefur svo ekki reynst vera. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að aldrei hefur verið staðið við þá fjármögnun vegagerðarverkefna sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir. Nú hin síðari ár hefur vantað fé sem nemur allt að 1% af vergri landsframleiðslu á að við fjármögnunaráform langtímaáætlunarinnar væri staðið þar sem til vegamála hafa runnið um eða jafnvel innan við 1,2% af vergri landsframleiðslu. Munar þarna um 3 milljörðum kr. á ári á núverandi verðlagi. Þetta hefur auðvitað gert það að verkum að langtímaáætlunin hefur verulega raskast í öllum atriðum öðrum en að tekist hefur að halda áætlun um gerð bundinna slitlaga m.a. með því að nota fé sem verja hefur átt við viðhalds til slíkra verkefna.

Með tilkomu stórverkasjóðs nú hafa önnur ný viðhorf einnig haldið innreið sína sem áhrif hafa á langtímaáætlunina. Hvað varðar hin „almennu vegagerðarverkefni", þ.e. gerð stofnbrauta, slitlaga, þjóðbrauta og sérverkefna, mun tilkoma stórverkefna þó ekki hafa umtalsverð áhrif ef horft er á meðaltal áranna 1983–1988 nema á árinu 1989. Á föstu verðlagi hafa framlög til þessara „almennu" vegagerðarverkefna verið 1002 millj. kr. á þessu árabili. Þau verða hins vegar á næsta ári 861 millj. kr. á sama verðlagi — eða nokkru minni en að meðaltali næstu árin á undan — en árið 1990 verður framlagið 1030 millj. kr. eða nokkru meira en meðaltalinu nemur og önnur ár tímabilsins u.þ.b. 1000 millj. kr. Einnig er rétt að nefna að innan stórverkefnaflokksins eru tekin nokkur verkefni sem áður voru í hópi „almennra" vegagerðarverkefna. Þó ber þess að geta að í hópi þeirra verkefna sem óunnin eru í stofnbrautum af viðfangsefnum langtímaáætlunarinnar eru mörg mjög dýr viðfangsefni og hefur það að sjálfsögðu áhrif á áætlunina.

Fjárveitinganefnd Alþingis telur tímabært að taka nú þegar til endurskoðunar í ljósi reynslu og nýrra aðstæðna langtímaáætlunina í vegagerð og mun beita sér fyrir því að það verði gert þegar á þessu ári.

Alþingi, 18. maí 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.
Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.
Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Fylgiskjal I.

Slitlög á stofnbrautum.

Samkvæmt langtímaáætlun frá 1982 og staða um áramót 1988/1989.



Slitlag á stofnbrautum 1. jan. 1989.



Fylgiskjal II.

Stofnbrautir með burðarþol minna en 10 tonn um áramót 1988/1989.

	Km	Hlutfall af *stofnbrautum*
Suðurland	75	15%
Reykjanes	10	5%
Vesturland	174	33%
Vestfirðir	377	47%
Norðurland vestra	66	18%
Norðurland eystra	182	31%
Austurland	269	32%
Allt landið	1153	30%

Sþ. 1237. Breytingartillögur [392. mál]

við till. til þál. um vegáætlun árin 1989–1992.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989	1990	1991	1992
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	2930	3780	3900	4030
2. Þungaskattur, árgjald	265	340	340	340
3. Þungaskattur, km-gjald	800	1130	1130	1130
	3995	5250	5370	5500
1.2. Innstæða í ríkissjóði í árslok 1988	170			
1.3. Eftirstöðvar markaðra tekna 1987 og 1988, innheimtar 1989	50			
1.4. Fært í ríkissjóð	−682			
Samtals	3533	5250	5370	5500

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989		1990		1991		1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	103		136		140		146	
2. Tæknilegur undirbúningur	75		103		107		113	
3. Umferðartaln. og vegaeftirlit	23		32		34		37	
4. Eftirlaunagreiðslur	7		9		9		9	
		208		280		290		305
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	253		358		369		375	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	264		375		392		401	
3. Viðhald brúa	50		70		72		76	
4. Viðhald varnargarða	10		14		14		15	
5. Heflun vega	130		183		191		196	
6. Rykbinding	43		61		64		66	
7. Vinnsla efnis	147		208		216		223	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	60		84		86		89	
9. Vegmerkingar	18		25		27		28	
10. Umferðaröryggisaðgerðir	5		25		25		26	
	980		1403		1456		1495	
2. Vetrarviðhald	405		477		509		560	
		1385		1880		1965		2055
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Almenn verkefni	391		840		815		866	
2. Bundin slitlög	283							
3. Sérstök verkefni	235		470		445		374	
4. Ó-vegir	77							
5. Höfuðborgarsvæðið	63							
6. Stórverkefni	200		700		765		828	
	1249		2010		2025		2068	
2. Þjóðbrautir	176		302		293		293	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	28		36		29		0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17		26		27		28	
		1470		2374		2374		2389
2.4. Til brúagerða:								
1. Brýr 10 m og lengri	80		147		147		140	
2. Smábrýr	15		26		26		25	
		95		173		173		165
2.5. Til fjallvega o.fl.:								
1. Aðalfjallvegir	10		15		19		20	
2. Aðrir fjallvegir	7		10		12		11	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5		8		10		13	
4. Vegir á Þingvöllum	5		6		4		3	
5. Reiðvegir	3		4		6		6	
		30		43		51		53
2.6. Til sýsluvega:		140		190		200		205
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		190		285		290		300
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0		0		0		0
2.9. Til tilrauna:		15		25		27		28
		3533						
Fært í ríkissjóð		682						
Samtals		4215		5250		5370		5500

3. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. og 1.2. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
12	Um Múlakvísl		5	14	21
14	Um Víkurgil				4
16	Sýslumörk–Sandhólar	2			
18	Um Markarfljót		13	44	41
21	Um Hvolsvöll				4
22–28	Hvolsvöllur–Þjórsá		3		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
04	Þjórsárdalsvegur–Hrunavegur	7	15	36	
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Hvítá				13
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Óseyrarnes	33			
35	Biskupstungnabraut				
04	Laugarvatnsvegur–Skálholtsvegur	20	8		
36	Þingvallavegur				
01	Biskupstungnabraut–Grafningsvegur				18
37	Laugarvatnsvegur				
01	Biskupstungnabraut–Laugarvatn	4			
38	Þorlákshafnarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Þrengslavegur	5	25		
1	Vesturlandsvegur				
15	Á Kjalarnesi	6			
19	Vegrið í Hvalfirði	2			3
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1	1		
40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Kópavogur–Arnarnes	36	56		
06	Engidalur–Flatahraun			42	16
41	Reykjanesbraut				
04–11	Hafnarfjörður–flugstöð		4	4	34
05	Krýsuvíkurvegur–Bæjarhella			23	4
08–11	Njarðvík–flugstöð	9			
12	Flugstöð–Víknavegur			27	
46	Víknavegur				
01	Um Fitjar				27
412	Vífilsstaðavegur				
02	Vífilsstaðir–Elliðavatnsvegur				3
416	Álftanesvegur				
02	Landakot–Bessastaðavegur				6

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
1	Vesturlandsvegur				
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1	1		
01	Um Hvalstöð og Olíustöð	4	26	5	
09	Eskiholtslækur–Gljúfurá	60	13		
12	Arnarbæli–Hvammur	3		40	15
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Borg–Tungulækur	12			
02	Brókarlækur–Álftaneshreppsvegur			15	41
03	Álftaneshreppsvegur–Hítará		6	15	22
05–06	Núpá–Stóraþúfa	14	8	42	5
07	Vegamót–Reiðhamar	13			
08	Staðará–Urriðaá		42		
57	Snæfellsnesvegur				
08	Helgafellssveitarvegur–Hraunsjaðar				2
09	Hraunsjaðar–Eiði				31
13	Í Fróðárhreppi				9
60	Vestfjarðavegur				
09	Víðir–Bessatunga	13	26		
10	Klofningsvegur–Brunná			13	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1	2		
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður	1	3	1	1
03	Króksfjarðarnes–Kambur		10	27	5
03	Kambur–Gillastaðir	19	6		
05	Hofsstaður–Þingstaður				19
14	Þingmannaá–Flókalundur	8			
23	Grænanes–Næfranes			13	
24	Gemlufallsheiði		21		
27	Jarðgöng	5		10	70
61	Djúpvegur				
01	Hólmavík–Strandavegur, brýr				23
05	Snæfjallastrandarvegur, flugvöllur		23		
05	Brú á Langadalsá	4	30		
16	Seljalandsós–Svarfhóll			13	
18	Djúpagil–Hafnartangar	16			
18	Hafnartangar–Hamar		23		
25	Óshlíð		13	13	13
62	Barðastrandarvegur				
05	Hlaðseyri–Raknadalur		22	6	
05	Raknadalur–Patreksfjörður	31			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdan–Bíldudalur			34	42
65	Súgandafjarðarvegur				
02	Botn–Laugar	24	4		
68	Hólmavíkurvegur				
06	Stikuháls norðanverður	13			
10	Um Hvalsá			6	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
06	Víðidalsvegur vestari–Víðidalsá	17			
08	Árfarið í Vatnsdal		4		
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku				25
14–15	Gilshús–Valadalsá	15			
18–19	Miðhús–Víðivellir	7			
19	Víðivellir–Uppsalir	5	6		
19	Uppsalir–Kjálkavegur		21	19	
21	Valagilsá–Grjótá				65
72	Hvammstangavegur				
01	Króksá–Hvammstangi	22			
74	Skagastrandarvegur				
01–02	Norðurlandsvegur–Skagaströnd		13		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Hegranesvegur vestari–Hegranesþing	10			
76	Siglufjarðarvegur				
02	Gljúfurá–Sauðárkróksbraut	4			
03	Um Hjaltadalsá og Kolku			18	
07	Sunnan Stafár	4			
08–09	Um Brúnastaðaá og Fljótaá		3		
10	Strákagöng		19		
1	Norðurlandsvegur				
02	Öxnadalsá–Þverá			63	17
03	Þverá–Hörgárdalsvegur		21	40	
04	Hörgárdalsvegur–Krossastaðir	17	46		
20	Skútustaðir–Garður	12	6		
27	Hólsfjallavegur–Biskupsháls	1			
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	10	89	6	
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Hallbjarnarstaðir				17
10	Vogar–Krossdalur				30
21	Raufarhöfn–flugvöllur	5	6		
26	Hafralónsá–Langanesvegur	15	6		
27	Brekknaheiði				32
821	Eyjafjarðarbraut vestri				
01–02	Hvammur–Miðbraut	24			
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá			15	
845	Aðaldalsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Staðarbraut				25
02	Staðarbraut–Syðra Fjall				13
1	Austurlandsvegur				
08	Um Teigará	5			
11	Skóghlíð–Fellabær			12	51
13	Á Egilsstaðanesi			8	
15	Úlfsstaðir–Stórasandfell	15	14		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
21	Um Breiðdalsá				6
21–22	Ós–Karlsstaðir		15	63	
25–27	Fossá–Valtýskambur	11	58		
32	Hvalnes–Víkurá				14
38	Mánagarður–Myllulækur	6	27	13	
41–42	Staðará–Reynivellir				40
43	Um Stemmu			7	
47–48	Hof–Virkisá	30	15		
85	Norðausturvegur				
01	Um Geysirófu			11	
04	Á Sandvíkurheiði		12		
12	Á Burstarfelli	13			
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Um Steinholt			10	16
02	Langahlíð–Norðurbrún	11	22		
96	Suðurfjarðavegur				
01	Norðfjarðarvegur–Handarhald		15	46	
02	Götuhjalli–Hafranes	2		41	23
04	Skriður–Höfðahús	18			
07	Tunguá–Víkurgerði	19	13		
10	Stöðvará–Tóftá	9			
	Samtals	674	840	815	866

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
11–12	Um Mýrdalssand	35	53	48	23
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós	19	6	12	33
36	Þingvallavegur				
01	Á Mosfellsheiði	2			
1	Vesturlandsvegur				
17–19	Um Hvalfjörð	25	45		
1	Vesturlandsvegur				
13	Holtavörðuheiði		27		20
54	Ólafsvíkurvegur				
02–03	Um Mýrar		56	67	47
1	Vesturlandsvegur				
02–03	Um Holtavörðuheiði	41	19	37	
60	Vestfjarðavegur				
22	Um Dýrafjörð	14	38	38	13

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur				
01–05	Tenging Inn-Djúps	26	3	59	64
1	Norðurlandsvegur				
01	Um Hrútafjörð			9	38
18–21	Miðhús – Sýslumörk	26	53	52	
1	Norðurlandsvegur				
01–04	Sýslumörk – Ólafsfjarðarvegur	20	39	53	38
17	Fljótsheiði				17
85	Norðausturvegur				
10–16	Vopnafjörður – Hérað	2	47	52	62
92	Norðfjarðarvegur				
09–10	Um Oddsskarð	22	80	15	13
	Jarðgangarannsóknir	3	4	3	6
	Samtals	235	470	445	374

1.4. Ó–vegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
61	Djúpvegur				
25	Óshlíð	17			
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	60			
	Samtals	77			

1.5. Höfuðborgarsvæðið og 1.6. Stórverkefni.

Jarðgöng.

Ólafsfjarðarmúli	190	331	204	
Vestfjarðagöng	10	13	28	332
Austurlandsgöng			10	25
Strákagöng			77	
Samtals	200	344	319	357

Höfuðborgarsvæðið.

1	Vesturlandsvegur				
12	Höfðabakki–Úlfarsárvegur	8	9		
14	Í Mosfellsbæ	11			
40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Kópavogur–Arnarnes	11	118	112	
06	Engidalur–Flatahraun			41	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
41	Reykjanesbraut				
02-03	Reykjavík–Hafnarfjörður	9			
04	Hafnarfjarðarvegur–Krýsuvíkurvegur	9			
04-11	Sunnan Hafnarfjarðar	5			
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut				81
07	Breiðholtsbraut–Rafstöðvarvegur				84
415	Bessastaðavegur				
01	Hafnarfjarðarvegur–Herjólfsbraut	4			
416	Álftanesvegur				
02	Landakot–Bessastaðavegur	6			
	Kringlumýrarbraut, breikkun		38		
	Sætún vestan Kringlumýrarbrautar		51	45	
	Bústaðavegur, breikkun			22	
	Eiðsgrandi			45	22
	Ánanaust			16	9
	Miklabraut, breikkun				110
	Nýbýlavegur		38		
	Vífilsstaðavegur			38	38
	Höfuðborgarsvæðið samtals	63	254	319	344
	Stórbrýr.				
	Dýrafjörður		82	80	10
	Markarfljót		19	41	104
	Breiðdalsá				7
	Til undirbúnings næstu verkefna		1	6	6
			102	127	127
	Höfuðborgarsvæðið og stórverkefni samtals	263	700	765	828

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr	1992 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur	5	10	14	
26	Landvegur				
01	Um Marteinstungu		16		
202	Prestbakkavegur				1
204	Meðallandsvegur				
03	Syðrifljótar–Langholt	5			
211	Álftaversvegur			4	
219	Péturseyjarvegur	1			
240	Stórhöfðavegur	3	4		
252	Landeyjavegur				
06	Ártúnsvegur–Suðurlandsvegur		1		
253	Gunnarshólmavegur				6
255	Akureyjarvegur				6
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur–Hlíðarendi			10	
03–04	Hlíðarendakot–Háimúli		8		
264	Rangárvallavegur				
03	Þingskálavegur–Suðurlandsvegur	7		11	4
268	Þingskálavegur				
02	Þingskálar–Haukadalur			4	3
275	Ásvegur				
02	Um Háfsós	1			
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
07	Við Brúarhlöð	3		4	
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Sunnan Votmúlavegar			10	6
02	Við Stokkseyri	3			
35	Biskupstungnabraut				
05	Skálholtsvegur–Reykjavegur	5		13	13
37	Laugarvatnsvegur				
03	Um Laugardalshóla		5		12
304	Oddgeirshólavegur				4
305	Villingaholtsvegur				
02–03	Urriðafossvegur–Gaulverjabæjarvegur				11
310	Votmúlavegur				1
314	Holtsvegur				
02	Við Stokkseyri	2			
316	Kaldaðarnesvegur				
01	Um Litlu Sandvík		4		
324	Vorsabæjarvegur				
01	Um Vorsabæ			1	
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna				3
350	Grafningsvegur neðri				4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m kr.
358	Einholtsvegur				
01	Um Tungufljót	7	9		
360	Grafningsvegur efri				
02	Grafningsvegur neðri–Nesjavellir		17		
374	Hvammsvegur				
01	Sogn–Suðurlandsvegur	2		3	
410	Elliðavatnsvegur				
01	Arnarnesvegur–Vífilsstaðavegur				3
415	Bessastaðavegur				
02	Álftanesvegur–Bessastaðir	5	6		
417	Bláfjallavegur				
02	Bláfjöll–Undirhlíðar			24	5
425	Nesvegur				
02	Reykjanesviti–Grindavíkurvegur		21		16
427	Ísólfsskálavegur				
03	Hafnargata–Þórkötlustaðir	4			
461	Meðalfellsvegur	6	3		
50	Borgarfjarðarbraut				
02	Um Andakílsá		2		
04	Hálsasveitarvegur–Hvítá	1	6	10	
05	Hvítá–Varmalandsvegur	1	21	21	
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		12	18	
59	Laxárdalsvegur				
01	Höskuldsstaðir–Þrándarkot		9		
02	Laxárdalsheiði	2			
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla				9
508	Skorradalsvegur				
02	Hjá Vatnsenda				6
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir				4
518	Hálsasveitarvegur				
01	Borgarfjarðarbraut–Reykholtsdalsvegur	10			
03	Um Húsafellsskóg	4			
04	Snjóastaðir			3	
527	Varmalandsvegur				
01	Borgarfjarðarvegur–samkomuhús	6	6		
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla			3	8
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun				13
02	Snjóastaðir	3			
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur–Hjallar				15
59	Laxárdalsvegur				
01	Laxardalsheiði	4			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
605	Tröllatunguvegur				
01	Vestfjarðavegur–Bakkaá	2			
04	Tröllatunga–Hólmavíkurvegur	1			
606	Karlseyjarvegur				
01	Reykhólasveitarvegur–Karlsey		15		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Grímsnes–Hrafnanes		17		
614	Rauðasandsvegur				
01	Ofan Bjarngötudals	1			
619	Ketildalavegur				
03	Bíldudalur–Hvesta				17
633	Vatnsfjarðarvegur				
02–03	Reykjanes–Skálavík	13		32	
643	Strandavegur				
06–07	Kolbeinsvík–Gjögur				15
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur–Drangsnes	1			
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi–Skarð	2		11	
03	Um Tjarnará		4		
05	Hjá Ósum	1			
726	Auðkúluvegur			3	
731	Svínvetningabraut				
01	Norðurlandsvegur–Reykjabraut	5	8		
733	Blöndudalsvegur				9
734	Svartárdalsvegur	4			4
745	Skagavegur				
03	Um Laxá		3		
09	Þverárfjarðarvegur–Sauðárkrókur				14
751	Efribyggðarvegur			4	
752	Skagafjarðarvegur				
01–02	Varmilækur–Mælifellsá	5	8		
03	Svartárdalsvegur–Austurdalsvegur			15	
758	Austurdalsvegur			3	
764	Hegranesvegur vestri		13		
767	Hólavegur				9
792	Flugvallarvegur Siglufirði	3			
83	Grenivíkurvegur				
02	Um Noll			12	
03	Gljúfurá–Grenivík		11		3
805	Svarfaðardalsá				
01	Holt–Tjörn			9	
02	Hreiðarsstaðakot–Hóll	10			
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur–Hjalteyri	1		4	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
812	Bakkavegur				
01	Um Pálmholtslæk		3		
814	Staðarbakkavegur				
01	Hörgárdalsvegur–Flaga			3	
815	Hörgárdalsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Melar	3			
816	Dagverðareyrarvegur				
01	Norðurlandsvegur–Ólafsfjarðarvegur	2	2	5	
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litlihamar–Rútsstaðir				19
830	Svalbarðseyrarvegur				
01	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri		10	4	
836	Vaglaskógarvegur				
01	Norðurlandsvegur–verslun		7		
848	Mývatnssveitarvegur				
01	Vagnbrekka–Stekkjarnes	4	3		
01	Neslandavík–Kísilvegur				20
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit				
01	Kísilvegur–flugvöllur	2	3		
851	Út Kinnarvegur				
01	Um Leikskálaá	4			
864	Hólsfjallavegur				
01–04	Norðurlandsvegur–Norðausturvegur		4	5	
870	Kópaskersvegur				
01	Norðausturvegur–Duggugerði	3			
94	Borgarfjarðarvegur				
01–08	Mýnes–Borgarfjörður	11	31	16	13
923	Jökuldalsvegur	2		3	
931	Upphéraðsvegur				
03	Um Hrafnsgerði			4	1
08	Hafursá–Freyshólar	1		4	16
953	Mjóafjarðarvegur	5		3	
	Samtals	176	302	293	293

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
Bugða (463)	12			
Hörgá (815)	14			
Leikskálaá (851)	8			
Teigará (1)	3			
Tungufljót (359)	31	13		
Geiradalsá (60)	8	4		
Morsá (Skaftafellsþjóðgarður)	2	2		
Ölfusá – Göngubrú (1)		31		
Andakílsá, yfirfall (50)		18		
Álftá (54)		15		
Fljótaá (76)		17		
Brúnastaðaá (76)		11		
Laxá í Nesjum (745)		8		
Kelduárkvísl, yfirbygging (931)		8		
Fjarðará, bráðabirgðabrú (ÞÞ)		6		
Litla Laxá (30)			24	
Búrfellslækur (36)			9	
Grjótá á Kjalvegi (F37)			9	
Staðarhólsá (sýsluvegur Dalasýslu)			9	
Hjaltadalsá (76)			18	
Kolka (76)			17	
Jökulsá eystri (F72)			11	
Þverá (829)			17	
Stemma (1)			20	
Reyðarvatnslækur (264)				10
Gljúfurá (83)				14
Fjallsá (1)				61
Fjarðará (ÞÞ)				34
Sörlastaðaá (sýsluvegur í Seyðisfirði)				8
Eyjafjarðará (823)	2	14	13	13
Samtals	80	147	147	140

Ed. 1238. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum. Á fund nefndarinnar komu hjúkrunarfræðingarnir Sigþrúður Ingimundardóttir og Pálína Sigurjónsdóttir og sjúkraliðarnir Kristín Guðmundsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir og Solveig Halblaub.

Nefndin fellst á afgreiðslu neðri deildar á málinu með þeim breytingum sem hún gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. maí 1989.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Margrét Frímannsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðrún Agnarsdóttir.

Stefán Guðmundsson.

Ed. 1239. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „slík skipan“ í upphafi lokamálsliðar 2. efnismgr. bætist: háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1992.

Nd. 1240. Nefndarálit [393. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggst ekki gegn meginefni þessa frumvarps enda er ekki ágreiningur um nauðsyn þess að ný lög um málefni aldraðra taki gildi um næstu áramót.

Minni hl. leggst hins vegar eindregið gegn þeirri viðbótarskattlagningu á almenning sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram með frumvarpi þessu og reynt hefur verið að fara í felur með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er í raun verið að hækka tekjuskatta um 200 millj. kr. svo að lítið beri á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra verði tekinn upp að nýju og verði 2500 kr. á mann. Skattur þessi var síðast lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar og urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir

skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hefur ekki orðið vart við að þeir aðilar, sem áður höfðu tekjur af þessum smásköttum, hafi kvartað um hlutdeild sína í staðgreiðslufénu enda hefur verið tryggilega frá henni gengið.

Með því að taka einn þessara skatta upp að nýju í tengslum við samþykkt þessa frumvarps er að dómi undirritaðra nefndarmanna verið að fara inn á afar óæskilega braut og fordæmi gefið fyrir því að allir gömlu smáskattarnir verði teknir upp að nýju án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Frumvarpið mun gera það að verkum að alls enginn verður skuldlaus og senda þarf öllum gjaldendum rukkun fyrir gjaldinu eftir á. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu greiðendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Er glögg grein gerð fyrir þessu í áliti ríkisskattstjóra sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari.

Að auki er alveg skýrt að þeir peningar, sem hér á að innheimta, eru nú þegar teknir af almenningi. Það eru hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert gegn þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni lækki á móti.

Að því er varðar árið í ár er ástæða til að vekja sérstaka athygli á skattheimtuáformum þeim sem í frumvarpinu felast. Frumvarpið í heild á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Hins vegar á ákvæðið um hinn sérstaka skatt að taka gildi nú þegar og koma þannig til framkvæmda til skattálagningar í sumar. Þetta eitt og sér hlýtur að teljast mjög óeðlilegt því að Framkvæmdasjóði aldraðra hafa á fjárlögum verið tryggðar 160 millj. kr. til starfsemi sinnar, en það er sú upphæð sem áætlað er að hinn eldri sérskattur í sjóðinn hefði gefið. Í framsögu heilbrigðisráðherra fyrir málinu í efri deild 11. apríl sl. kom fram að af þeim tekjum, sem skatturinn skilaði í ár, mundu 40 millj. kr. renna í sjóðinn til viðbótar þeim 160 millj. kr. sem eru á fjárlögum. Augljóslega er því ætlunin að taka mismuninn, 160 millj. kr., beint í ríkissjóð á þessu ári.

Þessu er minni hl. algerlega andvígur og bendir jafnframt á hversu óeðlilegt það er að fela nýja tekjuöflun í ríkissjóð í frumvarpi um faglegt málefni sem efnisleg samstaða er um að flestu öðru leyti.

Skattur þessi mun lenda á öllum einstaklingum sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum og eru á aldrinum 16–70 ára. Hann kemur til viðbótar öðrum skattahækkunum núverandi ríkisstjórnar sem koma munu til framkvæmda nú í sumar og sýnt hefur verið fram á að bitni ekki síst á ekkjum og ekklum. Á sama tíma er til meðferðar á Alþingi frumvarp frá ríkisstjórninni um lækkun á ýmsum öðrum sköttum sem stjórnarmeirihlutinn samþykkti að illa athuguðu máli fyrir jólin, þar á meðal hinum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Minni hl. nefndarinnar mun flytja breytingartillögur við frumvarpið sem ganga í þá átt að falla frá þeirri nýju skattheimtu sem hér er ráðgerð og að auki tillögur um ýmsar minni háttar lagfæringar á öðrum efnisatriðum frumvarpsins.

Alþingi, 18. maí 1989.

Geir H. Haarde, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn ríkisskattstjóra um 10. gr. frumvarps til laga um málefni aldraðra, 393. mál.
(17. maí 1989.)

Á fundi með nefndinni laugardaginn 13. maí sl. var ég beðinn að veita skriflega umsögn um 10. gr. frv. til laga um málefni aldraðra, en frumvarpið fékk ég í hendur frá nefndinni kvöldið áður. Fyrst mun ég fjalla um greinina almennt og væntanlega framkvæmd hennar og síðan um einstök ákvæði hennar.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 49 frá 30. mars 1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, segir svo orðrétt:

„Í frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum með því er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við eftiráuppgjör. Þeim aðilum, sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa, verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti."

Og enn fremur:

„Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%." Sérstakt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var síðast lagt á árið 1987, skv. l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, en samkvæmd nefndum lögum skyldi gjaldið lagt á í síðasta skipti á því ári. Með hliðsjón af framangreindu virðist gæta nokkrar ónákvæmni í greinargerð með frumvarpi því sem nú liggur fyrir þinginu þar sem segir í almennum athugasemdum:

„Tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra er hafður óbreyttur, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum." — Sbr. einnig þar sem segir í athugasemd við 10. gr.: „Óbreytt er frá gildandi lögum að sérstakt gjald, sem lagt er á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum, sé megintekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra."

Um framkvæmd álagningar og innheimtu gjaldsins almennt er það að segja að nefskattar sem þessi falla ekki að staðgreiðslukerfi skatta og mun gjaldið almennt auka eftiráinnheimtu opinberra gjalda, þ.e. auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki gerast upp að fullu í staðgreiðslunni. Ekki er unnt á þeim stutta tíma sem ætlaður er til umsagnar að gera sér grein fyrir viðbótarkostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins. Hins vegar er á það að líta að reynsla er af álagningu og innheimtu gjaldsins frá fyrri tíð og er í sjálfu sér ekkert sem bendir til annars en unnt sé að koma því til framkvæmda við álagningu á þessu ári þrátt fyrir skamman undirbúningstíma.

Tæknilegar athugasemdir við einstök ákvæði 10. gr. frumvarpsins eru það margar að nauðsynlegt hefur verið að umskrifa 1. tölul. 10. gr. og fylgir sá texti bréfi þessu. Þar er um að ræða afmörkun á skattskyldum aðilum, tímaviðmiðanir varðandi liði sem breytast samkvæmt vísitölum, orðalag tekjuviðmiðunar og annað orðalag. Að sjálfsögðu er þar ekki um að ræða neinar efnisbreytingar.

Varðandi síðustu málsgrein 1. tölul. er athugandi að gjaldið yrði að óbreyttu innheimt á mörgum gjalddögum, en miðað við fjárhæð þess væri e.t.v. eðlilegt að þeir væru færri. Tillaga að hugsanlegri breytingu í þá átt fylgir þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Garðar Valdimarsson,
ríkisskattstjóri.

Nd. 1241. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila sem taldir eru upp í 1., 2. og 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Ed. 1242. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 18. maí 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson.
Karvel Pálmason.	Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.
	Jóhann Einvarðsson.	

Nd. 1243. Breytingartillögur [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraða.

Frá Geir H. Haarde, Ragnhildi Helgadóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Við 10. gr. 1. tölul. orðist svo:

   Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Skal framlagið miðast við 2500 kr. á hvern tekjuskattsgjaldanda á aldrinum 16–70 ára sem hefur tekjuskattsstofn 530.196 kr. eða lægri á árinu 1988. Viðmiðunarframlagið á hvern gjaldanda skal breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu. Tekjuviðmiðun skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.
2. Við 31. gr. 2. málsl. falli brott.

Nd. 1244. Breytingartillaga [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraða.

Frá Ragnhildi Helgadóttur og Geir H. Haarde.

Við 27. gr. Orðin „eða öllu“ í lok 2. mgr. falli brott.

Nd. 1245. Frumvarp til laga [514. mál]

um breytingu á lögsögumörkum Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Páll Pétursson, Pálmi Jónsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Mörk lögsagnarumdæma Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps skulu breytast þannig að jarðirnar Sjávarborg og Áshildarholt í Skarðshreppi skulu vera innan lögsögu Sauðárkrókskaupstaðar.

2. gr.

Sauðárkrókskaupstaður greiði Skarðshreppi bætur vegna rýrnandi tekna og skertra möguleika til atvinnurekstrar.

Hafi ekki tekist samkomulag innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara skal skipa gerðardóm til að ákvarða bætur. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor og Hæstiréttur oddamann sem verði formaður dómsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar. Undanfarin ár hafa farið fram viðræður á milli sveitarfélaganna um breytingu á lögsögumörkum. Þær hafa ekki enn þá leitt til niðurstöðu.

Ed. 1246. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Gylfa Thorlacius lögfræðing og Þorgrím Guðmundsson, formann Lögreglufélags Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og neðri deild afgreiddi það.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 18. maí 1989.

Jón Helgason, form.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Salome Þorkelsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 1247. Nefndarálit [402. mál]

um till. til þál. um manneldis- og neyslustefnu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á þremur fundum og fékk til viðræðu Laufeyju Steingrímsdóttur næringarfræðing og Unni Stefánsdóttur verkefnisstjóra sem báðar starfa hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. maí 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Alexander Stefánsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Sþ. 1248. Breytingartillaga [402. mál]

við till. til þál. um manneldis- og neyslustefnu.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990–2000 að ná fram meginmarkmiðum í þeirri manneldis- og neyslustefnu sem heilbrigðisráðuneyti og manneldisráð hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott.
- Að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamsþyngd.
- Að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna.
- Að hvíta (protein) verði áfram rífleg í fæðu landsmanna.
- Að dregið verði úr neyslu á fitu, einkum mettuðum fituefnum.
- Að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis.

Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvæla skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.
c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
d. Að efla nám í matvælaiðn, menntun kennara í heimilisfræðum og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta og veitingastaða.

e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á hollu fæði í skólunum.
f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.
h. Að draga úr notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
i. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukaefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.
j. Að heilbrigðisráðherra láti gera neyslukönnun sem feli í sér heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar ofangreindum aðgerðum í manneldismálum (liðir a–h).
k. Að niðurstöður neyslukönnunar skv. j-lið verði hafðar til hliðsjónar við mótun áætlunar um hlutdeild innlendrar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til hagkvæmni, nýtingar á innlendum aðföngum og öryggis við öflun matvæla.
l. Að efldar verði innlendar rannsóknir á matvælum, næringu og heilsu.
m. Að stefna í manneldis- og neyslumálum verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Alþingi felur heilbrigðisráðuneytinu að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Nd. 1249. Nefndarálit [393. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á afgreiðslu efri deildar á málinu með þeirri breytingu sem meiri hl. gerir tillögu um á sérstöku þingskjali. Þá stendur nefndin sem heild einnig að nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breyting meiri hl. er gerð í samráði við ríkisskattstjóra og er þar um að ræða nokkrar tæknilegar breytingar á 10. gr. er varða afmörkun á skattskyldum aðilum, tímaviðmiðanir varðandi liði er breytast samkvæmt vísitölum, orðalag tekjuviðmiðunar og annað orðalag. Ekki er í þessari tillögu um neinar efnisbreytingar að ræða.

Alþingi, 18. maí 1989.

Guðrún Helgadóttir, form. Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Jón Kristjánsson.

Finnur Ingólfsson. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1250. Breytingartillaga [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar (GHelg, JSS, AðB, JK, FI).

Við 10. gr. 1. tölul. fyrri málsgreinar hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2.500 kr. á hvern gjaldenda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990, miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. desember 1988 (124,9 stig) til 1. desember 1989. Gjaldið skal fyrst lagt á við álagningu 1989.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 530.196 kr. eða lægri á tekjuárinu 1988. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.

Nd. 1251. Breytingartillögur [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 8. gr. Á eftir 2. tölul. fyrri málsgreinar komi nýr töluliður er orðist svo:
   Að setja upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta áætlun um þjónustu, sbr. 15. gr., sem byggist á samræmdu faglegu mati.
2. Við 15. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Með heimaþjónustu er átt við þá þjónustu sem veitt er öldruðum sem búa heima. Sú þjónusta byggist á hjálp til sjálfshjálpar og tekur mið af heilsufarslegu og félagslegu ástandi einstaklingsins og er hún tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu sem er í höndum félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við.
3. Við 17. gr. 1. málsl. 2. tölul. orðist svo: Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem bjóða upp á þjónustu við aldraða sem búa heima.
4. Við 18. gr.
   a. Síðasti málsliður 1. tölul. orðist svo: Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr., og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
   b. Við 2. tölul. bætist: Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörfum sjúklings og byggist á hjálp til sjálfshjálpar.

Sþ. 1252. Nefndarálit [392. mál]

um till. til þál. um vegáætlun árin 1989–1992.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Að þessu sinni kom tillaga til þingsályktunar um vegáætlun óvenjulega seint til kasta Alþingis. Tillagan var tekin til fyrri umræðu 10. apríl og að þeirri umræðu lokinni var henni vísað til fjárveitinganefndar. Tæplega hefur það gerst í annan tíma að tillaga um vegáætlun við reglulega endurskoðun væri svo seint fram borin.

Nokkur helstu einkenni tillögunnar eins og hún var lögð fram voru þessi:

1. Í fyrsta sinn er fé samkvæmt sérmerktum tekjustofnum til vegamála skert með lánsfjárlögum og fjárlögum og þannig teknar til þarfa ríkissjóðs 682 millj. kr. af lögboðnum tekjum Vegagerðar ríkisins.
2. Á engan hátt var gerð grein fyrir því hvernig ríkissjóður skyldi skila 170–180 millj. kr. sem innheimt hafði verið á árunum 1987 og 1988 umfram það sem runnið hafði til vegamála.
3. Þrátt fyrir stórhækkun skatta á notkun bifreiða með bensíngjaldi og þungaskatti blasti við samdráttur almennra vegaframkvæmda á árinu 1989 um allt að 25%.
4. Talið var að til tveggja verkefna á gjaldahlið tillögunnar, þ.e. vetrarviðhalds og Ólafsfjarðarmúla, vantaði um 250 millj. kr. á þessu ári.

Tillagan var því í senn götótt að uppsetningu, fól í sér stórhækkaða skatta á bifreiðaeigendur, en jafnframt niðurskurð almennra framkvæmda á árinu 1989. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir að skilað væri lögboðnum framlögum til Vegasjóðs á síðari árum áætlunartímabilsins.

Fjárveitinganefnd hafði því verk að vinna við athugun á tillögunni, og ekki síður fyrir það að þegar kom í ljós djúpstæður ágreiningur um málið meðal fulltrúa stjórnarflokkanna í meiri hl. nefndarinnar. Vinnulag nefndarinnar við meðferð málsins varð hins vegar með sérstæðum hætti. Tillagan var tekin til umræðu á þremur fundum í nefndinni frá 10. til 18. apríl þar sem starfsmenn Vegagerðar ríkisins gáfu ýmsar upplýsingar varðandi stöðu málsins og nokkrar fyrirspurnir voru lagðar fram. Síðan var eigi haldinn fundur í nefndinni um vegáætlun fyrr en 6. maí. Þá var dreift eins konar áfangahugmyndum um breytingar á tekjuhlið og nýjum tillögum um útfærslu á fé til stórverkefna. Á grundvelli þessara áfangahugmynda og ýmissa tillagna var þingmannahópum kjördæmanna falið að vinna að skiptingu vegafjár til einstakra framkvæmda, án þess að nokkur liður í tillögunni hefði fengið afgreiðslu nefndarinnar og væri þar með ákveðinn sem hennar tillaga. Enn líða dagarnir án funda í fjárveitinganefnd, allt til 17. maí, en þá eru haldnir tveir fundir og lokafundur 18. maí. Á fundum nefndarinnar 17. maí koma fyrst fram tillögur af hálfu meiri hl. nefndarinnar er varða nýjar verðlagsforsendur, enn fremur nýjar tillögur um tekjulið vegáætlunar og skiptingu á fé til stórverkefna og höfuðborgarsvæðisins. Þá fyrst er í raun hægt að tala um að fyrir liggi samstæðar tillögur sem hægt var að byggja á undirbúning að afgreiðslu nefndarinnar á vegáætlun.

Þetta vinnulag meiri hl., sem auðvitað ræður ferðinni í fjárveitinganefnd, er óvenjulegt ef ekki einsdæmi við meðferð tillagna um vegáætlun. Meiri hl. nefndarinnar hélt málinu algerlega í eigin höndum tímum saman þannig að í heilan mánuð, frá 18. apríl til 17. maí, voru vegamál aðeins einu sinni tekin fyrir á fundi nefndarinnar í heild. Skyndiafgreiðsla málsins á síðustu stundu varð og til þess að ekki gafst tóm til þess að vinna upp eðlileg gögn um þróun vegamála á áætlunartímabilinu til samanburðar við næstu tímabil á undan. Starfsmenn Vegagerðar ríkisins, vegamálastjóri og hans menn, sýndu nú sem endranær mikla lipurð í samstarfi við nefndina, en höfðu ekki möguleika til að vinna að gerð slíkra gagna fyrr en ákvarðanir lágu fyrir.

Fjárveitinganefnd hefur iðulega skilað sameiginlegu nefndaráliti um vegáætlun, enda hefur meiri hl. þá lagt kapp á að hafa minni hl. nefndarinnar með í ráðum við meðferð málsins.

Ágreiningur stjórnarliðsins í meiri hl. nefndarinnar þarf ekki að hindra að þannig megi halda á málum.

Í framhaldi af því sem að framan segir er því rökrétt að við undirritaðir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skilum séráliti. Eigi að síður flytur nefndin breytingartillögur sínar sameiginlega þar sem við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna höfum hefðbundinn fyrirvara um afstöðu til einstakra breytingartillagna eða tillagna sem fram kunna að koma. Við lýsum fylgi við þær framkvæmdir sem ráðgerðar eru samkvæmt áætluninni, þar á meðal í nýjum stórframkvæmdum. Við lítum svo á að nauðsynlegt sé að hefja þegar endurskoðun langtímaáætlunar og leggjum áherslu á að þegar langtímaáætlun lýkur 1994 verði lagt aukið fé í þjóðbrautir sem legið hafa eftir meðan aðaláherslan hefur verið lögð á stofnbrautir.

Við teljum einnig tímabært að athuga vandlega hvort ekki sé rétt að fella niður álagningu þungaskatts á dísilbifreiðar, sem hefur gengið úr hófi fram, og taka þess í stað upp skattlagningu á dísilolíu.

Tillaga þessi um nýja vegáætlun hefur tekið nokkrum breytingum til bóta í meðferð fjárveitinganefndar. Eigi að síður er hún gagnrýnisverð.

Í fyrsta lagi stendur óhaggað að 682 millj. kr. af vegafé ársins 1989 eru teknar í ríkissjóð. Þessu mótmælum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna og lýsum þeirri skoðun okkar að verkefni í vegagerð á Íslandi séu svo brýn og þýðingarmikil að nauðsynlegt sé að Vegagerðin haldi sínum lögboðnu tekjustofnum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýjum verðlagsforsendum þannig að vegagerðarvísitala hækki á milli áranna 1988 og 1989 um 22,9% og frá 1989 til 1990 um 19%. Þessu fylgir t.d. að tillagan er byggð á því að bensíngjald hækki á næstu dögum um 1,25 kr. og verði 17,95 kr. í stað 12,60 kr. á síðasta ári og á næsta ári verði bensíngjald að meðaltali 22,14 kr. Hér sem annars staðar, þar sem ríkisstjórnin og liðsmenn hennar leggja hönd að verki, er um gríðarlega skattahækkun að ræða.

Í þriðja lagi vantar enn um 90 millj. kr. á þessu ári til Ólafsfjarðarmúla sem upplýsingar voru gefnar um að fjármálaráðherra ætlaði sér að afla með nýjum fjáraukalögum og væntanlega sköttum á næsta haustþingi.

Í fjórða lagi er talið að enn vanti 60–70 millj. kr. til vetrarviðhalds og snjómoksturs á þessu ári sem veltur þó án efa á snjóalögum í haust og fyrri hluta vetrar. Ætlun ríkisstjórnarinnar er sögð vera sú að hækka enn bensíngjaldið til að mæta þessum halla síðari hluta ársins eftir því sem þörf krefur.

Tillagan, sem vissulega hefur batnað í meðförum fjárveitinganefndar, ber þó enn sömu merki og þegar hún var lögð fram.

Enn er hér um niðurskurðartillögu að ræða.

Enn er þetta tillaga um skattahækkun og nú meiri en fyrr.

Enn er tillagan götótt þannig að fé skortir til óhjákvæmilegra verkefna.

Við sem erum fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjárveitinganefnd skilum þessu séráliti vegna þeirra efnisatriða sem hér hafa verið talin og vegna vinnubragða við meðferð þessa máls af hálfu meiri hl. nefndarinnar sem við teljum gagnrýnisverð og ekki til eftirbreytni.

Alþingi, 18. maí 1989.

Pálmi Jónsson, frsm.
Óli Þ. Guðbjartsson, með fyrirvara.
Málmfríður Sigurðardóttir.
Egill Jónsson.

Ed. 1253. Nefndarálit [511. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. mars 1955, um skógrækt, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Alþingi, 17. maí 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Egill Jónsson.	Karvel Pálmason.	Jón Helgason.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 1254. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um Hagþjónustu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Alþingi, 17. maí 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Egill Jónsson.	Karvel Pálmason.	Jón Helgason.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 1255. Frumvarp til laga [515. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhann Einvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi málsliður: Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og röð annarra málsgreina breytist til samræmis við það. Málsgreinin orðast svo:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli: **Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða**, með þremur nýjum greinum svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

b. (18. gr.)

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

c. (19. gr.)

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

7. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða stjórnarfrumvarpi sem flutt var fyrr á þessu þingi, 239. máli, að öðru leyti en því að 7. gr. þess frumvarps er breytt og fyrri málsgrein hennar felld brott. Um hana var ágreiningur, m.a. milli deilda þingsins.

Um frekari skýringar á frumvarpinu vísast til athugasemda við stjórnarfrumvarpið og nefndarálita og umræðna um það.

Sþ. 1256. Þingsályktun [102. mál]

um deilur Ísraels og Palestínumanna.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.

Sþ. 1257. Þingsályktun [421. mál]

um staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósónlagsins og Montreal-bókunar um efni sem valda rýrnun á ósónlaginu.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 781.

Sþ. 1258. Þingsályktun [61. mál]

um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að láta kanna tilhögun á útboðum opinberra rekstrarverkefna sem hér segir:

1. Á hvaða sviðum og í hve miklum mæli slíkum útboðum hafi verið beitt hjá ríkinu og stofnunum þess á næstliðnum áratug.

2. Hvaða reynsla hefur fengist af slíkum útboðum, m.a. með tilliti til kostnaðar miðað við sambærileg verkefni sem unnin hafa verið án útboðs.
3. Á hvaða sviðum ríkisrekstrar rétt þyki og hagkvæmt að efna til slíkra útboða og hvaða sjónarmiða skuli gæta við val slíkra útboðsverkefna.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi sem skýrsla.

Sþ. 1259. Svar [505. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður undirbúningi stjórnvalda fyrir ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987.

Þingsályktunin var send forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 10. apríl 1987. Til sérstakra undirbúningsaðgerða hefur samt sem áður ekki komið enn, hvorki af hálfu fyrrverandi né núverandi ríkisstjórnar. Málið hefur þó alloft verið rætt.

Óskað hefur verið umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um ályktunina. Umsögnin, sem dagsett er 18. maí 1989, er svohljóðandi:

„Að mati Siglingamálastofnunar ríkisins væri bæði eðlilegt og sjálfsagt með hliðsjón af vaxandi mengun sjávarins og hagsmuna Íslands varðandi verndun hafsins að íslensk stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að halda hér ráðstefnu sem fjallaði um varnir gegn mengun sjávar í Norðaustur-Atlantshafi. Markmið slíkrar ráðstefnu ætti að vera fyrst og fremst að afla gagna til stefnumótunar og tillöguflutnings á alþjóðavettvangi um auknar varnir gegn mengun hafsins. Til þess að auka líkur á því að það markmið náist þarf ráðstefnan að vera alþjóðleg og skírskota fyrst og fremst til faglegrar umfjöllunar um helstu þætti mengunarvandans eins og hann blasir við. Þess vegna telur stofnunin að það mundi takmarka þátttöku og áhuga á ráðstefnu af þessu tagi ef hún fjallaði eingöngu um geislavirk efni því staðreynd er að það eru fjölmörg önnur vandamál sem við blasa og sum ef til vill enn alvarlegri, eins og t.d. mengun af völdum lífrænna þrávirkra klórsambanda, svo sem PCB, DDT og DIOXIN, þó ekki sé á neinn hátt dregið úr hættunni sem fylgir losun geislavirkra efna í sjó.

Að mati Siglingamálastofnunar koma til greina tvenns konar ráðstefnur. Annars vegar ályktunarhæf ráðstefna þar sem saman kæmu t.d. ráðherrar, vísindamenn og embættismenn allra þeirra þjóða sem eiga hagsmuna að gæta á Norðaustur-Atlantshafi þar sem áhersla yrði lögð á að móta sameiginlega stefnu gagnvart alþjóðlegu starfi. Hins vegar væri um að ræða hreina faglega ráðstefnu vísindamanna þar sem leitast yrði við að varpa ljósi á ástand mála á þessu hafsvæði. Auk þess mætti leggja sérstaka áherslu á umfjöllun um áhrif mengunarefna á lífríki hafsins, en slík umfjöllun á fjölsóttri ráðstefnu gæti orðið til þess að renna stoðum undir nauðsyn þess að tekin verði upp öflug sönnunarbyrði vegna losunar efna í hafið. Slíkt hlýtur að teljast verulegt kappsmál fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf því enn eru mörg ríki, þar á meðal stór iðnríki, þeirrar skoðunar að nota skuli hafið til förgunar úrgangs eins lengi og ekki er sýnt fram á að það valdi mengun sjávar.

Fyrri leiðin hefur m.a. þá ókosti að um er að ræða mörg ríki með ólík sjónarmið á mengunarvandanum og erfitt væri að ábyrgjast fyrir fram afgerandi ályktanir frá ráðstefnunni nema undirbúningur og fyrirliggjandi gögn væru þeim mun afdráttarlausari um nauðsyn aðgerða. Ef hins vegar tækist að ná afgerandi samstöðu um aðgerðir á slíkri ráðstefnu gæti framhaldið leitt f sér hraðari viðbrögð á alþjóðavettvangi. Ljóst er að kanna þyrfti vilja viðkomandi ríkja áður en ákveðið yrði að boða til slíkrar ráðstefnu. Seinni leiðin er hins vegar ekki eins áhættusöm hvað árangur varðar og krefðist ekki eins mikils undirbúnings af Íslands hálfu.

Æskilegt væri að miða tímasetningu ráðstefnunnar nokkuð við það sem er að gerast á þessu sviði í næsta nágrenni okkar. Þannig má geta þess að nú er vitað um eftirfarandi alþjóðlega fundi og ráðstefnur um mengunarvarnir sjávar á næstu missirum.

1. Alþjóðleg ráðstefna þingmanna í Kaupmannahöfn 16.–18. október 1989 um varnir gegn mengun sjávar. (Norðurlandaráð.)
2. Endurskoðun norrænnar áætlunar um varnir gegn mengun sjávar — Norðurlandaþing á Íslandi í mars 1990.
3. Norðursjávarráðstefnan um verndun Norðursjávar gegn mengun. Í Hollandi í mars 1990.
4. Ársfundir Óslóar- og Parísarsamninganna í Reykjavík 11.–23. júní 1990.
5. Alþjóðlegur fundur að frumkvæði Norðmanna til að fylgja eftir Brundtlandskýrslunni, líklega að hausti 1990.
6. Fyrsti ráðherrafundur Óslóar- og Parísarnefndanna um varnir gegn mengun sjávar í júní 1992.

Ætla má að lágmarksundirbúningur fyrir alþjóðlega ráðstefnu um mengun sjávar þar sem eingöngu yrði fagleg umfjöllun sé um 12 mánuðir frá því að ákvörðun væri tekin um að halda hana hér. Með vísun til þess og hins að mikið er að gerast á þessum vettvangi hér á landi eða í næsta nágrenni okkar seinni hluta þessa árs og fyrri hluta árs 1940 sýnist ekki skynsamlegt að stefna að því nú að halda slíka ráðstefnu fyrr en í fyrsta lagi seinni hluta árs 1990 eða fyrri hluta árs 1991. Undirbúningur að ályktunarhæfri ráðstefnu tæki eflaust mun lengri tíma og jafnvel álitamál hvort fagleg ráðstefna þyrfti ekki einmitt að koma til áður en boðað yrði til slíkrar ráðstefnu.“

Núverandi forsætisráðherra hefur í ríkisstjórn rætt um að haldin verði hér á landi alþjóðleg ráðstefna um verndun hafsins, helst á næsta ári.

Sþ. 1260. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og kallað til viðtals Guðmund Pálmason, forstöðumann jarðhitadeildar Orkustofnunar. Fram kom að unnið er að þessu verkefni á vegum stofnunarinnar. Í ljósi þess leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt svo

BREYTT:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða samræmdri könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila svo að sem fyrst liggi fyrir upplýsingar um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi, m.a. í þágu fiskeldis, til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Árni Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 1989.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Geir Gunnarsson.		Geir H. Haarde.

Ed. 1261. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. l. nr. 90/1987, og um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið eftirtalda til viðtals við sig: Ásmund Stefánsson, Ara Skúlason og Láru V. Júlíusdóttur frá ASÍ, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ, Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Ragnar Hall borgarfógeta, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Hjört Eiríksson og Eyþór Þórbergsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Júlíus Sólnes var fjarverandi við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Halldór Blöndal.	Margrét Frímannsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 1262. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um launavísitölu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið eftirtalda til viðtals við sig: Ásmund Stefánsson, Ara Skúlason og Láru V. Júlíusdóttur frá ASÍ, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ, Hallgrím Snorrason og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Júlíus Sólnes var fjarverandi við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Ed. 1263. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um launavísitölu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til nefndarálits minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar er lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 1264. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Ingvar Ásmundsson, formaður Félags skólameistara, Jón Böðvarsson, fyrrv. skólameistari, Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Andrés Magnússon, námsráðgjafi við Fjölbrautaskólann í Ármúla, og Magnús Guðjónsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 1265. Skýrsla [502. mál]

um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs, samkvæmt beiðni Ólafs G. Einarssonar o.fl., tekin saman af Ríkisendurskoðun að ósk forseta sameinaðs Alþingis.

Með bréfi, dags. 6. maí 1989, er Ríkisendurskoðun send beiðni um skýrslu um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs, sbr. þskj. 1067.

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman eftirfarandi skýrslu um málið.

Halldór V. Sigurðsson.
Sig. Þórðarson.

INNGANGUR

Með bréfi forseta sameinaðs Alþingis, dags. 6. maí 1989, var óskað eftir að Ríkisendurskoðun gerði skýrslu um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs samkvæmt þskj. 1067 frá 5. maí 1989.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar 1989 samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi. Þá er lýst mati á afkomu ríkissjóðs á tímabilinu janúar til apríl 1989 í samanburði við sömu mánuði ársins á undan og að lokum er gerður samanburður við áætlun fjármálaráðuneytisins um afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins í ár.

GREIÐSLUAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS JANÚAR TIL APRÍL 1989

Greiðsluhalli A-hluta ríkissjóðs nam í lok aprílmánaðar 1989 4670 milljónum króna sem er 507 milljónum króna minni halli en áætlanir ársins áformuðu. Áætlun fjármálaráðuneytisins, sem byggð er á fjárlögum 1989, gerði ráð fyrir 5177 milljóna króna greiðsluhalla fyrstu fjóra mánuði ársins.

Það sem veldur betri greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs í lok aprílmánaðar er að innheimtar tekjur urðu 824 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar munar mest um að innheimta beinna skatta í staðgreiðslu, svo og skattar af launagreiðslum, urðu hærri en áætlanir áformuðu. Á móti betri innheimtu tekna kemur að nettóútborganir umfram innborganir vegna lána- og viðskiptareikninga voru 262 milljónum króna hærri en áætlað var. Helstu frávik eru að innlausn spariskírteina umfram sölu hafa orðið hærri en gert var ráð fyrir. Þá hafa veitt lán ríkissjóðs orðið hærri en fyrirhugað var. Greidd gjöld voru nokkuð rétt áætluð, eða 55 milljónum króna hærri en áætlað var, en í apríllok námu þau alls 24.455 milljónum króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands vegna viðskipta A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu nam að meðaltali 4030 milljónum króna. Áætlun gerði hins vegar ráð fyrir 3705 milljónum króna og hefur því fjármagnsfyrirgreiðsla bankans orðið 325 milljónum króna hærri að meðaltali.

AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ SÍÐASTA ÁR

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar 1989 í samanburði við sömu mánuði síðasta árs, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sýnir að í ár er afkoman lakari um sem nemur 2% af innheimtum tekjum tímabilsins. Innheimtar tekjur, þegar tekið hefur verið mið af breytingum á innheimtu söluskatts og staðgreiðslu skatta, sýna raunlækkun tekna um 3,5% sem meta má á um 800 milljónir króna. Á móti kemur að á tímabilinu hefur einnig orðið tæplega 2% raunlækkun gjalda sem mælt í fjárhæðum svarar til um 400 milljóna króna. Þannig hefur rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs orðið lakari um 400 milljónir króna eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Yfirlit um rekstrarafkomu A-hluta ríkissjóðs fyrir árin 1988 og 1989.

(Fjárhæðir í m. kr.)	Rauntölur 1989	Rauntölur 1988	Leiðrétt 1989	1988 á verðlagi 1989
Tekjur	20.141	18.421	22.641[1)]	23.450[2)]
Gjöld	24.457	20.990	24.457	24.850
Gjöld umfram tekjur	4.316	2.569	1.816	1.400

1) Bætt við 2,5 milljörðum króna vegna breyttrar innheimtu söluskatts.
2) Bætt við 1,1 milljarði króna vegna staðgreiðslu skatta sem svarar til þriggja mánaða innheimtu.

Fjármagnshreyfingar vegna lána- og viðskiptareikninga í samanburði við síðasta ár sýna að útgreiðslur hafa orðið 1,1 milljarði króna lægri í ár, en lántökur aftur á móti nánast þær sömu í krónum talið.

Fjárþörf A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar nam 6,7 milljörðum króna sem er 600 milljónum króna hærri fjárhæð en var á sama tímabili síðasta árs, eða hækkun um 10%.

Fjármagnsfyrirgreiðslur Seðlabanka Íslands við ríkissjóð mánuðina janúar til apríl 1989 námu að meðaltali 4030 milljónum króna í samanburði við 3935 milljónir króna á árinu 1988, eða hækkun um 2,5%, án greiðsluhalla frá fyrri árum.

Heildaryfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs tímabilið janúar til apríl 1988 og 1989.

(Fjárhæðir í m. kr.)	Rauntölur 1989	1988	Frávik	Fjárlög 1989
Tekjur	20.141	18.421	1.720	77.100
Gjöld	24.457	20.990	3.467	76.464
Gjöld umfram tekjur	**4.316**	**2.569**	**1.747**	**<636>**
Lánahreyfingar útstreymi:				
Afborganir lána	321	890	<569>	3.610
– innheimtar afborganir	<534>	<569>	35	<2.660>
Spariskírteini, innlausn	1.294	1.400	<106>	3.120
Viðskiptamenn	397	31	366	500
Veitt lán og hlutafé	885	1.735	<850>	1.475
Útgreiðslur alls	**2.363**	**3.487**	**<1.124>**	**6.045**
Fjárþörf	**6.679**	**6.056**	**623**	**5.409**
Lántökur:				
Spariskírteini	888	1.576	<688>	5.300
Lántaka	440	–	440	135
Viðskiptamenn	–	486	<486>	–
Ríkisvíxlar	681	–	681	–
	2.009	**2.062**	**<53>**	**5.435**
Greiðsluafkoma[1)]	**<4.670>**	**<3.994>**	**676**	**26**

1) Án afkomu vegna rekstrarhalla frá fyrri árum.

AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLANIR ÁRIÐ 1989

Áætlun fjármálaráðuneytisins innan ársins, byggð á fjárlögum fyrir árið 1989, gerði ráð fyrir að greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs í lok aprílmánaðar yrði neikvæð um 5177 milljónir króna. Greiðsluafkoman varð aftur á móti 4670 milljónir króna sem er 507 milljónum króna betri afkoma en gert var ráð fyrir.

Rekstrarhalli varð til loka aprílmánaðar 1989 að fjárhæð 4316 milljónir króna sem er 769 milljónum króna minni halli en áætlunin áformaði. Áætlunin gerði ráð fyrir að rekstrarhalli næmi 5085 milljónum króna fyrstu fjóra mánuði ársins. Innheimtar tekjur urðu 824 milljónum króna hærri, en gjöld aftur á móti 55 milljónum króna umfram áætlun.

Fjármagnshreyfing vegna lána- og viðskiptareikninga sýnir útstreymi fjár umfram innborganir að fjárhæð 354 milljónir króna. Áætlun gerði ráð fyrir að útborgað fé umfram innkomið næmi 92 milljónum króna og hafa því útborganir orðið 262 milljónum króna hærri.

Heildaryfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs tímabilið janúar til apríl 1989 í samanburði við áætlanir ársins.

(Fjárhæðir í m.kr.)	Reikningur	Áætlun	Frávik	Fjárlög 1989
Tekjur	20.141	19.317	824	77.100
Gjöld	24.457	24.402	<55>	76.464
Gjöld umfram tekjur	**4.316**	**5.085**	**769**	**636**
Lánahreyfingar útgreiðslur:				
Afborganir	321	560	<239>	3.610
– innheimtar afborganir	<534>	<645>	111	<2.660>
Spariskírteini, innlausn	1.294	840	454	3.120
Viðskiptamenn	397	250	147	500
Veitt lán og hlutafé	885	542	343	1.475
	2.363	**1.547**	**816**	**6.045**
Fjárþörf	**6.679**	**6.632**	**47**	**5.409**
Lántökur:				
Spariskírteini	888	600	288	5.300
Lántökur	440	135	305	135
Ríkisvíxlar	681	720	<39>	–
	2.009	1.455	554	5.435
Greiðsluafkoma	**<4.670>**	**<5.177>**	**<507>**	**26**

Tekjuáætlun:

Áætlun fjármálaráðuneytisins um innheimtar tekjur til loka aprílmánaðar gerði ráð fyrir að þær yrðu 19,3 milljarðar króna, en tekjur urðu aftur á móti 20,1 milljarður króna sem er um 800 milljónum króna hærri fjárhæð.

Yfirlit um innheimtar tekjur janúar til apríl 1989 í samanburði við áætlanir.

(Fjárhæðir í m.kr.)	Reikningur	Áætlun	Fjárhæð	%	Fjárlög 1989
Beinir skattar	3.720	3.331	389	11,7	13.425
Aðflutningsgjöld	2.004	2.047	<43>	<2,0>	7.482
Söluskattur	7.878	8.036	<158>	<2,0>	32.505
Hagnaður ÁTVR	1.345	1.573	<228>	<14,0>	6.050
Skattar af launagreiðslum	1.691	1.344	347	25,8	5.353
Aðrar tekjur	3.503	2.986	517	17,3	12.285
Alls	20.141	19.317	824	4,2	77.100

Innheimta beinna skatta, ásamt sköttum af launagreiðslum, hefur orðið nokkuð hærri en áætlun launabreytinga í fjárlögum 1989 gerði ráð fyrir. Hins vegar hefur innheimta eignarskatts orðið lægri en áætlanir áformuðu. Minni innheimtu aðflutningsgjalda má einkum rekja til aðflutningsgjalda af bifreiðum. Samdrátt í innheimtu söluskatts má rekja til veltusamdráttar umfram áætlanir fjárlaga. Hagnaður af ÁTVR er umtalsvert lægri en áætlanir gera ráð fyrir og skýrist m.a. af breyttri sölu tegunda hjá ÁTVR sem gefa minni hagnað. Aukning á öðrum tekjum stafar fyrst og fremst af meiri vaxta- og arðgreiðslum, svo og af sköttum á gjaldeyri.

Gjaldaáætlun:

Áætlun fjármálaráðuneytisins um greidd gjöld A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar gerði ráð fyrir að þau næmu 24.401 milljón króna, en reyndin varð sú að þau urðu 55 milljónum króna hærri.

Greidd gjöld tímabilið janúar til apríl 1989, sundurliðað eftir ráðuneytum í samanburði við áætlun.

(Fjárhæðir í m.kr.)		Reikningur	Fjárheimildir	Frávik
00	Æðsta stjórn ríkisins	223,1	187,3	35,8
01	Forsætisráðuneyti	187,5	167,7	19,8
02	Menntamálaráðuneyti	4.255,2	4.123,5	131,7
03	Utanríkisráðuneyti	304,6	275,7	28,9
04	Landbúnaðarráðuneyti	1.274,5	1.296,0	(21,5)
05	Sjávarútvegsráðuneyti	511,4	475,5	35,9
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.040,1	973,5	66,6
07	Félagsmálaráðuneyti	920,0	873,3	46,7
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	9.188,1	9.175,3	12,8
09	Fjármálaráðuneyti	1.131,9	1.047,5	84,4
10	Samgönguráðuneyti	1.517,4	1.551,0	(33,6)
11	Iðnaðarráðuneyti	314,9	335,2	(20,3)
12	Viðskiptaráðuneyti	1.359,0	1.418,4	(59,4)
13	Hagstofa Íslands	20,6	23,0	(2,4)
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	2.208,0	2.342,9	(134,9)
	Verðlags- og launamál		136,0	(136,0)
		24.456,3	24.401,8	54,5

Heildarfrávik frá áætlun er 0,2%. Greiðslur þeirra ráðuneyta, sem farið hafa fram úr áætlun, nema samtals 463 milljónum króna. Á móti því er í áætlun gert ráð fyrir 136 milljónum króna vegna launa- og verðlagsbreytinga hjá fjármálaráðuneyti. Hins vegar eru ráðuneyti sem ekki hafa nýtt að fullu greiðsluheimildir sínar og nemur mismunur greiðslna þeirra og heimilda samtals 272 milljónum króna.

Ríkisendurskoðun telur að þau frávik sem fram koma hjá flestum stofnunum séu innan þeirra fráviksmarka sem gera má ráð fyrir það sem af er árinu. Hins vegar er ljóst að það aukna aðhald sem einstaka ráðuneyti og fjármálaráðuneyti hafa haft á útgjöldum A-hluta stofnana það sem af er árinu má ekki minnka ef útgjöld eiga að rúmast innan heimilda fjárlaga það sem eftir er ársins.

Ríkisendurskoðun vill þó benda á að nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir um aukin útgjöld hjá ríkissjóði í tengslum við launasamninga og efnahagsráðstafanir sem ekki hafa enn þá haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá hafa verðlagsforsendur fjárlaga ekki staðist.

- Almenn verðlagshækkun er nú áætluð tæp 19% milli ára 1988 og 1989, en fjárlög gerðu ráð fyrir 12% hækkun.
- Launahækkanir milli ára samkvæmt BSRB-samningi eru mældar á um 9%, en fjárlög gerðu ráð fyrir 7%.
- Meðalverð á erlendum gjaldeyri var áætlað um 7% hærra en á árinu 1988, en nú er komin fram hækkun sem nemur 17,6%.

Lána- og viðskiptareikningar:

Á lána- og viðskiptareikningum er einkum innlausn og sala spariskírteina sem huga þarf að. Ríkissjóður áformar að selja spariskírteini fyrir 5,3 milljarða króna á árinu 1989. Í lok aprílmánaðar höfðu selst spariskírteini fyrir tæpar 900 milljónir króna sem er 17% af áætlaðri heildarsölu ársins. Sala til loka aprílmánaðar var tæpum 300 milljónum króna umfram áætlun, en fjármálaráðuneytið áformar að sala spariskírteina verði að mestu leyti á síðara hluta ársins. Innlausn spariskírteina til loka aprílmánaðar nam tæpum 1,3 milljörðum króna sem er um 450 milljónum króna meiri innlausn en gert var ráð fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarinnlausn á árinu verði 3,1 milljarður króna og er í apríllok búið að innleysa um 40% af áætlaðri heildarinnlausn ársins. Aukin innlausn spariskírteina það sem af er árinu hefur að hluta komið fram í sölu spariskírteina umfram áætlanir.

Fylgiskjal I.



00	Æðsta stjórn ríkisins	11	Iðnaðarráðuneyti
01	Forsætisráðuneyti	12	Viðskiptaráðuneyti
02	Menntamálaráðuneyti	13	Hagstofa Íslands
03	Utanríkisráðuneyti	15	Fjárl. og hagsýslustofnun
04	Landbúnaðarráðuneyti	VL	Verðlags- og launamál
05	Sjávarútvegsráðuneyti		
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
07	Félagsmálaráðuneyti		
08	Heilbr. og tryggm.ráðuneyti		
09	Fjármálaráðuneyti		
10	Samgönguráðuneyti		

Fylgiskjal II.



1 Beinir skattar
2 Aðflutningsgjöld
3 Söluskattur
4 Hagnaður Á.T.V.R.
5 Skattar af launagreiðslum
6. Aðrar tekjur

Ed. 1266. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. l. nr. 90/1987, og um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um allar þær kröfur sem hér um ræðir og ekki hafa þegar verið gerðar upp við yfirstandandi búskipti.

Ed. 1267. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu til fundar við sig.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Júlíus Sólnes var fjarverandi við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundinn og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
	Margrét Frímannsdóttir.	

Ed. 1268. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fengið mjög skamman tíma til að fara yfir þetta viðamikla mál. Málsmeðferð hefur því verið nokkuð yfirborðskennd og mörgum spurningum er ósvarað. Ekki gafst nægur tími til að fara yfir málið með þeim fulltrúum viðkomandi stofnana sem komu á fund nefndarinnar. Enn fremur gafst ekki tækifæri til að fá á fund nefndarinnar marga þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta. Sökum þeirra miklu anna, sem hafa einkennt þinghaldið síðustu daga, enda þinglok í sjónmáli, hefur málið verið afgreitt frá nefndinni án þess að hafa fengið þá ítarlegu umfjöllun sem þingmál af þessu tagi ætti að fá. Annar minni hl. lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að svona mikilvægt mál, sem snertir nær alla þjóðfélagsþegna, skuli afgreitt með þessum hætti.

Fyrir frumkvæði minni hl. komu nokkrir á fund nefndarinnar til að skýra sjónarmið sín varðandi svokallað húsbréfakerfi, sem þessi breyting á húsnæðislöggjöfinni snýst um, og svara spurningum nefndarmanna.

Seðlabankinn í óvissu.

Fulltrúar Seðlabanka Íslands, þeir Eiríkur Guðnason og Yngvi Örn Kristinsson, fjölluðu um áhrif húsbréfa á peningakerfi landsins og hlutverk bankans sem viðskiptavaka fyrir

húsbréf. Þeir kváðust ekki geta sagt til um áhrif húsbréfanna á fjármála- og veðbréfamarkaðinn í landinu. Þeir töldu að húsbréf yrðu ekki talin eins álitleg eign og t.d. spariskírteini ríkisins. Því mundu vextir þeirra verða hærri en á spariskírteinum. Þá kom fram í máli þeirra að ekki er reiknað með að Seðlabankinn kaupi húsbréf í neinum mæli. Hann mun leggja fram kauptilboð á verðbréfaþingi fyrir húsbréf í litlum mæli til að tryggja sölugengi þeirra. Þó mundi mikið framboð húsbréfa líklega leiða til lækkandi kaupgengis af hálfu bankans. Þannig virðist erfitt að gera sér grein fyrir væntanlegum afföllum við sölu húsbréfa og ávöxtunarkröfu markaðarins. Þess hefur ekki verið óskað að Seðlabankinn geri úttekt á þessu mikilvæga atriði og er það miður.

ASÍ á móti.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands, þeir Ásmundur Stefánsson, Ásmundur Hilmarsson, Björn Þórhallsson og Grétar Þorsteinsson, komu á fund nefndarinnar og lýstu yfir andstöðu sinni við húsbréfafrumvarpið. Þeir töldu að með lagfæringum á gamla húsnæðiskerfinu, sem vissulega væri með mörgum agnúum, mætti komast hjá hinum löngu biðröðum. Bentu þeir m.a. á að enn vantaði um 2 milljarða króna af framlagi ríkisins til byggingarsjóðanna samkvæmt samkomulaginu frá 1986. Með þeim fjármunum yrði ekki um neinar biðraðir að ræða. Þeir höfðu hins vegar miklar áhyggjur af því húsbréfakerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir og neikvæðum áhrifum þess, m.a. hugsanlegum háum vöxtum og affallaviðskiptum með húsbréf sem mundu leiða til mikillar greiðslubyrði lántakenda. Talað var um vaxtasprengingu þegar 10.000 manns af biðlistanum yrði att saman um kaup á þeim 5000 íbúðum sem ganga kaupum og sölum árlega. Þeir höfðu áhyggjur af fólki sem mundi lenda í miklum greiðsluerfiðleikum þar sem óþolinmæðin mundi verða skynseminni yfirsterkari. Þá höfðu þeir áhyggjur af því að vaxtabótakerfið mundi reynast erfitt í framkvæmd og hætta á að félagslegar íbúðir yrðu út undan í því kerfi. Vaxtabætur í gegnum skattakerfið í stað niðurgreiddra vaxta væri mjög flókið kerfi og mikil hætta á að ríkið mundi fljótlega skera niður framlag til vaxta og koma smám saman á fullum markaðsvöxtum á húsnæðislánum.

Nokkrar umræður urðu um þátt lífeyrissjóðanna og form húsbréfalána. Fulltrúar ASÍ töldu það vera til bóta ef seljendum eða kaupendum íbúða yrði gert að þurfa að sækja um húsbréfalán í stað hömlulausra skuldabréfaskipta. Þá töldu þeir ekki fráleitt að lífeyrissjóðirnir tækju upp beinar lánveitingar aftur og þá á grundvelli húsbréfa. Bent var á að nær allir fjármunir, sem notaðir eru til húsnæðislána, koma frá lífeyrissjóðunum. Þá væri ef til vill eðlilegast að lífeyrissjóðirnir sæju um húsnæðislán á grundvelli húsbréfa sjálfir í stað þess að láta fjármuni þeirra fara í gegnum byggingarsjóði ríkisins til húsbréfalána. Tekið er undir hugmyndir þingmanna Borgaraflokksins um húsnæðislán á grundvelli húsbréfaútboðs í stað hömlulausra skuldabréfaskipta eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Kemur þetta sjónarmið fram í umsögn ASÍ um frumvarp Borgaraflokksins um sérstakar húsnæðislánastofnanir á fylgiskjali I.

Verkamannasambandið með húsbréfum.

Guðmundur J. Guðmundsson, fulltrúi Verkamannasambands Íslands, kom á fund nefndarinnar og lýsti yfir stuðningi þess við frumvarpið. Kom fram í máli hans að stjórn Verkamannasambandsins hefur fyrst og fremst áhyggjur af hinum löngu biðröðum eftir húsnæðislánum í núverandi kerfi. Hann benti m.a. á að fólk tekur dýr skammtímalán við kaup á íbúðarhúsnæði af þessum orsökum og lendir því oft í miklum greiðsluerfiðleikum. Hann sér þá lausn með húsbréfakerfinu að skjólstæðingar Verkamannasambandsins muni eiga styttri biðtíma eftir hefðbundnum lánum með niðurgreiddum vöxtum þar sem aðrir og efnameiri einstaklingar muni fara yfir í húsbréfalán.

Fasteignasalar ánægðir.

Þórólfur Halldórsson, formaður Félags fasteignasala, kom á fund nefndarinnar og lýsti ánægju sinni yfir húsbréfafrumvarpinu. Hann taldi að þetta mundi létta á biðröðinni og auðvelda fasteignaviðskipti. Aðspurður taldi hann að ekki væri hætta á því að verð fasteigna mundi hækka vegna hömlulausra húsbréfaviðskipta. Ekki hefur þeirri spurningu verið svarað hvort ríkistryggð húsbréf og frjáls fasteignaviðskipti eiga saman. Ætlar ríkið að ábyrgjast öll fasteignaviðskipti landsmanna? Er næsta skref það að ríkið ábyrgist öll viðskipti landsmanna með notaða bíla?

Þjóðhagsstofnun á báðum áttum.

Tveir fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar, þeir Jóhann Rúnar Björgvinsson og Sigurður Snævarr. Jóhann taldi að með þeirri útfærslu á húsbréfakerfi, sem lögð er til í frumvarpinu, sé verið að fara inn á mjög varhugaverðar brautir í peningamálum. Húsbréfin með þeirri ríkisábyrgð, sem fylgir þeim, koma til með að virka eins og aukið peningamagn í umferð án þess að nokkur verðmætasköpun í þjóðfélaginu standi þar á bak við. Ekki sé höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu við veitingu húsbréfalána og því munu þau verða verðbólguhvetjandi. Skuldabréfaútboð, eins og tillögur Borgaraflokksins um húsbréfakerfi bera með sér, sé hins vegar í samræmi við það meginsjónarmið að höfða til sparnaðarins í þjóðfélaginu þegar hugsað er til fjárfestinga. Kemur þetta fram í umsögn um frumvarp Borgaraflokksins um húsnæðislánastofnanir og samanburði við húsbréfakerfi félagsmálaráðherra sem er á fylgiskjali II. Sigurður Snævarr var hins vegar ekki á sama máli og taldi að húsbréfakerfið, eins og það liggur fyrir, geti verið hagkvæm lausn.

Húsnæðisstofnun les blöðin.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins, þeir Sigurður E. Guðmundsson forstjóri, Hilmar Þórisson skrifstofustjóri, Grétar Guðmundsson, yfirmaður ráðgjafar- og greiðsluerfiðleikadeildar, Percy Stefánsson, deildarstjóri Byggingarsjóðs verkamanna, og Haukur Sigurðsson, deildarstjóri Byggingarsjóðs ríkisins. Í máli þeirra kom m.a. fram að þeir hafa ekki haft tækifæri til að setja sig sérstaklega inn í húsbréfafrumvarpið. Það var unnið í milliþinganefnd og síðan undirbúið af embættismönnum félagsmálaráðuneytisins. Húsnæðisstofnun veit því í raun ekki meira um málið en almennur blaðalesandi sem hefur fylgst með málinu í blaðafréttum. Fram kom að engin undirbúningsvinna hefur farið fram af hálfu Húsnæðisstofnunar vegna húsbréfakerfisins. Engar hugmyndir eru um væntanlegt umfang húsbréfaviðskipta og engar rekstraráætlanir hafa verið gerðar.

Miklar umræður urðu um hina löngu biðröð eftir húsnæðislánum. Fulltrúar Húsnæðisstofnunar telja að ekkert lát sé á biðröðinni og hún haldi áfram að vaxa. Af hálfu nefndarmanna kom fram mikil gagnrýni á meðhöndlun Húsnæðisstofnunar á afgreiðslu lána og lánsloforða. Þannig eru margir lífeyrissjóðir sem hafa ekki staðið við samkomulag um skuldabréfakaup. Vantar um 1,6 milljarða kr. inn í húsnæðislánakerfið af þessum orsökum. Húsnæðisstofnun hefur þó ekki séð ástæðu til að skerða lánsrétt sjóðfélaga í þeim lífeyrissjóðum sem ekki hafa staðið við samningana. Enn fremur vakti góð sjóðsstaða hjá byggingarsjóðunum athygli. Rúmlega 1 milljarður kr. var í sjóði um áramót og rúmlega 800 millj. kr. við síðustu mánaðamót. Er ekki hægt að flýta útlánum sem þessu nemur?

Vitað er að töluverð afföll verða á lánsumsóknum vegna ýmissa aðstæðna hjá umsækjendum. Samt hefur nær engin vinna verið innt af hendi til að rannsaka hvort umsóknir séu tvíteknar, m.a. sé bæði sótt um í verkamannabústaðakerfinu og í hinu almenna húsnæðislánakerfi. Ekki er gengið eftir því að þeir sem fá lánsloforð eða tilboð um lán sinni því en falli ella út úr biðröðinni. Svona mætti lengi telja. Þá hefur ekki verið hugað að þeirri lausn að hafa hærri vexti á lánum til umsækjenda úr víkjandi hópum (þ.e. eignamanna og þeirra sem eiga

íbúðir fyrir) en hjá forgangshópunum sem þó er heimilt samkvæmt lögum. Þá kom fram gagnrýni á þá ráðstöfun að láta umsækjendur tíunda fjárhags- og eignastöðu sína þremur árum áður en lán er veitt. Spurt er hví óafgreiddar umsóknir falli ekki sjálfkrafa úr gildi við áramót.

Verkamannabústaðakerfið vantar íbúðir.

Á fund nefndarinnar kom Ríkarður Steinbergsson, framkvæmdastjóri stjórnar Verkamannabústaða í Reykjavík. Hann sagði að mikil þörf væri fyrir félagslegar íbúðir og virtist fara ört vaxandi. Á síðasta ári komu 1150 umsóknir um verkamannabústaði, en aðeins var hægt að sinna 250 umsækjendum. Stjórn verkamannabústaða býr samt ekki til langar biðraðir þar sem allar umsóknir, sem eru óafgreiddar um áramót, falla þá úr gildi. Nú eru um 2800–3000 verkamannabústaðir í Reykjavík og þörf er fyrir byggingarátak á þessu sviði. Töluverð brögð eru að því að margir reyni að misnota félagslega íbúðakerfið og er erfitt að komast hjá slíku. Fram komu hugleiðingar um það hvort stjórnir verkamannabústaða þyrftu að kaupa íbúðir með húsbréfum. Stjórn verkamannabústaða kaupir töluvert af verkamannabústöðum eldri en 30 ára sem þá seljast á frjálsum fasteignamarkaði. Slíkar íbúðir yrðu væntanlega að kaupast með húsbréfum og endursala til umsækjanda að taka mið af því.

Atvinnulífið tapar.

Á fund nefndarinnar kom Guðmundur Gylfi Guðmundsson, Fasteignamati ríkisins. Guðmundur Gylfi átti sæti í þeirri milliþinganefnd sem fjallaði um húsbréfamálið og skilaði hann minnihlutaáliti ásamt Ásmundi Stefánssyni. Gylfi kvaðst vegna starfa sinna hafa öðlast mikla þekkingu og reynslu á fasteignamarkaðinum. Hann sagði m.a. að 5–7% af öllum íbúðum landsmanna gengju kaupum og sölum árlega. Þetta eru um 4700 íbúðir. Þar við bætast 1300 nýjar íbúðir árlega eða samtals eru gerðir um 6000 kaupsamningar vegna íbúðakaupa árlega. Um þriðji hluti þeirra, sem er á fasteignamarkaðinum þarf ekki á lánum að halda. Það er fyrst og fremst ungt fólk sem þarf á miklum húsnæðislánum að halda.

Gylfi taldi að með breytingum á núverandi húsnæðiskerfi væri hægt að ná jafnvægi og útrýma biðröðinni á tiltölulega skömmum tíma. Með hinu sjálfvirka húsbréfakerfi, þ.e. með hömlulausum skuldabréfaskiptum, verður dregið fé frá atvinnulífinu inn í húsnæðiskerfið þar sem sparnaðurinn eykst ekki.

Verðbréfasalar ánægðir.

Síðastur kom á fund nefndarinnar Gunnar Helgi Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélagi Íslands hf. Gunnar Helgi taldi eðlilegt að húsbréf yrðu með ríkisábyrgð. Allt húsnæðiskerfi landsmanna væri hvort sem er með ríkisábyrgð. Annað væri ekki hægt, einkum vegna hinna dreifðu byggða. Gunnar Helgi taldi ekki nein sésrstök vandkvæði á því að versla með húsbréf. Verðbréfamarkaðurinn hefði þörf fyrir nýja tegund markaðshæfra bréfa af þessu tagi. Þó gat hann ekki sagt til um hvaða áhrif það hefði að húsbréfin verða til 25 ára og treysti sér ekki til að spá um hver yrðu afföll af húsbréfum. Hingað til hefur verðbréfamarkaðurinn ekki verslað með skuldabréf sem eru til lengri tíma en 10 ára. Alkunna er að afföll á skuldabréfum í verðbréfaviðskiptum hafa verið mjög mikil.

Haustið 1987 lögðu þingmenn Borgaraflokksins í efri deild Alþingis fram frumvarp til laga um sérstakar húsnæðislánastofnanir sem fjármögnuðu útlán sín með útgáfu húsbréfa. Við lögðum á það áherslu að lífeyrissjóðirnir hefðu frumkvæði að því að koma upp slíkri stofnun en ríkið, þ.e. Húsnæðisstofnun, sinnti fremur hinum félagslega þætti húsnæðismála. Það húsbréfakerfi, sem við lögðum til, er í betra samræmi við þær hefðir og breytingar sem nú eiga sér stað í húsnæðislánamálum í Evrópulöndunum. M.a. töldum við að húsnæðislánastofnunin gæti gefið út t.d. fimm ára húsbréf og boðið til sölu á verðbréfamörkuðum til að afla fjármagns

til húsnæðislána líkt og sænskar húsnæðislánastofnanir gera. Síðan ætti að veita húsnæðislán á venjulegan hátt á grundvelli umsókna frá seljanda íbúðar eða kaupanda. Þessa tilraun væri auðvelt að gera samhliða núverandi húsnæðislánakerfi. Á vegum Evrópubandalagsins fer nú fram vinna til samræmingar á húsnæðislánamálum aðildarríkjanna. Reglugerðir um húsnæðislánastofnanir bandalagsríkjanna eru í góðu samræmi við þær hugmyndir sem komu fram í frumvarpi Borgaraflokksins.

Með hliðsjón af þeirri óvissu, sem enn ríkir um rekstur þess húsbréfakerfis, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og áhrifum þess á peningakerfi landsmanna, leggur 2. minni hl. til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. maí 1989.

Júlíus Sólnes.

Fylgiskjal I.

Umsagnir miðstjórnar ASÍ um húsnæðismál.
(14. apríl 1989.)

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 13. apríl sl., voru meðal annarra samþykktar þrjár umsagnir um húsnæðismál.

Miðstjórn telur að hugmynd Júlíusar Sólnes og Guðmundar Ágústssonar, þingmanna Borgaraflokksins, um að afla fjár fyrir lánum til þeirra sem ekki eiga rétt á láni úr Byggingarsjóði ríkisins með skuldabréfaútboði, „húsbréfa", komi til álita. Það er þó með þeim fyrirvara að skuldabréfaútboðið verði í tiltölulega litlum mæli. Að mati miðstjórnar hefur það mjög afdrifaríkar afleiðingar í för með sér ef mikið magn „ríkistryggðra" skuldabréfa verður í samkeppni við spariskírteini ríkissjóðs en einkum þó í samkeppni við atvinnuvegina um lánsfé.

Húsbréfafrumvarpið var einnig til umræðu hjá miðstjórninni. En eins og kunnugt er byggir það ekki á skuldabréfaútboði heldur skuldabréfaskiptum. Miðstjórn ítrekar samþykkt Alþýðusambandsþingsins í haust. En þingið varaði alvarlega við hugmyndum um hin svokölluðu húsbréf við þær aðstæður er við búum við á fjármagnsmarkaðinum í dag. Miðstjórn vísaði einnig til sérálits fulltrúa ASÍ sem hann lagði fram í nefnd félagsmálaráðherra um breytingar á húsnæðislánakerfinu.

Þriðja umsögnin um húsnæðismál, sem miðstjórn ASÍ fjallaði um, var um þingsályktunartillögu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Guðmundar Ágústssonar, Óla Þ. Guðbjartssonar og Alberts Guðmundssonar. Miðstjórn tók undir tillögu fjórmenninganna um að ríkisstjórninni yrði falið að undirbúa breytingar á lögum til þess að húsaleiga lágtekjufólks yrði annað tveggja frádráttarbær frá tekjuskatti eða bætt með húsaleigustyrkjum.

Fylgiskjal II.

Minnispunktar
til Júlíusar Sólnes vegna beiðni um lauslegt álit á frumvarpi til laga
um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.
(9. maí 1989.)

Að mínu mati er grundvallarmunur á þessu húsbréfafrumvarpi og því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi. Meginútfærsla þess samræmist vel þeim kröfum sem gerðar eru til peninga- og fjármálakerfis hverrar þjóðar, en það síðarnefnda gerir það hins vegar ekki.

Grundvallarmunurinn liggur í eftirfarandi:

Samkvæmt frumvarpi BF er gert ráð fyrir að hinir svonefndu húsbankar fjármagni útlán til fasteignakaupenda með útgáfu sérstakra húsbréfa (obligationer), með öruggri tryggingu, sem seld eru á frjálsum markaði. Þannig fást peningar til útlána. Með þessari útfærslu er fyrst höfðað til sparnaðarins í þjóðarbúinu með sölu á húsbréfum. Síðan er sparnaðinum ráðstafað til fasteignakaupa. Þannig verður fjárfestingin aldrei meiri en sparnaðurinn gefur tilefni til miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að húsbréf verði seld í fyrstu umferð á frjálsum markaði fyrir peninga sem síðan eru lánaðir til fasteignakaupenda, heldur er gert ráð fyrir að fasteignakaupandinn greiði íbúðina að hluta til með húsbréfum. Með þessari útfærslu á fjárfestingin sér fyrst stað. Síðan er látið reyna á hvort sparnaðurinn í þjóðarbúinu verði nægjanlegur til að mæta þeirri fjárfestingu miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun. Hér vantar því nauðsynlega takmarkandi þætti í útfærslu húsbréfakerfisins sem draga eiga úr líkum á afföllum og verðbólguáhrifum sem geta komið til ef fjárfestingin verður of mikil miðað við sparnaðinn.

Hér er um grundvallaratriði að ræða í útfærslunni. Góður ásetningur um hóflegt framboð af húsbréfum samrýmist engan veginn þeim ströngu kröfum sem gerðar eru til peninga- og fjármálakerfis í þróaðri ríkjum. Engum er fengið slíkt (útgáfu-) vald nema það samræmist vel viðurkenndum leikreglum því allar líkur benda til þess að það verði misnotað fyrr eða síðar.

Vert er að nefna eftirtalin atriði sem eru nokkuð vandasöm í framkvæmd og er því ástæða til að huga vel að þeim:

Samkvæmt frumvarpi BF er gert ráð fyrir að raunvextir veðlána skuli vera breytilegir í samræmi við mismunandi sölugengi húsbréfa. Þetta hefur í för með sér verulega óvissu um vaxtabyrðina af veðskuldabréfunum. Með hliðsjón af þessu er rétt að benda á að mikil ábyrgð og siðferðileg krafa er lögð á húsbankana, sem beinist að þeim aðilum sem þegar hafa gefið út veðskuldabréf, um að útgáfa húsbréfa verði ekki of mikil miðað við eftirspurn þeirra. Slíkt offramboð hefði í för með sér hærri afföll og meiri kostnað á þann stokk veðskuldabréfa sem þegar hefur verið gefinn út.

Hægt er að komast hjá þessari óvissu varðandi vaxtabyrði veðskuldabréfanna með því að hafa verðtryggingu og fasta vexti yfir ákveðið vaxtatímabil eins og bent er á í frumvarpinu. En með því móti verður vaxtabyrðin mun ljósari. Þá gefst einnig tækifæri til að semja að nýju ef aðstæður breytast.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að galdra neinar biðraðir burt á skömmum tíma. Fjárfestingin í landinu hlýtur alltaf að taka mið af sparnaðinum í þjóðfélaginu (ef gert er ráð fyrir að ekki séu tekin erlend lán). Því er ekki hægt að lána hærri fjárhæð en sala húsbréfa gefur tilefni til. Ef framboð fasteignakaupenda á veðskuldabréfum til húsbanka er mun meiri en eftirspurn eftir

húsbréfum á hinum frjálsa markaði, miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun, verða biðraðir að sjálfsögðu til staðar. Með tímanum koma biðraðirnar til með að styttast en það eru fyrst og fremst niðurgreiddir vextir í núverandi kerfi sem hafa skapað þær. Auðvitað er hægt að uppræta biðraðir á mjög skömmum tíma með mjög háum raunvöxtum en það er ekki markmiðið. Það þarf að vinna sig hægt og sígandi út úr því ójafnvægi sem ríkir á fasteignamarkaðnum með skynsamri og eðlilegri vaxtaþróun að leiðarljósi.

Varðandi erlent lánsfjármagn þá er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að hafa í huga að ekki má auka peningamagnið í hagkerfinu nema forsendur leyfi þar sem slíkt ýtir undir þenslu og verðbólgu.

Að síðustu varðandi lánskjör og verðtryggingar þá tel ég eðlilegt að þannig sé bundið um hnútana að jákvæðir raunvextir verði greiddir af útlánum húsbanka.

Jóhann Rúnar Björgvinsson,
hagfræðingur.

Nd. 1269. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og telur að í því sé að finna mjög þarfa ábendingu um afnám lánskjaravísitölu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið í stjórnarsáttmála sínum að koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara. Það verður ekki gert nema með afnámi lánskjaravísitölu. Þess vegna leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 1270. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Á sl. vori voru sett heildarlög um framhaldsskóla. Á bak við þá lagasetningu var mjög mikil vinna ótal aðila svo árum skipti. Það hafði því verið mikið vandaverk að samræma sjónarmið og laða menn til samstarfs, svo ólíkar skoðanir sem uppi eru og hafa raunar alltaf verið uppi um stefnu í skólamálum og framkvæmd hennar, verkaskiptingu milli skólastiga og milli skóla á sama skólastigi og loks milli ríkis og sveitarfélaga. Það gat því enginn búist við því að allir yrðu að öllu leyti ánægðir með framhaldsskólalögin. Á hinn bóginn er vafalaust að sú skoðun sé yfirgnæfandi meðal skólamanna að nauðsynlegt sé að látið verði á þau reyna áður en þeim er breytt, en óráðlegt að hlaupa til nú með hvatvíslegar breytingar þó svo að nýr maður hafi sest í stól menntamálaráðherra sl. haust. Það sýnir best hvílíkt flýtisverk frumvarpið er að það var fyrst í þriðju prentun sem ráðherra hafði gert upp við sig hver

endanleg gerð þess yrði. Þá er ósamræmi í texta 7. gr. frumvarpsins og greinargerðar sem ekki hefur verið skýrt.

Lögin um framhaldsskóla byggjast á margvíslegum málamiðlunum sem mjög erfitt var að ná. Það er þess vegna í senn ótraustvekjandi og lýsandi fyrir vinnubrögðin að þess skuli hvergi getið hver samdi frumvarpið né hvernig það er undirbúið. Hitt liggur ljóst fyrir að með frumvarpinu er dregið úr sjálfstæði skólanna og horfið frá þeirri stefnu, sem hvarvetna hefur gefist vel, að láta sveitarstjórnir skipa meiri hluta skólanefnda og treysta þannig samstarf skólanna við borgarana.

Frumvarpið kom seint fram og hefur ekki hlotið þá faglegu umfjöllun í nefnd sem nauðsynleg er. Nefndin fjallaði um málið á einum fundi sem stóð í rúman klukkutíma. Enginn fulltrúi kennara hefur fjallað um málið og sagt álit sitt á því og er þó ljóst að með frumvarpinu er verið að breyta verulega réttarstöðu kennara að því er snertir ráðningu þeirra. Stefnt er að því að að fella niður setningu í störf og gera skipun að undantekningu. Aðalreglan verði hins vegar ráðning, en samkvæmt stjórnarfarsrétti er það mun laustengdara samband milli ríkis og starfsmanna en skipun og jafnvel setning. Það er vítavert að slík grundvallarbreyting sé samþykkt án nokkurs samráðs við samtök kennara. Þá hefur komið fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lýst andstöðu við 4. gr. frumvarpsins.

Þá er og ljóst að mjög eru skiptar skoðanir um flest aðalefnisatriði frumvarpsins og alls ekki hafa fengist skýringar á þeim atriðum.

Með hliðsjón af framansögðu leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki hefur fengist reynsla af lögum um framhaldsskóla og frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur hvorki fengið nægilegan undirbúning né þá faglegu umfjöllun sem ætlast er til af þingnefndum er frumvarpinu vísað frá og næsta mál tekið á dagskrá.

Alþingi, 19. maí 1989.

Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 1271. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi og greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. bætist:
   Endurgreiða skal gjald af erlendum lánum sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hafa þá ekki verið endurlánuð.
3. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr a-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1988.

4. Við bætist ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:
   Hámarksfjárhæðir í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr.“ komi: 250.000 kr. og í stað „91.800 kr.“ komi: 500.000 kr.
5. Við bætist ný grein er verði 10. gr. og orðist svo:
   Við 10. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:
   Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja og nýta á tveimur næstu árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkunum með sama hætti og fjárhæðir skv. 2. gr.
6. Við bætist ný grein er verði 11. gr. og orðist svo:
   Á eftir fyrri málsgrein 11. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:
   Þegar um er að ræða útboð nýs hlutafjár í starfandi hlutafélagi og engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hin nýju hlutabréf skal frádráttur skv. 10. gr. heimill þótt ekki sé fullnægt skilyrðum um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa.

Ed. 1272. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

Ráðherra ákveður í reglugerð um nám sjúkraliða og starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8/1974.

Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1992.

Nd. 1273. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er ríkisstjórnin að efna nokkur þeirra loforða sem hún gaf til þess að greiða fyrir kjarasamningum Alþýðusambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna um síðustu mánaðamót.

Allar greinar frumvarpsins miða fyrst og fremst að bættum hag atvinnurekstrarins, nema 6. og 7. gr. sem auka rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Svo réttmæt og sjálfsögð sem sú aðgerð er þá má furðu sæta að enn sé talin ástæða til að vísa á Atvinnuleysistryggingasjóð sem ríkisvaldið hefur þegar svipt lögboðnu ríkisframlagi, a.m.k. næstu tvö ár, jafnframt því sem líkur eru á verulegu og vaxandi atvinnuleysi á þessu ári.

Í 1. gr. frumvarpsins er enn gripið til gamalkunnugs ráðs, þess að veita Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins heimild til lántöku til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk. Lokamálsgrein 1. gr. mótast af fullkomnu óraunsæi þar sem reiknað er með endurgreiðslu sjóðsins á næstu þremur árum eftir að lánið er tekið. Engar líkur eru á því að hagur viðkomandi greina batni svo að þær geti staðið undir slíku og flestum ljóst að frekari aðgerða er þörf þegar þessum sleppir. Þrátt fyrir loforð ríkisstjórnarinnar um einhverjar slíkar aðgerðir er ekki frekar af þeim að frétta í frumvarpinu né greinargerð.

Í 5. gr. er kveðið á um hækkun jöfnunargjaldsins en að öðru leyti er efni frumvarpsins fólgið í því að nema burt skatta sem lagðir voru á eða hækkaðir í lok síðasta árs og voru þá yfirlýstir óhjákvæmilegir með tilliti til stöðu ríkissjóðs. Nú er tæpast eytt orðum að áhrifum þessara aðgerða á stöðu ríkissjóðs.

Sérstaklega ber að fagna niðurfellingu vörugjalds á ýmsum aðföngum og framleiðsluvörum húsgagna-, trjávöru- og málmiðnaðar sem lögð er til í 4. gr., en svo illa var staðið að undirbúningi lagasetningar um vörugjald í árslok 1988 að menn eru ekki enn búnir að átta sig á framkvæmdinni nú fimm mánuðum eftir gildistöku laganna. Afleitt er þó að ætla ákvæðum 4. gr. ekki að taka gildi fyrr en 1. september sem hefði í för með sér ómælda erfiðleika og samdrátt í fyrrgreindum iðnaði fram til þess tíma. Þess vegna leggur minni hl. til á þskj. 1274 að gildistaka þessa ákvæðis verði 1. júní nk.

Fyrrgreind atriði eru öll mikilvæg fyrir atvinnureksturinn og auðvelda atvinnurekendum að standa við gerða kjarasamninga. Ekki er þó síður ástæða til beinna ráðstafana í þágu launafólks sem er gert að sætta sig við viljayfirlýsingar og loforð um nefndir og samráð. Hefði verið fullkomlega eðlilegt að gera með þessu frumvarpi ráðstafanir til að draga úr sköttum á launafólk á sama hátt og hér er verið að létta atvinnurekendum róðurinn.

Til þess að bæta lítillega úr þessari vanrækslu leggur minni hl. til breytingar á þskj. 1274 sem eru samhljóða 1. og 2. gr. frumvarps á þskj. 789 sem er 429. mál þingsins. Önnur breytingartillagan á þskj. 1274 felur það í sér að einstæðir foreldrar geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna, sem eiga hjá þeim lögheimili, á sama hátt og hjón eða karl og kona í sambúð geta gert. Í 3. breytingartillögu á þskj. 1274 felst að við fráfall maka verði álagning eignarskatts áfram með sama hætti og um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi. Með því væri leiðrétt það óréttlæti í lögunum að hjón geta nú átt allt að 14 millj. kr. eign áður en þau lenda í hærra skattþrepi, en falli annað þeirra frá þarf hitt að greiða miklu hærri skatt af nákvæmlega sömu eign.

Loks vill minni hl. árétta að verði gengi krónunnar breytt verulega er nauðsynlegt að rétta hlut launafólks enn frekar, t.d. með niðurfellingu eða lækkun skatts á matvæli.

Að samþykktum tillögum á þskj. 1274 leggur minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. maí 1989.

Ingi Björn Albertsson, fundaskr.
Kristín Halldórsdóttir, frsm.

Nd. 1274. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KH, IBA).

1. Við 4. gr. Fyrir „1. september 1989“ komi: 1. júní 1989.
2. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er verði 9. gr., svohljóðandi:
   Við 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bætist svohljóðandi málsliður: Einstæðum foreldrum er heimilt að nýta á sama hátt ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem eiga hjá þeim lögheimili.
3. Á eftir nýrri 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., svohljóðandi:
   Við 83. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Falli annað hjóna frá greiðir eftirlifandi maki eignarskatt eftir sömu reglum og um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi.
4. Við 9. gr., sem verði 11. gr., bætist svohljóðandi málsliður: Ákvæði 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 1989, en ákvæði 10. gr. gilda um álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í árslok 1988.

Nd. 1275. Frumvarp til laga [443. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. maí.)

1. gr.

Á eftir f-lið 29. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

5. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Örorkubætur greiðast ekki ef örorkutapið er metið minna en 10%.

3. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í f- og g-lið 29. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **1276. Lög** [182. mál]

um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 731 (sbr. 204).

Nd. **1277. Lög** [200. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 732 (sbr. 257).

Nd. **1278. Lög** [247. mál]

um lögbókandagerðir.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 457.

Nd. **1279. Lög** [111. mál]

um aðför.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 836 (sbr. 114).

Nd. **1280. Lög** [416. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1221.

Nd. **1281. Lög** [463. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1157.

Ed. 1282. Lög [372. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1186.

Ed. 1283. Lög [506. mál]

um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1127.

Ed. 1284. Lög [356. mál]

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 657.

Ed. 1285. Lög [163. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1203.

Nd. 1286. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra. Varðandi ákvæði um umhverfisráðuneyti hefur nefndin leitað umsagnar fjölmargra aðila um frumvarp til laga um umhverfismál sem snertir það ákvæði sérstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. maí 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Sighvatur Björgvinsson. Geir Gunnarsson.

Guðni Ágústsson.

Nd. 1287. Breytingartillögur [418. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JK, SighB, GeirG, GuðnÁ).

1. Við 3. gr.
   a. Í 1. efnismgr. 3. gr. falli niður orðin „eða deildarstjóra“.
   b. Á eftir orðinu „aðstoðarráðuneytisstjóri“ í 2. efnismgr. komi orðin: er staðgengill og.
   c. í 4. efnismgr. falli niður orðin „eða deildarstjóri“.
   d. Í stað orðanna „skrifstofustjóra og deildarstjóra“ í síðustu málsgrein komi: og skrifstofustjóra.
2. Í síðari málsgrein 5. gr. falli brott orðin „til sama tíma“.
3. 6. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. gr. laga þessara öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1990.

Nd. 1288. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram samhliða 417. máli í neðri deild, frumvarpi til laga um umhverfismál, en tengist því þó aðeins með ákvæði 1. gr. Fyrsti minni hl. er eindregið þeirrar skoðunar að stofna skuli sérstakt ráðuneyti umhverfismála og telur ekkert því til fyrirstöðu að fresta þinglokum á þessu vori svo lengi sem þurfa þykir til þess að afgreiða það mál. Til þess virðist ekki nægilegur vilji meðal þingmanna þrátt fyrir mörg og fögur orð um nauðsyn þess að koma góðri skipan á umhverfismálin. Miklu betra en ekki er þá að lögfesta það frumvarp um Stjórnarráð Íslands sem hér um ræðir og er þá lögfest að sérstakt ráðuneyti fari með umhverfismál. Sex ára ákvæðið í fyrri málslið 5. gr. er til bóta en önnur atriði þessa frumvarps skipta minna máli.

Fyrsti minni hl. mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. maí 1989.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Ed. 1289. Breytingartillaga [344. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

Frá Guðmundi Ágústssyni og Júlíusi Sólnes.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði

12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m² brúttó, að frádregnum bílskúr. Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti og ekki eru notaðar til eigin atvinnustarfsemi umsækjanda. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

Nd. 1290. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um framhaldsskóla sem tóku gildi 9. maí 1988.

Það var þá þegar löngu tímabært að sett yrði rammalöggjöf um framhaldsskólastigið. Fulltrúar Kvennalistans höfðu þó ýmsar athugasemdir við það frumvarp sem varð að lögum síðastliðið vor og lögðu því fram töluvert margar breytingartillögur.

Stærstu agnúana á frumvarpinu var að mati Kvennalistans að finna í stjórnunarkafla þess þar sem pólitískt kjörnum fulltrúum voru færð óeðlilega mikil völd og áhrif um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur.

Breytingartillögur Kvennalistans varðandi stjórnunarþáttinn hnigu því í þá átt að tryggja að faglegra sjónarmiða skyldi gætt, m.a. með því að ætla fulltrúum kennara og nemenda, deildarstjórum og faggreinafélögum stærri hlut við mótun skólastarfsins. Aðrar breytingartillögur Kvennalistans lutu að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna og aðbúnaði nemenda svo sem aukinni námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og stofnun mötuneyta við hvern framhaldsskóla.

Veigamestu breytingarnar, sem fram koma í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar, felast í því að skilgreina nánar og útvíkka verksvið samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins, sbr. 3. gr., breytta skipan skólanefnda, sbr. 4. gr., og breytta útreikninga við rekstrarkostnað skólanna svo og gerð samninga milli hvers skóla og menntamálaráðuneytis um greiðslur til skólanna af fjárlagalið þeirra. Efni frumvarpsins í heild fer að nokkru leyti saman við hugmyndir og breytingartillögur Kvennalistans frá síðasta ári. Því hefði e.t.v. legið nokkuð beint við að styðja frumvarpið með nokkrum breytingartillögum eftir eðlilega umfjöllun.

Allar greinar frumvarpsins snerta dagleg störf kennara í framhaldsskólum landsins og mikilvægt er að útfærsla þess og framkvæmd sé í fullu samráði við þá. Auk þess eru í frumvarpinu ný ákvæði um hvernig staðið skuli að ráðningu kennara. Samkvæmt núgildandi lögum skal menntamálaráðherra setja eða skipa kennara, en í frumvarpinu er lagt til að skólameistari ráði þá. Hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða sem óverjandi er að gera án þess að nokkuð liggi fyrir um afstöðu kennara.

En eins og nú háttar til hlaut frumvarpið ekki þá faglegu umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið vegna kjaradeilu kennara í Hinu íslenska kennarafélagi við fjármálaráðuneytið. Annar minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að hafa samráð við og fá umsagnir frá þeim sem daglega er ætlað að starfa eftir lögunum og glæða þau lífi og anda, ekki síst nú þegar nýlokið er langri og erfiðri kjaradeilu og því mikilvægt að gera allt sem hægt er til að stuðla að góðri samvinnu kennara og þeirra ráðuneyta sem þeir hafa mest samskipti við.

Annar minni hl. telur það ekki málinu til framdráttar að hraða því í gegnum þingið við þær aðstæður sem nú ríkja auk þess sem deila má um það ráðslag að gera veigamiklar breytingar á svo nýsettum lögum. Þá er hætta á að það skapi óöryggi hjá skólafólki ef von er á

of örum breytingum í stað þess að láta á lögin reyna og breyta síðan, ef með þarf, í ljósi reynslu.

Með tilvísan til þessa telur 2. minni hl. sér ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 1989.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 1291. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Bjarna Braga Jónsson aðstoðarseðlabankastjóra, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Nefndin sem heild flytur hins vegar á sérstöku þingskjali fjórar breytingartillögur. Fyrsta breytingin er við 4. gr. frumvarpsins og felur í sér að fleiri tollskrárnúmer verði undanþegin vörugjaldi. Önnur breytingin varðar tekjuskatts- og eignarskattslögin og felur í sér þá breytingu að við álagningu eignarskatts skuli skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka. Þriðja breytingin er vegna síðastnefndu breytingarinnar og felur í sér að ákvæðin skuli koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989. Fjórða breytingin er bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að við gildistöku laganna verði fjármálaráðherra heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis- og loðdýraræktar.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, frsm.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Ragnar Arnalds.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Nd. 1292. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

4407.1001	4409.1000	4411.1901	4412.1101
4407.2101	4409.2000	4411.2101	4412.1201
4407.2201		4411.2901	4412.1901
4407.2301	4410.1001	4411.3101	4412.2101
4407.9101	4410.9001	4411.3901	4412.2901
4407.9201		4411.9101	4412.9101
4407.9901	4411.1101	4411.9901	4412.9901
			4413.0001

2. Á eftir 8. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 81. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka.
3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „Ákvæði 3. gr.“ komi: og 9. gr.
4. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Við gildistöku laga þessara er fjármálaráðherra heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis- og loðdýraræktar.

Nd. 1293. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Annar minni hl. er andvígur því að ráðuneytum verði fjölgað eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa á þessu þingi flutt frumvarp um samræmda stjórn umhverfismála (230. mál) þar sem lögð er til skynsamleg stjórnskipan umhverfismála án þess að fjölga ráðuneytum. Við undirritaðir teljum að þær tillögur feli í sér mun hagkvæmari og skilvirkari skipan stjórnkerfis umhverfismála en lagt er til í þessu stjórnarfrumvarpi.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. maí 1989.

Valdimar Indriðason, frsm. Kristinn Pétursson.

Ed. 1294. Lög [213. mál]

um launavísitölu.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 361.

Ed. 1295. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1229.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr. Jón Helgason.

Halldór Blöndal. Guðmundur Ágústsson. Skúli Alexandersson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 1296. Lög [344. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1160 (sbr. 1115).

Ed. 1297. Frumvarp til laga [335. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

Orðin „Vanskilafé og álagi skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, falla brott.

2. gr.

Orðin „Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988 falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um allar þær kröfur sem hér um ræðir og ekki hafa þegar verið gerðar upp við yfirstandandi búskipti.

Sþ. 1298. Skýrsla [510. mál]

um eftirgjöf fjármálaráðuneytisins á opinberum gjöldum, tekin saman af Ríkisendurskoðun að ósk forseta sameinaðs Alþingis, samkvæmt beiðni.

Vísað er til bréfs, dags. 12. maí 1989, þar sem fram kom beiðni til Ríkisendurskoðunar um skýrslu um eftirgjöf fjármálaráðuneytisins á opinberum gjöldum á tímabilinu 1. janúar 1987 til 1. maí 1989, samkvæmt þskj. 1174.

Í meðfylgjandi fylgiskjölum, I–II, er gerð grein fyrir þeim lögaðilum sem hafa fengið eftirgjöf gjalda á umræddu tímabili, þar með taldir vextir og innheimtukostnaður, og þeim sem greiddu opinber gjöld sín með útgáfu skuldabréfa. Þá hafa einstaklingar fengið eftirgjafir gjalda á nefndu tímabili, en í þessari skýrslu er aðeins gerð grein fyrir heildarsundurliðun uppgjörs en fjöldi þeirra, sem nutu þessara fyrirgreiðslna, er 33. Hins vegar eru í skýrslunni birt nöfn lögaðila og er það gert með tilliti til nafnbirtingar í svari stofnunarinnar um sama efni sem lögð hefur verið fram á yfirstandandi þingi.

Til innheimtu hjá þeim aðilum, sem hér um ræðir, voru alls 237.036.840 kr. Af þeirri fjárhæð var gert upp með skuldabréfum 174.826.636 kr., niðurfelling gjalda nam 35.218.982 kr. og greitt með peningum 26.991.222 kr.

(Fjárhæðir í kr.)	Samtals	Greitt		Niðurfelling	
		með peningum	með skuldabréfi	Höfuðstóll	Dráttarvextir og kostnaður
Eftirgjöf til lögaðila	58.138.276	13.773.744	14.018.348	66.250	30.279.934
Lögaðilar greitt með skuldabréfum	158.826.530	11.153.769	147.672.761		
Einstaklingar	20.072.034	2.063.709	13.135.527	1.432.551	3.440.247
Alls	237.036.840	26.991.222	174.826.636	1.498.801	33.720.181

Í fylgiskjali I er gerð grein fyrir 10 lögaðilum sem fengu að hluta niðurfellingu opinberra gjalda á tímabilinu 1. janúar 1987 til 1. maí 1989.

Í fylgiskjali II er gerð grein fyrir 18 lögaðilum sem fengu að greiða opinber gjöld sín með útgáfu skuldabréfa án niðurfellingar höfuðstóls eða vaxta.

Í 2. tölul. fyrirspurnarinnar var sérstaklega óskað eftir að Ríkisendurskoðun legði mat á forsendur og afgreiðslu einstakra eftirgjafa fjármálaráðuneytisins. Þar sem óskað var að umbeðin skýrsla yrði lögð fram á Alþingi eigi síðar en degi fyrir þinglausnir getur stofnunin ekki svarað þessum lið fyrirspurnarinnar vegna tímaskorts.

Þá er í 3. tölul. spurt um álit Ríkisendurskoðunar á heimildum fjármálaráðuneytisins til eftirgjafar opinberra gjalda. Í skattalögum er skýrt tekið fram um gjalddaga opinberra gjalda og dráttarvaxta sem gjaldendum ber að greiða sé ekki staðið í skilum á lögbundnum gjalddögum. Ekki er að finna í lögum ákvæði um heimild stjórnvalda til að breyta gjalddögum opinberra gjalda eða falla frá dráttarvöxtum, nema hvað varðar ákvæði 22. gr. laga nr. 9/1989 varðandi einstaklinga. Undantekning frá þessu er að ríkissjóður er bundinn við nauðasamninga sem gerðir eru fyrir skiptarétti, samþykktir af tilskildum hluta kröfuhafa, sbr. hæstaréttardóm frá árinu 1985, nr. 1465. Þá er ríkissjóður bundinn við úthlutun skiptaréttar úr þrotabúi. Álit Ríkisendurskoðunar miðað við framansagt er því að heimild skorti til niðurfellinga á þeim opinberu gjöldum sem hér um ræðir.

Ríkisendurskoðun vill í þessu sambandi benda á svör fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn frá Kjartani Jóhannssyni um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfi, á þskj. 177 á haustþingi 1987, en þar segir m.a.:

„Svo hefur verið litið á að fjármálaráðuneytinu væri skylt að sjá til þess eftir föngum að réttilega álögð gjöld og lögbundnir dráttarvextir af þeim innheimtust í ríkissjóð. Í þessari skyldu ráðuneytisins felst einnig sú eina heimild sem það hefur til að semja um greiðslufrest eða falla frá innheimtu hluta skuldar. Ef staða skuldara og trygging fyrir skattkröfu er það léleg að telja má víst að skuldin sé að verulegu leyti töpuð hefur ráðuneytinu verið talið heimilt að ganga til samninga við skuldara um greiðslufyrirkomulag skuldar og jafnvel falla frá hluta skuldarinnar gegn tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðva. Einkum eru slíkir samningar réttlætanlegir af hálfu ráðuneytisins ef þeir eru liður í óformlegum nauðasamningum eða víðtækara samkomulagi skuldara við lánardrottna.

Reynt er að leggja mat á stöðu skuldara í hverju tilfelli þegar beiðni berst um greiðslufrest. Afstaða er síðan tekin til beiðninnar með það í huga hvernig best er tryggður hagur ríkissjóðs."

Halldór V. Sigurðsson.
Sig. Þórðarson.

Eftirgjafir opinberra gjalda lögaðila.

Nr.	Dagsetning	Tegund gjalda	Fyrirtæki	Samtals	Greiðsla		Niðurfelling	
					Peningar	Skuldabréf	Höfuðstóll	Dráttarvextir
1	06.05.1987	Söluskattur	Bifreiðaverkstæðið Dvergur, Kópavogi	160.250	70.000			90.250
2	04.09.1987	Söluskattur	Ríó hf., Kópavogi	94.242	9.480		66.250	18.512
3	05.10.1987	Söluskattur, þinggjöld, launaskattur	Tak hf., Búðardal	4.189.503	1.863.312			2.326.191
4	25.01.1988	Söluskattur	Suðurverk sf., Hvolsvelli	10.995.363		4.633.906		6.361.457
5	28.03.1988	Þinggjöld, launaskattur, söluskattur	Blikkver hf., Kópavogi	5.181.743		2.416.817		2.764.926
6	22.10.1988	Þinggjöld, launaskattur	Norðurverk hf., Akureyri	12.608.732		6.967.625		5.641.107
7	23.11.1988	Vörugjald	Sælgætisgerðin Vala sf.	9.660.316	6.020.416			3.639.900
8	29.11.1988	Launaskattur	Íslenska óperan, Reykjavík	1.836.376	1.065.592			770.784
9	15.12.1988	Söluskattur	Nýverk sf., Siglufirði	170.000	70.000			100.000
10	12.12.1988	Launaskattur	Tíminn og Nútíminn hf., Rvík	13.241.751	4.674.944			8.566.807
				58.138.276	13.773.744	14.018.348	66.250	30.279.934

Greiðslur lögaðila á opinberum gjöldum með útgáfu skuldabréfa.

Nr.	Dagsetning	Tegund gjalda	Fyrirtæki	Samtals	Greiðsla		Niðurfelling	
					Peningar	Skuldabréf	Höfuðstóll	Dráttarvextir
1	15.05.1987	Þinggjöld, söluskattur launaskattur	Hótel Mælifell	3.305.000	1.750.000	1.555.000		
2	28.12.1987	Þinggjöld, launaskattur	Hraðfrystihús Stokkseyrar	7.787.170		7.787.170		
3	29.01.1988	Þinggjöld, söluskattur, launaskattur	Verslunin Kópavogur hf.	2.033.399		2.033.399		
4	25.05.1988	Þinggjöld, söluskattur, launaskattur	Möskvi hf.	10.630.951		10.630.951		
5	19.08.1988	Söluskattur	Júmbó ís	2.388.136	294.040	2.094.096		
6	28.11.1988	Söluskattur	Rafveita Eyrarbakka	1.200.000		1.200.000		
7	06.12.1988	Söluskattur	Örn og Örlygur hf.	12.763.707		12.763.707		
8	12.12.1988	Söluskattur	Tækjabúðin hf.	7.000.000	1.000.000	6.000.000		
9	13.12.1988	Söluskattur, launaskattur	Svart á hvítu hf.	23.622.602		23.622.602		
10	02.01.1989	Söluskattur, þinggjöld, launaskattur, vörugjöld	Kaupfélag Hvammsfjarðar	44.619.513		44.619.513		
11	02.01.1989	Opinber gjöld	Akraprjón hf.	2.205.619		2.205.619		
12	02.01.1989	Opinber gjöld	Drífa hf.	97.354		97.354		
13	02.01.1989	Opinber gjöld	Líbra hf.	460.209		460.209		
14	02.01.1989	Þinggjöld, launaskattur	Glit hf.	1.507.481		1.507.481		
15	17.01.1989	Launaskattur	Kaupfélag Ísfirðinga	22.885.162	3.109.729	19.775.433		
16	31.01.1989	Söluskattur	Hótel Ísafjörður	5.923.825		5.923.825		
17	13.02.1989	Launaskattur	SÁÁ	8.829.052	5.000.000	3.829.052		
18	13.02.1989	Söluskattur	Brattahlíð hf.	1.567.350		1.567.350		
				158.826.530	11.153.769	147.672.761		

Sþ. 1299. Skýrsla [516. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um truflanir í raforkukerfi landsins í október 1988 og febrúar 1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

Vegna truflana í raforkukerfi landsins í október og febrúar sl. óskaði iðnaðarráðherra eftir skýrslum frá Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Orkubúi Vestfjarða um bilanirnar sem urðu í raforkukerfinu dagana 9.–14. febrúar síðastliðinn, en þær ollu straumleysi hjá þorra landsmanna. Enn fremur óskaði ráðherra eftir skýrslu frá Landsvirkjun um truflanir á raforkukerfi Landsvirkjunar, hinn 16. október 1988. Þessar truflanir sýndu á áþreifanlegan hátt hve atvinnuvegirnir og allt daglegt líf landsmanna raskast við rafmagnsleysi.

Rafmagnstruflanirnar í febrúar sl. urðu víða um landið. Gætti þeirra hjá flestum rafveitum. Orsakir voru mikið hvassviðri, selta og ísing, er settist á allan rafbúnað lína og tengivirki utan húss. Náðu þessar truflanir hámarki með einni umfangsmestu bilun raforkukerfisins frá upphafi þegar yfirsláttur varð á 220 kV aflrofa í aðveitustöðinni á Geithálsi. Við þá truflun varð stór hluti landsins straumlaus í fjórar klukkustundir. Einstök svæði, einkum á Vestfjörðum, Vestur- og Norðurlandi, voru hins vegar straumlaus í mun lengri tíma. Víða var orðið mjög kalt í húsum af þessum sökum, og olli þetta verulegum óþægindum.

Samkvæmt fyrrgreindum skýrslum er lögð áhersla á að byggja í framtíðinni tengivirki þar sem rafbúnaður er innan húss í stað hefðbundinna útitengivirkja, jafnframt því sem einangrunargildi rafbúnaðar utan húss verði aukið. Á undanförnum árum hefur slíkur rafbúnaður verið settur upp innan húss á nokkrum stöðum í kerfi orkufyrirtækjanna. Fyrirhugað er að nýjar stöðvar verði í vaxandi mæli af þessari gerð. Mun þetta hafa jákvæð áhrif á rekstraröryggi raforkukerfisins þegar til lengri tíma er litið.

Rafveiturnar hafa nú í nokkurn tíma haft samstarf um skráningu og úrvinnslu rekstrartruflana hér á landi. Er markmiðið með þessu samstarfi að leiða í ljós hver bilanatíðni og roftími er að meðaltali í íslenska raforkukerfinu. Verða niðurstöðurnar notaðar til að meta rekstraröryggið hér á landi og gera það samanburðarhæfara við rekstaröryggi raforkukerfa annarra þjóða. Er þess jafnframt að vænta að niðurstöðurnar geti komið að gagni við hönnun raforkukerfisins í framtíðinni.

Eins og áður segir er það skoðun flestra forráðamanna orkufyrirtækjanna að byggja verði yfir rafbúnað og auka einangrunargildi hans og að gera þurfi ýmsar aðrar ráðstafanir til að auka rekstraröryggið. Þannig hefur Landsvirkjun unnið að endurskoðun á rekstraröryggi raforkukerfis síns undanfarna mánuði. Hefur fyrirtækið ákveðið að ráðast í eftirtaldar úrbætur til að minnka umfang truflana í framtíðinni:

- Tengja Búrfellslínu 2 fram hjá Geithálsi, þannig að hún fari beint í nýju aðveitustöðina við Hamranes.
- Skipta um 220 kV og 132 kV aflrofa í aðveitustöðinni á Geithálsi í áföngum. Verður skipt um fyrstu rofana árið 1990.
- Endurbæta liðavernd stofnlínukerfisins.
- Setja upp aflrofa í aðveitustöðinni við Geiradal í Austur-Barðastrandarsýslu.
- Fá erlenda sérfræðinga til að rannsaka sveifluvandamál á Vesturlínu.
- Hefja undirbúning að byggingu nýrrar 220 kV línu frá aðveitustöðinni við Hamranes til Þjórsársvæðisins.
- Auka þjálfun starfsmanna sem sjá um rekstur raforkukerfisins, einkum í truflanatilvikum.
- Athuga hvort rétt sé að nota eldingavara í ríkari mæli en gert hefur verið til þessa.

Áformað er að þessar ráðstafanir komi í framhaldi af því að Landsvirkjun tekur síðar á árinu í notkun nýja stjórnstöð til fjarstýringar og fjargæslu á öllu raforkukerfi sínu. Mun það m.a. tryggja að truflanir í Landsvirkjunarkerfinu verði ekki eins langvinnar og víðtækar og áður. Jafnframt mun Landsvirkjun taka í notkun nýja aðveitustöð við Hamranes sunnan Hafnarfjarðar með innanhússrafbúnaði, sem auka mun verulega afhendingaröryggi rafmagns á Suðvesturlandi.

Er þess vænst að ofangreindar ráðstafanir orkufyrirtækjanna muni innan fárra ára hafa veruleg áhrif til bóta á rekstraröryggi raforkukerfisins. Með hliðsjón af þeim víðtæku áhrifum, sem þessar truflanir höfðu á atvinnustarfsemi og daglegt líf í landinu, hefur iðnaðarráðherra ákveðið að leggja þessa skýrslu fyrir Alþingi og eru skýrslur raforkufyrirtækjanna prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Iðnaðarráðuneytinu,
8. maí 1989.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

TRUFLUN Á RAFORKUKERFINU 12. OG 13. FEBRÚAR 1989

1. INNGANGUR

Laugardagurinn 11. febrúar

Laugardaginn 11. febrúar urðu miklar truflanir á Geiradalslínu/Mjólkárlínu (Vesturlínu). Var hér um að ræða bilanir á línunni til Mjólkárvirkjunar og jafnframt bilun í aðveitustöðinni í Geiradal, en þar var bilun á 132 kV teinum. Vegna þessa var línan meira eða minna úti þar til fljótlega eftir miðnætti þann 12.2.

Við skoðun á línunni þegar óveðrið hafði gengið yfir fundust bilanir á sjö stöðum og reyndust þær ekki alvarlegar.

Sunnudagurinn 12. febrúar

Sunnudaginn 12. febrúar urðu óvenju miklar truflanir í raforkukerfi Landsvirkjunar og hjá flestum öðrum rafveitum. Þessar truflanir náðu hámarki með einni umfangsmestu truflun á raforkukerfi Landsvirkjunar frá upphafi þegar bilun varð á 220 kV aflrofa Sogslínu 3 á Geithálsi og náði hún til allra notenda á Faxaflóasvæðinu og Norðurlandi. Einnig náði hún til flestra notenda á Austurlandi annara en þeirra sem tengjast aðveitustöðinni á Hólum við Hornarfjörð, en aðeins að litlu leiti til Vesturlands þar sem miklar truflanir voru í flutningskerfi Rafmagnsveitna ríkisins vegna seltu. Suðurland slapp alveg við straumleysi í þessari truflun. Miklar truflanir voru í flutningskerfi Orkubús Vestfjarða þegar truflunin varð.

Þegar truflunin varð var álag í kerfi Landsvirkjunar 444 MW. Suðvestan stormur var og mikið um seltu í flestum tengivirkjum Landsvirkjunar. Seltan virðist þó hafa verið mest í tengivirkjum á Geithálsi, Brennimel og á Írafossi. Að öllum líkindun hafa um 200.000 notendur orðið fyrir straumleysi á því svæði sem sýnt er skyggnt á mynd 1. Upphaf truflunarinnar varð er bilun varð á 220 kV Sogslínu 3 (SO3) sem tengir Geithals við Írafoss- og Búrfellsstöð. Liðavernd línunnar gaf rofanum útleysiboð en rofanum tókst ekki að rjúfa vegna yfirsláttar sem varð á rofanum vegna óvenju mikillar seltu sem sest hafði á rofann. Vegna þessa varð teinavörn 220 kV teina að leysa út alla 220 kV rofa til að einangra bilunina og tókst það á viðunandi máta en við það varð straumlaust á stórum hluta raforkukerfisins þar sem Geithals er lykilstöð í kerfinu.

Undir eðlilegum kringumstæðum hefði ekki átt að koma til algers straumleysis á höfuðborgarsvæðinu við truflunina á 220 kV kerfinu á Geithálsi. Hinsvegar varð einnig yfirsláttur á 132 kV rofa 220/132 kV spennis 5 í tengivirki Írafossstöðvar strax eftir útleysingu 220 kV teinanna á Geithálsi. Yfirslátturinn varð vegna seltunnar og spennuhækkunarinnar sem varð á 132 kV kerfinu eftir útleysingu 220 kV teinana á Geithálsi. Vegna þessa rofnaði samband Geithals við Sogsstöðvar. Ljósafossstöð leysti þó ekki út og sá hluta Suðurlands fyrir órofnu rafmagni. Virkjanir við Búrfell, Sigöldu og Hrauneyjar leystu ekki út en Kröflustöð og virkjanir við Laxá leystu út vegna yfirálags eftir að línan milli Hóla og Hryggstekks leysti út.

Ástæða þess að straumleysi varð einnig á byggðalínusvæðinu stafar af því að byggðalínuhringurinn rofnaði kl: 16:54 þegar seinni 220/132 kV spennirinn leysti út á Brennimel vegna seltu. Höfðu þá báðir spennarnir leyst út 11 sinnum á tímabilinu frá kl. 11:48 til kl. 16:54 og var annar þeirra með bilaðan eldingarvara. Ástand kerfisins var því mjög afbrigðilegt þegar truflunin varð á Geithálsi kl. 17:11. Jafnframt var Vesturlína úti þar sem árangurslaust hafði verið reynt að spennusetja línuna frá því snemma um morguninn þennan sama dag. Hætt var við innsetningartilraunir þegar það kom í ljós að vegna truflana í flutningskerfi orkubúsins var ekki hægt að taka við rafmagni frá Vesturlínu.

Við uppbyggingu kerfisins eftir truflunina urðu töluverð vandræði vegna þess að seltan var svo mikil á Geithálsi að ekki var talið ráðlegt að nota aflrofana þar til að fasa 132 og 220 kV kerfin saman. Einnig tafði það framkvæmdir að þrýstiloft streymdi út af loftkerfinu frá bilaða rofanum þannig að stjórnkerfi rofanna varð óvirkt um tíma, þar sem mjög tafsamt var að loka loftlokum vegna mikilla snjóalaga í tengivirkinu. Einnig fylgdi þessu sú áhætta að þeir aflrofar sem áttu að vera opnir lokuðu, þegar þrýstingur félli niður fyrir ákveðið mark.

Í einni af fyrstu tilraununum sem gerðar voru til að koma rafmagni til Korpu og Elliðaár varð yfirsláttur yfir straumspenna á útgangi Elliðaárlínu án þess að skemmdir ættu sér stað. Ástæðan var selta, en þegar þetta skeði neistaði í öllu virkinu.

Straumleysi notenda vegna truflunarinnar á Geithálsi var eitt hið mesta frá upphafi og féll af þessum sökum niður orkusala sem nam rúmum 1559 MWst hjá almenningsveitum og stóriðjunotendum. Ekki er lagt mat á hvert þjóðhagslegt tap varð í þessari truflun en það er án nokkurs vafa margfalt sölutap Landsvirkjunar. Umfang truflunarinnar varð óvenju víðtækt og var því lán í óláni að truflunin varð um miðjan dag á sunnudegi þegar starfssemi er öll í lágmarki. Þetta tap hefði orðið enn meira á virkum degi.

Þrátt fyrir straumleysið var sólahringsorkusala til Íslenska Álfélagsins um 93.5 % af samningsbundnum mörkum forgangs- og afgangsorku. Afhending orku til Íslenska Járnblendifélagsins féll aldrei niður þar sem Hrauneyjafosslína fór aldrei út. Hinsvegar varð skerðing langmest hjá Áburðarverksmiðjunni þar sem skammta varð orku til notenda sem tengdust 132kV teinum á Geithálsi vegna takmarkaðrar getu Sogsstöðva.

Mánudagurinn 13. febrúar

Einangrari sprakk í tengivirki Írafossstöðvar og leystu allar vélar á Steingrímssstöð og Írafossi út. Ljósafossstöð var áfram tengd inn á Suðurland og kom því til lítils straumleysis þar, en eingöngu á hluta kerfisins. Vegna yfirálags á Ljósafossstöð þurfti að gera straumlaust í 12 mínútur á Selfossi og beita smáskerðingu eftir það í 63 mínútur á Selfosssvæðinu þar til unnt var að tengja Steingrímsstöð við Ljósafossstöð með innsetningu 132/66 kV spennisins á Írafossi.

Í þessari truflun leysti annar skáli ÍSAL út vegna undirtíðni en kom strax í fullan rekstur aftur.

Einnig var Áburðarverksmiðjan látin fara í lágmarksnotkun og riðbreytistöðin á Keflavíkurflugvelli látin sjá NATO stöðinni fyrir rafmagni á meðan á skömmtun stóð.

Yfirlit yfir sölutöp dagana 11.-13.2 voru eftirfarandi.

Notandi	11.2	12.2	13.2	Samt.	Töp
	MWst	MWst	MWst	MWst	þKr
Rafmagnsveita Reykjavíkur		475		475	199
Rafveita Hafnarfjarðar		51		51	24
Rafmagnsveitur ríkisins		64	5	69	38
Hitaveita Suðurnesja		160	39	199	88
Rafveita Akureyrar		8		8	3
Orkubú Vestfjarða	300	480	107	877	343
Íslenska Álfélagið		231	36	267	253
Áburðarverksmiðjan		90	36	126	64
Samtals	300	1559	223	2072	1012

Ekki er reiknað með sölutöpum í sem stafa af bilunum í kerfum annara rafveitna, en þær voru verulegar, einkum á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Umræða fjölmiðla um truflunina varð meiri en nokkru sinni fyrr og er það í samræmi við þá skoðun sem lýst var í truflanaskýrslunni frá 16. Október. Er það eðlilegt enda endurspeglar hún þá staðreynd að rekstur nútíma þjóðfélags grundvallast öðru fremur á því að næg raforka sé ávallt tiltæk með miklu afhendingaröryggi. Óhætt er að fullyrða að mikilvægi raforkunnar á enn eftir að aukast á komandi árum. Það er því nokkuð öruggt að þjóðfélagsleg umræða um truflanir og afleiðingar þeirra mun fara vaxandi eins og berlega kom í ljós í þessari truflun.

Fyrir tveimur árum var sérfræðingur frá framleiðendum rofanna fenginn til að gera úttekt á 220 og 132 kV aflrofum í aðveitustöðinni við Geitháls. Stjórnaði hann meðal annars upptekt á rofanum sem sprakk nú. Eftir nákvæma skoðun var sú yfirlýsing gefin að ástand rofanna væri nær óaðfinnanlegt eftir 20 ára rekstur og viðhald þeirra gott.

Hönnunarforsendur raforkukerfisins hér á landi hafa aldrei verið skilgreindar nægjanlega vel hvað varðar þær bilanir sem kerfið á að þola. Víðast hvar annarstaðar, meðal annars innan NORDEL hafa slíkar reglur verið ákveðnar og er eflaust orðið tímabært að ráðast í slíka athugun hér þannig að ljóst sé hverju kosta þarf til að gera kerfið hér á landi fyllilega sambærilegt við stærri kerfi. Er fjallað um þetta nánar í kafla 9.

Það er mikilvægt að gera sér ljóst að aldrei mun algerlega unnt að koma í veg fyrir truflanir, jafnvel þó fjármagn til uppbyggingar og rekstrar sé ótakmarkað. Dæmi frá nágrannalöndunum þar sem raforkukerfin eru mun sterkari og lengra á veg kominn í uppbyggingu sýna þetta á óyggjandi hátt. Rétt er að hafa í huga að afhendingaröryggi raforku í kerfi Landsvirkjunar er sambærilegt við flest önnur lönd. Í dag er þetta hlutfall 99.991%. Á mynd 2. er sýndur samanburður yfir straumleysi nokkurra landa. Eftir truflanirnar á því tímabili sem fjallað er um hér hefur straumleysið hér á landi þó hækkað eitthvað.

Eftir truflunina hefur verið spurt. Er rekstraröryggi í kerfi Landsvirkjunar viðunandi? Þessu er hiklaust hægt að svara játandi. Vandamál kerfisins er öðru fremur fólgið í smæð þess jafnframt miklum orkuflutningi í einstökum álagspunktum (Geitháls og Búrfellsstöð) sem veldur því að kerfið er hlutfallslegra mun viðkvæmara gagnvart útleysingu einstakra rekstrarareininga þess, línum, aðveitustöðvum og rafölum. Samanburður sem gerður var fyrir nokkrum árum sýndi að rekstraröryggi hér á landi og á Norðurlöndunum var sambærilegt á flestum sviðum. Á myndum 3, 4 og 5 eru dæmi um þetta.

Vísað er til myndar 16, raforkukerfi Landsvirkjunar, varðandi staðsetningu aðveitustöðva í raforkukerfinu.

2. ATBURÐARRÁS - HELSTU ATRIÐI

2.1 Bilunin á Geithálsi

Bilunin á rofanum varð þegar hann ætlaði að rjúfa bilun á Sogslínu 3 (Búrfellslínu 1), en bilun hafði orðið á þeirri línu og leystu rofar línunnar á Írafoss- og Búrfellsstöð rétt út. Svo virðist sem ljósbogi hafi myndast og hann fokið yfir í næsta fasa og skemmt hann en við það leysti 220 kV teinavörnin út alla 220 kV rofa.

Bilunin olli því að loftkerfið varð fljótlega óvirkt þar sem tafsamt var að loka loftlokum vegna mikilla snjóalaga í tengivirkinu og var snjódýpt sumstaðar allt að 2m. Sjá ljósmyndir aftast í skýrslunni.

Eftir að lokað hafði verið fyrir alla loftloka var loftþrýstikerfið sett í gang að nýju en það tók um 2 tíma að ná þrýstingi upp á ný.

Fyrstu aðgerðir voru að koma rafmagni á að nýju til ÍSAL og var það gert kl. 18:06. Skömmu síðar þótti ljóst að loftþrýstingur rofanna myndi lækka niðurfyrir leyfileg mörk var þá ákveðið að gera Búrfellslínu 2 og þar með 220 kV kerfið straumlaust á ný með því að rjúfa Búrfellslínu 2 á Búrfelli. Við þessa aðgerð var jafnframt haft í huga að mikið neistaði yfir Ísallínu 2 rofann og varið talið að yfirsláttur gæti átt sér stað hvenær sem væri og að rofinn myndi ekki getað rofið án þess að hann yrði fyrir skemmdum. Síðan voru Búrfellslína 2 og Ísallína 1 einar tengdar aðalteinum og spennusett að nýju kl. 18:36. Þetta tókst vel og komst varanleg tenging til ÍSAL þannig á kl. 18:36.

Reynt var að koma rafmagni á til almenningsveitnanna á höfuðborgarsvæðinu frá Sogsstöðvum en þar sem mikið neistaði á aflrofa Sogslínu 2 á Írafossi var ákveðið að reyna að þrífa rofann og tók það um klukkustund. Sogslínan var sett inn aftur kl. 19:28 á Írafossi en þegar setja átti inn Elliðaárlínu og Korpulínu vildu aflrofar þeirra ekki vinna eðlilega. Ástæðan var sú að snjó hafði skafið inn í ventlabox aflrofanna og hitarar gátu ekki haldið uppi nægum hita. Vegna þessa var ákveðið að setja Sogslínu 2, Elliðaárlínu 1 og Korpulínu 1 allar yfir á varateina og spennusetja síðan með aflrofa Sogslínu 2 á Írafossi. Þetta var gert kl. 20:20 en útleysing varð kl. 20:22 þegar yfirsláttur varð á straumspennum á útgangi Elliðaárlínu 1 á Geithálsi. Þá var Elliðaárlína 1 frátengd og því einungis hægt að koma rafmagni til almenningsveitnanna á höfuðborgarsvæðinu eftir Korpulínu 1 og tókst það kl. 20:31. Rofi Korpulínu í Korpu var settur inn 3 mínútum síðar og einnig rofar fyrir 132 kV streng Rafmagnsveitu Reykjavíkur ásamt fyrsta 132 kV spenninum í Korpu. Rafmagn komst svo á til Elliðaár kl 20:52 og var fyrsti 132 kV spennirinn settur inn kl.20:53. Eftir það komst rafmagn á til annara almenningsveitna, fyrst Rafveitu Hafnarfjarðar, svo Hitaveitu Suðurnesja og að lokum til Rafmagnsveitna ríkins í Korpu (Akraneslína).

Vegna takmarkaðrar getu Sogsstöðva var nauðsynlegt að skammta rafmagn til notenda höfuðborgarsvæðisins þar sem ekki var unnt að fasa saman 220 kV og 132 kV kerfin á Írafossi fyrr en kl. 01:56 með innsetningu 220/132 kV spennisins þar (220 kV aflrofi vildi ekki vinna eðlilega).

Kl. 03:04 var talið forsvaranlegt að spennusetja annan 220/132 kV spenninn á Geithálsi á 220 kV hlið og tókst sú aðgerð vel. Spennirinn var síðan tengdur 132 kV teinum kl. 04:02. Sá síðari var svo settur inn kl. 07:57.

Elliðaárlína 1 var sett inn á Geithálsi kl. 04:22 en þegar setja átti línuna inn í Elliðaám svaraði rofinn ekki vegna þess að jörð kom á 110 V jafnstraumsstreng út í rofann þannig að stöðugt útleysiboð var á rofanum. Vegna þessa var ekki unnt að taka Elliðaárlínu 1 í notkun fyrr en kl. 07:10 og voru það síðustu forvöð þar sem álag var að verða of mikið fyrir 132 kV streng Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá aðveitustöðinni á Korpu að aðveitustöð A3. Hafði strengurinn séð Reykjavík, Hafnarfirði og Suðurnesjum fyrir rafmagni fram að þeim tíma. Gott samstarf var við Rafmagnsveitu Reykjavíkur á meðan á þessu stóð.

Íhugað var að reyna að ná seltunni af með því að sprauta vatni á útibúnaðinn og höfðu verið gerðar ráðstafanir til þess hjá slökkviliði Reykjavíkurborgar. Frá þessu var horfið vegna þess að hiti var vel undir frostmarki þannig að ísing hefði myndast án þess að saltið hefði náðst af og hefði þá ástand verið öllu verra á eftir. Einnig hefði þurft að gera straumlaust á ný og var talin ástæða að komast hjá slíku í lengstu lög. Þess í stað var ákveðið að spennusetja virkið eins mikið og mögulegt væri án þess að nota rofabúnað til þess að láta spennuna vinna á móti áhrifum saltsins. Var það gert og spennu haldið eins lágri og mögulegt var til að minnka líkur á yfirslætti í virkinu. Þannig var spenna á 132 kV teinum um 100 kV og 195 kV á 220 kV teinum í nokkurn tíma.

Ítarleg skoðun fór fram á aflrofa Ísallínu 2 daginn eftir og komst hann síðan í rekstur 14. febrúar eftir að endurnýjun á mótstöðum og þéttum hafði átt sér stað. Jafnframt var öll selta á rofanum hreinsuð með því að sprauta hann með volgu vatni. Tilraunir með sprautun kalds vatns höfðu mjög neikvæð áhrif. Tilraunir með heðbundin hreinsiefni sem notuð eru á háspennubúnað höfðu heldur engin áhrif þar sem þau leysa ekki upp saltið.

Viðgerð á aflrofa Sogslínu 3 lauk 23. febrúar og reyndist nauðsynlegt að skipta um spennustýringarviðnám, stýriþétta og mótstöðurofa í tveimur fösum. Eru nú allir varahlutir af vissum gerðum upp urnir og á framleiðandinn í mestu erfiðleikum að útvega nýja. Rétt er að íhuga, meðal annars vegna þessa hvort rétt sé að nota þessa rofa áfram. Bilaðar einingar rofans eru sýndar á mynd 6.

2.2 Útleysing spenna á Brennimel

Geysimikil selta var á öllum útibúnaði tengivirkisins. Við skoðun virkisins fannst bilaður eldingarvari á spenni 1 (SP1) og hékk hann í niðurtaki spennisins og var hann því tekin úr rekstri kl. 11:48.

Kl. 14:31 leysir svo hinn spennirinn (SP2) út þegar yfirsláttur varð á 132 kV straumspennum spennisins og slitnaði þá byggðalínuhringurinn milli Brennimels og Vatnshamra án þess að vandkvæði fylgdu í kjölfarið. Nokkrar innsetningar voru reyndar án árangurs.

Vegna þessa var ákveðið að taka áhættuna á að setja fyrri spenninn (SP1) inn aftur þrátt fyrir bilaða eldingarvarann og var það gert þegar kl. 15:05.

Eftir þetta urðu útleysingar nær samstundis á báðum spennunum þegar innsetning þeirra var reynd. Var hætt við frekari innsetningar kl. 16:54, eftir að 10 árangurslausar tilraunir höfðu verið reyndar. Vegna þessa var byggðalínuhringurinn opinn þegar truflunin varð á Geithálsi 17 mínútum síðar.

2.3 Útleysing á Byggðalínu vegna óstöðugleika

Eftir truflunina á Geithálsi fór allt álag almenningsveitna á Faxaflóasvæðinu út ásamt Áburðarverksmiðjunni og ÍSAL. Þetta olli töluverðri hækkun á spennu og tíðni en afleiðing þess varð að jafnvægisástand vélasamstæðna kerfisins raskaðist mikið. Vegna þessa virðast virkjanir á Norður- og Suðurlandi hafa farið úr fasa þannig að útleysing varð á línunni milli Hóla og Hryggstekks.

Rekstrareftirlíking er sýnd á mynd 7. Þessi útleysing olli því að undirtíðni vegna yfirálags átti sér stað á byggðalínusvæðinu með þeim afleiðingum að bæði Kröflu- og Laxárstöð leystu út. Þannig varð algert straumleysi á byggðalínusvæðinu utan aðveitustöðvanna á Hólum og á Prestbakka.

Rétt er að hafa í huga að þegar útleysingin varð á línunni milli Hóla og Hryggstekks var rekstrarástand kerfisins mjög afbrigðilegt á eftirfarandi hátt:

- Aðveitustöðin á Vatnshömrum var ekki í rekstri vegna mikillar seltu.
- Spennar á Brennimel voru ekki inni þar sem mikil selta olli yfirslætti á 132 kV straumspennum SP2. Á SP1 hafði eldingarvari brotnað og hékk hann laus. Vegna þessa var byggðalína opin á Brennimel.
- Vesturlína var ekki inni vegna mikilla truflana í flutningkerfi Orkubús Vestfjarða og á línunni sjálfri.

Liðar í aðveitustöðvunum á Hryggstekk og Hólum voru prófaðir á tímabilinu 18.-20. febrúar til að kanna hvort bilun í liðabúnaði hefði valdið útleysingunni. Niðurstaðan varð sú að allir liðar reyndust í lagi og styður það áðurnefnda fullyrðingu um að kerfið hafi orðið óstöðugt. Raðþéttir í Suðurlínu hefði komið í veg fyrir óstöðugleika í þessari truflun.

2.4 Bilanir á Rangárvöllum

12. febrúar

Á Rangárvöllum varð dráttur á innsetningu á 66 kV rofum og reyndist ástæðan sú að innsetningarspóla fyrir 66 kV aflrofa 66/33/11 kV spenni Rafmagnsveitna ríkisins var föst, og er talið að frosti sé um að kenna. Vegna þessa brann öryggi sem tók allan stýristraum af 66 kV rofum tengivirkisins og þurfti því að setja alla 66 kV rofa inn handvirkt.

13. febrúar

Þegar Kröflulína 2 leysti út fór ekki einn fasi rofans á Rangárvöllum út og varð því að taka hann út handvirkt. Rofinn var settur inn og út nokkrum sinnum án þess að neitt óeðlilegt kæmi í ljós.

2.5 Stjórnstöðvar

Mikilvægi stjórnstöðva í truflun sem þessari er ómetanlegt eins og bent hefur verið á í fyrri truflanaskýrslum.

Á Geithálsi varð truflun á annari stjórntölvunni þegar stöðvarnotkunin fór af stöðinni. Bakvaktarmaður kerfiráðs var kominn á staðinn eftir 15 mínútur og skipti hann þá yfir á varatölvuna sem gekk eðlilega í rúmar 15 mínútur áður en hún bilaði. Þá var undirbúningur til að ræsa fyrri tölvuna hálfnaður en þegar að ræsingu kom tókst hún ekki. Þá var hafist handa að undirbúa tölvu 2 fyrir ræsingu og tókst það um 15 mínútum síðar. Stjórnkerfi kerfiráðs var því óvirkt í rúman hálftíma. Litlar upplýsingar bárust þess vegna um upphaf truflunarinnar og er því afar erfitt að rekja atburðarrás eins ítarlega og æskilegt væri.

Á Rangárvöllum varð truflun á tölvunni þegar stöðvarnotkun fór af þar sem tveir geymar reyndust bilaðir. Tölvan var því ekki rekstrarhæf í tæpan hálftíma.

2.6 Útleysing Sogsstöðva

Sunnudagurinn 12. febrúar

Yfirsláttur varð í tengivirki Írafossstöðvar, að því er virðist á 132 kV aflrofa 220/132 kV spennisins strax eftir truflunina á Geithálsi kl. 17:11. Ástæðan var mikil selta og spennuhækkun sem varð eftir að allt 220 kV álag á Geithálsi fór af netinu. Vegna þessa vann teinavörn 132 kV teina og leysti út alla 132 kV rofa virkisins, en við þessa aðgerð rofnaði samband Sogsstöðva við höfuðborgarsvæðið. Við skoðun fannst lítilsháttar skemmd á rofanum, en ekki það mikil að hann væri ekki rekstrarhæfur.

Vélar í Írafossstöð stöðvuðust, vélar Steingrímsstöðvar fóru í tómgang. Vélar á Ljósafossi voru áfram á fullu álagi og sáu hluta Suðurlands fyrir órofnu rafmagni jafnframt því að anna stöðvarnotkun Sogsstöðva.

Innsetningar rofa í Írafossstöð gengu vel ef 220 kV rofinn er undanskilinn, en þar komu upp samskonar vandamál með frost á loftlokum og átti sér stað á Geithálsi sem töfðu innsetningu enn frekar og var það bagalegt þar sem innsetning 220/132 kV spennisins hefði orðið til þess að skömmtun hefði verið aflétt fyrr.

Mánudagurinn 13. febrúar 1989

Kl. 14:16 varð ný bilun í 132 kV tengivirki Írafossstöðvar þegar yfirsláttur varð á stoðeinangrara. Vegna þessa leystu allir 132 kV rofar en þó ekki eins og daginn áður þar sem teinavörnin leysti ekki út. Varð útleysing því vegna yfirstraums.

Ljósafossstöð leysti ekki út, en álag var of mikið á stöðinni og tók því vélstjóri stöðvarinnar Selfosslínu út kl. 14:20 og var línan sett inn strax aftur þegar álag hafði verið minnkað á Selfossi en það varð kl. 14:32. Skerðing var því í gangi á Selfosssvæðinu þar til kl. 15:35 þegar teinrofi sem aðgreinir 132 kV virkið á Írafossi í tvo hluta hafði verið opnaður og hægt var að tengja Steingrímsstöð við Ljósafossstöð með innsetningu 132/66 kV spennisins á Írafossi.

Þar sem engin orkuflutningur var frá Sogi inn á 132 kV kerfið á Geithálsi urðu 220/132 kV spennar á Geithálsi yfirlestaðir, var því dregið úr álagi 132 kV kerfisins með því að skammta rafmagn til Áburðarverksmiðjunnar og Keflavíkurflugvallar.

Til að minnka skömmtunina var Sogslína 1 tengd í Korpu kl. 16:13 eftir að Steingrímsstöð hafði verið tengd Ljósafossi. Með þessari tengingu var unnt að flytja 14 MW til höfuðborgarsvæðisins.

Línumenn Landsvirkjunar höfðu nýlokið vinnu í Grafningi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og voru þeir kallaðir til viðgerða. Skiptu þeir um þrjá stoðeinangrara og var því verki lokið kl. 17:20. Var allt Sogskerfið komið í eðlilegt horf á ný kl. 17:48.

2.7 Útleysingar Vesturlínu 11.-12. febrúar 1989

Bilanir hófust á Vesturlínu kl. 11:44 laugardaginn 11.02 og báru ítrekaðar tilraunir til innsetningar engan árangur. Útleysingarnar stöfuðu af bilun á 132 kV teinum í aðveitustöðinni Geiradal og tíðum útleysingum á Mjólkárlínu frá Geiradal til Mjólkárvirkjunar. Einnig urðu tvær útleysingar á 66 kV rofa spennisins í Mjólkárvirkjun vegna bilana í kerfi orkubúsins. Vegna þessa féll orkusala til Orkubús Vestfjarða niður að mestu leyti frá kl. 11:44 þann 11. þar til 01:38 þann 13.2.

Línan var úti í Geiradal þegar truflunin varð á Geithálsi. Er það ástæða þess að engin sölutöp eru reiknuð hjá Orkubúi Vestfjarða vegna Geithálstruflunarinnar. Öll sölutöp þennan tiltekna dag teljast hinsvegar vegna bilana á Vesturlínu og bilana í kerfi Orkubús Vestfjarða. Í þessum útleysingum á línunni kom berlega í ljós hve mikilvægur aflrofi er fyrir útgangandi línu frá Geiradal að Mjólkárvirkjun ef afhending rafmagns í Geiradal á ekki að falla niður í hvert sinn sem truflun verður á Mjólkárlínu. Sérstaklega mun ávinningur þessa verða mikilvægur þegar stöðin í Geiradal kemst í fjarstjórn á komandi hausti.

Sölutöp Landsvirkjunar vegna þessara truflana reyndust 877 MWst. Þar sem miklar truflanir voru í flutningkerfi Orkubúsins á tímabili ættu þessi töp að reiknast eitthvað lægri, en ekki er gerð tilraun til að meta það hér enda um flókið mál að ræða.

2.8 Gasstöðin í Straumsvík

Straumleysi álversins í Straumsvík varð rúm klukkustund. Starfsmenn ÍSAL höfðu strax heimild og möguleika til að ræsa báðar vélarnar, en þar sem allir starfsmenn ÍSAL vissu ekki um þessa heimild varð dráttur á innsetningu þeirra á vél 1. Hafði þessu verið breytt eftir truflunina 16.10.1989 í samráði við ÍSAL.

Þegar 220 kV spenna kom á að nýju leysti vél 1 út og er það rétt svörun. Þegar þurfti að taka rafmagn aftur af ÍSAL vegna erfiðleika á Geithálsi var vél 1 ræst að nýju kl. 18:15 og gekk það eðlilega og kom hún inn kl. 18:23 en leysti tvívegis út (kl. 18:32 og 18:36) vegna yfirálags.

Álversmenn reyndu árangurslaust að ræsa vél 2 en mistókst og var ástæðan sú að vélin hafði verið í launaflsframleiðslu þegar truflunin varð og þeim hafði yfirsést að stilla hana á raunaflsframleiðslu fyrir ræsingu.

Starfsmenn ÍSAL kvörtuðu undan sambandsleysi og að háspennusími virkaði ekki. Sambandsleysið stafar væntanlega af því að allar innkomandi línur til Geithals hafa verið uppteknar.

Á fundi með Sigurði Briem frá ÍSAL þann 15.02. var ákveðið að Landsvirkjun myndi panta talstöð sem staðsett yrði í stjórnsal aðveitustöðvarinnar við Straumsvík þannig að ÍSAL hafi auk háspennusímans einnig möguleika á beinu talstöðvarsambandi við stjórnstöð Landsvirkjunar. Jafnframt var ákveðið að gera ákveðnar prófanir á ýmsum mikilvægum búnaði með jöfnu millibili og þjálfa starfsmenn ÍSAL til ræsingar og stjórnun vélanna í tilvikum sem þessum.

2.9 Samskipti við fjölmiðla

Samstarf við fjölmiðla var nú mun betra en í fyrri truflunum. Eftir truflunina 16.10.1988 var gert samkomulag við Ríkisútvarpið um samstarfsform þegar straumleysi yrði á útgangandi línum í eigu Landsvirkjunar jafnframt því sem bein símalína var tengd milli stjórnstöðvar á Geithálsi og fréttastofu Ríkisútvarpsins. Sama gildir ef um er að ræða línur sem aðrir eiga en Landsvirkjun stjórnar frá stjórnstöðinni á Geithálsi. Reyndist þetta vel nú og kom upplýsingastreymi til fjölmiðla í veg fyrir kvabb og fyrirspurnir til stjórnstöðvar.

Samstarfið við Almannavarnir ríkisins gekk eðlilega fyrir sig, en eftir truflunina 16.10.1988 var einnig tengd bein símalína milli stjórnstöðvar Almannavarna og Geithals fyrir utan talstöðvarsamband sem var fyrir.

3. UPPBYGGING KERFISINS – ALMENN LÝSING

3.1 Höfuðborgarsvæðið

Fyrstu tilraunir til koma rafmagni til almenningsveitna á höfuðborgarsvæðinu mistókust þar sem yfirsláttur varð á línunni til Elliðaár. Jafnframt varð yfirsláttur á Írafossi til þess að Sogsvirkjanir reyndust ekki tilbúnar til tengingar til Geithála fyrr en eftir nákvæma skoðun á útibúnaði þar.

Hringtenging 132 kV kerfis Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem nær frá aðveitustöðinni við Korpu að aðveitustöðinni við Elliðaár gerði mögulegt að koma rafmagni á til Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar og Hitaveitu Suðurnesja þó svo að Elliðaárlína væri ekki í rekstri.

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Rafmagnsveita Reykjavíkur fékk fyrst rafmagn í Korpu kl. 20:31 og hafði þá verið rafmagnslaust þar í 3 tíma og 20 mínútur. Í upphafi var rafmagn skammtað til þeirra 58 MW og var það um 23 % (17 MW) skerðing miðað við áætluð orkukaup rafveitunnar á þessum tíma. Skerðing til notenda reyndist þó hlutfallslega minni þar sem götulýsing var tekin út (3 MW) og vatnsvirkjunin í Elliðaám var keyrð á hámarksafli (3MW). Skömmtun lauk kl. 23:36 er rafveitan tengdi síðasta notenda síns kerfis. Samtals stóð skerðing yfir í 6 tíma og 25 mínútur. Sjá mynd 8.

Rafmagnsveita Hafnarfjarðar

Rafmagnsveita Hafnarfjarðar fékk rafmagn kl. 21:00 og hafði straumleysi þá varað í 3 tíma og 49 mínútur. Í upphafi var skammtað rafmagn til þeirra 3 MW og var það um 40 % skerðing. Skerðing lækkaði svo jafnt og þétt og lauk henni kl. 01:16. Sjá mynd 9.

Hitaveita Suðurnesja

Ekki reyndist unnt að tengja Hitaveitu Suðurnesja fyrr en kl. 22:42 og varð algert straumleysi á svæði þeirra 4 tímar og 31 mínútur. Mjög bagalegt var að Grindavíkurlína bilaði þannig að ekki reyndist unnt að koma rafmagni frá Svartsengi inn á stofnlínukerfi þeirra. Í fyrstu fengu þeir 1 MW og skerðing því um 95% í upphafi. Skerðingu lauk kl. 00:10. Skerðing stóð því yfir í 6 tíma og 59 mínútur. Sjá mynd 9.

Riðbreytistöðin var ekki í rekstri frá kl. 17:12 þann 12.02.1989 og þar til kl. 08:55 þann 13.02.1989.

Í truflúninni sem varð á Írafossi þann 13.02 kl. 14:14 var riðbreytistöðin aftur tekin út og nú frá 14:40 til 19:27.

3.2 Stóriðjunotendur

Íslenska álfélagið

Rafmagn komst á ný til ÍSAL kl. kl. 18:06 eftir 52 mínútur en var tekið af þeim aftur kl. 18:22 vegna aðgerða á Geithálsi en þá var ÍSAL komið í tæp 120 MW. Rafmagn komst aftur á til ÍSAL kl. 18:38 og var órofið eftir það. Afhending rafmagns frá stofnlínukerfinu féll því niður í 68 mínútur. Hins vegar var algert straumleysi hjá ÍSAL styttra en þetta þar sem þeir gátu ræst gasaflsvélina í upphafi þó svo að vandkvæði hefðu komið upp í rekstri þeirra síðar. Skerðingu hjá ÍSAL var aflétt kl. 20:00 eftir 2 tíma og 23 mínútur. Sölutöp vegna þessa urðu 231 MWst að andvirði 219 ÞKR. 13.02.1989 urðu sölutöp hinsvegar 36 MWst að andvirði 34 ÞKR. Sjá mynd 10.

Hafa ber í huga að stóriðjufyrirtækin ná yfirleitt að vinna þetta upp aftur að hluta til. Um gassstöðina í Straumsvík er fjallað annarstaðar í þessari greinargerð.

Áburðarverksmiðjan

Skerðing áburðarverksmiðjunnar var hlutfallslega mest allra notenda. Ástæðan er sú að hún fær raforku um Korpulínu frá 132 kV teinum á Geithálsi. Þar sem ekki var hægt að taka 220/132 kV spennana á Geithálsi í rekstur vegna seltunnar á rofunum takmarkaðist sú raforka sem var til ráðstöfunar á Geithálsi við getu Sogsstöðva en hún er 88 MW. Álag þennan dag var hinsvegar um 120 MW og varð því að skerða Áburðarverksmiðjuna í lágmark sem er 3.8 MW til að veita almenningsveitum forgang á tiltækri orku. Skerðing var því í gangi frá 20:31 og þar til fljótlega eftir miðnætti. Sjá mynd 10.

Í truflaninni á Írafossi þann 13.02. var verksmiðjan tekin út kl. 14:18 en leyft að koma inn með kl. 14:45 með stöðvarnotkun. Kl. 16:13 var létt á skömmtuninni og henni aflétt kl. 17:45.

Vegna bilana í búnaði verksmiðjunnar komst hún ekki í fullan rekstur fyrr en 14.02.

Íslenska járnblendifélagið

Engin skerðing varð hjá járnblendiverksmiðjunni þar sem samband þeirra við virkjanir rofnaði aldrei. Einhverjar truflanir urðu þó á rekstri verksmiðjunar þennan dag. Stöfuðu þær fyrst og fremst af truflunum í stjórnbúnaði verksmiðjunnar.

3.3 Byggðalínukerfið

Uppbygging byggðalínukerfisins gekk vel fyrir sig. Kröfluvirkjun leysti út fyrir undirtíðni en fór í tómgang og tók því einungis 12 mínútur að koma rafmagni frá stöðinni til Rangárvalla og var þá strax hafist handa að byggja upp kerfið í Eyjafirði og á Akureyri.

Rafmagnsveitur Ríkisins

Rafmagnsveitur ríkisins voru ekki beittar neinni skömmtun þann 12. febrúar. Straumleysi í kerfi rafmagnsveitnanna var styttra en hjá öðrum þar sem unnt var að byggja byggðalínuna strax upp aftur. Lengsta straumleysi í kerfi þeirra varð í aðveitustöðinni á Glerárskógum en þar varð það 88 mínútur. Samtals urðu orkusölutöp 64 MWst. að andvirði 27 ÞKR þann 12.02.1989. Við truflunina sem varð á Írafossi þann 13.02.1989 urðu sölutöp 5 MWst að andvirði 2 ÞKR. Samtals urðu því sölutöpin 69 MWst að andvirði 29 ÞKR. Sjá myndir 11., 12 og 13.

Suðurlandsveita

12. febrúar

Engar útleysingar urðu á línunni milli Búrfellsstöðvar og Hvolsvallar vegna truflana sem rekja má til Landsvirkjunar.

Sambandið milli Ljósafossstöðvar og Selfoss leysti ekki út við truflunina á Geithálsi né síðar þann dag. Hinsvegar urðu 5 útleysingar á Selfosslínu á tímabilinu frá 09:09 til 13:54 og var línan samtals úti í 36 mínútur vegna þessa.

Ekki kom til straumleysis í aðveitustöðinni á Prestbakka.

13. febrúar

Þegar bilunin varð á Írafossi þurfti að skerða álag Selfosslínu frá 14:20 til kl. 15:35 vegna takmarkaðrar getu Ljósafossstöðvar.

Austurlandsveita

Straumlaust varð í aðveitustöðinni á Hryggstekk í 68 mínútur. Aðveitustöðin á Hólum varð ekki straumlaus.

Norðurlandsveita eystri

Aðveitustöðin á Rangárvöllum var straumlaus í 12 mín. Aðveitustöðin í Varmahlíð í 78 mín. Línur í Laxárvirkjun komu fljótlega inn.

Norðurlandsveita vestri

Aðveitustöðin á Laxárvatni var straumlaus í 82 mínútur. Aðveitustöðin í Hrútatungu var straumlaus í 88 mínútur.

Vesturlandsveita

Aðveitustöðin í Vatnshömrum var straumlaus þegar truflunin varð á Geithálsi þar sem ekki var unnt að halda útgangandi 66 kV og 19 kV línum Rafmagnsveitnanna í rekstri vegna seltu. Þannig var Andarkílsárvirkjun einungis tengd einni 19 kV línu um tíma þar sem allar aðrar línur leystu út jafnharðan. Straumur var ekki settur á Vatnshamra strax þegar rafmagn var almennt komið á byggðalínukerfið vegna áðurnefndra orsaka.

Aðveitustöðin í Glerárskógum var straumlaus í 88 mínútur.

11 kV útgangar Rafmagnsveitna ríkisins í Brennimel voru straumlausir á meðan ekki var unnt að halda 220/132 kV spennum í rekstri vegna bilana í eldingarvara á öðrum spenninum og yfirsláttar á hinum.

Rafveita Akureyrar

Rafveita Akureyrar fékk rafmagn kl. 17:50 þannig að straumleysi varð 39 mínútur. Sölutöp urðu 8 MWst. að andvirði 3 ÞKR. Sjá mynd 14.

Orkubú Vestfjarða

Vesturlína var straumlaus að mestu leiti frá kl. 11:44 þann 11.02 og þar til kl. 01:38 þann 13.02. Straumleysi varð því um 38 tímar, en rafmagn komst á nokkrum sinnum en einungis í stutta stund í hvert sinn. Á tímabilinu var innsetningartilraunum á Vesturlínu hætt þar sem bilanir voru einnig miklar í flutningskerfi Orkubús Vestfjarða. Línan var því ekki spennusett fyrr en kl. 01:38 þann 13.02.. Engin skerðing var því hjá orkubúinu önnur en sú sem var afleiðing útleysinga Vesturlínu. Samtals urðu sölutöp 877 MWst. Sjá mynd 14.

4. LIÐAVERND

4.1 Almennt

Liðavernd virðist hafa unnið eins og til var ætlast með nokkrum undantekningum þó. Í heildina voru viðbrögð hennar viðunandi.

Eftir truflunina 16.10.1989 hófst vinna við úttekt á stöðu liðaverndar raforkukerfis Landsvirkjunar og er sú vinna komin vel á veg. Þó verki þessu sé ekki lokið er ljóst að viðamikilla endurbóta er þörf ef tryggja á öryggar og valvísar útleysingar í framtíðinni betur en nú er hægt. Um þetta er fjallað nánar í kafla 7.4.

5. VIÐHALD HÁSPENNUBÚNAÐAR

Viðhald á háspennubúnaði hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Er þar um að ræða reglubundið árlegt viðhald og eftirlit. Mest er eftirlitið með aflrofum sem auk reglubundins eftirlits eru einnig teknir til gagngerðrar skoðunar með vissu millibili þar sem allir hlutar rofans eru grandskoðaðir.

Rofinn sem sprakk nú var 220 kV aflrofi Sogslínu 3 en hann var tekinn í ítarlega endurskoðun undir stjórn þýsks sérfræðings frá framleiðenda rofans árið 1986. Skoðun sérfræðingsins var að rofinn væri í mjög góðu lagi og að viðhaldi væri ekki ábótavant.

Fylgst var vel með öllum aðgerðum við upptekt rofans og voru flest handbrögð bæði ljós- og videomynduð jafnframt því sem skrifleg lýsing var unnin yfir alla verkþætti. Var ætluninað þeir starfsmenn raforkukerfissviðs sem tóku þátt í þessu verkefni myndu síðan sjálfir sjá um upptekt frekari rofa og aðstoða starfsmenn í Búrfellss- og Írafossstöð við upptektir þar. Reyndi á það þegar rofinn fyrir Búrfellslínu 1 sprakk á Búrfelli þann. 16.10.1989.

6. REYNSLA AF ÞRÝSTILOFTSROFUM FRÁ BBC

Fyrstu loftrofarnir frá BBC voru teknir í notkun árið 1969 þegar fyrsti áfangi Búrfellsstöðvar var tekin í notkun. Reynslan af þessum rofum frá upphafi er frekar slæm og hafa eftirtaldar bilanir orðið á þeim:

16. Október 1988

- Einn fasi í aflrofa Búrfellslínu 1 í Búrfellsstöð springur þegar rofinn ætlar að rjúfa eftir að elding sló í línuna.

12. Febrúar 1989

- Einn fasi í aflrofa Sogslínu 3 (Búrfellslínu 1) springur þegar rofinn ætlar að rjúfa eftir að bilun varð á línunni.

1. Apríl 1984

- Einn fasi í 132 kV aflrofa á Geithálsi springur án þess að vitað sé um nokkra truflun í kerfinu.

17. Ágúst 1980

- Einn fasi í 132 kV aflrofas á Geithálsi springur án þess að vitað sé um nokkra truflun í kerfinu.

Eftir bilanirnar á 132 kV rofunum á sínum tíma voru nokkrir hlutir þeirra sendir í rannsókn hjá Iðntæknistofnun Íslands. Bæði voru skoðaðir hlutar úr þeim rofum sem biluðu og einnig ónotaðir varahlutir. Að mati Iðntæknistofnunar fundust steypugallar í biluðum einingum sem talið var að gætu skýrt þær bilanir sem áttu sér stað. Hinsvegar var það mikið áhyggjuefni að í ljós kom að nokkrir varahlutirnir reyndust einnig með steypugalla að mati Iðntæknistofnunar. Framleiðandi rofanna vildi ekki viðurkenna að þessir varahlutir væru gallaðir en lagði þó til nýja varahluti Landsvirkjun að kostnaðarlausu. Í ljósi ofangreindra upplýsinga og bilana síðar á 220 kV rofunum er því ekki að neita að rofar þessir eru ekki taldir eins öryggir og æskilegt væri.

Uppbygging rofanna og hjálparbúnaðar þeirra er með þeim hætti að rekstraröryggi rofanna er alls ekki nægjanlegt miðað við þær kröfur sem eðlilegt væri að gera í dag.

- Loftkerfið er byggt upp á þann hátt að tveir stofnar eru lagðir frá loftpressukerfinu um allt tengivirkið. Hver rofi er því ekki sjálfstæð eining.
- Komi raki í þrýstiloftskerfið samfara miklum kulda geta lokar frosið fastir ef hiti er ekki nægjanlegur í stjórnboxum. Líkur á þessu eru mjög litlar. Þetta er hægt að endurbæta með auknum hita.
- Mikil snjóalög gera erfitt að komast að flestum einingum loftkerfisins (ventlum, krönum, leiðslum og stjórnskápum) ef ljósmyndirnar eru skoðaðar má sjá hvað við er átt. Það er ekki mögulegt að moka tengivirkið í sífellu þar sem slíkt yrði að gerast með stórvirkum vinnuvélum. Er það tvímælalaust of áhættusamt með tilliti til hve háspennubúnaðurinn stendur þétt saman, lágt er upp í spennuhafa leiðara, lagna í tengivirkinu og persónuöryggis starfsmanna.

7. TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Eftir að tvær umfangsmiklar truflanir hafa átt sér stað með stuttu millibili er nauðsynlegt að huga ítarlega að úrbótum sem tryggt geta rekstur kerfisins betur en nú er. Í eftirfarandi er að finna nokkrar þær hugmyndir sem verið hafa til umfjöllunar í rekstrardeild varðandi nauðsynlegar úrbætur í raforkukerfinu á komandi árum.

7.1 Dreifing áhættu

Rekstrardeild hefur lengi haft áhyggjur af því hve Geithálsstöðin er viðkvæmur álagspunktur í kerfi Landsvirkjunar þar sem allar aðalflutningslínur til Suður-Faxaflóasvæðisins fara um stöðina og áhætta vegna bilana því mikil. Bygging Hamranesstöðvarinnar er því fyrsti áfangi til að minnka þá áhættu.

7.2 Rofar á Geithálsi

Nær allir varahlutir í 220 kV loftrofanna af BBC gerð kláruðust við viðgerð Geithálsrofans. Rofar þessir eru orðnir 20 ára gamlir og því álitamál hversu mikið skuli lagt upp úr því að endurnýja þá, nema til að leysa rekstrarmál rofanna til skamms tíma.

Í truflanaskýrslunni frá 16.10.189 var rætt um þann möguleika að kaupa einn 220 kV rofa og eiga til vara ef rofi skemmdist. Í ljósi síðustu atburða er hinsvegar rétt að endurskoða frá grunni hvert næsta skref skuli verða í rofamálunum. Að mati rekstrardeildar kemur aðallega tvennt til greina:

- Taka 220 kV rofana á Geithálsi alla úr rekstri í áföngum og setja nýja útirofa í þeirra stað með nægjanlegu einangrunargildi til standast þá áraun sem seltu og öðrum veðurfarsþáttum er samfara. Hugleiða samskonar breytingar á 132 kV rofunum. Kostnaður vegna þessa gæti verið 40-70 MKR.
- Byggja gaseinangrað tengivirki SF6 fyrir 220/132 kV rofabúnaðinn. Nota mætti núverandi stjórnbyggingu áfram fyrir stjórn og liðabúnað með litlum breytingum. Kostnaður við slíkt innivirki gæti orðið allt að 300 MKR og er þá miðað við að nota núverandi 220/132 kV spenna áfram.

7.3 Háspennulínur

Tenging háspennulína við Geithals

Í tillögum rekstrardeildar hefur verið við það miðað að aðveitustöðin við Hamranes tengdist í fyrstu inn á báðar Ísallínur en þær koma báðar frá aðveitustöðinni á Geithálsi. Var litið á þetta sem fyrsta áfanga í að byggja upp aukið rekstraröryggi á Faxaflóasvæðinu fram á 21. öldina.

Síðar, innan nokkurra ára, var fyrirhugað að leggja nýja línu frá Þjórsársvæðinu til aðveitustöðvarinnar við Hamranes til að auka öryggi hennar. Þessi tímasetning hefur verið nokkuð óljós og hefur einkum verið miðað við að ný lína komi til stöðvarinnar með nýju álveri.

Fari svo að nýtt álver verði ekki reist á komandi árum koma tveir kostir til greina varðandi úrbætur í tengingu lína við Hamranes óháð Geithálsi.

- Sá fyrri er að leggja fyrsta áfanga nýrrar línu frá aðveitustöðinni við Hamranes til Þjórsársvæðisins. Sú framkvæmd yrði í því fólgin að byggja línu frá Hamranesi að Sandskeiði og tengja hana þar inn á Búrfellslínu 2. Hluti Búrfellslínu 2 yrði þá ekki í rekstri en væri tilbúinn til reksturs á ný með lítilsháttar tengingum. Með þessi móti fengist lína óháð Geithálsi og þá um leið óháð tvírása línunni frá Geithálsi að Hamranesi. Kostnaður yrði um 200 MKR.
- Seinni kosturinn er að tengja Búrfellslínu 2 beint yfir tengivirkið á Geithálsi og yfir á Ísallínu 1 án viðkomu við rofabúnað á Geithálsi. Þannig myndi truflun í Geithálsvirkinu ekki valda útleysingu á línunni frá Búrfelli að Hamranesi/ÍSAL. Kostnaður við þessa aðgerð mun verða um 2 MKR Þessi lausn hefur þann ókost að eftir sem áður mun turnbrot á Ísallínu taka alveg fyrir allan orkuflutning til ÍSAL þar sem báðar Ísallínur eru á sama mastri. Öryggi ÍSAL mun þó aukast við tilkomu Hamranessstöðvarinnar þar sem hægt verður að flytja nokkra tugi MW til ÍSAL eftir 132 kV kerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur til Hamraness eftir að tengingu þeirra við Hamranes lýkur. Það mun verða á næsta ári.

Vesturlína

Tíðni truflana á línunni frá Glerárskógum um Geiradal að Mjólkárvirkjun eru að meðaltali 2.6 truflanir/100km og ár. Er þetta aðeins hærra en meðaltal 132 kV lína hér á landi. Það sem hinsvegar hefur verið einkennandi fyrir bilanir á Vesturlínu til þessa er langur roftími sem stafar af því að staurar hafa brunnið vegna þess að jarðskaut hafa vantað. Einnig hefur mikið borið á sveiflum (gallop) sem hafa orsakað þreytubrot á leiðurum og tengibúnaði, en illa hefur gengið að ná tökum á þessu vandamáli. Landsvirkjun hefur unnið kerfisbundið að því að lagfæra þessi atriði og mörg önnur frá því að fyrirtækið yfirtók byggðalínur frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Afhendingaröryggi Orkubús Vestfjarða er minnst allra notenda á byggðalínu þar sem hringtengingin eykur ekki öryggi þess á sama hátt og annara notenda sem tengdir eru byggðalínu. Ástæðan er sú að línan frá Hrútatungu að Mjólkárvirkjun er ráðandi fyrir rekstraröryggi orkubúsins eins og sjá má á mynd 15, en þar eru sýnd útreiknuð gildi rekstraröryggisins út frá bilanatíðni einstakra lína byggðalínunnar fyrir og eftir hringtenginguna. Hafa ber í huga að þessar tölur eru meðaltal margra ára og að einstök ár geta sýnt verulegt frávik.

Varðandi úrbætur er rétt að huga að eftirfarandi atriðum:

- Samstarf verði tekið upp við viðurkennda erlenda stofnun varðandi rannsóknir á sveifluvandamáli Vesturlínu.
- Haldið verði áfram markvissum endurbótum á línunni með það að markmiði að gera hana jafn sterka og þær byggðalínur sem seinna voru reistar (Sigalda-Hólar, Hryggstekkur-Hólar).

7.4 Liðavernd

Athugunin á liðavernd raforkukerfis Landsvirkjunar sem unnið hefur verið að undanfarið bendir til þess að nauðsynlegt sé að ráðst í eftirtaldar úrbætur á liðaverndinni ef tryggja á hraðvirkari og réttari útleysingar raforkukerfisins.

- Skipta út teinavörnum á 220 kV og 132 kV teinum í aðveitustöðinni á Geithálsi, 220 kV teinum í Búrfellsstöð og 132 kV teinum í Írafossstöð.
- Skipta út öllum fjarlægðarliðum í 220 kV kerfinu nema þeim sem eru í aðveitustöðinni á Brennimel og í Hrauneyjafossstöð.
- Setja stefnuvirkar jarðstraumsvarnir á allar 220 kV línur og tengja slíkar varnir í báðum endum línanna með millisambandsbúnaði.
- Setja andhverfar jarðstraumsvarnir í allar 220 kV og 132 kV línur. Sömu varnir þyrfti einnig að setja á alla 220 kV og 132 kV spenna. Nokkrar undantekningar eru á nauðsyn þess að setja þessar varnir upp.
- Auka umfang undirtíðnivarna frá því sem nú er.
- Setja upp millisambandsbúnað sem sent getur tvö útleysimerki milli endastöðva á allar 220 kV og 132 kV línur á Suðvesturlandi. Setja upp búnað sem tekin er niður á Suðvesturlandi á byggðalínur.

Kostnaður vegna þessa gæti numið 20-25 MKR. Verkinu mætti áfangaskipta á tvö til þrjú ár reynist slíkt nauðsynlegt.

7.5 Snjóalög

Áður hefur verið minnst á þau vandkvæði sem sköpuðust á Geithálsi vegna snjóalaga í tengivirkinu. Þetta vandamál er síður en svo bundið við Geitháls eins og sýnt er á meðfylgjandi ljósmyndum frá Sigöldustöð. Þar sést að girðingar eru komnar í kaf svo og undirstöður búnaðar. Eins og gefur að skilja er nær ómögulegt að ferðast um virkið þegar svona er ástatt. Með þetta í huga er rétt að hugleiða eftirfarandi:

- Taka með markvissari hætti tillit til snjóalaga við hönnun útivirkja. Skiptir hér mestu að kanna hvort snjógirðingar geti komið að gagni og að hönnun leyfi notkun stórvirkra snjóblásara í útivirkjum.

8. REYNSLA AF HRINGTENGINGU BYGGÐALÍNU

Í umræðum á Alþingi og víðar hafa þær raddir heyrst að hringtengingin hafi litlu skilað og bent sérstaklega á truflunina sem varð þann 12.02.1989. Í slíkri umræðu er fólgin mikil vanþekking á þessu máli. Hið rétta er að margar bilanir sem flestar hafa tekið marga daga að gera við hafa átt sér stað án þess að til straumleysis hafi komið nema í nokkrum tilvikum og þá í nokkrar mínútur en viðgerðir tóku allt að fimm daga. Hér á eftir eru nokkrar slíkar bilanir tilgreindar.

- 10.01.1988 brotnaði stæða í línunni milli Hóla og Hryggstekks í Hamarsfirði.
- 11.06.1988 slitnaði leiðari í línunni milli Króflúvirkjunar og Rangárvalla.
- 12.12.1988 bilaði stæða í línunni milli Hóla og Hryggstekks við Teigarhorn.
- 26.03.1987 brotnuðu fjórar stæður í línunni milli Varmahlíðar og Rangárvalla þegar snjóflóð féll á línuna. bráðabirgðaviðgerð tók 4 daga.
- 19.11.1987 brann stæða í línunni milli Hryggstekks og Hóla.
- 21.01.1986 brotnaði stæða milli Hryggstekks og Hóla vegna ísingar og hvassviðris.
- 08.11.1986 brotnaði stæða í Lanngadal milli Laxárvatns og Varmahlíðar í miklu hvassviðri.
- 14.12.1986 brotnuðu fjórar stæður í línunni milli Vatnshamra og Hrútatungu á Grjóthálsi.
- 15.11.1985 brotnaði ein stæða í línunni milli Brennimels og Vatnshamra.
- 15.11.1985 brotnaði stæða í línunni milli Hrútatungu og Laxárvatns.

Að auki ofangreindum truflunum hafa um 30 truflanir átt sér stað, þar sem engin áverki varð á byggðalínunni. Þessar truflanir hefði þó hver og ein valdið verulegu straumleysi ef álagið hefði ekki getað færst yfir á aðrar línur þegar byggðalínuhringurinn rofnaði.

9. HÖNNUNARFORSENDUR

Eins og minnst var á fyrr í skýrslunni hefur ekki mikið verið fjallað um hönnunarforsendur raforkukerfisns hér á landi með tilliti til truflana. Víða erlendis hefur þó verið fjallað víða ítarlega um þetta mál og eru til dæmis forsendur NORDEL-þjóðanna eftirfarandi.

- Halda verður nægri framleiðslu- og flutningsgetu á hverjum tíma til þess að geta á hagkvæman hátt annað allri eftirspurn.
- Líkur á að fá tvær bilanir samtímis eru svo litlar að nægjanlegt er að nota eina bilun sem grundvöll hönnunar.
- Þar sem skandinavíska flutningskerfið er flókið er reynt að halda nægjanlegum sveigjanleika í rekstri þess á hverjum tíma með því að forðast að byggja of veikar flutninglínur.
- Kerfið verður að reka og skipuleggja þannig að aflsveiflur verði ekki í því við eðlilegan rekstur og að sveiflur sem myndast séu nægjanlega vel deyfðar. taka verður tillit til þessa þáttar þegar valinn er reglunarbúnaður eða kerfiseiningar eru teknar úr rekstri til eftirlits og viðhalds.
- Til þess að hafa áætlun tilbúna við stórbilun er mælt með því að gerðar séu athuganir á bilunum sem kerfið er ekki hannað fyrir.

Almenn krafa til stofnlínukerfisins er sú að eftirtaldar bilanir orsaki ekki óstöðugleika kerfisins:

- Rafali á fullu afli leystur frá á hámarksálagi.
- Útleysing á línu eða spenni.
- Þrífasa skammvinn bilun á hvaða línu sem er með réttri útleysingu og endurinnsetningu.
- Endanleg útleysing eftir að sjálfvirk endurinnsetning hefur mistekist á línu með einfasa bilun.
- Þriggja fasa bilun á hvaða safnteinum sem er með endanlegri útleysingu og án endurinnsetningar.

Raforkukerfi Landsvirkjunar þolir allar ofangreindar bilanir nema þá síðustu en hana er nær ómögulegt að uppfylla við slíka bilun á Geithálsi enda liggja allar helstu háspennulínur á Suðvesturlandi um stöðina. Eftir tilkomu stöðvarinnar við Hamranes mun þetta breytast.

Rætt hefur verið um það undanfarin ár að stefna beri að því að ofangreindum kröfum verði náð og að þær séu verðug langtímamarkmið. Hinsvegar verður að hafa í huga að kostnaður vegna þessa er óheyrilegur og yrði því að liggja fyrir betri og nákvæmari skilgreining á verðmætamati aukins rekstraröryggis ef réttlæta ætti veruleg útgjöld umfram það sem ákveðið hefur verið nú þegar.

Viðauki 1.

Nákvæm lýsing atburðarásar truflana 11.–13. febrúar 1989.

Laugardagur 11. febrúar 1989.

11:43

Fjarvörn Geiradalslínu/Mjólkárlínu leysir út rofa línunnar í Glerárskógum. merki fjarvarnar TD. Einnig bárust merki frá yfirstraumsvörn.

11.49

Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn í Glerárskógum en leysir strax út aftur. Merki fjarvarnar RD.

12.48

Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn í Glerárskógum og tollir inni.

13:17

Fjarvörn Geiradalslínu/Mjólkárlínu leysir út rofa línunnar í Glerárskógum. Merki fjarvarnar STD.

13:24

Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn í Glerárskógum og tollir inni.

13:31

Fjarvörn Geiradalslínu/Mjólkárlínu leysir út rofa línunnar í Glerárskógum. Merki fjarvarnar TD.

13:34

Mjólkárlína skilin frá í Geiradal.

13:35

Geiradalslína sett inn í Glerárskógum og tollir inni. Spennirinn í Geiradal leysir út við innsetninguna. Spennir settur strax inn aftur.

13:46

Fjarvörn Geiradalslínu leysir út rofa línunnar í Glerárskógum. Merki fjarvarnar SD.

13:52

Geiradalslína sett inn í Glerárskógum og tollir inni. Spennir úti í Geiradal.

14:26

Geiradalslína tekin út í Glerárskógum og virkið í Geiradal skilið frá.

14:31

Geiradalslína sett inn í Glerárskógum. Geiradalur úti.

14:36

Geiradalslína tekin út vegna skoðunar á virkinu í Geiradal.

14:50
Bilun finnst í tengivirkinu í Geiradal.

14:52
Jarðbundið í Glerárskógum.

15:00
Jarðbundið í Mjólkárvirkjun.

17:49
Jarðbinding af í Mjólkárvirkjun.

17:56
Jarðbinding af í Glerárskógum.

17:58
Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn eftir viðgerð í Geiradal en fjarvörn leysir strax út. Merki fjarvarnar STD.

18:06
Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn en leysir strax út. Merki fjarvarnar STD.

Mjólkárlína frátengd í Geiradal.

18:17
Geiradalslína sett inn í Glerárskógum og tollir inni.

18:29
Geiradalslína tekin út og Mjólkárlína tengd í Geiradal.

18:34
Geiradalslína/Mjólkárlína sett inn í Glerárskógum en leysir strax út. Merki fjarvarnar STD.

18:50
Mjólkárlína frátengd í Geiradal og frekari innsetningu til Mjólkárvirkjunar hætt.

18:51
Kröflulína 1 leysir út í Kröflu en einungis tvo fasa á Rangárvöllum. Merki fjarvarnar RSD. Jarðstraumsvörn leysir í Kröflu.

20:24
Kröflulína 1 sett inn á Rangárvöllum.

20:55
Byggðalínuhringnum lokað í Kröfluvirkjun.

Sunnudagur 12. febrúar 1989

03:16

Fjarvörn leysir Geiradalslínu 1/Mjólkárlínu 1 út í Glerárskógum á fyrsta þrepi. Merki fjarvarnar voru S og D.

03:20

Geiradalslína 1/Mjólkárlína 1 sett inn í Glerárskógum.

03:33

Mjólkárvirkjun fösuð við landskerfið.

05:02

Jarðstraumsvörn leysir Laxárvatnslínu 1 út í Laxárvatni. Samtímis leysir fjarvörn út Hrútatungulínu 1 í Vatnshömrum og Hrútatungu á þrepi 1. Merki fjarvarna voru T,S og D.

05:04

Aflrofi fyrir Geiradalslínu 1/Mjólkárlínu 1 tekin út í Glerárskógum.

05:06

Hrútatungulína 1 spennusett frá Vatnshömrum.

05:08

Hrútatungulína 1 tengd í Hrútatungu.

05:13

Laxárvatnslína 1 spennusett frá Hrútatungu.

05:18

Byggðalínuhringnum lokað í Laxárvatni.

05:22

Geiradalslína 1/Mjólkárlína 1 spennusett í Glerárskógum.

05:33

Mjólkárvirkjun fasar við landskerfið.

05:47

Fjarvörn leysir út Geiradalslínu 1/Mjólkárlínu 1 í Glerárskógum á þrepi 1. Merkin sem komu á fjarvörnina voru S,T og D.

05:53

Geiradalslína 1/Mjólkárlína 1 spennusett í Glerárskógum.

06:20
Mjólkárvirkjun fasar við landskerfið.

07:46
Fjarvörn leysir Geiradalslínu 1/Mjólkárlínu 1 út í Glerárskógum á þrepi 1. Merkin sem komu á fjarvörnina voru S,T og D.

07:49
Geiradalslína 1/Mjólkárlína 1 spennusett í Glerárskógum.

08:33
Fjarvörn leysir Geiradalslínu 1/Mjólkárlínu 1 út í Glerárskógum á þrepi 1. Merkin sem komu á fjarvörnina voru T og D.

08:49
Geiradalslína 1 spennusett í Glerárskógum að Geiradal.

09:31
Jarðstraumsvörn leysir Laxárvatnslínu 1 út í Laxárvatni.Fjarvörn leysir Hrútatungulínu 1 út í Vatnshömrum og Hrútatungu á þrepi 1.

Merkin sem komu á fjarvörnina voru S og D.

09:37
Hrútatungulína 1 spennusett í Vatnshömrum.

09:39
Hrútatungulína 1 tengd í Hrútatungu og þar með Laxárvatnslína 1,Gelrárskógalína 1 og Geiradalslína 1 spennusettar. Fjarvörn leysir hana strax út aftur.

09:40
Glerárskógalína 1 og Laxárvatnslína 1 teknar út í Hrútatungu.

09:42
Hrútatungulína 1 tengd í Hrútatungu.

09:43
Glerárskógalína 1 spennusett frá Hrútatungu en fjarvörn leysir línuna strax út aftur.

09:44
Glerárskógalína 1 spennusett í Hrútatungu eftir að spennir í Glerárskógum hefur verið tekin út.

09:45
Laxárvatnslína 1 spennusett í Hrútatungu.

09:49
Geiradalslína 1 spennusett í Glerárskógum.

09:59
Byggðalínuhringnum lokað í Laxárvatni.

11:48
Spennir 1 á Brennimel leysir út vegna mismunarstraums og er settur inn fljótlega aftur.

12:30
Spennir 1 á Brennimel leysir út vegna mismunastraums og í ljós kemur að eldingarvari er brotinn. Spennirinn var hafður úti vegna þessa.

14:31
Fjarvörn leysir Vatnshamralínu 1 út á þrepi 1 í Vatnshömrum. Merkin sem komu á fjarvörnina voru R,T og D.

14:32
Stjórnstöð á Rangárvöllum tekur út Hrútatungulínu 1 í Hrútatungu.

14:44
Spennir 2 á Brennimel leysir út vegna mismunastraums og er settur inn aftur fljótlega.

14:46
Spennir 2 á Brennimel leysir út vegna mismunarstraums og er settur inn aftur fljótlega.

15:00
Spennir 2 á Brennimel leysir út vegna mismunastraums og er hann ekki settur inn aftur.

15:05
Spennir 1 á Brennimel er settur inn með biladan eldingarvara og tollir hann nú inni.

15:08
Vatnshamralína 1 spennusett frá Brennimel.

15:17
Byggðalínuhringnum lokað í Hrútatungu.

16:44
Spennir 1 á Brennimel leysir út vegna mismunastraums og er reynt að setja hann inn aftur samtals sex sinnum áður en hætt er við kl. 16:45.

16:45
Vatnshamralína 1 tekin út í Vatnshömrum.

Hrútatungulína 1 tekin út í Hrútatungu.

16:52
Hrútatungulína 1 tekin út í Vatnshömrum.

Fyrir truflunina Kl 17:11 var því byggðalínan rofin þar sem Hrútatungulína 1 og Vatnshamralína 1 voru úti. Ástæðan var sú að spennarnir á Brennimel gátu ekki verið í rekstri vegna seltu. Einnig voru miklar seltutruflanir í Vatnshömrum og voru spennarnir og útgangandi 66 kV og 19 kV línur þar meira og minna úti allan daginn.

Bilunin á Geithálsi

Kl 17:11:57:50
Fjarvörn á Búrfellslínu 1 þrep 1 leysir línuna út í Búrfelli. Merkin sem komu voru S,H og D. Fjarvörn spennis 5 á Írafossi leysir spennisrofann út á þrepi 1. Merkin sem komu voru S,H,W og D. Fjarvörn fyrir Sogslínu 3 á Geithálsi leysir aflrofa línunnar út en við það verður yfirsláttur á rofanum.

Kl 17:11:57:90
Fjarvörn Hólalínu 1 leysir út línuna í Hólum á þrepi 1. Ástæðan er sú að bilunin á Geithálsi raskar jafnvægisástandi kerfisins nægjanlega mikið til þess að rafalarnir á Norðurlandi far úr fasa við rafalana á Suðurlandi. Við þessa bilun verður straumlaust á nær öllu byggðalínusvæðinu.

Kl 17:11:58:00
Fjarvörn Búrfellslínu 2 leysir línuna út í Búrfelli á öðru þrepi Merkin sem komu á fjarvörnina voru R,S,T,N,H,D.

Fjarvörn Brennimelslínu 1 leysir línuna út í Brennimel á öðru þrepi. Merkin sem komu á fjarvörnina voru R,S,T,D.

Teinavörn á 220 kV teinum á Geithálsi leysir út alla 220 kV aflrofa á Geithálsi til þess að einangra bilunina á Sogslínu 3 frá kerfinu.

Þegar spennir 5 á Írafossi var leystur út fylgdi líklega yfirsláttur einhversstaðar í 132 kV tengivirkinu þar. Vegna þessa leysti teinavörnin alla 132 kV rofa á Irafossi. Við þessa aðgerð fóru allar vélar á Írafossi og Steingrímsstöð út en Ljósafossstöð var inni með álag á Suðurlandi.Við þessa útleysingu verður allt höfuðborgarsvæðið ásamt Reykjanesi rafmagnslaust.

17:12:00
Truflun í stjórntölvunum á Geithálsi.

17:37:00
Stjórntölvan á Geithálsi komin í lag.

17:37:07
Búrfellslína 2 sett inn í Búrfelli.

17:41:00
Truflun í stjórntölvu á Geithálsi.

18:00:00
Stjórntölvan á Geithálsi komin í lag.

18:00:43
Millisamband milli Ljósafoss og Írafoss sett inn.

18:03:16
Búrfellslína 2 sett inn á Geithálsi.

18:03:21
Vél 1 inn á teina á Írafossi.

18:04:00
Ísallína 1 og 2 settar inn á Geithálsi. Við þetta fékk álverið rafmagn í fyrsta skipti eftir truflunina.

18:04:50
Vél 2 inn á teina á Írafossi.

18:05:00
Steingrímsstöðvarlína 1 sett inn.

18:08:09
Sogslína 2 sett inn á Írafossi.

18:12:43
Steingrímsstöð vél 1 sett inn.

18:20:23
Sogslína 2 tekin út á Írafossi.

18:22:53
Búrfellslína 2 tekin út í Búrfelli vegna þess að mikið logaði yfir aflrofa Ísallínu 2 á Geithálsi. Ekki var talið þorandi að hafa rofann inni vegna þessa né heldur rjúfa línuna á Geithálsi. Einnig voru allir aflrofar á Geithálsi að verða stjórnlausir vegna þess að loft lak af loftkerfinu vegna bilunar í aflrofa Sogslínu 3.

18:23:00 - 18:35:00
Búrfellslína 2 og Ísallína 1 tengd á varateina á Geithálsi.

18:38:50
Búrfellslína 2 sett inn í Búrfelli og fær Ísal nú aftur rafmagn.

19:26:03
Búrfellslína 1 sett inn í Búrfelli. Áður hafði Sogslína 3 verið tengd við varateinana á Geithálsi.

19:28:27
Sogslína 2 sett inn á Írafossi.

19:31:49
Sogslína 2 tekin út á Írafossi. Einnig var vél 1 og 2 á Írafossi tekin út ásamt millisambandi til Ljósafoss og Steingrímsstöðvarlínu.

19:35:48
Vél 1 og 2 í Steingrímsstöð teknar út.

19:36:04
Steingrímsstöðvarlína 1 sett inn á Írafossi.

19:37:20
Írafoss vél 1 sett inn.

19:38:01
Steingrímsstöð vél 2 sett inn.

19:39:14
Írafoss vél 2 sett inn.

19:39:14
Sogslína 2 spennusett á Írafossi.

19:40:54
Steingrímsstöð vél 1 sett inn.

19:41:17
Sogslína 2 leysir út á Írafossi. Hér var um að ræða yfirslátt á aflrofa Sogslínu 2 á Írafossi.

19:51:47
Búrfellslína 1 tekin út í Búrfelli þar sem ekki var talið ráðlegt að hafa línuna spennusetta alla leið í Geithals meðan unnið væri við það að hreinsa tengivirkið á Írafossi.

20:08:59 - 20:16:18
Sogslína 2, Elliðaárlína 1 og Korpulína 1 færðar á varateina á Geithálsi.

20:20:23
Sogslína 2 spennusett á Írafossi.

20:22:44
Fjarvörn leysir út Sogslínu 2 á Írafossi. Merkin sem komu voru R,S,T,D. Yfirsláttur varð á Elliðaárlínu 1.

20:28:46
Elliðaárlína aftengd frá varateinunum.

20:31:44
Sogslína 2 spennusett á Írafossi.

20:33:09
Vél 1 í Steingrímsstöð tekin út.

20:34:27
Korpulína 1 tengd í Korpu. Einnig var aðveitustöð 3 og spennir 2 tengdur. Með þessari aðgerð hófst skömmtun á rafmagni til Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

20:40:52
Vél 1 í Steingrímsstöð sett inn.

20:42:43
Vél 3 á Írafossi sett inn.

20:52:17
Aðveitustöð 1 sett inn í Elliðaám.

20:52:41
Spennir 1 á Brennimel spennusettur frá 220 kV teinum.

20:53:36
Spennir 1, spennir 3 og spennir 5 settir inn í Elliðaám.

21:00:00
Hafnarfjarðarlína spennusett og hófs nú skömmtun þar.

21:06:35
Spennir 1 á Brennimel settur inn á 132 kV hlið.

21:10:03
Hvalfjörður og Melasveit spennusett í Brennimel.

22:42:11
33kV Reykjaneslína 2 spennusett í Elliðaám.

23:50:56
Spennir 2 á Geithálsi spennusettur frá 220 kV teinum og látin brenna seltuna af einangrununum.

23:57:48
Sogslína 3 frátengd á Írafossi.

00:03:29
Reykjaneslína 1 spennusett i Elliðaám.

00:32:49
Spennir 1 í Korpu tengdur.

00:33:28
Akraneslína spennusett í Korpu.

01:44:28
132 kV aðalteinar á Geithálsi spennusettir með 132 kV aflrofa spennis 1 á Geithálsi.

01:54:52
Búrfellslína 1 spennusett í Búrfelli.

01:56:53
Spennir 5 á Írafossi spennusettur frá 220 kV Búrfellslínu 1.

02:01:33
Sogsvirkjanirnar fasaðar við landskerfið með 132 kV aflrofa spennis 5 á Írafossi.

02:22:25
Brennimelslína 1 spennusett í Brennimel.

02:28:57
Elliðaárlína 1 spennusett frá Geithálsi.

02:38:35
Spennir 3 í Korpu spennusettur.

03:04:07
Spennir 2 á Geithálsi spennusettur frá 220 kV teinum.

04:02:28
Spennir 2 á Geithálsi tengdur við 132 kV teina.

04:22:36
Reynt að setja Elliðaárlínu 1 inn í Elliðaám en framkvæmd mistókst vegna bilunar í stýristraumrás.

04:28:49
Brennimelslína 1 sett inn á Geithálsi.

04:52:57
Elliðaárlína 1 tekin út á Geithálsi.

07:10:37
Elliðaárlína 1 sett inn í Elliðaám.

07:12:08
Elliðaárlína 1 sett inn á Geithálsi.

Eftir þetta voru allt sem var á 132 kV varateinum á Geithálsi fært yfir á aðalteinana þar.

Uppbygging byggðalínu 12. febrúar 1989.

17:11
Fjarvörn Hólalínu 1 leysir út línuna í Hólum á fyrsta þrepi. Merkin sem komu voru R,S,T,D. Ástæðan er sú að vegna truflunar á Geithálsi fara virkajanirnar á Norðurlandi úr fasa við virkjanirnar á Suðurlandi.

17:13
Krófluvirkjun Leysir út vegna undirtíðni á fyrsta þerpi þ.e. 47.9 Hz og 1.7 sekúndum. Virkjunin stöðvaðist ekki heldur fór hún í tómgang.

17:14
Laxárvirkjun leysir út vegna undirtíðni 47.5 Hz. Eftir þessa útleysingu er allt landið orðið nánast rafmagnslaust.

17:25
Kröflulína 1 inn í Kröflu og Krófluvirkjun þar með tengd við Akureyri.

17:40
Eyjafjarðarveitur tengdar á Rangárvöllum.

Vélar í Laxárvirkjun ræstar.

17:43
Álag í Laxárvirkjun tengt við virkjunina.

17:50
Akureyri tengd á Rangárvöllum.

18:00
Laxárvirkjun fösuð við Kröflu.

18:15
Hólalína 1 spennusett frá Hólum að Hryggstekk.

18:19
Spennir 1 á Hryggstekk tengdur.

18:24
Kröflulína 2 spennusett frá Kröflu.

18:27
Norðurland fasað við suðurkerfið í Hryggstekk með rofa Kröflulínu 2.

18:30
Rangárvallalína 1 og Varmahlíðalína 1 spennusettar frá Rangárvöllum.

18:33
Spennir 1 í Laxárvatni tengdur.

18:37
Laxárvatnslína 1 spennusett að Hrútartungu.

18:39
Glerárskógalína 1 spennusett að Glerárskógum.

18:45
Geiradalslína 1 spennusett að Geiradal.

21:10
Vatnshamralína 1 spennusett frá Brennimel.

21:11
Spennir 1 í Vatnshömrum settur inn.

21:18
Hrútatungulína 1 spennusett frá Vatnshömrum.

22:19
Byggðalínuhringnum lokað í Hrútatungu.

0:42
Mjólkárlína 1 spennusett frá Geiradal. Þessi aðgerð mistókst vegna bilana í kerfi Orkubús Vestfjarða.

1:38
Mjólkárlína 1 spennusett. Við þessa aðgerð lauk truflaninni á Byggðalínu.

Mánudagurinn 13. febrúar 1989

14:18
Áburðarverksmiðjan tekin út í Korpu.

14:20
Selfosslína tekin út vegna yfirálags í Ljósafossstöð.

14:26
Sogslína 1 sett inn í Ljósafossi.

14:30
Isal kemur upp með álag á skála 1.

14:31
Selfosslína sett inn í Ljósafossi.

14:35
Vél 2 í Straumsvík leysir út. Vélin var keyrð sem kondens.

14:40
Riðbreytir í Keflavík tekin út.

14:45
Áburðarverksmiðjan sett inn með skömmtun á rafmagni.

16:13
Sogslína 1 sett inn í Korpu.

16:14
Áburðarverksmiðjunni leyft að koma inn með köfnunarefnisdælu.

16:22
Steingrímsstöð vél 1 og 2 sett inn. Síðan var Steingrímsstöðvarlína 1 sett inn ásamt millisambandi milli Írafoss og Ljósafoss. Með þessu var hægt að flytja eftir Sogslínu 1 u.þ.b. 14 MVA.

17:18
Viðgerð lokið á Írafossi.

17:20
Truflun í stjórntölvu á Geithálsi.

17:40
Sogslína 1 leysti út vegna yfirálags.

17:44
Sogslína 2 inn á Írafossi og Geithálsi.

17:45
Skömmtun aflétt hjá riðbreytinum í Keflavík og Áburðarverksmiðjunni.

18:13
Stjórntölva á Geithálsi kemst í lag.

18:18
Sogslína 1 tekin út í Korpu.



Mynd 1: Straumleysi eftir truflunina á Geithálsi 12.02.1989.

Dökka svæðið varð straumlaust vegna truflunarinnar á Geithálsi.

Vesturland var straumlaust vegna bilana þar. Vestfirðir voru straumlausir vegna bilana þar og á Vesturlínu.

Suðurland og hluti Austfjarða varð ekki straumlaust.

MEÐALTALSSTRAUMLEYSI NOKKURRA LANDA



Mynd 2: Straumleysi nokkurra landa í Evrópu mældur í mínútum

BILANATÍÐNI 220 kV LÍNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 3: Bilanatíðni 220 kV háspennulína á 100 km og ár

BILANATÍÐNI 132 kV LÍNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 4: Bilanatíðni 132 Kv háspennulína á 100 km og ár

BILANATÍÐNI VÉLASAMSTÆÐNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 5: Bilanatíðni vélasamstæðna pr 100 samstæður og ár



Mynd 6: Bilaðar einingar á aflrofa Sogslínu 3.

Dökk svæði sýna hluti sem skipta þurfti um en örvar benda á minniháttar skemmdir.



Mynd 7: Aflsveiflur



Mynd 8: Almenningsveitur og Rafmagnsveita Reykjavíkur.



Mynd 9: Rafveita Hafnarfjarðar, Hitaveita Suðurnesja.



Mynd 10: Sölutöp Stóriðjunotenda.



Mynd 11: Sölutöp Rarik á Austur- og Suðurlandi.



Mynd 12: Sölutöp Rarik á Norðurlandi.



Mynd 13: Sölutöp Rarik á Vesturlandi.



Mynd 14: Sölutöp OV og RA.



Mynd 15: Áreiðanleiki orkuafhendingar á byggðalínu - Ársmeðaltal



Mynd 16: Raforkukerfi Landsvirkjunar 1988

Fylgiskjal II.

RARIK
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

TÆKNISVIÐ-RD
27.02.1989
ÞKÓ/áp
06-50

RAFMAGNSTRUFLANIR 10. - 14. FEBRÚAR 1989

Hér á eftir fer stutt greinargerð vegna bilana og rekstrartruflana í raforkukerfi Rafmagnsveitnanna dagana 10. - 14. febrúar s.l. en þá gerði veðuráhlaup að vestan og suðvestan með snjókomu og mikilli seltu í lofti og ísingu á stöku stað. Olli þetta miklum bilunum og truflunum einkum á veitusvæðum á Suður-, Vestur-, og Norðurlandi.

Föstudagur 10. febrúar

Segja má að bilanafárið hafi byrjað föstudagskvöldið 10. febrúar í dreifilínukerfum á Suður- og Vesturlandi.

Rafmagnslaust varð á nokkrum bæjum í Ölfusi, Selvogi og Þingvallahreppi og á nokkrum bæjum í Kjós, en þar slitnuðu línur vegna ísinga. Viðgerðir gengu strax erfiðlega vegna veðurs og ófærðar.

Á Vesturlandi rofnaði rafmagn á línum í Hvalfirði, Borgarfirði og útfrá aðveitustöðinni í Ólafsvík. Gekk strax illa að halda rafmagni á þessum línum og þá sérstaklega í Ólafsvík.

Laugardagur 11. febrúar

Aðfaranótt laugardagsins urðu einnig bilanir í Rangárvallasýslu í Fljótshlíð en þar eyðilagðist einn dreifispennir og brotnaði staur. Síðar um daginn varð ennfremur rafmagnslaust í Biskupstungum og efri hluta Hrunamannahrepps. Þrír ónýtir dreifispennar fundust og í ljós kom að millispennir fyrir Selvoginn hafði brunnið og lína hafði slitnað.

Seinni hluta dagsins og fram á kvöld eru truflanir og rafmagnsleysi á dreifilínum á Vesturlandi og rofna þá línur í Borgarfirði og á Snæfellsnesi og í Dölum. Á Norðurlandi vestra hófust truflanir laust fyrir kl. 21 á laugardagskvöldið en þá rofnaði rafmagn á Strandalínu frá aðveitustöðinni í Hrútatungu. Truflanir og bilanir urðu einnig á laugardagskvöldinu á Norðurlandi eystra á dreiflínum í Öxnadal og S.-Þingeyjarsýslu.

Sunnudagur 12. febrúar

Snemma á sunnudagsmorgni fer ástandið að versna til muna þegar rafmagn fer að rofna á stofnlínum á Suður-, Vestur-, og Norðvesturlandi en áður höfðu truflanir og bilanir aðeins náð til dreifilínukerfisins. Má segja að ríkt hafi hernaðarástand á stórum hluta á þessum veitusvæði allan sunnudaginn og loguðu víða tengivirki vegna mikillar seltu í lofti sem settist á rafbúnaðinn. Þetta ástand nær hámarki þegar bilun varð í tengivirki Landsvirkjunar að Geithálsi kl. 17.11 en þá myrkvaðist nær allt landið þegar Byggðalína rofnaði á milli Hóla og Hryggstekks.

Þegar þessi bilun verður er Byggðalínuhringurinn rofinn milli Hrútatungu og Brennimels en allar línur tengdar Vatnshömrum voru rofnar vegna bilana. Einnig voru báðir aflspennar í Brennimel frátengdir vegna bilana. Búið var að spennusetja Byggðalínu að Glerárskógum kl. 18.40. Byggðalína frá Brennimel að Vatnshömrum ver spennusett kl. 21.10.

Eins og áður hefur komið fram var raforkudreifikerfi Rafmagnsveitnanna á Suður-, Vestur-, og Norðvesturlandi víðast hvar ekki rekstrarhæft vegna tíðra truflana og bilana einkum þó í Rangárvalla-og Árnessýslu, Kjós, Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu, á Snæfellsnesi og í Húnavatnssýslum. Þá urðu einnig nokkrar truflanir og bilanir í Vestur-Skaftafellssýslu, Dalasýslu og Skagafjarðarsýslu. Lítils háttar bilanir urður hins vegar í raforkudreifikerfinu á Norðurlandi eystra.

Víða var um langvarandi straumleysi að ræða á þessum veitusvæðum einkum á sveitalínum. Á Suðurlandi urðu bilanir og truflanir í stofnlínukerfinu helstar þessar.

66 kV lína Ljósafoss-Selfoss rofnaði 6 sinnum frá kl. 9.10 til 3.55. Þá bilaði 33 kV Víkurlína frá Hvolsvelli kl. 2.30 aðfararnótt sunnudagsins og var viðgerð lokið kl. 6.00 um morguninn. 33 kV Vestmannaeyjalína frá Hvolsvelli rofnaði nokkrum sinnum á sunnudagsmorguninn.

Í síðasta skiptið þegar spennusetja átti Vestmannaeyjalínuna kl. 12.20 sprakk ein fasaeining aflrofans, þannig að hann varð ónothæfur. Síðar um daginn kl. 17.30 varð skammhlaup yfir endamúffu á 33 kV streng í aðveitustöðinni á Hvolsvelli, við þetta fór allt rafmagn af stöðinni. Rafmagn komst fljótlega á aftur nema á Víkurlínu en hún er tengd þessum 33 kV streng. Mikið mildi var að ekki urðu slys á mönnum við þessa bilun þar sem unnið var að því að losa aflrofann fyrir Vestmannaeyjalínu rétt hjá 33 kV strengendanum þegar skammhlaupið varð. Miklar truflanir urður einnig á öllum línum frá aðveitustöðinni á Hellu uppúr kl. 15.00.

Á Vesturlandi rofnaði 66 kV lína frá Vatnshömrum í Vegamót kl. 7.30 á sunnudagsmorguninn. Töluvert tjón varð á rafbúnaði í 66 kV tengivirki aðveitustöðvarinnar að Vegamótum þegar mest gekk á.

Unnið var allan sunnudaginn að því að þrífa seltu af búnaði í tengivirki aðveitustöðvanna á Vegamótum, Ólafsvík, Vogaskeiði og Grundarfirði. Um kl. 23.00 á sunnudagskvöldið var 66 kV línan frá Vatnshömrum að Vegamótum spennusett aftur og í kjölfar þess 66 kV línurnar Vegamót-Ólafsvík, Vegamót-

Vogaskeið og Vogaskeið-Grundarfjörður.

Á Norðurlandi vestra rofnaði 33 kV Hvammstangalína fyrst kl. 5.00 og var af og til straumlaus fram til kl. 16.00 en þá var hún rofin til kl. 24.00.

Mánudagur 13. febrúar

Unnið var allan mánudaginn að viðgerðum í dreifikerfinu á Suður-, Vestur-, og á Norðurlandi vestra og víða þurfti að þrífa seltu sem sest hafði á einangrara og annan rafbúnað áður en hægt var að spennusetja línur og tengivirki.

Á Suðurlandi var á Hvolsvelli lokið kl. 5.00 við að lagfæra endabúnað 33 kV strengsins og tengja annan rofa við Vestmannaeyjalínu. Var Víkurlína þá spennusett en ekki tókst að spennusetja Vestmannaeyjalínuna.

Bilun fannst stuttu síðar á Vestmannaeyjalínu og var viðgerð lokið og straumur kominn á til Vestmannaeyja kl. 7.00.

Um kl. 14.00 fór allur straumur af frá Sogsvirkjunum vegna bilunar í tengivirki við Írafossvirkjun. Fljótlega var spennusett aftur en þar sem afl kom aðeins frá Ljósafossvirkjun varð að rjúfa straum af Flóa, Hveragerði og Hellulínu. Aðveitustöðin Hellu var þá tengd yfir á Hvolsvöll. Á Suðurlandi var búið að gera við þær bilanir sem vitað var um og koma rafmagni á um kvöldmatarleytið.

Á Vesturlandi var rafmagn komið á norðanvert Snæfellsnes og í Dölum um kl. 4.00 aðfararnótt mánudagsins. Um kl. 10.00 á mánudagsmorgun var rafmagn komið á allt svæðið nema nokkra bæi í uppsveitum Borgarfjarðar og á Mýrum. Gekk erfiðlega að koma rafmagni á þessa bæi og urðu menn frá að hverfa á mánudagskvöldi vegna mikils skafrennings.

Á Norðurlandi vestra voru enn truflanir á Hvammstangalínu og á dreifilínum, Múlalínu, Skagalínu og Skagafjarðarlínu vestri. Rafmagn komst á Miðfjarðar- og Víðidalslínur um kl. 20.00 á mánudagskvöld og síðast á Skagalínu kl. 23.30 og var þá rafmagn komið á nær allt veitusvæðið.

Þriðjudagur 14. febrúar

Aðfararnótt þriðjudagsins urðu truflanir á Suðurlandi og varð þá rafmagnslaust í Biskupstungum og allar línur tengdar aðveitustöðinni í Þorlákshöfn rofnuðu. Fljótlega komst rafmagn á í Þorlákshöfn og allsstaðar í Tungunum kl. 13.00.

Á Vesturlandi var á þriðjudagsmorgun lokið við að koma rafmagni á alla bæi. Um kl. 11.30 rofnaði þó lína tengd aðveitustöðinni í Brennimel fyrir Leirár- og Melasveit og reyndist vera bilun í endastæðu við aðveitustöðina.

Á Norðurlandi vestra voru ennþá truflanir á Múlalínu aðfararnótt þriðjudagsins. Lokið var við viðgerðir og komið rafmagn á síðustu bæi á Skagalínu kl. 16.30. Enn rofnaði þó rafmagn á Skagalínu kl. 23.20 og komst ekki á fyrr en kl. 10.15 á miðvikudagsmorgun þann 15. febrúar.

Kostnaður - sölutap

Á meðfylgjandi blaði er samantekt á áætluðum beinum kostnaði Rafmagnsveitnanna vegna þessa áhlaups dagana 10. - 14. febrúar sl. Þar hefur verið dreginn saman kostnaður við vinnuflokka meðan að bilanafárið stóð yfir og áætlaður kostnaður við vinnu við að koma kerfinu í samt lag eins og það var fyrir þetta áhlaup. Þá hefur það tjón sem varð á rafbúnaði verið metið en það var langmest í aðveitustöðinni á Hvolsvelli og einnig varð töluvert tjón á rafbúnaði í aðveitustöðinni að Vegamótum. Disilvélar voru keyrðar þar sem hægt var að koma því við og varaafl var til staðar, en kostnaður vegna disilkeyrslu er þó óverulegur samanborið við annan kostnað. Samtals er áætlaður beinn kostnaður Rafmagnsveitnanna um 14 Mkr.

Á meðfylgjandi blaði hefur ennfremur orkusölutap Rafmagnsveitnanna þessa daga verið áætlaður.

Skerðing orkusölutekna á þessu tímabili hefur verið áætluð samtals 2 Mkr. Sé tekið tillit til þess að á móti koma minni orkuinnkaup þá er skerðing nettótekna Rafmagnsveitnanna vegna orkuviðskipta nálægt 0,6 Mkr.

Leiðir til úrbóta

Eins og áður hefur komið fram var megnið af bilunum í þessu áhlaupi af völdum seltu sem settist á einangrara. Í kjölfar þessa áhlaups er því nauðsynlegt að athuga sérstaklega kaup á rafbúnaði fyrir útivirki og einangrurum fyrir línur m.t.t. að þeir verji sig betur fyrir seltu og áhleðslu krapa. Á seinni árum hafa Rafmagnsveiturnar keypt allan rafbúnað með aukinni skriðspennulengd einangrara og lögun sem á að varna því að m.a. krapi setjist á þá.

Öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir truflanir og bilanir af völdum seltu í tengivirkjum aðveitustöðva er einfaldlega að byggja yfir þau. Tvær slíkar aðveitustöðvar hafa verið byggðar hjá Rafmagnsveitunum á Dalvík og Vopnafirði. Þar sem 66 kV rofabúnaður og teinar er inni í stöðvarhúsinu en 66/11 kV aflspennir utandyra. Á sl. ári var ákveðið að hanna sérstaklega svokallaðar inniaðveitustöðvar þar sem allt tengivirki aðveitustöðvarinnar er yfirbyggt. Fyrirhugað er að byggja tvær slíkar aðveitustöðvar á Suðurlandi. Eina í Þorlákshöfn og aðra á Krosssandi (Rimakot) sem þjóna mun Vestmannaeyjum og Eyjafjalla-og Víkursvæðinu. Þá er ennfremur fyrirhugað að byggja slíkar stöðvar á Ólafsfirði og Eskifirði.

Þá hefur verið til umræðu að kaupa hentug spraututæki til að þrífa einangrara þar sem því yrði komið við vegna veðurs. Til eru tæki erlendis sem hægt er að nota þó rafbúnaður sé undir spennu. Ennfremur er rétt að athuga hvort ekki sé ástæða til að bera víðar silicon á einagrara en slíkt hefur verið gert með góðum árangri á sérstaklega útsettum stöðum.

Þá er rétt að geta þess að við þær veðurfarsaðstæður sem hér var um að ræða getur það skipt miklu máli að reyna að spennusetja línu strax eða fljótlega eftir að truflun hefur orðið og rafmagn farið af, því það er alltaf möguleiki á að línan nái að "hreinsa" sig ef spennu er komið á áður en selta og krapið nær alveg yfirhöndinni. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að hjá Rafmagnsveitunum er áformað á næstu 3-4 árum að koma á fjarstýringu á alla rofa í aðveitustöðvum sem tengjast nýju fjargæslukerfi Rafmagnsveitnanna.

Athuga þarf sérstaklega hvort ekki er hægt að komast hjá því að rofar í Byggðalínu austur frá Sigölduvirkjun rjúfi línuna þó bilanir verði í tengivirkinu á Geithálsi. Á þeim tíma sem þetta gerðist voru Byggðalínur tengdar um Suðurlínu og tengingin frá Sigöldu gat annað því álagi sem virkjanir á Austur- og Norðurlandi gátu ekki annað.

Ef ekki hefði orðið rof á Byggðalínunni í Hólum þá mætti gera ráð fyrir að komast hefði mátt hjá meiri háttar truflunum á Austur-og Norðausturlandi.

Þá er rétt að geta ábendingar um að ef spennusetning á Austurlandi frá eigin virkjunum og díselstöðvum á veitusvæðinu norðan Lónsheiðar eigi að ganga hnökralaust þurfi að koma til miklar kerfisbreytingar, þannig að hægt verði að tví-eða þrískipta álagi stærri staða við innsetningu og fjarstýringu frá Grímsá eða Eyvindará á rofum RARIK í Hryggstekk.

Ennfremur hefur verið bent á að auka þurfi varaafl á Austurlandi og Vesturlandi (Snæfellsnesi).

TÆKNISVIÐ-RD
27.02.1989
ÞKÓ/áp
06-50

ÁÆTLAÐUR BEINN KOSTNAÐUR VEGNA BILANA OG TRUFLANA 10. - 14. FEBRÚAR 1989

			Þ.kr.	Þ.kr.
SUÐURLAND				
Disilkeyrsla	4300 kWh	:	20	
Vinnuflokkar	2500 klst.	:	3750	
Tjón á búnaði		:	2100	
Aðkeypt tæki og þjónusta		:	60	
				5930
VESTURLAND				
Dísilkeyrsla	28500 kWh	:	140	
Vinnuflokkar	2800 klst.	:	4200	
Tjón á búnaði		:	500	
Aðkeypt tæki og þjónsuta		:	250	
				5090
NORÐURLAND VESTRA				
Vinnuflokkar	1500 klst.	:	2250	
Tjón á búnaði		:	300	
				2550
NORÐURLAND EYSTRA				
Vinnuflokkar	200 klst.	:	300	
Tjón á búnaði		:	100	
				400
AUSTURLAND				
Disilkeyrsla	5200 kW	:	30	
Vinnuflokkar	200 klst.	:	300	
				330
			Samtals	14300

Fylgiskjal III.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Rekstrardeild
24.04. 1989
JÓL/sj

Rafmagnstruflanir á Vestfjörðum 9.-14. febrúar 1989.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir bilunum og rekstrartruflunum í raforku kerfi Orkubús Vestfjarða, dagana 9.-14. febrúar sl. vegna veðuráhlaups að vestan og suðvestan með mikilli seltu og snjókomu. Ísing gerði einnig vart við sig og var bilanavaldur víða á Vestfjörðum.
Skýrsla þessi nær aðeins til þeirra svæða sem tengjast landskerfinu með línum. Þannig eru svæði eins og Ísafjarðardjúp og Flatey á Breiðafirði ekki tekin með í skýrslunni.

Fimmtudagur 9. febrúar

1. Vesturlína:

Fyrstu kynni vestfirðinga af bilanalotu þessari var við útslátt á Vesturlínu kl. 04.13. Línan var skópuð frá Glerárskógum en engin bilun fannst. Reynt var að spennusetja línuna kl. 06.18, en án árangurs. Kl. 7.10 tókst að spennusetja línuna. Eftir að hún hafði haldist inni nokkra stund, var ákveðið að fasa við í Mjólká, og var það gert kl. 07.51. Díselvélar höfðu verið ræstar og keyrt á netið á meðan Vesturlína var úti.

Um kl. 16.00 var tilkynnt til Mjólkár að bilun hafi fundist á Vesturlínu, í Gufudalssveit. Hafin var viðgerð á línunni um kl. 20.45 og var henni lokið laust eftir miðnætti.

2. Engidalslína Ísafirði:

Kl. 11.46 bilaði 12 kV strengur sem tengir línuna við aðveitustöðina í Stórurð. Bilunin fannst inni í stöðvarhúsinu og var viðgerð lokið um kl. 20.00, rétt áður en keyra þurfti varafstöðvar vegna viðgerðar á Vesturlínu.

3. Sveitalínur V-Barðastrandarsýslu:

Kl. 21.00 leysti út sveitalína fyrir Barðastrandarhrepp og Rauðasandshrepp í aðveitustöðinni á Patreksfirði, líklega vegna ísingar og seltu á línunni yfir á Rauðasand. Línan var spennusett aftur um kl.21.30.

Föstudagur 10. febrúar.

1. Strandasýsla:

Tröllatungulína sló út í Geiradal kl. 03.00 og var hún sett inn aftur kl.05.20. Vart var við bilun á 11 kV línu á Drangsnesi. Nokkrar truflanir voru á rafmagni þennan dag og kl.23.45 sló Tröllatungulína aftur út. Ekki fannst bilun og var hún sett inn aftur um kl.02.00 eftir miðnætti.

2. Línan Mjólká-Hrafnseyri:

Miklar truflanir og útslættir voru á 33 kV línunni frá Mjólká,fyrst kl.02.43 og má telja víst að því hafi valdið selta og ísing á enda búnaði við landtak 33kV sæstrengsins yfir Arnarfjörð, á Tjaldanesi.

3. Línan Breiðidalur-Bolungarvík:

66 kV línan Breiðidalur-Bolungarvík sló fyrst út kl. 04.19 og síðan all oft eftir það. Eftir útslátt kl.23.23 var ákveðið að bíða með innsetningu línunnar vegna seltu og ísingar, en Bolungarvík í staðinn aflfædd frá Ísafirði.

4. Súðavíkurlína:

12 kV línan til Súðavíkur sló út vegna seltu og ísingar all oft þennan dag, og var hún ekki sett inn aftur fyrr en eftir miðnætti, og voru díselvélar keyrðar í Súðavík á meðan.

Laugardagur 11. febrúar.

1. Strandasýsla

Miklar truflanir hófust á Strandalínu í Hrútafirði kl.21.00 vegna seltu og ísingar. Um kl.08.00. 12. febrúar tókst að koma rafmagni til Borðeyrar frá Hrútatungu, eftir að selta hafði verið þrifin af endamöstrum. Mikil selta var á sveitalínunni norðan Borðeyrar, og var unnið við að þrífa seltu af einangrurum og spennistöðvum. Um kl. 03.00, 13. febrúar tókst að koma rafmagni að Ljótunnarstöðum, en ekki tókst fyrr en um kl 03.00, 14. febrúar að koma rafmagni allt að Skálholtsvík.

2. Truflanir urðu á Þverársvæði og í Austur-Barðastrandarsýslu og sló allt út kl. 12.00 en þá kom í ljós bilun í Geiradalsstöð, þeirri viðgerð var lokið um kl. 18.30.

3. Svæði 2:

Tálknafjarðarlína 66 kV sló út nokkrum sinnum vegna seltu og ísingar. Um kl. 19.00. kom fram bilun á Patreksfjarðarlínu 33 kV og voru keyrðar díselvélar á Patreksfirði. Sveitalínur fyrir Barðastrandahrepp og Rauðasandshrepp slóu oft út, en tókst að setja þær inn um kl 22.00.

4. Svæði 1:

Nokkrar truflanir urðu vegna Vesturlínu og bilunar í Geiradal. Kl.23.30 sló út 66 kV Breiðidalur-Ísafjörður vegna ísingar, en var aftur inn aftur um kl 23.50

Sunnudagur 12. febrúar.

1. Strandasýsla Austur-Barðastrandarsýsla:

Svo sem fram hefir komið, var mikið rafmagnsleysi í Bæjarhreppi allt frá kvöldi 11. febrúar til um kl.03.00, 14. febrúar vegna seltu og ísingar.
Í Austur-Barðastrandarsýslu voru miklar truflanir á línunni og útslættir í Geiradalsstöð. Reykhólalína sló út 70 sinnum frá sunnudagsmorgni til kvölds vegna seltu. Einangrarar á endamöstrunum voru þvegnir með vatni og tókst þá að halda línunni inni.
Á sunnudagskvöld hafði Tröllatungulína slegið 25 sinnum út þann dag, og Króksfjarðarneslína 10 sinnum.

2. Svæði 2:

Mikil selta var á sveitalínum og var Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur rafmagnslausir að mestu þennan dag. Tekið var það ráð að fá slökkviliðsbíl til að sprauta vatni á einangrara í tengi virki á Patreksfirði og á sveitalínunni, og tókst að koma rafmagni á laust eftir miðnætti.

Um kl. 11.00 bilaði rofi á 66 kV línu Patreksfjarðar og voru því keyrðar díselvélar fyrir Patreksfjörð. Tálknafjarðarlína sló út kl.13.43 og varð þá rafmagnslaust á Tálkanfirði, hófst mikil skömmtun þar á rafmagni, en henni linnti ekki fyrr en 14. febrúar. Ketildalir voru einnig rafmagnslausir þennan tíma.

Bíldudalur varð rafmagnslaus kl. 04.40 en þá féll snjóflóð úr Búðargili fyrir ofan Bíldudal, og braut tvo staura í 33 kV línunni utan við aðveitustöðina. Reynt var að setja

rafmagn á línuna Keldeyri-Bildudalur um kl.05.00, en hún sló út aftur. Í ljós kom að brotnir voru tveir staurar í línunni nálægt Keldeyrarstöðinni. Hér með hafði Bildudalur enga aðflutningsleið fyrir rafmagn og voru keyrðar díselvélar þar til um kl. 11.00, 13. febrúar, að tekist hafði að gera við línuna ofan við Bíldudal. Þá tóku við mikil seltuvandamál og rafmagnsleysi af þeim sökum. Einangrarar í endamöstrum fyrir sæstreng yfir Arnarfjörð voru fullir af seltu og krapi. Af þessum sökum varð símasambandslaust við suðursvæðið og þar með Mjólkárvirkjun, þar sem stöðin fyrir radíósamband á Tjaldanesi varð rafmagnslaus. Vegna veðurs og ófærðar lauk þessari viðgerð ekki fyrr en 14. febrúar, og spenna komst á frá Hrafnseyri til Bíldudals.

3. Svæði 1:

Aðfararnótt sunnudagsins 12. febrúar fer ástandið ört versnandi með tíðum útsláttum á Vesturlínu og 66 kV rofum í Mjólká, Breiðadal og á Ísafirði. Eftir útslátt á Vesturlínu kl.08.36 var hætt við innsetningu og kom línan ekki inn aftur (spenna að Mjólká) fyrr en kl. 23.32. Allan þennan dag var aðalflutningskerfið á norðanverðum Vestfjörðum svo til ónothæft vegna þess að selta og krap klesstist af afli óveðursins í einangrara á línum, endabúnaði strengja og í öllum útivirkjum. Alls staðar voru strangar rafmagnsskammtanir og á Ísafirði og í Bolungarvík lokaðist fyrir aðflutningsleiðir rafmagns og innbyrðis á milli rafstöðva. Þetta gerði skömmtun óframkvæmanlega, og var ekki við það ráðið að á nokkrum hluta var nóg rafmagn frá díselstöð en ekkert að hafa á öðrum stöðum.svo sem í Hnífsdal og í Holtahverfi. Reynt var að halda velgju í húsum þar sem það var hægt. Rafmagnslaust var víða á sveitabæjum, þar sem varaafl náði ekki til þeirra og hlaust af þessu mikil misskipting þess litla rafmagns sem til var að miðla. Starfsmenn voru allan daginn að þrífa seltu og krap af einangrurum aðveitustöðva og lína, og gaf bestan árangur að þvo þá með heitu vatni, en ekki var það alls staðar tiltækt. Þegar liða fór á daginn fór ástandið mjög skánandi. Um kl.18.00 var komið rafmagn frá Mjólká til Ísafjarðar. Vesturlína hafði verið rofin með teinrofa í Geiradal að óþörfu og kom ekki rafmagn þaðan fyrr en kl.23.32 svo sem fyrr segir. Að sjálfsögðu voru allar tiltækar díselstöðvar á Vestfjörðum keyrðar þennan dag, og dugði ekki til, svo sem fram hefur komið.

Miklar truflanir voru á sveitalínum í Önundarfirði og Dýrafirði. Línan yfir klofning frá Flateyri til Suðureyrar bilaði og vír slitnaði á 33 kV línu við Hjarðardal í Dýrafirði og var hún því ónothæf sem varalína frá Mjólká. Spennisúttak í Mjólkárvirkjun bilaði og eldingarvari eyðilagðist og varð því Mjólkárvirkjun óstarfhæf mikinn hluta dagsins svo sem áður er nefnt.

13. febrúar og 14. febrúar.

1. Strandasvæði og Austur-Barðastrandarsýsla:

Áður hafa komið fram hverjar truflanir voru á þessu tímabili í Bæjarhreppi og Austur-Barðastrandarsýslu.
14. febrúar kom í ljós bilun á Tröllatungulínu 33 kV á tveimur staurasamstæðum á nýja kaflanum voru slár brunnar í sundur, þar sem demparasveigar höfðu lagst að slánum. Viðgerð var lokið kl.21.00

Kl.22.30 fór rafmagn af Trékyllisheiðarlínu. Vegna veðurs og slæmrar færðar var ekki hægt að leita að biluninni fyrr en 15. febrúar, en þá reyndist vír slitinn á 400 m löngum spenni við Kjósarhjalla. Rafmagn var sett á línuna um kl. 23.30, 15. febrúar en þá hafði verið rafmagnslaust í Árneshreppi í 25 klukkustundir.

Svæði 2:

Nokkrar truflanir voru á rafmagni á sveitalínum. Rafmagn komst á allar aðal orkuflutningslínur 14. febrúar.

Svæði 1:

Unnið var að viðgerðum á línum í Dýrafirði, Önundarfirði og á klofningslínu og Súðavíkurlínu. Einnig voru þrifnir einangrarar aðveitustöðva og í endamöstrum lína og var þessu eindæma fári ekki lokið fyrr en 15. febrúar.

Um kostnað og sölutap:

Á meðfylgjandi blaði er tekinn saman áætlaður beinn kostnaður Orkubúsins vegna áhlaupsins 9.-14. febrúar sl. Dreginn er saman kostnaður eftir svæðum við vinnuflokka á meðan á áhlaupinu stóð, og áætlaður er kostnaður við að koma kerfinu í samt lag aftur. Miðað við þann mikla usla sem óveðrið olli, þar sem flutningsvirki voru um tíma ónothæf vegna seltu og kraps, má segja að tjón á búnaði hafi orðið fremur lítið,og kostnaður þess vegna minni en ætla mátti. Díselkeyrsla var mikil og nýttist víða vel, nema á Ísafirði og á Tálknafirði, en þessir staðir eru mjög háðir aðfengnu varaafli. Samtals er beinn kostnaður Orkubúsins tæpar 9 M.kr.

Sölutap:

Skerðing á orkusölutekjum varð víða fremur lítil, þar sem díselkeyrsla var mjög mikil. Hins vegar á þeim stöðum þar sem díselafl náði ekki til, svo sem á Ísafirði, Tálknafirði og víða á sveitabæjum varð skerðingin talsverð. Þetta sölutap hefur ekki verið metið.

Úrbætur:

Áhrif þessa áhlaups hafa vakið margar spurningar um það hvað eigi að gera til varnar. Margt mætti gera til þess að auka eiginleika kerfisins til að mæta slíkum áhlaupum, en gegn svo illræmdu sem þetta var, dugir ekkert annað en hús yfir búnaðinn. Það segir sig sjálft, að ekki er hægt að leysa nema hluta af málinu þannig. Orkubúið hefur á undanförnum árum unnið að endurnýjun aðveitustöðva, og hefur sett allan rofabúnað inn í hús á Ísafirði, og 33,19 og 11 kV búnað í Breiðadal. Á næstu árum verður það sama gert á Hrafnseyri og á Þingeyri en þar er um 33 kV búnað að ræða. Víða þarf að setja nýja einangrara á línur með aukinni skriðspennulengd, einkum á sveitalínum. Háspennuvarhöldum þarf víða að skipta út og setja nýjar sem gerðar eru fyrir hærri spennu og þola þar með betur seltu.
Orkubúið vinnur nú að því að setja upp fjargæslukerfi og eru tvær aðveitustöðvar stýranlegar frá stjórnstöð á Ísafirði. Í þessu áhlaupi kom greinilega fram hve mikilvægt slíkt kerfi er. Hins vegar er kerfið háð símasambandi og verður óvirkt um leið og það rofnar. Orkubúið mun nú í ár setja upp raflínusíma á milli Ísafjarðar og Mjólkárvirkjunar með viðkomu í Breiðadalsstöð og telja Orkubúsmenn að með því megi auka til muna öryggi í stjórnun kerfisins.
Á þessu ári verður varaafl á Ísafirði aukið um 2,1 MW með uppsetningu nýrrar díselstöðvar og á næstu árum er fyrirhugað að bæta varaafl á Hólmavík og á Tálknafirði.

Áætlaður kostnaður vegna bilana og truflana 9. -13. febrúar 1989.

Svæði 1:			Þ.kr.	Þ.kr.
Díselkeyrsla	316.000 kWh	:	1.450	
Vinnuflokkur	1.870 klst.	:	2.805	
Tjón á búnaði		:	380	
Aðkeypt þjónusta		:	95	
				4.730

Svæði 2:				
Díselkeyrsla	220.000 kWh	:	1.450	
Vinnuflokkur	1.050 klst.	:	1.575	
Tjón á búnaði		:	255	
Aðkeypt þjónusta		:	120	
				2.960

Svæði 3:				
Díselkeyrsla	35.000 kWh	:	160	
Vinnuflokkur	430 klst.	:	645	
Tjón á búnaði		:	295	
Aðkeypt þjónusta		:	100	1.200
				8.890

Fylgiskjal IV.

Rafmagnsveita Reykjavíkur.
Kerfisstjórn.

Skýrsla um truflun á raforkukerfinu 12. febrúar 1989

Sunnudaginn 12. febrúar varð mjög víðtæk truflun á kerfi Landsvirkjunar vegna mikillar seltu, sem settist á allan rafbúnað utanhúss. Var þetta ein mesta truflun á raforkukerfi Landsvirkjunar frá upphafi. Seltan olli skemmdum á eftirtöldum búnaði hjá Landsvirkjun við Geithála:

Hluti eins fasa í 220 kV aflrofa Sogslínu 3 sprakk vegna yfirsláttar, rofabilunin olli því að varnarbúnaðurinn leysti út alla 220 kV rofana á Geithálsi.
Bilunin í 220 kV rofanum, sem varð kl. 17.10 þann 12. febrúar olli því að allt rafmagn fór af Faxaflóasvæðinu og víðar.
Allt þrýstiloft fór af loftkerfinu á Geithálsi þegar bilunin varð í 220 kV rofanum og var því ekki hægt að stjórna rofabúnaðinum í nokkurn tíma á eftir og tafði þetta aðgerðir.
Vegna seltu í tengivirkinu á Írafossi varð að hreinsa 130 kV rofann fyrir Sogslínu 2 áður en hægt var að spennusetja línuna frá Írafossi. Það tók um eina klukkustund.
Þar sem allar stýringar á loftrofum á Geithálsi voru óvirkar, voru Korpulína og Elliðaárlína tengdar beint framhjá aflrofum inn á varateina ásamt Sogslínu 2 og innsetning framkvæmd frá Írafossi. Línan leysti strax út aftur, mikill blossi sást á úttakinu á Elliðaárlínu, og var hún þá frátengd varateinunum og innsetning reynd að nýju frá Írafossi og hélst hún þá inni og þar með var komið rafmagn í Korpuvirkið.

Eftir að rafmagn var komið í Korpuvirkið kl. 20.30 var stjórnin í höndum kerfisstjórnar RR að nýta það afl, sem tiltækt var frá Landsvirkjun.

Kl. 20.34 voru Aðveitustöðvar 8, 9 og 10 spennusettar og þar með var komið rafmagn á allt dælukerfi HR í Mosfellsdal, Reykjadal og Grafarholti.

Kl. 20.35 Aðveitustöð 3 spennusett. Umráðasvæði hennar er: Laugarneshverfi, Túnin, Kleppsvegur og Sundahöfn.

Kl. 20.36 Aðveitustöð 1 spennusett. Umráðasvæði hennar er: Holtin, Norðurmýri, Háaleitishverfi, flugvallarhringurinn og Norðurbærinn niður undir Lækjargötu og Pósthússtræti.

Kl. 20.37 Aðveitustöð 2 og 6 kV í Aðveitustöð 1 spennusett: Umráðasvæði Aðveitustöðvar 2 og 6 kV í Aðveitustöð 1 er: allur Vesturbærinn, Seltjarnarnes, Grandi, Þingholtin, Landsspítali o.fl.

Kl. 20.45 Var 130 kV strengur, sem liggur á milli Aðveitustöðvar 1 og Aðalspennistöðvar við Elliðaár spennusettur frá Aðveitustöð 1.

Kl. 20.53 Voru teinar 1A spennusettir í Aðveitustöð 5.

Kl. 21.00 Var Hafnarfjarðarlína spennusett.

Kl. 21.01 Var Breiðholtið sett inn.

Kl. 21.14 Voru teinar 2A í Aðveitustöð 5 spennusettir.

Kl. 21.23 Fékk Hafnarfjörður að koma inn með 2 MW sem urðu 4 MW.

Kl. 21.24 Voru teinar 2V spennusettir í Aðveitustöð 5.

Kl. 21.34 Vatnsendalína sett inn.

Kl. 21.36 Voru teinar 1V spennusettir.

Kl. 21.43 Voru Vogar og Sund sett inn.

Kl. 21.59) 22.49) Var byrjað á að rjúfa álag í Aðveitustöð 1, 2 og 3, svo hægt væri að koma rafmagni í Kópavog, Árbæjarhverfi, Ártúnshöfða, Arnarnes, Garðabæ og austasta hluta Vogahverfis.

Kl. 22.07 Aðveitustöð 6 spennusett og þar með Kópavogur að hluta, Arnarnes og mesti hluti Garðabæjar. Við innsetninguna á rofa R11-010 í Aðveitustöð 6 leysti hann strax út aftur og varð að rjúfa kerfið í sundur, svo hægt væri að koma rofanum inn, en það tókst kl. 22.27 og þar með var einnig komið rafmagn á suðvesturhluta Kópavogs.

Kl. 22.13 Var austurhluti Kópavogs settur inn.

Kl. 22.20 Nýi Miðbærinn, Skeifan og Grensásvegur settur inn.

Kl. 22.24 Austurhluti Vogahverfis settur inn.

Kl. 22.27 Garðarnir og Langagerði sett inn.

Kl. 22.30 Var Ártúnsholt sett inn og nyrsti hluti Árbæjarhverfis.

Kl. 22.42 Var hluti Laugarneshverfis, sem hafði verið rofinn um kl. 22.00 settur inn aftur.

Kl. 22.47 Faxafen, Ármúli, Síðumúli sett inn.

Kl. 22.51 Nyrsti hluti Ártúnsholts settur inn.

Kl. 22.54 Korpúlfsstaðalína sett inn, en bensli hafði slitnað í línunni og hún leyst út kl. 21.09.

Kl. 22.59 Var álag farið að minnka á kerfinu og voru þá þau hverfi, sem tekin höfðu verið út í Aðveitustöð 1, 2 og 3 um kl. 22.00, sett inn aftur.

Kl. 23.22 Var Vatnsendalína sett inn frá Aðveitustöð 7. Miklar truflanir voru á öllum loftlínum RR og hafði línan leyst út kl. 23.20.

Kl. 23.30 Má segja að rafmagnsskerðingu sé lokið.

Yfirlit

Rafmagn fór af kerfi Rafmagnsveitunnar kl. 17.10 þann 12. febrúar 1989 og algert straumleysi var til kl. 20.34, nema Elliðaárstöðin keyrði um 100 kW inn á stöðvarnotkun og næsta nágrenni. Varastöðin í Ármúla gekk frá kl. 17.10 til kl. 24.00.

Eftir að rafmagn kom inn á kerfið við Elliðaár, um kl. 21.00, var Elliðaárstöðin fösuð við kerfið og keyrði með fullu álagi þar til skerðingu lauk kl. 23.30. Götuljós voru höfð rofin að mestu þar til rafmagnsskerðingu lauk.

Þegar rafmagn kom á kerfið kl. 20.34, takmarkaðist það við 58-60 MW, en aflþörf á þessum tíma er um 88 MW, en verulega dregur úr aflþörfinni þegar líður á kvöldið.

Gróft reiknað hefur Rafmagnsveitan tapað um 475 MWh í sölu þennan dag.

Mjög ótryggt ástand var á kerfi Landsvirkjunar næsta sólarhring á eftir vegna bilana í rofabúnaði og mikillar seltu á öllum utanhúss-búnaði.

Aukavakt var í stjórnstöð RR frá kl. 17.00 á sunnudag til kl. 08.30 á þriðjudagsmorgun.

Í þessari truflun vann allur tækjabúnaður Rafmagnsveitunnar eins og best var á kosið og auðveldaði það verulega alla stjórnun. Notendur voru furðu rólegir og ekki er vitað um nein eftirköst vegna þessa ástands, sem skapaðist þ. 12. febrúar s.l.

Aðgerðir RR

Byrjað var á að undirbúa kerfið fyrir spennusetningu kl. 17.13.
Kl. 20.34 var komin spenna frá Geithálsi í tengivirkið við Korpu.

	Inn	Út	Kl.	T	U	Aths.
A8	x		20.34			Öll stöðin
A9	x		20.34			- -
A10	x		20.34	3.24		- -
A3	x		20.35			- -
A1 R132-002	x		20.36			11 kV inn
A1 R33-001	x		20.37			33 og 6 kV inn
A2	x		20.37			
A1 R132-007	x		20.45			Að Elliðaám
A5 R11-032	x		20.53			Teinar 1A
A4 R11-005	x		20.56			
A5 R11-028	x		21.00			Rofinn leysti út
A5 R11-027	x		20.00			Tolldi inni í 3.tilraun
A5 R11-026	x		21.00			
A5 R11-038	x		21.01			
A5 R11-031	x		21.14			Teinar 2A
A5 R11-009	x		21.24			Teinar 2V
A5 R11-008	x		21.36			Teinar 1V
A5 R11-024	x		21.37			Árbæjarhverfi
A5 R11-023	x		21.37			-
A5 R11-022	x		21.38			-
A5 R11-001	x		21.42			Vogar
A5 R11-002	x		21.43			-
A5 R11-003	x		21.43			-
A5 R11-040	x		21.46			Lögbergslína
A2 R6-001		x	21.59	1.22		Þar til rofið var
A2 R6-003		x	21.59			aftur
A2 R6-005		x	21.59			
A2 R6-006		x	22.00			
A2 R6-013		x	22.00			
A2 R6-019		x	22.00			
A7 R11-008	x		22.05			
A6 R11-006		x	22.06			
A6 R11-009		x	22.06			
A6 R11-013		x	22.07			
A5 R11-017	x		22.07			A6 spennusett
A5 R11-018	x		22.07			- -
A6 R11-006	x		22.08			
A6 R11-010	x		22.09			Leysti út
A6 R11-009	x		22.10			
A6 R11-013	x		22.11			
A5 R11-006	x		22.12			
A5 R11-010	x		22.13			

	Inn	Út	Kl.	T	U	Aths.
A1 R6-009		x	22.19			
A1 R6-012		x	22.19			
A4 R11-019	x		22.20			
A4 R11-010	x		22.23			
A4 R11-011	x		22.22			
A5 R11-029	x		22.24			
A5 R11-005	x		22.26			
A6 R11-010	x		22.27			
A5 R11-039	x		22.30			
A5 R11-036	x		22.36			
A3 R11-002	x		22.42			
A5 R11-030	x		22.51			
A8 R11-003	x		22.54			Viðgerð lokið á Korpúlfsstaðalínu
A2 R6-013	x		22.59			
A2 R6-019	x		23.00			
A2 R6-001	x		23.04			
A2 R6-003	x		23.04			
A2 R6-005	x		23.05			Seinna rofið (skömmtun)
A2 R6-006	x		23.06			
A1 R6-009	x		23.18			
A1 R6-012	x		23.19			
A7 R11-007	x		23.22			Vatnsendalína
A3 R11-003	x		23.26			


Tímalengd orkuskerðingar
á orkuveitusvæði
Rafmagnsveitu Reykjavíkur
12. febrúar 1989
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
3. 24
3. 25 *
3. 26 *
3. 51
4. 26
4. 27
4. 40
4. 57
5. 00
5. 30
* Nokkrir strengir sem voru

Fylgiskjal V.

TRUFLUN Á RAFORKUKERFINU 16. OKTÓBER 1988

1. INNGANGUR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Sunnudaginn 16. október varð umfangsmikil truflun á raforkukerfi Landsvirkjunar og náði hún til notenda á Faxaflóasvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra og að hluta til á Suðurlandi. Þegar truflunin varð var álag í kerfi Landsvirkjunar 468 MW. Veður var almennt gott en mikið um eldingar í nágrenni Búrfellsstöðvar.

Að öllum líkindum hafa um 180.000 notendur orðið fyrir straumleysi á því svæði sem sýnt er skyggnt á mynd 1. Upphaf truflunarinnar var að nokkrar eldingar slógu niður í 220 kV línurnar frá Búrfellsvirkjun og olli ein þeirra skemmdum á einum fasa aflrofa Búrfellslínu 1. Mestu máli skipti þó að jarðstraumsvarnir spenna Hrauneyjafossstöðvar leystu spenna stöðvarinnar út, en það einangraði bæði Búrfells- og Sigöldustöð frá Faxaflóasvæðinu og varð ráðandi um framhaldið. Þessi útleysing var ekki fullkomlega valvís. Kerfið hefði getað ráðið við útleysingu stöðvarinnar ef samband Sigölduvirkjunar við Faxaflóasvæðið hefði haldist inni. Það rofnaði hinsvegar á þann hátt að þegar spennar Hrauneyjafossstöðvar leystu út þá opnaðist hringteinn stöðvarinnar á þremur stöðum samtímis, þannig að áðurnefnt samband rofnaði.

Straumleysi notenda var frá 40 til 81 mínútur og féll af þessum sökum niður orkusala sem nam rúmum 607 MWst. Sölutöp Landsvirkjunar urðu um 500 þúsund krónur. Ekki er lagt mat á hvert þjóðhagslegt tap varð í þessari truflun en það er án nokkurs vafa margfalt sölutap Landsvirkjunar. Umfang truflunarinnar varð óvenju víðtækt og var því lán í óláni að truflunin varð um miðjan dag á sunnudegi þegar starfssemi er öll í lágmarki. Þetta tap hefði orðið enn meira á virkum degi. Full ástæða er til að kanna þetta atriði nánar þar sem það kann að reynast mikilvæg þjóðhagsleg stærð varðandi þann kostnað sem veita má í úrbætur til að koma í veg fyrir truflun sem þessa.

Þrátt fyrir straumleysið var sólahringsorkusala til Íslenska Álfélagsins og Íslenska Járnblendifélagsins töluvert fyrir ofan umsamin mörk forgangsorku.

Stöðuleikavandamál á byggðalínusvæðinu urðu umtalsverð og urðu miklar aflsveiflur í því kerfi sem olli útleysningum á nokkrum línum byggðalínunnar. Mestu sveiflurnar urðu á línunni milli Rangárvalla og Laxárvatns en þar urðu þær á bilinu -23 MW til +50MW. Spennusveiflur á Rangárvöllum reyndust á bilinu 111 kV til 150 kV.

Umræða fjölmiðla um truflunina varð óvenju mikil. Er það eðlilegt enda endurspeglar hún þá staðreynd að rekstur nútíma þjóðfélags grundvallast öðru fremur á því að næg raforka sé ávallt tiltæk með miklu afhendingaröryggi. Óhætt er að fullyrða að mikilvægi raforkunnar á enn eftir að aukast á komandi árum. Það er því nokkuð öruggt að þjóðfélagsleg umræða um truflanir og afleiðingar þeirra mun fara vaxandi. Sú stund mun því renna upp að opinberrar rannsóknar mun krafist í kjölfar truflunar sem þessarar. Þessi skoðun byggist öðru fremur á þeirri staðreynd að tíðni bilana fer lækkandi á sama tíma og mikilvægi raforkunnar mun halda áfram

að aukast enn frekar. Þessir þættir munu því óhjákvæmilega valda kröftugri viðbrögðum eftir truflanir í framtíðinni. Með þetta í huga ber Landsvirkjun að taka rekstur kerfisins til endurskoðunar með það að markmiði að kanna hvort unnt sé að auka rekstraröryggi þess meir en þegar hefur verið gert. Í þessari greinargerð er ekki endanleg úttekt á slíkum úrbótum enda er það viðfangsefni mun viðameiri skýrslu en þessarar. Er fyrirhugað að slík skýrsla geti legið fyrir um áramót.

Eftir að kerfið var komið í fullan rekstur á ný fór fram ítarleg skoðun á búnaði Búrfellsvirkjunar og kom þá skemmd rofans í ljós. Ekki þótti ráðlegt að láta rofann rjúfa undir spennu og var því nauðsynlegt að gera 220 kV teinana spennulausa. Þetta var gert aðfaranótt 17. október og þurfti að skerða orkusölu til stóriðju á meðan á aðgerðum stóð, en þær voru að tengja vararofann (teinatengisrofann) inn á Búrfellsslínu 1 í stað rofans sem bilaði. Tók þessi aðgerð lengri tíma en áætlað hafði verið.

Viðgerð rofans hófst 17. október og lauk 19. október. Á mynd 2, eru þau svæði sýnd skyggnd sem urðu fyrir skemmdum. Aðrir fasar rofans voru einnig teknir til gagngerðrar endurskoðunar, en ekkert athugavert fannst við nákvæma skoðun sem lauk ekki fyrr en 28. október.

Fyrir tveimur árum var sérfræðingur frá framleiðandum rofanna fenginn til að gera úttekt á 220 og 132 kV aflrofum í aðveitustöðinni við Geitháls. Rofar við Búrfell og Geitháls eru eins. Eftir nákvæma skoðun var sú yfirlýsing gefin að ástand rofanna væri nær óaðfinnanlegt eftir 20 ára rekstur og viðhald þeirra gott.

Það er mikilvægt að gera sér ljóst að aldrei mun algerlega unnt að koma í veg fyrir truflanir, jafnvel þó fjármagn til uppbyggingar og rekstrar sé ótakmarkað. Dæmi frá nágrannalöndunum þar sem raforkukerfin eru mun sterkari og lengra á veg kominn í uppbyggingu sýna þetta á óyggjandi hátt. Rétt er að hafa í huga að afhendingaröryggi raforku í kerfi Landsvirkjunar er sambærilegt við flest önnur lönd. Í dag er þetta hlutfall 99.991%. Á mynd 3. er sýndur samanburður yfir straumleysi nokkurra landa.

Eftir truflunina hefur verið spurt. Er rekstraröryggi í kerfi Landsvirkjunar viðunandi? Þessu er hiklaust hægt að svara játandi. Vandamál kerfisins er öðru fremur fólgið í smæð þess sem veldur því að kerfið er hlutfallslegra mun viðkvæmara gagnvart útleysingu einstakra rekstrarareininga þess, línum, aðveitustöðvum og rafölum. Samanburður sem gerður var fyrir nokkrum árum sýndi að rekstraröryggi hér á landi og á Norðurlöndunum var sambærilegt á flestum sviðum. Á myndum 4, 5 og 6 eru dæmi um þetta.

Nánari upplýsingar munu hinsvegar fást um rekstraröryggið á komandi árum þar sem Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða og Hitaveita Suðurnesja hafa stofnað samstarfshóp til úrvinnslu og söfnun upplýsinga til mats á rekstraröryggi. Er síðan ætlunin að upplýsingar verði birtar í árlegri skýrslu NORDEL "Driftstörningsstatistikk".

Hvað liðavernd kerfisins varðar þá er talið nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á henni og stefna að því að endurreikna liðavernd alls kerfisins eins fljótt og unnt er. Einnig er æskilegt að framkvæma margvíslegar endurbætur og lagt til að þær fari fram á næstu tveimur árum. Kostnaður gæti orðið 10-20Mkr. Er fjallað nánar um þetta síðar í greinargerðinni.

Vafi ríkti um það hvort nokkrir liðar á Þjórsársvæðinu hefðu unnið rétt. Þeir hafa verið prófaðir og kom ekkert athugavert í ljós varðandi stillingar þeirra. Sama gildir einnig um alla liða á byggðalínu milli Rangárvalla og Brennimels.

Lagt er til að stofnað verði til aukinnar samvinnu helstu raforkufyrirtækja um liðavernd.

Nokkuð hefur borið á umræðu um það að eldingarvarar hefðu getað komið í veg fyrir bilunina á rofanum. Þetta er hugsanlegt en þess ber þó að gæta að reynslan af eldingarvörum hér á landi hefur leitt í ljós að engin ein rekstrareining hefur jafn háa bilanatíðni og eldingarvarar. Hefur nokkrum sinnum komið til alvarlega truflana af þeirra völdum. Það er því ekki sjálfgefið að eldingarvarar bæti rekstur kerfisins eins mikið og sumir ætla. Þó eru eldingarvarar á öllum spennum, rafölum og háspennustrengjum.

2. ATBURÐARRÁS - HELSTU ATRIÐI

Truflun þessa má rekja til mikils eldingaveðurs á Þjórsársvæðinu, en samkvæmt frásögn sáust a.m.k. fjórar eldingar slá niður í nágrenni Búrfellsstöðvar. Eldingarnar orsökuðu jarðhlaup á Búrfellslínum 1 og 2 og eru jarðstraumar við bilun á Búrfellslínu 1 sýndir á mynd 7.

Fyrsta eldingin laust í Búrfellslínu 1 kl. 15:54 og leysti fjarvörn línunnar aflrofa út á réttan hátt. Engin vandkvæði urðu á rekstri kerfisins eftir þessa útleysingu. Við útleysinguna féll þó út nokkurra MW álag á Vestfjörðum. Allt álag fór af Áburðar- og Járnblendiverksmiðjunni vegna truflana í stjórnbúnaði verksmiðjanna. Af sömu orsök lækkaði álag álversins um 10 MW. Vegna þessa varð tímabundin hækkun á tíðni með u.þ.b. 53Hz hágildi sem sjá má á mynd 8. Eina virkjunin sem leysti út í þessari truflun var gufustöðin við Bjarnarflag.

Önnur truflun varð er eldingu laust í Búrfellslínu 2 kl. 15:56. Fjarvörn leysir línuna út á eðlilegan hátt og endurlokar línunni sjálfvirkt. Ekkert álag virðist hafa fallið út í þessari truflun.

Þriðja truflunin verður er eldingu(um) lýstur á ný í Búrfellslínu 1 á meðan línan er enn úti. Svo virðist sem eldingin hafi valdið jarðhlaupi á línunni og jafnframt yfirslætti á einum fasa aflrofa línunnar í Búrfellsstöð. Við þessi skilyrði gefur liðavernd línunnar aflrofanum boð um útleysingu án árangurs þar sem aflrofinn er úti. Bilunina var því einungis hægt að aftengja frá netinu með aðstoð varavarna allra innkomandi lína og spenna sem tengjast inn í 220 kV tengivirkið á Búrfelli, en það þýðir í raun að Búrfellsstöð fer af netinu. Varavarnirnar virðast hafa unnið á eðlilegan hátt ef undan er skilin útleysing spennanna í Hrauneyjafossstöð en hún olli því að kerfistruflunin varð jafn víðtæk og raun varð á. Rétt er að hafa í huga að erfitt getur reynst að gera varavarnirnar valvísar á sama hátt og aðalvarnirnar. Í þessari truflun leystu báðir skálar álbræðslunnar út vegna truflunar í stýrikerfi verksmiðjunnar og/eða vegna yfirspennu. Tíðnin er sýnd á mynd 9.

2.1 Útleysing vegna óstöðugleika á Byggðalínu

Eftir útleysingar Búrfells- og Hrauneyjafossstöðva voru Sogsstöðar og Sigöldustöð tengdar saman í gegnum 220 og 132 kV kerfið á Faxaflóasvæðinu og byggðalínu. Stöðugleikamörk þessarar tengingar eru um 20MW og var því óhjákvæmilegt að þessi tenging færi fljótlega úr fasa, enda varð það raunin. Er þetta í fyrsta skipti sem stöðugleikavandamál sem þetta kemur upp. Vaxandi aflsveiflur ullu óstöðugleika kerfisins og kom því til útleysinga á eftirfarandi línum og virkjunum:

- Glerárskógar - Mjólkárvirkjun
- Laxárvatn - Rangárvellir
- Laxá - Rangárvellir
- Laxárvatnsvirkjun (lítil virkjun í eigu Rarik)

Aflsveiflur á línunni Rangárvellir-Laxárvatn og spennusveiflur mældar á Rangárvöllum eru sýndar á myndum 10 og 11.

Svo virðist sem aflsveiflur hafi orðið a.m.k. fjórar áður en útleysingin milli Laxárvatns og Rangárvalla átti sér stað. Þyngdarpunktur kerfisins (electrical center) er einmitt á þeirri línu svo eðlilegt er að fjarvarnirnar skuli hafa unnið á þennan hátt. Við þessi skilyrði hafa liðarnir talið sig sjá þriggja fasa skammhlaup á línunni þó svo að engin bilun hafi verið þar og er það fullkomlega eðlilegt. Aflsveifluhindrunarliðar fjarvarnanna unnu þannig að óyggjandi er að aflsveiflur hafa átt sér stað, jafnframt hafa þær hindrað fyrstu tilraunir liðanna til útleysinga og er það einnig eðlilegt.

Af síritum má sjá að aflsveiflurnar á línunni milli Rangárvalla og Krófluvirkjunar hafa verið á bilinu -43 MW til -2 MW, en álag línunnar fyrir truflunina var -17.5 MW.

Aflsveiflur á línunni milli Rangárvalla og Laxárvatns voru mun kröftugri og mældust frá -23 MW til +50 MW. Álag línunnar fyrir truflunina var + 14 MW.

Spennusveiflur mældar á Rangárvöllum reyndust vera frá 111 kV til 150 kV en spennan fyrir truflun var 130 kV.

Engar mælingar eru á launaflsflæði línanna en telja má að launaflssveiflur hafi verið nálægt +/-25 MVAr.

Kerfisathuganir sem gerðar hafa verið á rekstri kerfisins á komandi árum benda ótvírætt til þess að stöðugleikavandamál á byggðalínunni muni fara vaxandi. Því hefur töluvert verið fjallað um þetta mál og hugsanlegar úrbætur og er þar einna helst rætt um að setja raðþétti í línunna milli Sigöldustöðvar og aðveitustöðvarinnar á Hólum til að hækka stöðugleikamörk byggðalínunnar.

Þéttavirki á Rangárvöllum leystu út eftir að línan milli Laxárvatns og Rangárvalla fór úr rekstri vegna hárrar spennu á Norðurlandi.

2.2 Stjórnstöðvar

Mikilvægi stjórnstöðva í truflun sem þessari er ómetanlegt. Rekstraröryggi þeirra verður því ávallt að vera eins mikið og mögulegt er á hverjum tíma. Reynslan í þessari truflun sýndi þetta á óyggjandi hátt, þar sem hvorki var unnt að hefja uppbyggingu kerfisins strax á ný með aðstoð kerfiráðsins né heldur að fá tafarlaust nauðsynlegar upplýsingar um hvað hafði gerst. Var þetta mjög bagalegt.

Á Geithálsi varð truflun á báðum tölvum kerfiráðsins vegna minnistruflunar þannig að engar upplýsingar bárust þangað um atburðarrás truflunarinnar. Þetta olli miklum vandkvæðum við að rekja þá atburðarrás sem átti sér stað í truflueninni. Er það mjög óheppilegt þar sem slíkar upplýsingar eru veigamikil forsenda þess að unnt sé að draga sem mestan lærdóm af því sem átti sér stað og koma með tillögur til úrbóta. Úrvinnsla hefur þó tekist á viðunandi hátt þrátt fyrir þetta.

Engin truflun varð á rekstri stjórnstöðvarinnar á Rangárvöllum og var því rekstur stjórnstöðvarinnar með eðlilegum hætti.

Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fékkst nú í trufluninni af stjórnstöðinni á Geithálsi og þeim fjölda truflana sem orðið hafa á rekstri stjórnbúnaðar stöðvarinnar á undanförnum árum eru miklar vonir bundnar við hina nýju stjórnstöð sem tekin verður í notkun á næsta ári. Öryggi þeirrar stöðvar verður mun meira og jafnframt verða innkomandi upplýsingar tímamerktar þannig að mikilvægar upplýsingar berast í réttri tímaröð. Þetta opnar alveg nýjar leiðir til að meta hvort atburðarrás truflana hafi verið með eðlilegum hætti. Rekstraröryggi kerfisins ætti því að aukast verulega með hinni nýju stöð.

2.3 Útleysing Sogsstöðva

Augljóst er að Sogsvirkjanir hafa verið á 130% álagi frá 15:57 til 16:07 með tilheyrandi lágri spennu og tíðni. Nægar upplýsingar áttu að vera til staðar í stjórntöflunni á Geithálsi (SO2, SP1) til að unnt væri að gera sér grein fyrir stöðu mála og leysa út 220/132 kV spenninn eða línuna milli Geitháls og Brennimels. Með þeirri aðgerð hefði Vesturland og Norðurland Vestra verið leyst frá kerfinu og álag lækkað um ca. 25 MW. Með slíkri aðgerð hefðu Sogsstöðvar að öllum líkindum haldist inni. Rétt er þó að geta þess að ekki er vitað hvort einhverjar vélar á Sogi leystu út í fyrri truflununum. Þannig er mögulegt að kerfishrun hefði verið óumflýanlegt þrátt fyrir áðurnefnda aðgerð.

Á undanförnum árum hefur staðið til að setja upp undirspennu- og undirtíðniliða til að tryggja það að Sogsstöðvar geti annað álagseftirspurn í tilviki sem þessu. Ætlunin var að setja þennan búnað upp fyrir veturinn en þar sem afhending nauðsynlegs búnaðar hafði tafðist um þrjá mánuði var hann ekki kominn í notkun. Þessi liðabúnaður hefði væntanlega tryggt rekstur Sogsvirkjana. Fljótlega verður hafist handa við uppsetningu hans á Faxaflóasvæðinu og reyndar einnig á byggðalínusvæðinu.

2.4 Uppbygging kerfisins

Uppbygging kerfisins gekk viðunandi fyrir sig. Þó virðist stjórnstöðin á Rangárvöllum ekki hafa fengið eðlilegt svigrúm til að byggja upp kerfi sitt í vesturátt. Óhætt hefði verið að tengja Varmahlíð, Laxárvatn og Hrútatungu án vandkvæða við norðurkerfið. Svo virðist sem misskilningur milli stjórnstöðva sé orsök þess að kerfisuppbygging tafðist á því svæði. Stjórnstöð á öðru hvoru svæðinu sem hefur ekki fullnýtt tiltækt afl innan þess svæðis á ekki að þurfa að fá sérstaka heimiid til álagsaukningar innan eigin svæðis í tilviki sem þessu.

Skemmsti straumleysistími á höfuðborgarsvæðinu var 40 mínútur og sá lengsti 60 mínútur. Straumleysistími á Vesturlandi og Norðurlandi Vestra var um 74 mínútur og um 81 mínúta á Vestjörðum. Straumleysitími ÍSAL var 65 mínútur og 85 mínútur hjá Járnblendiverksmiðjunni. Uppbygging kerfisins eftir truflunina gekk því nokkuð vel þrátt fyrir það að manna þyrfti stöðvar til aðgerða.

2.4 Gasstöðin í Straumsvík

Straumleysi álversins í Straumsvík varð nú eitt hið lengsta frá upphafi. Vélar gasstöðvarinnar voru ekki ræstar þar sem kalla þurfti út bakvaktarmann til að ræsa vélarnar þar sem stjórnkerfið bilaði. Þegar maðurinn var kominn á staðinn var fyrirsjáanlegt að rafmagn kæmist á innan fárra mínútna. Var því ákveðið að doka við enda tæki ræsing vélanna hvort eð er nokkrar mínútur. Starfsmenn stjórnstöðvarinnar kannast ekki við að hafa neitað að gangsetja vélarnar enda var það ekki unnt frá Geithálsi vegna bilunnarinnar í kerfiráðnum.

Starfsmenn ísal kvörtuðu undan sambandsleysi og að háspennusími virkaði ekki. Starfsmenn Landsvirkjunar hringdu til ÍSAL 19 mínútum eftir að straumlaust varð og reyndist engum vandkvæðum bundið þá að ná sambandi. Hugsanlega stafar sambandsleysið af því að allar innkomandi línur til Geithals hafa verið uppteknar. Unnt er að komast í samband gegnum háspennusímann með því að ýta á þar til gerðan hnapp í háspennusímaskápunum, þó samtal sé í gangi.

Fyrr á árum gátu starfsmenn álversins ræst vélarnar sjálfir ef neyðarástand sem þetta skapaðist. Þessu fyrirkomulagi var breytt vegna mistaka þegar vélarnar voru gerðar fjarstýranlegar með tilkomu kerfiráðs á sínum tíma. Er verið að breyta þessu þessa dagana.

Varðandi athugasemdir á takmörkun afhendingu orku til álversins þann 17. október þá skal á það bent að þennan sólarhring afhenti Landsvirkjun ÍSAL 3.911 MWst sem er 40 MWst meiri sólarhringsorka en samningur segir til um varðandi forgangsorkusölu og afgangsorkusölu.

2.5 Samskipti við fjölmiðla

Töluvert bar á óánægju hjá fjölmiðlum með það að engar upplýsingar var að fá um truflunina, umfang hennar og áætlaðan straumleysistíma. Nú er það óhjákvæmilega svo að mikil spenna og streita er ríkjandi í stjórnstöð við truflun sem þessa enda standa vaktmenn frammi fyrir því að reyna að meta ógrynni upplýsinga sem berast til þeirra á skömmum tíma eða ná lágmarksupplýsingum eftir öðrum leiðum bregðist kerfiráðurinn eins og á varð raunin hinn afdrifaríka sunnudag. Það er því skiljanlegt að áhugi til að svara í síma og ræða við fjölmiðla sé ekki mikill á stundu sem þessari.

Þó verður að viðurkennast að þetta er þáttur sem mikilvægt er að bæta, einkum hvað varðar lágmarksupplýsingar til útvarpsstöðva fljótlega eftir umfangsmikla bilun, enda eru útvarp eflaust besta tækið til að koma þessum upplýsingum á framfæri. Þegar málsvik væru ljósari gæti rekstrarstjóri, staðgengill hans, álagsstjóri eða aðstoðarálagsstjóri gefið nánari upplýsingar um umfang truflunar og atburðarrás. Einnig er rétt að senda út fréttatilkynningu eins fljótt og kostur er til að koma í veg fyrir sífelldar fyrirspurnir fjölmiðlamanna með tilheyrandi ónæði.

Hefur þegar verið gert samkomulag um úrbætur í þessu efni við fulltrúa ríkisútvarpsins.

2.6 Eldingarvarar

Borið hefur á umræðu um það að eldingarvarar á öllum innkomandi línum Búrfellsvirkjunar hefðu getað komið í veg fyrir þá truflun sem varð þann 16. október síðastliðinn. Þetta er hugsanlega rétt, en þó ber að taka fram eftirfarandi:

- Rafveitur hér á landi hafa ekki almennt notað eldingarvara á innkomandi línur þar sem líkur á eldingum hér á landi eru með því lægsta sem gerist í Evrópu. Einnig er rétt að hafa í huga að ekki verður komið í veg fyrir yfirslátt vegna eldinga á línum ef um er að ræða bilun úti á línunni. Þar að auki eru skemmdir á línum vegna eldinga litlar og viðgerðartími stuttur.
- Yfirleitt er yfirgangandi jarðlína á innkomandi línum til að fanga eldingar. Einnig er hlutverk jarðlínunnar þannig að verulegar líkur séu á að eldingin slái yfir frá fasaleiðaranum út í jarðlínuna. Jarðlínan hefur því svipað hlutverk og eldingavari.
- Eldingarvarar eru á öllum öllum útgöngum spenna, rafala og strengja. Ástæða þessa er öðru fremur sú að hér er um dýr mannvirki að ræða með mjög löngum viðgerðartíma.
- Tíðar bilanir hafa orðið á eldingarvörum og er t.d búið að skipta út nær öllum eldingarvörum á Brennimel, Geithálsi, Búrfelli og víðar. Ástæður bilana hafa reynst margvíslegar og oft hafa þær valdið verulegum truflunum á kerfinu.

Hugsanlega má hafa áhrif á eldingar með því að setja neistahorn á einangrunarkeðjur og/eða minnka einangrunargildi þeirra. Markmið slíkra aðgerða er að framkalla yfirslátt úti á línu. Þetta mun verða athugað á næstunni.

3. LIÐAVERND

3.1 Almennt

Á undanförnum árum hefur ekki verið mikill tími aflögu til að sinna þessu veigamikla verkefni. Stafar þetta öðru fremur af óvenju miklu vinnuálagi undanfarin ár og er ekki fyrirsjánleg breyting þar á næsta árið.

Eftir þessa truflun er þó ljóst að mikilvægt er að liðaverndin verði tekin til endurskoðunar. Verður stefnt að eftirfarandi verkáætlun á næstunni:

- 31. desember liggi fyrir úttekt á núverandi liðabúnaði, annmörkum hans og tillögur til úrbóta ásamt kostnaðaráætlun og framkvæmdaröð.
- 1. júní á næsta ári liggi fyrir samræmd áætlun um liðastillingar. Óhjákvæmilegt er að útreikningar taki marga mánuði þar sem ekki verður unnt að vinna samfellt að þessu verkefni vegna annara verkefna sem taka munu mikinn tíma út allt næsta ár.

3.2 Endurskoðun liðaverndarinnar

Liðavernd kerfisins er án nokkurs vafa hægt að endurbæta nokkuð. Undirbúningur vegna þessa hófst þegar í fyrra og var lokið við útreikninga vegna nýs fyrirkomulags undirtíðnivarna um síðustu áramót (sjá nánar sérstaka skýrslu). Var haft samráð við bæði álbræðsluna í Straumsvík og járnblendiveksmiðjuna á Grundartanga og Rafmagnsveitur ríkisins um hið nýja fyrirkomulag. Ekki var endanlega búið að ganga frá samkomulagi við aðrar veitur en allar höfðu lýst sig jákvæða. Þetta nýja fyrirkomulag hefði gert mögulegt fyrir Sogsstöðvar að anna álagi Faxaflóasvæðisins og Selfosssvæðisins í truflaninni 16. október. Ástæða þess að hið nýja fyrirkomulag var ekki komið í notkun var sú að afhending búnaðarins hafði dregist um þrjá mánuði og barst til landsins í sömu viku og bilunin varð.

Varnarbúnaður háspennulínanna er ekki eins fullkominn og æskilegt er og er mikilvægast að fá betri fjarvarnir og varavarnir. Æskilegt er að taka alla "mho" fjarvarnirnar úr rekstri og setja varnir með "polygon" kennilínu í þeirra stað, en næmni þeirra og valvísi er mun meiri, einkum ef um er að ræða bilun með háu bilanaviðnámi, sjá mynd 12. Slíkar bilanir eru algengastar í kerfi Landsvirkjunar. Ástæða þess að bilanaviðnám er hátt stafar af því að línur eru byggðar án jarðvírs og þeirri staðreynd að erfitt er ná lágu jarðskautsviðnámi í línustæðum sem oftast er á hrauni eða álíka jarðvegi.

Á byggðalínunni er þetta jafnvel enn erfiðara og hefur því oft komið til staurabruna þar sökum vanhæfni liðaverndarinnar til að takast á við þennan vanda. Vegna þessa breytti Landsvirkjun hönnun Suðurlínu. Einnig hefur verið lagt í margra milljóna kostnað á Vesturlínu til að komast fyrir þetta vandamál.

Mikilvægt er að endurskoða "samvinnu" fjarvarnanna og jarðstraumsliðanna í báðum endum allra lína til að kanna hvort aðhæfa megi varnirnar betur að kerfinu á hverjum stað.

Jarðstraumsvarnirnar í stofnlínukerfinu á Suðvesturlandi eru ekki sjálfstæðar einingar heldur eru þær innibyggður hluti fjarvarnarinnar. Vörn þessi miðast eingöngu við að ná fram útleysingum við jarðhlaup þar sem bilanaviðnám er hátt. Ekki er unnt að gera þessar varnir nægjanlega valvísar. Það er því mikilvægt að setja stefnuvirkar jarðstraumsvarnir á allar 220 og 132 kV línur til að fá sneggri og öruggari útleysingar við jarðhlaup þegar bilanaviðnám er hátt.

Víða í kerfinu er sambland af liðum með fastri tímatöf og andhverfum liðum. Þetta á bæði við kerfi Landsvirkjunar og kerfi annarra rafveitna. Erfitt getur reynst að samstilla þessa liða þannig að valvísi þeirra verði viðunandi. Móta þarf stefnu í þessu máli.

Til að ná fram þeim markmiðum sem sóttst verður eftir varðandi fjar- og jarðstraumsvarnir er nauðsynlegt að endurbæta sendi- og móttökubúnað þeirra útleysiboða sem varnirnar í báðum endum senda hvorri annarri. Þennan búnað þarf að endurbæta á nokkrum línum á Suðvesturlandi og setja upp á öllum byggðalínum nema Vesturlínu. Búnaðurinn verður að geta sent tvö merki milli stöðvanna í stað eins, eins og gert er nú á flestum þessara sambanda.

Lagt er til að settar verði upp teinavarnir í veigamestu tengivirkjum sem ekki hafa slíkar varnir nú.

3.3 Prófun liðaverndarinnar

Vafi ríkti um það hvort nokkrir liðar á Þjórsársvæðinu og á byggðalínunni, frá Rangárvöllum að Brennimel hefðu unnið á réttan hátt í truflueinni. Þessir liðar hafa nú allir verið prófaðir ítarlega og kom ekkert í ljós sem reyndist athugavert. Bilaðir yfirstraumsliðar fundust í prófununum en þeir hefðu engin áhrif haft í þeim truflunum sem áttu sér stað þann 16. oktober.

3.3 Samstarf við aðrar rafveitur

Ætlunin er að stofna samstarfshóp þar sem sérfræðingar helstu raforkufyrirtækja um liðavernd raforkukerfa gætu átt samstarf um liðavernd og samræmingu stillinga og hugsanlega þær ítarlegu og umfangsmiklu kerfisrannsóknir sem nauðsynlegar eru á þessu sviði.

4. VIÐHALD HÁSPENNUBÚNAÐAR

Viðhald háspennubúnaðar hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Er þar um að ræða reglubundið árlegt viðhald og eftirlit. Mest er eftirlitið með aflrofum sem auk reglubundins eftirlits eru einnig teknir til gagngerðrar skoðunar með vissu millibili þar sem allir hlutar rofans eru grandskoðaðir.

Til að tryggja að viðhald sé sem öruggast er stundum gripið til þess ráðs að fá erlenda sérfræðinga frá framleiðendum til að fara í gegnum viðhald búnaðar og til að þjálfa þá starfsmenn Landsvirkjunar sem sjá skulu um viðhald búnaðarins. Þetta var síðast gert árið 1986 er einn 220 kV og einn 132 kV aflrofi í aðveitustöðinni var tekinn til ítarlegrar skoðunar. Var þetta gert þar sem áætlað var að taka alla aflrofa Geithálsstöðvarinnar í 20 ára skoðun. Var hugmyndin síðan sú að þeir starfsmenn raforkukerfissviðs sem tóku þátt í þeirri þjálfun myndu aðstoða starfsmenn í Búrfellsstöð þegar kæmi að viðhaldi 220 kV rofa þar.

Nær allir varahlutir í 220 kV loftrofanna af BBC gerð kláruðust við viðgerð Búrfellsrofans. Rofar þessir eru 20 ára gamlir og því álitamál hversu mikið skuli kaupa af varahlutum í þá. Það er því rétt að huga að því hvort ekki sé rétt að kaupa einn 220 kV aflrofa til að eiga sem vararofa í alvarlegum rofabilunum. Verði bilun síðar í samskonar BBC rofa og nú bilaði þá mætti setja hinn nýja í hans stað og nýta heillega varahluti í aðra BBC rofa.

Ein ástæða þessarar tillögu er sú staðreynd að varahlutirnir sem nú þarf að kaupa myndi vafalaust kosta álíka og nýr rofi.

Sama röksemdarfærsla gildir einnig um 132 kV rofa en tveir slíkir hafa sprungið í loft upp í aðveitustöðinni á Geithálsi á síðastliðnum átta árum.

5. ATBURÐARRÁS - NÁKVÆM LÝSING

5.1 Útleysingar rekstrareininga

kl. 15:53:45 - Fyrri truflunin á Búrfellslínu 1
Eldingu lýstur í Búrfellslínu 1. Fjarvörn leysir línuna út á réttan hátt. Óljóst er hvaða merki bárust þar sem þau voru ekki skráð fyrr en síðar. Flest bendir þó í þá átt að um hafi verið að ræða jarðhlaup sem skömmu síðar olli einnig skammhlaupi á línunni. Allur búnaður virðist hafa unnið sem skyldi í þessari truflun og engin vandræði urðu í rekstri kerfisins eftir þessa útleysingu.

Kl. 15:53:47 - Bjarnarflagsstöð leysir út
Yfirtíðnivörn vélasamstæðunnar sem stillt er á 53 Hz leysir út.

Kl. 15:56:64 - Bilun á Búrfellslínu 2
Eldingu lýstur í Burfellslínu 2. Eldingin hefur að öllum líkindum valdið þriggja-fasa skammhlaupi og jafnframt jarðhlaupi. Endurlokun vann á eðlilegan hátt. Bilunin var nálægt Búrfelli þar sem útleysiboð bárust til liðans á Geithálsi frá liðanum á Búrfelli. Ekkert álag, vél eða spennir fór út í þessari truflun.

Kl. 15:57:00:0 - Seinni truflunin á Búrfellslínu 1
Eldingu lýstur á ný í Búrfellslínu 1 á meðan hún er úti. Eldingin orsakar jarðhlaup á línunni og slær jafnframt yfir einn fasa í aflrofa línunnar. Fjarvörnin vinnur og gefur rofa sem þegar er úti útleysingarboð. Þar sem aðalvörnin er óvirk verða varavarnir annarra 220 kV lína og spenna að einangra bilunina frá netinu en þessar varnir er erfitt að gera valvísar á sama máta og aðalvarnirnar. Þetta orsakar því eftirfarandi atburðarrás:

Kl. 15:57:00:3 - Rafalaspennar Hrauneyjafossstöðvar leysa út
Jarðstraumsvörn í núllpunkti spenna 1,2,3 leysa út eftir 0.3 sekúndur. Þar sem teinn Hrauneyjafossstöðvar er hringur opnast hann á þremur stöðum samtímis og rýfur þannig sambandið frá Sigöldustöð að Brennimel um Hrauneyjafosstöð. Hrauneyjafosstöð fer því af netinu. Tími þessarar varnar var tvímælalaust of stuttur. Umfang truflunarinnar réðst öðru fremur af útleysingu þessara liða þar sem hringteinninn opnaðist og rauf þannig sambandið milli Þjórsár- Tungnaársvæðisins og Faxaflóasvæðisins.

Kl. 15:57:00:4 - Sigöldulína 3 leysir út í Búrfellsstöð
Fjarvörn Sigöldulínu 3 leysir út. Merki fjarvarna sem komu fram voru RSTWH í Búrfelli og STE í Sigöldu. Bilunin var aftan við liðann og hefði hann því ekki átt að leysa út. Miðað við ástand kerfisins og þá staðreynd að skammhlaup var í næsta nágrenni liðans þá virðist hann hafa "ruglast". Þessi útleysing hafði engin áhrif á framhald truflunarinnar.

Kl. 15:57:00:8 - Rafalaspennar Búrfellsstöðvar leysa út
Jarðstraumsvörn í núllpunkti spenna 1,2,3 leysa út eftir 0.8 sekúndur. Búrfellsstöð fer því af netinu.

Kl. 15:57:06 - Úleysing Laxárvatnsvirkjunar
Yfirstraumsvörn Laxárvatnsvirkjunar (í eigu Rarik) leysir vatnsvélina úr er hún fer úr fasa við aðrar vélar kerfisins.

Kl. 15:57:32 - Útleysing línunnar Glerárskógar-Mjólkárvirkjun
Fjarlægðarvörn leysir út línuna í Glerárskógum og Mjólkárvirkjun á 1. þrepi í báðum endum. Línan leysir út þar sem virkjanir á Vestfjörðum fara úr fasa við aðrar virkjanir á Norður- á Suðurlandi. Merki sem komu fram á báðum stöðum voru fjarvörn RSTD.

Kl. 15:58:35 - Útleysing línunnar Laxárvirkjun-Rangárvellir
Andhverfir yfirstraumsliðar línunnar í Laxárvirkjun leysa út línuna þar. Línan fer ekki út á Rangárvöllum. Orsök útleysingarinnar er sú að Laxárvirkjun er að því kominn að fara úr fasa við kerfið. Andhverfu yfirstraumsliðarnir sem eru stilltir frekar lágt og sú staðreynd að skammhlaupsafl er frekar hátt frá Laxárvirkjun vegna vélar 4 veldur því að útleysing verður áður en pólhorn vélanna verður of mikið. Vélarnar þar ná því jafnvægi á ný. Merki sem bárust voru yfirstraumur RST. Eftir útleysinguna sá Laxárvirkjun Húsavík og nálægum sveitum fyrir raforku án truflana.

Kl. 15:58:39 - Útleysing línunnar Laxárvatn-Rangárvellir
Fjarlægðarvörn leysir út línunna milli Laxárvatns og Rangárvalla á 1. þrepi. Línan leysir út þar sem kerfið fer úr fasa enda er þyngdarpunktur kerfisins á þessari línu. Merki á báðum stöðum voru RST2D. Útleysing verður þó á 1. þrepi þar sem liðarnir höfðu talið sig áður á 2. þrep og endurstillst í næst síðustu aflsveiflunni.

Kl. 15:58:40 - Útleysing þéttavirkis
Þétavirkið ÞE3H leysir út vegna yfirspennu. Spennan fer í 150 kV.

Ástand kerfisins Kl. 16:00:00
Kerfið hefur nú aðskilist í einangraðar rekstrareiningar og er ástand þess eftirfarandi:

- Sogsvirkjanir eru tengdar svæðinu frá Laxárvatni að Straumsvík ásamt Selfosssvæðinu.. Yfirálag vélanna er rúm 30%.
- Sigöldu- og Kröflustöð eru tengdar svæðinu frá Akureyri að Sigöldustöð.
- Búrfellsvirkjun er tengd Hvolsvallarsvæðinu og Vestmannaeyjum.

- Straumlaust er á Vestfjörðum og aðveitustöðinni í Varmahlíð.
- Straumlaust er hjá álbræðslunni, járnblendifélaginu og áburðarverksmiðjunni. Álbræðslan hefur þó nokkurra MW stöðvarnotkun.

Kl. 16:09 - Útleysing Sogsstöðva

Sogsvirkjanir eru reknar með áðurnefnt álag á ca. 85% spennu og einhverri undirtíðni þar til allherjar útleysing verður á þessu svæði kl. 16:09 er vélar Sogsstöðva leysa út vegna yfirálags.

5.2 Uppbygging kerfisins

Kl.	Rofi inn	Stöð
6:20:**	R66LA1	Laxárstöð
16:22:41	R132SP5	Elliðaárstöð
16:24:00	R33HA1	Elliðaárstöð
16:26:58	R220SP1	Búrfellsstöð
16:27:37	R66-V2	Ljósafossstöð
17:00:31	R11-7	Ljósafosstöð
17:01:11	R132-V2	Írafossstöð
17:01:17	R33RN2	Elliðaárstöð
17:01:44	R66-V1	Ljósafossstöð
17:02:00	R132-V1	Írafossstöð
17:02:11	R132SP2	Elliðaárstöð
17:02:18	R33SP2	Elliðaárstöð
17:04:27	R132KO1	Geitháls
17:04:38	132RA1	Rangárvellir
17:04:57	R132KO1	Korpa
17:05:45	R66HG1	Ljósafossstöð
17:06:00	R132AÐ3	Korpa
17:05:17	R132VH1	Laxárvatn

17:06:37	R132-V2	Steingrímsstöð
17:10:31	R132SO2	Írafossstöð
17:10:45	R220-4	Hrauneyjafossstöð
17:10:45	R220-5	Hrauneyjafossstöð
17:11:28	Vél 2	Hrauneyjafossstöð
17:11:38	R132SP3	Korpa
17:11:57	R33ÁB1	Korpa
17:12:17	R132SP1	Korpa
17:12:27	R66SE1	Ljósafossstöð
17:12:47	R220ÍS1	Geitháls
17:13:39	R220ÍS2	Geitháls
17:15:29	R220SP2	Brennimelur
17:15:34	R66SP2	Ljósafossstöð
17:16:41	R132SP2	Brennimelur
17:16:51	132VA1	Brennimelur
17:20:10	R66SO1	Ljósafossstöð
17:21:39	R220-1	Hrauneyjafossstöð
17:21:39	R220-5	Hrauneyjafossstöð
17:22:10	R220-1	Hrauneyjafossstöð
17:22:39	132VA1	Vatnshamrar
17:25:09	132HT1	Vatnshamrar
17:29:00	132GE1	Glerárskógar
17:30:15	R220JÁ1	Brennimelur
17:31:09	R220BR1	Geitháls
17:31:30	R220BR1	Brennimelur

17:35:13	R66AK1	Korpa
17:39:53	132HT1	Laxárvatn
17:41:38	R66-V3	Ljósafossstöð
17:48:43	R132-V3	Írafossstöð
17:54:18	R132AÐ1	Elliðaár
18:23:48	R220BÚ1	Búrfellsstöð
18:25:08	R220SO3	Geitháls
18:26:08	R220SP5	Írafoss
18:43:27	R220-V3	Sigalda

6. SÖLUTÖP

Áætluð sölutöp 16. október urðu eftirfarandi:

Sölutöp forgangsorku	MWst	Þús.kr
Rafmagnsveita Reykjavíkur	57	24
Rafveita Hafnarfjarðar	5	2
Hitaveita Suðurnesja	19	9
Orkubú Vestfjarða	22	9
Rafmagnsveitur ríkisins	50	22
Samtals	**153**	**66**
Sölutöp afgangsorku	**16**	**5**
Sölutöp stóriðju		
Íslenska álfélagið	245	214
Járnblendifélagið	115	53
Áburðarverksmiðjan	62	28
Samtals	**422**	**295**

Áætluð heildarsölutöp 16. október urðu því 591 MWSt og 366 ÞKr.

Áætluð sölutöp 17. október eru hinsvegar:

Sölutöp stóriðju		
Íslenska álfélagið	95	83
Járnblendifélagið	70	32
Áburðarverksmiðjan	20	17
Samtals	**185**	**132**

Áætluð samanlögð sölutöp 16. og 17. október eru því 607 MWst og 493 ÞKr.

Samkvæmt fyrri reynslu verða sölutöpin minni en frá er greint hér að ofan þar sem stóriðjan hefur yfirleitt unnið þau upp aftur með aukinni framleiðslu eftir truflun sem þessa.

Mynd 1: Svæði sem urðu straumlaus (skyggð)



Mynd 2: Dökku svæðin sýna bilaðar einingar Búrfellsrofans

MEÐALTALSSTRAUMLEYSI NOKKURRA LANDA



Mynd 3: Straumleysi nokkurra landa í Evrópu mældur í mínútum

BILANATÍÐNI 220 kV LÍNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 4: Bilanatíðni 220 kV háspennulína á 100 km og ár

BILANATÍÐNI 132 kV LÍNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 5: Bilanatíðni 132 Kv háspennulína á 100 km og ár

BILANATÍÐNI VÉLASAMSTÆÐNA Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM



Mynd 6: Bilanatíðni vélasamstæðna pr 100 samstæður og ár



Mynd 7: Jarðstraumar í Búrfellsstöð við bilun á Búrfellslínu 1



MYND 8: Tíðnin eftir fyrri truflunina á Búrfellslínu 1



MYND 9: Tíðnin eftir seinni truflunina á Búrfellslínu 1



MYND 10: Spennusveiflur mældar á Rangárvöllum



MYND 11: Álagssveiflur á línunni milli Rangárvalla og Laxárvatns



Mynd 12: Kennilínur mho og polygon fjarvarna.

Sþ. 1300. Skýrsla [517. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1988.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1988 urðu sem hér segir:	Millj. kr.
Almennar hafnir	529.6
Reykjavíkurhöfn	222.7
Landshafnir	5.7
Ferjuhafnir	5.5
Samtals	763.5

Árið 1987 urðu heildarframkvæmdir í höfnum 522.2 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakur kafli um rannsóknir. Endanlegu kostnaðaruppgjöri er ekki lokið og er því í sumum tilvikum um áætlaðan framkvæmdakostnað að ræða.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM

Akranes.

Boðin var út bygging 120 m langs stoðveggjar á aðalhafnargarði og í framhaldi af því samið við lægstbjóðanda, Þorgeir og Ellert hf., um smíðina. Unnið var að þessu verki frá ágúst til október. Einnig var steypt upp ljósamastursbús á Faxabryggju.

Samið var við Skófluna hf. að undangengnu útboði um dýpkun og sprengingar í smábátahöfn og byggingu fyrirstöðugarðs. Framkvæmdir hófust þó ekki fyrr en eftir áramót 1988–89. Tekið var inn rafmagn í ljósamastur á aðalhafnarbakka.

Framkvæmdakostnaður: 7.0 milljónir kr.

Borgarnes.

Dýpkað var við kant. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 milljónir kr.

Arnarstapi/Hellnar.

Gengið var frá grjótnámu. Enn fremur hreinsað upp efni með fram bryggjunni. Það er árleg framkvæmd þar sem sandur sest þar fyrir. Heimamenn sáu um bæði verkin.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 milljónir kr.

Ólafsvík.

Lokið var við skurð fyrir stálþil við Norðurgarð. Samið var við Köfunarstöðina hf. um að reka niður 144 m langt stálþil. Verkið hófst í ágúst og var lokið í nóvember. Boðin var út smíði á kanti á stálþilið og samið við eina bjóðandann, Ólaf Waage. Verkið hófst í nóvember, en var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 32.0 milljónir kr.

Grundarfjörður.

Í maí var boðin út steypt þekja, ljósamasturshús og lagning ídráttarröra á Norðurgarði. Lægstbjóðandi var Steypir hf. Lagðir voru um 1920 m^2. Verkið var unnið frá júní og fram í september.

Framkvæmdakostnaður: 12.3 milljónir kr.

Stykkishólmur.

Unnið var að fyrsta áfanga við ferjulægi fyrir Breiðafjarðarferju. Um var að ræða 29.800 m^3 grjótgarð milli lands og Súgandiseyjar. Enn fremur var lagður um 4.000 m^3 garður með fram eyjunni að væntanlegu ferjulægi. Heimamenn sáu um verkið í samvinnu við Hafnamálastofnun. Borgarnesútibú Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen var með verklegt eftirlit og sá um vinnuteikningar. Vinna hófst í ágúst og lauk í nóvember. Þá fór fram endurbygging á dráttarbraut í Skipavík og lögð var vatnslögn út í Stykkið.

Framkvæmdakostnaður: 28.4 milljónir kr.

Brjánslækur.

Um 85 m langt stálþil var rekið við nýja grjótgarðinn. Við þilið verður aðstaða fyrir nýju Breiðafjarðarferjuna. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir sem stóðu frá júlí til október.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 22.2 milljónir kr.

Patreksfjörður.

Kantur á stálþili, alls um 90 m, var endurbyggður.

Framkvæmdakostnaður: 2.2 milljónir kr.

Tálknafjörður.

Byggður var lítill grjótgarður í smábátahöfn og sett upplýsing á tengibraut.

Framkvæmdakostnaður: 1.0 milljón kr.

Bíldudalur.

Á Bíldudal var dýpkað í höfninni og einnig dýpkað við nýjan löndunarkant fyrir togara. Samtals um 28.300 m^3. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um verkið sem unnið var í júní og júlí. Enn fremur var keyptur og settur upp nýr löndunarkrani. Reist var nýtt ljósamastursshús á hafnargarðinum. Tvær 10 m langar steyptar flotbryggjueiningar voru keyptar og settar út.

Framkvæmdakostnaður: 14.6 milljónir kr.

Flateyri.

Lokið var við uppsetningu á hafnarvog.

Framkvæmdakostnaður: 3.0 milljónir kr.

Suðureyri.

Löndunarkrani var keyptur og settur upp. Einnig var gengið frá hluta þekju fremst á stálþili. Flotbryggja var sett niður til bráðabirgða.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3.2 milljónir kr.

Bolungarvík.

Unnið var að tjónsviðgerð fyrir 1.9 milljónir kr. við hafnargarði. Einnig voru endurbyggðir um 30 metrar af kanti á stálþili. Þá var hafin undirbúningsvinna við brimvarnargarð.

Framkvæmdakostnaður: 1.8 milljónir kr.

Ísafjörður.

Byggður var fyrirstöðugarður og dýpkað var í Sundahöfn með dæluskipi Dýpkunarfélagsins. Um áramót var lokið við að dæla um 30.000 m^3. Einnig var unnið við ljósahús og sett upp ljósamöstur til bráðabirgða á nýja stálþilskantinn. Hafnamálastofnun sá um verkið með heimamönnum.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 15.2 milljónir kr.

Súðavík.

Löndunarkrani var keyptur og settur upp.

Framkvæmdakostnaður: 0.8 milljónir kr.

Norðurfjörður.

Gengið var frá raflögn að löndunarkrana.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3.1 milljónir kr.

Hólmavík.

Fjármagnskostnaður: 0.7 milljónir kr.

Hvammstangi.

Smíðuð var ný 40 metra löng og 6 metra breið trébryggja. Verkið hófst í maí og lauk framkvæmdum í október. Enn fremur var unnið að viðgerð á tjóni á grjótgarðinum. Heimamenn sáu um verkið undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 9.1 milljón kr.

Blönduós.

Dýpkað var við bryggjuna í júní, samtals um 2000 m^3 og sá Dýpkunarfélagið hf. um þá framkvæmd.

Framkvæmdakostnaður: 0.7 milljónir kr.

Skagaströnd.

Dýpkað var við Skúffugarð, samtals um 25.000 m^3. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um verkið sem var unnið í maí og júní.

Framkvæmdakostnaður: 8.6 milljónir kr.

Sauðárkrókur.

Boðin var út lenging Norðurgarðs, alls um 20.000 m^3. Samið var við Króksverk sf. og fleiri, sem voru lægstbjóðendur, um öflun grjóts utan af Skaga, flokkun og röðun á því. Framkvæmdir hófust í febrúar og lauk í maí.

Framkvæmdakostnaður: 31.7 milljónir kr.

Haganesvík.

Lokið var við verk frá fyrra ári með því að gengið var frá 350 m^2 þekju. Heimamenn önnuðust verkið í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2.4 milljónir kr.

Siglufjörður.

Dýpkað var í höfninni og fjarlægðir alls um 103.000 m^3. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um verkið sem var unnið frá febrúar til maí. Unnið var að viðgerð á tjóni á brimvörn við Brjót fyrir um 0.6 milljónir kr.

Framkvæmdakostnaður: 14.9 milljónir kr.

Ólafsfjörður.

Á Ólafsfirði var unnið að viðgerð á tjóni á grjótgarði í Vesturhöfn fyrir um 7.4 milljónir kr. vegna tjóns sem varð á fyrra ári. Alls var ekið um 3.000 m^3 í garðinn. Verkið var að mestu unnið í október, en tafir urðu nokkrar vegna náttúruhamfara á Ólafsfirði um sumarið. Verkið var unnið undir umsjón Hafnamálastofnunar. Enn fremur var gert við bryggju á Norðurgarði og settar út flotbryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 7.1 milljón kr.

Dalvík.

Gert var við tjón á grjóti við Norðurgarð og einnig unnið við garð í smábátahöfn. Lokið var lagningu slitlags. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3.7 milljónir kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður: 0.1 milljón kr.

Árskógssandur.

Lokahönd var lögð á frágang á grjótgarði og trébryggju og lokið við smíði ljósamasturs.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3.4 milljónir kr.

Hauganes.

Gert var við tjón fyrir 1.9 milljónir kr.

Akureyri.

Unnið var að framkvæmdum í fiskihöfn. 20.000 m^3 grjótgarður var byggður. Enn fremur var 210 m langt stálþil keypt og rekið við garðinn á árinu. Byrjað var á dýpkun og mokað inn í fyllingu innan við stálþilið. Starfsmenn hafnarinnar önnuðust þessar framkvæmdir undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 48.7 milljónir kr.

Svalbarðseyri.

Endurnýjuð tréklæðning utan á bryggju. Heimamenn sáu um verkið í samvinnu við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 0.9 milljónir kr.

Grímsey.

Undirbúningur framkvæmda við höfnina. Unnið var við líkantilraunir í nýrri tilraunastöð Hafnamálastofnunar í Kópavogi.

Tæknikostnaður: 0.2 milljónir kr.

Húsavík.

Í apríl hófst bygging 1. áfanga brimvarnargarðs úr grjóti utan við Norðurgarð, alls um 35.000 m^3. Lagður var vegur meðfram Bökkunum og fóru í hann um 9.800 m^3 af efni. Í krókinn framan við Hraðfrystihúsið voru settir 1.500 m^3 og malbikað yfir. Hafnamálastofnun annaðist verkið ásamt heimamönnum. Þessum áfanga lauk svo í nóvember.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 42.4 milljónir kr.

Hallbjarnarstaðakrókur.

Heimamenn steyptu upp um 600 m^2 upptökuplan fyrir báta. Framkvæmdakostnaður: 2.0 milljónir kr.

Kópasker.

Lokið var frágangi við ljósamastursbús og rafmagn tengt.

Framkvæmdakostnaður: 0.9 milljónir kr.

Raufarhöfn.

Kantur og þekja voru steypt á nýja stálþilið. Unnið var að frágangi í smábátahöfn.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 9.8 milljónir kr.

Þórshöfn.

Sett voru upp ný innsiglingarmerki eftir dýpkunina árið á undan og unnið við bætta lýsingu á hafnarsvæðinu. Einnig var lagt slitlag á um 1000 m^2 við salthúsið og lögð út flotbryggja. Gert var við tjón á bryggjunni fyrir um 1.0 milljón kr. þar sem skolast hafði undan henni. Heimamenn sáu um framkvæmdir en Hafnamálastofnun sá um tæknilegan undirbúning.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 10.2 milljónir kr.

Bakkafjörður.

Löndunarkrani var settur upp og gert við gat sem komið var á bryggjuna.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 5.1 milljón kr.

Vopnafjörður.

Sett voru upp innsiglingarmerki o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 0.9 milljónir kr.

Borgarfjörður eystri.

Unnið var að stækkun Bátahafnar við Hafnarhólma með sprengingum. Um 620 m^2 voru dýpkaðir í 2.5–3.0 m dýpi. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir með aðstoð heimamanna. Unnið var að þessum framkvæmdum frá maí fram í júlí. Enn fremur var endurbyggður um 60 m veggur og steypt um 200 m^2 þekja á hafnargarði í gömlu höfninni. Þessa framkvæmd sáu heimamenn um í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 11.9 milljónir kr.

Seyðisfjörður.

Lokið var frágangi í smábátahöfn og gengið frá samningum um kaup á dráttarbraut frá Póllandi.

Framkvæmdakostnaður: 8.8 milljónir kr.

Neskaupstaður.

Tæknikostnaður: 0.1 milljón kr.

Eskifjörður.

Keypt var um 138 m langt stálþil og það rekið niður við loðnuverksmiðju. Einnig var steyptur kantur á þilið. Hafist var handa í apríl að aflokinni vertíð og verkinu lauk í júlí, áður en næsta vertíð hófst. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.

Samið var við Dýpkunarfélagið um 11.000 m^3 dýpkun við loðnubryggjuna með dæluskipi þeirra og einnig um 7.500 m^3 dýpkun í smábátahöfninni. Það verk var unnið í september og byrjun október. Hafnamálastofnun sá um eftirlit og mælingar.

Framkvæmdakostnaður: 37.3 milljónir kr.

Reyðarfjörður.

Boðinn var út skjólgarður og dýpkun í smábátakví. Samið var við lægstbjóðanda, Borgþór Guðjónsson, um verkið. Síðan var sett út flotbryggja í dokkina.

Framkvæmdakostnaður: 4.8 milljónir kr.

Fáskrúðsfjörður.

Keypt var 70 m langt stálþil sem reka á niður framan við frystihúsið. Unnið var að lítils háttar dýpkun í smábátahöfn og settar út flotbryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 8.2 milljónir kr.

Stöðvarfjörður.

Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun við nýja stálþilið. Nýtt dæluskip félagsins kom til Stöðvarfjarðar í júní og unnið var við dýpkunina fram í september. Gerður var fyrirstöðugarður við smábátahöfnina og dælt þar upp. Dýpka átti í -7 m við ytri kant en -6 m við innri kant, alls um 20.000 m^3. Ekki náðist fullt dýpi á öllu svæðinu. Hafnamálastofnun sá um eftirlit og mælingar.

Framkvæmdakostnaður: 6.5 milljónir kr.

Breiðdalsvík.

Tæknikostnaður: 0.1 milljón kr.

Djúpivogur.

Dýpkað var í smábátahöfninni og flotbryggjur smíðaðar. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir undir tæknilegu eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 2.2 milljónir kr.

Höfn í Hornafirði.

Heimamenn dýpkuðu í höfninni með dæluprammanum Soffíu. Alls dælt um 14.700 m^3. Einnig voru sett upp þrjú innsiglingarmerki meðfram Austurfjörutanganum og endurbætt leiðarmerki á Suðurfjörutanga.

Framkvæmdakostnaður: 6.4 milljónir kr.

Vestmannaeyjar.

Snemma á árinu var keypt um 89 m langt stálþil við Skipalyftuna. Rekstur hófst í mars og lauk í júlí. Einnig var steyptur kantbiti á þilið. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir með aðstoð heimamanna.

Dýpkað var með sanddælupramma hafnarinnar og alls dælt 23.085 m^3, aðallega framan við nýja stálþilið.

Framkvæmdakostnaður: 27.1 milljón kr.

Eyrarbakki.

Heimamenn dýpkuðu upp með bryggjunni. Verkið var unnið með grabba frá landi.

Framkvæmdakostnaður: 0.7 milljónir kr.

Grindavík.

Þriggja eininga flotbryggja var sett út í krikann suður af Eyjabakka. Starfsmenn hafnarinnar smíðuðu hana eftir teikningum frá Hafnamálastofnun. Byggð var 75 m löng trébryggja við austanverðan Miðgarð. Eldri bryggja, sem fyrir var, var rifin. Framkvæmdir hófust í ágúst en var ekki að fullu lokið um áramót. Starfsmenn hafnarinnar sáu um framkvæmdir undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 20.2 milljónir kr.

Sandgerði.

Í Sandgerði var unnið að dýpkun innsiglingarrennu. Hér var um tilraunaverkefni að ræða. Borprammi til neðansjávarborana var leigður frá norsku Hafnamálastofnuninni. Síðan var samið við Ístak hf. um framkvæmd verksins. Um 3600 m^2 svæði var sprengt og dýpkað í a.m.k. -5.6 m. Verkið hófst í júní og var sprengingum lokið í ágúst. Dýpkun fór ekki fram fyrr en í desember vegna þess að dýpkunarfleki Dýpkunarfélagsins sökk á leið til Sandgerðis í byrjun september. Almenna verkfræðistofan var með eftirlit, en Hafnamálastofnun sá um mælingar og undirbúning. Einnig var keyptur og settur upp löndunarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 30.7 milljónir kr.

Vogar.

Haldið var áfram framkvæmdum sem hófust 1987 við nýja hafnarvog. Uppsetningu lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 1.1 milljón kr.

Hafnarfjörður.

Boðin var út dýpkun aðsiglingarleiðar til Óseyrarbryggju og við Suðurbakka, alls um 23.300 m^3. Enn fremur var boðin út dýpkun í smábátahöfn, um 20.800 m^3, en sú framkvæmd er alfarið á vegum hafnarsjóðs. Gengið var til samninga við Dýpkunarfélagið hf. í kjölfar útboðsins. Framkvæmdir hófust lítillega fyrir áramót. Verkfræðistofa Halldórs Hannessonar er með eftirlit með verkinu. Lokið var við frágang raflagna á Suðurbakka.

Framkvæmdakostnaður: 4.5 milljónir kr.

Garðabær.

Samið var við Markholt hf. um byggingu 42 m langs kants á stálþilið. Vinna við kantinn hófst í ágúst og var að fullu lokið innan mánaðar. Hafnamálastofnun annaðist eftirlit með verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 2.4 milljónir kr.

Reykjavík.

Unnið var að framkvæmdum á Vatnagarðasvæði í Sundahöfn. Kleppsbakki var lengdur úr 147 m í 287 m. Gerður var skjólgarður um 160 m út til að skýla bakkanum. Aðstaða var sett upp fyrir Viðeyjarferju milli Korngarðs og skjólgarðs þar norður af.

Í Kleppsvík var unnið að landgerð með því að sprengja niður berg og fylla í sjó sunnan Holtabakka. Einnig var unnið að landgerð í Olíuhöfn í Örfirisey.

Framkvæmdakostnaður: 222.7 milljónir kr.

LANDSHAFNIR

Rifshöfn.

Tæknikostnaður: 0.1 milljón kr.

Þorlákshöfn.

Tæknikostnaður: 0.4 milljónir kr.

Keflavík/Njarðvík.

Ný hafnarvog var keypt og sett upp, sömuleiðis var keyptur og settur upp nýr löndunarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 5.2 milljónir kr.

FERJUBRYGGJUR

Lokið var framkvæmdum við bryggju á Mjóafirði (eystra). Enn fremur var unnið að viðgerðum á bryggjum í Ísafjarðardjúpi.

Framkvæmdakostnaður: 5.5 milljónir kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Víða um land var unnið að sjóvörnum en þessar framkvæmdir eru helstar, á Ólafsvík við olíutanka, á Bolungarvík innan við höfnina, á Sauðárkróki austan sláturhúss, á Stokkseyri við Íragerði og á Eyrarbakka við Samkunduhúsið.

Framkvæmdakostnaður: 28.4 milljónir kr.

RANNSÓKNIR

Vinna við líkantilraunir hófst að nýju um mitt árið þegar ný rannsóknarstöð Hafnamálastofnunar var tekin í notkun. Mælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár. Ýmis rannsóknarverkefni voru unnin í samvinnu við aðrar stofnanir.

Botnrannsóknir voru gerðar í Stykkishólmi, Bíldudal, Grindavík og í Reykjavíkurhöfn.

Mælingum með öldumæliduflum var framhaldið á Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Grímseyjarsundi, Ársskógssandi, Grenivík, Þórshöfn, Breiðdalsvík og suður af Vestmannaeyjum. Öldumælingar hófust á árinu við Garðskaga, í Vestmannaeyjahöfn og við Djúpavog.

Lokið var við líkantilraunir af Grímseyjarhöfn og hafin bygging líkans af höfninni á Ólafsfirði.

Unnið var einkum að frumhönnun og verkhönnun á eftirtöldum höfnum: Stykkishólmi, Bíldudal, Ólafsfirði, Grímsey, Húsavík, Vopnafirði, Hornafirði, Vestmannaeyjum og Sandgerði.

Gefnar voru út skýrslur um könnun hafnaraðstöðu á Vopnafirði og í Grímsey.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1988.
(Í millj. kr.)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Stoðveggur aðalhafnargarði ...	75%	2.6		
	Ljósamastur á Faxabr.	75%	0.7		
	Smábátahöfn; hönnun o.fl.	75%	1.7		
	Dýpkun, mælingar o.fl.	75%	1.2		
	Rafm. aðalhafnargarði	75%	0.8	7.0	5.3
Borgarnes	Dýpkun við kant	75%		0.5	0.4
Arnarstapi/Hellnar	Námufrág. o.fl.	75%		0.5	0.4
Ólafsvík	Stálþil Norðurtanga	75%		32.0	24.0
Grundarfjörður	Steypt þekja, lagnir og lýsing ...	75%		12.3	9.2
Stykkishólmur	Vatnslögn Stykkish. o.fl.	75%	2.0		
	Grjótgarður	75%	19.5		
	Fylling	75%	2.1		
	Dráttarbr.; endurb. garðar	40%	4.8	28.4	19.6
Brjánslækur	Stálþil	75%	20.3		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.9	22.2	16.7
Patreksfjörður	Endurb. kantur	75%		2.2	1.7
Tálknafjörður	Smábátahöfn: Grjótgarður. ...	75%	0.6		
	Lýsing á tengibr.	75%	0.4	1.0	0.8
Bíldudalur	Löndunarkrani	40%	0.9		
	Dýpkun	75%	9.6		
	Ljósamastur	75%	0.8		
	Flotbryggjur	75%	1.6		
	Bryggjurif	75%	0.6		
	Rannsóknir og tæknikostn.	75%	1.1	14.6	10.6
Flateyri	Hafnarvog	40%		3.0	1.2
Suðureyri	Steypt þekja o.fl.	75%	1.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.2		
	Flotbryggja	75%	1.2	3.2	2.4
Bolungarvík	Brimv.garður undirb.k.	75%	0.8		
	Endurb. kantur	75%	1.0		
	Tjónaviðgerð	75%	1.9		
	-tjónabætur	75%	-1.9	1.8	1.4

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Ísafjörður	Dýpkun o.fl.	75%	7.1		
	Fyrirstöðugarður	75%	3.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	2.2		
	Lagnir og frág.	75%	2.1	15.2	11.4
Súðavík	Löndunarkrani	40%		0.8	0.3
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	75%	2.7		
	Raflögn að krana	75%	0.4	3.1	2.3
Hólmavík	Fjármagnskostn. o.fl.	75%		0.7	0.5
Hvammstangi	Trébryggja o.fl.	75%	9.1		
	Tjónaviðgerð	75%	2.5		
	-tjónabætur	75%	-2.5	9.1	6.8
Blönduós	Dýpkun	75%	1.0		
	Grjótnám	75%	-0.3	0.7	0.5
Skagaströnd	Dýpkun	75%		8.6	6.5
Sauðárkrókur	Lenging Norðurgarðs	75%		31.7	23.8
Haganesvík	Bryggja-verklok	75%		2.4	1.8
Siglufjörður	Dýpkun	75%	15.3		
	Viðgerð á garði	75%	0.6		
	-tjónabætur	75%	-1.0	14.9	11.2
Ólafsfjörður	Tjónaviðgerð á garði o.fl.	75%	13.2		
	-tjónabætur	75%	-7.4		
	Flotbryggjur	75%	0.7		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.6	7.1	5.3
Dalvík	Slitlag o.fl.	75%	3.7		
	Tjónaviðgerð	75%	0.7		
	-tjónastyrkur	75%	-0.7	3.7	2.8
Hrísey	Tæknikostnaður	75%		0.1	0.1
Árskógssandur	Fjármagnskostnaður	75%	1.0		
	Ljósam. og lokafrág.	75%	2.4	3.4	2.6
Hauganes	Tjónaviðgerð	75%	1.9		
	-tjónabætur	75%	-1.9		
Akureyri	Fiskihöfn 1. áf.	50%	48.1		
	Fjármagnskostnaður	50%	0.6	48.7	24.4

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Svalbarðseyri	Klæðning Vesturk. o.fl.	75%		0.9	0.7
Grímsey	Tæknikostnaður	75%		0.2	0.2
Húsavík	Brimvörn Norðurgarði	75%	40.5		
	Suðurg. grjótvörn	75%	1.6		
	Fjármaganskostnaður	75%	0.3	42.4	31.8
Hallbj.st.krókur	Bátaplan	75%		2.0	1.5
Kópasker	Löndunarkrani uppsetn.	40%	0.1		
	Dýptarmæling	75%	0.3		
	Ljósamastur, töfluhús o.fl.	75%	0.5	0.9	0.6
Raufarhöfn	Kantur á stálþil	75%	3.0		
	Þekja o.fl.	75%	4.0		
	Smábátahöfn	75%	1.1		
	Fjármagnskostn.	75%	0.5		
	Fjármagnskostn.	90%	1.3	9.9	7.6
Þórshöfn	Innsiglingarmerki	75%	1.8		
	Rafl. og lýsing	75%	3.1		
	Slitlag	75%	2.7		
	Flotbryggjur	75%	0.3		
	Fjármagnskostnaður	75%	2.7		
	Viðgerð á kanti	75%	0.6		
	- tjónastyrkur	75%	-1.0	10.2	7.7
Bakkafjörður	Löndunarkrani	40%	1.1		
	Fjármagnskostnaður	75%	4.0		
	Tjónaviðgerðir	75%	1.5		
	-tjónastyrkur	75%	-1.5	5.1	3.4
Vopnafjörður	Mælingar o.fl.	75%	0.5		
	Innsigl.merki	75%	0.4	0.9	0.7
Borgarfj. eystri	Stækkun Bátahafnar	75%	8.2		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.5		
	Hafnarg. endurb.	75%	3.2	11.9	8.9
Seyðisfjörður	Dráttarbraut, undirb.k.	40%	8.0		
	Smábátahöfn	75%	0.8	8.8	3.8
Neskaupsstaður	Tæknikostn.	75%		0.1	0.1
Eskifjörður	Stálþil 1. áf.	75%	30.9		
	Dýpkun o.fl.	75%	6.4	37.3	28.0

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Reyðarfjörður	Smábátah.: Dýpkun og garður . .	75%	4.0		
	Flotbryggja	75%	0.6		
	Mengunarvarnir	75%	0.2	4.8	3.6
Fáskrúðsfjörður	Stálþils efni	75%	7.5		
	Smábátahöfn	75%	0.7	8.2	6.2
Stöðvarfjörður	Dýpkun	75%	4.5		
	Fyrirstöðugarður	75%	2.0	6.5	4.9
Breiðdalsvík	Tæknikostnaður	75%		0.1	0.1
Djúpivogur	Dýpkun	75%	0.7		
	Flotbryggjur	75%	1.5	2.2	1.7
Höfn í Hornafirði	Innsiglingarmerki	75%	2.7		
	Dýpkun	75%	3.7	6.4	4.8
Vestmannaeyjar	Stálþil á Eiðisbryggju	75%	21.3		
	Dýpkun	75%	5.8	27.1	20.3
Eyrarbakki	Dýpkun	75%		0.7	0.5
Grindavík	Harðviðarbr. Miðgarði	75%	19.6		
	Flotbryggjur	75%	0.6	20.2	15.2
Sandgerði	Dýpkun innsigl.	90%	29.6		
	Löndunarkrani	40%	1.1	30.7	27.1
Vogar	Hafnarvog	40%		1.1	0.4
Hafnarfjörður	Dýpkun	50%	2.7		
	Raflagnir	50%	1.8	4.5	2.3
Garðabær	Steypur kantbiti	75%	1.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.6	2.4	1.8
Óskipt	Slysavarnir	75%		4.9	3.7
	Samtals almennar hafnir	40%	21.2		
		50%	53.2		
		75%	424.3		
		90%	30.9	529.6	381.6

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
II. Landshafnir:					
Rifshöfn	Tæknikostnaður	100%		0.1	0.1
Þorlákshöfn	Tæknikostnaður	100%		0.4	0.4
Keflavík-Njarðvík	Hafnarvog	100%	3.7		
	Löndunarkrani	100%	1.5	5.2	5.2
	Samtals landshafnir			5.7	5.7
III. Ferjubryggjur:					
Í Djúpi:	Vigur	100%		0.1	0.1
	Ögur	100%		0.1	0.1
	Vatnsfjörður	100%		0.9	0.9
	Arngerðareyri	100%		0.4	0.4
	Melgraseyri	100%		0.7	0.7
	Æðey	100%		0.6	0.6
Austurland:	Mjóifjörður	100%		2.3	2.3
Suðurland:	Vík í Mýrdal	100%		0.4	0.4
				5.5	5.5
IV. Reykjavíkurhöfn:					
Vatnagarðar:	Lenging Kleppsbakka	0%		116.5	
	Skjólgarður v/Kleppsbakka	0%		20.6	
	Aðst. v/Viðeyjarf. í Klettavör	0%		17.1	
Kleppsvík:	Landfylling sunnan Holtabakka	0%		47.0	
Örfirisey:	Landfylling í Olíuhöfn	0%		12.8	
Ýmis verkefni:	Aðst. Akraborgar, vigt og bílar	0%		8.7	
	Samtals Reykjavíkurhöfn			222.7	
	Alls framkvæmdir 1988			**763.5**	**392.8**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1988.
(Í millj. kr.)

	Í þús. kr.
Akranes	0,5
Ólafsvík	2,8
Búðardalur	0,5
Flateyri	0,8
Bolungarvík	4,7
Ísafjörður	1,8
Blönduós	1,4
Sauðárkrókur	2,0
Dalvík	0,1
Hjalteyri	1,0
Stokkseyri	6,5
Eyrarbakki	2,1
Grindavík	0,9
Miðneshreppur	1,7
Gerðahreppur	1,1
Vogar, Vatnsleysustr.hr.	0,5
Samtals	28,4

Tafla III. Rannsóknarverkefni 1988.
(Í millj. kr.)

	Í þúsundum króna	
Almennar rannsóknir, óskipt		7,9
Innréttingar í líkanstöð		3,7
Rannsóknarverkefni í höfnum:		
Bíldudalur	0,3	
Norðurfjörður	0,1	
Sauðárkrókur	0,1	
Siglufjörður	0,1	
Ólafsfjörður	1,5	
Grenivík	0,3	
Grímsey	4,6	
Bakkafjörður	0,1	
Vopnafjörður	0,5	
Breiðdalsvík	0,3	
Djúpivogur	0,2	
Höfn í Hornafirði	0,3	
Vestmannaeyjar	0,8	
Þorlákshöfn	0,1	
Ýmsar hafnir	0,3	9,6
Samtals		21,2

Tafla IV. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum.
(Í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1987		Ríkishluti framkv. 1988	Fjárveiting 1988	Staða ríkissjóðs í árslok 1988	
	Vanveitt	Ónotað			Vanveitt	Ónotað
Akranes	9.5		5.3	5.4	9.4	
Borgarnes		0.9	0.4			0.5
Arnarstapi		0.9	0.4	0.5		1.0
Ólafsvík		4.8	24.0	26.2		7.0
Grundarfjörður	0.9		9.2	8.2	1.9	
Stykkishólmur	6.9		19.6	6.2	20.3	
Karlsey		0.1				0.1
Brjánslækur	14.2		16.7	29.8	1.1	
Patreksfjörður		0.6	1.7	0.1	1.0	
Tálknafjörður	0.2		0.8		1.0	
Bíldudalur			10.6	11.0		0.4
Þingeyri		0.1				0.1
Flateyri	0.3		1.2	2.0		0.5
Suðureyri		0.2	2.4	1.3	0.9	
Bolungarvík	5.7		1.4	5.3	1.8	
Ísafjörður	27.1		11.4	16.7	21.8	
Súðavík		0.3	0.3			

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1987		Ríkishluti framkv. 1988	Fjárveiting 1988	Staða ríkissjóðs í árslok 1988	
	Vanveitt	Ónotað			Vanveitt	Ónotað
Norðurfjörður	7.0		2.3	3.7	5.6	
Drangsnes		0.2				0.2
Hólmavík	2.5		0.5	3.0		
Hvammstangi			6.8	11.5		4.7
Blönduós		1.6	0.5			1.1
Skagaströnd		1.4	6.5	3.0	2.1	
Sauðárkrókur	0.5		23.8	20.0	4.3	
Hofsós	0.7			0.5	0.2	
Haganesvík	0.3		1.8	2.2		0.1
Siglufjörður	1.3		11.2	5.9	6.6	
Ólafsfjörður	6.7		5.3	6.4	5.6	
Dalvík	1.7		2.8	0.5	4.0	
Hrísey		0.3	0.1			0.2
Árskógssandur	9.8		2.6	9.1	3.3	
Hjalteyri						
Akureyri	17.0		24.4	12.4	29.0	
Svalbarðseyri	0.1		0.7	0.8		0.0
Grenivík		0.1				0.1
Grímsey	0.2		0.2	5.6		5.2
Húsavík	0.2		31.8	19.2	12.8	
Tjörnes			1.5	0.8	0.7	
Kópasker	0.5		0.6	2.8		1.7
Raufarhöfn	18.9		7.6	10.0	16.5	
Þórshöfn	15.4		7.7	12.0	11.1	
Bakkafjörður	9.7		3.4	6.5	6.6	
Vopnafjörður		0.6	0.7		0.1	
Borgarfjörður eystri	1.6		8.9	12.8		2.3
Seyðisfjörður	2.2		3.8	1.5	4.5	
Neskaupsstaður	0.7		0.1	0.8		0.0
Eskifjörður	3.5		28.0	24.0	7.5	
Reyðarfjörður	0.4		3.6	0.1	3.9	
Fáskrúðsfjörður	0.8		6.2	11.4		4.4
Stöðvarfjörður	0.8		4.9	6.6		0.9
Breiðdalsvík	0.1		0.1	0.1	0.1	
Djúpivogur		0.5	1.7		1.2	
Höfn í Hornafirði	5.2		4.8	9.0	1.0	
Vestmannaeyjar		0.7	20.3	18.7	0.9	
Stokkseyri						
Eyrarbakki		1.5	0.5			1.0
Grindavík	1.7		15.2	12.5	4.4	
Hafnir						
Sandgerði		0.5	27.1	26.0	0.6	
Garður						
Vogar		0.1	0.4	0.9		0.6
Hafnarfjörður	22.8		2.3	10.6	14.5	
Garðabær	0.5		1.8	3.4		1.1
Slysav. óskipt			3.7	11.5		7.8
Samtals	197.6	15.4	381.6	398.5	206.3	41.0

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1988.
(Í millj. kr.)

		Í þús. kr.
Almennar hafnir		398,5
Landshafnir:		
Rif		4,0
Ferjubryggjur:		
Vigur	0,3	
Vatnsfjörður í Djúpi	0,5	
Arngerðareyri	0,4	
Melgraseyri	0,4	
Æðey	0,6	
Mjóifjörður	3,2	
Vík í Mýrdal	0,4	5,8
Samtals		408,3

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1988.
(Í millj. kr.)

	Í þús. kr.	
Fjárlagaliður 04 – 270.		
Húsavík	2,0	
Selvogur	0,6	
		2,6
Fjárlagaliður 10 – 333		
Akranes	1,8	
Ólafsvík	0,5	
Búðardalur	0,4	
Patreksfjörður	0,5	
Flateyri	1,0	
Suðureyri	1,5	
Bolungarvík	0,9	
Ísafjörður	1,0	
Blönduós	2,0	
Sauðárkrókur	0,7	
Siglufjörður	0,4	
Hjalteyri	0,4	
Fáskrúðsfjörður	0,4	
Stokkseyri	2,5	
Eyrarbakki	2,5	
Grindavík	1,0	
Miðneshreppur	1,0	
Gerðahreppur	1,0	
Hafnahreppur	0,6	
Vatnsleysustrandarhreppur	0,8	
Bessastaðahreppur	1,0	
Seltjarnarnes	0,5	
		22,4
Samtals		25,0

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1988.
(Í millj. kr.)

Styrkir:		
a. Styrkir til nýframkvæmda:		
Ólafsvík	2,60	
Grundarfjörður	0,80	
Stykkishólmur	1,25	
Brjánslækur	3,00	
Bíldudalur	1,20	
Flateyri	0,70	
Bolungarvík	1,00	
Norðurfjörður	0,40	
Hólmavík	0,60	
Hvammstangi	2,30	
Skagaströnd	0,60	
Hofsós	0,15	
Haganesvík	0,40	
Árskógssandur	0,65	
Svalbarðseyri	0,15	
Grímsey	0,60	
Kópasker	0,30	
Þorlákshöfn	1,65	
Bakkafjörður	0,70	
Borgarfjörður eystri	2,10	
Stöðvarfjörður	0,55	
Grindavík	2,50	
Sandgerði	1,70	
		25,90
b. Tjónastyrkir:		
Hvammstangi	2,50	
Þórshöfn	1,00	
Bakkafjörður	1,50	5,00
Styrkir alls		30,90
Lán:		
a. Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:		
Ólafsvík	2,60	
Grundarfjörður	0,80	
Stykkishólmur	1,75	
Bíldudalur	1,20	
Flateyri	0,70	
Sauðárkrókur	4,00	
Árskógssandur	0,50	
Grímsey	0,50	
Húsavík	3,80	
Þórshöfn	1,65	
Fáskrúðsfjörður	0,90	
Stöðvarfjörður	0,50	
Vestmannaeyjar	3,70	22,60
b. Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:		
Stykkishólmur	20,00	
Akureyri	25,50	
Húsavík	13,65	
Þórshöfn	2,50	61,60
Lán alls		84,25
Samtals úthlutað, lán og styrkir		115,15

Ed. 1301. Lög [511. mál]

um breytingu á lögum nr. 3 6. mars 1955, um skógrækt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1176.

Ed. 1302. Lög [413. mál]

um Hagþjónustu landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1191.

Ed. 1303. Lög [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1172.

Sþ. 1304. Frumvarp til laga [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir eina umr. í Nd., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 838 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

34. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila sem taldir eru upp í 1., 2. og 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara.
c. Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða.

Ed. 1305. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Arnmund Backman lögfræðing, Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneytinu, Sigurð Sigurjónsson, Gissur Ingólfsson og Bjarnfreð Ármannsson frá Sendibílum hf. og Óskar Sigurðsson, fulltrúa launþega í leigubifreiðastjórastétt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 19. maí 1989.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr., með fyrirvara.	Egill Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1306. Lög [374. mál]

um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1226 (sbr. 1098).

Ed. 1307. Breytingartillaga [438. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast.

Nd. 1308. Lög [229. mál]

um breyt. á l. nr. 58/1984, um sjúkraliða.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1272.

Nd. **1309. Lög** [439. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1138.

Nd. **1310. Lög** [430. mál]

um Félagsmálaskóla alþýðu.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 924.

Ed. **1311. Lög** [443. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1275.

Ed. **1312. Lög** [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 72 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1229.

Ed. **1313. Frumvarp til laga** [438. mál]

um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1228 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 36/1970, lög nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988, um breytingu á þeim lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast.

Þrátt fyrir ákvæði 5. liðar 8. gr. skulu launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku þessara laga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. er heimilt að veita þeim, sem eru 66 ára eða eldri við gildistöku þessara laga, heimild til að halda atvinnuleyfi í allt að fimm ár til viðbótar enda uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði þessara laga. Þó verði ekki heimilt að framlengja atvinnuleyfi lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum þar til öðruvísi verður ákveðið af réttum aðilum.

Þeir, sem hafa atvinnuleyfi eða njóta takmörkunar við gildistöku laga þessara, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Nd. 1314. Frumvarp til laga [499. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. maí.)

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt, til viðbótar við lántöku skv. 1. gr. l. nr. 9 2. mars 1989, að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu láns þessa.

Af andvirði láns skv. 1. mgr. skal allt að 350 milljónum króna varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum, en sérstakt tillit skal þó tekið til afkomu viðkomandi vinnslugreina.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1989“ í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1988, komi: 1. júní 1989.

3. gr.

Í stað „2,2%“ í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1988, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, komi: 1,5%.

4. gr.

Frá 1. september 1989 falli eftirtalin tollskrárnúmer brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. l. nr. 95/1988:

3214.1009	3925.2000	4009.5000	4407.9201	4410.1001
3214.9000	3925.3000		4407.9209	4410.1009
	3925.9000	4407.1001	4407.9901	4410.9001
3917.2100		4407.1009	4407.9909	4410.9009
3917.2200	3926.3001	4407.2101		
3917.2300		4407.2109	4408.1000	4411.1101
3917.2900	4009.1000	4407.2201	4408.2000	4411.1109
3917.3100	4009.2001	4407.2209	4408.9000	4411.1901
3917.3200	4009.2009	4407.2301		4411.1909
3917.3300	4009.3001	4407.2309	4409.1000	4411.2101
3917.3900	4009.3009	4407.9101	4409.2000	4411.2109
3917.4000	4009.4000	4407.9109		4411.2901

4411.2909
4411.3101
4411.3109
4411.3901
4411.3909
4411.9101
4411.9109
4411.9901
4411.9909

4412.1101
4412.1109
4412.1201
4412.1209
4412.1901
4412.1909
4412.2101
4412.2109
4412.2901
4412.2909
4412.9101
4412.9109
4412.9901
4412.9909

4413.0001
4413.0009

4418.1000
4418.2000
4418.9001
4418.9009

7210.1100
7210.1200
7210.2009
7210.3109
7210.3909
7210.4900
7210.5009
7210.6009
7210.7009
7210.9000

7211.1100
7211.1200
7211.1900
7211.2100
7211.2200
7211.2900
7211.3000
7211.4100
7211.4900
7211.9000

7212.1000
7212.2109
7212.2909
7212.3009
7212.4009
7212.5009
7212.6009

7213.1009
7213.2009
7213.3109
7213.3909
7213.4109
7213.4909
7213.5009

7214.1000
7214.2009
7214.3009
7214.4009
7214.5009
7214.6009

7215.1000
7215.2000
7215.3000
7215.4000
7215.9000

7216.1000
7216.2100
7216.2200
7216.3100
7216.3200
7216.3300
7216.4000
7216.5000
7216.6000
7216.9001
7216.9009

7301.1000
7301.2000

7303.0000

7304.3100
7304.3900
7304.4100
7304.4900
7304.5100
7304.5900
7304.9000

7305.3100
7305.3900
7305.9000

7306.3000
7306.4000
7306.5000
7306.6000
7306.9000

7307.1100
7307.1900
7307.2100
7307.2200
7307.2300
7307.2900
7307.9100
7307.9200
7307.9300
7307.9900

7308.3001
7308.3009
7308.9001
7308.9009

7322.1100
7322.1901
7322.1902
7322.1909
7322.9000

7407.1001
7407.1009
7407.2101
7407.2109
7407.2201
7407.2209
7407.2911
7407.2919
7407.2921
7407.2929

7408.1100
7408.1900
7408.2100
7408.2200
7408.2900

7409.1100
7409.1900
7409.2100
7409.2900
7409.3100
7409.3900
7409.4000
7409.9000

7411.1000
7411.2100
7411.2200
7411.2900

7412.1000
7412.2000

7505.1101
7505.1109
7505.1201
7505.1209
7505.2100
7505.2200

7506.1000
7506.2000

7507.1100
7507.1200
7507.2000

7604.1001
7604.1009
7604.2100
7604.2900

7605.1100
7605.1900
7605.2100
7605.2900

7606.1109
7606.1209
7606.9109
7606.9209

7608.1000
7608.2000

7609.0000

7610.1000
7610.9002
7610.9009

7803.0001
7803.0002
7803.0009

7804.1101
7804.1109
7804.1901
7804.1909

7805.0000

7904.0001
7904.0009

7905.0000

7906.0000

8003.0001
8003.0002
8003.0009

8004.0000

8006.0000

8303.0000

8403.1000
8403.9000

8414.5109
8414.5909
8414.6009
8414.8009
8414.9000

8415.1000
8415.8100

8415.8200	9401.6900	9403.1009	9403.6001	9403.9000
8415.8300	9401.7100	9403.2001	9403.6002	
8415.9000	9401.7900	9403.2002	9403.6009	9404.1000
	9401.8000	9403.2003	9403.7001	9404.2100
9401.1000	9401.9000	9403.2009	9403.7002	9404.2900
9401.2000		9403.3001	9403.7009	9404.9000
9401.3000	9402.1000	9403.3009	9403.8001	
9401.4000	9402.9000	9403.4000	9403.8002	
9401.5000		9403.5001	9403.8003	
9401.6100	9403.1001	9403.5009	9403.8009	

5. gr.

Í stað „3%“ í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, komi: 5%.

6. gr.

Við 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabil skv. 2. mgr. í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

7. gr.

Ný 40. gr. komi í lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, og númer síðari greina breytist til samræmis. Greinin hljóði svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

8. gr.

10. gr. laga nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum, orðist svo:

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

9. gr.

Við 81. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. og 9. gr. skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er fjármálaráðherra heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis- og loðdýraræktar.

Nd. 1315. Breytingartillaga [454. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. l. nr. 107/1988.

Frá menntamálanefnd.

Á eftir 8. gr. komi ný grein er orðist svo:

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hafi kennari starfað, ráðinn, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Sþ. 1316. Þingsályktun [402. mál]

um manneldis- og neyslustefnu.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990–2000 að ná fram meginmarkmiðum í þeirri manneldis- og neyslustefnu sem heilbrigðisráðuneyti og Manneldisráð hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott.
- Að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamsþyngd.
- Að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna.
- Að hvíta (protein) verði áfram rífleg í fæðu landsmanna.
- Að dregið verði úr neyslu á fitu, einkum mettuðum fituefnum.
- Að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis.

Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvæla skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.
c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
d. Að efla nám í matvælaiðn, menntun kennara í heimilisfræðum og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta og veitingastaða.
e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á hollu fæði í skólunum.
f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.
h. Að draga úr notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
i. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukaefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.
j. Að heilbrigðisráðherra láti gera neyslukönnun sem feli í sér heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og

magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar ofangreindum aðgerðum í manneldismálum (liðir a–h).

k. Að niðurstöður neyslukönnunar skv. j-lið verði hafðar til hliðsjónar við mótun áætlunar um hlutdeild innlendrar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til hagkvæmni, nýtingar á innlendum aðföngum og öryggis við öflun matvæla.

l. Að efldar verði innlendar rannsóknir á matvælum, næringu og heilsu.

m. Að stefna í manneldis- og neyslumálum verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Alþingi felur heilbrigðisráðuneytinu að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Ed. 1317. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá neðri deild, en þó með breyttum gildistökutíma, og um það flytur hún breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Halldór Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Guðmundur Ágústsson, með fyrirvara.
Margrét Frímannsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 1318. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fyrri málsgrein 66. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1990.

Ed. 1319. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess ásamt breytingartillögu sem viðskiptaráðherra flytur á þskj. 978.

Halldór Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur Ágústsson.

Nd. 1320. Breytingartillögur [393. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra og brtt. á þskj. 1250.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar (GHelg, JSS, AðB, JK, GGÞ).

1. Við brtt. á þskj. 1250. Síðasti málsliður 1. efnismgr. falli brott.
2. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla þá úr gildi lög nr. 91 frá 31. desember 1982, með síðari breytingum.
   Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.
3. Á eftir 31. gr. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Á árinu 1989 er fjármálaráðherra heimilt að veita viðbótarframlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra úr ríkissjóði að upphæð 40 millj. kr. svo að heildarfjárveiting til sjóðsins nemi samtals 200 millj. kr.

Nd. 1321. Lög [335. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1297.

Nd. 1322. Lög [438. mál]

um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1313 (sbr. 1228).

Ed. 1323. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:
Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á þjónustu,

svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum, sem innflytjandi tekur án ábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana, fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur og um mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1324. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Stefán Valgeirsson, er sat fund nefndarinnar, er einnig samþykkur frumvarpinu.

Alþingi, 20. maí 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Ed. 1325. Lög [499. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1314.

Nd. 1326. Frumvarp til laga [393. mál]

um málefni aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf.

I. KAFLI

Skipulag öldrunarþjónustu.

2. gr.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á sviði öldrunarmála skulu vera m.a.:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.

3. gr.

Skipa skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra til fjögurra ára í senn frá 1. janúar 1990.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Heilbrigðisráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.
2. Að vera heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
3. Að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum.
4. Að skera úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkvæmt lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðisráðherra.

5. gr.

Stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðvar skulu tilnefna fulltrúa í sérstaka undirnefnd, öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd skulu aldrei vera fleiri en sjö, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar (heilbrigðismálaráði í Reykjavík), hinir frá viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir velja nefndinni formann.

Öldrunarnefnd annast eftirtalin verkefni og gerir tillögur þar að lútandi til stjórnar heilsugæslustöðvar (í Reykjavík heilbrigðismálaráðs) og félagsmálaráða eða félagsmálanefnda:

1. Að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæðinu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu starfssvæðisins, sbr. III. kafla þessara laga.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. og 30. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Kostnaður, sem kann að verða af starfi öldrunarnefndar, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hún nær til í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

Þegar málefni einstakra öldrunarstofnana á starfssvæði öldrunarnefndar eru til umfjöllunar skal nefndin gefa fulltrúa viðkomandi stofnunar kost á að sitja fundinn. Þá getur öldrunarnefnd og ákveðið að gefa fulltrúum félaga á starfssvæðinu, sem starfa í þágu aldraðra, kost á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

6. gr.

Á starfssvæði hverrar öldrunarnefndar skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það þykir hentugra geta sveitarstjórnir ákveðið að fela þjónustuhópi aldraðra hlutverk öldrunarnefndar á starfssvæðinu.

Kostnaður, sem verða kann af starfi þjónustuhóps aldraðra, greiðist af sveitarfélögum á því starfssvæði sem hann nær til í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsliðs heilsugæslustöðva(r) starfssvæðisins og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélags(a) á starfssvæðinu.

Í þjónustuhópi aldraðra skulu starfa fjórir menn. Í hópnum sé læknir með sérmenntun á sviði heimilislækninga, lyflækninga eða öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tveir starfsmenn félagslegrar þjónustu í sveitarfélögum á starfssvæði hópsins. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi ef unnt er.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Oddviti hópsins skal kalla hópinn saman.

Þjónustuhópur aldraðra getur ákveðið að gefa félögum, sem starfa í þágu aldraðra, og öldrunarstofnunum á starfssvæðinu kost á að koma sér saman um einn fulltrúa sem yrði áheyrnarfulltrúi á fundum hópsins.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu, sbr. 18. og 19. gr.
3. Að setja upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta áætlun um þjónustu, sbr. 15. gr., sem byggist á samræmdu faglegu mati.
4. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem stofnaður var með lögum nr. 49 29. maí 1981, hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og að byggingu húsnæðis fyrir aldraða.

10. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2.500 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990, miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. desember 1988 (124,9 stig) til 1. desember 1989.

   Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 530.196 kr. eða lægri á tekjuárinu 1988. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi

staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.

2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 4. gr. Þegar samstarfsnefnd um málefni aldraðra fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

12. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga og endurbóta sem nauðsynlegar eru á eldra húsnæði fyrir aldraða eða leiða af ákvæðum þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Önnur verkefni sem stjóðstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir.

13. gr.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer samkvæmt lögum nr. 63 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra.

III. KAFLI

Heimaþjónusta.

15. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Eftir því sem kostur er skulu sveitarfélög þau, sem standa saman að öldrunarnefnd, sameinast um rekstur heimaþjónustu aldraðra á starfssvæðinu.

Með heimaþjónustu er átt við þá þjónustu sem veitt er öldruðum sem búa heima. Sú þjónusta byggist á hjálp til sjálfshjálpar og tekur mið af heilsufarslegu og félagslegu ástandi einstaklingsins og er hún tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu sem er í höndum félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við.

Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu skulu skipulagðir af viðkomandi sveitarfélögum að fengnum tillögum öldrunarnefndar og þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu.

IV. KAFLI

Fyrirkomulag öldrunarþjónustu.

17. gr.

Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta aldraðra, sbr. III. kafla.
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem bjóða upp á þjónustu við aldraða sem búa heima. Þjónustumiðstöð getur starfað sjálfstætt eða í tengslum við dagvist aldraðra, sbr. 17. gr. 3. tölul., sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir, sbr. 17. gr., 4. tölul., stofnanir aldraðra, sbr. 18. gr., eða heilsugæslustöð. Leitast skal við að þjónustumiðstöðvar séu sem næst öðrum þjónustukjörnum en þó dreifðar um íbúðahverfi.
3. Dagvist aldraðra telst sú starfsemi sem býður a.m.k. upp á eftirtalda þjónustu: flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, tómstundaiðju, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Einstaklingar, sem þurfa á dagvist að halda, geta sótt hana daglega eða ákveðna daga. Dagvist getur verið rekin sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi, t.d. þjónustumiðstöð aldraðra, sbr. 2. tölul. þessarar gr., sjálfseignar- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða, sbr. 4. tölul. þessarar greinar, eða stofnanir fyrir aldraða, skv. 18. gr.
4. Sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða. Þar skal vera völ á sömu þjónustu og um getur í 1. tölul. 18. gr., annaðhvort í húsnæðinu sjálfu eða næsta nágrenni.

18. gr.

Stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum er:

1. Þjónustuhúsnæði aldraðra sem getur verið tvenns konar: Íbúðir og dvalarheimili, hvort tveggja sérhannað fyrir þarfir aldraðra og ætlað þeim öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þar skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Aðstaða skal vera fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr., og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
2. Hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili eru ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnæði aldraðra, sbr. 1. tölul. Á hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og hlýleg. Aðstaða skal vera fyrir aldraða sjúklinga með heilabilunareinkenni. Eftir því sem kostur er skulu hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimili vera í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða sjúkrahús eftir aðstæðum í hverju tilviki. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörfum sjúklings og byggist á hjálp til sjálfshjálpar.

19. gr.

Stjórn dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 18. gr. ákveða um vistun fólks á stofnuninni enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Enginn má vistast til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra eða öldrunarnefndar þar sem þær sinna hlutverki þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun.

Í reglugerð skal setja reglur um vistunarmat og framkvæmd þess.

20. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 17. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðisráðherra.

Áður en framkvæmdir hefjast við sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra, sbr. 17. gr., 4. tölul., skal afla samþykkis heilbrigðisráðuneytis á teikningum. Jafnframt skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Beiðni um framkvæmdaleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður. Beiðninni skal og fylgja umsögn öldrunarnefndar á því starfssvæði sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og héraðslæknis.

21. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 17. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 18. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi til heilbrigðisráðherra.

Umsókn um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Heilbrigðisráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 18. gr., skipa stjórn stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði 30. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan þriggja ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað er felast í 18. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI

Kostnaður við öldrunarþjónustu.

24. gr.

Þeir, sem þjónustu dagvistar njóta, skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni, að hámarki sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

25. gr.

Íbúar í sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum, sbr. 17. gr., 4. tölul., greiða sjálfir þá þjónustu, sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 29. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

26. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 18. gr., þ.e. þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými, greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 27. gr.

27. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 11.000 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 11.000 kr., skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

28. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 18. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

29. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta með gjaldskrá ákveðið þátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þau veita.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal þegar eftir gildistöku laganna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, m.a. um búnað stofnana fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla þá úr gildi lög nr. 91 frá 31. desember 1982, með síðari breytingum.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1989 er fjármálaráðherra heimilt að veita viðbótarframlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra úr ríkissjóði að upphæð 40 millj. kr. svo að heildarfjárveiting til sjóðsins nemi samtals 200 millj. kr.

Ed. 1327. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1022 með þessari breytingu:

66. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1990.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 67. og 68. gr.

Ed. 1328. Frumvarp til laga [454. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

4. málsl. fyrri mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið hefur heimilað og mun heimila.

2. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. komi nýr málsl. svohljóðandi: Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.
b. 5. mgr. orðist svo:

Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

a. Síðari málsliður greinarinnar falli brott.
b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Nefndin skipuleggur samstarf framhaldsskóla og fjallar hún m.a. um verkaskiptingu, samvinnu um fagstjórn svo og önnur mál sem snerta samstarf skóla. Menntamálaráðherra getur skipt nefndinni í hópa til að fjalla um samstarf, verkaskiptingu og skipulag skóla í einstökum landshlutum eða um einstaka málaflokka.

Heimilt er menntamálaráðherra að skipta landinu í framhaldsskólasvæði að höfðu samráði við viðkomandi skólanefndir og skólastjórnir. Reglugerð samkvæmt þessari grein skal sett að höfðu samráði við sömu aðila.

Nánar skal kveðið á um verksvið og starfshætti samstarfsnefndar í reglugerð.

4. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn.

Tveir skólar eða fleiri í sama kjördæmi eða landshluta geta sameinast um eina skólanefnd.

5. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. orðist svo:

Skólastjórn skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra starfi þeir við skólann.

b. Í stað orðsins „skólaráðs“ í 3. mgr. komi: skólastjórnar.

6. gr.

a. 11. gr. laganna verði 10. gr. og orðist svo:

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun, um námsskipan, kennsluhætti og aðra starfsemi. Nánar skal ákvarðað um verksvið þeirra í reglugerð.

b. 10. gr. verði 11. gr.

7. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Menntamálaráðherra skipar kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara hlutaðeigandi skóla.

Skólameistari ræður að fengum tillögum skólanefndar kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði. Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal undanþágunefnd framhaldsskóla send beiðni um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 48 1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, um að lausráða hann til bráðabirgða enda sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi.

Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Leggja skal þá ákvörðun fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

8. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað síðari málsliðar fyrri mgr. komi: Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

b. Síðari mgr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum, kennurum, námsráðgjöfum og skólasafnvörðum erindisbréf.

9. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Hafi kennari starfað, ráðinn, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

10. gr.

Síðari málsl. fyrri mgr. og 2. málsl. síðari mgr. 16. gr. laganna falli brott.

11. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar þar sem m.a. skal tilgreint hvaða kennslugreinar skuli teljast verknám og sérnám. Þá skulu settar viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir önnur störf en kennslu er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara.

12. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið getur heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstilhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntamálaráðuneytið ákveður.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsdeilda. Skal við það miðað að framlag á nemanda verði sem næst jafnhátt framlagi til þess skóla er hefur faglega stjórn námsins á hendi.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um lágmarksfjölda nemenda og önnur grundvallarskilyrði um stofnun framhaldsdeilda.

13. gr.

Í 41. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

5. gr. laga nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1329. Lög [393. mál]

um málefni aldraðra.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1326.

Ed. 1330. Lög [454. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1328.

Nd. 1331. Lög [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1159.

Nd. 1332. Lög [35. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1323.

Nd. 1333. Lög [115. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1327 (sbr. 1022).

Sþ. 1334. Þingsályktun [392. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989	1990	1991	1992
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	2930	3780	3900	4030
2. Þungaskattur, árgjald	265	340	340	340
3. Þungaskattur, km-gjald	800	1130	1130	1130
	3995	5250	5370	5500
1.2. Innstæða í ríkissjóði í árslok 1988	170			
1.3. Eftirstöðvar markaðra tekna 1987 og 1988, innheimtar 1989	50			
1.4. Fært í ríkissjóð	−682			
Samtals	3533	5250	5370	5500

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989		1990		1991		1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	103		136		140		146	
2. Tæknilegur undirbúningur	75		103		107		113	
3. Umferðartaln. og vegaeftirlit	23		32		34		37	
4. Eftirlaunagreiðslur	7		9		9		9	
		208		280		290		305
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	253		358		369		375	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	264		375		392		401	
3. Viðhald brúa	50		70		72		76	
4. Viðhald varnargarða	10		14		14		15	
5. Heflun vega	130		183		191		196	
6. Rykbinding	43		61		64		66	
7. Vinnsla efnis	147		208		216		223	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	60		84		86		89	
9. Vegmerkingar	18		25		27		28	
10. Umferðaröryggisaðgerðir	5		25		25		26	
	980		1403		1456		1495	
2. Vetrarviðhald	405		477		509		560	
		1385		1880		1965		2055
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Almenn verkefni	391		840		815		866	
2. Bundin slitlög	283							
3. Sérstök verkefni	235		470		445		374	
4. Ó-vegir	77							
5. Höfuðborgarsvæðið	63							
6. Stórverkefni	200		700		765		828	
	1249		2010		2025		2068	
2. Þjóðbrautir	176		302		293		293	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	28		36		29		0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17		26		27		28	
		1470		2374		2374		2389
2.4. Til brúagerða:								
1. Brýr 10 m og lengri	80		147		147		140	
2. Smábrýr	15		26		26		25	
		95		173		173		165
2.5. Til fjallvega o.fl.:								
1. Aðalfjallvegir	10		15		19		20	
2. Aðrir fjallvegir	7		10		12		11	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5		8		10		13	
4. Vegir á Þingvöllum	5		6		4		3	
5. Reiðvegir	3		4		6		6	
		30		43		51		53
2.6. Til sýsluvega:		140		190		200		205
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		190		285		290		300
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0		0		0		0
2.9. Til tilrauna:		15		25		27		28
		3533						
Fært í ríkissjóð		682						
Samtals		4215		5250		5370		5500

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. og 1.2. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
12	Um Múlakvísl		5	14	21
14	Um Víkurgil				4
16	Sýslumörk–Sandhólar	2			
18	Um Markarfljót		13	44	41
21	Um Hvolsvöll				4
22–28	Hvolsvöllur–Þjórsá		3		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
04	Þjórsárdalsvegur–Hrunavegur	7	15	36	
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Hvítá				13
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Óseyrarnes	33			
35	Biskupstungnabraut				
04	Laugarvatnsvegur–Skálholtsvegur	20	8		
36	Þingvallavegur				
01	Biskupstungnabraut–Grafningsvegur				18
37	Laugarvatnsvegur				
01	Biskupstungnabraut–Laugarvatn	4			
38	Þorlákshafnarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Þrengslavegur	5	25		
1	Vesturlandsvegur				
15	Á Kjalarnesi	6			
19	Vegrið í Hvalfirði	2			3
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1	1		
40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Kópavogur–Arnarnes	36	56		
06	Engidalur–Flatahraun			42	16
41	Reykjanesbraut				
04–11	Hafnarfjörður–flugstöð		4	4	34
05	Krýsuvíkurvegur–Bæjarhella			23	4
08–11	Njarðvík–flugstöð	9			
12	Flugstöð–Víknavegur			27	
46	Víknavegur				
01	Um Fitjar				27
412	Vífilsstaðavegur				
02	Vífilsstaðir–Elliðavatnsvegur				3
416	Álftanesvegur				
02	Landakot–Bessastaðavegur				6

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
1	Vesturlandsvegur				
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1	1		
01	Um Hvalstöð og Olíustöð	4	26	5	
09	Eskiholtslækur–Gljúfurá	60	13		
12	Arnarbæli–Hvammur	3		40	15
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Borg–Tungulækur	12			
02	Brókarlækur–Álftaneshreppsvegur			15	41
03	Álftaneshreppsvegur–Hítará		6	15	22
05–06	Núpá–Stóraþúfa	14	8	42	5
07	Vegamót–Reiðhamar	13			
08	Staðará–Urriðaá		42		
57	Snæfellsnesvegur				
08	Helgafellssveitarvegur–Hraunsjaðar				2
09	Hraunsjaðar–Eiði				31
13	Í Fróðárhreppi				9
60	Vestfjarðavegur				
09	Víðir–Bessatunga	13	26		
10	Klofningsvegur–Brunná			13	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1	2		
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður	1	3	1	1
03	Króksfjarðarnes–Kambur		10	27	5
03	Kambur–Gillastaðir	19	6		
05	Hofsstaður–Þingstaður				19
14	Þingmannaá–Flókalundur	8			
23	Grænanes–Næfranes			13	
24	Gemlufallsheiði		21		
27	Jarðgöng	5		10	70
61	Djúpvegur				
01	Hólmavík–Strandavegur, brýr				23
05	Snæfjallastrandarvegur, flugvöllur		23		
05	Brú á Langadalsá	4	30		
16	Seljalandsós–Svarfhóll			13	
18	Djúpagil–Hafnartangar	16			
18	Hafnartangar–Hamar		23		
25	Óshlíð		13	13	13
62	Barðastrandarvegur				
05	Hlaðseyri–Raknadalur		22	6	
05	Raknadalur–Patreksfjörður	31			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdan–Bíldudalur			34	42
65	Súgandafjarðarvegur				
02	Botn–Laugar	24	4		
68	Hólmavíkurvegur				
06	Stikuháls norðanverður	13			
10	Um Hvalsá			6	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
06	Víðidalsvegur vestari–Víðidalsá	17			
08	Árfarið í Vatnsdal		4		
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku				25
14–15	Gilshús–Valadalsá	15			
18–19	Miðhús–Víðivellir	7			
19	Víðivellir–Uppsalir	5	6		
19	Uppsalir–Kjálkavegur		21	19	
21	Valagilsá–Grjótá				65
72	Hvammstangavegur				
01	Króksá–Hvammstangi	22			
74	Skagastrandarvegur				
01–02	Norðurlandsvegur–Skagaströnd		13		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Hegranesvegur vestari–Hegranesþing	10			
76	Siglufjarðarvegur				
02	Gljúfurá–Sauðárkróksbraut	4			
03	Um Hjaltadalsá og Kolku			18	
07	Sunnan Stafár	4			
08–09	Um Brúnastaðaá og Fljótaá		3		
10	Strákagöng		19		
1	Norðurlandsvegur				
02	Öxnadalsá–Þverá			63	17
03	Þverá–Hörgárdalsvegur		21	40	
04	Hörgárdalsvegur–Krossastaðir	17	46		
20	Skútustaðir–Garður	12	6		
27	Hólsfjallavegur–Biskupsháls	1			
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	10	89	6	
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Hallbjarnarstaðir				17
10	Vogar–Krossdalur				30
21	Raufarhöfn–flugvöllur	5	6		
26	Hafralónsá–Langanesvegur	15	6		
27	Brekknaheiði				32
821	Eyjafjarðarbraut vestri				
01–02	Hvammur–Miðbraut	24			
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá			15	
845	Aðaldalsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Staðarbraut				25
02	Staðarbraut–Syðra Fjall				13
1	Austurlandsvegur				
08	Um Teigará	5			
11	Skóghlíð–Fellabær			12	51
13	Á Egilsstaðanesi			8	
15	Úlfsstaðir–Stórasandfell	15	14		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
21	Um Breiðdalsá				6
21–22	Ós–Karlsstaðir		15	63	
25–27	Fossá–Valtýskambur	11	58		
32	Hvalnes–Víkurá				14
38	Mánagarður–Myllulækur	6	27	13	
41–42	Staðará–Reynivellir				40
43	Um Stemmu			7	
47–48	Hof–Virkisá	30	15		
85	Norðausturvegur				
01	Um Geysirófu			11	
04	Á Sandvíkurheiði		12		
12	Á Burstarfelli	13			
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Um Steinholt			10	16
02	Langahlíð–Norðurbrún	11	22		
96	Suðurfjarðavegur				
01	Norðfjarðarvegur–Handarhald		15	46	
02	Götuhjalli–Hafranes	2		41	23
04	Skriður–Höfðahús	18			
07	Tunguá–Víkurgerði	19	13		
10	Stöðvará–Tóftá	9			
	Samtals	674	840	815	866

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
11–12	Um Mýrdalssand	35	53	48	23
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós	19	6	12	33
36	Þingvallavegur				
01	Á Mosfellsheiði	2			
1	Vesturlandsvegur				
17–19	Um Hvalfjörð	25	45		
1	Vesturlandsvegur				
13	Holtavörðuheiði		27		20
54	Ólafsvíkurvegur				
02–03	Um Mýrar		56	67	47
1	Vesturlandsvegur				
02–03	Holtavörðuheiði	41	19	37	
60	Vestfjarðavegur				
22	Um Dýrafjörð	14	38	38	13

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur				
01–05	Tenging Inn-Djúps	26	3	59	64
1	Norðurlandsvegur				
01	Um Hrútafjörð			9	38
18–21	Miðhús – Sýslumörk	26	53	52	
1	Norðurlandsvegur				
01–04	Sýslumörk – Ólafsfjarðarvegur	20	39	53	38
17	Fljótsheiði				17
85	Norðausturvegur				
10–16	Vopnafjörður – Hérað	2	47	52	62
92	Norðfjarðarvegur				
09–10	Um Oddsskarð	22	80	15	13
	Jarðgangarannsóknir	3	4	3	6
	Samtals	235	470	445	374

1.4. Ó–vegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
61	Djúpvegur				
25	Óshlíð	17			
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	60			
	Samtals	77			

1.5. Höfuðborgarsvæðið og 1.6. Stórverkefni.

Jarðgöng.

Ólafsfjarðarmúli	190	331	204	
Vestfjarðagöng	10	13	28	332
Austurlandsgöng			10	25
Strákagöng			77	
Samtals	200	344	319	357

Höfuðborgarsvæðið.

1	Vesturlandsvegur			
12	Höfðabakki–Úlfarsárvegur	8	9	
14	Í Mosfellsbæ	11		
40	Hafnarfjarðarvegur			
03	Kópavogur–Arnarnes	11	118	112
06	Engidalur–Flatahraun			41

Vegnr. Kaflanr.		Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
41		Reykjanesbraut				
	02-03	Reykjavík–Hafnarfjörður	9			
	04	Hafnarfjarðarvegur–Krýsuvíkurvegur	9			
	04-11	Sunnan Hafnarfjarðar	5			
411		Arnarnesvegur				
	04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut				81
	07	Breiðholtsbraut–Rafstöðvarvegur				84
415		Bessastaðavegur				
	01	Hafnarfjarðarvegur–Herjólfsbraut	4			
416		Álftanesvegur				
	02	Landakot–Bessastaðavegur	6			
		Kringlumýrarbraut, breikkun		38		
		Sætún vestan Kringlumýrarbrautar		51	45	
		Bústaðavegur, breikkun			22	
		Eiðsgrandi			45	22
		Ánanaust			16	9
		Miklabraut, breikkun				110
		Nýbýlavegur		38		
		Vífilsstaðavegur			38	38
		Höfuðborgarsvæðið samtals	63	254	319	344
		Stórbrýr.				
		Dýrafjörður		82	80	10
		Markarfljót		19	41	104
		Breiðdalsá				7
		Til undirbúnings næstu verkefna		1	6	6
				102	127	127
		Höfuðborgarsvæðið og stórverkefni samtals	263	700	765	828

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 m.kr.	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur	5	10	14	
26	Landvegur				
01	Um Marteinstungu		16		
202	Prestbakkavegur				1
204	Meðallandsvegur				
03	Syðrifljótar–Langholt	5			
211	Álftaversvegur			4	
219	Péturseyjarvegur	1			
240	Stórhöfðavegur	3	4		
252	Landeyjavegur				
06	Ártúnsvegur–Suðurlandsvegur		1		
253	Gunnarshólmavegur				6
255	Akureyjarvegur				6
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur–Hlíðarendi			10	
03–04	Hlíðarendakot–Háimúli		8		
264	Rangárvallavegur				
03	Þingskálavegur–Suðurlandsvegur	7		11	4
268	Þingskálavegur				
02	Þingskálar–Haukadalur			4	3
275	Ásvegur				
02	Um Háfsós	1			
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
07	Við Brúarhlöð	3		4	
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Sunnan Votmúlavegar			10	6
02	Við Stokkseyri	3			
35	Biskupstungnabraut				
05	Skálholtsvegur–Reykjavegur	5		13	13
37	Laugarvatnsvegur				
03	Um Laugardalshóla		5		12
304	Oddgeirshólavegur				4
305	Villingaholtsvegur				
02–03	Urriðafossvegur–Gaulverjabæjarvegur				11
310	Votmúlavegur				1
314	Holtsvegur				
02	Við Stokkseyri	2			
316	Kaldaðarnesvegur				
01	Um Litlu Sandvík		4		
324	Vorsabæjarvegur				
01	Um Vorsabæ			1	
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna				3
350	Grafningsvegur neðri				4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
358	Einholtsvegur				
01	Um Tungufljót	7	9		
360	Grafningsvegur efri				
02	Grafningsvegur neðri–Nesjavellir		17		
374	Hvammsvegur				
01	Sogn–Suðurlandsvegur	2		3	
410	Elliðavatnsvegur				
01	Arnarnesvegur–Vífilsstaðavegur				3
415	Bessastaðavegur				
02	Álftanesvegur–Bessastaðir	5	6		
417	Bláfjallavegur				
02	Bláfjöll–Undirhlíðar			24	5
425	Nesvegur				
02	Reykjanesviti–Grindavíkurvegur		21		16
427	Ísólfsskálavegur				
03	Hafnargata–Þórkötlustaðir	4			
461	Meðalfellsvegur	6	3		
50	Borgarfjarðarbraut				
02	Um Andakílsá		2		
04	Hálsasveitarvegur–Hvítá	1	6	10	
05	Hvítá–Varmalandsvegur	1	21	21	
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		12	18	
59	Laxárdalsvegur				
01	Höskuldsstaðir–Þrándarkot		9		
02	Laxárdalsheiði	2			
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla				9
508	Skorradalsvegur				
02	Hjá Vatnsenda				6
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir				4
518	Hálsasveitarvegur				
01	Borgarfjarðarbraut–Reykholtsdalsvegur	10			
03	Um Húsafellsskóg	4			
04	Snjóastaðir			3	
527	Varmalandsvegur				
01	Borgarfjarðarvegur–samkomuhús	6	6		
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla			3	8
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun				13
02	Snjóastaðir	3			
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur–Hjallar				15
59	Laxárdalsvegur				
01	Laxárdalsheiði	4			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
605	Tröllatunguvegur				
01	Vestfjarðavegur–Bakkaá	2			
04	Tröllatunga–Hólmavíkurvegur	1			
606	Karlseyjarvegur				
01	Reykhólasveitarvegur–Karlsey		15		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Grímsnes–Hrafnanes		17		
614	Rauðasandsvegur				
01	Ofan Bjarngötudals	1			
619	Ketildalavegur				
03	Bíldudalur–Hvesta				17
633	Vatnsfjarðarvegur				
02–03	Reykjanes–Skálavík	13		32	
643	Strandavegur				
06–07	Kolbeinsvík–Gjögur				15
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur–Drangsnes	1			
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi–Skarð	2		11	
03	Um Tjarnará		4		
05	Hjá Ósum	1			
726	Auðkúluvegur			3	
731	Svínvetningabraut				
01	Norðurlandsvegur–Reykjabraut	5	8		
733	Blöndudalsvegur				9
734	Svartárdalsvegur	4			4
745	Skagavegur				
03	Um Laxá		3		
09	Þverárfjarðarvegur–Sauðárkrókur				14
751	Efribyggðarvegur			4	
752	Skagafjarðarvegur				
01–02	Varmilækur–Mælifellsá	5	8		
03	Svartárdalsvegur–Austurdalsvegur			15	
758	Austurdalsvegur			3	
764	Hegranesvegur vestri		13		
767	Hólavegur				9
792	Flugvallarvegur Siglufirði	3			
83	Grenivíkurvegur				
02	Um Noll			12	
03	Gljúfurá–Grenivík		11		3
805	Svarfaðardalsá				
01	Holt–Tjörn			9	
02	Hreiðarsstaðakot–Hóll	10			
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur–Hjalteyri	1		4	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
812	Bakkavegur				
01	Um Pálmholtslæk		3		
814	Staðarbakkavegur				
01	Hörgárdalsvegur–Flaga			3	
815	Hörgárdalsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Melar	3			
816	Dagverðareyrarvegur				
01	Norðurlandsvegur–Ólafsfjarðarvegur	2	2	5	
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litlihamar–Rútsstaðir				19
830	Svalbarðseyrarvegur				
01	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri		10	4	
836	Vaglaskógarvegur				
01	Norðurlandsvegur–verslun		7		
848	Mývatnssveitarvegur				
01	Vagnbrekka–Stekkjarnes	4	3		
01	Neslandavík–Kísilvegur				20
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit				
01	Kísilvegur–flugvöllur	2	3		
851	Út Kinnarvegur				
01	Um Leikskálaá	4			
864	Hólsfjallavegur				
01–04	Norðurlandsvegur–Norðausturvegur		4	5	
870	Kópaskersvegur				
01	Norðausturvegur–Duggugerði	3			
94	Borgarfjarðarvegur				
01–08	Mýnes–Borgarfjörður	11	31	16	13
923	Jökuldalsvegur	2		3	
931	Upphéraðsvegur				
03	Um Hrafnsgerði			4	1
08	Hafursá–Freyshólar	1		4	16
953	Mjóafjarðarvegur	5		3	
	Samtals	176	302	293	293

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.	1991 fjárv. m.kr.	1992 fjárv. m.kr.
Bugða (463)	12			
Hörgá (815)	14			
Leikskálaá (851)	8			
Teigará (1)	3			
Tungufljót (359)	31	13		
Geiradalsá (60)	8	4		
Morsá (Skaftafellsþjóðgarður)	2	2		
Ölfusá – Göngubrú (1)		31		
Andakílsá, yfirfall (50)		18		
Álftá (54)		15		
Fljótaá (76)		17		
Brúnastaðaá (76)		11		
Laxá í Nesjum (745)		8		
Kelduárkvísl, yfirbygging (931)		8		
Fjarðará, bráðabirgðabrú (ÞÞ)		6		
Litla Laxá (30)			24	
Búrfellslækur (36)			9	
Grjótá á Kjalvegi (F37)			9	
Staðarhólsá (sýsluvegur Dalasýslu)			9	
Hjaltadalsá (76)			18	
Kolka (76)			17	
Jökulsá eystri (F72)			11	
Þverá (829)			17	
Stemma (1)			20	
Reyðarvatnslækur (264)				10
Gljúfurá (83)				14
Fjallsá (1)				61
Fjarðará (ÞÞ)				34
Sörlastaðaá (sýsluvegur í Seyðisfirði)				8
Eyjafjarðará (823)	2	14	13	13
Samtals	80	147	147	140

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.

249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum, um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.

37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.

355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á vestanverðri Miðnesheiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garðabæ og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.

416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum á Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.
504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.

505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, að Varmalandi og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.

540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.

61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi í Ósafirði í Patreksfirði um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.

635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi norðan Grafarháls, út Langadalsströnd, fyrir Kaldalón, út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Syðsta-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi á Auðunnarstaðahálsi, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.

718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.

766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.

813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku á Kísilveg hjá Grímsstöðum.

849 Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.

917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA
3.2.1. Stofnbrautir.

1 Suðurlandsvegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur – Flúðir.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur:
Biskupstungnabraut – Laugarvatn.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
43 Grindavíkurvegur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Flugvallarvegur Keflavík.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
51 Akranesvegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur:
Norðurlandsvegur
– Hlíðarvegur í Vopnafirði.
808 Árskógssandsvegur.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.
Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal, á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga, um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Sþ. 1335. Þingsályktun [63. mál]

um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða samræmdri könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila svo að sem fyrst liggi fyrir upplýsingar um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi, m.a. í þágu fiskeldis, til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Sþ. 1336. Lög [204. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1304 (sbr. 838).

Sþ. 1337. Lög [239. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1024 (sbr. 894).

Sþ. 1338. Breytingartillaga [500. mál]

við till. til þál. um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá Páli Péturssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Formaður skal skipaður án tilnefningar.

Sþ. 1339. Þingsályktun [500. mál]

um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Formaður skal skipaður án tilnefningar.